1. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	80000	80000	
2. Húsaskattur	20000	20000	
3. Tekjuskattur	250000	250000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	75000	75000	
			850000
5. Aukatekjur	70000	70000	
6. Erfðafjárskattur	11000	11000	
7. Vitagjald	50000	50000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			298000
Flyt ...	574000	574000	1148000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	574000	574000	1148000
10. Útflutningsgjald	150000	150000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	50000	50000	
12. Tóbakstollur	300000	300000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	500000	500000	
15. Annað aðflutningsgjald	50000	50000	
			3150000
16. Stimpilgjald	400000	400000	800000
17. Pósttekjur...	190000	190000	380000
18. Símatekjur	500000	500000	1000000
Samtals ...	3239000	3239000	6478000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	70000	70000	140000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	26000	30000	
			71000
Flyt ...	103500	107500	211000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	103500	107500	211000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	346500	195500	542000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1870	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Útgjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til útgjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið kr. 2068743,37.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavík-urhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum, hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909	50000	50000	100000
3. — — — 1912	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	50000	50000	100000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			6000	6000	
4. Prentun eyðublaða			1500	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			2500	2500	
			17500	17500	35000
Flyt ...			... ...	... ...	222000

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	222000
C.					
Útgjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	302000

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	7200	7200			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms útgjöld	1000	800			
			10900	10500	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8300	8300			
b. Laun 2 tollvarða	4700	4700			
c. Húsaleiga ... ... ,..	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Ýms útgjöld	3400	3400			
			20600	20300	
Flyt ...			125600	125000	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			125600	125000	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			137600	137000	274600
B. Ýmisleg útgjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskveiðum útlendinga ... ... gegn þriðjungs framlagi frá þeim, sem óska strandgæslu og njóta hennar.			5000	5000	
7. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar			5000		
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			113200	105200	218400
Samtals ...			... ...	... ...	493000

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis	1000	1000	2000
3. Til hreppsbúa í Bæjarhreppi til að leita sjer læknishjálpar ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	300	300	600
4. Styrkur til íbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.	500	500	1000
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.	300	300	600
6. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	200	200	400
7. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefnd Flateyjarhrepps.	100	100	200
Styrkveitingarnar í 3.—6. lið eru enn fremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.			
8. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1500	1500	3000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	500	1000
9. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1000	1000	2000
10. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík	1000	1000	2000
Flyt ...	87900	87900	175800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		87900	87900	175800
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.					
11.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		1600	1600	3200
12.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		1000	1000	2000
13.	Holdsveikraspítalinn		66200	63200	129400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	8000 8000			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg útgjöld	1200 1200			
		66200 63200			
14.	Geðveikrahælið á Kleppi		44300	40800	85100
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6060 6060			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500 2500			
	Flyt ...	42160 42160	201000	194500	395500

				1920	1921	Alls
				kr.	kr.	kr.
Flutt ...		42160	42160	201000	194500	395500
4. Meðul og umbúðir ...		500	500			
5. Ljós og hiti		19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...		4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...		1000	1000			
8. Skemtanir		500	500			
9. Skattar m. m.		900	900			
10. Óviss útgjöld		800	800			
		68860	65360			
Þar frá dragast tekjur:						
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag	21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag	1460					
Tekjur af búinu	1200					
		24560	24560			
Mismunur ...		44300	40800			
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum				71040	46330	117370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:						
A. Laun læknis		4000	4000			
B. Önnur útgjöld:						
1. Kaup starfsmanna ...		15000	15000			
2. Viðurværi		78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn		3000	3000			
4. Ljós og hiti		30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...		4000	4000			
6. Viðhald húsa		3000	3000			
7. Viðhald vjela		3000	3000			
8. Skattar og vátrygging		2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld		4000	4000			
10. Flutningskostnaður...		3500	3500			
11. Óviss útgjöld		1000	1000			
		151340	126630			
Þar frá dragast tekjur:						
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag	71175					
Flyt ...	71175	151340	126630	272040	240830	512870

				1920	1921	Alls
				kr.	kr.	kr.
Flutt ...	71175	151340	126630	272040	240830	512870
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag	9125					
		80300	80300			
Mismunur ...		71040	46330			
16. Til undirbúnings landsspítala				5000	5000	10000
17. Önnur útgjöld:						
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 60 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.						
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar		10000	10000			
c. Bólusetningarkostnaður ...		1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		4000	4000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...		1000	1000			
Flyt ...		24500	24500	277040	245830	522870

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	24500	24500	277040	245830	522870
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrtar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
i. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
			36200	36200	72400
Samtals ...			313240	282030	595270

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A. Póstmál.					
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur	35000	35000			
c. Brjefhirðingarmanna	10500	10500			
			61600	61600	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun.					
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að	12000	12000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	7000	7000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	7000	7000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
			52500	52500	
			214100	214100	428200
Flyt ...			... ...	... ...	428200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	428200
B.					
Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að	1000	1000			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	6500	6500			
Vegamálastjóri og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða.					
3. Skrifstofukostnaður ...	2000	2000			
			13500	13500	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000				
2. Skagfirðingabraut		10000			
3. Grímsnessbraut	15000	15000			
4. Til þess að gera stein- og járnbrýr, í stað trjebrúa, á áður afhentum flutningabrautum, $^2/_3$ kostnaðar	6000	6000			
5. Viðhald flutningabrauta	25000	20000			
			56000	51000	
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	10000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	10000	10000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu		10000			
Flyt ...	20000	30000	69500	64500	428200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	20000	30000	69500	64500	428200
4. Brú á Eyjafjarðará ...	105000	65000			
5. Brú á Jökulsá á Sólheimasandi	125000				
6. Brú á Leirvogsá í Mosfellssveit		8000			
7. Brú á Hölkná í Þistilfirði, $^{2}/_{3}$ kostnaðar, alt að gegn $^{1}/_{3}$ annarsstaðar frá.	4000				
8. Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði (endurveiting) ...	3000				
9. Aðrar vegabætur og viðhald	20000	20000			
			277000	123000	
IV. Fjallvegir			6000	6000	
V. Til áhalda			3000	3000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			25000	25000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
IX. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			... ...	6000	
X. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			... ...	1000	
			381100	229100	610200
C.					
I. Til strandferða			50000	50000	
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða á Faxaflóa, alt að	18000	16000			
2. Til ferða á Breiðafirði, alt að	15000	13000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	8000	7000			
4. Til ferða á Húnaflóa, alt að	15000	13000			
Flyt ...	56000	49000	50000	50000	1038400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	56000	49000	50000	50000	1038400
5. Til Langanessbáts (milli Sauðárkróks og Seyðisfjarðar), alt að	15000	13000			
6. Til Austfjarðabáts (milli Seyðisfjarðar og Hornafjarðar), alt að	15000	13000			
7. Til Skaftfellingabáts (Suðurlandsbáts), alt að ...	15000	13000			
8. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1500	1300			
9. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	700	600			
10. Til Lagarfljótsbáts, alt að	700	600			
11. Til vjelbátsferða við Hvalfjörð, alt að	300	250			
12. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	250	200			
			104450	90950	
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			154450	140950	295400
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:					
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.					
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.					
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.					
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.					
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.					
Flyt ...			... ...	... ...	1333800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	1333800
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.					
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.					
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.					
6. Að þeir bátar undir lið C. II., sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.					
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000		
b. Akureyri—Grenivík			28500		
c. Borgarnes—Hjarðarfell			... ...	102400	
d. Fáskrúðsfjörður—Reyðarfjörður—Egilsstaðir			... ...	66000	
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
Flyt ...	5000	5000	143500	223400	1333800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5000	5000	143500	223400	1333800
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður...	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	20000	20000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að...	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	16000	16000			
			162200	164200	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			20000	20000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			6000	6000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			4500	4500	
VIII. Viðhald landsímanna			40000	40000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			376750	458650	835400
E. Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ...	4000	4000			
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæj-					
Flyt ...	4000	4000	... ...	... ...	2169200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4000	4000	... ...	... ...	2169200
arstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.					
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	2000	2000			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			10500	10500	
II. Laun vitavarða			11500	13000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			25000	25000	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogsviti	17500				
2. Galtarviti	23500				
Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.					
3. Gjögurviti	35300				
4. Kambanesviti		20000			
5. Strætishornsviti		20000			
6. Papeyjarviti		19000			
Fjárveitingarnar 4. og 5. eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
7. Stokksnesviti		35300			
			76300	94300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			3000	3000	
			129300	148800	278100
Samtals ...			... ...	... ...	2447300

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður ...	1000	1000			
			6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum	4000	3500			
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
4. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
5. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju		400			
			45006,41	44906,41	
			51006,41	50906,41	101912,82
B.					
Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
Flyt ...	1500	1500	47900	49033,33	101912,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	1500	1500	47900	49033,33	101912,82
2. Til kennarans í efnafræði	600	600			
3. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	300	300			
4. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	2800	2800			
5. Þóknun til kennara í dönsku	1000	1000			
			6200	6200	
d. Til annara gjalda, þar með talið styrktarfje nemenda, ljós, hiti o. fl.			15000	15000	
			69100	70233,33	139333,33
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Þar af launabót Ólafs Rósenkranz 500 kr.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. Til söngkennara ...	600	600			
			2800	2800	
c. Önnur útgjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til eldiviðar, ljósa og vatns	6500	5000			
3. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
4. Til tveggja fastra aukakennara	4000	4000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
Flyt ...	27200	24700	24800	24800	241246,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	27200	24700	24800	24800	241246,15
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg útgjöld ...	2000	2000			
11. Til lagfæringar á lóð skólans	4000				
12. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 45 kr. fyrir örkina	1000	1000			
13. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
14. Til verðlaunabóka...	100	100			
			36900	30400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			61700	55200	116900
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur útgjöld:					
1. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
2. Tímakensla	1800	1800			
Flyt ...	4200	4200	9600	9600	358146,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4200	4200	9600	9600	358146,15
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til dyravörslu	600	600			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra útgjalda	1000	1000			
			15600	11600	
			25200	21200	46400
IV. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur útgjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Til aukakennara ...	1400	1400			
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara.					
3. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
4. Bókakaup og áhöld...	300	300			
5. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til viðhalds	1000	1000			
7. Ýmisleg útgjöld ...	2000	2000			
			14200	13800	
			21200	20800	42000
Flyt ...			.. ...	... ...	446546,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	446546,15
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til tímakenslu	6000	6000			
2. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
3. Ýmisleg útgjöld ...	2000	2000			
			12000	11500	
			16400	15900	32300
VI. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkennara...	1000	1000			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	800	800			
d. Önnur útgjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg útgjöld ...	1000	1000			
			10400	9900	20300
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkenslu ...	1000	1000			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	4500	4500	... ...	... ...	512146,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4500	4500	... ...	... ...	512146,15
d. Önnur útgjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg útgjöld ...	1500	1500			
			10900	10400	21300
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	800	800			
c. Önnur útgjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			10100	9600	19700
VIII. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	553146,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	553146,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Styrkveitingar í liðunum b.—d. eru því skilyrði bundnar, að nemendurnir sjeu iðnnemar.					
IX. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar			7000	7000	14000
X. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði, til matreiðsluskólahalds, gegn að minsta kosti 600 kr. framlagi annarsstaðar að			1800	1800	3600
XI. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík..	600	600			
Flyt ...	1600	1600	... ...	... ..	587946,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	1600	1600	... ...	... ...	587946,15
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300			
			5300	5300	10600
XII. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	12000	12000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	6000	6000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			22000	22000	44000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XIII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Flyt ...			35000	35000	642546,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	35000	35000	642546,15
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.			
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps	25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum ...	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	1600	1600	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að styrkþegi gefi út prentaða skýrslu um ferð sína, 1 örk minst, og sendi hana ókeypis öllum starfandi barna- og unglingakennurum á landinu.			
8. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	600	600	
	94000	94000	188000
XIV. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	15000	15000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum			
Flyt ...	15000	15000	830546,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	15000	15000	830546,15
þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólunum á Hvítárbakka, Núpi (í Dýrafirði), Hvammstanga, Ísafirði og Seyðisfirði 1500 kr. hverjum á ári, ef þeir fullnægja áskildum skilyrðum. Auk þess má veita Hvítárbakkaskóla og Núpsskóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er allan kenslutímann, þó ekki yfir 600 kr. þeim fyrnefnda og ekki yfir 400 kr. þeim síðarnefnda.			
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	9500	9500	
	24500	24500	49000
XV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	1600
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kenslukostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
Flyt ...	... ...	... ...	897146,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	897146,15
XVIII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a., og til Erlings Pálssonar fyrir að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	1200	1200	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	1500	1500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum *með* því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	450	450	
e. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi	450	450	
	3900	3900	7800
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1000	1000	2000
Samtals ...	... ...	... ...	906946,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár	2400	2400			
e. Til aðstoðar á lestrarsal í 7 mánuði	1000	1000			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	9000	9000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			22540	22540	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	1600	1600			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
			6250	6250	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1800	1800			
Flyt ...	1800	1800	28790	28790	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	1800	1800	28790	28790	
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi og til áhalda og aðgerðar, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			11300	11300	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
4. Náttúrufræðifjelagið...			1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.					
5. Landsbókasafnshúsið:					
a. Til eldiviðar, ljósa o. fl. ...	5000	4500			
b. Til dyravarðar	1400	1400			
c. Til viðhalds og áhalda ...	1000	1000			
			7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði			2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði			1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags			2000	2000	
9. Til Þjóðvinafjelagsins			750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins			400	400	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.					
Flyt ...			56440	55940	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	56440	55940	
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 50 kr. fyrir hverja örk, alt að	750	750	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornþrjefasafni	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.			
13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra	1000	1000	
14. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873	500	500	
15. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 30 kr. fyrir hverja örk	600	600	
16. Til þýðingar íslenskra skáldrita á tungur Norðurlanda	1000	1000	
17. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns	600	600	
18. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda	600	600	
19. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, alt að	2000	2000	
20. a. Styrkur til skálda og listamanna	12000	12000	
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	1200	
21. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi	1100	1100	
22. Til að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum	6000	6000	
23. Til Sigfúsar Blöndal bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók	4000	4000	
Flyt ...	88590	88090	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	88590	88090	
24. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum	2000	2000	
enda sje handritið eign landsins að honum látnum.			
25. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
26. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	3000	3000	
27. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
28. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	400	400	
29. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	400	400	
30. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	400	400	
31. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	400	400	
32. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
33. Til Páls Eggerts Ólasonar til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	800	800	
34. Til landskjálftarannsókna	550	550	
Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.			
35. Til veðursímskeyta innanlands	4800	4800	
36. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri	1000	1000	
Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.			
37. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál	500	500	
Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.			
Flyt ...	106040	105540	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	106040	105540	
38. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis	600	600	
39. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans	1000	1000	
40. Til hins íslenska safnaðar í Kaupmannahöfn	1000	1000	
41. Til listvinafjelags Íslands	1000	1000	
42. Til Íþróttasambands Íslands	1000	1000	
43. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi	1200	1200	
44. Til Sigurðar Einarssonar til að ljúka búfræðinámi í Noregi	500		
Samtals ...	112340	111340	223680

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			60000	60000	
2. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.			20000	20000	
3. Til rannsóknar og undirbúnings vatnsvirkja			2000	2000	
4. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000		
5. Til sandgræðslu ... ... Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.			6000	6000	
6. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
Flyt ...			106000	103000	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			106000	103000	
7. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	300	300			
d. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ...	800	800			
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.			7500	7500	
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25 % af öllum tekjum stofnunarinnar	2400	2400			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni, gerlafræðingi, 300 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
			6240	6240	
10. Til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við opinberar byggingar			2500	2500	
11. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að			400	400	
12. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	2500	2500			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
			3500	3500	
13. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
Flyt ...			130740	127740	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			130740	127740	
14. Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap, leiðbeina í bókhaldi og starfrækslu slíkra fjelaga og koma á sameiginlegri endurskoðun á reikningum þeirra, gegn að minsta kosti þriðjungi kostnaðar annarsstaðar frá			4000	4000	
15. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
16. Til Fiskifjelagsins			26000	26000	
Þar af 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum, undir umsjón og eftirliti fjelagsins.					
17. Til sama fjelags, handa erindreka erlendis			12000	12000	
18. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400			
			8400	8400	
19. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum sildar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
			4400	4400	
20. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi, alt að	1200	1200			
			2800	2800	
21. Þóknun til vörumerkjaskráritarans			600	600	
22. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
23. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			300	300	
24. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
25. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
Flyt ...			197540	194540	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		197540	194540	
26. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
27. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
28. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500			
			3000	3000	
29. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svonefndri »Eyri«.			5000		
30. Til brimbrjóts í Bolungarvík			5000	5000	
	Samtals ...		250540	242540	493080

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:					
a. Embættismenn			29612,09	29612,09	
b. Embættismanna ekkjur og börn			15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar			1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur			5492,13	5492,13	
			52349,25	52349,25	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvaldar Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
	Flyt ...		550	550	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			550	550	104698,50
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
			350	350	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar			800	800	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur...	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd....	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. — Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
			3536	3536	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar ..	300	300			
3. — Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Þóru Melsteð	600	600			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
			3960	3960	
f. Póstar og ekkjur póstmanna.					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Bjarna Ketilssonar ...	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Krákssonar	200	200			
Flyt ...	900	900	9196	9196	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	900	900	9196	9196	104698,50
5. Til Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur ...	300	300			
			1400	1400	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
2. — Þorvalds Thoroddsen...	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar...	3500	3500			
			7900	7900	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsd. ...	300	300			
5. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
7. — 3 barna hennar	300	300			
			2300	2300	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur ...	300	300			
			1500	1500	
			22296	22296	44592
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					229290,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt 2. gr.	kr.	6478000,00
—— 3. —	—	736400,00
—— 4. —	—	542000,00
—— 5. —	—	47200,00
Tekjuhalli, sem greiðist úr sjóði, er fyrst um sinn áætlaður ...	—	347910,02
Samtals ...	kr.	8151510,02

En til útgjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	kr.	2068743,37
—— 8. —	—	100000,00
—— 9. —	—	246000,00
—— 10. —	—	302000,00
—— 11. —	—	493000,00
—— 12. —	—	595270,00
—— 13. —	—	2447300,00
—— 14. —	—	906946,15
—— 15. —	—	223680,00
—— 16. —	—	493080,00
—— 17. —	—	6200,00
—— 18. —	—	229290,50
—— 19. —	—	40000,00
Samtals ...	kr.	8151510,02

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi

meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. á ári hverju.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 1920—1921.

VIÐ TEKJUBÁLKINN.

Það hefir verið venja áður, að miða áætlun um tekjur eftir eða með hliðsjón af meðaltali samskonar tekna síðustu 5 árin, sem reikningar eru komnir um. En nú virðist, að því er flesta tekjuliðina snertir, sáralítið byggjandi á slíku meðaltali, vegna þess hvað heimsstyrjöldin hefir gerbreytt bæði verðlagi og innfluttu vörumagni. Síðustu 5 árin, 1914—1918, eru öll styrjaldarár, og með hverju þessara ára hafa verið lögð ný og aukin höft á verslun og samgöngur, en þar sem nú er komið að ófriðarlokum, má búast við frjálsum samgöngum þegar í byrjun fjárhagstímabilsins. Tekjurnar verða því ekki ákveðnar eftir mælikvarða ófriðaráranna, en þar sem hinsvegar undiröldur styrjaldarinnar hafa margvísleg áhrif á tekjurnar, sem lítt eru fyrirsjáanleg, þá er örðugt að gera rökstudda áætlun um þær. Þar sem um slíka óvissu er að ræða, hefir verið leitast við að áætla tekjurnar varlega, svo fremur er búist við, að þær verði yfir en undir áætlun, ef ekkert algerlega óvænt ber að höndum.

Tekjuáætlunin er, að því er snertir þær tekjugreinar, sem ekki eru nýjar, einkum bygð á tekjunum eins og þær voru fyrir heimsstyrjöldina.

Að sjálfsögðu hefir verið tekið tillit til þeirra breytinga á skattalöggjöfinni, sem gerðar hafa verið á síðari árum, og gert er ráð fyrir því, að engar tekjugreinar ríkissjóðs verði feldar burtu eða dregið úr þeim á næsta fjárhagstímabili, án þess að sjeð verði að minsta kosti fyrir jafnmiklum tekjuauka í staðinn.

Í þessu sambandi er rjett að taka fram, að stjórninni er ljóst að full þörf er á að endurskoða alla skattalöggjöfina og koma meira samræmi í hana. En bæði er nú það, að síðan á síðasta þingi hefir enginn tími unnist til svo umfangsmikils verks, en auk þess eru þessir tímar ekki vel fallnir til slíkrar endurskoðunar, meðan óvissan á öllum sviðum er jafnmikil og nú á sjer stað.

Um hinar einstöku tekjugreinar skal það tekið fram, er hjer greinir:

Um 2. gr.

1. *Ábúðar- og lausafjárskattur.* — Ábúðar- og lausafjárskatturinn var 1910—1914 eins og hjer segir, — en ófriðurinn hafði engin áhrif á skattinn 1914:

1910	kr.	51454,52
1911	—	54084,47
1912	—	54595,98
1913	—	57764,05
1914	—	64559,18

eða að meðaltali kr. 56491,64, en vegna hinnar miklu verðhækkunar á innlendum vörum á ófriðarárunum varð skatturinn 1916 kr. 96000, 1917 kr. 103000 og 1918 nokkru hærri. Það þykir nú mega telja víst, að innlendar afurðir verði áframhaldandi í miklu hærra verði en á undan ófriðinum, og þó fjenaði hafi fækkað töluvert í haust vegna grasleysis, þá þykir þó mega áætla þessa tekjugrein kr. 80000.

2. *Húsaskattur.* — Hann fer lítið eitt hækkandi og er áætlaður í núgildandi fjárlögum kr. 14500,00 hvort árið. Óhætt virðist að áætla hann kr. 20000,00 á ári með hliðsjón af hinu nýja fasteignamati.

3. *Tekjuskattur.* — Þenna skatt er erfitt að áætla með nokkurri vissu vegna breytingar þeirrar, sem gerð var á tekjuskattslögunum á Alþingi 1917, en það sýnist undir öllum kringumstæðum óhætt að áætla hann 250000 kr. á ári, enda var tekjuskatturinn í Reykjavík einni á þessu ári hjer um bil 400000 kr.

4. *Dýrtíðar- og gróðaskattur.* — Á þenna skatt er engin reynd komin og er áætlun þessi því engan veginn ábyggileg. Hins vegar er hann áætlaður svo lágt, að mjög ólíklegt þykir, að hann nái eigi áætlun, jafnvel þótt töluverð breyting verði frá því sem nú er.

5. *Aukatekjur* voru árin 1910—1914 þannig:

1910	kr.	62314,19
1911	—	64569,26
1912	—	71832,52
1913	—	79552,83
1914	—	77888,03

eða að meðaltali um kr. 71231,37, en 1916 námu þessar tekjur kr. 91278,59 og 1917 kr. 85421,70. Það er því mjög varlega áætlað, að gera þessar tekjur 70000 kr.

6. *Erfðafjárskattur* var 1916 kr. 15625,53 og 1917 kr. 13385,40. Það ætti því ekki að vera of hátt, að áætla hann kr. 11000,00.

7. *Vitagjald* hefir lækkað mjög á ófriðartímunum og var 1916 kr. 44287,29 og 1917 að eins kr. 22852,80. Árið 1914 var þetta gjald kr. 62256,00. Þar sem vænta má, að skipagöngur verði óhindraðar þetta fjárhagstímabil og vitagjaldið var hækkað 1917, sýnist eigi óvarlegt að áætla það kr. 50000,00.

8. *Leyfisbrjefagjöld* eru áætluð 7000 kr. á ári eins og í fjárlögum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, og ætti sú áætlun að vera hæfileg, þegar til þess er litið, að gjöld þessi hafa 5 síðustu árin verið:

1913	kr.	7432,00
1914	—	6529,00
1915	—	10461,00
1916	—	11145,98
1917	—	9855,06

9. *Gjald af kínalífselixír* er erfitt að áætla með vissu, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um sölu hans á síðastliðnu ári og birgðum þeim, sem til eru, ætti að mega búast við 10000 kr. tekjum á ári af bittersölunni.

10. *Útflutningsgjald.* — Þetta gjald var árin 1910—1914 þannig:

1910	kr.	169980,32
1911	—	150398,60
1912	—	152990,48
1913	—	171313,61
1414	—	195113,23

eða að meðaltali kr. 167959,25. 1915 var þetta gjald kr. 258482,24, 1916 214000 kr. og 1917 80000 kr. Lækkunin á gjaldinu 1917 mun aðallega stafa af því, að þá brást síldveiðin, og svo af hinu, að mikið af fiskinum frá því ári var ekki flutt út fyrr en á árinu 1918, og síldin alls ekki flutt út. Þar sem sjerstakar ástæður eru fyrir því, að útflutningsgjaldið var svo lítið 1917, þá þykir mega áætla það 150 þús. kr., þar sem það öll árin 1910—1916 hefir verið yfir þessari upphæð, en hinsvegar verður nú að líkindum þegar á þessu ári bætt allmikið í skarð það, sem varð í botnvörpungaflotann 1917.

11. *Áfengistollur* hefir aukist til muna á síðari árum, en var þó minni 1917 en 1915 og 1916. Tollur á öli og límonade var hækkaður um helming seint á árinu 1917, og með tilliti til þessa ætti 50000 kr. að vera varlega áætlað.

12. *Tóbakstollur* var á árunum 1910—1914 þannig:

1910	kr.	202641,20
1911	—	207942,33
1912	—	208570,06
1913	—	214939,67
1914	—	224471,36

eða að meðaltali kr. 211712,92. Tollur þessi var 1915 kr. 224471,36, 1916 300000 kr. og 1917 230000 kr. Með því að tollur þessi var hækkaður að drjúgum mun síðla á árinu 1917, þykir mega áætla hann 300000 kr.

13. *Kaffi- og sykurtollur* er nú áætlaður 525 þús. kr. á ári eða sem næst því sem hann var síðasta árið fyrir ófriðinn.

14. *Vörutollur.* — Tollur þessi var

1913	... ...	kr. 376583,14
1914	... ...	— 342914,08
1915	... ...	— 340386,72
1916	... ...	— 366956,66
1917	... ...	— 188799,06

Þetta gjald var hækkað um helming á síðasta reglulegu Alþingi, og ætti því að mega búast við því, að þessi tollur nemi ½ miljón á ári næsta fjárhagstímabil.

15. *Annað aðflutningsgjald* var einnig hækkað á síðasta reglulegu Alþingi, en nam síðustu árin fyrir ófriðinn 30—35 þús. kr. Það ætti því að vera nærri lagi að áætla þetta gjald 50 þús. kr. á ári.

16. *Stimpilgjald.* — Vegna þess hversu lítil reynsla er komin á þetta gjald, er mjög örðugt að áætla það, svo að ábyggilegt sje. En það er sýnt, að skattur þessi gefur drjúgar tekjur. Enn þá er eigi auðið að segja með neinni nákvæmni, hversu miklu þessar tekjur nema á þeim tíma ársins 1918, sem lög þessi voru í gildi, en fyrir næsta Alþingi munu verða lagðar skýrslur um þetta. En eftir þeim líkum, sem nú eru fyrir hendi, virðist eigi of hátt að áætla gjald þetta 400000 kr. á ári. Er þá gengið út frá útfluttum vörum fyrir 30 milj. kr. og 100000 kr. tekjum á ári fyrir stimpilmerki banka og sparisjóða og fyrir þinglestursskjöl o. fl.

17. *Pósttekjur.* — Þær eru hjer áætlaðar eftir tillögum póstmeistara, en þær tillögur eru aftur gerðar með hliðsjón af hækkun þeirri á burðargjaldi, sem Alþingi 1917 samþykti.

18. *Simatekjur.* — Með tilliti til hækkunar þeirrar, sem gerð hefir verið á símagjöldunum, eru þessar tekjur áætlaðar allmiklu hærri en undanfarið, enda fer notkun símans ávalt vaxandi, auk þess sem jafnan bætist við nokkuð af nýjum línum og stöðvum. Landssímastjórinn hefir lagt til, að tekjur þessar verði áætlaðar 600000 kr., en svo hátt hefir alls eigi þótt fært að fara, þar sem búast má við, að notkun símanna aukist eigi eins mikið og áður hefir verið vegna hækkunar gjaldanna. Það hefir því eigi þótt varlegt að áætla tekjur þessar hærri en 500000 kr. á ári.

Um 3. gr.

1. *Eftirgjald eftir jarðeignir.* — Þessar tekjur eru hjer áætlaðar töluvert lægra en þær hafa reynst undanfarið, og er það gert bæði vegna þess, að jafnan er töluvert selt af þjóðjörðum og búast má við að meðalalin lækki, en undir henni er tekjuliður þessi mjög kominn.

2. *Tekjur af kirkjum* eru áætlaðar eins og undanfarin ár.

3. *Tekjur af silfurbergsnámum.* — Á ófriðarárunum hafa námarnir engar tekjur gefið. Væntanlegar tekjur eru hjer að eins settar 100 kr. á ári.

4. *Tekjur af skipum.* — Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins, E. Nielsen, hefir áætlað tekjur af landssjóðsskipunum 500 þúsund krónur á ári. Hjer er þessi upphæð gerð 350 þúsund krónur, og er þá ekki dregin frá rýrnun á skipunum, sem með 10 % yrði hjer um bil 300 þúsund krónur, en hinsvegar eru landssjóði færðar til útgjalda (samkv. 7. gr.) afborganir af skipaláni, 200 þúsund krónur á ári, og vextir af sama láni, 93 þúsund krónur fyrra árið en 81 þúsund krónur síðara árið, svo að tekjur af skipunum eru fyrra árið gerðar 57 þúsund krónur og síðara árið 69 þúsund krónur.

Um 4. gr.

Þessi grein er ný í fjárlögunum og hefir verið safnað saman í hana liðum úr ýmsum öðrum tekjugreinum fjárlaganna, með því að betur hefir þótt fara á slíku. Tekjur af bönkum voru t. d. áður taldar meðal skatta og tolla, en eiga þar ekki heima nema að litlu leyti, og tekjur af Ræktunarsjóði Íslands voru taldar í sömu grein og fasteignatekjur, sem virðist óviðkunnanlegt. Þá eru og í þessari grein taldar tekjur af bankavaxtabrjefum landssjóðs, en þessar tekjur hafa áður verið taldar undir tekjum viðlagasjóðs, sem ekki er rjett, þar sem brjef þessi eru keypt fyrir fje, er ríkissjóður tók að láni 1909 og ávaxtar og afborgar sjálfur.

Í þessa grein er ennfremur tekinn upp liður, sem ekki hefir staðið á fjárlögum fyr, sem sje arður af hlutum í Eimskipafjelagi Íslands.

Að síðustu er hjer einnig tekinn upp liðurinn: Vextir af innstæðum í bönkum, en þessi liður var áður talinn meðal viðlagasjóðstekna, sem á engan hátt getur talist rjett.

Um áætlun hinna einstöku tekjuliða er þess að geta, sem hjer segir:

1. *Tekjur af Íslandsbanka.* — Þær voru 1916 og 1917 hjer um bil 80 þúsund krónur hvort árið, og virðist óhætt að áætla þær 70 þúsund krónur á ári, en þá er auðvitað ekki tekið tillit til breytinga, sem kynnu að verða á seðlaútgáfurjettinum.

2. *Tekjur af Landsbankanum.* — Árgjaldið er miðað við hina núverandi seðlaútgáfu og ágóðahlutinn er áætlaður 4 % á ári af innskotsfje ríkissjóðs.

3. *Tekjur af Ræktunarsjóði.* — Þessar tekjur vaxa jafnan nokkuð vegna sölu þjóðjarðanna. Á yfirstandandi fjárhagstímabili eru þær áætlaðar 10000 kr., en voru árið 1917 tæp 16000 kr. Með tilliti til viðbótarsölu þjóðjarða árin 1918 og 1919 virðist því eigi of hátt að áætla þessar tekjur 20000 kr. á ári.

4—5. *Leigur af bankavaxtabrjefum og útdregin bankavaxtabrjef.* — Áætlunin um útdrátt brjefanna er að sjálfsögðu bygð á ágiskun, er styðst við reynslu undanfarinna ára. Vextirnir geta nokkuð breytst, eftir því hversu mikið verður dregið út af brjefunum, en um verulegan mun getur eigi verið að ræða.

6. *Arður af hlutum í Eimskipafjelagi Íslands* er áætlaður 6 % hvort árið.

7. *Vextir af innstæðum í bönkum.* — Það fje, sem ríkissjóður þarf eigi til daglegra útgjalda, er ávaxtað í bönkum. Hversu miklu þessir vextir kunna að nema, er auðvitað ekki hægt að segja, en eftir reynslu undanfarinna ára ættu þeir eigi að verða undir 5000 kr. á ári.

8. *Greiðslur frá Landsversluninni.* — Þær greiðslur, sem hjer er átt við, eru vextir og afborganir fyrra árið af 1 milj. kr. láni, er tekið var í Íslandsbanka 2. janúar 1918, í þágu verslunarinnar. Er gengið út frá, að lán þetta muni greiðast eigi síðar en um áramót 1920—1921, þar sem ætla má, að Landsverslunin hafi á þeim tíma selt birgðir sínar.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur hafa áður verið taldar meðal skatta og tolla í 2. gr., en virðast eiga best heima í þessari grein. Þær eru áætlaðar jafnhátt nú og á yfirstandandi fjárhagstímabili.

Árgjald prestakalla er áætlað eins og í gildandi fjárlögum. Hinir liðirnir eru ágiskun, en um verulegan mun getur naumast verið að ræða.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa í athugasemdum sínum við landsreikninginn 1916 stungið upp á því, hvort eigi muni heppilegast að aðskilja viðlagasjóð frá ríkissjóði, þannig að sjerstakt reikningshald verði haft við sjóðinn. Á þetta hefir stjórnin fallist, og hefir hún því felt burtu úr þessu frumvarpi þá grein fjárlaganna, sem fjallar um viðlagasjóð. Tilætlunin er, að framvegis verði árlega gerður sjerstakur reikningur fyrir viðlagasjóð og hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum Alþingis. Það er að sjálfsögðu á valdi Alþingis að ákveða, hvernig reikningurinn skuli birtur, en í því efni virðist naumast nema um tvent að ræða, annaðhvort að hann verði birtur í Stjórnartíðindum eða að hann fylgi landsreikningunum árlega, en um þetta þykir eigi ástæða til að gera neinar ákveðnar tillögur hjer, en hið síðara virðist eðlilegra.

Ástæðurnar fyrir að skilja reikningshaldið að eru aðallega reikningslegar, miða að því að gera reikningshald ríkissjóðs óbrotnara, en auk þess ætti af þessu að leiða, að framvegis verði ekki lánað fje úr viðlagasjóði, sem ekki er þar til, eins og oft hefir átt sjer stað áður, þannig að lánin eiginlega hafa verið greidd úr ríkissjóði.

Tekjur viðlagasjóðs má auðvitað nota eftirleiðis eins og hingað til, til lána með hagfeldum kjörum, eftir því sem Alþingi kann að ákveða.

VIÐ GJALDAKAFLANN.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af lánum ríkissjóðs er reiknað eftir skuldabrjefaákvæðum þeim, er gilda um hvert einstakt lán, og sýnist engi þörf á að skýra þetta atriði nánar í athugasemdum fjárlaganna, eins og hingað til hefir verið gert, þar sem landsreikningurinn sýnir árlega afborganir og vöxtu lánanna og gert er ráð fyrir að framvegis fylgi hverjum reikningi yfirlit yfir efnahag landssjóðs og þar að sjálfsögðu tilgreint hversu miklar eftirstöðvar eru af hverju láni.

Það skal tekið fram, að upp í fjárlögin eru ekki teknir vextir af $7^1/_2$ milj. kr. láni, er tekið var hjá dönskum og íslenskum bönkum 1917 og 1918 til landsverslunarinnar, bæði vegna þess að gengið er út frá því, að verslunin standi straum af þeim lánum og eins af því, að eftir lánssamningunum eiga lán þessi að vera greidd fyrir byrjun næsta fjárhagstímabils, ef þeirra þarf eigi áfram til vörukaupa og fari svo að þess þurfi eigi, er gert ráð fyrir, að verslunin greiði þau sjálf.

Um lán íslenskra botnvörpungaeigenda er þess að geta, að allar líkur eru á að þau verði greidd fyrir byrjun næsta fjárhagstímabils að meira eða minna leyti, en bæði vegna þess að þetta er óákveðið og af því að búast má við, að lán þurfi að taka í þess stað, þykir rjett að taka vaxtagreiðslu af þessum lánum upp í fjárlögin.

Um leið og hin nýju sambandslög milli Danmerkur og Íslands gengu í gildi hinn 1. des. 1918 var samið svo við dönsku stjórnina, að ríkissjóður Íslands skyldi greiða ríkissjóði Dana 5% ársvöxtu af skuld þeirri, 2½ miljón sem hinn fyrnefndi sjóður var í við hinn síðarnefnda, út af póstávísanaviðskiftum o. fl. Þessi skuld er því eigi nýstofnuð, heldur hefir hún myndast smátt og smátt, sbr. LR. 1917, bls. 74.

Framlagið til Landsbankans er lögákveðið, 100000 kr. á ári.

Um 8. gr.

Borðfje til Hans Hátignar konungsins og til konungsættarinnar hefir stjórnin ákveðið til bráðabirgða frá 1. des. 1918 50000 kr. á ári, en konungur ákveður hvernig því að öðru leyti skuli skift.

Um 9. gr.

Það er fyrirsjáanlegt, að vegna stjórnarskrárbreytinga hlýtur Alþingi að koma saman tvisvar á næsta fjárhagstímabili, til aukaþings 1920 og til reglulegs þings 1921, og eftir þeim Alþingiskostnaði, sem hefir orðið hin síðustu þing þykir eigi fært að áætla kostnaðinn við bæði þessi þing undir 240000 kr., þar af til aukaþingsins 80000 kr. og hins reglulega þings 160000 kr.

Borgun til yfirskoðunarmanna Alþingis er ráðgerð hin sama og nú.

Um 10. gr.

1, a—b. *Laun ráðherra og til risnu.* — Þessir liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

2. *Til utanferða ráðherra.* — Liðurinn er hækkaður úr 4000 upp í 6000 kr., þar sem búast má við, að fleiri en einn ráðherra geti þurft utan og ferðakostnaður og dvalarkostnaður erlendis hefir aukist stórum og naumast útlit fyrir, að hann lækki verulega fyrst um sinn.

3. *Laun skrifstofustjóra.* — Þessi liður er eins og í núgildandi fjárlögum, og þeirri reglu er fylgt allstaðar í frv., að laun embættis- og sýslunarmanna eru tekin upp í það eins og þau eru nú, jafnvel þótt stjórnin búist við að leggja launafrumvarp fyrir næsta Alþingi, því að þótt það frv. valdi hækkun á gjöldum er eigi auðið að segja nú hversu miklu hún kann að nema með breytingum, sem Alþingi kann að gera.

4. *Til aðstoðar- og skrifstofukostnaðar.* — Þessi kostnaður fer stöðugt vaxandi og liggur það mest í því að alls eigi hefir orðið hjá því komist að hækka laun starfsmanna stjórnarráðsins, allra nema skrifstofustjóranna, sem einir þessara starfsmanna hafa lögákveðin laun. Þessi kostnaður var 1917 kr. 40578,86 og er töluvert hærri 1918. Með þetta fyrir augum hefir eigi þótt fært að áætla þenna kostnað minna en 43000 kr fyrra árið og 42000 kr. síðara árið, en það ár er búist við lægra kola og gasverði.

5. *Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.* — Þessi fjárveiting er lækkuð um 400 kr, og er það sem næst hinni persónulegu launaviðbót, sem sá maður hafði, er gegndi starfi þessu á undan hinum núveranda ríkisfjehirði.

6. *Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum.* — Þessi liður er óbreyttur.

B. 1—6. *Hagstofan.* — Það verður eigi hjá því komist að hækka til muna fjárveitinguna á ýmsum liðum til Hagstofunnar, sjerstaklega alt, er við kemur pappír og prentun. Hækkanir þær, sem hjer er stungið upp á eru töluvert minni en Hagstofustjórinn hefir farið fram á, en með tilliti til að vænta má nokkurrar verðlækkunar, hefir eigi þótt brýn ástæða til að hafa fjárveitingar þessar hærri en frv. gerir ráð fyrir.

C 1 a—d. *Til sendiherra.* — Stjórnin verður að telja það nauðsynlegt að hafa framvegis sendiherra, búsettan í Kaupmannahöfn. Þessum manni verður að launa betur en vjer launum innlendum starfsmönnum, því að þessu starfi verður samfara margvíslegur kostnaður. Að sjálfsögðu annast skrifstofa sendiherrans einnig störf þau, sem skrifstofan í Kaupmannahöfn hingað til hefir haft með höndum. Til skrifstofunnar virðist eigi mega ætla minna en 12000 kr. á ári. Nokkra upphæð virðist verða að ætla sendiherranum til risnu og getur hún eigi verið minni en 2000 kr. á ári og sama upphæð er áætluð til húsaleigu.

C. 2. *Fyrir meðferð utanríkismála.* — Þar sem Danir hafa umboð til að fara með utanríkismál vor, verðum vjer að greiða fyrir þá málameðferð og hefir stjórnin komið sjer saman um við utanríkisráðuneytið danska, að þessi borgun skuli vera 12000 kr. á ári, nema Alþingi ákveði annað.

Um 11. gr.

1. a. *Til dómara og sýslumanna.* — Þessi liður er eins og undanfarin ár með þeirri breytingu, sem leiðir af lögum um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og lögum um bæjarsjórn á Siglufirði.

1. b. *Laun hreppstjóra.* — Vegna laganna um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., 14. nóv. 1917, er þessi liður hækkaður úr 8000 kr. upp í 18000 kr. Á landinu eru um 200 hreppar og lægstu hreppstjóralaun eru 80 kr og verða það kr. 16000,00 á ári. Þær 2000 kr., sem þá eru umfram eru ætlaðar í þá hreppa, sem hafa fleiri íbúa en 300 og ætti það að láta nærri að 2000 kr. þurfi til þessarar uppbótar, sem er 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi hreppsbúa yfir 300.

2. *Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík.* — a. Laun. Þau sundurliðast þannig:

1.	Laun fulltrúa	kr. 2700,00
2.	— eldri skrifara	— 1800,00
3.	— yngri —	— 1500,00
4.	— stúlku	— 1200,00
		kr. 7200,00

b. *Húsaleiga* er áætluð eins og hún er nú.

c. *Hiti, ljós og ræsting* er miðað við 125 kr. verð á kolasmálest fyrra árið en 100 kr. síðara árið og töluverðri lækkun á steinolíu frá því sem nú er.

Annars skal það hjer tekið fram í eitt skifti fyrir öll, að í kostnaðaráætlunum þessa frv. er gert ráð fyrir sem næst því verði á kolum á næsta fjárhagstímabili, sem hjer er nefnt.

d. *Ýms útgjöld.* — Þar til teljast bækur, pappír, ritföng, eyðublöð, talsímagjöld o. fl. og búist við nokkurri lækkun á þessu síðara árið.

3. *Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík.* — a. Laun. Þessi liður sundurliðast þannig:

1. Til fulltrúa	kr.	2700,00
2. — 2 skrifara	—	3800,00
3. — innheimtumanns	—	1800,00
	kr.	8300,00

b. Stjórnin hefir eigi sjeð sjer fært að taka upp fjárveitingu nema til 2 tollvarða, þótt lögreglustjóri hafi lagt til að þeir yrðu 3.

c. *Húsaleigu* lögreglustjóra verður að áætla hátt, því að skrifstofur hans verða að vera nálægt höfninni og þar er húsaleiga há.

d. *Hiti og ljós.* — Þessi liður gefur ekki tilefni til athugasemda.

e. *Ýms útgjöld.* — Í þessum lið er innifalinn kostnaður vegna umsjónar með áfengiskaupum, ræsting skrifstofanna, ritföng, bækur, prentun, bókband, talsímagjöld o. fl.

4. *Hegningarhúsið í Reykjavík o. fl.* — Þessi liður er svipaður og í núgildandi fjárlögum. Upphæðin vitaskuld áætlun.

5. *Annar saka- og lögreglumálakostnaður* virðist fara nokkuð hækkandi og er liður þessi því hækkaður um 900 kr. á ári.

6—7. *Borgun til sjódómsmanna og setu- og varadómara.* — Þessir liðir hafa eigi fyr verið teknir upp í fjárlögin heldur hafa þeir verið innifaldir í óvissum útgjöldum. Rjettara virðist að taka þessa liði upp sjerstaklega, þótt það skifti ekki miklu máli.

B. Ýmisleg útgjöld.

1. *Útgáfa stjórnartíðindanna.* — Þóknunin fyrir útgáfu tíðindanna er lagt til að hækki um helming frá því sem nú er bæði vegna þess, að A-deild þeirra mun hjer eftir verða prentuð hjer á landi og tíðindin verða stöðugt umfangsmeiri og umfangsmeiri, auk þess sem borgun fyrir öll slík störf hefir hækkað á síðustu tímum.

Fjárveitingin til pappírs og prentkostnaðar er lagt til að verði hækkuð um 1000 kr. á ári, en útsendingarkostnaður er áætlaður eins og hann er nú.

2 *Burðareyrir og símgjöld embættismanna.* — Þessir liðir eru stórum hækkaðir vegna þess að reynslan hefir sýnt, að áætlanir undanfarinna ára hafa verið altof lágar. Þannig nam burðareyriskostnaðurinn 1917 kr. 11783, 73 en var áætlaður kr. 6000,00 og símskeytakostnaðurinn kr. 65511,40 en var áætlaður kr. 8000,00. Um burðareyriskostnaðinn er þess að geta, að engar líkur eru til að hann lækki á næsta fjárhagstímabili og er hann því áætlaður hjer 12000 kr. á ári en símakostnaðurinn 40000 kr. á ári þar sem búist er við, að þessi kostnaður lækki vegna þess að burtu falla ýmsar hernaðarráðstafanir, sem mjög mikið hafaverið gerðar símleiðis og nema töluverðri fjárhæð.

3. *Brunaábyrgðar- og sótaragjöld.* — Þessi liður er hækkaður um 500 kr. hvort árið til þess að hann sje sem allra næst því, sem vænta má að þessi gjöld verði.

4. *Til embættiseftirlitsferða.* — Liðurinn er hækkaður um 1000 kr. hvort árið vegna hækkunar ferðakostnaðar.

6. *Eftirlit með fiskveiðum útlendinga.* — Þessi liður hefir verið lækkaður mikið frá því sem nú er, enda hefir þessi fjárveiting verið lítið notuð undanfarin ár.

7. *Til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar.* — Liðurinn er hækkaður um 200 kr. á ári vegna aukinna starfa yfirskattanefnda samkv. lögum nr. 54, 26. okt. 1917.

8. *Útgáfa fasteignabókar.* — Í lögum um fasteignamat er ákveðið að á árinu 1920 skuli hin nýja fasteignabók koma í gildi og þarf því að veita fje til útgáfu hennar, en hversu mikið til þess þarf er eigi auðið að segja með neinni vissu eða verulegum líkum, þar sem fasteignamatið er ekki komið nema úr fáum sýslum. Hin tiltekna upphæð er því aðeins ágiskun.

9. *Gjöld samkv. 77. og 78. gr. fátækralaganna.* — Þessi gjöld fara stöðugt vaxandi og stafar það bæði af því að dvalarkostnaður á sjúkrahúsum hefir hækkað á ófriðarárunum og af því, að það er nú orðið miklu algengara en áður var að koma sjúklingunum á sjúkrahús. Þessi kostnaður var 1916 tæpar 23000 kr. og 1917 um 39000 kr. Hann er nú áætlaður 33000 kr. fyrra árið en 30000 kr. síðara árið og er þá gert ráð fyrir, að legukostnaður á sjúkrahúsum lækki nokkuð frá því, sem hann er nú.

Um 12. gr.

Gjöld til lækna og heilbrigðismála.

Við 1. lið. *Laun lækna.* Þessi liður er óbreyttur að öðru leyti en því, að við er bætt 300 kr., sem er persónuleg launaviðbót við hjeraðslækninn í Reykjafjarðarhjeraði, sbr. fjárlög 1918—19. Um sundurliðunina vísast að öðru leyti til athugasemdanna við fjárlagafrumvörpin fyrir árin 1910—11 og 1914—15.

Við 2. lið. *Ritfje landlæknis.* — Liður þessi er óbreyttur.

Við 3. lið. *Styrkur til að leita læknis.* — Styrkur sá, er veittur var Árneshreppi, er feldur burtu hjer, en bætt við laun hjeraðslæknis Árneshjeraðs.

Við 4.—7. lið. *Styrkur til sveitarfjelaga til að leita læknis.* — Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 8.—10. lið. *Styrkur til sjerfróðra lækna.* — Liðir þessir eru óbreyttir.

Við 11. lið. *Til starfrækslu Röntgensáhalda.* — Óbreytt.

Við 12. lið. *Til starfrækslu ljóslækningastofu.* — Fjárveiting þessi er hin sama sem í fjárl. 1918—19, síðara árið.

Við 13. lið. *Holdsveikrahælið.* Gjöld hælisins eru hjer sett yfirleitt eftir áætlun holdsveikralæknisins.

1. *Laun* eru hækkuð um 1300 kr., en hætt er við að þessi hækkun sje fremur of lítil en of mikil.

2. *Viðurværi* er sett sama sem í núgildandi fjárlögum.

3. *Klæðnaður.* Liður þessi er 200 kr. hærri en í sömu fjárlögum.

4. *Meðul og sáraumbúðir.* — Hjer er hækkun um 200 kr.

5. *Eldsneyti.* Gert er ráð fyrir 150 tonna kolaeyðslu á ári, og að tonnið verði um 125 kr. fyrra árið og 100 kr. síðara árið.

6. *Ljósmeti.* Þessi liður er lækkaður um 300 kr.

7. *Húsbúnaður og áhöld.* Þessi liður er óbreyttur.

8. *Viðhald á húsum.* — Þessi liður er 1000 kr. hærri síðara árið vegna

þess, að þá er gert ráð fyrir að mála húsið utan. Annars ekki gert ráð fyrir stórvægilegum aðgerðum.

9. *Þvottur og ræsting.* Hækkun 100 kr.

10. *Greftrunarkostnaður.* 200 kr. hækkun.

11. *Skemtanir.* Óbreytt.

12. *Skattar.* 200 kr. hækkun.

13. *Óviss gjöld.* 400 kr. hækkun.

Við 14. lið. *Geðveikrahælið á Kleppi.* — Geðveikralæknirinn hefir ekki treyst sjer til að gera neina áætlun, en aðeins sent skýrslu um kostnaðinn 1917. Hjer er áætlun gerð lík áætlunum hinna hælanna, með hliðsjón á reynslu síðustu ára.

A. *Laun læknis* óbreytt.

B. *Önnur gjöld:*

1. *Kaup starfsmanna.* Þessi liður er hækkaður um 1560 kr.

2. *Viðurværi* er hækkað um rúmar 3000 kr.; — fæðið reiknað 1 kr. á dag í stað 90 a. áður.

3. *Klæðnaður.* Hækkað um nálega 200 kr.

4. *Meðul og umbúðir.* Lækkun 60 kr.

5 *Ljós og hiti* 2500 kr. hækkun. Kolin eru áætluð með sama verði sem á holdsveikrahælinu.

6. *Viðhald og áhöld.* Hjer er sett 4000 kr. í stað 4200 kr.

7. *Þvottur og ræsting.* Óbreytt.

8. *Skemtanir.* Þessi liður er settur 500 kr. í stað 550 kr.

9. *Skattar.* Hækkun 100 kr.

10. *Óviss gjöld.* Óbreytt.

Meðgjöfin með sjúklingum er tvöfölduð: 1 kr. á dag fyrir þurfamenn og 2 kr. fyrir aðra.

Við 10 lið. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* — Hjer er yfirleitt farið eftir áætlun læknisins.

A. *Laun læknis.* Launin eru hækkuð um 200 kr. eftir ráðningarsamningi.

B. *Önnur gjöld:*

1. *Kaup starfsmanna.* Þessi liður er hækkaður úr 9200 kr. upp í 15000 kr., og er þá ekki gert ráð fyrir sjerstakri dýrtíðaruppbót.

2. *Viðurværi.* Þessi liður er hækkaður um nálega 26000 kr., og er hækkunin í því fólgin, aðallega að fæðið er reiknað 2 kr. á dag í stað 1 kr. 50 aura.

3. *Lyf og hjúkrunargögn.* Liðurinn er hækkaður um 1000 kr.

4. *Ljós hiti.* Áætlunin er hjer söm sem nú fyrir fyrra árið, en á síðara árinu er lækkun um 5000 kr. Gert er ráð fyrir að hvert tonn af kolum kosti fyrra árið 135 kr., en síðara árið 110 kr. Er það 10 kr. hærra en á hinum hælunum vegna meiri flutningskostnaðar.

5. *Þvottur og ræsting.* Þessi liður er hækkaður um 1800 kr., eða nálega tvöfaldaður.

6. og 7. *Viðhald húsa og vjela.* Liðirnir eru hækkaðir um 1200 kr. + 1300 kr., vegna þess að dregnar hafa verið aðgerðir á ófriðarárunum svo mikið sem auðið var, en þær geta ekki beðið lengur.

8. *Skattar og vátrygging.* Hækkun úr 1000 kr. upp í 2000 kr.

9. *Húsbúnaður og áhöld.* Af sömu ástæðu, sem tekin er fram um viðhald húsa og vjela, er hjer gert ráð fyrir allmikilli hækkun, 1100 kr.

10. *Flutningskostnaður* hækkar um 1200 kr.

11. *Óviss útgjöld.* Óbreytt.

Við 16. lið. *Til undirbúnings landsspítala.* Farið er fram á fjárveiting til undirbúnings landsspítala. Það virðist ekki mega dragast öllu lengur að fara að koma upp landsspítala, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera í Reykjavík. Reynslan hefir sýnt það, að sjúkrahús vantar hjer. Gert er ráð fyrir, að læknir og húsagerðarmaður þurfi að fara utan til að kynna sjer sjúkrahúsbyggingar erlendis.

Við 17. lið. *Önnur gjöld.*

a. *Styrkur til reksturs sjúkrahúsa og sjúkraskýla.* Óbreytt.

b. *Byggingarstyrkur til þeirra.* Í núgildandi fjárlögum eru veittar 15000 kr. fyrir síðara árið, en hjer er farið fram á 10000 kr. fyrir hvort árið.

c. *Bólusetningarkostnaður.* Þessi liður er óbreyttur.

d. og e. *Til varna gegn sjúkdómum.* Þessir liðir eru óbreyttir.

f. *Til læknieftirlits með skólum.* Óbreytt.

g. *Til utanferða hjeraðslækna.* Óbreytt.

h. *Til sjúkrasamlaga,* Óbreytt.

i. *Til sjúklinga með hörundsberkla.* — Þessum styrk handa sjúklingum með hörundsberkla til að leita sjer lækninga erlendis, er haldið sömum sem í núgildandi fjárlögum, þess ber þó að geta, að vera má, að ekki þurfi til þessa fjár að taka, vegna þess að nú eru komin og er verið að koma upp hjer á landi miklu fullkomnari tækjum en áður til lækninga á þessum kvillum.

Um 13. gr.

A. *Póstmál.*

1. a. *Laun póstmeistara.* — Liðurinn er óbreyttur.

1. b. 1. *Laun póstafgreiðslumanna í Reykjavík.* — Þessi liður er óbreyttur. Póstmeistari leggur til að liðurinn sje hækkaður um 5,400 kr. En þar sem nýtt frumvarp til launalaga kemur, að líkindum, fram á þinginu í sumar, og sem þá einnig nær til þessara manna, þykir rjettast að bíða eftir framgangi þess máls.

1. b. 2. *Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur.* — Þessi liður er hækkaður um 1900 kr. Vill póstmeistari að vísu hækka liðinn meira, eður upp í 37,000 kr. Stjórnarráðið hyggur að 1900 kr. muni nægja með fram með tilliti til þess, að ætla má, að sum kostnaðaratriði við póstafgreiðsluna á fjárhagstímabilinu muni lækka frá því sem verið hefir á síðustu tímum.

1. c. *Brjefhirðingamenn.* — Liðurinn hækkaður um 1500 kr. Eru þar aðeins dregnar 500 kr. af tillögu póstmeistara af sömu ástæðum og við næsta lið á undan.

2. *Póstflutningur.* — Þessi liður er hækkaður um 32 þús. kr. samkvæmt tillögu póstmeistara, sem segir að þessi kostnaður sje líkur því sem nú er greitt fyrir póstflutninga.

3. *Annar kostnaður.*

a. — Liðurinn er hækkaður um 5 þús. kr. Póstmeistari fer fram á 15 þús. kr. hækkun eða rúml. helmingi meira en veitt er í núgildandi fjárlögum. Jafnvel þó gert sje ráð fyrir aukinni aðstoð og almennri launahækkun aðstoðarmanna verður að líta svo á, að komast megi af með 5 þús. kr. viðbót og megi

hún jafnvel teljast allríf miðað við hækkun samkynja kostnaðar í öðrum starfsgreinum.

b. — Hækkunin á þessum lið er 500 kr. og er þar farið eftir tillögu póstmeistara.

c. — Þetta hækkað um 1000 kr. sem er helmingi minna en póstmeistari leggur til. Hækkunin $^1/_7$ hluti virðist viðunandi eftir atvikum.

d. — Póstmeistari óskar eftir 2400 kr. hækkun á liðnum. Hjer vísast til næsta liðs á undan.

e. — Önnur gjöld eru í núgildandi fjárlögum áætluð 15000 kr., en á árinu 1917 námu þessi gjöld tæpum 16000 kr. Nú er lagt til að liður þessi verði hækkaður upp í 25000 kr. með tillitl til þess, að á undanförnum árum hefir póstmeistari sparað svo mikið á ýmsu því, er fellur undir þenna lið, svo sem prentun eyðublaða o. fl, að eigi verður hjá komist að leggja töluvert meira í kostnað í þessum efnum á fjárhagstímabilinu, en verið hefir. Vill póstmeistari fá enn hærri fjárveitingu í þessu skyni, en stjórnin verður að telja þessa hækkun riflega, þar sem búast má við hagfeldara verði þau ár, er hjer ræðir um, á ýmsum vörum, er hjer koma til álita, svo sem kol, olía, pappír o. fl.

B. *Vegabætur.*

I. 1. a. — Liðurinn óbreyttur, sem eiginlega stafar af sömu ástæðu og hjá póstmeistara, nefnilega væntanlegum launalögum.

I. 1. b. — Liðurinn er óbreyttur.

I. 2. — Ætlast er til að undir þennan lið heyri »eftirlit með vegagerðum«, sem áður hefir verið sjerstakur liður (B. I. 4.). Hækkunin á þessum liðum nemur til samans 2300 kr. sem er aðeins helmingur af því, sem vegamálastjóri hefir farið fram á, að veitt yrði.

I. 3. — Liðurinn er hækkaður um 500 kr. eftir tillögum vegamálastjóra.

II. *Flutningabrautir.*

1. — Vegamálastjóri ætlast til að með þessari fjárveiting verði brautinn lokið að þjóðveginum hjá Vatnsdalshólum.

2. Vegamálastjóri hefir lagt til að veittar verði 15000 kr. síðara árið til þessarar brautar, en stjórnin sjer eigi fært af fjárhagsástæðum að leggja til að meira verði veitt það ár en 10000 kr.

3. — Vegamálastjóri leggur til, að til þessarar brautar sje varið 25 þús. kr. hvort árið, og með 40 þús. kr. framlagi 1922—23 megi fullgera brautina, sem sje jafnsnemma og Skagfirðingabraut, enda sjeu þá þær brautir að fullu lagðar, sem ákveðnar voru með vegalögunum 1907 og síðari breytingum. En, af því í svo mörg horn er að líta með vegabætur, að þar verður ekki á alt kosið, og hins vegar sýnist ekki bráðnauðsynlegt að hraða þessari braut til fullra lykta á vissu ári, er hjer látið sitja við 15 þús. kr. á ári, sem þó er $^1/_3$ hærra en áður.

4. — Fjárveitingar síðasta fjárlagaþings hafa reynst oflágar til að lúka því verki sem hjer ræðir um. Þess vegna kemur þessi viðbót fram með sömu skilyrðum og áður.

5. — Liðurinn er óbreyttur fyrra árið en hækkaður um 5 þús. kr. seinna árið.

III. *Þjóðvegir.*

1.—2. — Þessir liðir óbreyttir.

3. — Fjárveitingin óbreytt, en færð hjer til síðara ársins, var áður á fyrra árinu.

4. — Fjárveitingarnar árin 1918 og 1919 til þessarar brúar, samtals kr. 85 þús. hafa eigi verið notaðar nje verða á þ. á. Þykir rjett að draga nú eigi lengur þessa brúargerð. Fjárveitingarnar hjer miðaðar við tillögur vegamálastjóra.

5. — Í núgildandi fjárl. eru veittar kr. 25,000 til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi. Ætlast er til, að þessu fje verði varið nú á þ. á. til þess að kaupa járn í brúna, en það er eins og stendur ekki mjög dýrt. Vegamálastjóri mun láta smíða brúna næsta vetur á verkstæði vegagerðarinnar hjer, en sumarið 1920 er gert ráð fyrir, að brúin verði sett á ána. Óþarfi er að gera hjer grein fyrir þörfinni á brúnni, því það hefir verið gert svo oft og ítarlega.

6. — Gömul trjebrú er á þessari á, sem er orðin mjög fúin. Endurbygging því mjög nauðsynleg.

7. — Steinsteypubrúin á Hólmsá brotnaði veturinn 1918, fyrir hlaup í ánni eða vatnavexti. Talið er að brúarstæðið hafi ekki verið heppilega valið, og annað betra megi fá eigi allfjarri. Áætlað er að þessi brú muni kosta 6,000 kr. og virðist sanngjarnt að annarstaðar frá komi $^1/_3$ kostnaðarins, þar sem brúin er ekki á þjóðvegi.

8. — Þessi fyrirhugaða brú er á þjóðvegi. Vegamálastjóri telur heppilegt að brúin verði bygð jafnhliða brúnni á Eyjafjarðará, vegna eftirlits og hins, að efnisafganga frá þeirri brú megi nota til þessarar brúar. Fjárveitingin því sett til síðara ársins.

9. — Liðurinn óbreyttur.

IV. — Fjárveiting óbreytt.

V. — Óbreytt.

VI. — Óbreytt.

VII. — Óbreytt.

VIII. — Óbreytt.

IX. — Hjer er nýr liður. Ferjustaðurinn er á þjóðvegi og aðalpóstleið. Verður að telja brýna nauðsyn á góðri dragferju yfir Þverá á þessum stað. Vegamálastjóri leggur eindregið með framgangi þessa máls og færir margar ástæður fyrir því.

X. — Hjer er aðeins um endurveiting að ræða með óbreyttri fjárhæð.

C. I. — Gert er ráð fyrir, að styrkurinn til Eimskipafjelags Íslands 40,000 kr. í þessu skyni, falli niður, þar sem skipaútgerð þess fjelags mun bera sig vel að öllu samanlögðu. Fjárveitingin 50 þús. kr. er því ætluð stjórnarráðinu til ráðstöfunar upp í kostnað við strandferðir, sem væntanlega verða aðallega framkvæmdar með eigin skipun ríkisins.

II. 1. Styrkurinn, fyrra árið, óbreyttur, lækkaður síðara árið í þeirri von, að kostnaður við útgerðina verði þá minni.

II. 2—12. — Fjárveitingarnar almennt lækkaðar og meira síðara árið, af þeirri ástæðu, að talið er líklegt að útgerðarkostnaður, sjerstaklega að því er snertir kol og olíu, lækki til muna frá því sem nú er og þó ennþá meira síðara árið.

Skilyrðin fyrir styrkveitingunum eru óbreytt.

D. *Hraðskeyta- og talsímasamband.*

I. — Liðurinn óbreyttur.

II. — Hjer er farið alveg eftir tillögu landssímastjóra.

III. *Til lagninga nýrra lína.*

a. *Egilsstaðir—Borgarfjörður.* — Í fjárlögunum '18—'19 voru þessari línu ætlaðar 22 þús. kr. Nú er allur kostnaður við þessa línu áætlaður 82 þús. kr., en árið 1914 var áætlað að hún kostaði 30 þús. kr. Hjer farið fram á 60 þús. kr. viðbót við fyrnefndar 22 þús.

Staura til línunnar er nú búið að flytja til Austfjarða og semja um flutning á þeim á línusvæðin með fremur góðum kjörum, og er ráðgert, að línan geti orðið nothæf síðast á þessu ári.

Aukafjárveitingar er þó ekki leitað, í trausti þess að fjárhæðin, 60 þús. kr., verði veitt og falli þá á fyrra árið.

b. *Akureyri—Grenivík.* — Af fjárveitingu í gildandi fjárlögum er 13 þús. kr. varið til staurakaupa á línu þessa. Viðbót nú: 28,500 kr. Frá hjeraðinu á að koma 4.500 kr. Staurarnir í línu þessa, 500 stykki, eru allir komnir til landsins, þar af 100 á staðinn.

c. *Borgarnes—Hjarðarfell.* — Þetta er ný lína, sem ritsímalögin ætlast til að verði sambandslína og þá án tillags frá hjeruðum.

d. *Fáskrúðsfjörður—Reyðarfjörður—Egilsstaðir.* — Hjer er og um nýja línu að ræða, sem er alveg bráðnauðsynleg til að koma viðunandi lagi á ritsíma- og talsímaafgreiðslu á Austurlandi. Lagt er til, að þessar nýju línur verði eigi bygðar fyrri en síðara árið.

IV. 1. a—b. — Óbreytt.

IV. 2. — Sömuleiðis.

IV. 3. — Upphæð þessa liðs hækkuð um 1 þús. kr. Hin sívaxandi störf útheimta talsverða auka-aðstoð og mun raunar nú þegar vera þörf á fastri aðstoð, þó ekki sje farið fram á slíkt að þessu sinni.

IV. 4. *Ritsímastöðin í Reykjavík.* — Þessi liður er þannig á fjárl. 1918—19: 30,200 kr. fyrra árið og 30,400 kr. síðara árið.

Landssímastjóri skýrir frá því, að árið 1917 hafi 36,200 kr. gengið til þessa liðar og árið 1918 munu útgjöldin verða 15—20 þús. kr. hærri. Þar sem nú kostnaður til upphitunar og ljósa minkar sennilega talsvert á næsta fjárhagstímabili og fleira kynni að mega færa til sparnaðar á hinni sundurliðuðu áætlun landssímastjóra sem gerir ráð fyrir 55,400 kr. kostnaði fyrra árið, en 60,500 kr. hið síðara, þá er látið sitja við 50 þús. kr. hvort árið.

IV. 5. *Þráðlausa stöðin í Reykjavík.* — Liðurinn hækkaður um 600 kr. fyrra árið og 200 kr. hið síðara.

IV. 6. *Áhalda- og efnisvörður.* — Þessi liður er hækkaður um 1200 kr. á ári þar sem reynslan sýnir, að ekki veitir af óskiftum kröftum eins manns, til þessa starfs.

IV. 7. *Ritsímastöðin á Akureyri.* — Samtals bæði árin er þessi liður hækkaður um tæpl. 8 þús. kr. Hækkunin stafar af því, meðal annars, að setja verður stærra miðstöðvarborð. (Miðstöðvarborðið sem þar er nú, verður flutt til Vestmannaeyja). Starfsfólki verður að fjölga um 1 símritara og 2 talsímastúlkur. Nýr útgjaldaliður er viðhald innanbæjarsímans, sem hingað til hefir verið talinn með viðhaldi langlínanna.

IV. 8. *Ritsímastöðin á Seyðisfirði* — Árleg hækkun nemur 5700 kr. Hjer kemur til greina viðhald bæjarsímans eins og á Akureyri. Breytingar og stækkanir á stöðvarhúsinu, sem fram hafa farið, leiða af sjer aukin útgjöld við ljós, hita o. fl.

IV. 9. *Ritsímastöðin á Ísafirði.* — Hækkunin er 4.840 kr. á ári. Bæta þarf við einum símritara. Landssíminn hefir keypt stöðvarhúsið á Ísafirði.

IV. 10. *Símastöðin á Borðeyri.* — Hækkunin er 2,960 kr. á ári.

IV. 11. *Símastöðin í Hafnarfirði.* — Hækkunin er 300 kr. á ári.

IV. 12. *Símastöðin í Vestmannaeyjum.* — Árleg hækkun 700 kr.

IV. 13. *Símastöðin í Flatey.* — Þetta er nýr liður sem felur í sjer áætluð útgjöld við árskostnað þessarar loftskeytastöðvar sem væntanlega verður tilbúin fyrir næstu áramót.

IV. 14. *Símastöðin á Siglufirði.* — Í fjárlögunum 1918—19 var þessi kostnaður innifalinn í útgjöldum til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva og veittar 12 þús. kr. til hvorutveggja. Nú eru útgjöldin við Siglufjarðarstöð sjerskilin og til hennar ætlað 3,500 kr.

IV. 15. — Liðurinn hækkaður allmikið, sökum stórum vaxandi kostnaðar, sem ekki verður hjá komist.

V. — Liðurinn hækkaður um 5,000 kr. og mun síst af veita.

VI. — *Viðbót og viðhald stöðvanna.* — Þessi liður hækkaður um helming og mun mega þar um sama segja og við V.

VII. — *Ferðalög o. fl.* — Hækkun er 1,000 kr.

VIII. — Þessi liður hækkaður um 15 þús. kr. Útgjöld þessi hljóta að fara vaxandi eigi allsmáum skrefum, þar sem langlínum fjölgar árlega og vaxandi bilanir smákoma fram á elstu línunum.

IX. — Liðurinn óbreyttur.

E. *Vitamál.*

1. Laun óbreytt.

2. Í stað þess að ákveða laun aðstoðarverkfræðings eins og áður hefir verið, eru nú ætlaðar 3000 kr. til aðstoðar. Búist við, að ekki verði hægt að fá verkfræðing fyrir þessa upphæð, eða þó hærri væri, en hinsvegar gert ráð fyrir, að vitamálastjórinn komist af með ólærða aðstoðarmenn með verklegri þekkingu á vitamálum.

3. Vitamálastjóri hefir skýrt frá því, að sumir vitaverðir mundu segja stöðum sínum lausum, ef þeir fengju ekki launabót. Laun vitavarða eru nú eins og hjer segir:

1. Akranesviti	150	150
2. Malarrifsviti	150	150
3. Svörtuloftaviti	300	300
4. Öndverðanesviti	100	100
5. Elliðaeyjarviti	400	400
6. Bjargtangaviti	200	200
7. Galtarviti	100	100
8. Arnarnesviti	500	500
Flyt ...	1900	1900

	Flutt ...	1900	1900
9.	Straumnesviti	300	300
10.	Malarhornsviti	100	100
11.	Grímseyjarviti	150	150
12.	Hólmavíkurviti	100	100
13.	Kálfshamarsviti	100	100
14.	Skagatáarviti	150	150
15.	Siglunesviti	900	900
16.	Flateyjarviti	150	150
17.	Rifstangaviti	200	200
18.	Langanesviti	300	300
19.	Bjarnareyjarviti	300	300
20.	Dalatangaviti	1150	1150
21.	Vattarnesviti	100	100
22.	Stokksnesviti		150
23.	Ingólfshöfðaviti	250	250
24.	Dyrhólaviti	250	250
25.	Vestmannaeyjaviti ...	700	700
26.	Selvogsviti	150	150
27.	Reykjanesviti	1500	1500
28.	Garðskagaviti	600	600
29.	Gerðatangaviti		100
30.	Gróttuviti	500	500
		9850	10100

Bæði með hliðsjón af nýjum vitabyggingum og einnig í því skyni að hægt verði að veita nauðsynlegar launabætur hefir stjórnin ákveðið upphæð þessa 4550 kr. hærri á fjárhagstímabilinu en á núgildandi fjárlögum. — Laun vitavarða við væntanlega nýja vita eru áætluð þannig:

1.	Svalvogsviti	200 kr. á ári
2.	Gjögurviti...	250 — - —
3.	Kambanesviti	250 — - —
4.	Strætishornsviti ...	250 — - —
5.	Karlsstaðatangaviti...	150 — - —
6.	Djúpavogsviti	150 — - —
7.	Papeyjarviti	200 — - —
8.	Hrómundareyjarviti	150 — - —

Gert er ráð fyrir, að stjórnin hækki laun núverandi vitavarða eftir tillögum vitamálastjóra að undangenginni nákvæmri rannsókn.

III. Rekstrarkostnaður vitanna var á síðustu fjárlögum ákveðinn á fjárhagstímabilinu 34100 kr., en er nú ákveðinn 50000 kr. Vitamálastjóri hefir áætlað kostnað þennan, að meðtöldum kostnaði vita þeirra, sem á að byggja, þannig:

1.	Akranesviti	400	400
2.	Malarrifsviti	600	600
3.	Svörtuloftaviti } ...	900	900
4.	Öndverðanesviti }		
5.	Elliðaeyjarviti	900	900
6.	Bjargtangaviti	400	400
7.	Svalvogsviti	400	400
8.	Galtarviti	400	400
9.	Arnarnesviti	700	700
10.	Straumnesviti	700	700
11.	Gjögurviti	500	500
12.	Malarhornsviti	200	200
13.	Grímseyjarviti	500	500
14.	Hólmavíkurviti	200	200
15.	Kálfshamarsviti	300	300
16.	Skagatárviti	800	800
17.	Siglunesviti	1200	1200
18.	Hjalteyrarviti	200	200
19.	Svalbarðseyrarviti ...	200	200
20.	Flateyjarviti	600	600
21.	Rifstangaviti	500	500
22.	Langanesviti	600	600
23.	Bjarnareyjarviti	600	600
24 a.	Dalatangaviti ... ... }	4000	4000
24 b.	— þokulúður }		
25.	Vattarnesviti	300	300
26.	Kambanesviti		700
27.	Strætishornsviti		700
28.	Karlsstaðaviti		200
29.	Djúpavogsviti		200
30.	Papeyjarviti		700
31.	Hrómundareyjarviti		200
32.	Stokksnesviti		700
33.	Ingólfshöfðaviti	700	700
34.	Dyrhólaviti	700	700
35.	Vestmannaeyjaviti ...	1400	1400
36.	Selvogsviti	600	600
37.	Reykjanesvitar	3000	3000
38.	Garðskagaviti	1600	1600
39.	Gerðatangaviti	300	300
40.	Gróttuviti	1500	1500
		25900	29300

Í því trausti, að kol, steinolía og gas lækki að mun, hefir stjórnin fært áætlun þessa niður um 5200 kr.

IV. *Vitabyggingar.*

1. Svalvogsvitinn, sem á að reisa á nesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, og Galtarvitinn (sjá 2) verða aðalvitarnir á Vestfjörðum, en nú eru þar hvergi vitaljós nema á Bjargtöngum við Breiðafjörð og á Arnarnesi við Skutulsfjörð. Vitinn á að vera með nýrri gerð, líkur Akranes- og Gróttuvita, og allljóssterkur.

2. Galtarvitinn. Fjárveiting þessi er að nokkru endurveiting. Ætlast er til, að vitinn verði stærri en áður var ráðgert, og er það sjerstaklega vegna útvegsins á Vestfjörðum. Kaupa verður jörðina Keflavíkurhól, sem er eyðijörð, og byggja þar hús fyrir vitavörð. Búist er við, að jörðin kosti 1200 kr. eða svo.

3. Gjögurvita á að byggja á Gjögri norðanverðu. Þessi viti er nauðsynlegur vegna siglinga á Húnaflóa, sjerstaklega á Reykjarfjörð, Norðurfjörð og Ingólfsfjörð. Gert er ráð fyrir, að innsiglingaljós verði sett á greinda firði síðar meir í sambandi við vitann.

4. Kambanesviti verður aðallega landtökuviti á Austfjörðum, þangað til Seleyjarviti verður bygður, en sá viti ætti að koma sem fyrst, en þar sem kostnaður við byggingu hans er áætlaður 200000 kr., sá stjórnin sjer ekki fært að leggja til, að hann yrði bygður nú.

5 og 6. Strætishorns- og Papeyjarviti eru aðallega fyrir innsiglinguna á Djúpavog og hafa í sambandi við vitana á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey, sem gert er ráð fyrir að hjeraðið byggi, mikla þýðingu fyrir þá, sem stunda fiskiveiðar á Djúpavogi.

7. Stokksnesvitinn. Fjárveitingin til hans er endurveiting. Hann er aðallega bygður vegna siglinga með ströndum fram.

Stjórnin hefir tekið upp í fjárlagafrumvarpið alla þá vita, sem vitamálastjórinn leggur til að sjeu bygðir, nema Hríseyjarvitann, sem að vísu er nauðsynlegur, en þó virðist helst mega mæta afgangi. Kostnaður við þessar vitabyggingar er áætlaður 170600 kr., og er það allmikil upphæð, þegar tekið er tillit til þess, hvað vitagjaldið gefur lítið í aðra hönd, en á hitt er meira að líta, að siglingar vorar á vetrum verða altaf mjög ótryggar, ef ekki verður sem allra fyrst sjeð fyrir nægum vitum.

V. Þessi upphæð er 1000 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum, með sjerstöku tilliti til þess, að landið verður nú að taka að sjer viðhald á sjómannaskýlunum og leiðarvísunum á söndunum í Skaftafellssýslu. Þessi skýli hafa sum verið reist af erlendum þjóðum, en tvö þeirra hefir Thomsen ræðismaður bygt. Sjálfsagt að landið sjái um viðhald á þessum nauðsynjamannvirkjum.

VI. Þessi liður hefir sömuleiðis verið hækkaður um 1000 kr. Reynsla fyrri ára sýnir, að jafnan koma ýmsar rökstuddar beiðnir frá ýmsum fiskiverum um styrk til leiðarljósa, sem rjett hefir þótt að taka tillit til. Undir þennan lið fellur nú styrkur til leiðarljósanna í Stykkishólmi, sem áður hefir verið talinn með rekstrarkostnaði landsvitanna.

Um 14. gr.

A. *Andlega stjettin.*

a. Óbreytt.

b. 1—3. Þessir liðir eru eftir tillögum biskups látnir halda sjer.

4. *Framlag til prestlaunasjóðs.* — Það hefir reynst svo, að þær 28000 kr., sem nú eru veittar í þessu skyni, hafa ekki hrokkið. Farið er því hjer fram á hækkun, 7000 kr.

5. *Til útgáfu ársskýrslu þjóðkirkjunnar.* — Biskup landsins hefir farið fram á, að þessi styrkur væri veittur, svo að auðið yrði að gefa út slíka skýrslu, svo sem tíðkast um öll Norðurlönd. Þar eru þessar skýrslur gefnar út árlega í hverju biskupsdæmi. Er tilgangurinn að segja frá því í skýrslu þessari, hvað gerist á ársfundi kirkjunnar (synodus), skýra frá því hvernig farið er með fje það, er biskup hefir undir hendi, birta mikilvæga stjórnarvaldaúrskurði og nýmæli, er kirkjuna snerta, og erindi, er flutt hafa verið á hinum árlega fundi kirkjunnar. Þykir hlýða á þeim tímamótum, sem nú eru, að taka upp þenna sið.

B. *Kenslumál.*

I. a. *Laun.* — Þau eru ákveðin samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, lögum nr. 25, 2. nóvbr. 1915, lögum nr. 34, 26. oktbr. 1917 og lögum nr. 35, s. d., sbr. fjárlögin fyrir árin 1918 og 1919.

Launin sundurliðast þannig:

Prófessorar	1920	1921
Haraldur Níelsson	3450	3600
Sigurður P. Sívertsen ...	3450	3600
Lárus H. Bjarnason ...	4450	4600
Einar Arnórsson	3450	3600
Ólafur Lárusson	3000	3000
Guðmundur Magnússon ...	3450	3600
Guðmundur Hannesson ...	3450	3600
Ágúst H. Bjarnason... ...	3450	3600
Guðmundur Finnbogason	3000	3150
Sigurður Nordal	3000	3083,33
Dósentar		
Jón Jónsson Aðils	2800	2800
Bjarni Jónsson frá Vogi ...	2800	2800
Magnús Jónsson	2800	2800
Stefán Jónsson	2800	2800
	45350	46633,33

I b. *Viðaukalaun Einars prófessors Arnórssonar* lækka um 50 kr. fyrra árið og 200 kr. hið síðara, að sama skapi sem hin launin eru hækkuð.

I c. *Aukakensla.* Háskólaráðið hefir gert tillögur um hækkanir á þessum lið, sem og á launum embættismanna háskólans yfirleitt. Þessar tillögur hefir ráðuneytið tekið til athugunar sjerstaklega við samning frumvarps þess um laun embættismanna, er til er ætlast að lagt verði fyrir þingið.

Í þessum lið er hækkuð þóknunin til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann úr 800 kr. upp í 1500 kr. Hann kennir eina aðalkenslugreinina við læknadeildina, og hefir annars svo miklum embættisstörfum að gegna, að þóknunin fyrir kensluna má ekki minni vera en hjer er farið fram á, auk embættislaunanna.

Dr. Alexander Jóhannesson hefir notið þóknunar í tvennu lagi, 1000 +

1000 kr., fyrir kenslu í gotnesku og engilsaxnesku annars vegar og í þýskum fræðum hins vegar. Þessi þóknun er færð hjer saman í eitt og hækkuð um 800 kr. Kenslan er hjer talin í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum.

I d. *Til annara gjalda.* — Það er bygt á því, að vöxtunum af einnar miljónar sjóði þeim, er um ræðir í 14. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, verði varið að einhverju leyti til þess að greiða þann kostnað við háskólann, er hingað til hefir verið veittur beint úr landssjóði. Háskólaráðið telur þessa eftirgreinda liði í núgildandi fjárlögum mega falla niður í þeim notum:

B I d. Til utanfararstyrks handa kennurum.

B I e 3. Utanfararstyrkur handa læknaefnum.

B I f 1 og 2. Til bókakaupa.

B I g. Útgáfa kenslubóka.

B I h. Efnisskrá um íslensk lög.

Að hverju leyti nefndur sjóður annars gæti ljett frekari gjöldum af ríkissjóði verður enn ekki sagt með vissu, er skipulagsskrá fyrir sjóðinn er eigi enn samin. Sú fjárveiting, er hjer er farið fram á, er því nokkuð sett af handahófi, og má vera, að henni þurfi að breyta eitthvað.

II a. Óbreytt.

II b. Óbreytt.

II c 1. Óbreytt.

2. *Til eldiviðar og ljósa.* — Veitingin í núgildandi fjárlögum hefir reynst allsendis ónóg. Hjer er farið fram á, að veitt verði á þessum lið 6500 kr. í stað 2500 kr.

3. *Til skólahússins utan og innan.* — Meðan ófriðurinn hefir staðið, hefir verið frestað aðgerðum svo sem unt hefir verið. Nú verður ekki lengur beðið með þær, og því er farið hjer fram á nokkuð rífari fjárveiting en áður, nefnilega 1250 kr. meira fyrra árið og 250 kr. meira síðara árið en í núgildandi fjárlögum.

4. Óbreytt.

5. *Til tímakenslu og prófdómenda.* — Tímakenslukaup er nú 2 kr. 75 a. eða 2 kr. 25 a. fyrir stundina, eftir því hvort stýlar eru gerðir eða ekki. Þetta tímakaup getur ekki lægra verið, eftir því sem öll vinna er nú borguð. En af því leiðir, að þessi liður verður að hækka mjög mikið. Það má auk þess gera ráð fyrir, vegna aðsóknar að skólanum, að kenna verði í 9 bekkjum. Með 9 bekkjum er tímakenslan 118 stundir á viku eða 472 stundir á mánuði. Ef 80 stundir á viku, eða 320 stundir á mánuði, eru borgaðar með 2 kr. 75 a., en 38 stundir á viku, eða 152 stundir á mánuði, eru borgaðar með 2 kr. 25 a., gerir þetta 880 kr. + 338 kr. = 1218 kr. um mánuðinn. Í 9 mánuði verður þetta samtals 10962 kr., og til prófdómenda er ætlað 538 kr., eða samtals á þessum lið 11500 kr.

6. *Húsaleigustyrkur.* — Nú er veittur húsaleigustyrkur 38 nemendum, 20 kr. hverjum. Þetta er svo lítill styrkur, að hvern einstakan munar svo sem ekkert um hann. 20 kr. er varla mánaðarleiga fyrir eitt lítið herbergi. Farið er fram á, að styrkur til hvers nemanda verði ákveðinn 50 kr., og hækkar þá liðurinn úr 720 kr. upp í 1800 kr.

7. *Námstyrkur.* Óbreytt.

8. *Læknisþóknun.* Óbreytt.

9. *Til áhalda við kensluna.* Óbreytt.

10. *Ýmisleg gjöld.* Vegna verðhækkunar á ýmsu, verður ekki hjá því komist að áætla þennan lið hærri nokkru en áður. Því er farið fram á 2000 kr. í stað 1200 kr.

11. *Til lagfæringar á lóðinni kringum skólahúsið.* Umferð um lóðina er nær eingöngu á þeim tíma árs, er vanalegur leir- eða malaríburður veðst upp og verður að forarleðju, en þá berst slík leðja inn í skólann og veldur óþrifum. Landsverkfræðingur, sem hefir skoðað lóðina, leggur til að ráðin sje bót á þessu með því að púkkleggja svæðið, sem er um 950 fermetrar að flatarmáli, þjappa grjótið og sljetta yfir með vegvaltara, á líkan hátt og bættar hafa verið götur hjer í Reykjavík undanfarið. Kostnaðinn við þetta telur verkfræðingurinn 4000 kr. Það virðist ekki mega dragast að framkvæma þetta verk og er því farið fram á 4000 kr. fjárveiting í þessu skyni.

12. *Til að gefa út kenslubækur.* Óbreytt.

13. *Til áhalda við fimleikakenslu.* Óbreytt.

14. *Til verðlaunabókv.* Óbreytt.

III. a. *Laun.* Óbreytt.

III. b. *Önnur gjöld.*

1. *Til þriggja aukakennara.* Óbreytt.

2. *Til timakenslu.* Óbreytt.

3. *Til bóka og kensluáhalda.* Eftir tillögu skólameistara hækkar um 400 kr.

4. *Til eldiviðar og ljósa.* Skólameistari hefir lagt til að liður þessi væri óbreyttur

5. *Námsstyrkur.* Óbreytt.

6. *Til dyravörslu.* Óbreytt.

7. *Til skólahússins utan og innan.* Eftir skýrslu skólameistara verður ekki lengur frestað, að klæða norður- og vesturhliðar skólahússins með pappa og járni og mála það alt utan, þak og veggi. Að öðrum kosti liggur við stórskemdum. Innan húss þarf og að gera ýmsar bætur. Áætlað er til þessa 6000 kr.

8. *Ýms gjöld.* Óbreytt.

IV a. *Laun.* Óbreytt.

IV b. *Önnur gjöld.*

1. *Timakensla.* Þessi liður er hækkaður úr 1500 kr. uppí 2500 kr. af sömu ástæðum, sem hækkaður er samskonar liður í gjöldum Mentaskólans.

2. *Til aukakennara.* Óbreytt.

3. *Eldiviður og ljós.* Þessi liður er hækkaður úr 1800 kr. hvort árið uppí 4000 kr. fyrra árið og 3600 kr. síðara árið, og er þessi kostnaður áætlaður í samræmi við samskonar kostnað við aðrar landsstofnanir í Reykjvvík.

4. *Bókakaup og áhöld.* Óbreytt.

5. *Námsstyrkur.* Hjer er farið fram á, að þessi styrkur sje hækkaður um 1000 kr. eða úr 2000 kr. uppí 3000 kr. Það virðist ekki þurfa að færa aðrar ástæður fyrir þessari hækkun, en þær, að það er vitanlegt, að margir þeir, er nema á þessum skóla, eru bláfátækir, en launin, að náminu loknu afarlág.

6. *Til viðhalds hússins.* Nú eru veittar til þessa 300 kr. á ári. Þessi veiting hefir að eins hrokkið með því að láta þær aðgerðir bíða, sem nokkur vegur var til að fresta. Óhjákvæmilegt að láta ekki bíða öllu lengur nauðsynlegar viðgerðir, ef húsið á ekki að stórskemmast. Mála þarf húsið utan og innan, þjetta hurðir og fleira. Hjer er farið fram á 1000 kr. fjárveiting hvort árið.

7. *Ýmisleg útgjöld.* — Vegna verðhækkunar á ýmsu, svo sem verkalaunum, hækkunar á sköttum o. fl., er þessi liður færður úr 1300 kr. upp í 2000 kr. eftir tillögu skólastjóra.

V. a. *Laun.* Óbreytt.

V. b. *Önnur gjöld.*

1. *Til tímakenslu.* — Um þenna lið vísast til athugasemdanna við samskonar lið í gjöldum Mentaskólans. Þessi liður er hækkaður úr 2400 kr. upp í 6000 kr. Orsökin til svo mikillar hækkunar er auk hækkunar stundakaupsins, að búast má við því að aðsókn verði svo mikil að skólanum, að skifta þurfi bekkjum.

2. *Til eldiviðar og ljósa.* — Vísast til þess, er áður hefir verið tekið fram um samskonar liði.

3. *Ýmisleg gjöld.* — 2000 kr. í stað 1400 kr., en þá er slept 300 kr. veitingu til áhalda, sem áður hefir staðið sjerstök í fjárlögunum.

VI. *Vjelstjóraskólinn.* — Vegna þess að húsaleiga hefir stigið mjög mikið, er farið fram á 1200 kr. sjerstaklega í húsaleigu. Annars eru tillögurnar um gjöld til þessa skóla óbreyttar. Þess ber þó að geta, að líkindi eru til að þurfi allmikið meira fje til þessa skóla, en hjer er áætlað, en ekki verður um það sagt, hve mikið þurfi, fyr en síðar. Skólastjóri mun fara utan til að afla fræðslu og áhalda, svo að kenslan geti orðið sem best í skólanum.

VII. 3 a. *Launin* eru sett eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 36, 26. október 1917.

VII. 3 b og c. *Til aðstoðarkenslu og annara gjalda.* — Skóli þessi er ekki enn tekinn til starfa, svo að erfitt er að áætla kostnað við hann fram yfir föstu launin; en ekki má búast við, að komist verði af með minna en hjer er áætlað.

VIII. a—d. Liðirnir óbreyttir nema styrkurinn til Iðnaðarmannafjel. í Reykjavík er hækkaður um 1000 kr. hvort árið.

IX. Þessi liður er einnig hækkaður um 1000 kr. hvort árið.

X. Liðurinn óbreyttur.

XI. *Yfirsetukvennaskólinn.*

1. *Laun forstöðumanns.* — Óbreytt.

2. *Til verklegrar kenslu.* — Óbreytt.

3. *Styrkur til námskvenna.* — Liður þessi er færður úr 2000 kr. upp í 3000 kr., vegna verðhækkunar.

4. *Til húsaleigu m. m.* — Óbreytt.

XII. *Til kvennaskólanna í Reykjavík og á Blönduósi.* — Lagt er til að styrkurinn til skóla þessa verði hinn sami sem veittur er í núgildandi fjárlögum, þó svo að hækkaður sje styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík (B XII. 1. a) úr 9000 kr. + 9500 kr. upp í 11000 hvort árið, og samskonar liður í fjárveitingunni til Blönduósskólans (B. XII, 2, a) úr 6000 kr. hvort árið upp í 7000 kr. hvort árið. Í fjárlagafrumvarpinu er umgetinn styrkur til kvennaskólans í Reykjavík í ógáti settur 12000 kr. í stað 11000 kr.

XIII. *Til almennar barnafræðslu.* — 1. og 2. Kostnaður allur við skólahaldið hefir aukist svo síðustu árin, að fje það, er veitt er af landssjóði í þessum liðum er orðið hlutfallslega alt of lítið. Stafar þetta meðal annars af hækkun þeirri á launum barnakennara, er síðasta Alþingi gerði, sbr. lög nr. 17, 24. sept. 1918. Var svo tilætlast í fyrstu, að ríkissjóðsstyrkurinn yrði sem svaraði einum þriðjungi að minsta kosti af kostnaðinum öllum, en nú er svo komið, að þessi

styrkur nemur ekki meira en $^1/_4$—$^1/_5$ alls kostnaðar. Hjer er þó ekki farið fram á meira en 5000 kr. hækkun hvort árið á hvorum lið.

3. — Versti þröskuldurinn fyrir góðri barnafræðslu mjög víða á landinu er það, að ekki eru til sæmileg hús til þess að láta kensluna fara fram í. Einasta bótin á þessu er að koma upp skólahúsum, þar er þau vanta, svo fljótt sem unt er. Það ríður því á að hvatt sje sem mest til framkvæmda í þessu efni. Farið er fram á, að veittar sjeu í þessu skyni 20000 kr. hvort árið.

4.—8. — Þessir liðir eru óbreyttir.

XIV. a. *Til unglingaskóla (lýðskóla).* — Óbreytt.

XIV. b. *Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.* — Liður þessi er hækkaður eftir beiðni skólanefndar um 1000 kr. hvort árið.

XV. *Styrkur til alþýðukenslubóka.* — Óbreytt.

XVI. *Til kenslu heyrnar- og málleysingja.* — Að vísu hefir verið keypt hús handa skóla þessum, vegna húsnæðisvandræðanna í Reykjavík síðustu árin. Það hefir samt ekki þótt ástæða að gera breytingu á þessum lið að svo stöddu.

XVII. *Til kenslu blindra barna.* — Óbreytt.

XVIII. *Til sundkenslu og leikfimi.* — Óbreytt.

XIX. *Til Stefáns Eirikssonar.* — Óbreytt.

Um 15. gr.

1. *Landsbókasafnið.*

a—d. *Laun.* — Óbreytt.

e. *Til aðstoðar á lestrarsal.* — Óbreytt.

f. *Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands.* — Áður hafa verið keyptar bækur að nokkru leyti fyrir háskólann sjerstaklega. Nú hefir háskólinn fengið ráð yfir allmiklu fje, samkvæmt 14. gr. sambandslaganna og er gert ráð fyrir, að af því fje verði tekið til bókakaupa. Því hefir þessi liður verið færður niður um 2300 kr. hvort árið.

g. *Til handritaskrár.* — Sjerstök staða var sett á síðasta þingi við safnið með því verkefni að skrásetja handritasafnið og semja spjaldskrá. Nú er lokið að mestu spjaldskrársamningi, nema að því leyti, sem bætast bækur við safnið árlega. Skrásetjari safnsins getur því gefið sig að miklu við samningi handritaskrárinnar, enda kemur handritasafnið ekki að fullu gagni fyr en skrá er fengin yfir það. Það er því af atriði, að skrá þessi komi út sem fyrst. Því er lagt til að veitt verði til útgáfu skrárinnar 2400 kr. hvort árið. Aftur á móti þykir ekki þörf á að halda áfram að gefa út ritaukaskrá, er spjaldskráin er samin jafnóðum og við bætist.

h. *Til brunatryggingar fyrir safnið.* — Óbreytt.

i. *Húsaleiga.* — Óbreytt.

j. *Ýmisleg gjöld.* — Feldur hefir verið burtu liðurinn: »Fyrir afskriftir«, (1000 kr. hvort árið), en aukið aftur »ýmisleg gjöld« um 600 kr. hvort árið.

2. *Þjóðskjalasafnið.*

a—b. *Laun.* — Óbreytt.

c. *Til bands m. m.* — Óbreytt.

d. *Til skrár yfir safnið m. m.* — Óbreytt.

Feld hefir verið í burtu fjárveiting til þess að láta afskrifa eða ljósmynda íslensk skjöl í erlendum skjalasöfnum. Er gert ráð fyrir því, að háskólinn muni bera umhyggju fyrir því, að það sem nauðsynlegt er að gert verði í þessu efni

vegna vísindaiðkana hjer verði framkvæmt með styrk af því fje, er hann hefir nú yfir að ráða.

3. *Þjóðmenjasafnið.*

a. *Laun.* — Óbreytt.

b. *Til aðstoðar.* — Hækkun 300 kr. hvort árið.

c og g. *Til útveguna forngripa.* — Í núgildandi fjárlögum eru veittar til þess að útvega forngripi og til áhalda og aðgerða 1700 kr. hvort árið. Farið er nú fram á, að veittar sjeu 2000 kr. hvort árið til að útvega forngripi, en 600 kr. ætlaðar sjerstaklega til aðgerða og áhalda. Það er óþarfi að taka það fram, að notin af þessari hækkun verða ekki þau, að hægt sje að útvega tiltölulega meira af forngripum en áður. Það gerir hin almenna verðhækkun eða verðfall peninga.

e. *Til að kaupa íslensk listaverk.* — Óbreytt.

f. *Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja.* — Þessi liður er hækkaður um 200 kr. hvort árið.

4. *Náttúrufræðifjelagið.* Eftir beiðni fjelagsstjórnarinnar er styrkurinn hækkaður um 500 kr. hvort árið. Er ætlast til að viðbót þessari verði varið til þess að gefa út, með skýrslu fjelagsins eða sjer í lagi, stærri ritgerðir um íslenska náttúrufræði, en hingað til hefir átt sjer stað.

5. *Landsbókasafnshúsið.*

a. *Til eldiviðar og ljósa.* — Þessi liður er hækkaður í samræmi við hækkun á samskonar liðum við aðrar landsstofnanir.

b. *Til dyravarðar.* — Óbreytt.

c. *Til viðhalds og áhalda.* — Óbreytt.

6.—14. — Þessir liðir eru óbreyttir.

15. *Til að gefa út dómasafn landsyfirdóms.* — Þessi liður er færður úr 300 kr. upp í 600 kr., vegna aukins útgáfukostnaðar. Er gert ráð fyrir 50 kr. styrk fyrir örkina.

16.—19. — Þessir liðir eru óbreyttir.

20. *Styrkur til skálda og listamanna.* — Styrkurinn er hjer settur hinn sami hvort árið, sem fjárveiting núgildandi fjárlaga fyrir árið 1918.

21.—22. — Óbreytt.

23. *Til orðabókar Sigfúsar Blöndal.* — Lagt er til að styrkur þessi verði ákveðinn 4000 kr. hvort árið.

24.—26. — Óbreytt.

27. *Til dr. Helga Pjeturss.* —Lagt er til að þessi liður verði eins og í fjárlögum 1916—17.

28. *Til Páls Þorkelssonar.* — Hann hefir sótt um að fá styrk til að halda áfram að vinna að málsháttasafni sínu. Er lagt til að honum sjeu veittar 400 kr. hvort árið í þessu skyni. Í núgildandi fjárlögum eru veittar til þessa 800 kr. fyrra árið.

29.—32. — Óbreytt.

33. *Til Páls Eggerts Ólasonar.* — Liður þessi er óbreyttur að fjárveiting, en verkefnið er öðru vísi orðað eftir beiðni styrkþega.

34.—39. — Óbreytt.

40. *Til hins íslenska safnaðar í Kaupmannahöfn.* — Íslenskur prestur, síra Haukur Gíslason, sjálfstæður aðstoðarprestur við Holmens kirkju í Kaupmannahöfn hefir haldið uppi íslenskri guðsþjónustugerð fyrir Íslendinga í Kaupmanna-

höfn undanfarið, og hefir þar myndast íslenskur söfnuður. Sótt er um styrk til þess að halda guðsþjónustu þessari uppi og leggur biskup til með erindi þessu. Rjett hefir þótt að fara fram á 1000 kr. í þessu skyni hvort árið.

41. Listvinafjelag Íslands er nýstofnað og hefir farið fram á að fá 1000 kr. styrk úr ríkissjóði hvort árið og er tilætlun þess að gefa út listsöguleg smárit og eftirmyndir af íslenskum listaverkum eldri og yngri. Þessa beiðni hefir þótt ástæða til að taka til greina.

42. Íþróttasamband Íslands.

Liðurinn óbreyttur.

43. *Til Guðmundar Marteinssonar.* Piltur þessi, sem er kominn af fátæku foreldri, fór 1913 þá 19 ára af landi burt. Vann hann fyrir sjer á rafmagnsverkstöðvum bæði í Noregi og á Þýskalandi, en stundaði bóknám í hjáverkum. Árið 1916 gekk hann inn í skóla í Stavanger, og tók þaðan stúdentspróf árið eftir. Síðan hefir hann stundað nám við teknista háskólann í Þrándheimi, og lagt þar stund á rafurmagnsfræði aðalega (við elektro-teknisku deildina). Nú sækir hann um styrk til að ljúka náminu við háskóla þennan. Virðist eiga að veita þessum námsmanni styrk í þessu skyni.

44. Sigurður Einarsson stundar búfræðinám i Noregi og er tilætlun hans að ljúka því árið 1920, en með því að hann er fátækur er undir hælinn lagt, að hann geti lokið náminu án styrks. Landbúnaði vorum er mikil nauðsyn á nýjum búnaðarháttum og virðist því rjett að styrkja viðleitni í þessa átt, enda er maður þessi talinn hinn efnilegasti í fagi sínu.

Um 16. gr.

1.—3. Óbreytt.

4. Skeiðaáveitan mun ekki verða fullger á þessu ári en verkinu ætti að verða lokið 1920. Það er því nauðsyn á að taka upp einhverja fjárveitingu í þessu skyni, en eins og nú er, er eigi unt að segja hvort 3000 kr. nægja til þessa, því að þar um veldur miklu hversu mikið verður unnið að verkinu í sumar. Fyrir þinglok í sumar ættu ábyggilegar upplýsingar að vera fyrir hendi um þetta, og mætti þá laga fjárveitinguna eftir því.

5. Liðurinn er óbreyttur.

6. Þessi liður er einnig óbreyttur.

7. a.—d. Þessir liðir eru óbreyttir að öðru leyti en því, að við er bætt launum handa Jóni Pálssyni dýralækni, sem skipaður hefir verið í Austfirðingafjórðungi.

8. Óbreytt.

9. a.—d. Liðirnir eru óbreyttir að öðru leyti en því, að styrkurinn til gerlarannsókna hefir verir færður upp í 2400 kr. úr 1800 kr.

10.—11. Óbreytt.

12. a.—b. Ferðakostnaðurinn hefir verið færður upp um 400 kr., úr 600 kr. í 1000 kr. vegna aukins kostnaðar við ferðalög, Annars er liðurinn óbreyttur.

13. Óbreytt.

14. Liðurinn er tekinn upp hvort árið eins og hann er síðasta árið í núgildandi fjárlögum.

15.—19. Óbreytt.

20. a.—b. Fjárveitingin til ferðakostnaðar hefir verið færð úr 800 kr. í

1200 kr. með því að það hefir komið í ljós, að sú upphæð sem nú er veitt, er of lág.

21. Borgunin til skráritara vörumerkja er hækkuð úr 360 kr. á ári í 600 kr. á ári, vegna aukins kostnaður af skrifstofuhaldi.

22.—24. Óbreytt.

25. Eftir því útliti, sem er um vinnu við námurnar á næsta fjárhagstímabili virðist nægilegt að ætla 100 kr. til eftirlits á ári, og er liðurinn því færður niður um 200 kr. hvort árið.

26. Tilætlunin var, að styrkurinn til Bjargráðasjóðs væri 22000 kr. á ári en fyrir vangá hefir hann verið settur 20000 og þarf því að lagfæra þetta með breytingartillögu.

27. Óbreytt.

28. Þessi liður er nýr og er tekin samkvæmt lögum nr. 78, 14. nóv. 1917. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að mælitækja- og vogaráhaldastofan beri sig.

29. Lóðir þær, sem Sauðárkrókskauptún stendur á eru í hættu fyrir sjávarágangi og hafa íbúar kauptúnsins þegar ráðist í með góðum árangri að fyrirbyggja þessa hættu með því að framlengja svonefnda »Eyri«, sem er norðanvert við kauptúnið. Nú á ríkissjóður allar þessar lóðir og virðist því öll sanngirni mæla með því, að hann greiði hálfan þann kostnað, sem af vörslu þeirra leiðir.

30. Til brimbrjótsins í Bolungavík hafa á árinu 1918 verið notaðar um 6000 kr., í stað 10000 kr. sem veittar eru. Á yfirstandandi ári eru einnig veittar 10000 kr., en óvíst um hverjar framkvæmdir verða á verkinu í ár. Það hefir því eigi þótt fært annað en taka upp fjárveitingu til þessa fyrirtækis bæði árin, alls 10000 kr., og verði sýnt fram á, að hentugt eða heppilegt sje fyrir framkvæmd verksins að styrkur þessi sje hækkaður þannig, að hann sje eins og hann er nú, mun stjórnin fyrir sitt leyti ekki vera því mótfallin.

Um 17. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 18. gr.

Skrá fylgir yfir eftirlaun þau; er ræðir um í I. a.—d.

Að öðru leyti skal þess getið um grein þessa, að stjórnin hefir bætt við þeim, sem hjer greinir:

1. Gyðríði Þorvaldsdóttur ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði og ætlar henni og 3 börnum þeirra 600 kr. styrk á ári.

2. Arnbjörgu Einarsdóttur ekkju Lárusar prests Halldórssonar er ætlaður 300 kr. styrkur á ári.

3. Guðrúnu Sigurðardóttur ekkju Guðm. skálds Magnússonar er ætlaður jafnhár styrkur.

4. Ólínu Þorsteinsdóttur, ekkju Guðmundar skálds Guðmundssonar og 3 börnum þeirra er ætlaður 600 kr. ársstyrkur.

5. Petreu Jónsdóttur, ekkju Jóhanns ættfræðings Kristjánssonar er ætlaður 300 kr. styrkur á ári.

Tillagið til ellistyrktarsjóðanna er tvöfaldað vegna ákvæða laga nr. 33, 26. okt. 1917.

Um 19. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 21. gr.

Hjer eru teknar upp nokkrar lánsheimildir, en svo er til ætlast, að einungis sje veitt lán úr Viðlagasjóði, ef fje er til í honum, en ríkissjóður hlaupi eigi undir bagga í því efni, eins og oft hefir átt sjer stað undanfarin ár.

Um 22. gr.

Gefur eigi tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á ríkissjóði í byrjun marsmánaðar 1919.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu (konungsúrskurður 12/6 1899)	1601,40	
2. Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði (konungsúrskurður 19/4 1906)	1133,33	
3. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður 9/4 1907)	641,91	
4. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður 30/11 1908)	1008,00	
6. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður 1/11 1910)	1000,00	
7. Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911)	1876,62	
8. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður 20/10 1911)	1737,78	
9. Sigurður Sigurðsson, hjeraðslæknir í Dalahjeraði (konungsúrskurður 25/7 1913)	850,00	
10. Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði (konungsúrskurður 26/5 1914)	1000,00	
11. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður 17/2 1914)	1000,00	
12. Hannes Hafstein, ráðherra (konungsúrskurður 21/7 1914)	5333,33	
Flyt ...	18622,37	

	kr.	kr.
Flutt ...	18622,37	
13. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður 7/10 1914)	2276,70	
14. Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður 28/7 1915)	875,00	
15. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður 30/7 1915)	2571,35	
16. Klemens Jónsson, landritari (konungsúrskurður 4/1 1917)	4000,00	
17. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður 2/8 1917)	1266,67	
		29612,09
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja Jóns Snæbjörnssonar sýslumanns í Borgarfjarðarsýslu, frá 1/9 1860 ... ... kr. 212,87		
Ennfremur styrkur til húsaleigu ... ... — 40,00	252,87	
2. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá 1/12 1873	197,00	
3. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875	529,16	
4. Elinborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá 1/2 1886	919,17	
5. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
6. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/10 1891	750,00	
7. Ragnheiður Guðjóhnsen, ekkja Einars Guðjóhnsen hjeraðslæknis í 13. læknishjeraði, frá 1/8 1891	187,50	
8. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,09	
9. Þórhildur Tómasdóttir, ekkja eftir Helga Hálfdánarson forstöðumann prestaskólans, frá 1/2 1894	575,00	
10. Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnson sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1/5 1894	412,59	
11. Kristín Blöndal, ekkja Lárusar Blöndal sýslumanns í Húnavatnssýslu, frá 1/5 1894	582,45	
12. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894	305,00	
13. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
Flyt ...	5679,13	29612,09

		kr.	kr.
	Flutt ...	5679,13	29612,09
14.	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1896	187,50	
15.	Henriette Lovise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík, frá 1/3 1903	350,00	
16.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1/1 1905... ... ... kr. 625,00		
	Samkv. konungsúrskurði 21/3 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	1. Helga, f. 18/6 1902 ... ... — 100,00		
	2. Þórdísi, f. 1/4 1904 ... ... — 100,00		
		825,00	
17.	Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1/4 1906	187,50	
18.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
19.	Laura Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
20.	Eline Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
21.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910 kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði 4/4 1911 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 16 ára:		
	1. Ragnhildi, f. 14/7 1907 ... ... — 80,00		
	2. Jóni Baldri, f. 15/6 1909 ... ... — 80,00		
		310,00	
22.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910 kr. 212,50		
	Samkv. konungsúrskurði 21/3 1911 handa syni hennar, þar til hann er fullra 16 ára:		
	Páli, f. 25/8 1905 ... ... — 80,00		
		292,50	
23.	Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassens landlæknis, frá 1/12 1910	539,17	
24.	Elísabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónssonar ráðherra, frá 1/12 1912	600,00	
25.	Guðríður Birgitta Thorsteinsson, ekkja rektors Steingríms Thorsteinssonar, frá 1/9 1913	483,33	
26.	Oliva Maria Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar sýslumanns, frá 1/9 1913	560,83	
	Flyt ...	11266,83	29612,09

		kr.	kr.
	Flutt ...	11266,83	29612,09
27.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
28.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915...	500,00	
29.	Theodóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916 ... ... kr. 535,17		
	Samkv. konungsúrskurði 8/8 1916 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára:		
	1. Sigurði, f. 24/7 1902 ... ... — 100,00		
	2. Sverri, f. 15/7 1904 ... ... — 100,00		
	3. Maríu Kristínu, f. 12/9 1906 ... ... — 100,00		
		835,17	
30.	Elín, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1200,00	
31.	Sofía Johnsen, ekkja fyrver. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
32.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrver. kennara sr. Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
33.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrver. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919 ... ... kr. 350,00		
	Samkv. konungsúrskurði 12/2 1919 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára:		
	1. Guðrúnu, f. 4/9 1901 ... ... — 100,00		
	2. Stefáni, f. 11/7 1904 ... ... — 100,00		
	3. Dagmar Camillu Þorbjörgu, f. 21/7 1905 — 100,00		
		650,00	
			15723,53
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900	208,65	
2.	Lárus Benediktsson, prestur að Selárdal, frá fardögum 1902	54,28	
3.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
4.	Ólafur Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903	145,56	
5.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904 ..	230,00	
6.	Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fardögum 1906	477,73	
			1521,50
	Flyt ...	... ...	46857,12

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	46857,12
D. Prestsekkjur:		
Föst eftirlaun	... ...	5492,13
Samtals ...	... ...	52349,25

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1916 og 1917 veitast kr. 1062003,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 89155,94.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1917	kr.	3012,75		
— —	5.	Skrifstofukostnaður	1916	—	4979,25		
— —	—	—	1917	—	18578,86		
— —	6.	Landsfjehirðisstörf	1917	—	783,61		
— —	7.	Umbætur og viðhald	1916	—	138,14		
— —	—	—	1917	—	61663,33	kr.	89155,94

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 91726,68.

Við tölul.	A	3.	Hegningarhús	1916	kr.	1888,99
— —	B	1. b.	Pappír og prentun... ...	1916	—	5061,08
— —	B	1. d.	Efnisyfirlit	1916	—	300,00
— —	B	2. c.	Hagskýrslur	1917	—	2663,25
— —	B	2. d.	Eyðublöð	1917	—	683,94
— —	B	2. e.	Húsaleiga m. m.	1916	—	114,79
— —	—	—	—	1917	—	1266,10
— —	B	2. f.	Aðstoð o. fl.	1916	—	1375,30
— —	—	—	—	1917	—	1402,25
— —	B	3. a.	Burðareyrir	1916	—	3020,27
— —	—	—	—	1917	—	5783,73
				Flyt	kr.	23559,70

					Fluttar	kr.	23559,70		
Við tölul.	B	3. b.	Símskeyti		1916	—	10561,08		
—	—	—	— —		1917	—	57511,40		
—	—	B 11.	Til að kaupa peningaskápa		1916	—	94,50	kr.	91726,68

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 167557,63.

Við tölul.	10.	Holdsveikraspítalinn		1916	kr.	7475,07			
—	—	— —		1917	—	51310,76			
—	—	11.	Hælið á Kleppi	1916	—	16200,23			
—	—	— —		1917	—	38149,37			
—	—	13.	Vífilstaðahælið	1916	—	11094,26			
—	—	— —		1917	—	24325,94			
—	—	14.	Fjós- og hlöðubygging ...	1916	—	19002,00	kr.	167557,63	

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 367229,30.

A. Póstmál:

Við tölul.	2.	Póstflutningur		1916	kr.	1557,88			
—	—	— —		1917	—	10098,19			
—	—	3. a.	Skrifstofukostnaður	1916	-	1905,10			
—	—	— —		1917	—	6090,90			
—	—	3. d.	Önnur gjöld...	1916	—	2441,58			
—	—	— —		1917	—	6956,81	kr.	29050,46	

B. Vegamál.

Við tölul.	II. 1.	Borgarfjarðarbraut		1916	kr.	1329 88			
—	—	II. 2.	Húnvetningabraut	1916	—	1570,08			
—	—	II. 5.	Reykjadalsbraut	1916	—	3333,76			
—	—	II. 9.	Viðhald flutningabrauta...	1917	—	3937,95			
—	—	III. 4.	Langadalsbraut	1916	—	419,43			
—	—	III. 8.	Hróarstunguvegur	1917	—	1000,00			
—	—	V.	Áhöld...	1917	—	65038,52	kr.	76629,62	

C. Samgöngumál á sjó.

Við tölul.	I.	Strandferðir		1916	kr.	3039,20			
—	—	— —		1917	—	17231,80			
—	—	III. 1.	Faxaflóabátur	1917	—	2000,00	kr.	22271,00	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við tölul.	II.	Rannsókn símaleiða ...		1916	kr.	6760,61			
—	—	— —— ...		1917	—	7513,28			
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1916	—	658,37			
—	—	— —		1917	—	2000 61			
—	—	IV. 4.	Ritsímastöðin í Reykjavík	1916	—	1497,33			
				Flyt	kr.	18430,20	kr.	127951,08	

			Fluttar	kr.	18430,20	kr.	127951,08
Við tölul.	IV. 4.	Ritsímastöðin í Reykjavík	1917	—	13680,88		
— —	IV. 5.	Ritsímastöðin á Akureyri	1916	—	431,16		
— —	—	—	1917	—	3094,13		
— —	IV. 6.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	1917	—	1555,52		
— —	IV. 7.	— á Ísafirði	1916	—	607,15		
— —	—	— —	1917	—	2998,32		
— —	IV. 8.	— á Borðeyri	1916	—	776,77		
— —	—	— —	1917	—	699,91		
— —	IV. 9.	— í Hafnarf.	1916	—	128,08		
— —	—	— —	1917	—	383,52		
— —	IV. 10.	— í Vestm.eyj.	1916	—	57,95		
— —	—	— —	1917	—	497,64		
— —	IV. 11.	Eftirlitsstöðvar o. fl. ...	1916	—	4289,46		
— —	—	— ...	1917	—	7202,55		
— —	IV. 12.	Viðgerð á bæjarsíma Ak.	1916	—	5679,58		
— —	V.	Eyðublaðaprentun m. m.	1916	—	10885,93		
— —	—	—	1917	—	16226,32		
— —	VI.	Viðbót og viðhald	1916	—	2795,96		
— —	—	—	1917	—	6184,22		
— —	VII.	Ferðalög	1916	—	958,45		
— —	—	—	1917	—	3883,92		
— —	VIII.	Viðhald landsímanna ...	1916	—	15347,75		
— —	—	— ...	1917	—	36180,52	kr.	152975,89

E. Vitamál.

Við tölul.	I. c.	Skrifstofuhald	1917	kr.	484,93		
— —	I. d.	Ferðakostnaður...	1917	—	714,85		
— —	II.	Rekstrarkostnaður vita ...	1916	—	7805,80		
— —	—	— ...	1917	—	13237,18		
— —	III.	Nýir vitar, sjómerki o. fl.	1916	—	28973,54		
— —	—	—	1917	—	25805,72		
— —	IV.	Sjómerki	1917	—	841,15		
— —	V.	Ýmislegt	1917	—	8439,16	kr.	86302,33
			Samtals A—E			kr.	367229,30

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 75325,17.

B. I. Háskólinn.

Við tölul.	c. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1916	kr.	1200,00		
— —	—	— —	1917	—	150,00		
— —	g.	Til starfrækslu Röntgensáhalda	1916	—	2094,41		
— —	—	— —	1917	—	2263,27		
— —	h.	Eldiviður o. fl.	1916	—	1783,19		
— —	—	—	1917	—	3839,16		
			Flyt	kr.	11330,03		

				Fluttar	kr.	11330,03		
Við tölul.	i. 3.	Ýmisleg gjöld	.. ..	1916	—	1346,32		
— —	—	—	... ...	1917	—	660,26	kr.	13336,61

B. II. Mentaskólinn almenni.

Við tölul.	d. 2.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2481,29		
— —	—	—	... ...	1917	—	7232,05		
— —	d. 5.	Tímakensla o. fl.	... ...	1916	—	547,40		
— —	—	—	... ...	1917	—	630,70	kr.	10891,44

B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við tölul.	b. 4.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2135,11		
— —	—	—	... ...	1917	—	1345,84		
— —	b. 7.	Til skólahússins utan og innan		1917	—	604,41		
— —	b. 8.	Ýmisleg útgjöld	... ...	1916	—	371,50		
— —	—	—	... ...	1917	—	66,81	kr.	4523,67

B. IV. Kennaraskólinn.

Við tölul.	b. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	865,56		
— —	—	—	... ...	1917	—	450,00		
— —	b. 8.	Vatnssalerni	... ...	1916	—	300,00	kr.	1615,56

B. V. Stýrimannaskólinn.

Við tölul.	b. 1.	Tímakensla...	... ...	1916	kr.	998,40		
— —	—	—	... ...	1917	—	476,80		
— —	b. 4.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	—	690,47		
— —	—	—	... ...	1917	—	5879,29		
— —	b. 5.	Ýmisleg gjöld	... ...	1916	—	453,28		
— —	—	—	... ...	1917	—	563,07	kr.	9061,31

B. VI. 1. Hólaskóli.

Við tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2739,69		
— —	—	—	... ...	1917	—	2205,84		
— —	d. 4.	Ýmisleg gjöld	... ...	1916	—	499,09	kr.	5444,62

B. VI. 2. Hvanneyrarskóli.

Við tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	1400,00		
— —	—	—	... ...	1917	—	3000,00	kr.	4400,00

B. X. Yfirsetukvennaskólinn.

Við tölul.	2. b.	Annar kostnaður	... ...	1916	kr.	138,61		
— —	3.	Styrkur námskvenna...	...	1916	—	2320,00		
— —	—	—	... ...	1917	—	1970,00	kr.	4428,61

B. XII. Barnafræðsla.

Við tölul.	2. b.	Til að reisa barnaskóla ...		1917	kr.	13379,87		
				Flyt	kr.	13379,87	kr.	53701,82

			Fluttar	kr.	13379,87	kr.	53701,82
Við tölul.	4.	Til prófdómenda	1916	—	505,13	kr.	13884,00

B. XV. Daufdumbrakensla.

		Til kenslu o. fl....	1916	kr.	2615,73		
		— —	1917	—	5123,62	kr.	7739.35
						kr.	75325,17

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. veitast kr. 16452,07.

Við tölul.	6. a.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	1755,11		
— —	-	—	1917	—	1099,81		
— —	6. c.	Áhöld o. fl.	1916	—	879,63		
— —	—	—	1917	—	1548,91		
— —	17.	Dómasafn	1916	—	30,00		
— —	—	—	1917	—	990,00		
— —	22.	Listasafnshús Einars Jónsson.	1916	—	10148,61	kr.	16452,07

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. veitast kr. 4573,37.

Við tölul.	8. d.	Eldiviður o. fl....	1917	kr.	121,61		
— —	11. b.	Ferðakostnaður	1917	—	246,00		
— —	18. b.	Ferðakostnaður	1916	—	102,13		
— —	19. d.	Ferðakostnaður	1916	—	429,35		
— —	—	—	1917	—	392,80		
— —	37.	Innsigling til Borgarness og Skógarness	1917	—	3281,48	kr.	4573,37

9. gr.

Sem viðbót við 19. gr. veitast kr. 249983,69.

Óviss útgjöld	1916	16312,76			
— —	1917	225025,25			
Greiðslur samkv. landsreikningi 1917 upp á væntanlega aukafjárveitingu		8645,68	kr.	249983,69

Ástæður

fyrir frv. þessu eru í landsreikningunum 1916 og 1917, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum stjórnarinnar við þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919 veitast kr. 653462,42, til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast kr. 80166, 67.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3.	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals:	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast kr. 400,00.

Við B. 7. Uppbót á lögreglueftirlitsstarfi um síldveiðatímann . ... kr. 400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast kr. 132340,34.

1.	Við 17. B.	Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
2.	— 17. —	Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
3.	— 17. —	Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim er læknir nú notar	—	65000,00
4.	Við 18. c.	Styrkur til sjúkraskýlisgerðar í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði 1918	—	2862,00
5.	— 18. e.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
6.	— 18. k.	Aukastyrkur til sjúkrasamlags Reykjavíkur 1919 .	—	3000,00
7.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919		—	6000,00
		Samtals:	kr.	132340,34

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) er veitt kr. 264184,26.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
	Flyt:	kr.	3344,95

	Flutt:	kr.	3344,95
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til brúar á Norðurá í Skagafirði 1919	—	30000,00
17.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
18.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
19.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landsímans	—	5831,15
20.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
21.	Til að reisa Straumnesvita 1918	—	5889,72
22.	Til Þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
23.	Til að reisa Selvogsvita 1918	—	6126,47
	Samtals:	kr.	264184,26

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 125239,12.

1.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
2.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918	—	1781,92
3.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
4.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
5.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
6.	- - - - - - að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
7.	Við B. VII. 3. Til ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
8.	Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum 1918	—	20925,31
9.	Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
10.	Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
11.	Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
	Samtals	kr.	125239,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 13800,00.

1.	Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	kr.	1000,00
	Flyt:	kr.	1000,00

Flutt:	kr.	1000,00
2. Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
3. Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
4. Styrkur til útgáfu dansk-íslenskrar orðabókar	—	11000,00
5. Til Guðbrandar Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
Samtals	kr.	13800,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitist kr. 26117,67

1. Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2. Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum 1918	—	1870,07
3. Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918	—	895,60
4. Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni frá 1. jan. 1919	—	600,00
Samtals	kr.	26117,67

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast kr. 1366,67.

1. Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2. Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3. Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
4. Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
5. Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	300,00
Samtals	kr.	1366,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast:

Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar ... ... kr. 9847,69

Athugasemdir:

Við 2. gr.

Af hinum nýju sambandslögum milli Íslands og Danmerkur leiðir það, að vjer leggjum fje á konungsborð, að vjer berum nú kostnað af skrifstofu þeirri, er vjer höfum haft í Kaupmannahöfn og að vjer leggjum fram fje fyrir meðferð utanríkismála vorra. Í þessari grein ræðir um slík gjöld og eru þau talin fyrir allt árið 1919 og des. 1918. Um nánari skýringar á gjöldum þessum vísast til athugasemda við fjárlagafrumv. fyrir árin 1920—1921.

Við 3. gr.

Það var eigi auðið að fá mann til að gegna starfi þessu fyrir þær 1000 kr., sem til þess voru veittar árið 1918 og varð því að greiða þessa uppbót. Dýrtíðaruppbót fylgir ekki starfi þessu og má því eigi undarlegt þykja, þótt eigi væri á því ári hægt að fá hæfan mann til að gegna starfinu fyrir sömu borgun og áður.

Við 4. gr.

1. Miðstöðvarhitunin á Vífilstaðahælinu var í maí f. á. í því ástandi, að eigi varð hjá því komist að endurbæta hana. Hitunarkatlarnir voru slitnir mjög og af óhentugri gerð og mjög kolafrekir. Auk þessa voru ýmsir aðrir gallar á miðstöðvarhituninni, svo sem allt of lítill súgur til katlanna og ketilhúsið of lítið. Það var því eigi annað fyrir en bæta þetta og var það gert á þann hátt, að nýir katlar voru keyptir og tilhöguninni breytt þannig, að nú er nægur súgur í leiðslunni og ketilhúsið hæfilega stórt. Útgjöld þessi eru greidd.

2. Hælið þarf á miklu rafmagni að halda til lækninga á hörundsberklum m. m. Rafgeymir sá, sem nú er, er orðinn ónothæfur og getur hælið alls eigi verið án slíks geymis. Kostnaður við nýjan geymi er eftir gerðu tilboði kr. 6540,00 og er tilætlunin, að hann verði settur upp í sumar.

3. Á Vífilsstaðahælinu er hin mesta þörf á sjerstakri barnadeild og einnig á því, að læknirinn fái sérstakan bústað utan sjálfs hælisins, vegna sýkingarhættu sjerstaklega fyrir börn hans og annað heimilisfólk. Til þess að ráða bót á þessu er ráðgert að reisa sjerstakan læknisbústað og taka núverandi herbergi hans í hælinu til barnahælis.

4. Í núgildandi fjárlögum er ekkert fje veitt fyrir árið 1918 til sjúkraskýlagerðar á læknissetrum, en fyrir árið 1917 voru veittar 3000 kr. í þessu skyni, sem eigi voru notaðar. Á því ári var gert vandað sjúkraskýli í Þórshöfn í Þistilsfjarðarhjeraði, en styrkur til þess var eigi greiddur fyr en lokið var útborgunum ársins 1917. Hið umrædda sjúkraskýli er hið vandaðasta og kostaði um 27000 kr. Með tilliti til alls þessa þótti rjettast að greiða umræddan styrk á árinu 1918 og leita aukafjárveitingar fyrir.

5. Eins og kunnugt er, varð eigi hjá því komist, að stjórnin tæki að sjer framkvæmdir um að hefta útbreiðslu kvefpestar þeirrar, sem hingað barst síðast í október f. á. frá útlöndum og hjálpa þar sem hún geysaði. Þykir eigi þörf á að fara hjer nákvæmlega út í þetta mál, því að það er alþjóð kunnugt. Að eins skal það tekið fram, að til þessa tíma hafa verið greiddar um 26000 kr. og koma þær til útgjalda á árinu 1918. Af þessari fjárhæð hefur um 12000 kr. farið til Reykjavíkurbæjar, en hitt hefur skiíst mjög milli hinna annara sýktu hjeraða, sjerstaklega Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þá hefur og nokkurt fje farið til að verja ósýkt hjeruð, t. d. Skaftafellssýslur, Eyjafjarðarsýslu, o. fl. Búast má við, að enn verði nokkur kostnaður út af þessu og er því gert ráð fyrir 30000 kr. bæði árin.

Eins og kunnugt er, var hjálpin í hinum sjúku hjeruðum utan Reykjavíkur í því fólgin, að læknar, hjúkrunarfólk og meðul var sent hjeðan eptir því sem þörf krafði og möguleikar voru á.

6. Vegna kvefpestar þeirrar, sem nefnd er hjer að framan, er Sjúkra-

samlag Reykjavíkur svo illa statt nú, að það mun ekki geta staðist nema það fái nokkurn aukinn styrk og er slíkt að vonum, þar sem Samlagið hefur hingað til barist í bökkum og nú orðið að leggja fram mikið fje umfram venju vegna kvefpestarinnar, er telja má, að hafi valdið veikindum og vinnutjóni á miklum þorra meðlima Samlagsins. Þessar 3000 kr. eru eigi greiddar.

7. Í kringum sóttvarnarhúsið í Reykjavík á ríkissjóður allstóra lóð, sem hingað til hefur verið óafgirt, en við svo búið má eigi lengur standa, enda gæti slíkt valdið því, að bæjarsjóður heimtaði lóðina aftur, þar sem hún var í byrjun af hendi látin með því skilyrði, að hún yrði umgirt. Nú hafa verið gerðar ráðstafanir til, að lóðin verði girt með steingarði. Er ætlast til, að efnið verði tekið af grjóti því, sem ríkissjóður á í Öskjuhlíðinni vegna dýrtíðarvinnunnar í fyrra. Er því fjárhæð sú, sem hjer er stungið upp á, að eins fyrir flutning á efni, vinnu og lítið eitt af steinlími, sem þarf til að líma saman hið höggna grjót.

Um 5. gr.

1.—13. Um fyrstu 13 liðina er þess að geta, að þeir eru allir gjöld tilheyrandi árinu 1617, sem ekki komu til útborgunar fyr en árið 1918 og er sú ástæða til þess, að vegamálastjóri hafði eigi gætt þess hvenær hætt var inn- og útborgunum tilheyrandi árinu 1917 og bað eigi um ávísanir fyrir fje þessu fyr en þeim útborgunum var hætt. Gjöld þessi verður að telja í landsreikningi 1918 og þykir rjettast að leita aukafjárveitingar fyrir þeim, þar sem þau koma til gjalda á öðru fjárhagstímabili, en vera átti, og það því fremur sem ýmsir af þessum liðum hefðu farið allmikið fram úr áætlun.

Um 6., 7. og 8. lið er þess að geta sjerstaklega, að engin fjárveiting var til þeirra á fjárlögum 1916—1917, en gjöld þessi voru óhjákvæmileg til þess að hægt væri að afhenda flutningabrautir þessar hlutaðeigandi hjeruðum og nú eru þær allar afhentar.

14. Það reyndist nauðsynlegt að mála brúna á Ytri-Rangá og var það því gert 1918, en þar sem engin fjárveiting var í þessu skyni er nú leitað aukafjárveitingar fyrir þeirri fjárhæð, sem til þess þurfti.

15. Um þessa fjárveitingu er hið sama að segja og um 1—13 lið, að þessi fjárveiting tilheyrir árinu 1917, því að það ár voru veittar í þessu skyni 5000 kr. en eigi notaðar nema 4000 kr. Hjer er því í raun rjettri að eins um endurveiting að ræða.

16. Brúin á Norðurá í Skagafirði fór af og ónýttist síðla vetrar 1917—1918. Var það trjebrú gömul og ísruðningur varð henni að grandi. Brú þessi er á þjóðvegi og aðalpóstleið eins og kunnugt er og með því að Norðurá er opt alófær á vorum er eigi hægt að komast hjá að brúa hana eins fljótt og verða má. Er því lagt til, að það verði gert á yfirstandandi ári og til þess varið 30000 kr. Verður brúin að sjálfsögðu úr steini og járni.

17. Brúin á Kláffossi í Hvítá er nú að falli komin og með því að hún er á mjög fjölförnum vegi verður alls eigi hjá því komist að byggja hana að nýju og ráðgerð framkvæmd þess verks í sumar. Brúarstæðið er ágætt og er eigi búist við að brúin kosti nema 15000 kr.

18. Í desember 1917 var afráðið að gera nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og var það tvent haft fyrir augum að nauðsyn væri á slíkum vegi og að með því yrði töluvert bætt úr hinum tilfinnanlega atvinnuskorti, sem

þá var hjer, en vegna hins síðarnefnda varð vegargerðin að sjálfsögðu dýrari en ella mundi, því að veðurátta var veturinn 1917—1918 óhentug til slíkrar vinnu, eins og kunnugt er. Til vegar þessa var varið á árinu 1918 um 130000 kr. og hefur vegamálastjóri áætlað að þetta muni rúmlega helmingur af því sem með þarf til að fullgera veginn.

19. Þegar landssíminn tók til afnota pósthúsið gamla varð eigi hjá því komist að breyta því að ýmsu leyti. Kostnaður af þessu varð kr. 5831,15 og er það sú fjárhæð, sem ræðir um í lið þessum.

20. Landssímastjóri taldi nauðsynlegt að kaupa nokkuð af sæ- og jarðsima til þess að eiga hann til vara, svo að símasambandi innanlands yrði haldið uppi þótt svo kynni að fara, að eigi yrði auðið að fá slíkt efni frá útlöndum. Stjórninni þótti því nauðsyn á að kaupa síma þenna og er nú leitað aukafjárveitingar fyrir andvirði hans, sem þegar er greitt.

21. Í fjárlögum 1916—1917 var fjárveiting til Straumnesvita og varð hún ekki nægilega mikil til þess að reisa vitann, enda var hann ekki fullgerður í lok fjárhagstímabilsins. Var því unnið að honum 1918 og til hans greiddar kr. 5889,72. Vitinn er eigi fullgerður enn, en það mun verða lokið við að reisa hann á yfirstandandi ári og þarf því meiri fjárveitingu til hans, en eigi er auðið að segja nú hversu mikið þarf í viðbót.

22. Til þokulúðursins á Dalatanga og til endurbóta á húsakynnum vitavarðar þar var veitt fje í fjárlögunum 1916—1917 og í fjáraukalögum fyrir sömu ár. En verkum þessum var eigi lokið á árinu 1917, enda reyndust fjárveitingarnar eigi nægilegar. Fyrir því var haldið áfram með framkvæmdir á þessu árið 1918, og til þess varið kr. 4472,77 auk kr. 2077,14, sem ætlast er til að hafnarsjóður Seyðisfjarðar borgi auk þess sem hann þegar hefir lagt fram kr. 13419,40. Verkið er fullgert.

23. Um Selvogsvitann stendur eins á og Straumnesvitann og vísast til skýringanna um hann hjer að framan.

Um 6. gr.

1. Uppbót þessi var greidd samkvæmt þingsályktunartillögu frá 1. maí 1918.

2. Í kennaraskólanum er miðstöðvarhitun og var því horfið að því ráði síðastliðið sumar að kaupa 2 móofna í skólann til þess að hann gæti starfað veturinn 1918—1919 með kleifum kostnaði. Ofnar þessir hafa reynst vel og er ekki vafi á, að þeir hafa sparað skólanum mikið fje.

3. Uppeldisfræði höfum vjer ekki átt og er þó mikil nauðsyn á bók um það efni. Nú hefir kennaraskólastjórinn farið þess á leit, að hann fengi styrk til útgáfu slíkrar bókar og hefir umsjónarmaður fræðslumálanna mælt eindregið með því. Það þykir því full ástæða til að stinga upp á 800 kr. fjárveitingu í þessu skyni.

4. Þessar 3000 kr. eru ætlaðar skólastjóra til utanfarar til að kynna sjer nýjar vjelar, ný kenslutæki og til ýmsra útvegana handa skólanum, sem ekki hefir getað starfað í fullu lagi undanfarin ófriðarár.

5. Íbúðarhúsið á Hvanneyri brann eins og kunnugt er seint á árinu 1917 og varð því til bráðabirgða að láta skólastjóra, fjölskyldu hans og kennarana búa í skólahúsinu, en til þess að nokkur möguleiki væri á því, þurfti húsið, sem

er gamalt, mikilla aðgerða og breytinga við. Þessi kostnaður er sú fjárhæð, er ræðir um í þessum lið og nemur hún kr. 9094,58, og er þegar greidd.

6. Vegna þess að nú er ekkert íbúðarhús á Hvanneyri verður alls eigi hjá því komist að reisa þar nýtt hús á þessu ári og eru áætlaðar til þess 60000 kr.

7. Skólahald á Eiðum á að byrja næstkomandi haust samkvæmt lögum nr. 36, 26. okt. 1917, en til þess að slíkt skólahald geti farið sæmilega úr hendi verður eigi hjá því komist að leggja allmikið fje í endurbætur ýmsar, viðgerðir og til að kaupa það sem nauðsynlegt er til skólahaldsins og eigi er nú til þar. Hefir verið gerð svohljóðandi áætlun um kostnað þenna:

1.	Málning skólahússins að utan, veggfóðrun og aðgerð	kr.	3000,00
2.	Breyting á gamla skólahúsinu og aðgerð til bráðabirgða	—	500,00
3.	Rúmstæði fyrir 16 nemendur og 30 dýnur með koddum	—	1300,00
4.	10 eins manns skólaborð	—	450,00
5.	2 kennarastólar	—	120,00
6.	8 þvottaborð	—	300,00
7.	12 þvottaáhöld	—	200,00
8.	5 vefstólar með áhöldum	—	1100,00
9.	Til bókakaupa	—	500,00
10.	Til kensluáhalda	—	300,00
11.	2 stór matborð og 6 bekkir	—	250,00
12.	Stór eldstó með öllum áhöldum	—	800,00
13.	Borðbúnaður handa 48 manns	—	400,00
14.	Vaxdúkar á gólf og borð	—	1100,00
15.	5 stórir lampar og 10 smærri af ýmsum stærðum	—	400,00
16.	2 stórir ofnar og 2 minni með rörum	—	600,00
17.	Áhöld til ræstingar	—	100,00
18.	Nauðsynlegustu leikfimisáhöld	—	1000,00
19.	Flutningskostnaður	—	1500,00
20.	Annar kostnaður	—	2080,00
	Samtals	kr.	16000,00

8—9. Hús þetta var keypt handa daufdumbraskólanum og kostaði alls að meðtöldum áhvílandi skuldum og tilheyrandi erfðafestulandi 24000 kr. Auk þess þurfti húsið lítilfjörlega viðgerð, sem kostaði 330 kr. 19 au.

10. Þessi liður er tekjuhalli dómkirkjunnar 1918 og verður hann að greiðast úr ríkissjóði, þar sem kirkjan er hans eign.

11. Þær 10000 kr., sem veittar eru í lögum nr. 38, 3. nóv. 1915 og þæi 6000 kr., sem veittar voru í fjáraukalögum 1916—1917 hafa ekki nægt til landkaupa undir kirkjugarð hjer í bænum og er því nú farið fram á aukafjárveitingu í þessu skyni að upphæð kr. 1733,00 og eru þar af greiddar kr. 1233,00 fyrir lóð, en afgangurinn er ætlaður til ýmsra endurbóta á kirkjugarðinum og fráræslu.

Um 7. gr.

1. Í núgildandi fjárlögum er þjóðmenjaverði veittur styrkur fyrra árið til utanfarar, en sá styrkur reyndist ónógur og voru honum því greiddar í viðbót 1000 kr., eftir að þar um hafði verið leitað álits fjárveitinganefnda Alþingis og

þær verið greiðslunni meðmæltar. Fyrir þessum 1000 kr. er nú leitað formlegrar aukafjárveitingar.

2—3. Þessir liðir eiga rót sína að rekja til þingsályktunartillögu frá 6. júlí 1918, um hækkun á styrk til skálda og listamanna.

4. Fjárveitinganefndir Alþingis höfðu 1918 til meðferðar beiðni frá Sigfúsi bókaverði Blöndal um styrk til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar og fjekk beiðnin svo góðar undirtektir hjá nefndunum, að þær óskuðu þess, að stjórnin sæi um með fjárframlagi upp á væntanlega aukafjárveitingu, að ekki stöðvaðist útgáfa bókarinnar. Þetta hefir stjórnin gert og með því að meiningarlaust virðist að byrja á að styrkja útgáfu bókarinnar og veita svo eigi áfram þann styrk, sem með þarf til að koma bókinni út, hefir verið tekið upp í frv. þetta og frv. til fjarlaga fyrir næsta fjárhagstímabil það fje, sem eftir áliti styrkbeiðanda þarf til að bókin verði gefin út.

5. Þessi styrkur er einnig greiddur eftir tillögum fjárveitinganefnda Alþingis.

Um 8. gr.

1. Kötlugosið í okt. f. á. olli því, að Skaftfellingar austan Mýrdalssands voru útilokaðir frá öllum samgöngum vestur á bóginn, og voru mestar líkur á því, að sú samgönguteppa mundi verða lengi. Var þeim hin mesta nauðsyn á að fá tunnur og salt o. fl., til þess að þeir gætu gert sjer verðmæti úr sauðfje því, er þeir þurftu að slátra. Að sjálfsögðu þurftu þeir að slátra fleira fje vegna gossins en venjulegt er og við þetta varð nauðsynin enn brýnni. Stjórnin tók því það ráð eftir beiðni ýmsra austur þar, að senda björgunarskipið »Geir« til Skaftáróss með helstu nauðsynjar Skaftfellinga og hepnaðist sú ferð mjög vel, en biða varð skipið samt nokkuð í Vestmannaeyjum vegna storms. Skilmálar voru þeir, að skipið skyldi fá 2000 kr. á dag og kol að auki. Kostaði ferðin þá alls kr. 22752,00.

2. Í fjárlögum 1916—1917 voru veittar 5000 kr. til vatnsleitar og vatnsveitu í Vestmannaeyjum, en ekkert af því fje kom til gjalda á því fjárhagstímabili og var þó unnið nokkuð að þessu verki. Var það fyrst á árinu 1918 að nægileg skilríki bárust hingað til þess að hægt væri að greiða af þessari fjárveitingu, en þá var útborgunum fyrir árið 1917 hætt og var því það ráð upp tekið að ávísa upphæð þess liðs kr. 1870,07 sem gjöldum á árinu 1918, upp á væntanlega aukafjárveitingu. Hjer er því að eins um endurveiting að ræða.

3. Verkfræðingafjelag Íslands óskaði þess í mars f. á., að því yrði veittur styrkur nokkur til að halda uppi námsskeiði fyrir mælingamenn og með því að stjórnin varð að telja þetta mjög þarft og að það gæti komið hinu opinbera beinlínis að notum síðar, t. d við mælingu vegarstæða o fl., var greitt til námsskeiðs þessa kr. 895.60 upp á væntanlega aukafjárveitingu.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík hefir farið fram á að fá laun sín hækkuð um 1000 kr. á ári frá 1. jan. 1919 vegna aukinna starfa sökum mats á óverkuðum fiski, sem seldur er innanlands. Stjórnin vill veita honum 600 kr. launaviðbót á þessu ári og áfram, vegna þess að erindisbrjef hans bannar honum að taka borgun hjá fiskeigendum fyrir hið aukna starf.

Um 9. gr.

1. V. Claessen landsfjehirðir ljet af störfum sínum hinn 1. sept. 1918 og hafði þá alllengi verið mjög veikur. Hann hafði gengt starfi sínu með hinni

mestu alúð og trúmensku og þótti því sanngjarnt, að honum yrðu veitt nokkur eftirlaun upp á væntanlega aukafjárveitingu og ákvað stjórnin að þau skyldu vera 1200 kr. á ári. Af eftirlaunum þessum voru að eins greiddar 400 kr, því að Claessen andaðist í des. f. á. Er nú leitað aukafjárveitingar fyrir þessari upphæð.

2. Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna naut frú Elinborg Friðriksdóttir Kristjánsson 800 kr. styrks úr ríkissjóði, en í október f. á. hafði stjórnin sannar sögur af því, að hún var í fjárþröng, en fjárveitinganefnd N. d. hafði tekið vel í beiðni hennar um hækkun á styrknum á síðasta þingi. Var því ákveðið að bæta við eftirlaun hennar 33 kr. 33 aur. á mánuði upp á væntanlega aukafjárveitingu, svo að eftirlaun hennar yrðu 1200 kr. á ári. En hún andaðist í nóv. f. á. og voru því greiddar upp á væntanlega aukafjárveitinu að eins kr. 66,67.

3.—4. Menn beggja þeirra ekkna, sem ræðir um í liðum þessum voru starfsmenn í stjórnarráðinu og dóu báðir úr kvefpestinni í nóv. f. á. Þær eru báðar fátækar og virðist eðlilegt að hið opinbera styrki þær nokkuð.

5. Samkvæmt 18. gr. g. 2. voru sjera Lárusi Halldórssyni frá Breiðabólstað veittar 1500 kr. á ári. Nú dó hann seint á árinu 1918 og með því að það er kunnugt, að fjárveiting þessi var að mestu leyti eða eingöngu styrkur til hans til framfæris, telur stjórnin sig muni vera í samræmi við meiri hluta Alþingis, er hún stingur upp á 300 kr. styrk á ári til ekkju hans.

Um 10. gr.

Þessi fjárveiting er tekin hjer upp eftir meðmælum fjárveitinganefnda beggja deilda. Ástæðan til fjárveitingarinnar er sú, að Akureyrarkaupstaður fjekk hlutfallslega miklu minni dýrtíðarkol 1917 en aðrir kaupstaðir landsins. Fjárveiting þessi á að bæta upp þann halla, sem bærinn á þenna hátt hefir orðið fyrir.

4. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1817.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	108000	199476,33
2. Húsaskattur	28000	32242,25
3. Tekjuskattur	64000	193874,00
4. Aukatekjur	150000	176704,08
5. Erfðafjárskattur	9000	29029,18
6. Vitagjald	100000	66788,64
7. Leyfisbrjefagjöld	13000	21001,04
Flyt ...	472000	719115,52

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	472000	719115,52
8. Útflutningsgjald	300000	292545,39
9. Vínfangatollur	50000	107625,92
10. Tóbakstollur	420000	532326,10
11. Kaffi- og sykurtollur	1000000	1323436,18
12. Vörutollur	700000	555755,72
13. Annað aðflutningsgjald	64000	137779,60
14. Pósttekjur	250000	249438,98
15. Símatekjur	400000	885681,14
16. Tekjur af bönkum	37000	123604,56
17. Óvissar tekjur	40000	52121,92
18. Verðhækkunartollur	... ...	765323,73
19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs	30000	56175,56
20. Tekjur af kirkjum	200	174,67
21. Tekjur af silfurbergsnámum	6000	
22. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	30387,42
23. Viðlagasjóðstekjur	283400	413310,75
24. Árgjald af brauðum	3600	6198,02
25. Endurgreidd skyndilán embættismanna	2000	1692,82
26. Endurgreiddar aðrar fyrirgramgreiðslur	10000	2018,00
27. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	120000,00
28. Vextir frá Landsverslun, eimskipum, bönkum o. fl.	.. ..	253159,59
29. Lán tekin	... ...	11282533,35
Samtals ...	4208200	17910404,94
II. Útgjöld:		
1. Vextir og afborganir af lánum landssjóðs	491221,12	751291,22
2. Útgjöld við hina æðstu stjórn landsins	117000	242349,63
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	78600	203584,91
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173990	176865,28
B. Ýmisleg útgjöld	128350	239027,88
5. Útgjöld við læknaskipunina	446155,80	602706,95
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	272840	274151,29
B. Vegabætur	301400	359167,48
C. Samgöngur á sjó	311400	331672,92
D. Ritsími og talsími	384460	579809,87
E. Vitamál	138800	211006,87
Flyt ...	2844216,92	3971634,30

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	2844216,92	3971634,30
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	115050	103285,37
B. Kenslumál	617240	678655,63
8. Vísindi og bókmentir	214552,50	213325,37
9. Til verklegra fyrirtækja	501910	411520,08
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	12275,14
11. Eftirlaun og styrktarfje	167000	182242,22
12. Óviss útgjöld	30000	301338,01
13. Útgjöld viðlagasjóðs	... ...	1714,63
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	11106547,26
15. Tekjuafgangur	... ...	927866,93
Samtals ...	4496169,42	17910404,94

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningarnir fyrir árin 1916 og 1917 verða lagðir samhliða frv. þessu fyrir Alþingi, en þeir telja tekjur allar og gjöld öll í sömu röð og fjárlögin og vísast því til þeirra um nánari sundurliðun tekna og gjalda. Að öðru leyti er vísað til eftirfarandi

YFIRLITS
yfir tekjur og gjöld á árunum 1916 og 1917.

I. Tekjur:		kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	1916	95846,98	
	1917	103629,35	
			199476,33
2. Húsaskattur	1916	15234,25	
	1917	17008,00	
			32242,25
3. Tekjuskattur	1916	60843,00	
	1917	133031,00	
			193874,00
4. Aukatekjur	1916	91282,38	
	1917	85421,70	
			176704,08
		Flyt ...	602296,66

			kr.
		Flutt ...	602296,66
		kr.	
5. Erfðafjárskattur	1916	15268,04	
	1917	13761,14	
			29029,18
6. Vitagjald	1916	43631,27	
	1917	23157,37	
			66788,64
7. Leyfisbrjefagjöld	1916	11120,00	
	1917	9881,04	
			21001,04
8. Útflutningsgjald	1916	213781,77	
	1917	78763,62	
			292545,39
9. Vínfangatollur	1916	65916,46	
	1917	41709,46	
			107625,92
10. Tóbakstollur	1916	301909,77	
	1917	230416,33	
			532326,10
11. Kaffi- og sykurtollur	1916	555361,80	
	1917	768074,38	
			1323436,18
12. Vörutollur	1916	366928,66	
	1917	188827,06	
			555755,72
13. Annað aðflutningsgjald	1916	64254,21	
	1917	73525,39	
			137779,60
14. Pósttekjur	1916	126255,90	
	1917	123183,08	
			249438,98
15. Símatekjur	1916	392132,22	
	1917	493548,92	
			885681,14
16. Tekjur af bönkum	1916	27931,18	
	1917	95673,38	
			123604,56
17. Óvissar tekjur	1916	22435,14	
	1917	29686,78	
			52121,92
18. Verðhækkunartollur	1916	523588,99	
	1917	241734,74	
			765323,73
		Flyt ...	5744754,76

			kr.
		Flutt ...	5744754,76
		kr.	
19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs	1916	27609,21	
	1917	28566,35	
			56175,56
20. Tekjur af kirkjum	1916	56,49	
	1917	118,18	
			174,67
21. Tekjur af silfurbergsnámum	1916	»	
	1917	»	
			»
22. Tekjur af Ræktunarsjóði	1916	14471,91	
	1917	15915,51	
			30387,42
23. Viðlagasjóðstekjur	1916	166235,19	
	1917	247075,56	
			413310,75
24. Árgjald af brauðum	1916	3043,80	
	1917	3154,22	
			6198,02
25. Endurgreidd skyndilán embættismanna	1916	892,02	
	1917	800,80	
			1692,82
26. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	1916	1502,71	
	1917	515,29	
			2018,00
27. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	1916	60000,00	
	1917	60000,00	
			120000,00
28. Vextir frá Landsverslun, eimskipum, bönkum o. fl.		1917	253159,59
29. Lán tekin		1917	11282533,35
		Samtals ...	17910404,94

II. Útgjöld:		kr.	kr.
1. Vextir og afborganir af lánum landssjóðs ...	1916	247861,15	
	1917	503430,07	
			751291,22
2. Útgjöld við hina æðstu stjórn landsins	1916	62499,90	
	1917	179849,73	
			242349,63
		Flyt ...	993640,85

			kr.
		Flutt ...	993640,85
		kr.	
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	1916	31853,48	
	1917	171731,43	
			203584,91
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:			
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	1916	88884,56	
	1917	87980,72	
			176865,28
B. Ýmisleg útgjöld	1916	85542,43	
	1917	153485,45	
			239027,88
5. Útgjöld við læknaskipunina	1916	288697,33	
	1917	314009,62	
			602706,95
6. Til samgöngumála:			
A. Póstmál	1916	142029,56	
	1917	132121,73	
			274151,29
B. Vegabætur...	1916	160415,53	
	1917	198751,95	
			359167,48
C. Samgöngur á sjó	1916	151539,19	
	1917	180133,73	
			331672,92
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1916	268677,77	
	1917	311132,10	
			579809,87
E. Vitamál	1916	94958,01	
	1917	116048,86	
			211006,87
7. Til kirkju- og kenslumála			
A. Andlega stjettin	1916	47715,90	
	1917	55569,47	
			103285,37
B. Kenslumál...	1916	329764,33	
	1917	348891,30	
			678655,63
8. Vísindi og bókmentir	1916	117365,85	
	1917	95959,52	
			213325,37
9. Verkleg fyrirtæki	1916	202524,35	
	1917	208995,73	
			411520,08
		Flyt ...	5378420,75

			kr.
		Flutt ...	5378420,75
		kr.	
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur ...	1916	4690,00	
	1917	7585,14	
			12275,14
11. Eftirlaun og styrktarfje	1916	93125,61	
	1917	89116,61	
			182242,22
12. Óviss útgjöld	1916	46312,76	
	1917	255025,25	
			301338,01
13. Útgjöld viðlagasjóðs	1916	1714,63	
	1917	»	
			1714,63
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum o. s. frv.	1916	658339,59	
	1917	10448207,67	
			11106547,26
15. Tekjuafgangur	1916	143021,42	
	1917	784845,51	
			927866,93
		Samtals ...	17910404,94

Upp í lán þau, sem tekin voru á árinu 1917 og voru að upphæð ... ... kr. 11282533,35
var til í árslok s. á.:

a. 3 skip keypt fyrir	kr. 3553567,20	
b. Lagt í Landsverslunina 1916 og 1917 ...	— 5261098,42	
c. Dýrtíðarlán Reykjavíkurbæjar	— 100000,00	
d. Tekjuafgangur 1916 og 1917	— 927866,93	
		— 9842532,55
Mismunurinn ...		kr. 1440000,80

er hinn raunverulegi tekjuhalli fjárhagstímabilsins, en upp í þenna halla má vænta þess, sem lagt var í Landsverslunina 1914 og 1915... ... ... — 399560,63

Eftir ... kr. 1040440,17

og ennfremur mætti telja gróðann af Landsversluninni, sem var $^{31}/_{12}$ 1917 kr. 903505,37 ÷ tapinu á landssjóðsskipunum, kr. 238614,25, eða kr. 664891,12, en vitanlega er rjett að taka fram, að vel getur svo farið, að ekkert verði úr þessum gróða, ef Landsverslunin tapar miklu á verðfalli vara.

5. Frumvarp

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, *báðum saman,* framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. desbr. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða, eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá*nni, er hann kemur til ríkis, hafi hann ekki unnið þann eið, meðan hann var ríkisarfi.* Af eiðstaf *þessum* skal gera tvö samhljóða frumrit. *Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.*

7. gr.

Ríkisarfi er lögráður, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum *málefnum ríkisins,* með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur *hann ráðherra* framkvæma það. *Ráðuneytið hefir* aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra*r* bera ábyrgð á stjórn*arframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.* Alþingi getur kært *þá* fyrir embættisrekstur *þeirra.* Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ríkisráðið skipa allir ráðherrarnir, og á ríkisarfi sæti í því. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsætið skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Er ráðherra ber upp fyrir konungi mál sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess, svo sem með því að undirrita einnig.

15. gr.

Undirskrift konungs undir *löggjafarmál eða stjórnarerindi* veitir þeim gildi, *er* ráðherra ritar undir með honum. *Hver ráðherra, er undirritar, ber ábyrgð á ákvæðinu.*

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. *Engan má skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett.* Embættismaður hver skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin, eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur stefnir saman reglulegu Alþingi *ár hvert, og ákveður hvenær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta, fyr en fjárlög eru samþykt.*

18. gr.

Konungur getur stefnt Alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hve langa setu það þá skuli eiga.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega Alþingis um tiltekinn tíma, *þó* ekki lengur en 4 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur *rofið* Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður *en* tveir mánuðir sjeu liðnir frá því, *er* það var *rofið, en* Alþingi stefnt saman *eigi síðar en 12 mánuðum eftir að það var rofið.*

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi *frumvörp* til laga og *tillögur til annara samþykta.*

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur *samþykt* Alþingis fái lagagildi. Konungur annast *birting laga og framkvæmd.*

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir *samþykt, áður en* næsta reglulegt Alþingi *kemur saman, og* er þá *frumvarpið niður fallið.*

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega *þau þó* ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, *og* falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstimabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf *saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.*

25. gr.

Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því að fela það *viðkomandi* stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkast hafa eftir reglum þeim, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir óhlutbundnum kosningum skulu kosnir til *4* ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum til *8* ára, og fer helmingur þeirra frá *fjórða*hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis. *Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.*

29. gr.

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa *allir,* karlar og konur, *sem eru 25 ára eða eldri,* er kosning fer fram, og *hafa ríkisborgararjett hjer á landi.* Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, og sje fjár sins ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár sín ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver *ríkisborgari,* sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima *í kjördæminu* skemur en 1 ár. *Með sömu skilyrðum* hefir maður, *karl eða kona,* 35 ára að aldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar. Heimilisfesta innanlands er skilyrði fyrir kjörgengi bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma *ár hvert fyrsta virkan dag í júlí,* hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag *fyr á árinu.*

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor alþingisdeildin um sig á rjett á að *bera fram* laga*frumvörp* og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig *getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða.* Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með *lögum;* ekki má heldur taka lán, er skuldbindi *ríkið,* nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema *með lögum.*

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, *þegar er* það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhags*ár,* sem í hönd fer, *og skal í frumvarpinu fólgin greinileg skýrsla um tekjur ríkisins og gjöld.*

Frumvarp til fjárlaganna og frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið *af hendi greitt* án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur *ríkisfjehirðis,* og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í *þeirri mynd,* sem það er samþykt. Verði þar breytingar á gerðar, gengur það aftur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hjer aftur gerðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. *Nú gengur* enn eigi saman, *og* ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu *lokið með* einni umræðu í sameinuðu Alþingi. Þegar Alþingi þannig *er* ein málstofa, þarf til þess, að gerð verði fullnaðar*samþykt* í máli, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sje á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, þarf aftur á móti að minsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, *þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.*

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin *telur* nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga *þeir* rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og *þeir* vilja, en gæta verða *þeir* þingskapa. Atkvæðisrjett eiga *þeir* þó því að eins, að *þeir* sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeildin um sig og hið sameinaða Alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

49. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í, sjerhvert *almennt* mál, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu *ráðherra*.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna *flytji það*.

52. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur *viðkom*andi forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða *fyrir lokuðum dyrum*.

54. gr.

Þingsköpin handa hinu sameinaða Alþingi og báðum deildum þess skulu sett með *lögum*.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með *lögum*.

56. gr.

Dómendur eiga rjett á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal *ríkisvaldið* að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjum slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði, ef lögin ekki gera sjerlega undantekning.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess *lagafyrirmæli* og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um rjett útlendinga til að eiga fasteign hjer á landi skal farið eftir því, sem lög ákveða.

65. gr.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru bygð á almenningsheill, skal af taka með *lögum.*

66. gr.

Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eður sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri *af almannafje.*

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei *í lög* leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skatta*málum* skal *skipa* með *lögum.*

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi *taka í lög.*

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenzkan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytinguna á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

78. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. oktbr. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. *Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi gengur í gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.*
2. *Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.*
3. *Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.*

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að Ísland er nú viðurkent fullvalda konungsríki, þá verður að breyta stjórnarskipunarlögum landsins, svo að þau sjeu í fullu samræmi við viðurkenda stöðu þess.

Stjórnarskráin frá 5. janúar 1874 um hin »sjerstaklegu« málefni Íslands var bygð á lögunum frá 2. janúar 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, en þar er Ísland talið hluti úr hinu danska ríki, og greind frá tiltekin mál, sem Ísland stjórni sjálft, hin »sjerstaklegu málefni« landsins, en hinum málunum ræður danska ríkisvaldið. Þessi tvískifting málanna kemur ljóslega fram í stjórnarskránni frá 1874, en hennar gætir að vísu minna í hinum síðari stjórnskipunarlögum, frá 1903, og 1915.

Nú er sjálfgefið, að gildistaka hinna dansk-íslensku sambandslaga, viðurkenning sú, er í þeim er fólgin frá Dana hálfu, og samningur sá milli Íslands og Danmerkur, er þau lög staðfesta, hafa það í för með sjer, að Ísland nú hlýtur að setja stjórnarskipun, er ber það með sjer að hún er gerð fyrir sjerstakt konungsríki og af fullveldi þess. Þær breytingar verður þá að gera á stjórnarskipuninni, sem þurfa til þess að laga hana að þessu leyti. Svo verður og að gera þær breytingar á stjórnarskipuninni, sem þarf vegna ákvæða í sjálfum sambandslögunum.

En auk þeirra breytinga, sem gera verður eftir framansögðu, hefir þótt rjett að nota tækifærið til að gera nokkrar aðrar breytingar. Verður gerð grein fyrir aðalbreytingunum í athugasemdunum um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Loks hefir þótt rjett að víkja við orðalagi á nokkrum stöðum í stjórnskipunarlögum þeim, er nú gilda, og færa búning laganna til meira samræmis.

Af tilefni því, er nú er til stjórnarskrárbreytingar, virðist það vera sjálfsagt, að setja ein stjórnskipunarlög fyrir ríkið.

Til glöggvunar eru nýjar greinar og breytingar á þeim ákvæðum, er nú gilda, settar með breyttu letri í frumvarpinu, bæði efnisbreytingar og orða.

Tilvitnanir til hinna núgildandi stjórnskipunarlaga verða hjer á eftir hafðar þannig: stjskr. = stjórnarskráin frá 1874, stjskpl. I. = stjórnskipunarlögin frá 1903, stjskpl. II. = stjórnskipunarlögin frá 1915.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er hjer fer á eftir:

Um 1.—5. gr.

Greinar þessar þurfa væntanlega ekki mikilla skýringa við. Þær eru afleiðing hinnar breyttu aðstöðu löggjafarvalds þess, er stjórnskipunina setur, en annars vegar eru tekin hjer upp viðkomandi ákvæði sambandslaganna. 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins svara í þessari röð til 2., 3. og 4. gr. sambandslaganna. 1. gr. sbr. 2. gr. frv. gerir enga efnisbreyting á þeirri skipun, sem nú er, svo langt sem hún nær. Hún svarar til 1. gr. í stjskr.

Um 6. gr.

Þessi grein er að efni til söm og 2. gr. stjskpl. I.

Um 7. gr.

Sambandslögin ákveða ekki um lögráð ríkisarfa. Það þykir við eiga að hafa sama ákvæði um það atriði hjer, sem í hinum dönsku grundvallarlögum.

Um 8. gr.

Í 5. gr. sambandslaganna segir, að hvort ríkið, Ísland og Danmörk, setji fyrir sig ákvæði um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar. Það þykir rjett að taka upp í stjórnarskrána ákvæði um það, að þetta skuli gert með lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein er samhljóða fyrra hluta 1. gr. stjskpl. I. Síðara hluta þeirrar greinar, eins og hann er ákveðinn í 1. gr. stjskpl. II. virðist ekki þurfa að taka upp í stjórnarskrá, að öðru leyti en því, að ráðuneytið skuli hafa aðsetur í Reykjavík. — Ákvæðið um að ráðherra Íslands megi ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi, á ekki við lengur. Þá virðist óþarft að taka það fram, að ráðherra verði að tala og rita íslenska tungu. Enn virðist óþarft að taka það fram í stjórnarskrá, að ríkissjóður greiði laun ráðherra og kostnað við embættisferðir þeirra. Um uppburð mála fyrir konungi er síðar sett sjerstakt ákvæði í frumvarpi þessu, sbr. að öðru leyti 12. gr.

Um 10. gr.

Þessi grein svarar til 3. gr. stjskpl. II.

Um 11. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum nr. 1 frá 2. jan. 1917, að ráðherrar skuli vera þrír. Það virðist heppilegt, að tala ráðherra sje ekki alveg fastákveðin með lögum. Það er varla hætta á því, að farið verði að fjölga ráðherrum gegn vilja Alþingis. En hinsvegar getur það verið heppilegt, milli þinga, að konungur geti falið tvenn ráðherrastörf einum ráðherra, svo að ekki sjeu t. a. m. ráðherrarnir nema tveir, ef einhver ráðherra deyr eða fer frá.

Um 12. gr.

Það þykir við eiga að til sje íslenskt ríkisráð, og að konungur geti ráðgast við ráðherra í sameiginlegu ráði, er í því eigi og sæti ríkisarfinn, og að í ríkisráði sjeu lagafrumvörp, lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir borin upp fyrir konungi. Er konungur heimsækir Ísland, þá er engin fyrirstaða fyrir því, að konungur haldi ríkisráð á venjulegan hátt. Nú verður, eftir því sem til hagar, vitanlega venjulega að vera svo, að málin sjeu borin upp fyrir konungi í Kaupmannahöfn, en þar gæti að jafnaði ekki verið þá viðstaddur nema einn ráðherranna. Því er það tekið til ráðs, að ákveða að konungur geti haldið ríkisráðsfund með einum ráðherra, utan Íslands.

Um 13. gr.

Með því að varla er um það að ræða, að haldnir verði ríkisráðsfundir nema örsjaldan, 2—3 á ári, og þeir venjulega ekki með nema einum ráðherra, virðist nauðsynlegt að fyrirskipa, að ráðherrafundir verði haldnir svo oft sem

tilefni er til, svo að lög og mikilvæg málefni verði rædd á sameiginlegum fundi allra ráðherra. Er gert ráð fyrir því, að þau hin sömu mál, er borin eiga að vera upp fyrir konungi á ríkisráðsfundi, verði jafnan áður rædd á ráðherrafundi. Svo er og ákveðið, að ráðherra geti borið upp á ráðherrafundi mál, er honum þykir svo mikilsvert, að hann óskar að ráðgast um það við hina ráðherrana, þótt það ekki heyri til þeim málum, sem jafnan skal ræða á ráðherrafundi. Það er eðlilegast, að forseti ráðuneytisins sje nefndur því nafni, sem nú er orðið algengt, og kallaður forsætisráðherra.

Um 14. gr.

Það er sjálfsagður hlutur, að hver ráðherra, sem viðstaddur er á þeim stað, þar er ríkisráðsfundur er haldinn, er skyldur að koma á fundinn og bera þar upp fyrir konungi mál sín, nema óviðráðanleg forföll banni. Hjer er gert ráð fyrir, að ekki geti venjulega farið nema einn ráðherra utan til að bera málin upp fyrir konungi, og þykir þá eðlilegt, að sá ráðherra, er skipar forsætið, verði að jafnaði til að fara þá för, með því að hann er annars sá, er mest kemur fram fyrir ráðaneytisins hönd í heild. Nú getur það komið fyrir að forsætisráðherra eigi ekki hægt með að fara ferðina, og er þá eftir orðalagi greinarinnar, sbr. orðin »að jafnaði«, heimilað að annar ráðherra fari. Það þykir rjett, að hafa það beint lögmælt, að ráðherra sá, er utan fer til þess að bera málin upp fyrir konungi, skuli að jafnaði bera upp einnig þau mál, er heyra undir verksvið hinna ráðherranna, og er gert ráð fyrir að svo verði venjulega, en auðvitað þarf ekki til þessa að taka, þegar hinir ráðherrarnir geta verið viðstaddir, eða að gera það nema fyrir þeirra hönd, er ekki geta verið við.

Þegar svo er, að ráðherra er skylt að lögum að bera upp fyrir konungi mál fyrir annan ráðherra, þykir rjett, að hann beri eigi sjerstaklega stjórnarfarslega ábyrgð á málinu vegna flutningsins eins, en hinsvegar sjálfsagt að heimta að hann beri ábyrgð á, að flutningurinn sje rjettur. Auðvitað getur hann borið stjórnarfarslega ábyrgð á efni málsins fyrir því, þótt hann ekki nafnfesti það, vegna afskifta sinna af því að öðru leyti, t. a. m. á ráðherrastefnu, eða vegna afskiftaleysis.

Um 15. gr.

Þessi grein svarar til 4. gr. í stjskpl. II. Sagt er með beinum orðum, að ráðherra beri ábyrgð á því ákvæði, er hann nafnfestir.

Um 16. gr.

Þessi grein svarar til 5. gr. í stjskpl. II., sbr. 4. gr. stjskr. Það þykir rjett að taka hjer upp aftur ákvæði 4. gr. stjskr. um fæðingjarjett og gera þann rjett að skilyrði fyrir því að vera embættismaður hjer á landi (stjskr. 4. gr.). Er Ísland er orðið fullvalda ríki, og hefir sjerstaka ríkisþegna, þá virðist sjálfgefið, að þegnarnir hafi forrjettindi í ýmsum greinum hjer í landi fram yfir aðra menn, nema hinn sami rjettur verði veittur erlendum ríkisborgurum með samningi, svo sem er um danska ríkisborgara eftir sambandslögunum. Þá þykir rjett að taka upp aftur ákvæðið um rjett konungs til að flytja embættismenn. Þetta ákvæði var felt burtu úr stjórnarskránni með stjskpl. II. Ekki þykir þurfa að setja neitt skilyrði í stjórnarskrána um kunnáttu embættismanna í íslensku.

Um 17. gr.

Það þykir óþarfi að ákveða neitt um það, hve lengi Alþingi megi saman vera ár hvert. Það virðist eðlilegt, að seta þess sje bundin við þörfina eina, og að það eigi sæti, meðan þörf er. Annarsvegar er rjett að tryggja það, að þingið eigi setu þangað til fjárlögin eru samin. Grein þessi svarar til 3. gr. stjskpl. I.

Um 18. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. stjskr.

Um 19. gr.

Þessi grein er samhljóða 7. gr. stjskr., að eins ofurlítið vikið við orðalaginu.

Um 20. gr.

Grein þessi svarar til 8. gr. stjskr. Í nefndri grein stjskr. er kveðið svo að orði, að stefna skuli Alþingi saman næsta ár eftir þingrof. Ef Alþingi er rofið snemma á árinu, gæti þannið liðið meira en 1½ ár þangað til því væri stefnt saman, en það virðist ekki mega vera meira en í hæsta lagi 12 mánuðir.

Um 21. gr.

Samhljóða 9. gr. stjskr.; að eins vikið til orðalagi í niðurlagi greinarinnar.

Um 22. gr.

Að efni til 10. gr. stjskr.

Um 23. gr.

Að efni til 6. gr. stjskpl. II.

Um 24. gr.

Þessi grein svarar til 12. gr. stjskr.

Nýtt ákvæði er hjer tekið upp, að konungur geti ákveðið, að saksókn fyrir afbrot falli niður. Það getur einatt verið ástæða til þess, að láta slíka saksókn falla niður, og miklu heppilegra að sleppa henni, heldur en t. d. að láta málið ganga til dóms, sem svo máske yrði skilorðsbundinn, eða náða mann eftir dóm uppkveðinn. Það þykir rjett að takmarka náðunarrjett konungs á þann hátt, að hann ekki megi gefa ráðherra upp hegning, er landsdómur hefir dæmt.

Um 25. gr.

Samhljóða 13. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 26. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. í stjskpl. II.

Um 27. gr.

Þessi grein svarar til 8. gr. í stjskpl. II.

Er gert er ráð fyrir, að reglulegt Alþingi sje haldið á hverju ári, virðist

6 og 12 ára kjörtímabil óþarflega langt. Hjer er því lagt til, að kjörtíminn sje 4 ár fyrir þingmenn kosna óhlutbundnum kosningum og þá helmingi lengri fyrir hina.

Um 28. gr.

Þessi grein svarar til 9. gr. stjskl. II. Það hefir verið deilt um það, hvort heimilt sje að varamaður taki sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, er þingmaður er forfallaður, án þess að fara alveg frá. Til þess að taka af allan efa, er sagt með berum orðum í niðurlagi greinarinnar, að svo skuli vera.

Um 29. gr.

Þessi gr. svarar til 10. gr. stjskpl. II. Í 17. gr. stjskr. var svo ákveðið, að kosningarrjett hafi: »a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynni að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn; b) kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minsta kosti 8 kr. á ári; c) þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minsta kosti 12 kr. á ári; d) embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefir veitt heimild til þessa; e) þeir sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir. — Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár sins ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann hafi þá endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp«. — Stjskl. I breyttu þessum ákvæðum að því leyti, að í stað stafliðanna b og c er sett ákvæði um að allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú og greiða 4 kr. aukaútsvar á ári, skuli hafa kosningarrjett. Fella mátti burtu með lögum skilyrðið um aukaútsvarsgreiðslu. Að þessu leyti var rýmkaður kosningarrjetturinn.

Stjskpl. II rýmkar enn mjög kosningarrjettinn. Þá er burtu feld öll aðgreining mill stjetta þjóðfjelagsins, og konum er einnig veittur þessi rjettur. Að vísu eiga konur eigi allar að fá þennan rjett þegar í stað, heldur fyrst 40 ára gamlar konur og svo lækkar aldursmarkið smátt og smátt, þangað til komið er niður í sama aldursmarkið, er gildir um karlmeun. Skilyrðinu um aukaútsvarsgreiðslu er slept. Aftur á móti er kosningarrjetturinn þrengdur að því leyti, að hann er bundinn við þá menn, er fæddir eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðustu 5 árin, og er með því skapaður vísir til sjerstaks íslensks borgararjettar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að kosningarrjetturinn sje enn rýmkaður að því leyti, að hann sje alveg jafn fyrir konur sem karla. Virðist ekki þurfa að rökstyðja það. Aftur er kosningarrjetturinn enn þrengdur að því leyti, að hann er látinn vera bundinn við íslenskan ríkisborgararjett, svo sem siður er í öðrum ríkjum. Hitt kemur undir hið almenna löggjafarvald að ákveða, hvað til þess þurfi að fá ríkisborgararjettinn.

Um 30. gr.

Þessi grein svarar til 11. gr. stjskpl. II.

Er lagt er til, að kosningarrjettur og rjettur til embætta sje bundinn við ríkisborgararjett, þá þarf ekki að leiða rök að því, að sjálfsagt sje að ríkisborgararjettur sje skilyrði fyrir kjörgengi við alþingiskosningar.

Um 31. gr.

Það virðist rjett að ákveða það í stjórnarskránni sjálfri, hvenær reglulegt Alþingi skuli saman koma ár hvert, og er hjer haldið lögmæltum samkomudegi reglulegs Alþingis. Ef reglulegt Alþingi kemur saman ár hvert, virðist óþarft að heimila þingmönnum að krefjast þess, að aukaþing sje haldið.

Aðrar verulegar efnisbreytingar eru ekki gerðar í stjórnarskipunarlögunum, að undanteknum eftirnefndum greinum.

Um 47. gr.

Ef ráðherrar eru fleiri en einn, má búast við, að jafnan sje að minsta kosti einn ráðherra viðstaddur þingfund, og geti svarað fyrir fjarverandi ráðherra, ef nauðsyn krefur. Þykir því ekki þörf á að gera ráð fyrir sjerstökum umboðsmanni fyrir fjarverandi ráðherra.

Um 64. gr.

Það þykir rjett, að taka það beint fram, að útlendingar geti ekki öðlast ríkisborgararjett nema með lögum.

Svo þykir það og tryggilegra, að taka það fram, að um rjett útlendinga til að eiga fasteignir hjer á landi megi kveða á með lögum.

Um 75. gr.

Sbr. 6. gr. sambandslaganna.

Um ákvæði um stundarsakir.

Um 1. Þótt kosningarrjettur og kjörgengi sje til frambúðar bundið við ríkisborgararjett, þá þykir ekki við eiga að svifta þá menn rjetti þessum, er eiga hann eftir núgildandi stjórnarskipunarlögum. Því er sett bráðabirgðaákvæði um það, að þeir, sem nú hafa kosningarrjett, skuli halda honum, þótt þeir eigi ekki íslenskan ríkisborgarrjett, nje njóti sama rjettar eftir samningi.

Um 2. Til þess að kosningar á landskjörnum þingmönnum geti orðið í samræmi við ákvæði 27. gr., 1. málsgr., þá verða umboð núverandi landskjörinna þingmanna, sem annars eru úti 1928, að falli niður á árinu 1926, eða kjörtími þeirra er styttur um 2 ár.

Um 3. Væntanlega sitja nýkosnir þingmenn, kosnir óhlutbundinni kosningu, á aukaþingi 1920, og þykir rjett að umboð þeirra falli burtu að þingi afloknu 1923. Þá hafa þeir sennilega verið 4 ár þingmenn, eða því sem næst, nema þing verði rofið á þeim tíma.

6. Frumvarp

til laga um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

I. kap.

Um festar.

1. gr.

Nú slitna festar enda sje öðru hjónaefna aðallega um að kenna, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa.

2. gr.

Nú verður unnusta vanfær af völdum unnusta sins og festar slitna síðar af ástæðum, sem aðallega má kenna honum, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

3. gr.

Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns samkvæmt 7. og 8. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskylt samkvæmt 1. gr. nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna.

Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 2. gr.. nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð vanfær.

4. gr.

Mál samkvæmt 1. og 2. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.

5. gr.

Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap.

Um skilyrði fyrir hjónavígslu.

6. gr.

Bannað er að vigja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

7. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vigja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið eða svift foreldraráðum, geðveikt eða hálf-

viti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo sem hjer greinir, og nægir þá samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Nú er maður sviftur lögræði, og má þá eigi vígja hann án samþykkis lögráðamanns.

9. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vígsluna, nema gild ástæða sje til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns).

10. gr.

Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vígja þann mann. Þó getur stjórnarráðið leyft að vígja manninn, enda beri maðurinn skyn á mikilvægi hjúskapar og ólíklegt að dómi læknadeildar Háskólans að veikin (vitskorturinn) gangi að erfðum.

11. gr.

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi) eða holdsveiki, og má þá eigi vígja það, nema því að eins að hinu sje kunnugt um sjúkdóminn, enda hafi læknir lýst sjúkdómshættunni fyrir báðum.

12. gr.

Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin.

13. gr.

Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

14. gr.

Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti.

15. gr.

Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir.

16. gr.

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sje af völdum bónda síns eða 10 mánuðir sjeu liðnir frá samvistaslitum.

17. gr.

Nú hefir annað hjónaefna verið gift og helmingafjelag með hjónunum

þá er hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiftaráðandi hafi tekið búið til skifta eða einkaskiftum sje lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sjerstaklega á.

III. kap.

Um lýsingu.

18. gr.

Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sje áður með hjónaefnunum.

Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hjer á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hjer á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur.

19. gr.

Lýsing má eigi fara fram nema því að eins, að hjónaefni hafi áður fengið vígslumanni eftirfarandi skilríki.

1) Fæðingarvottorð hvors um sig eða, fáist það eigi, þá aðra jafngilda sönnun fyrir aldri og nafni eða þá undanþágu stjórnarráðs.

2) Undanþágu stjórnarráðs, sje annaðhvort hjónaefna yngra en áskilið er í 6. gr.

3) Samþykki foreldra eða lögráðamanns, sje annaðhvort eigi einrátt um hjúskap sinn samkvæmt 7. eða 8. gr.

4) Heilbrigðisvottorð læknis eða undanþágu stjórnarráðs, sje ástæða til að ætla annaðhvort hjónaefna geðveikt eða hálfvita.

5) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um að hvorugt bagi meinbugir eftir 11. gr.

6) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um að meinbugir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. sje eigi á ráðahagnum, eða þá undanþágu samkvæmt 13. gr.

7) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um að hvorugt hafi verið áður gift eða hafi annað eða bæði verið gift áður, þá lögmæta sönnun fyrir dauða hins, fyrir ógildingu hjúskapar eða hjúskaparslitum.

Nú játar vígslumaður eigi lögmæti slíkra sannana, og getur þá hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeraðsdómara um ágreininginn. Nú er hjónabandi slitið með dómi, sem verður áfrýjað, og skal þá sýna vígslumanni dómsútskrift og vottorð yfirdóms um að dóminum hafi eigi verið þangað skotið, enda sje 12 vikur frá dómsuppsögn, eða þá brjef aðila og stjórnarráðs fyrir því, að dóminum verði eigi áfrýjað. Nú er hjónabandi slitið með leyfisbrjefi og skal þá sýna leyfisbrjefið.

8) Gögn fyrir því, ef á þarf að halda, að 16. gr. meini brúður eigi vígslu.

9) Vottorð skiftaráðanda um að skiftaskilyrðum 17. gr. sje fullnægt, eða þá undanþágu stjórnarráðs.

10) Drengskaparvottorð tveggja áreiðanlegra og fullráðra manna um rjettmæti yfirlýsinga hjónaefna um 6. og 7. atriði greinar þessarar og um að

þeir sjeu nákunnugir aðilum. Sömu menn mega vera svaramenn beggja. Stjórnarráðið getur leyft vígslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna.

20. gr.

Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst.

Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim.

21. gr.

Lýsing fer fram með auglýsingu á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaust, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera 3 vikur,

Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar, sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar.

Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins.

22. gr.

Meinbugum skal lýsa fyrir vígslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar.

23. gr.

Nú er lýsingarfrestur liðinn og engum beinbugum lýst, og fær vígslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um að engum meinbugum hafi verið lýst.

24. gr.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi.

25. gr.

Vígslumanni bera 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vígslumaður lætur öðrum vígslumanni í tje. Landssjóður leggur til töflur undir lýsingar.

Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar og ferðakostnaður að auki eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur í því skyni.

IV. kap.

Um hjónavígslu.

26. gr.

Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldegum vígslumanni.

27. gr.

Kirkjuleg vígsla er heimil.

1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til,
2. innan annars löggilts trúfjelags hjer á landi, heyri annað hjónaefna trufjelaginu til.

Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelisk-lúterskum mönnum sama rjett til kirkjulegrar vígslu, sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

28. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Silkt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annara hjerlendra trúfjelaga.

Þjóðkirkjuprestur er því að eins skyldur að vígja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sje annað sóknarbarn hans.

Nú þykist prestur eigi mega vígja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vígja þau.

29. gr.

Borgaraleg vígsla er öllum rjettkræf, jafnt þeim, sem eiga heimting á kirkjulegri vígslu sem öðrum.

30. gr.

Borgaralega vígslu annast vígslumenn. Sýslumenn og bæjarfógetar eru fyrst um sinn vígslumenn. Þeim er heimilt að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sina ábyrgð.

Stjórnarráðið löggildir, eftir því sem þörf rennur til, nægilega marga vígslumenn í hverju hjeraði eftir tillögum sýslunefndar (bæjarstjórnar) og meðmælum hjeraðsdómara. Þeir bera sjálfir ábyrgð gerða sinna. Starfið er skyldustarf. Þó eru prestar undanþegnir. Vígslumanni er skylt að hafa á hendi starfið 6 ár samfleytt, nema forföll banni, en er síðan laus um jafnlangan tíma.

Vígslumanni er skylt að vígja jafnt utanhjeraðsmann sem innanhjeraðs.

31. gr.

Vígsla má eigi fara fram fyr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 24. gr., enda heimti vígslumaður vottorð um lýsingu samkvæmt 23. gr., nema hann hafi, sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vígslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim.

Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsgr. 21. gr.), og má þá eigi vígja hjónaefnin nema lýst sje með þeim aftur.

Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli og fara fram erlendis (3. málsgr. 21. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vígja skuli hjónaefnin.

32. gr.

Nú er vígsla heimil án lýsingar, og gætir þá vígslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vígsluskilyrða samkvæmt 19. gr.

33. gr.

Borgaraleg vígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni sjeu á annað sátt eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri, eða einn vígslustaður eigi nægja.

Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavígslubrjef sje fengið eða annaðhvort hjónaefna sje hættulega sjúkt.

Nú þarf vígslumaður að fara til vígslu lengra en 1 kilómetra á landi og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi eftir því, sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um.

34. gr.

Tveir skulu vera vottar við hjónavígslu.

Vígslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því, hvort í sínu lagi.

Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vígslu og kirkjulega, og leggur sektir við vangæslu þeirra reglna.

35. gr.

Nú hefir löggiltur vígslumaður eigi gefið hjónaefni saman, og er sú athöfn þá ógild. Slíkt hið sama gildir, ef brúðhjón hafa eigi játast undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan.

Aftur á móti ógildir það eigi vígslu, þó að eigi hafi verið gætt annara vígslureglna eða lýsingarreglna.

36. gr.

Nú er hjónavígslu lokið, og skal þá vígslumaður þegar í stað geta vígslunnar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vígslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vígslubók sinni, en prestur brúðar getur vígslunnar í ministerialbókinni.

37. gr.

Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilríki brestur fyrir því að lögmæltrar tryggingar sje

aflað fyrir vígslu, og skal þá vígslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti.

38. gr.

Fyrir borgaralega vígslu og útskrift úr vígslubók skal gjalda 8 krónur og rennur það gjald í landssjóð.

Um borgun fyrir kirkjulega vígslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar að eins borgun fyrir þær hjónavígslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma.

Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá, sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók.

Landssjóður leggur til vígslubækur og bækur undir hjónaskrár.

39. gr.

Nú vígir löggildur prestur (forstöðumaður) annars trúfjelags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess fjelags um atriði þau, er ræðir um í 33. gr., í 2. mgr. 34. gr. og í 38. gr., svo og reglur 3. mgr. 28. gr. að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

V. kap.

Um ógilding hjónabands.

40. gr.

Nú ríður hjónaband í bága við fyrirmæli 12., 14. eða 15. gr., og skal þá ógilda það með dómi.

Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið ef fyrra hjónabandi er slitið, áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákæruvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðru hvoru hjóna og fyrri maka, hafi annað eða bæði verið gift fyrir.

41. gr.

Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vígsla fór fram, og hafði eigi aflað undanþágu samkvæmt 2. mgr. 10. gr., og getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, sje 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði.

Nú var maka eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins þá er vígsla fór fram, og getur hann þá einnig heimtað hjónabandið ógilt, nema liðnir sjeu 6 mánuðir frá því að hann komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vígslu.

42. gr.

Maki getur krafist ógildingar hjónabands sins:

1, hafi hann verið viti sínu fjær þegar vígslan fór fram eða að öðru leyti svo ástatt um hann, að hann mátti þá eigi heita gjörgengur að lögum.

2, hafi hann af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, er hann hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi hann verið vígður án þess að hann ætlaðist til þess.

3, hafi maki hans, þá er vígsla fór fram, án hans vitundar verið haldinn sóttnæmum kynsjúkdómi, alltiðum flogaveikisköstum, holdsveiki eða óbætanlegu ógengi til hjónabands.

4, hafi maki hans komið honum til að eiga sig, með því vísvitandi að villa heimildir á sjer, eða með því að leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hann frá því að eiga hinn.

5, hafi hann verið neyddur til vígslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður eigi höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að ástand það var úti, er lýst er í 1. lið, frá því að sókngengur maki komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung samkvæmt 5. lið ljetti. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál eigi höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast að sækjandi hefir eigi sýkst af maka sínum og að sjúkdómurinn er eigi framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá eigi ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra ógildingargæfa sjúkdóma, sjeu þeir læknaðir.

43. gr.

Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sje ummælt í lögum þessum.

44. gr.

Nú er sameignarbúi skift vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiftu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr sjereign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til rjettra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til sjereignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

45. gr.

Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 40. gr., enda hafi annað hjóna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá fyrnefnt heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggja.

Slíkt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsgr. 41. gr. eða samkvæmt 42. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan.

Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skifti fyrir öll, eða á tilteknum gjalddögum, enda sje þeirra krafist í ógildingarmálinu.

46. gr.

Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna upp þaðan að framfæra hitt.

47. gr.

Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vigsla fór fram, og getur þá maðurinn krafist þess, að af henni verði dæmdur rjettur til að kenna sig við nafn hans.

48. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkvæmt 40. gr., og getur þá hitt eða erfingjar hins látna krafist þess að fyrirmælum 44. gr. sje beitt. Auk þess getur maki krafist bóta samkvæmt 45. gr.

Rjettur þessi ber sókngengum samkvæmt 41. og 42. gr. því að eins, að maki hafi látist, áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur eigi liðinn.

Nú deyr sókngengur maki samkvæmt 41. eða 42. eftir að ógildingarmál er höfðað, eða hafi svo verið ástatt um hann, sem segir í fyrri málsgr. 41. gr. eða í 1. lið 42. gr. þangað til hann ljest, og getur þá hver erfingja hans krafist þess, að fyrirmælum 44. gr. sje beitt.

Kröfur samkvæmt 1., 2. eða 3. málsgrein skal gjöra innan 6 mánaða frá láti maka.

Nú deyr tvíkvæningur áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem eftirlifandi maka er ætlaður að lögum, fyrri maka hins látna, nema atvik liggi svo til að annað sje bert.

49. gr.

Nú er ákvæðum 1. eða 2. mgr. næstu greinar á undan beitt samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðarjettur þess eftir hið látna.

VI. kap.

Um skilnað að borði og sæng.

50. gr.

Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvors annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (45., 55. og 56. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 52. gr.

51. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sjer mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða framfærsluskyldum börnum, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annara lasta, og getur þá hitt krafist skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn nema sjerstaklega standi á.

Nú má ætla að ósamlyndi milli hjóna sje orðið svo magnað, að eigi megi una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sje aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 52. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 54.—56. gr. ræða um.

52. gr.

Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það, eða hvort heyrir til sínu trúfjelagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfjelags.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hjer á landi og eigi hvorugt 30 kílómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skat þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sátt með því.

Nú sækir maki eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður hans eða bæjarfógeti honum þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttaumleitunarmaður krefst ábyrgðar á hendur honum.

53. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskifti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til.

Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsgr. 51. gr., enda sje búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafist þess, að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því að eins að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds.

54. gr.

Það skal ákveðið í skilnaðarleyfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt, meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annars vegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sjer sjálfur og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.

Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi ætlaður framfærslustyrkur af hinu, nema sjerstaklega standi á.

55. gr.

Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skifta milli þeirra, verði öðruhvoru eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sátt um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sje fyrir bestu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sje það eigi ólíklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskift hjá sama foreldri.

Leita skal álits næsta venslamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna.

56. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda.

Skiftin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú leggur annað foreldra eigi jafnmikið til framfærslu barnanna þeirra, sem því ber framfærsluskylda til gagnvart hinu, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu, ef það krefst þess, það sem ávanta þykir rjett meðlag af þess hendi með börnunum.

57. gr.

Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna verður meiri, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag foreldris með hinu og verður því þá eigi breytt síðar.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (55. gr.), ef annað foreldri fer fram á það, enda standi öðru vísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta.

58. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það foreldri, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá borð og sængurskilnaði.

Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum.

59. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 54. gr. eða 56. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu óskilfenginnar móður með óskilgetnu barni, að svo miklu leyti sem þær eiga við.

Ákvæði 54. og 56. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögunum gagnvart sveitarfjelagi til að framfæra börn eða maka.

60. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum skildum að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þá þegar niður.

VII. kap.

Um lögskilnað.

61. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda sjeu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra málefna, er ræðir um í 54., 55. og 56. gr., og geta hjónin þá krafist skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafist skilnaðar.

Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 52. gr.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör.

62. gr.

Nú hafa hjón lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis, til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafist skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænst skilnaðar, nema sjerstaklega standi á.

63. gr.

Nú hefir annað hjóna, án samþykkis hins og lögmætra orsaka, lifað viðskila hitt í 2 ár, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin, heimtað skilnað.

64. gr.

Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurst hefir til þess, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

65. gr.

Nú hefir annað hjóna gifst gegn fyrirmælum 15. gr., og getur þá hitt krafist skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er skilnaðarkrefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins.

66. gr.

Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór eða saurlifnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn, eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn.

67. gr.

Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sóttnæmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt þann veg að afsýking geti af hlotist, og

getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafist skilnaðar, nema það hafi þekt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að maki vissi sig lagðan í hættu. Nú hefir afsýking eigi hlotist af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósóttnæmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður.

68. gr.

Nú hefir annað hjóna sókst eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafist skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjáltviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá framkvæmd hans.

69. gr.

Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn.

70. gr.

Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati ólíklegur, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

71. gr.

Lögskilnaðar samkvæmt 62.—70. gr. má leita hvort heldur í stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað í stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum svo sem segir í 52. gr. og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 75. og 76. gr. ræða um.

Nú er stjóruarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með rjettarskýrslu þau atvik, er það telur máli skifta. Nú fæst slík rjettarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður í stjórnarráðinu. En í því falli getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

72. gr.

Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skifti fjelagsbúsins, svo sem lög standa til.

73. gr.

Nú krefst annað hjóna skilnaðar af því að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafist bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur allar í einu eða á tilteknum gjalddögum.

Sje skilnaðar krafist fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sje skilnaðar krafist í stjórnarráðinu, skal höfða bótamálið áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómskilnaðar er úti.

74. gr.

Nú hafa hjón skilið og verður annað þá eigi skyldað til að framfæra hitt, nema alveg sjerstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, gert að þiggja styrk af hendi hins. Það fer eftir ákvæðum 54. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framfærslu hins.

Framfærsluskylda fellur niður, giftist framfæringur á ný.

75. gr.

Nú skilja hjón, og skal þá í skilnaðarbrjefinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Sjeu foreldrin sammála, skal ákvörðun ger eftir því, nema í bága komi við þörf eða hag barnanna. Sjeu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem best þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna. Forræði barna skal vera óskift hjá öðruhvoru foreldrinu.

Áður en hjer um rædd ákvörðun er ger, skal leita umsagnar nánustu venslamanna barnanna.

76. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarbrjefi eða dómi, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalds.

Skiftinguna skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú leggur annað foreldra eigi jafnmikið til heimaframfærðra barna, sem því ber framfærsluskylda til, og má þá gera því að greiða hinu það, sem á vantar hlutfallslega rjett meðlag með börnunum.

77. g.

Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna verður meiri, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer fram á það, enda standi öðruvísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta. Breytingin ber undir sama stjórnvald, sem gerði upprunalegu ákvörðunina.

78. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 73. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða á börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig,

stefnt hinu fyrir dóm og dómarinn eftir atvikum hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði.

Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef ætla má að breyting verði börnunum til bóta.

79. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 74. gr. og 76. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu óskilfenginna mæðra með óskilgetnum börnum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.

Ákvæði 74. og 76. gr. breyta í engu lögmæltri skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, nje rjetti sveitarfjelags gagnvart framfærslumanni, út af lögmætri framfærsluskyldu hans á maka.

80. gr.

Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafist dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig til hans.

VIII. kap.

Um rjettarfar í hjúskaparmálum o. fl.

81. gr.

Hjúskaparmál eru hjer nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi, eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því að hjónaband sje gilt eða ógilt.

82. gr.

Sá einn getur, að sleptri heimild 40. gr., höfðað hjúskaparmál, sem telur sig vera eða eigi vera annað hjóna eða, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

83. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 87. gr.

84. gr.

Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almanna hagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í hjeraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðra dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðri dómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almanna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

85. gr.

Hjón eru sjálfgildir aðilar í hjúskaparmálum, hvort heldur til sóknar eða varnar, nema svift sjeu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svift lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað lögræðissvifts, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls.

86. gr.

Hjúskaparmál má höfða hjer í landi, ef stefndur á hjer heima þá er mál er höfðað eða eigi bæði hjónin þá íslenskan fæðingjarjett, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingjarjettur beggja verið íslenskur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingjarjett í öðru landi og sama.

Hjúskaparmál má og höfða hjer á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hjer og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna, eða skift um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hjernefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki.

87. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima.

Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða.

88. gr.

Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 40. gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafist eða eigi.

Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 15. gr., sjerstaklega ef ætla má að fyrra hjónabandi verði bráðlega slitið.

Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í hjeraði að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

89. gr.

Hjeraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða, og báðir aðilar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu ef aðilar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 74.—76, gr., áður en mál er domtekið.

90. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðila eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafje, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

91. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm og er þó óhindraður eða færist án gildra ástæðna undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómshjeraðs eða í nágrannahjeraði, og þó eigi fjær en fjærst gæfi verið innan hjeraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm og er þó óhindraður eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 92. gr., hvað upp úr því skuli leggja.

92. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiftir, og kemur játningin þá að eins til álita sem sönnunargagn.

Slikt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

93. gr.

Hvor aðili í sinu lagi getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafa.

Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til málatilbúnings af nýju.

94. gr.

Aðilaeiður er eigi heimill í hjúskaparmáli nema svo standi á, sem lýst er í 91. gr.

95. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita brjeflegrar yfirlýsingar sjerfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sje eigi kostur sjerfræðings.

96. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðilar sjeu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðila, birta almenningi á nokkurn

hátt annað af því, er gerst hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100–1000 króna sekt til landssjóðs.

97. gr.

Nú hefir öðrum aðila eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sje aðili staddur utanlands eða sje ókunnugt um dvaldarstað hans, eða sje aðili sviftur lögræði vegna geðveiki.

98. gr.

Áfrýja skal hjeraðsdómi í hjúskaparmáli til landsyfirdóms innan 12 vikna frá dómsuppsögn. Yfirdómur leggur fullnaðardóm á málið.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðila má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því að eins að gagnaðili og stjórnarráð hafi brjeflega fallið frá áfrýjun.

99. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

100. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá hjeraðsdómara eða utanrjettarstefna er birt stefndum innan lögmælts tíma.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál af nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá úti.

101. gr.

Nú er beiðst hjónaskilnaðarbrjefs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja renna til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi fjelagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn.

Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafist fjárskilnaðar samkvæmt 29. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3.

Og enn getur stjórnarráðið, ef sjerstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slíta um stund samvistir við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framfæra. Fer þá um meðlagið eftir því sem segir í 54. og 56. gr.

IX. kap.

Venjuleg ákvæði og bráðabirgða.

102. gr.

Lög þessi raska eigi sjerreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hjer á landi, nje heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atrið skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun.

103. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1920.

104. gr.

Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum.

Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi sjeu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 16. gr.

105. gr

Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sjer fyrir gildistöku laga þessara eða fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sje vígsluskilyrða 19. gr. gætt, áður en vígsla fer fram.

106. gr.

Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þágildum og þessum lögum.

Nú er slíkt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum.

107. gr.

Nú hafa hjón skilið að borði og sæng áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 61. gr. laga þessara.

108. gr.

Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðst leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti eftir þágildum lögum.

109. gr.

Nú hefir verið beiðst skilnaðar að borði og sæng eða til hjónaskilnað-

ar eftir gildistöku laga þessara eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögunum, enda þó að skilnaðarástæða sje eldri.

110. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla úr gildi frá og með gildistökudegi laga þessara: Hjónabandsartikular 2. júní 1587 (16. kap. III. bókar Dönsku laga, að svo miklu leyti sem fylgt hefir verið), 2. gr. XIII. kap. VI. bókar D. l., konungsbrjef 14. júní 1740 (tilskipun 5. marts 1734), tilsk. 29. maí og tilsk. 18. desbr. 1750, konungsbr. 28. marts 1776, tilsk. 1. desbr. 1797 (dómsmálastjórnarbrjef 15. júní 1799), 1. gr. I. kafla tilsk. 23. maí 1800, konungsúrskurður 28. janúar 1818, sbr. kansellíbrjef 10. febrúar s. á. (tilsk. 18. október 1811), opið brjef 10. febrúar 1818, 1. liður konungsbr. 7. desember 1827 (tilsk. 30. apríl 1824: 1.—2. gr., nr. 1, nr. 3—9 og nr. 11. 3. gr., 4.—12. gr. og 14.—19. gr.), 164. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, lög 22. september 1899, nr. 19, lög 26. október 1917, nr. 30 (1.—9. gr. laga 19. febrúar 1886, nr. 4, nr. 2. 3. gr. og 13. gr. tilsk. 30. apríl 1824) lög 26. október 1917 nr. 31. (nr. 10, 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 62. gr. laga 10. nóvember 1905, nr. 44).

Og enn eru ógild frá sama degi öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ahugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi 1917 samþykti lög um hjónavígslu og jafnframt svofelda þingsályktun:

> »Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt, sem unt er, frumvarp til laga um endurbætur á gildandi löggjöf um stofnun og slit hjúskapar og afstöðu foreldra til barna«.

Flutningsmaður tillögunnar til þessarar þingsályktunar, Einar prófessor Arnórsson, tók það fram, að ekki væri til þess ætlað, að viðkomandi ráðherra eða stjórnardeild gæti annast undirbúning væntanlegra frumvarpa um þetta efni, heldur mundi hann leita sjer annarar aðstoðar. Dóms- og kirkjumálaráðherra ljet það í ljósi við umræðurnar í málinu að hann mundi leita aðstoðar háskólans um þetta.

18. janúar 1918 reit dóms- og kirkjumáldeildin lagadeild háskólans og beiddist álits hennar og tillagna um þessi efni. Er þar tekið fram, að þess sje vænst, að hliðsjón sje höfð á nefndaráliti, útkomnu 1913 frá nefnd þeirri, sem skipuð var í Danmörku með konungsúrskurði 25. júlí 1910, og 19. júní 1912, og á nýrri löggjöf í þeim efnum á Norðurlöndum. Enn var það tekið fram, að gert væri ráð fyrir, að frumvarp eða frumvörp um þessi efni yrði lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi (1919). Var búist við því að Lárus H. Bjarnason prófessor, er þessar fræðigreinir kennir við háskólann, mundi hafa aðalstarfið við samning væntanlegra lagafrumvarpa um þessi efni, enda hefir Lárus H. Bjarnason pró-

fessor haft á hendi aðalstarfið að þessu leyti, en hinir lagakennararnir þó verið í verki með, líkt og átti sjer stað um lögræðisfrumvarpið á sínum tíma. Að öðru leyti er vísað um undirbúning þessa frumvarps til fylgiskjalsins.

Frumvarpið er að mestu leyti þýðing á umgetnu frumvarpi dönsku nefndarinnar (Udkast til Lov om Ægteskabs Indgaaelse og Oplösning). með nokkrum afbrigðum, sem um er getið í athugasemdum í fylgiskjalinu.

Ráðuneytið hefir fallist á efni frumvarpsins í öðrum greinum en þeim, er hjer eru nefndar á eftir:

24. gr.

Sú breyting er gjörð á þessari grein, að í stað þess, að eftir frumvarpinu á að eins að leyfa undanþágu frá lýsingu, er sjerstaklega stendur á, þykir rjett, að halda gildandi ákvæði laga nr. 19, 22. septbr. 1899 um þetta efni. Þess hefir ekki orðið vart, að hinn greiði aðgangur, sem nú er að því að fá hjónavígslubrjef, hafi vakið neina óánægju manna á milli.

33. gr., 2. málsgr.

Ef greiður aðgangur er veittur til þess að fá hjónavígslubrjef, sem einnig heimilar hjónavígslu í heimahúsum, virðist óþörf sjerstök undanþága frá kirkjuvígslu.

Að öðru leyti er um frumvarp þetta vísað til athugasemdanna í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga

um

stofnun og slit hjúskapar

með

athugasemdum.

8. ágúst 1917 afgreiddi Alþingi til stjórnarráðsins eftirfarandi þingsályktun: »Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem unt er, frumvarp til laga um endurbætur á gildandi löggjöf um stofnun og slit hjúskapar og afstöðu foreldra til barna«.

Landsstjórnin sendi lagadeild Háskólans tillöguna með brjefi, dagsettu 18. janúar 1918, og mæltist til að fá álit og tillögur deildarinnar um efni tillögunnar. Brjefinu lýkur svo: »Er þess vænst, að hliðsjón sje höfð af nefndaráliti útkomnu

1913, frá nefnd þeirri, sem skipuð var í Danmörku með konungsúrskurðum 25. júlí 1910 og 19. júní 1912. Gert er ráð fyrir að frumvarp eða frumvörp um þessi efni verði lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi«.

Af því að verkefnið er mikið en tíminn stuttur, ef til vill ekki nema tæpt ár, fann deildarforseti dóms- og kirkjumálaráðherrann að máli þegar eftir móttöku brjefsins. Lýsti ráðherrann því meðal annars yfir, að hann ætlaðist til að kennari sá, er efni þessi heyra undir, hefði aðalstarfið á hendi, en hinir lagakennararnir væru þó í verki með, líkt og átt hefði sjer stað um lögræðisfrumvarpið, enda fálu deildarkennararnir mjer, kennaranum í svokölluðum 1. borgararjetti að búa til frumvörp um hvorttveggja efnið.

Það var ráðið, fyrst með ráðherra og deildarforseta og síðar innan deildar, að hjúskaparfrumvarpið skyldi sitja í fyrirrúmi fyrir frumvarpi um afstöðu foreldra og barna.

Deildarkennararnir yfirfóru síðan í sameiningu dagana 1.—8. febrúar »Udkast til Lov om Ægteskabs Indgaaelse og Opløsning med tilhørende Bemærkninger« frá nefnd þeirri, sem vitnað er til í ráðherrabrjefinu. En jafnframt dönsku nefndinni og í samvinnu með henni hafði norsk og sænsk nefnd unnið bæði að nýrri lagasetningu um hjúskap og um afstöðu foreldra og barna. Hafði sænska stjórnin þegar í nóvember 1909 hafist handa til samvinnu með Norðurlandastjórnunum um þessi efni og þær aftur, hver í sínu lagi, sett undirbúningsnefndir hjá sjer, er aftur unnu saman að málunum. Hver nefnd sendi síðan sinni stjórn frumvörp til laga um viðfangsefnin. Hjer eru þó enn aðeins kunnar tillögur nefndanna um hjúskaparmálið og eru þau frumvörp að aðaldráttum öllum hvert öðru lík. Nokkuð af frumvörpum norsku og sænsku nefndanna eru orðin að lögum þar í landi, þar á meðal hjúskaparfrumvarpið í Svíaríki, sbr. »Lag 12. nov. 1915 om äktenskaps ingående och upplösning«. Lögin eru lítið breytt frá sænska nefndarfrumvarpinu. Í Danmörku var hjúskaparfrumvarpið ekki orðið að lögum í árslok 1917.

Deildarkennararnir gerðu á fyrnefndum fundum í sameiningu bráðabirgðarathugasemdir um eigi allfá afbrigði frá frumvarpi dönsku nefndarinnar. En að því búnu, eða 9. febrúar, tók undirritaður deildarkennari við málinu til frumvarpsgerðar og hafði lokið við það 4. apríl. Gekk frumvarpið síðan milli deildarkennaranna hinna og kom frá þeim athugasemda- og breytingalaust 19. sama mánaðar. 20. júlí, er jeg hafði lokið við athugasemdirnar og átti þær og frumvarpið aðeins ósent til vjelritunar, bárust mjer þó eigi allfáar orðabreytingar frá prófessor Einari Arnórssyni, og hefi jeg tekið flestar þeirra til greina.

Frumvarpið er að mestu leyti þýðing á frumvarpi dönsku nefndarinnar. Helstu afbrigða frá því og nýmæla frá því, sem nú eru lög í landi hjer um efni frumvarpsins, verður getið í athugasemdunum, jafnóðum og fyrir koma.

Reykjavík 10. ágúst 1918.

Lárus H. Bjarnason.

Frumvarp til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frumvarpið er óbreytt prentað hjer að framan, að undanteknum 24. gr. og 33. gr. 2. málsgr., sem eru orðaðar þannig í hinu upprunalega frumvarpi:

24. gr.

Nú stendur sjerstaklega á, og getur stjórnarráðið þá þegið undan lýsingu, Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Landsjóði ber 15 króna gjald fyrir undanþágu, nema fátæklingur eigi í hlut, þá fæst hún kauplaust.

33. gr. 2. málsgr.

Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema undanþága komi til, eða annaðhvort hjónanna sje hættulega sjúkt. Nú er sá fátækur, er undanþágu fær, og er undanþágan þá látin úti kauplaust, en ella fyrir 15 krónur. Gjaldið rennur í landsjóð.

Ástæður og athugasemdir.

I. kap.

Um festar

er nýmæli hjer á landi. Svokölluð trúlofun, sem hjer er kölluð festar, þótt fornt orð sje og fyrrum haft í nokkuð annari merkingu, er ein út af fyrir sig eigi rjettgæf að vorum lögum, hvorki til hjónabands nje til nokkurra viðurlaga, hvorki bóndaefni nje konuefni. Aftur á móti á kona, sem trúlofast hefir manni, hann gert vanfæra og síðan skilið við, að nokkrum frekari skilyrðum fyltum, jafnvel heimtingu á hjónabandi samkvæmt danskri tilskipun frá 5. marts 1734, sem löggilt er hjer með konungsbrjefi 14. Júní 1740, en engin kona hefir notað sjer þann rjett svo langt sem prentaða dómasafnið nær. Vitanlega getur eigi komið til mála nú á tímum, að neyða hvort heldur konu eða karl í hjónaband, því er tilskipun frá 1734 talin í 110. gr. meðal þeirra ákveða, er ógilda beri.

Hinsvegar er tæplega haldandi í það skipulag, að brigð hjúskaparloforðs geti aldrei að lögum dregið neinn dilk eftir sig, þótt ástæðulaus hafi verið af hendi brigðanda, og jafnvel skaðgæf brigðþola, enda er nú svo um mælt í nýjum lögum flestra menningarþjóða, meðal annara í nýnefndum sænskum lögum, að brigðþoli geti heimtað skaðabætur af brigðanda að fyltum fleiri eða færri lögmæltum skilyrðum. Í Noregi voru þó eigi lögmæltar lögfylgjur festarbrigða í árslok 1915, enda vantar í N.frv. ákvæði samsvarandi þeim, sem hjer eru í 1.—5. gr. Auk þess heimila nokkur erlend lög aðiljum endurheimtu afhentra gjafa, sum, hvort sem festar slitna vegna dauða annars eða í lifanda lífi beggja. Endurheimta gjafa er heimil eftir sænskum lögum (2. gr. I. kap.) — lögin hjer eftir skammstöfuð S. l. Í danska frumvarpinu, sem hjer eftir skammstafast D. fr., þótti óþarfi

að ákveða nokkuð um gjafir, þar eð endurheimta stærri gjafa mundi vera heimil án sjerákvæðis að lögum þar í landi, og viðfeldnara að láta tilfinningar aðila og tísku, þar sem henni væri til að dreifa, ráða því, hversu fara skyldi um smærri gjafir. Með því að ástæður D. fr. þykja eiga við hjer á landi, þá er endurheimtu gjafa látið ógetið.

Um 1. gr.

Af því að þess eru mörg dæmi, í löndum þar sem festaslit valda skaðabótum, að festar hafa verið bundnar og síðan slitnar til þess að komast yfir fje hins, þá er eigi ætlast til að festaslit valdi bótum hjer á landi fremur en samkvæmt S. l. og D. fr., nema því að eins, að hvorttveggja fari saman, að annar aðili hafi gert einhverjar ráðstafanir vegna hins fyrirhugaða hjónabands, er nú valda honum tjóni af því að vígsla ferst fyrir, og að hinn eigi aðallega sök á festaslitunum. Megi eigi líta svo á, að hvorumtveggja skilyrðunum sje fullnægt, þá leiðir það af algengum sönnunarreglum, að stefndur verður sýknaður.

Um 2. gr.

Það verður eigi álitið að barnsfararkostnaður og barnsmeðlag sje nægar bætur handa kvennmanni, sem legst með unnusta sínum, af því að hún býst við, að þau giftist. Því er henni ætlaðar sjerstakar bætur fyrir ráðspjöll, ef unnusti hennar brigðar við hana heitorði án gildra ástæðna. Bætur eftir 1. gr. eru skaðabætur en bætur eftir 2. gr. nánast, eða að minsta kosti meðfram, nokkurs konar »sára«bætur. Því getur staðið svo á, að maður verði dæmdur til bóta eftir báðum greinum í einu.

Um 3. gr.

Það verður að reisa skorður við því, að ófjárráðir geti óbeinlínis samið á sig fjárskyldur upp á eigin spýtur. Þegar af þeirri ástæðu þykir rjett að binda skaðabótaskyldu ófjárráðs festarmanns eða festarkonu (yngra en 21 árs eða fjárræðissvifts) vegna festaslita því skilyrði, að foreldri eða lögráðamaður hafi lagt samþykki á festarnar, enda verður að setja eitthvert tiltekið þroskamark sem skilyrði fyrir gildi festa að lögum, og sýnast þá ekki önnur mörk eðlilegri en almenni fjárræðisaldurinn, sem jafnframt er giftingaraldur þess aðilans, karlmannsins, sem greininni aðallega mundi verða beitt gegn.

Af líkum ástæðum er sama aldursmark áskilið í 2. málsgrein fyrir bótum samkvæmt 2. gr.

Um 4. gr.

Ársfyrningarfrestur, sem reiknast frá festaslitum til stefnu- (sáttafyrirkalls) dags, sbr. 100. gr., þykir nógu langur, jafnvel hjer á landi, á jafn viðkvæma kröfu og nýja.

Um 5. gr.

Henni er ætlað að girða fyrir það, að festar og festaslit verði gerð að fjeþúfu.

II. kap.

Skilyrði þau, sem talin eru í kafla þessum, þykja rjettilega nefnd hjónavígslu- eða vígsluskilyrði heldur en »hjónabandsskilyrði«, sem þau eru nefnd í danska og norska frumvarpinu eða »hjónabandshindranir« í S. l. Þau verða öll að vera fyrir hendi til þess að vígslumaður (prestur eða valdsmaður) megi gefa brjúðhjón saman, en hafa þó eigi öll áhrif á gildi hjónabandsins. Lögfylgja af bresti sumra þeirra er sú ein, að hafa má hendur í hári vígslumanni.

Eins og sjest á athugasemdunum um einstakar greinar þessa kafla, þá er vígsluskilyrðunum (meinbugum) fækkað nokkuð sjerstaklega frá því sem var fyrir skemstu (fyrir daga laga nr. 31 1917), og 2 nýjum eða öllu heldur að eins 1 bætt við. Tilteknum sjúklingum annaðhvort varnað eða gert erfiðara fyrir að ganga í hjónaband. Fækkuninni ræður sú skoðun, að halda beri í hjónabandið sem löghelgað fyrirkomulag á samförum karls og konu, þar eð það er heppilegasta fyrirkomulagið aðilum sjálfum og börnum þeirra, og þá um leið almenningi. Of rammar skorður við vígslu mundi fjölga utanhjónabandssamförum og um leið verða einstaklingum og almenningi til baga.

Aðalbreytingin í þessum kafla frá D. fr. er úrfelling 18., 19. og 20. gr. þess frumvarps.

Ákvæði líkt 18. gr. um trúarlærdóm barna, er foreldrar heyrðu til sínu trúfjelagi hvort, giltu áður hjer á landi, (8. gr. laga nr. 4 1886) en er numið úr gildi með lögum nr. 30 1917.

Ákvæði líkt 19. gr. um leyfi til hjónabands danskra hermanna er að vísu enn í gildi (7. liður 3. gr. tsk. 1824) en virðist óþarft, og mætti hagræða með sjersamningi.

Líkt ákvæði og er í 20. gr. um bann við giftingu þurfamanna er afnumið með lögum nr. 31 1917.

Um 6. gr.

Giftingaraldur er nú lögmæltur 20 ár fyrir karlmann og 16 ár fyrir kvenmann, en það aldurstakmark er of lágt jafn norðarlega á hnettinum og vjer lifum, og þó sjerstaklega konumarkið. 16 ára gömul stúlka er sárasjaldan svo þroskuð á sál og líkama, að til mála geti komið að leggja með nokkurri sanngirni á hana þær skyldur, sem móður og húsmóðurstörfum eru samfara. 18 ár er fullhár aldur fyrir kvenmann og 21 árs aldur fyrir karlmann. Eru þau aldursmörk þó valin sjerstaklega af því, að þau eru nú ráðgerð í Danmörku og Noregi og lögmælt í Svíþjóð, enda mun eigi þykja hlíða að hækka aldur karlmanna upp úr fjárræðisaldri. Það er eigi ástæða til að ætla, að neinn amist við þessari breytingu, þegar af þeirri ástæðu, að fáir giftast undir hjer ráðgerðum aldri. Af því að aldursmarkið er nú lægra en hjer er ráðgert, er undanþága heimiluð, enda svo á öðrum Norðurlöndum, en þó gert ráð fyrir því, að hún verði aðallega, ef eigi eingöngu, notuð fyrst í stað.

Stjórnarráðinu er ætlað að veita þessa undanþágu, sem allar aðrar undanþágur, frá lögunum, en eigi konungi, svo sem á sjer stað annarstaðar á Norðurlöndum, og kemur það aðallega af því, að miklu lengra er til hans hjeðan en þar.

Um 7. gr.

Að núgildandi lögum verða ófjárráðir menn að hafa samþykki foreldra eða (og) lögráðamanns til hjónabands. Og svo á enn að vera. Munur á því sem nú er og verður samkvæmt 1. málsgr. 7. gr. er, að því sleptu, að nú þarf hjónaefni, vegna lækkunar fjárræðisaldurs, aldrei samþykki foreldra (lögráðamanns) nema til fulls 21 árs, að eins sá, að framvegis á sama að gilda um áður giftan brúðguma, sem um áður gifta brúður. Hann á eigi að þurfa samþykki fremur en hún.

Það liggur í 2. málsgr., sbr. 1. málsgr., að samþykki beggja foreldra (kjörforeldra) skilgetins barns, þarf venjulega til hjónabands þess, sje það ekki einrátt um giftingu sína. Samþykki annars er því að eins einhlítt, að svo standi á um hitt, sem þar er greint. Og enn liggur það í greininni, að ekki kemur til kasta lögráðamanns nema bæði foreldri þrjóti. Um hvorttveggja, og þó einkum um síðara atriðið, þótti og þykir jafnvel óvíst, en orðalag greinarinnar á að girða fyrir allan vafa.

Hjónabandi óskilgetins og eigi einráðs barns ræður móðir og ella lögráðamaður.

Um 8. gr.

nægir að geta þess, að með »sviftur lögræði«, er eigi átt við ekkju, er kynni að hafa verðið settur svokallaður fastur lögráðamaður, samkvæmt D. l. 3. 17. 42, sbr. tsk. 21. desember 1831, I. b.

Um. 9. gr.

Fullnaðarúrskurður um samþykkisneitun foreldris (lögráðamanns) er nú væntanlega hjá stjórnarráðinu, svo sem um flest önnur atriði, er »yfirvöldum« er fengið úrskurðarvald um. Og enn mundi yfirvald leita umsagnar, altjend samþykkis synjanda áður en það legði úrskurð á málið. En lagastaf mun vanta fyrir hvorutveggja. Eftir greininni er stjórnarráðinu ætlaður einkaúrskurður. Þykir það tryggara um jafnviðkvæmt atriði og eigi búist við umtalsverðum erfiðleikum, þarað samþykkis mun sárasjaldan vera synjað, enda víðast hægur hjá að ná til stjórnarráðsins nú í samanburði við það sem áður var, og í öllu falli fljótsóttari úrskurður til eins úrskurðarvalds í fjarska en til þess og annars nær, ef beggja þyrfti að leita, stjórnarráðs og annars yfirvalds.

Um 10. gr.

Að núgildandi lögum (9. liður 3. gr. tsk. 30. apríl 1824) er »vitskertum« að vísu varnað vígslu, og er þar sennilega aðallega, ef eigi eingöngu, átt við það, að eigi megi una minna gjörgengi (habilitas) til hjónabandsstofnunar en til samninga, sem minna er undir komið. Hinsvegar er þess ekki eða að minsta kosti miklu síður gætt, að geðveiki (vitskortur) er oft eigi að eins skaðvænleg báðum hjónunum, jafnvel sjúklingnum sjálfum, heldur mjög oft hættuleg niðjunum og þá um leið ófyrirsjáanlega mörgum, eða svo telja læknar nú, þar á meðal þeir vísindamenn, og læknar, t. d. danska »Retslægeraadet«, sem norrænu nefndirnar leituðu álits hjá. Enda er lagt blátt bann við giftingu geðveikra í lögum

sumra hinna best mönnuðu þjóða, t. d. í Sviss og í 5. gr. 2. kap. nýju sænsku laganna. Jafnríkt er kveðið að í N. fr. (5. gr. »Den, som er sindsyk maa ikke indgaa egteskab«). Í D. fr. er undanþága heimiluð. Líkri undanþáguheimild er haldið í 2. málsgr. greinarinnar og mun það mega teljast forsvaranlegt, í því trausti, að undanþága verði eigi tíðveitt.

Hjer er eigi kostur slíkra sjerfræðinefnda sem í útlöndum, svo sem er t. d. danska »Retslægeraadet«. Úrlausn þess, hvort maður er »geðveikur« eða »hálfviti« (aandssvag i højere Grad, sinneslös) er nánast læknisfræðileg. Nú má ætla, að ávalt sje í læknadeild Háskólans fleiri eða færri af læknisfróðustu mönnum landsins, enda á geðveikralæknirinn þar sæti, og er því ætlast til þess, að leitað sje álits læknadeildarinnar um öll hjer að lútandi vafaatriði.

Þess er getið, að »hálfviti« er hjer og síðar haft í stað »aandssvag i højere Grad« í D. fr. og í stað »sinneslös« í S. l.

Um 11. gr.

Að núgildandi lögum (kbr. 7. desember 1827, sbr. kbr. 28. mars 1776) er holdsveikum — að sleptum hálfvitum — einum varnað hjónabands af sjúkum mönnum. Nú þykja læknum ýmsir sjúkdómar enn varúðarverðari, einkum vegna þeirrar sannreyndar, að þeir bitna mjög oft á afkomendum sjúklingsins og geta þannig spilt heilum ættum. Er þetta einkum talið gilda um svokallaða kynsjúkdóma og flogaveiki.

Þó þykir eigi fært að banna sjúklingum þessum hjónaband fortakslaust. Til þess að slíkt bann kæmi að fullum notum, þyrfti að fyrirskipa skoðun á öllum hjónaefnum, og það eitt út af fyrir sig mundi þykja höggva of nærri persónufrelsi, enda hrykki ein skoðun eigi, með því að sjerstaklega sumir kynsjúkdómar geta legið niðri árum samann og þó verið eða orðið sóttnæmir.

Heldur gæti komið til mála að leyfa undanþágu er sjerstaklega stæði á, að dæmi S. l. (6. gr. 2. kap.). En það er hvorttveggja, að skoðun yrði fram að fara á hjónaefnum alt að einu, enda hætt við að undanþáguheimild yrði fullmikið notuð, nema einskorðuð væri t. d. við vígslu á dánarbeði og óbyrjuskap konuefnis.

Að öllu yfirveguðu og vegna þess að hjer er nýmæli á ferðinni, er hjer ráðgerð sama meðferð og í D. fr. og í N. fr. (6. gr.). Því heimtað drengskaparvottorð beggja hjóna í 5. staflið 19. gr. um að 11. gr. bagi hvorugt.

Um 12. gr.

Greinin nær auðvitað jafnt til óskilgetinna sem skilgetinna.

Um 13. gr.

Að hjer gildum lögum (tsk. 23. maí 1800, sbr. tsk. 14. desember 1775) er heimilt að gefa saman föður- eða móðurbróður og bróður- eða systurdóttur, en hinsvegar þarf undanþágu til að gefa megi saman föður- eða móðursystur og bróður- eða systurson. Hjer er sama látið ganga yfir bæði tilfellin, og er það nánast að dæmi S. l. (8. gr. 2. kap.), D. fr. (13. gr.) og N. fr. (9. gr.). Hitt hefði vitanlega mátt orða, að láta slíkum skyldmennum hjónaband alfrjálst.

Um 14. gr.

Af orðalagi greinarinnar leiðir, að mægðir, sem byggjast á utanhjónabandssamförum, verða, einar út af fyrir sig, eigi meinbugir framvegis, og er það að dæmi S. l. (9. gr. 2. kap.) D. fr. (11. gr.) og N. fr. (9. gr.). Sje mægðunum aftur á móti samfara skyldleikur samkvæmt 12. gr., kemur sú grein vitanlega til framkvæmda. Það leiðir enn af orðalagi greinarinnar, að frjálst verður að eiga ekkju bróður síns, sem nú er bannað, nema leyfi komi til. Af því að hjer nefndar mægðir verða eigi framar hjónabandsmeinbaugir, þá er farið fram á ógildingu 164. gr. hegningarlagnnna í 110. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Greinin þarf eigi skýringar. Þó skal þess getið, af því að »giftur« kemur hjer í fyrsta skifti fyrir, að það orð er brúkað, bæði hjer og annarstaðar í frumvarpinu, svo um karlmenn sem konu, sem í daglegu máli, enda færi illa á því, að gera alstaðar mun í orði á giftum og kvæntum.

Um 16. gr.

Að hjer gildum lögum (5. lið 3. gr. tsk. 1824) má ekkja eigi giftast fyr en ári, eftir atvikum 3 mánuðum, eftir dauða bónda síns og ekkill eigi fyr en 3 mánuðum, eftir atvikum 6 vikum, eftir dauða konunnar. Hjer er biðtími ekkils afnuminn, enda er hann eigi talinn eiga við lögskilin hjón. Hinsvegar er biðtími gerður jafnt lögskilnni konu sem ekkju, og styttur nokkuð, en heimild til aukinnar styttingar þó afnumin. Þetta er svo í S. l. (11. gr. 2. kap.). í D. fr. (16. gr.) og í N. fr. (11. gr.), og er aðallega þess vegna haldið hjer. Ákvæðið er sjerstaklega rökstutt með því, að ella kynni barn fremur að verða ranglega feðrað. Annars skal bent á, að ógefinni, vanfærri konu er, og verður, heimilt að eiga annan karlmann en þann, er þungi hennar stafar frá, svo að því leyti gætir eigi samkvæmni.

Um 17. gr.

sem er samræm núgildum ákvæðum (9. gr. tsk. 1824 og 5. gr. laga nr. 30 1917) þarf eigi að fjölyrða.

Um III. kap.

Í næsta kafla á undan er lýst vígsluskilyrðunum, og hefði þar einnig mátt lýsa þeim reglum, sem ákveða hversu sanna skuli þau skilyrði. Þeim reglum er þó lýst hjer ásamt sjálfum lýsingarreglunum. Er það gert vígslumönnum til hægðarauka að hafa hvorttveggja á sama stað.

Um 18. gr.

Lýsingu er haldið sem lögmæltu vígsluskilyrði, sbr. þó 24. gr. og jafnvel ríkar en nú gerist, því að nú má kaupa sig undan lýsingu, fyrir lítið gjald. Samkvæmt S. l. (1. gr. 3. kap.) lýsir prestur brúðar með hjónaefnum, hvort sem

prestur eða valdsmaður lýsir, en eftir N. fr. (13. gr. 2. kap.) fer borgaraleg lýsing fram, þó að prestur gefi brúðhjónin saman.

Lýsing á að fara fram í þeirri þinghá eða sókn, þar sem brúður er heimilisföst. Því að eins að hún eigi ekki heimili innanlands, má lýsa í þinghá eða sókn brúðguma. Sje hvorugt heimilisfast, má lýsing fara fram í dvalarþinghá eða sókn annarshvors. Þess er getið, að »vígslumaður« er bæði hjer og annarstaðar í frumvarpinu haft bæði um borgaralegan og kirkjulegan vígslumann, enda þó að það eigi sumstaðar nánast við fyrnefndan.

Um 19. gr.

Hjer eru greind sönnunargögn þau, er hjónaefni verða að sýna fyrir því, að vígsluskilyrði sjeu fyrir hendi. Nú liggur áherslan á því, að svokölluð vígsluskilyrði sjeu fyrir hendi þegar vígsla fer fram, en á því getur orðið brestur, ef vottorð um návist þeirra á lýsingardegi eru látin nægja. Heilbrigður maður gæti til dæmis tekið meinbugandi sjúkdóm frá lýsingardegi til vígsludags. Við slíkum agnúa er þó reynt að gera í 1. málsgr. 31. gr., þar sem vígslumanni er bannað að vígja hjón, þó að lýst hafi verið með þeim, viti hann meinbugi á ráði þeirra, og myndi það oftast duga, enda ómögulegt að synda alveg fyrir öll sker, ef halda á lýsingu undan hjónavígslu. En það er hvorttveggja, að hún er og hefir verið lögmælt hjer sem í öðrum löndum, enda kæmi brúðhjónum og öðrum það illa, að eiga ef til vill ósjaldan á hættu að vera vísað frá vígslu, þegar á vígslustað væri komið. Og móti þeim möguleika, að meinbugur, sjerstaklega sjúkdómur, kynni að rísa milli lýsingar og vígslu, kemur að minsta kosti það, að lítið mundi oft verða úr nytsemi sumra vígsluskilyrða, t. d. eftir 11. gr., ef vottorð samkvæmt 5. lið 19. gr. ætti eitt að duga, er svo langt væri komið.

Um einstaka liði greinarinnar athugast:

Um 1. lið. Það er gert ráð fyrir því, að fæðingarvottorð sje heimtað af hjónaefnum, og að eigi meigi lýsa án þess, nema alveg sjerstaklega standi á, svo sem að fullkomin kirkjubók sje eigi til eða að útlendingur eigi í hlut o. s. frv.

Um 3. lið. Samþykki foreldra, beggja eða eftir atvikum annars eða þá lögráðamanns er einhlítt, sbr. 7. gr. Lifi annað eða bæði foreldri og sje til taks, þarf eigi á samþykki lögráðamanns að halda.

Um 4. lið. Það er eigi ætlast til þess að læknisvottorðs verði krafist af öðrum en þeim, er líklegt þykir um, að sjeu geðveikir eða hálfvitar. Kveði læknir svo á, verður eigi úr lýsingu nema undanþága stjórnarráðs komi til.

Um 5. lið. Hjer er um nýmæli að ræða. Hingað til hefir eigi verið krafist vottorðs, (með viðurlögum 155. gr. hegningarlaganna), hjónaefna fyrir því, að vígsluskilyrði væru fyrir hendi, heldur hafa embættisvottorð og ábyrgð svaramanna verið látin duga. Hjer í tveim næstu liðum er að dæmi S. l. (5. lið 2. gr. 3. kap.), D. frv. (5. lið 22. gr.) og N. fr. (5. lið 14. gr.) heimtað drengskaparvottorð hjónefna fyrir þeim skilyrðum og með því aukin trygging þess, að þeir meinbugir bagi eigi. Það er gert ráð fyrir því, að landsstjórnin láti prenta eyðublöð undir slík vottorð, og mundi vel til fallið, að prenta 11. gr. hjer að framan á eyðublað samkvæmt 5. lið, vottorðagefendum til athugunar og glöggvunar.

Um 7. lið. Með því að nokkra lagaþekkingu getur þurft til að skera úr því, hvort hjónaband sje löglega stofnað eða úr gildi gengið, en prestar eru ólögfróðir og svo getur síðar orðið um veraldlega vígslumenn, en ofmikið þykir að

heimta málshöfðun og dóm til úrgreiðslu slíks ágreinings, þá er hjer (gagnstætt því, sem áskilið er í D. fr.) látið sitja við utanrjettarúrskurð hjeraðsdómara. Mundi helst á slíkum úrskurði þurfa að halda, er atburðurinn, sem greindi á um, hefði orðið í útlöndum. Þaðan tjáir eigi að heimta tilteknar, formbundnar sannanir, þar sem »sinn siðurinn« getur verið í landi hverju. Því er eigi kveðið ríkar að í fyrri málsgrein liðsins en að »lögmæt sönnun« skuli vera fyrir þeim atburði. Seinni hluti 2. málsgreinar liðsins á við hjúskaparslit að íslenskum lögum. Af því að stjórnarráðið getur verið málsaðili samkvæmt 84. sbr. 40. gr., og að öðru leyti látið hjúskaparmál til sín taka, þá er hjer áskilin yfirlýsing þess, eigi að lýsa áður en áfrýjunarfrestur er úti, um að það uni fyrir sitt leyti gengnum dómi.

Um 10. lið. Að núgildandi lögum (tsk. 30. apríl 1824, 4. gr.) ábyrgjast svaramenn hjónaefna alla þá meinbugi, sem ekki verða sannaðir með embættisvottorðum. Hjer er að eins ætlast til, að þeir ábyrgist, að hjónaefnin sjeu eigi of skyld eða tengd nje heldur bundin eldra hjónabandi. Svaramennirnir eiga að votta rjettmæti skýrslu hjónaefna um hvorttveggja að viðlögðum drengskap sínum, með ábyrgð samkvæt 156. gr. hegningarlaganna og ennfremur það, að þeir sjeu nákunnugir hjónaefnunum. Með þessu móti, drengskaparvottorði hjónaefna um atriði, sem þau hljóti (langoftast) að hafa fulla vitneskju um og drengskaparvottorði nákunnugra, áreiðanlegra manna um rjettmæti yfirlýsingar hjónaefna, er fengin aukin trygging í hjer um rædd efni. Nú eru svaramenn ábyrgðarmenn beggja brúðhjóna. Hjer eftir mega þeir vera það, en annars ábyrgist hver sitt. Niðurlag liðarins heimilar undanþágu frá svaramönnum með því afbrigði frá frá því sem nú er, að eiður leyfishafa innanrjettar þarf eigi að koma til, nú er engan má vígja án ígildis eiðs (drengskaparvottorðs) um helstu meinbugina. Í D. fr. (22. gr.) eru liðirnir 12 en hjer ekki nema 10, sbr. athugasemd hjer að framan II. kafla, er þess er getið, að 18. og 19. gr. D. fr. sjeu feldar niður.

Um 20. gr.

Hún þarf eigi skýringu.

Um 21. gr.

Hjer er mikil breyting gerð á gildandi reglum (2. gr. tsk. 1824 og 4. gr. laga nr. 30, 1917). Fyrst sú, að lýst skal kirkjulegri vígslu, sem borgaralegri með uppfestri auglýsingu. Önnur sú, að lýsa skal svo á heimilis- eða dvalarstað brúðguma, sem brúður. Þriðja að lýsa verður eftir atvikum erlendis og þá eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins í hvert skifti. Annars á lýsing borgaralegrar vígslu að fara fram líkt og nú eftir 4. gr. laga nr. 30, 1917. Að öðru leyti mun mega gera ráð fyrir því, að kirkjustjórnin setji nánari reglur um lýsingu.

Um 22. gr.

Að núgildandi lögum (8. gr. tsk. 1824) má varna hjónaefni með lögbanni fógeta að láta fyrirhugaða vígslu fara fram (að sinni) og á þá að birta vígslumanni bannið Þessi heimild mun ekki hafa verið notuð, sennilega bæði vegna þess, að aðalástæðan til heimildarinnar, fortakslaus meinbugur eða hjúskaparskylda, sbr. tsk. 5. mars 1734, er fágæt og svo hins, að jafnan mun nægja að aðvara vígslumann um rjett sinn, er því ætlast til að lögbannsheimildin falli niður, sbr. ógildingu 110. gr. á allri tilskipuninni frá 1824, og þá einnig á 8. gr.

Hjer eftir nægir að segja vígslumanni (lýsanda) til meinbuga, og mun það ásamt fyrirmælum 1. málsgr. 31. gr. reynast nægileg trygging, enda er ætlast til að undanþága frá lýsingu verði ótíð, sbr. athugasemd um 24. gr.

Um 23. gr.

Lýsingarvottorð verður því að eins látið hjónaefnum í tje, að annar eigi að gefa þau saman, en lýsti með þeim.

Um 24. gr.

Sje annaðhvort hjónaefna eða bæði hættulega sjúkt, þarf eigi lýsingarundanþágu fremur en nú (16. gr. tsk. 1824). Annars er ætlast til að lýsing fari fram, nema alveg sjerstaklega standi á, svo sem bráðnauðsynlegt ferðalag hjónaefna. Er það gagnstætt því, sem nú á sjer stað bæði um kirkjulega og borgaralega lýsingu, er kaupa má sig undan að ástæðulausu (2. gr. tsk. 1824 og 5. gr. laga nr. 30 1917. sbr. lög nr. 19 1899 og lög nr. 42 1909). Undanþágugjaldið er óbreytt, en fátækir þó leystir undan því.

Um 25. gr.

Í lýsingartöflunum er ráðgerður sjerstakur stöðull, (t. d. aftast á opnu) fyrir athugasemdir lýsanda, svo sem um meinbugi.

Hreppstjóra er ætlað sama gjald fyrir auglýsingaraðstoð sína og samkvæmt 7. gr. laga nr. 30 1917, en þó eigi ferðakostnaður, hafi hann átt annað (aðal)erindi á auglýsingarstað, en að festa upp auglýsinguna.

Um IV. kafla.

Það eru skiftar skoðanir um það, hvort hjónavígsla skuli vera heldur fortakslaust borgaraleg eða annaðhvort borgaraleg eða kirkjuleg eftir vild hjónaefna. Kirkjuleg er kölluð sú hjónavígsla, er prestur stendur fyrir, en önnur hjónavígsla borgaraleg. Hinu er nú tæpast haldið fram nokkursstaðar, að hún skuli fortakslaust kirkjuleg. Það er sinn siðurinn í hverju landi. Kirkjuleg vígsla er ein lögmælt í Þýskalandi og í helstu kaþólsku löndunum, Frakklandi og Ítalíu. Á Englandi og í Bandaríkjum Vesturheims er hjónaefnum sett í sjálfsvald að velja um borgaralega og kirkjulega vígslu. Í Danmörku og Noregi er enn búið við lík lög og giltu hjer á landi, þangað til lögin nr. 30 1917 komu til sögunnar. Þar er borgaraleg vígsla að eins heimil þeim, sem eigi eiga heimtingu á kirkjulegri vígslu. En fyrirsjáanlegt þykir, að þar muni lögleitt sams konar fyrirkomulag og komið er á í Svíaríki, en þar (S. l. 1. gr. 4. kap.) gildir sama fyrirkomulag og orðað er hjer.

Nú kemur að vísu flestum saman um að hjúskapur karls og konu sje í raun rjettri aðallega, ef eigi eingöngu, borgaralegs eðlis eða að minsta kosti lögfylgjur hans, væri því hugsunarrjettast að valdbjóða borgaralega vígslu sem einkavígsluháttinn. Þó er eigi lagt út á þá leið hjer. Og er það einkum vegna þess, að hjúskapur mun enn snerta þær tilfinningar í brjósti ærið margra manna, sem ekki þykir ráðandi til að rjála við með einsýnu, hugsunarjettu valdboði. Þar við bætist að fyrirkomulag þetta er svo ungt hjer á landi, jafnungt gildistöku laganna nr. 30 1917, að eigi þykir hróflandi við því þegar af þeirri ástæðu, enda annaðhvort lögtekið eða í þann veg að verða það í öllum þeim löndum, er vjer eigum

mest mök við. Loks má geta þess, að verslegum vígslumönnum mundi þurfa að fjölga þegar að miklum mun, og ykjust þá um leið útgjöld landssjóðs, ef kirkjuleg vígsla væri feld úr gildi alt í einu, án þess að þjóðkirkjan væri jafnframt afnumin.

Um 26. gr.

Hún þarf eigi frekari skýringa við en þegar er getið.

Um 27. gr.

Kirkjuleg vígsla er með tvennu móti, annaðhvort og aðallega fyrir þjóðkirkjupresti eða fyrir presti (forstöðumanni) sjerstaks löggilds kirkjufjelags.

Eftir greininni eiga hjónaefni því að eins heimtingu á kirkjulegri vígslu, að þau heyri bæði til þjóðkirkjunni (eða sama löggilta trúarfjelagi). Í því falli er þjóðkirkjupresti (löggiltum presti) skylt að verða við beiðni hjónaefnis, að sleptri 3. málsgr. 28. gr., enda sje að minsta kosti annað hjónaefna sóknarbarn hans. Heyri að eins annað þeirra til þjóðkirkjunni en hitt ekki, sje annaðhvort trúlaust eða tilheyri öðru trúfjelagi, má prestur að vísu vígja hjónaefnin, en þau eiga þá eigi heimtingu á kirkjulegri vígslu. Heyri hvorugt til þjóðkirkjunni, má kirkjuleg vígsla eigi fara fram. Aftur á móti eiga hjónaefni, sem presti er ekki skylt að vígja, eins og raunar hjónaefni innan þjóðkirkjunnar, heimtingu á borgaralegri vígslu, sbr. 29. gr. Hreinlegast væri að leggja það algjörlega á vald hjónaefna, hvort þau tækju heldur kirkjulega eða verslega vígslu, en sakir »samviskufrelsis« presta er hjer um ræddum greinarmun haldið að dæmi S. l. (2. og 3. gr. 4. kap.), D. fr. (30. og 31. gr.) og N. fr. (22. og 23. gr.).

Niðurlag greinarinnar er sanngjarnt nýmæli hjer á landi, enda svo í S. l. (2. gr. 4. kap.) og ráðgert í D. fr. (30. gr.) N. fr. (22. gr.).

Um 28. gr.

Í 3. málsgr. er það nýmæli upptekið, að prestur megi með samþykki biskups skorast undan að vígja hjónaefni, er heimtingu eiga á kirkjulegri vígslu, en hann telur sig eigi mega vígja vegna trúarskoðanna sinna. Þetta er tekið hjer lítið breytt upp úr D. fr. (31. gr.), enda þó að hvorki S. l. nje N. frv. hafi slíkt ákvæði. Ákvæðið er að vísu frjálslegra í garð prests en hjónaefna. En þar sem brúðhjón eiga sennilega altaf þann úrskost, að fá annan þjóðkirkjuprest til að gefa sig saman, vilji þau endilega ná kirkjulegri vígslu, en vel samviskusamur prestur ætti ekki annan kost á að komast undan tiltekinni hjónavígslu en að leggja niður prestsskap, þá þykir óhætt, að hafa málsgreinina svo orðaða sem hún er, í því trausti, að biskup muni að jafnaði gæta hófs á báða bóga, bæði gagnvart brúðhjónum og presti.

Um 29. gr. og 30. gr.

Enda þó að borgaraleg vígsla sje jafnheimil þjóðkirkjumönnum sem öðrum, þá er búist við því, að kirkjuleg vígsla verði enn um langan tíma aðalvígslumátinn, að minsta kosti utan kaupstaða og kauptúna. Þykir því mega gera ráð fyrir því, að bæjarfógetar og sýslumenn muni geta annað borgaralegum vígslum um nokkurn tíma, enda heimilt að nota fulltrúa sína.

Í Danmörku er sjerstökum mönnum utan kaupstaðanna, svokölluðum

vígslufógetum, ætlað að standa fyrir borgaralegri vígslu. Er ráðgert, að þar verði löggiltur, þegar eftir lögleiðing frumvarpsins, einn vígslufógeti í hverri sveit.

Hjer verður og að gera ráð fyrir fjölgun vígslumanna. En hjer mundi nægja að fjölga þeim smátt og smátt eftir því sem þörf rennur til í hverju hjeraði, og ákveða þá um leið hvar hver skuli sitja. Af því að hagsmunir almennings og vígslumanna geta rekist á, sjerstaklega ef um skipun sjerstakra vígslumanna væri að ræða, þykir rjett að veita hjeraðsstjórn (sýslunefnd eða bæjarstjórn) tillögurjett um, hvort skipa skuli sjerstaka vígslumenn, fjölga þeim eða ákveða hvar þeir skuli sitja, jafnframt og hjeraðsdómara er ætlað að segja til kosta á þeim mönnum, er líklegastir væru til starfans. Það er ólíklegt, að þessi starfi verði jafneftirsóttur sem hreppstjórastaðan, enda ólaunaður. Því viðkunnanlegra, altjend fyrst í stað, að starfskyldan sje tímabundin.

Í 3. málsgr. er vígslumanni gert að vígja jafnt utanhjeraðsmenn sem innanhjeraðsmenn, er til hans sækja, en ekki er ætlast til, að hann megi vígja hjónaefni utan umdæmis síns.

Um 31. gr.

Af því að sanna á vígsluskilyrðin, áður en lýst er með hjónaefnunum, kemur venjulega ekki til frekari sannana, þá er brúðhjón eru gefin saman, en að sýna lýsingarvottorð, standi annar fyrir vígslu en lýsingu. Þó getur risið nauðsyn á nýjum sönnunum með því að lýsingin er eigi præklusiv, enda er hún eigi einhlít, því að eigi má vígslumaður gefa hjónaefni saman, viti hann meinbugi á ráði þeirra.

Það liggur í eðli vígsluskilyrða og því að þeirra á aðallega að gæta við lýsingu, að takmarka verður tímagildi lýsinga. Að núgildandi lögum er það 3 mánuðir við kirkjulega vígslu (6. gr. tsk. 1824), en 12 vikur við borgaralega (4. gr, laga nr. 30 1917) og er síðarnefnda markinu haldið hjer. Þetta gildir þó ekki er lýsing þykir þurfa að fara fram í útlöndum, þareð þar gildandi reglur yrðu þá að ráða henni. Þess vegna er stjórnarráðinu falið að ákveða bæði, hvort lýsing skuli fara fram erlendis og hve langur lýsingarfresturinn skuli vera.

Um 32. gr.

Hún þarf eigi skýringar við.

Um 33. gr.

Meðan sýslumenn og bæjarfógetar eru borgaralegir vígslumenn, þykir verða að binda vígsluathöfnina við skrifstofu þeirra nema annað hjónaefna eða bæði sjeu sjúk eða samþykki vígslumanna komi til eða stjórnarráðið tiltaki annan stað vegna sjerstakra atvika. Þó mundi stjórnarráðið tæplega nota þá heimild meðan sýslumenn og bæjarfógetar gegna hjónavígslum, nema tiltækilegt þætti að ákveða um leið fyrirfram ákveðna, fasta vígsludaga.

Að núgildandi lögum fæst undanþága frá lýsingu kirkjuvígslu og skyldupresti (sóknarpresti) með sama brjefi og kostar alls 15 kr. Þó mun eigi þurfa að kaupa undanþágu til að láta annan prest gifta sig (2. gr. laga nr. 30, 1917). En framvegis er ætlast til að sjerstaka undanþágu þurfi til hvors um sig, lýsingarleysis, sbr. 24. gr. hjer að framan, og til vígslu utan kirkju og ráðgert að hvor um sig kosti 15 kr., en jafnframt farið fram á það nýmæli að fátæklingar fái

undanþágu kauplaust og verður undanþiggjandinn, stjórnarráðið, vitanlega að ráða því, hver skuli svo álítast.

Að núgildandi lagabókstaf (17. gr. tsk. 1824) er prestur, sennilega vegna vangæslu löggjafans, skyldur til að kosta sjálfur ferð sína til hjónavígslu, þó að hann gefi út virkan dag eða virka daga eingöngu í því skyni. Þetta ranglæti, sem væntanlega aldrei hefir viðgengist, þarf eigi að eins að fella úr lögum, heldur að ætla presti sem öðrum almennum starfsmönnum sæmilega borgun fyrir ferðir sem önnur framlög og fyrirhöfn í þarfir einstaklings, en ráðgert að stjórnarráðið ákveði borgunina með reglugerð, og þá sennilega eftir vegalengd.

Um 34. gr.

Áhersluatriðin í greininni eru í 2. málsgr. og eru tvö: samtímis gerð yfirlýsing sjálfra brúðhjónanna fyrir vígslumanni um að vilja eigast, og yfirlýsing vígslumanns þegar að því búnu til beggja um að þau sjeu þarmeð orðin hjón.

Vitanlega þarf að setja nánari reglur um hjónavígslu, bæði kirkjulega og borgaralega, líkar og nú gilda um síðarnefnda. Er stjórnarráðinu ætlað að gera það með reglugerð, og jafnframt kveða á um viðurlög við vangæslu þeirra reglna, er settar verða. Það mundi æskilegt til frekara aðhalds.

Um 35. gr.

Greinin fer eigi með nein nýmæli, að því leyti, er snertir afleiðingar af vangæslu þar umræddra fyrirmæla, fullkomið ógildi vegna brests samkvæmt fyrri málsgrein, en fullkomið gildi hjónabandsins, þótt brestur hafi verið á vígslu samkvæmt síðari málsgr. Hinsvegar mundi þurfa ógildingar til slíks hjónabands, nema vita óbær maður tæki sig til að gifta fólk. Annars heyrir þetta atriði til næsta kafla.

Um 36. gr.

Að núgildandi lögum (14. gr. tsk. 1824 og 6. gr. laga nr. 30. 1917) á aðalskrásetning framfarinnar vígslu sjer stað í embættisbók prests brúðar. Á þessu er eigi breyting gerð, enda nauðsynlegt að á vísan sje að róa um það, hvar vitneskju sje að fá um jafnmarkverða athöfn.

Hinsvegar mundi eigi rjett að binda það fastmælum laga, hversu skrásetningu skuli háttað um fram það, sem áskilið er í greininni og í 4. málsgr. 38. gr., að skrá skuli vígslugerð í vígslubók vígslumanns og geta hennar í hjónaskrá (ministerialbók prests). Nánari fyrirmæli er stjórnarráðinu ætlað að setja með reglugerð. Það eitt athugast, að gert er ráð fyrir tvennskonar embættisbókum hjá verslegum vígslumanni, nokkurs konar gerðabók (vígslubók), þar er aðaldrátta athafnarinnar er getið, og töflu, þar sem hjónavígslna er getið í tímaröð (hjónaskrá), ásamt nafnaregistri. Kirkjulegar vígslur eru nú að eins færðar í svokallaða ministerialbók ásamt skírnum, fermingum og greftrunum og mun engin nafnaskrá vera haldin við þær bækur og því sennilega allerfitt að finna sumt þar, þegar frá líður. Væri því rjett að taka að minsta kosti upp aftur registur við þær bækur, svo sem fyr mun tíðkast hafa,

Um 37. gr.

Að núgildum lögum (11. gr. tsk. 1824 og 5. gr. laga nr. 30 1917) er lög-

boðin ekkjutrygging, eitt af vígsluskilyrðum. Á þessu er gerð sú breyting, að vígslumaður megi vígja hjónaefni án sönnunar fyrir fyllingu þeirrar skyldu, en honum jafnframt boðið að skýra stjórnarráðinu frá brestinum. Er þetta að dæmi annara landa, þar á meðal Noregs og Svíþjóðar, enda landsstjórninni innan handar að halda framfæranda til að gera skyldu sína. Eftir orðalagi greinarinnar verður vígslumaður að grenslast eftir því, hvort bóndaefni sje framfærsluskyldur úr því að hann á að skýra stjórnarráðinu frá þeim tryggingarbresti, sem á kann að vera.

Um 38. gr.

Gjaldið er sama og nú (7. gr. laga nr. 30 1917).

Í 2. málsgr. er það áskilið, sbr. 2. gr. laga nr. 30, 1917, að ekki þarf að borga presti brúðar aðra vígslu en þá, er hann innir sjálfur af hendi. Upphæð gjaldsins fer eftir því sem lög eða aðrar heimildir mæla fyrir um á hvaða tíma sem er.

Um hjónaskrá og vígslubók sjá athugasemd um 36. gr.

Um 39. gr.

Það er segin saga, að löggilt trúfjelög verða sjálf að ráða þeim atriðum, sem getur um í greininni, enda getur landsstjórnin sett þau skilyrði fyrir löggildingu sinni, bæði um þessi atriði og önnur, er henni þykir þörf á.

Um V. kafla.

Að hjer gildum lögum má greina milli þriggja flokka af ástæðum til riftingar á hjónabandi. Fyrst eru ógildisástæður, þá ógildingarástæður og skilnaðarástæður. Það greinir í sundur ógildis- og ógildingarástæður annarsvegar og skilnaðarástæður hinsvegar, að fyrnefndu ástæðurnar valda ógildi »hjónabands« frá upphafi, en skilnaðarástæður slíta því að eins frá því augnabliki er dómur eða yfirvaldsúrskurður er gefinn út, en láta fortíðarlögfylgjur þess ósnortnar. Sá er aftur á móti munur á ógildisástæðum og ógildingarástæðum, að fyrnefndu ástæðurnar valda því að »hjónabandið« er sjálfógilt, þar þarf eigi dómur eða yfirvaldsúrskurður að koma til, en ógildingarástæðurnar eru eigi sjálfvirkar, heldur verður dómur (yfirvaldsúrskurður) að vekja þær til víga.

Ógildisástæðurnar að lögum vorum (tsk. 21. desember 1831, II. 2) eru svokölluð blóðskömm og tvíkvæni (og samþyktarleysi?), og eru mjög fágætar. Sennilega hefir blóðskömm og tvíkvæni verið talin ógildisástæða bæði af því hve hegningarlögin tóku hart á þeim brotum, og hve kirkjunni hrylti lengst af við þannig löguðum samförum karla og kvenna; þó hefir slíkt hjónaband aldrei verið talið lögfylgjulaust. Jafnvel tilskipun frá 1587 játar grandalausum (bonae fidei) maka í því falli og börnum slíkra hjóna, hafi annað verið grandalaust, lögfylgjur lögmæts hjónabands. En hvað sem þessu líður, þá er ekki ástæða til að halda blóðskömm og tvíkvæni sem sjerstökum flokki. Miklu fremur virðist rjett að heimta undantekningarlaust úrskurð stjórnvalda til riftingar þeim lögfylgjum, sem verða til fyrir tilverknað stjórnvalda. Er því ætlast til, að dóm þurfi til ógilding-

ar hjónabandi, er löggiltur vígslumaður hefir stofnað, hversu meingallað sem er, enda er svo mælt um í S. l. (1. gr. 5. kap. sbr. 7., 9. og 10. gr. 2. kap.), í D. fr. (44. gr.) og í N. fr. (32. gr.) og nálega í öllum öðrum löndum. Eftir því verða riftingarflokkarnir tveir, ógildingarástæður og skilnaðarástæður í þeim skilningi, sem áður greinir. En innan ógildingarflokksins er þó að dæmi flestra landa greint milli fortakslausra ógildingarástæðna (ástæðna, sem ákæruvaldið heldur fram), blóðskömm og tvíkvænis, og annara ógildingarástæðna, sem lagt er á vald hjónanna, hvort hreyfa skuli, þareð þær flestar eru lögmæltar aðallega vegna þess, að annar maki hefir blekt hinn í efnum, sem skifta mjög máli, svo sem er dulin, undanfarandi samfaravangeta (impotentia), holdsveiki og kynsýki.

Annars hefir það verið orðað, að fara með allar ógildingarástæður sem skilnaðarástæður, og mælir að vísu sumt með því. En þarsem greinarmun er haldið bæði á Norðurlöndum og innan flestra annara menningarlanda en kaþólskra (þar er víðast að eins játað ógildingu en ekki skilnaði), þá er og hjer greint milli ógildingarástæðna og skilnaðarástæðna, enda mundi almenningi hrjósa hugur við, ef játa ætti gildi blóðskammarhjónabands, ekki að eins að því er börnin snerti, heldur og fyrir hjónin sjálf, jafnvel þó að hjónunum hefði frá upphafi verið kunnugt um venslin. Þessari leið er því fremur haldið sem ætlast er til, að fortakslausum meinbugum verði eigi hreyft af ákæruvaldinu, þá er annað hjóna er látið, nema þá eftir atvikum til refsingar hinu, að einungis sýkn maki geti haldið fram (öðrum) ógildingarástæðum og að farið verði með flestar lögfylgjur ógilds hjónabands sem um skilnað hefði verið að ræða, en ekki ógildingu.

40. gr. ræðir um fortakslausar ógildingarástæður, en 41. og 42. gr. um aðrar ástæður til ógildingar, 43. og 48. gr. ræðir hinsvegar um lögfylgjur ógildingar.

Um 40. gr.

Eftir 1. málsgr. er blóðskömm og tvíkvæni fortakslaus meinbugur svo sem nú er; tvíkvæni þó með takmörkun þeirri, er leiðir af 2. málsgr. Nýmæli er það aftur á móti, eins og þegar er drepið á, að ógilda verður slíkt hjónaband og það með dómi.

Af því að ógilding hjónabands er mjög áhrifaríkt ráðstöfun, eigi að eins fyrir hjónin sjálf og börn þeirra, heldur eftir atvikum fyrir þriðja mann, t. d. viðskiftamenn hjónanna, þá er ekki ætlast til að almenningsákæruvaldið hreyfi sig til ógildingar, sje hjónabandinu slitið fyrir lát annars hjóna eða tvíkvænishjónabandi slitið af öðrum ástæðum.

Af sömu ástæðum er, auk almenningsákæruvalds, hjónunum einum leyft að hreyfa ógildingarástæðum þessum. Börnum, erfingjum og þriðja manni er það fortakslaust óheimilt, með þeirri einu undantekningu, að fyrri maka tvíkvænings er heimilt, svo sem að núgildandi lögum, að ákæra seinna hjónaband maka síns til ógildingar.

Um 41. gr.

Það er ekki ætlast til að almenningsákæruvaldið hefjist handa til ógildingar hjónabandi vegna geðveiki eða vitskorts, svo sem því er heimilað eftir norskum lögum frá 20. ágúst 1909. Hag beggja hjónanna þykir borgið með því að leggja það á vald þeirra, hvort hjónabandið skuli ógilt eða eigi.

Í fyrri málsgrein er sjúklingnum eða lögráðamanni hans fengið ákæru-

valdið. Þó er eigi ástæða til að heimila honum að krefjast ógildingar um ótiltekinn tíma eftir að honum batnaði. Verði hann heill heilsu og haldi þó áfram hjónabandinu, ætti krafa hans að vera fyrnd. En af því að þörf er á föstum fyrningarfresti, er hann hjer tiltekinn, og hinn sami og í S. l. og D. fr., 6 mánuðir frá fengnum bata til málshöfðunar.

Innan sama frests, þó ekki síðar en innan 3 ára, frá vígslu, er maka sjúklings heimilað að höfða mál til ógildingar, hafi hann eigi vitað um sjúkdóm hins þá er vígsla fór fram, og þarf eigi orðum að eyða að rjettmæti þeirrar kröfu. Hafi maki sjúklings aftur á móti vitað um sjúkdóminn, og þó látið vígja sig, þá getur hann eigi krafist ógildingar.

Um 42. gr.

Hjer eru taldar þær ástæður, sem auk ástæðna 40. og 41. gr. einar heimila ógildingu hjónabands. Og ástæður þessar verða sem ástæðurnar samkvæmt 41. gr. einungis frambornar af öðru eða hvorutveggja hjóna, en af engum öðrum, og þá heldur eigi af almenningsákæruvaldinu.

1. Í fyrsta lið er átt við hvers konar ástand, er veldur ógjörgengi aðila, svo sem óvit um stundarsakir af hvaða ástæðu sem er, megn ölvíma, dáleiðsla o. s. frv. Það er segin saga, að samþykki manns, sem svo er haldinn, getur eigi fremur bundið hann til hjúskapar en annars. »Gjörgengur að lögum« er haft hjer í rýmri merkingu en »lögráður«. Ólögráður að núgildum lögum (nr. 60 1917) eru menn einungis vegna æsku eða lögræðissviftingar. Jafnvel vitfirtur maður mundi ekki verða talinn ólögráður fyrr en hann væri dæmdur það. Hinsvegar mundi t. d. útúrdrukkinn maður ekki teljast verktækur; því fremur verður að heimila riftingu hjónabands slíks manns, þar sem ástand hans jafnvel ef til vill einnig gæti komið mjög niður á öðrum. Sókngengur á við tiltekna tegund gjörgengis (málsókn), enda notað í þeim skilningi annarstaðar í frumvarpinu, t. d. í 48. gr. og verður því eigi notað hjer.

2. liður á við, að annað hjónaefni, án þess að hinu sje um að kenna, sje vígt öðrum en til var ætlast, svo sem vegna rangrar yfirlýsingar vígslumanns eða misskilnings á vígsluathöfninni. Hvorttveggja mun reynast fátítt, en á að geta valdið ógildingu ef fyrir kemur.

3. liður lýtur að því, að annað hjónaefna hafi eigi vitað um hjer um rædda veiki hins eða »ógengi til hjónabands«, en með því orðatiltæki er átt við samfaravangetu (impodentia coeundi) en eigi við getnaðarvangetu (impodentia gerandi). Hjer er um svo mikla bresti að ræða, að þeir þykja nægja til ógildingar, jafnvel þó að sjúklingurinn hafi eigi vitað um þá sjálfur.

4. liður á við það, að annað hjónaefna hafi haft brögð í frammi eða leikið á hitt um mikilvæg atriði, annaðhvort með því að þykjast annar en er, eða með því að leyna þeim atriðum úr lífi sínu, er með rjettu mundi hafa fælt hitt frá að eiga hann. Sem dæmi síðarnefnds má nefna, að maður hafi leynt refsidómi eða konuefni þunga sínum. Annars mundu dómstólarnir ráða mestu um síðara atriði liðsins. Þó er eigi ætlast til að launung um fátækt aðila eða röng fullyrðing um ríkidæmi ráði nokkru, enda er það í samræmi við að efnahagur manns ræður nú engu um vígsluheimild.

5. liður á eigi að eins við líkamlega nauðung, sem er lítt hugsanleg svo sem hjónavígslu er háttað, heldur og við hótanir um spjöll á lífi, heilbrigði og

velferð, hvort heldur hótanin er höfð í frammi af makaefni eða öðrum eða beinist að makaefni eða nánustu venslamönnum hans. Einnig hjer ræður álit dómarans miklu.

Vitanlega verður vegna mikilvægi hjónabandsins eigi að eins fyrir hjónin sjálf heldur og fyrir aðra, og þá sjerstaklega börnin, að aðskilja tiltekinn frest til málshöfðunar. Fresturinn er jafnlangur og samkvæmt 2. málsgrein 41. gr.

Kynsjúkdóm þykir þó rjett að láta eigi valda ógildingu, hafi sjúklingurinn eigi sýkt hinn og megi álíta sjúkdóminn orðinn ósóttnæman. Aðrir ógildingargæfir sjúkdómar verða því að eins notaðir sem ógildingarástæður að þeir sjeu eigi læknaðir.

Um 43. gr.

Að núgildandi lögum (tsk. 21. desember 1831, II. 2) veldur ógilding hjónabands því, að engar lögfylgjur verði til þrátt fyrir vígsluna. Frá þessari aðalreglu er að eins til ein lögmælt undantekning samkvæmt tsk. 2. júní 1587 sú að grandalaus maki tvíkvænings (eftir atvikum tvíkvæningur sjálfur) og börn þeirra eiga engan hnekki að bíða hvorki á mannorði nje efnum sínum. Og þessi eina lögmælta undantekning er notuð sem lögjöfnunarregla um grandalausan maka í blóðskammar hjónabandi og börn þeirra.

Hjer er þessari reglu snúið við. Samkvæmt frumvarpsgreininni fer yfirleitt um afleiðingar hjónabandsógildingar sem um hjónaskilnað. Hjónabandið telst sem ógallað þangað til það verður ógilt. Lögfylgjur þess fyrir börnin og þriðja mann standa yfirleitt eftir ógildinguna. Börnin halda t. d. fæðingja- og framfærslurjetti og erfa bæði foreldri. Og þriðji maður getur gengið að eignum beggja til fyllingar þeim samningum, er hann kynni löglega að hafa gert við bónda á undan ógildingu sem umráðamann fjelagsbúsins. Ógildingin hefir aðallega áhrif á afstöðu hjónanna, hvers gagnvart hinu, og sjerstaklega á frambúðarafstöðu þeirra. Þó haldast ýmsar lögfylgjur hjónabandsins með hjónunum sjálfum altjend um stund. Kona heldur t. d. fæðingja- og framfærslurjetti þangað til hún vinnur sjer sjálfstæðan rjett.

Undantekningar frá þessari aðalreglu eru þær einar, er felast í næstu greinum, 44., 45. gr. og þær lúta að eins að fjárskiftum hjónanna, framfærslu og skaðabótum. Að öðru leyti eru afleiðingar ógildingarinnar jafnvel fyrir hjónin sjálf sem afleiðingar af hjónaskilnaði. Þess er getið, að nýgjörvingurinn »lögfylgjur« er notaður í sömu merkingu og danska orðið »Retsvirkning« og mundi vera nothæfur þangað til betra orð kynni að finnast.

Um 44. gr.

Greinin á að eins við fjelagsbú. Hafi sjereign átt sjer stað kemur ekki til fjárskifta.

Grein þessi hljóðar um fjárskifti hjónanna, og er nýmæli að því leyti, sem hún ætlast til að skiftunum verði hagað svo einnig gagnvart grandalausum maka, sem ekkert hjónaband hefði átt sjer stað, að svo miklu leyti sem hagur búsins leyfir. Þó leiðir það af því, sem sagt er um 43. gr., að löglegar eldri skuldbindingar gagnvart þriðja manni ganga á undan rjetti hvors hjóna til að taka úr búinu alt það, er það lagði í búið, sbr. orðin »tekur . . . . . af óskiftu«, enda er svo fyrir mælt, að hluti beggja lækki hlutfallslega, hrökkvi búið ekki til þess að

hvort fái sitt óskert. Auk þess eru gjafir afturtækar, þó með því skilyrði, að eigi sje orðnar lögleg eign þriðja manns á undan ógildingu, sbr. næst á undan.

Um 45. gr.

Sje hjónaband ógilt vegna blóðskammar eða tvíkvænis, getur grandalaus maki heimtað bætur af hinum, er vissi um meinbuginn.

Slíkt hið sama gildir um grandalausan maka, hafi hjónaband verið ógilt vegna geðveiki ógildingardómhafa samkvæmt fyrri málsgr. 41. gr. eða vegna ógildingarástæðna eftir 42. gr., hafi stefndum í skaðabótamálinu verið kunnugt um ógildingarástæðuna; aftur á móti getur stefndandi samkvæmt 2. málsgr. 41. gr. eigi krafist bóta. Honum er látin nægja ógilding og fjárskifti, nje heldur verður bóta krafist af hendi grandalauss stefnds.

Bætur samkvæmt grein þessari verður dómarinn að tiltaka eftir beggja kjörum, þörf bótaþega og efnahag bótagjaldanda. Vegna þess, að hætt væri við, að sannanir spiltust ef draga mætti bótakröfuna, er áskilið að hún sje gerð um leið og ógildingar er krafist, enda sanngjarnt gagnvart bótagjaldanda, þótt brotlegur sje, að kröfu sie eigi haldið yfir höfði hans lengur en þarf.

Væri stefndi efnamaður, mundi einn tiltekinn gjalddagi að jafnaði verða ákveðinn, en ella fleiri gjalddagar (periodisk).

Um 46. gr.

Hjer umrædd regla er samkvæm 2. gr. fátækralaga 1905, þá er hjón skilja, en ólík tillögum frumvarpsins um framfærslu hjóna eftir hjónaskilnað. Fyrirmæli greinarinnar gilda jafnt, er almenningsákæruvaldið lætur ógilda hjónaband og þá er ógilding fer fram eftir kröfu annars hjóna, enda þó að viðurhlutameira sje að svifta hið sýkna framfærslurjetti í fyrra fallinu. En þar bætir það stundum nokkuð úr, að dómarinn getur ákveðið því hjónanna bætur á tilteknum gjalddögum.

Um 47. gr.

Enda þó að eigi væri óeðlilegt, að rjettur konu til að kenna sig til manns síns fjelli niður af sjálfu sjer er hjónabend þeirra væri ógilt, þá er þó reglu D. fr., sem er samkvæm S. l. (8. gr. 5. kap.), haldið, enda frjálslegra, að maðurinn sje þar eigi alveg áhrifalaus úr því að fráskilin kona má heita einráð um það eftir 3. gr. nafnalaganna nr. 41,1913, hvort hún heldur nafni manns síns eða kastar því.

Um 48. gr.

Sje ógildanlegu hjónabandi slitið vegna dauða annars hjóna eða vegna hjónaskilnaðar, er ekki framar um ógildingu að ræða, af hverri ástæðu sem hjónabandið er ógildanlegt. Tilgangi ógildingarinnar, hneykslunarhellu almennings, hafi um ógildanlegt hjónaband vegna blóðskammar eða tvíkvænis (40. gr.) verið að ræða, er þá rutt úr vegi og lausn fengin til handa eftirlifandi maka, hafi hjónabandið verið ógildanlegt eftir kröfu annars hjóna (41. og 42. gr.).

En með því er engan veginn sagt, að eftirlifandi maki — um skilnað vegna ástæðna samkvæmt 40., 41. og 42. gr. þarf eigi að ræða — hafi fengið fullar bætur eða að erfingjum hins látna sje altaf borgið. Hjónavígslan ein út

af fyrir sig leiðir enn að vorum lögum fullkomna sameign allra eigna annars hjóna yfir bæði. Úr þessu þarf að greiða bæði vegna eftirlátins maka og erfingja hins látna. Enn fremur kann látinn maki beint að hafa leitt það tjón yfir hinn eftirlifandi, að ranglátt væri að neita um bætur fyrir það.

1. málsgr. (og 4.) ræðir um hjónaband, sem ógilda hefði mátt vegna blóðskammar eða tvíkvænis (40. gr.), en 2. og 3. málsgr. um hjónaband, sem ógilda hefði mátt samkvæmt kröfu annarshvors hjóna af öðrum ástæðum (41. og 42. gr.).

Hafi hjónabandið verið ógildanlegt samkvæmt 40. gr., en annað hjóna látist áður en dómur gekk, getur eftirlifandi maki, hvort sem hann hefir verið sýkn eða sekur, fyrst og fremst krafist fjárskifta samkvæmt 44. gr. hafi sameign verið með hjónunum að meira eða minna leyti. Auk þess getur eftirlifandi maki, hafi hann verið grandalaus, krafist bóta samkvæmt 45. gr. — Og enn geta erfingjar hins látna krafist fjárskifta samkvæmt 44. gr., en skaðabóta samkvæmt 45, gr. geta þeir eigi krafist, þó að látinn maki hafi verið grandalaus.

Hafi hjónabandið verið ógildanlegt af ástæðum, sem hjónin ein rjeðu, hvort hreyfa skyldi eða eigi (41. og 42. gr.) kemur 2. málsgr. 48. gr. fyrst til skoðunar:

Hafi maki látist áður en ógildingarmál er höfðað og áður en málshöfðunarfrestur var á enda (6 mánuðir eða í síðastalagi 3 ár frá vígslu), getur eftirlifandi maki, hvort sem hann var grandalaus eða ekki, svo og erfingjar hins látna alt af krafist fjárskifta samkvæmt 44. gr. Auk þess getur eftirlifandi maki, hafi hann verið grandalaus, eftir atvikum, krafist bóta samkvæmt 45. gr. Erfingjar látins, grandalauss maka geta aftur á móti ekki krafist skaðabóta.

Hafi ógildingarmál verið höfðað, en sækjandi málsins síðan andast áður en dómur gekk eða svo ástatt um hann sem segir í (3. málsgr.), þá hafa erfingjar hins látna ekki rjett til að fá ógildingarkröfunni framgengt, nje heldur til að fá bætur samkvæmt 45. gr., en rjettur þeirra snýst í því falli upp í að heimta fjárskifti samkvæmt 44. gr., og þeim getur jafnvel einn erfingi gegn mótmælum hinna fengið framgengt. Samkvæði allra um slíka kröfu verður ekki heimtað, þarað hagsmunir þeirra geta verið sundurleitir.

Allra hluta vegna verður að binda kröfuna við stuttan fyrningarfrest; 4. málsgr. setur 6 mánuði frá andláti.

Sje hið áður látna tvíkvæningur, lætur hann í rauninni tvær ekkjur á lífi eftir sig. En nú eignast ekkja oft ýmislegt verðmæti eftir mann sinn, stundum beint að lögum, svo sem eftirlaun, hafi maðurinn verið eftirlaunaður embættismaður, nokkur atvinnurjettindi o. s. frv., eða þá beint vegna ráðstafana mannsins, svo sem keyptan framfærslueyri. Nú geta atkvik að vísu legið svo, að enginn vafi leiki á um hvor skuli hreppa tiltekið verðmæti, maðurinn hefir t. d. keypt framfærslustyrk eftir sinn dag á nafn annarar konu sinnar, enda hreyfir 4. málsgr. eigi við slíkri ráðstöfun, og fellur þá alt í ljúfa löð. En oftast mundi »ekkjan« að eins nefnd, enda svo tekið til orða í mörgum hjer að lútandi lögum. Í því falli þarf úrgreiðslu löggjafans og hún er hjer ætluð á þá leið, sem langoftast mun rjettlátust: Verðmætið er ætlað þeirri ekkjunni, er fyr átti tvíkvæning. Deyi konan fyr, og hafi átt tvo bændur, gildir vitanlega sama um eftirlaun og annað slíkt eftir hana.

Um 49. gr.

Hafi eftirlifandi maki neytt rjettar sins samkvæmt 1. og 2. málsgr. 48. gr., það er, annað tveggja tekið úr sameignarbúinu alt, sem hann lagði í það, eða fengið bætur af hluta hins samkvæmt 45. gr., þykir eigi ástæða til þess að láta eftirlifandi maka auk þess erfa hinn látna, enda tapast erfðarjettur hjóna samkvæmt 17. gr. erfðatilskipunarinnar 1850 bæði við lögskilnað og borð og sængurskilnað. Aftur á móti er ætlast til að hann haldi lögmæltum rjetti sínum, hafi fjárskiftakrafa samkvæmt 44. gr. verið gerð af hendi erfingja hins láta.

Um VI. kafla.

VI. kafli D. fr., sem ræðir bæði um skilnað að borði og sæng og um lögskilnað, er hjer skift í tvent og er íslenzka frumvarpið því einum kafla lengra en D. frv. VI. kafli snýst um borð og sængurskilnað.

Skilnaður að borði og sæng hefir hjer á landi verið notaður eins og í Danmörku og Noregi, sumpart sem undirbúningsstig undir lögskilnað og sumpart sem sjálfstæð samvistaslit. Í Danmörku leiðir ekki nema 3. hver borð- og sængurskilnaður til lögskilnaðar. Hjer vantar skýrslu um það. Borð- og sængurskilnaður er nú lögmæltur í Svíaríki (hemskilnað) með 1. og 2. gr. 6. kap. hjúskaparlaganna frá 1915 og er þar veittur af dómstólunum. Í Danmörku veitir valdstjórnin nú leyfi til borð- og sængurskilnaðar, en eftir nýja frumvarpinu er valdstjórninni (háyfirvöldunum) því að eins ætlað að veita hann, að hjónin sjeu sammála (54. gr. frumvarpsins), en ella dómstólunum (55. gr.). Í Noregi veitir valdstjórnin borð- og sængurskilnað og á framvegis að gera það eftir nýja frumvarpinu, amtmenn, sjeu hjónin sammála, en ella konungur.

Borð- og sængurskilnaður hefir gefist vel hjer á landi, bæði sem sjálfstæð samvistaslit án eftirfarandi lögskilnaðar og sem undirbúningur undir lögskilnað. Valdstjórnin hefir veitt leyfi til hans, sýslumenn og bæjarfógetar, er hjónin hafa verið ásátt um öll skilnaðarkjör, en stjórnarráðið ella, og ekki kunnugt um að valdstjórnin hafi misbeitt því valdi sínu. Þykir því hvorki ástæða til að breyta sjálfum skilnaðinum nje taka veitingarvaldið af valdstjórninni. Miklu hentara, eftir því sem hjer á landi hagar til, að láta valdstjórnina fara með veitinguna likt og í Noregi, heldur en að fela það dómstólunum að nokkru eða öllu leyti, enda hafa dómstólarnir verið litt eða eigi notaðir til lögskilnaðar.

Um 50. gr.

Vitanlega getur ekki komið til mála að halda hjónum saman, sem ásátt eru um að slita samvistir, enda er þeim í því falli ætluð jafn-auðveld leið til þess sem hingað til.

Um 51. gr.

Að núgildandi lögum, 13. gr. stjórnarskrárinnar (og að öðru leyti aðallega eftir venju), er valdstjórnin yfirleitt ekki skyld að veita leyfi og undanþágu í tilteknu falli. En eins og löggjafinn getur tekið og hefir tekið af henni vald til tiltekinna leyfisveitinga, eins ætti honum að vera frjálst að skylda hana til að veita

tiltekin leyfi er sjerstaklega stendur á, enda dæmi til þess, sbr. t. d. 29. gr. laga nr. 3,1900. Hjer er því síður ástæða til að skirrast við skylduveitingu, sem konungi er ekki ætlað að veita leyfið.

Væntanlega þykja ástæður þær, er greindar eru í greininni, nógu sterkar til að heimila skilnað að borði og sæng eftir kröfu annars, og þá, eftir atvikum, gegn mótmælum hins, svo sem nú er lögmælt í Svíaríki, enda mun það vera orðin nokkurnveginn föst venja að neita nú eigi um borð- og sængurskilnað, er svo er ástatt sem getur í 1. málsgrein. Hitt gæti fremur komið til mála, að gera þær ástæður umsvifalaust að lögskilnaðarástæðum. Það er þó látið ógert hjer, aðallega af tveim ástæðum. Önnur sú, að þá mundi með ástæðutilbúningi til málamynda full auðvelt að ná lögskilnaði, enda hefir bið sú, er borð- og sængurskilnaður hefir í för með sjer, ósjaldan leitt til samvista og stundum til bóta. Hin, að telja má víst, að Danir og Norðmenn lögleiði lík ákvæði innan skamms.

Að því er sjerstaklega snertir ástæðu þá, er greinir í 2. málsgrein, megnt ósamlyndi, þykir fyrirvarinn í niðurlagi greinarinnar nauðsynlegur, þar eð annað hjóna gæti ella með vítaverðu háttalagi sínu (einu saman) fengið skilnaðarvilja sínum framgengt.

Um 52. gr.

Nú reynir prestur og valdsmaður að miðla málum með borð- og sængurskiljandi hjónum. Sáttaumleitun fyrir valdsmanni miðar að eins að því að ná samkomulagi um lögfylgjur skilnaðarins.

Sáttaumleitun fyrir sáttanefnd á nú að geta komið í stað sáttaumleitunar fyrir presti, ef bæði hjónin óska þess eða bæði heyra eigi til sama trúfjelagi Ákvæðum tsk. 18. október 1811 og opins brjefs 10. febrúar 1818 er haldið hjer. (og í 71. gr.) og eldri ákvæðin því afnumin í 110. gr. Að öðru leyti þykir eigi ástæða til að fara frekar í greinina, sem er nokkuð breytt frá 77. gr. D. fr.

Um 53. gr.

Í grein þessari og 6 næstu greinum ræðir um lögfylgjur borð- og sængurskilnaðar, fjárskifti, framfærslu annars á hinu, beggja á börnum og foreldravald yfir börnunum.

53. gr. (66. gr. D. fr.) ræðir um fjárskifti og fer með það nýmæli í orði kveðnu, að fjárskifti skuli þegar fara fram með hjónunum. En svo hefir oftast orðið í framkvæmdinni, þó að sameign geti haldist laganna vegna.

Skiftin fara fram eftir gildandi lögum. Þó er ætlast til þess, að það hjóna, í framkvæmdinni sennilega oftast konan, sem heldur börnunum, og hefir þá um leið heimilishald áfram, fái innanstokksmuni og aðrar nauðsynjar til heimilishalds, er borð- og sængurskilnaður verður vegna framfærslutregðu eða drykkjuskapar eða annara lasta hins. Þetta nýmæli mundi því sanngjarnara, sem hitt hjóna mundi í slíku falli sjaldan stofna heimili fyrst um sinn, heldur hola sjer niður hjá öðrum. Og er því óísjárverðara sem eigi ósvipaðrar ívilnunar kennir jafnvel gagnvart skuldheimtumönnum, sbr. 27. gr. laga nr. 19, 1887 og 13. gr. laga nr. 7, 1894, enda svo í 18. gr. 6. kap. S. l.

Um 54. gr.

Samkvæmt 2. gr. fátækralaganna er hvoru hjóna um sig skylt að fram-

færa hitt meðan hjónabandinu er eigi slitið að lögum. Konan að lagabókstafnum til eigi siður en bóndinn. Þó geta hjónin, sem oftast eru fjárráð, konan verður það alt af við borð- og sængurskilnað, leyst sig undan þessari skyldu hvort gagnvart öðru, en vitanlega eigi gagnvart framfærslusveit. Því er svo til orða tekið í greininni (68. gr. D. fr.), að ákveða skuli í skilnaðarleyfinu »hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt«. Það er hjónunum fyrir bestu og óbeinlínis sveit þeirra, að þetta — framfærsluskylda hjóna hvors gagnvart öðru — sje útgert þegar í stað, enda mun svo langoftast verið hafa. Mælikvarða framfærsluupphæðar þarf væntanlega eigi að útlista, nje heldur hitt, að skilnaðarvaldur fái engan styrk af hinu, »nema sjerstaklega standi á«. Með auðkendu orðunum er átt við, að ósjálfráð atvik geti haft nokkur áhrif á skilnaðarástæðu, svo sem sjúkdómur á framfærslutregðu. Eftir því sem hagar til á landi hjer, mundi framfærsluskyldan, hjer eftir sem hingað til, langoftast lenda á bóndanum.

Um 55. gr.

þarf væntanlega eigi að orðlengja. Nýmæli, frá því sem nú tíðkast venjulega, mun eigi annað í greininni (70. gr. D. fr.) en það, að ætlast er til að foreldravaldið yfir tilteknu barni sje óskift hjá öðruhvoru foreldri en eigi hjá báðum. Og er það áskilið til þess að reyna að girða fyrir óheppilegar afleiðingar af ef til vill gagnstæðum og óvildarfullum áhrifum annars foreldris á barnið í hins garð. Annars verður leyfisveitandi að ráða mestu um það »hvað börnunum er fyrir bestu«. Það fer eftir atvikum í hverju falli.

Um 56. gr.

Samkvæmt 3. gr. fátækralaganna er hvoru foreldri um sig skylt, hvort heldur sameign eða sjereign er með þeim, að framfæra börnin. Sjeu bæði foreldrin jafnvel stödd, mundi að jafnaði sinn helmingur framfærslukostnaðar lenda á hvoru um sig. Annars er leyfisveitanda ætlað að skifta framfærslu barna eftir álitum á öllum hag beggja, þareð heppilegast er, að út sje gert um þetta sem annað, allra aðstandenda vegna, þegar í stað.

Greinin svarar til 71. gr. D. fr.

Um 57. gr.

Greinin (72. gr. D. fr.) fer tæplega með nýmæli með því að ætla má, að breyta megi þegar ákveðnum meðlögum. Þó er orðaður fyrirvari um að einskorða megi framlag annara hjóna með hinu. Er sjálfgefið að fjárráð hjón geti samið svo um að gilt sje sín á milli, enda oft nauðsynlegt öðru eða báðum að vita þegar vissu sína í þessu efni. En ætlast er til að leyfisveitandi geti einskorðað meðlagið án samkomulags. Verði að telja áríðandi fyrir annað eða bæði, að svo sje gert.

Um 58. gr.

Enda þó að gera megi ráð fyrir, að eigi verði hróflað við hjer umræddum samningum að jafnaði, sjeu aðilar fjárráðir og samningarnir að öðru leyti lögum samkvæmir, svo sem kaupmálaforms gætt þar sem það er áskilið, þá þykir þó verða að opna því hjóna, er ofhart hefir orðið úti, t. d. af því að hitt hefir leikið á það, leið til leiðrjettingar og verður hún auðvitað að liggja um dómstól-

ana, eigi foreldrin ein hlut að máli. En hins vegar eðlilegast, að leiðrjettingarvaldsins sje auðleitað, er foreldrin hafa samið um framfærslu barnanna. Er því yfirvaldinu þar ætlað leiðrjettingarvaldið, enda umsjá með börnum og öðrum framfæringum hjá yfirvaldinu. Að öðru leyti þarf greinin (73. gr. D. fr.) naumast skýringa við.

Um 59. gr.

Með því að eigi þykir rjett að gera maka að skilgetnum börnum lægra undir höfði en óskilfengnum mæðrum, þykir rjett að þau njóti og hinnar hagkvæmu innheimtu 9. gr. fátækralaganna. Með orðunum »að svo miklu leyti sem þær eiga við« er sjerstaklega átt við, að í stað þarnefnds meðlagsúrskurðar komi skilnaðarleyfi og að ákvæði fátækralagagreinarinnar um meðalmeðlag komi hjer eigi til skoðunar. Samsvarandi ákvæði greininni (74. gr. D. fr,) vantar S. l., en lík ákvæði og eru í 2. málsgrein eru í N. fr. (65. gr.).

Um 60. gr.

sem er samræm núgildandi reglum og bæði í S. l. (27. gr. 6. kap.) og í D. fr. (76. gr.) en eigi sjerstaklega orðuð í N. fr., þarf eigi athugasemd.

Um III. kap.

Af 20 greinum kafla þessa ræða 10, 61.—70. gr. um skilyrði lögskilnaðar, 2, 61. gr. niðurlag og 71. gr., um það hversu skilnaður fæst og 9, 72.—80. gr., um lögfylgjur skilnaðar.

Um skilnaðarskilyrðin eða um það fyrir hverjar orsakir skilnaður fæst, skal þess þegar minst, að hjer er að eins átt við þær orsakir, er slíta lögfylgjum hjónabands frá þeim degi er skilnaðarúrskurður, dóms eða stjórnarráðs, gengur Um ógildingarástæðurnar eða þær orsakir, er varða ónýtingu hjónabands frá upphafi, er rætt áður, sjá athugasemdir um 40.—42. gr. Verður sumra ákvæða síðarnefndra greina í þessum kafla getið síðar.

Annars má segja, að skilnaðarástæðurnar í nýnefndum skilningi verði yfirleitt hinar sömu og áður, enda verður þar að gæta mikillar varúðar. Hjónabandið verður enn að teljast affarasælasta mótið fyrir samfarir karls og konu, eigi að eins fyrir aðilana sjálfa, einkum konuna, heldur sjerstaklega fyrir börnin og þar með óbeinlínis fyrir alt þjóðfjelagið. Ákvæði flestra þjóða á því sviði eru með hinum allra elstu, t. d. eru aðalákvæði vor um skilnað hjóna frá 1587. Mun af því mega marka, að hjónabandið sje í eðli sínu allsamgróið mannlegu eðli eða þó að minsta kosti ekki fallið til þess að gera tjeðar breytingar á aðaldráttum þess, enda hefir það alstaðar reynst svo.

Það er örðugt að segja ákveðið um þær breytingar, er frumvarp þetta kann að gera á skilnaðarástæðum þeim, er nú gefast. Kemur það aðallega af því, að svo má heita, að skilnaður sje nú eingöngu veittur af landsstjórninni, eigi að eins vegna lögmæltra ástæðna, dómsástæðna, heldur og eftir álitum samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar, en stjórnin hefir eigi birt og birtir eigi slíka úrskurði. Stjórnarráðið hefir að vísu góðfúslega gefið höfundi þessara athugasemda kost á að kynnast undirtektum sínum undir skilnað frá því er stjórnarráðið fluttist heim,

en það er of stuttur tími til þess, að bygt verði á, enda tilfellin eðlilega eigi mörg með svo fámennri og dreifðri þjóð. Samanburðurinn milli þess, sem er, og ráðgert er að verði, er því ábyggilegri um ástæður þær, er kallaðar eru dómsskilnaðarástæður (lögmæltar) en um hinar, sem dómstólarnir mega eigi taka til greina, en yfirvöldin geta veitt skilnað fyrir.

Dómsskilnaðarástæður eru nú, 1. hór, 2. tvíkvæni, 3. brotthlaup (desertio), 4. útlegð, og 5. lífstíðarfangavist. Af þessum er nr. 1.—3. haldið, sbr. 66,, 65. og 63. gr. Aftur á móti er útlegðar, sem nú eigi er hugsanleg nema samkvæmt 17. gr. hegningarlaganna, og eigi raungæf í því falli, vegna þess að varnarþing mundi oftast vanta til málshöfðunar, eigi getið sem skilnaðarástæðu, nje heldur lífstíðarfangelsis. En um báðar þessar ástæður má segja, að þær geta komið til skoðunar sem ógildingarástæður samkvæmt 42. gr. 4. lið, sbr. orðatiltækið »villa heimildir á sjer eða með því að leyna atvikum úr lífi sínu o. s. frv.«. Auk þess væri ugglaus heimild fyrir veitingu skilnaðar vegna lífstíðarfangelsis sem refsingar, úr því að jafnvel refsidómur til 2 ára fangavistar nægir samkvæmt 69. gr.

Hinsvegar er 3 ára hvarf hjer lögmælt skilnaðarástæða (64. gr.), kynsýki (67. gr.) og misþyrming, hvort heldur á maka eða börnum (68. gr.), en engin þessara ástæðna er beint skilnaðarástæða að núgildandi lögum. Þó er ekki ósennilegt, að hvarfi og misþyrmingu geti verið þannig háttað, að gera mætti sjer von jafnvel um dómsskilnað samkvæmt lögjöfnuði frá reglunum um brotthlaup í tsk. 1587. Og að minsta kosti hefir umboðsstjórnin veitt skilnað af þeim ástæðum, og er þá ekki um fjölgun skilnaðarástæðna að ræða nema í orði kveðnu. Kynsjúkdómur er eins og þegar hefir verið drepið á meðal ógildingarástæðna þeirra, er maki hefir vald á samkvæmt 42. gr. 3. lið. Er því þegar af þeirri ástæðu eðlilegt, að sóknbærum maka sje heimilað að krefjast hins minna, sem sje skilnaðar, 67. gr. nær þó, eins og nánar skal sýnt þegar að henni kemur, lengra en 3. liður 42. gr., og er að því leyti um nýja lögmælta skilnaðarástæðu að ræða og jafnvel um nýja skilnaðarástæðu, hafi umboðsstjórnin eigi veitt skilnaðarleyfi af þeim ástæðum. En að því sleptu verður sú skilnaðarástæða að teljast rjettmæt ekki síst er kynsýki er lögmælt sem ógildingarástæða, jafn afleiðingarík og kynsýki nú er talin.

Þær ástæður, er umboðsstjórn hefir veitt skilnað fyrir, að sleptum lögmæltu ástæðunum (dómsskilnaðar), eru aðallega 1. eftir 3 ára borð- og sængurskilnað, 2. eftir 3 ára samvistaslit án leyfisbrjefs, 3. vegna refsidóms til að minsta kosti 3 ára betrunarhúsvinnu, 4. vegna ólæknandi geðveiki, 5. vegna langgæfrar samfaraneitunar og 6. vegna leynds þunga konuefnis af völdum annars en bóndaefnis. Af ástæðum þessum eru 4 hinar fyrstnefndu beint orðaðar í frumvarpinu, sjá 61., 62., 70. og 69. gr. Hinar eru aftur á móti ekki orðaðar fremur en í núgildandi lögum. Dulin þungi mundi þó sennilega geta verið ógildingarástæða samkvæmt 4. lið 42. gr. og ef til vill gæti samfaraneitun verið svo háttað, að orða mætti lögjöfnun frá reglunum um brotthlaup, og væri í þessu þá að eins um fjölgun í orði að ræða.

Eins og þegar er drepið á er úrskurðarvaldið að núgildandi lögum sumpart hjá dómstólunum og sumpart hjá umboðsstjórninni, þann veg að hjón geta leitað dómstólanna út af lögtilteknum ástæðum og eigi öðrum, en umboðsstjórnarinnar bæði út af þeim ástæðum og öðrum. En í reyndinni hefir þetta farið svo, að umboðsstjórnarinnar er nú nálega eingöngu leitað og ber margt til þess. Senni-

lega hefir mestu ráðið, að sú leið er fljótfarnari og kostnaðarminni en dómstólaleiðin, auk þess sem hún er áferðarfallegri, líklegri til þess að halda megi oft meira eða minna viðkvæmum atvikum í lágmæli, enda sennilega fá eða engin dæmi þess, að umboðsstjórnin hafi misbeitt valdi sínu.

Eftir D. fr. er dómstólunum einum ætlað úrskurðarvald, er hjón greinir á, sbr. 57.—65. gr. þess frumvarps. Eftir 6. kap. S. l. fæst skilnaður þar í landi að eins með dómi. Eftir 9. gr. N. l. frá 20. ágúst 1909 er úrskurðarvaldið og hjá dómstólunum að sleptum úrskurði konungs út af 2 ástæðum (geðveiki eftir vígslu og samvistaslit, sbr. 7. og 8. gr.).

Allar áðurnefndar ástæður eru líklegar til þess að hafa allmikið frambúðargildi hjer á landi. Er því umboðsstjórnarleiðinni haldið sem einkaleið í 61. gr. er hjónin eru sammála um skilnað og skilnaðarkjör, en hjónum, sem ber á milli, leyft að fara hvort heldur til umboðsstjórnarinnar eða dómstóla, eftir því sem þau kjósa, þó með þeirri viðbót, að umboðsstjórnin getur heimtað rjettarskýrslu áður en hún veitir skilnaðarleyfi eða jafnvel vísað málinu alveg frá sjer, telji hún það eigi nægilega upplýst eða vafasamt, 71. gr. Þetta fyrirkomulag mun eftir öllum atvikum heppilegast hjer á landi, meðal annars vegna erfiðleika um málarekstur hjer, sjerstaklega til sveita, þar sem lítt kleyft er að ná til málaflutningsmanna. Með þessu fyrirkomulagi geta þeir, sem kynnu að treysta dómstólunum betur og eigi skirrast við aukna fyrirhöfn, þegar í upphafi leitað dómstólanna og þeir, sem umboðsstjórnin kynni að vísa frá sjer, einnig lagt mál sitt undir þá og yrðu þannig betur settir en þeir, sem nú leita umboðsstjórnarinnar án lögmæltra skilnaðarástæðna og fá nei, því að þeir komast eigi lengra. Um lögfylgjur lögskilnaðar er vísað til athugasemdanna hjer að framan um lögfylgjur borð- og sængurskilnaður, sjá um 53. og 59. gr. Það sem milli ber, mun verða athugað við hlutaðeigandi greinir.

Að svo mæltu er vikið að einstökum greinum.

Um 61. gr.

Nú fá hjón að jafnaði eigi lögskilnað fyrr en eftir 3 ára borð- og sængurskilnað. Hjer eftir á eigi að þurfa nema 1 ár, sjeu hjónin sammála, og ella eigi nema 2 ár og mun það eftir atvikum nægur reynslutími, enda svo samkvæmt D. fr. og samkvæmt N. l. frá 1909. Samkvæmt 3. gr. 6. kap. S. l. getur hvort um sig aftur á móti heimtað skilnað eftir 1 árs bið.

Að núgildandi lögum (tsk. 23. ágúst 1904, I. j. sbr. tsk. 21. desember 1831, I. d.) fá hjón, eftir 3 ára borð- og sængurskilnað og ítrekaða sáttaumleitun fyrir presti og valdsmanni, leyfi til lögskilnaðar hjá sýslumanni eða bæjarfógeta, sjeu þau sammála um skilnaðarkjör. Af því að biðtími hjónanna er nú mjög styttur, en ekki þykir ráðlegt að hætta á að losað sje of mikið um hjónabandið, þykir varlegra að stjórnarráðið láti úti skilnaðarleyfið, altjend fyrst í stað, meðan reynsla er að komast á. Mætti svo síðar láta sýslumann og bæjarfógeta taka við, því er bætt við greinina heimild til breytingar um þetta atriði með konunglegri tilskipun. Sáttaumleitun fyrir valdsmanni þarf til lögskilnaðar sem til borð- og sængurskilnaðar, sbr. athugasemd um 52. gr.

Um 62. gr.

Líkt núgildandi venjuveitingu umboðsstjórnar, nema hvað hjónin bæði í

þessu falli og öðrum föllum eiga veitinguna nú, að minsta kosti í orði kveðnu, undir högg að sækja er þau leita umboðsstjórnarinnar, en eiga eftir frumvarpinu jafnt heimtingu á henni af hendi stjórnvalda sem af hendi dómstóla. Niðurlag greinarinnar á að varna því, að menn »geri í« skilnaði með einhliða, vítaverðu háttalagi, sbr. það, sem sagt er um 51. gr.

Um 63. gr.

Að núgildandi lögum (tsk. 1587) heimilar »brotthlaup« hjónaskilnað eftir 3 ár, hafi hið yfirgefna hvorki samþykt brottför hins nje hitt haft lögmæta ástæðu til brottfarar (desertio malitiosa). Fresturinn er hjer styttur um 1 ár að dæmi D. fr., 5. gr. 6. kap. S. l. og 6. gr. N. l., enda samgöngur nú meira en þriðjungi greiðari en áður var, bæði milli landa og innan lands. En 7 ára brottvist annars maka án upphaflega rjettmætrar brottfarar (desertio simplex) er hjer slept, með því að skilnaður mundi fást af þeirri ástæðu þegar eftir 3 ár, annaðhvort samkvæmt 62. gr. eða að minsta kosti borð- og sængurskilnaður eftir 51. gr. Annars er ekki hróflað við sjálfu brotthlaups hugtakinu.

Um 64. gr.

Auk þess, sem tekið er fram í athugasemdum um upphaf kafla þessa, skal þess eins getið hjer, að það skilur »hvarf« annars vegar og samvistaslit eftir 62. og 63. gr. hinsvegar, að í fyrra fallinu er eigi um ólögmæt samvistaslit að ræða. Greinin mundi einkum koma til framkvæmda er spurnir hefðust eigi framar af manni, er farið hefði eitthvað lögmætra erinda sinna, svo sem af því að skip kæmi eigi fram. Greinin er æskileg, enda líklegt að umboðsstjórnin hafi veitt skilnaðarleyfi, er svo hefir staðið á.

Um 65. gr.

Refsivert tvíkvæni mundi að jafnaði leiða til ógildingar af hendi ákæruvalds, samkvæmt 40. gr. Þó þarf eigi svo að vera, enda er hvorum maka um sig og eldri maka tvíkvænings heimilaður skilnaðarrjettur í 3. málsgrein nýnefndrar greinar. Eldri maki mundi sennilega ósjaldan nota heimildina og grandalaus maki tvíkvænings stundum. Aftur á móti er tvíkvæningi ekki ætluð not hennar, eins og á að sjást á niðurlagi greinarinnar. Málshöfðunarfrest þykir verða að setja, og er hann ákveðinn 6 mánuðir í samræmi við aðra fresti.

Um 66. gr.

Hór hefir langa lengi verið og er enn skilnaðarástæða í öllum löndum, þar sem skilnaður á annað borð er lögheimilaður. Er það hjer á landi samkvæmt tsk. 1587 og þar bundinn ýmsum skilyrðum, svo sem að hitt hjóna sje sýknt af sams konar yfirsjón og þykir ekki lengur haldandi í það. Aftur á móti er haldið ákvæðinu, að samþykki (fyrirgefning) sem vitanlega getur lýst sjer svo í athöfn, (t. d. samsængan) sem í orði, spilli málshöfðunarrjetti sækjanda. Niðurlag 1. málsgreinar á og að girða fyrir það, að maki, sem komið hefir hinu til brotsins eða stutt að því, (»Rufferi«), geti fengið skilnað og er að því leyti til einnig haldið áskilnaðinum um að skilnaðarbeiðandi skuli eigi hafa gefið hinu sjerstakt tilefni til »fallsins«. Það er ætlast til, að hór sje skilnaðargæfur þó að hendi borð- og sængurskilin maka, og þá því fremur samvistaslitin, án leyfis.

Auk hórs er »saurlifnaðarverk« og talið skilnaðargæft og er það nýmæli. S. l. (8. gr. 6. kap.) áskilja »annan straffbar utukt« og N. l. (51. gr.) »anden strafbar utugtig omgengelse«, en D. fr. »andet usædeligt Forhold«. Það er ætlast til að hór sje skilnaðargæfur, þótt ekki verði refsað fyrir hann, t. d. vegna 68. gr. hegningarlaganna. Því er ekki hægt að nota lík orðatiltæki og eru í S. l. og N. fr. Og danska orðalagið, sem verður að leggja alt á vald dómarans, þykir of óákveðið og of rúmt. Ástæðan til hjónaskilnaðar vegna hórs, er sennilega, altjend með fram, sú, að það brot lýsir að minsta kosti oft svo miklu fráhvarfi frá hinu og þá oft um leið aðdrætti að samfaraaðila og snerti svo viðkvæma strengi hjá hinum maka, að hæpið sje farsælt framhald hjónabandsins úr því. Fyrir því þykir rjett að takmarka orðið við þann saurlifnað, er líkur er hór að þessu leyti, en það mundi sjerstaklega ef eigi einvörðungu vera saurlifnaður samkvæmt 178. gr. hegningarlaganna, þó því að eins að báðir aðilar sjeu menn, en hvorugt dýr.

Málssóknarrjettinn þykir þurfa að takmarka svo sem annarsstaðar og auk þess binda hann fortakslaust við tiltekinn tíma frá skilnaðargæfum verknaði.

Um 67. gr.

Þar sem dulinn kynsjúkdómur getur verið ógildingarástæða, sbr. 42. gr., þykir eðlilegt að heimila maka skilnað, hafi hinn sýkst eftir vígslu og lagt heilbrigðan í jafnalvarlega sjúkdómshættu og kynsjúkdómur er, enda viðbúið að sjúklingurinn hafi aflað sjer veikinnar með hórbroti. Aðalatriðið er hjer, sem við dulinn kynsjúkdóm fyrir vígslu, tvíþætt, sýkingarhættan og vitneskjuleysi hins heibrigða maka um sjúdóminn. Því er sjúkdómurinn því að eins skilnaðarástæða, að heilbrigði makinn hafi eigi vitað um sjúkdóminn. Hafi hann vitað hinn sjúkan og þó haft samfarir við hann, verður eigi af skilnaði. Og rjett rakin hugsun frá aðalástæðunni, sýkingarhættunni, leiðir til þess að skilnaður fæst eigi þrátt fyrir viðhafðar samfarir, hafi heilbrigður ekki sýkst og sje sjúkdómurinn hættur að vera sóttnæmur þá er skilnaðarmál er höfðað. Auk skilnaðar stendur eðlilega 182. gr. hegningarlaganna í fullu gildi áfram.

Um 68. gr.

Hjer umrædd ástæða er nýmæli að lagabókstafnum til, en umboðsstjórnin mun hafa veitt skilnað vegna hennar og ef til vill mundu dómstólarnir einnig telja hana skilnaðargæfa eftir reglunum um lögjöfnun frá »brotthlaups«-reglunum. Hún á að vera skilnaðargæf ein út af fyrir sig, þó að refsingu verði eigi komið fram, t. d. vegna geðveiki ofsækjanda. Svo er og eftir S. l. (10. gr. 6. kap.). Með misþyrmingu, sbr. 204. gr. hegningarlaganna, er átt við meðferð, sem leggur andlega eða líkamlega velferð þess, er fyrir verður, í hættu. Um málshöfðunarfrest er sama að segja og áður.

Um 69. gr.

Hjer um rædd ástæða er skilnaðargæf samkvæmt veitingarvenju umboðsstjórnar að öðru leyti en því, að hegningartíminn er hjer styttur úr 3 árum í 2 ár, svo sem ætlast er til að verði í Danmörku (64. gr. D. fr.). Í Svíaríki er hegningartíminn þó 3 ár (11. gr. 6. kap. S. l.), þó þannig, að dómstólarnir mega dæma skilnað fyrir jafnvel 6 mánaða brot ef sjerstaklega stendur á. Í Noregi er

hegningartíminn og yfirleitt 3 ár (5. gr. N. l. 1909), en þar er jafnframt heimild til að dæma hjón í sundur fyrir svokallaðar smærri yfirsjónir, svo sem betl og drykkjuskap. 2 ára hegningartími virðist þó hæfilegur og samræmur því, að aðrir frestir eru styttir. Skilorðið um að skilnaðarkrefjandi hafi verið óviðriðinn brotið mundi sjálfgefið.

Um málshöfðunarfrestinn er ekki þörf athugasemdar.

Um 70. gr.

Hjer umræddur sjúkdómur er ógildingargæf ástæða, sbr. 41. gr. og 1, lið 42. gr. Er því eðlilegt að hann sje skilnaðargæfur, komi hann seinna yfir annað hjóna og sje talinn ólæknandi, enda er hann skilnaðargæfur nú að veitingarvenju umboðsstjórnar. 3 ára biðtími er valinn af því að hann þykir að læknadómi bera nokkurn veginn áreiðanlegan vott um, að sjúkdómurinn muni vera ó- eða líttlæknanlegur. Svo er og eftir S. l. (13. gr. 6. kap.) og N. l. 1909 (7. gr.).

Um 71. gr.

nægir væntanlega að vísa til upphafsathugasemdanna um þennan kafla, að því viðbættu, að rjettarskýrslu um vafaatriði verður skilnaðarbeiðandi að afla með vitnaleiðslu á venjulegan hátt.

Um 72. gr.

nægir að vísa til athugasemdarinnar um 1. málsgr. 53. gr.

Um 73. gr.

Jafnframt því að vísa til athugasemdar um 45. gr., skal það tekið fram, að dómstólarnir verða að ráða mestu um það, hvað leggja skuli upp úr orðunum »misbjóða freklega« umfram það, að engar framangreindar skilnaðarástæður mundu nægar, einar út af fyrir sig, til þess að heimila bætur eftir greininni nema misþyrming eftir 68. gr. Það er sitt hvað, að mega heimta skilnað, af því að forsendur fyrir framhaldi sæmilegrar sambúðar eru brostnar, og svo hitt að mega heimta bætur. Skilnaður mundi oftast hafa í för með sjer beinan eða óbeinan skaða um lengri eða skemri tíma fyrir annanhvorn eða jafnvel báða aðila. Þann skaða ætlar greinin eigi að bæta. Hann er að jafnaði óhjákvæmileg fylgja skilnaðar. Á hinn bóginn er eigi tilgangur að einskorða bætur við skaða, er mundi vera bótagæfur eftir almennum reglum, svo sem líkamsmeiðingar. Til þess þyrfti eigi sjerákvæði. Heldur er hugsunarmiðið það, að bæta maka þau spjöll á hag hans, sem hinn hefir valdið með þannig löguðu framferði, að eigi verði með nokkurri skynsamlegri sanngirni ætlast til, að hann búi við slíkt áfram, og mætti sennilega, auk misþyrmingar eftir 68. gr., nefna sem dæmi mikinn drykkjuskap, megnan svíðingshátt og margítrekaða lítilsvirðingu.

Dómstólunum er og ætlað að meta það eftir álitum á kjörum beggja og hag þeirra fyr og nú, hve miklar bæturnar skuli vera í hverju falli. Það er bert tekið fram, að ákveða megi borgun bótanna eitt skifti fyrir öll, og mundi það verða gert er bótagreiðandi ætti nokkrar eignir, eða þá á fyrirfram tilteknum árlegum gjalddögum og mundi sú leið verða farin, er bótagreiðandi hefði aflögugæfar atvinnutekjur en lítil efni.

Um 74. gr.

Að núgildandi lögum, 2. gr. fátækralaganna, fellur framfærsluskylda hjóna niður með lögskilnaði. En af því að umboðsstjórnin er, að minsta kosti í orði kveðnu, frjáls um leyfisveiting skilnaðar, mun það ósjaldan hafa komið fyrir, að skilnaðarleyfið hafi áskilið meðlag af hendi annars (bónda) með hinu. Og er hjer að því leyti um nýmæli að ræða sem rjettur til framfærslu á hjer eftir (því að eins) að fást, að »sjerstaklega standi á«. Að öðru leyti er vísað til athugasemdar um 54. gr., að því viðbættu, að skilnaðarveitandi, umboðsstjórn eða dómstóll, ákveður það í hverju falli, hvort taka skuli krófu annars um framfærslu af hendi hins til greina, þó vitanlega innan þeirra ummerkja, sem greinin setur: sjerstaklegra ástæðna annarsvegar og skilnaðarsakar hinsvegar.

Um 75. gr.

nægir væntanlega að vísa til athugasemdar um 55. gr.

Um 76. gr.

vísast til athugasemdar um 56. gr,

Um 77. gr.

vísast til athugasemdar um 57. gr., að öðru leyti en því, að hjer er stjórnarráðinu ætlað breytingarvaldið með því að breytingin mundi hjer verða langærri en eftir 57. gr., þar sem ræðir um skilnað að borði og sæng, sem oft er til bráðabirgðar, enda hjer eftir atvikum um óvenjulega framfærslu á öðru hjóna að ræða.

Um 78. gr.

vísast til athugasemdar um 58. gr. og næstu athugasemdar á undan.

Um 79. gr.

vísast til athugasemdar um 59. gr.

Um 80. gr.

Hjer umræddur rjettur er í samræmi við samskonar rjett samkvæmt 47. gr., enda vísast til athugasemdar um hana.

Um VIII. kafla.

Nú eru »hjúskaparmál« yfirleitt rekin sem önnur einkamál, en þó með eigi allfáum og eigi óverulegum afbrigðum. Það skiftir þjóðfjelagið miklu, hversu fer um hjónaband, því eru reistar nokkrar skorður við sjerstaklega öðru meginlögmáli um meðferð einkamála, einræði aðila um málið. Lýsir þetta sjer einkum í tvennu, því, að dómaranum er fengin meiri umsjá með málinu en ella gerist (brotthlaup) og því, að eigin játning stefnds bindur eigi ein enda á málið sem ráðstöfun á málefni (dispositio), hvorki í sáttanefnd nje í dómi, og er eigi heldur einhlít sönnun. Enn má geta þess, að málsathafnir aðila — framsetning

málsástæðna og sannana — eru eigi jafntímabundnar og í algengum einkamálum og að sannana má afla með yfirheyrslu aðila (sækjanda í brotthlaupsmáli).

Þessum aðaldráttum reglu og afbrigða er yfirleitt haldið í frumvarpinu, eins og hjer skal stuttlega sýnt, sbr. athugasemdir um eftirfarandi frumvarpsgreinar.

Málin eiga sem áður að vera einkamál, 3. málsgr. 88. gr., en dómarinn á þó venjulega að leita sátta, sbr. 89. gr. Almannavaldið á að hafa enn gagngerðari tök á málinu en áður, þar sem það getur nú komið fram sem sjerstakur málsaðili á hvoru dómstigi sem er, 84. gr. Játning stefnds er svift öllum áhrifum á málið sem ráðstöfun yfir málsefninu og hefir því að eins gildi sem sönnunargagn, 92. gr. Sannana má ennfremur afla með yfirheyrslu beggja aðila og framar en áður, 91. gr. Sóknar- og varnarástæður mega yfirleitt koma fram á öllum stigum máls, 93. gr. Þó eru nokkur fullkomin nýmæli og þessi helst: Dómari má skipa öðrum aðila eða báðum málaflutningsmann og eru málsfærslulaunin þá lögð á almannasjóð, 90. gr. Málin eru rekin fyrir lokuðum dyrum og birting fyrir almenningi á öðru en dómum bönnuð, nema samþykki beggja til rjettarhalds í heyranda hljóði eða frekari birtingar komi til. Málin komast eigi lengra en í yfirdóm, 98. gr. Nýjar varnir eru settar gegn því að mál dragist úr hófi fram eða verði höfðað að ófyrirsynju, sbr. 98. og 99. gr. Og nýjar skorður reistar við því, að umráðandi fjelagsbús (bóndi) spilli búinu í óhag gagnaðila meðan á málum stendur, 101. gr.

Um 81. gr.

Það er engin breyting gerð á hugtakinu »hjúskaparmál«, nema ef vera skyldi, að mál til staðfestingar gildi hjónabands er hjer skýlaust talið hjúskaparmál. Málið verður aðallega að snúast um gildi eða ógildi hjónabands frá upphafi eða til frambúðar, til þess að það geti heitið hjúskaparmál. Því væri t. d. mál út af fjárskiftum hjóna eða út af umráðarjetti yfir börnunum eigi hjúskaparmál. Niðurlag greinarinnar, sbr. 82. gr., á við vjefengingu út af því, að 1. málsgr. 35. gr. hafi eigi verið gætt.

Um 83. gr.

Það er sjálfgefið, að stefna verður báðum hjónum, höfði ákvæðuvaldið eða þriðji maður hjúskaparmál, þó eigi sje í rauninni veitst nema gegn öðru, t. d. skilnaðarmál fyrri maka tvíkvænings gegn tvíkvæningi.

Um 84. gr.

Hjer eru almannavaldinu fengin miklu áhrifameiri tök á hjúskaparmál en það hafði áður fyrir meðalgöngu dómarans. Annars þarf greinin tæplega skýringar við.

Um 85. gr.

Enda þó að hjúskaparmál geti komið mjög við fjárhag hjóna, þá er þó aðaltaug þeirra allra mjög svo einkakend. Því er ætlast til, að hjónin sjálf sæki og verji málin (sjeu aðilar), bresti þau að eins eigi heilbrigða skynsemi, enda er ætlast til, að heimta megi af þeim skýrslu fyrir rjetti um málsatvik. Því er lögræðissviftur sækjandi og verjandi málsaðili, nema sviftingin sje að kenna sálarvanþroska eða bilun.

Um 86. gr.

Að hjer gildum lögum eru dómstólar vorir yfirleitt dómgengir, eigi stefndur hjer heima, og fer þá venjulega um úrslitin eftir íslenskum lögum. Svo er og um hjúskaparmál. Þjóðerni skiftir yfirleitt eigi máli. Í nýrri útlendri löggjöf er aftur á móti farið að taka miklu meira tillit en áður til þjóðernis manna, meðal annars í hjúskaparmálum. Hefir sú breyting einkum magnast síðan Haagfundirnir komust á. Aðalreglunni, þeirri að dómgengi dómstóla fari eftir varnarþingi stefnds, er haldið í 1. málsgr. Hinsvegar er jafnframt farið fram á það, að hjúskaparmál megi höfða hjer, þó að stefndur eigi hjer ekki heima. Gildir þetta fyrst og fremst þá er hjónin eiga að hafa átt hjer síðastan sameiginlegan fæðingarjett og í annan stað, þó svo hafi eigi verið, hafi bæði hjónin átt hjer heima áður en mál var höfðað, en stefndi yfirgefið sækjanda eða skift um heimilisfang eftir að skilnaðarástæða var til.

Með því að ólíkar reglur gilda hjer um í sumum löndum, er það lagt til, að breyta megi hjer lögmæltum reglum með samningum, til þess að komast hjá árekstri milli þeirra og annara landa gagnstæðra reglna.

Um 87. gr

Næsta grein á undan gerir íslenskum dómstólum að fara með hjúskaparmál, þegar svo er ástatt, sem þar greinir. Hjer segir fyrir um, hver íslenskra dómstóla skuli fara með tiltekið mál. Aðalvarnarþingið er heimilisvarnarþingið, megi á annað borð sækja málið hjer. Eigi stefndur ekki heimilisvarnarþing hjer á landi eða sje ókunnugt um hann, á að höfða málið þar, er hjónin áttu síðast heima eða þar er sækjandi á heima. Loks er stjórnarráðinu falið að tiltaka varnarþing, megi sækja mál hjer samkvæmt næstu grein á undan, en bresti varnarþing. Sú heimild er nýmæli, er þykir verða að lögleiða, af því að dómstólum vorum er nú ætlað að geta látið hjúskaparmál til sín taka, jafnvel þó að hvorugur aðila eigi hjer varnarþing. Af því helgast, að 3. málsgrein er sett í frumvarp þetta og á þenna stað, enda þó að hún eigi í raun rjettri heima í varnarþingslöggjöfinni, en þar getur hennar eigi, enda þó að ráðgert sje í lögum nr. 62, 1917 um stefnufrest, að sækja megi mál gegn manni í útlöndum.

Um 88. gr.

Greinin hermir, hversu fara skuli með hjúskaparmál af hendi stjórnvalds til ógildingar samkvæmt 40. gr. Enda þó að það sje eigi sjálfgefið, að refsing verði lögð á annað eða bæði hjóna, þó að hjónabandi þeirra verði slitið vegna blóðskammar eða tvíkvænis, þá mundi það þó að jafnaði fylgjast að, enda á almannavaldinu að vera það skylt samkvæmt 40. gr. að hefjast handa um ógilding slíkra hjónabanda. Er því svo ákveðið í 1. málsgr., að slíkt ógildingarmál skuli fara með sem sakamál, með þeirri viðbót þó í 2. málsgr., að stjórnarráðið geti látið fresta málssókn út af 15. gr. (tvíkvæni), megi búast við bráðlegum slitum fyrra hjónabands, svo sem vegna dauða eldri maka.

Enda þó að hjúskapur skifti almenning miklu, tekur hann þó vitanlega nánast til aðila. Er því svo fyrirmælt í 3. málsgr., að hjúskaparmál skuli, að öðru leyti en nú var getið, sækja sem einkamál, en þó skírskotað, hagsmunum almennings þar að lútandi til tryggingar, til jafnframt lögmæltra, eftirfarandi afbrigða. Um þau ræða næstu greinir (89.—99. gr.).

Um 89. gr.

Eitt afbrigða er það, að dómari leitar um sættir með hjónunum en eigi sáttanefnd, svo sem í venjulegum einkamálum. Dómari talinn líklegri til að leiðbeina aðilum vel um skilnaðarkjör. Af því að hjónabandið er í margra augum að nokkru leyti kristilegs eðlis, þykir þó rjett að heimila aðilum, sje báðir á eitt sáttir, að leita umleitunar prests, en samt sem áður á þó dómari að leita undirtekta aðila um lögfylgjur skilnaðar þær, er ræðir um í 74.—76. gr., framfærslu annars á hinu og forráð og framfærslu barna af hendi hvors um sig.

Um 90. gr.

Meðfram af sömu ástæðu, hagsmunum almennings af hjónabandi, þykir rjett að heimila dómara að setja hvort heldur öðrum aðila eða báðum málsvara. Mundi það sjerstaklega gert, er stefndur sækti eigi dómþing. Ekki gerlegt, að láta útivist hans varða hjúskaparslitum fremur en hitt, að hjúskapur falli niður með sátt aðila, enda eigi svo að núgildum lögum.

Um 91. gr.

Að núgildum lögum má að eins heimta skýrslu sækjanda í brotthlaupsmálum. Hjer er farið fram á að heimila hana í öllum málum og jafnframt að heimila skýrsluheimtu af stefndum. Þó er ætlast til, að því að eins megi kalla stefndan úr nágrannahjeraði, að hann eigi ekki lengri leið á þingstað en innanhjeraðsmaður gæti átt hana lengsta. Afleiðing af vangæslu stefnds á skyldu þessari er þó eigi látin varða því, að skýrsla sækjanda sje talin rjett, svo sem mundi í venjulegum einkamálum, heldur getur neitun eða undanfærsla stefnds að eins komið til greina sem sönnunargagn á móti honum.

Um 92. gr.

Í samræmi við ástæðuna til þess að undanfærsla stefnds kemur að eins til greina sem sönnunargagn, er ætlast til að sama gildi um beinar játningar hans. Þær verða aldrei látnar ráða úrslitum máls af því að sá er eða má teljast vilji stefnds, svo sem í venjulegum einkamálum, en koma að eins til greina sem sönnun fyrir sannindum framfluttra málavaxta. Sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

Um 93. gr.

sem ekki er í N. fr. nje í S. l. gegnir eigi ósvipuðu máli um ástæðuna til greinarákvæðanna á undan. Ástæðan til afbrigða beggja greina frá algengum einkamálsreglum er sú, að hjer varðar almenning eigi alllitlu, að sannleikurinn komi fram. Því er í 1. málsgr. slakað til á kröfunni um tímabæra framsetningu krafna og málsástæðna.

Á hinn bóginn er hert á kröfunni um áhrif gengins dóms (res judicata), þar sem eigi verður síðar höfðað mál út af ástæðum, sem hefði mátt hreyfa en var eigi hreyft og jafnvel eigi, þó að annars eigi að krefjast nú en áður var krafist.

Um 94. gr.

Aðilaeiður er lítt ábyggilegt sönnunargagn, en verður þó að teljast eðlileg afleiðing af ákvæðum 91. gr. Vantar í N. fr. og S. l.

Um 95. gr.

Ætlast er til að geðveikralæknis sje leitað þar sem til hans næst, en ella annars læknis, enda heilbrigðisvottorð algengs læknis látið nægja í 4. lið 19. gr.

Um 96. gr.

Eftir N. fr. (§ 75) á rjettarhald í hjúskaparmálum að fara fram fyrir luktum dyrum. Í. S. l. (6. gr. 7. kap.) líkt og 1. málsgrein. Eðlilegt að jafnviðkvæm mál og hjúskaparmál oft eru komist eigi út í almenning sist án samþykkis aðila.

Um 97. gr.

Að núgildum lögum (16. gr. tsk. 15. ágúst 1832) á dómarinn að láta birta hjeraðsdóm í einkamálum fyrir báðum aðilum. Í þess stað kemur nú kall þeirra með málsvara eða eflir atvikum málsvara eins til dómsuppsagnar.

Um 98. gr.

Áfrýjunarfresturinn er lengdur um þriðjung frá því, sem er í D. fr. og nokkuð breytt til frá því, sem hjer er samkvæmt tsk. 21. desember 1831, IV. Yfirdómur gerður að lokadómi líkt og í lögræðislögunum frá 1917. Uppreisnarleyfi mjög þrengt frá því, sem nú er af sömu ástæðu og nefnd er í athugasemd um 39. gr., 3. málsgr. nokkuð breytt frá því, sem nú er niðurlag 1 gr. tsk. 1831, IV. meðal annars vegna íhlutunarrjettar stjórnarráðs.

Um 99. gr.

Enda þó að hjúskaparmál geti skift eigi litlu máli fyrir þriðja mann, sjerstaklega erfingja annars eða beggja hjóna, þá varða slík mál þó aðallega hjónin sjálf. Því er horfið að því ráði hjer, að girða fyrir málssókn og áframhald máls eftir dauða annars, enda erfingjum heimilað í 48. gr. að gæta fjárhagsmuna sinna samkvæmt 44. gr.

Um 100. gr.

Fresturinn í niðurlagi 2. málsgr. er lengdur um 2 vikur frá því sem er í D. fr. (97. gr.) en styttur um 6 vikur frá því sem nú er í lögum (tsk. 19. ágúst 1735, 10. gr., kbr. 19. desember 1749 og 68. gr. hegningarlaganna).

Um 101. gr.

Greinin er nýmæli. Að núgildum lögum hefir kona eigi aðrar varnir gegn rangri meðferð bónda síns á fjelagsbúinu, að sleptri lögræðissviftingu, en þær, sem felast í V. þætti laga nr. 3 frá 12. janúar 1900, og svo þær, sem skiftalögin hafa um meðferð fjelagsbús meðan á skiftum stendur, en þær reglur ná eigi til aðstæðna samkvæmt 1. málsgr. Er sjerstaklega 2. málsgr. greinarinnar mikilvægt varnarákvæði.

3. málsgr. er og nýmæli, þar sem hún löghelgar nokkurs konar tímabundinn borð- og sængurskilnað og heimilar jafnfram að gera bónda að leggja jafnlengi meðlag með konu og barni. Lík ákvæði og hjer greinir eru í S. l. (12. gr. 7. kap.), en verður þar beitt gegn hvoru hjónanna sem er. Aftur á móti eigi í N. fr.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum er 102., 103. og 110. gr. algeng ákvæði en hinar greinirnar 104.—109. eru bráðabirgðarákvæði, sett til þess að draga úr því misrjetti og ójöfnum, sem ella mundu koma fram er breyttum lögum, nýjum lögum og gömlum, lendir saman, af því að önnur lög giltu, þá er atburðurinn, sem deilt er um, varð til, en þau, er gilda, þá er dæma á um lögfylgjur atburðarins.

Frumvarpsgreinirnar eru yfirleitt samhljóða tilsvarandi frumvarpsgreinum í D. fr., greinunum 99—108. Þó er 99. gr. D. fr. um að konungur ákveði hverju háyfirvaldi af fleirum beri vald það, er frumvarpið fær háyfirvöldum, feld niður, þar eð ætlast er til að stjórnarráðið fari hjer á landi með það vald, sem konungi og háyfirvöldum er ætlað í Danmörku, sbr. athugasemd um 6. gr.

Um 102. gr.

Það er auðvitað mál, að erindrekar framandi þjóða hjer á landi verða að vígja útlendinga sína eftir sjerreglum lands síns, sje þeim játað vígslurjetti hjer. Á hinn bóginn þykir heldur eigi rjett að binda hjónavígslu Íslendinga í útlöndum við ef til vill þar lítt framkvæmanlegar lýsingar- og vígslureglur. Því eru fulltrúar landsins í útlöndum leystir undan að fylgja reglum 3. og 4. kap., en ætlast til að þar um verði á sínnm tíma settar reglur með tilskipun.

Um 104. gr.

1. málsgr. á að lýsa því, að lögskilinn maður og kona geti gifst aftur leyfislaust eftir gildistöku laganna, þótt leyfi hefði þurft eftir eldri lögum. Hafi lögskilin kona fengið giftingarleyfi fyrir daga laganna, kemur 16. gr., sem að nokkru leyti fer með nýmæli, ekki til framkvæmda gegn henni.

Um. 105. gr.

Hjer er miðað við 3 mánuði en eigi 12 vikur, af því að það er lengri fresturinn, sá er 6. gr. tsk. 1824 ákveður milli lýsingar og kirkjulegrar vígslu, sbr. athugasemd um 31. gr.

Niðurlag greinarinnar um gæslu vígsluskilyrða áður en vígsla fer fram, er sjálfgefið, þar sem vígsla á sjer stað hjer eftir gildistöku laganna, sem áskilja að nokkru leyti önnur vígsluskilyrði en nú eru lögmælt.

Um 106. gr.

Greinin þarf naumast skýringar.

Um 107. gr.

61. gr. frumvarps þessa mundi leiða til þess, að áður borð- og sængur-

skilin hjón mundu geta fengið lögskilnað eftir 2 ár, í stað þess að biðtíminn er nú venjulega 3 ár, og að lögskilnaðarkjörin gætu ef til vill orðið nokkuð á annan veg en þau mundu hafa orðið eftir áðurgildum lögum. Fyrra atriðið virðist öldungis óísjárvert. Og að því er seinna atriðið snertir, þá mundu lögskilnaðarkjörin trauðla verða önnur en borð- og sængurskilnaðarkjörin, nema þá því að eins að hjónin hefðu eigi orðið sammála um skilnaðarkjör, enda úrskurðarvaldinu þá innan handar að taka fullkomið tillit til þess ástands, er átti sjer stað fyrir daga laganna.

Um 108. gr.

Nokkurnveginn sjálfsögð ákvæði.

Um 109. gr.

Út af niðurlagsorðunum, sem í fljótu bragði kunna að sýnast allísjárverð, athugast, að það gerir yfirleitt eigi mikinn mun, hvort farið væri hjer eftir eldri reglum eða ákvæðum frumvarpsins, með því að hjer að lútandi eldri og yngri reglur eru yfirleitt mjög líkar. En aðra hvora regluna varð að nota, og þá sennilega fremur nýju regluna, enda mundi eldri skilnaðarástæða að jafnaði einnig hafa átt sjer lengri eða skemmri aldur undir nýju lögunum.

Um 110. gr.

Mægðir utan hjónabands verða eigi framar vígslumeinbugir. Þykir því rjett að ógilda 164. gr. hegningarlaganna, eða refsingu fyrir utanhjónabandssamfarir þar um ræddra manna. Jafnframt er þess getið, að 2. liður 3. gr. tsk. 1824 og 62. gr. fátækralaganna eru eigi ógilt hjer, þar eð fyrra ákvæðið er ógilt með lögum nr. 30, 1917 en síðara með lögum nr. 31 frá sama ári, og nú þótt nefnd lög frá 1917 sjeu ógilt hjer, þá rísa hin fyrnefndu eigi upp fyrir það, fremur en drepinn maður mundi rísa upp af því að banamaður hans fjelli frá.

7. Frumvarp

til laga um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi

áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar. Ef garður er lagður, girðing sett eða skurður er gerður í mörkum, fer um tillag hvers samkvæmt lögum um girðingar.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ágreiningur um þátttöku í viðhaldi landamerkja sætir sömu reglum sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal

valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn hver í sínu umdæmi rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítak í land, enda skifti merki máli um ítaksrjettinn, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valds-

manni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum og má eigi minni vera en 8 krónur og eigi meiri en 14 krónur. Þó fer ferðakostnaður dómstjóra eftir gildandi ákvæðum.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á, enda sje svo til liagað, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í landamerkjabók.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í

merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr., 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til yfirdóms áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Yfirdómur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Yfirdómur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar mátum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. mai 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild Alþingis 1917 samþykti svofelda rökstudda dagskrá:

»Í því trausti, að stjórnin fram til næsta reglulegs þings rannsaki nauðsyn á endursamningu landamerkjalaga, og leggi frumvarp um það efni fyrir þingið, ef nauðsyn virðist á vera, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Ráðuneytið sendi lagadeild Háskólans málið og beiddist þess, að deildin tæki það til rannsóknar og semdi, ef tiltækilegt þætti, frumvarp til nýrra landamerkjalaga. Lagadeildin fal Einari prófessor Arnórssyni málið, samdi hann frumvarp með ástæðum og athugasemdum, sem síðan gekk milli hinna kennara deildarinnar til athugunar. Síðan sendi deildin, með brjefi 4. janúar þ. á., frumvarpið til stjórnarráðsins.

Ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið, eins og það kom frá lagadeildinni.

Um málið er að öðru leyti vísað til ástæðna þeirra og athugasemda prófessors Einars Arnórssonar, sem áður er getið, og prentaðar eru á fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Deilur um landamerki hafa verið mjög tíðar hjer á landi, bæði að fornu og nýju. Hafa mörg dómsmál út af þeim deilum risið og oft jafnvel fjandskapur einstakra manna á meðal. Fer þetta að vonum, því að tveir vilja helga sjer sömu eign, þegar deila er um landamerki. Og einatt er sú helgun í því fólgin, að hvor um sig kostar kapps um að *nota* landspildu þá, sem menn skilur á um. Rekur annar fjenað sinn þangað, slær þar, höggur við o. s. frv., sem hinn bannar, jafnframt því sem hann gerir sjálfur hið sama. Menn hlutu því snemma að sjá nauðsyn á því, að merki væru glögg milli landa, svo að eigi gæti orkað tvímælis um þau.

Þegar í fornöld eru til lagaákvæði um landamerkjamál (Grág. I b 80, II 420). Alment var manni skylt að leggja löggarð um land sitt, ásamt þeim, er land átti að því, ef sá krafðist þess (Grág. I b 89, II 450). Og löggarði var á sama hátt skylt að halda við. Þar, sem löggarður var lagður milli landa jarða, þar hefir hann auðvitað verið í mörkum, verið merkigarður um leið. Og þar voru landamerki glögg meðan garður stóð. Sá garður var því grannasættir, bæði af því, að hann varði land fyrir ágangi búfjár, og svo af því, að hann afstýrði landamerkjaþrætum. En þetta skipulag var auðvitað alls eigi einhlítt. Menn þurftu eigi að girða, ef báðir voru sammála um að gera það ekki. Milli margra jarða hafa því engir löggarðar verið lagðir. Menn hafa þar sett einhver merki eða miðað við örnefni. Merkjagerð sýnist þó eigi hafa verið alment lögboðin eða viðhald merkja. Þegar sameignarlandi var skift, þá hafa menn hlotið að setja merki, þótt þess sje eigi sjerstaklega getið (sbr. Grg. I b 87—88, II 447—448). Þegar land var selt, var seljanda skylt að greina merki og að ganga á merki, ef kaupandi krafðist þess (Grág. I b 80, II 420).

Í Jónsbók eru og fyrirmæli um merkjamál (Llb. 16, 17, 26 og 27) og um afrjettarmerki (Llb. 52). Um garðlagsskyldu giltu og sömu meginreglur eftir Jónsbók og Grágás, að svo miklu leyti sem hjer skiftir máli (Llb. 31, 32 og 54). Sama er um merkjagöngu, ef land var selt (Lbb. 6). Þegar sameignarlandi var skift, skyldi niður setja marksteina og grafa sem menn urðu á sáttir (Lbb. 3). En engin önnur trygging en hagsmunir landeiganda var alment fyrir því, að menn gerðu glögg landamerki eða hjeldu landamerkjum vel við. Reynslan sýndi það, að þetta var eigi nægileg trygging. Örnefni gleymdust, merki voru annaðhvort engin eða óglögg sett og þeim eigi haldið við. Landaþrætur sýnast hafa verið mjög tíðar og landamerkjamál. Lögfestur, máldagar kirkna og önnur slík skjöl með einhliða greinargerð annars aðilja bættu lítt um. Þau tóku sjaldnast af vafa um örnefni og skiftu eigi máli um viðhald merkja. Þar á móti var hætt við, að aðili lýsti sjer eigi minna, heldur fremur meira, land en hann átti að rjettu lagi. Og þegar svo var, gat yfirlýsingin (lögfestan, máldaginn o. s. frv.) verið uppspretta landaþrætumála, í stað þess að nema burt óvissu um merki eða eignarrjett. Enn er þess að geta, að garðlagsskyldan gleymdist og garðlag milli landa hvarf úr sögunni, þótt lagaákvæðin stæðu óhögguð.

Reglur Norsku Laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687 um landamerkjamál og önnur skyld mál hafa verið hjer notaðar samkvæmt kgsbr. 2. maí 1732, og síðari lagaboð um sömu efni (N. L. 1—2—15, 1—7—1 og 1—16, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., og tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr.). En þær eru einungis um *dómsmeðferð* þessara mála.

Með landamerkjalögunum 17. mars 1882 er fyrst berum orðum lögskipað, að landeigendur skuli gera merki um lönd sín og halda þeim merkjum við, og að gerð skuli landamerkjaskrá fyrir hverja jörð. Tilgangurinn með þessum ákvæðum landamerkjal. 1882 var auðvitað sá, að þar með næðist föst og áreiðanleg skipun á þessi málefni, svo að eftirleiðis yrði eigi óvissa eða áskilnaður um landamerki. Eigi hefir hepnast að ná þessum tilgangi til hlítar. Landamerkjaskrár hafa eigi verið gerðar fyrir allar jarðir á landinu, að því er ætla má (sbr. Alþt. 1917 A, þingskj. 570). En þó að þær hafi sjálfsagt langvíðast verið gerðar að nafni til, þá munu margar þeirra eigi hafa hlotið samþykki allra aðilja. Síðan hafa örnefni týnst, og merki, sem einu sinni hafa verið glögg, eru nú niður fallin. Vera má enn, að breyting hafi á orðið vegna sölu, landskifta eða hefðar samkvæmt lögum nr. 46, 10. nóv. 1905. Og er eigi heldur trygging fyrir því, að merki hafi verið rjett samkvæmt því.

Menn hafa og, að því er virðist, fundið talsvert til þess, að nokkur óvissa væri víða um merki milli landa hjer. Slík óvissa og ágreiningur um merki er því bagalegri nú en áður, sem nú er verið að meta fasteignir í landinu og lögmælt er, að slíkt mat skuli hjer eftir fara fram á hverjum 10 ára fresti. Það skiftir einatt máli, þegar meta skal jörð, ef ágreiningur er eða óvissa um landamerki hennar. Einnig hafa menn nú á síðari árum mjög tekið að girða lönd sín. Kemur þá fram venjulega, hvort menn eru á merki sáttir eða eigi, og skiftir þá miklu máli, að merki sjeu ágreiningslaus. Misklíð um merki er líkleg til þess, að girðingin frestist lengur eða skemur, eða þá að menn girði í óvissu, annaðhvort inn á land granna síns eða skilji eftir ógirt nokkuð af sjálfs síns landi.

Á Alþingi 1917 var borið upp að tilhlutun formanns Búnaðarfjelags Íslands frumvarp til landamerkjalaga í neðri deild. Aðalstefna þessa frumvarps var í því

fólgin, *að öll* landamerki skyldu af nýju rannsökuð, *að* landamerkjaskrár skyldu *allar* af nýju gerðar og *að* sýslumenn skyldu, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir, en eigi skyldi slíkt þó oftar gert en um sinn (Alþt. 1917 A, þingskj. 162). Landbúnaðarnefnd Nd. hafði frumvarp þetta til athugunar, og greindi nefndarmenn á. Vildu 3 nefndarmanna láta samþykkja frv. óbreytt að stefnu til, en 2 gátu eigi aðhylst stefnu þess. Töldu þarfleysu að gera nýjar landamerkjaskrár, þar sem merki væru glögg og löglegar landamerkjaskrár til (Alþt. 1917 A, þingskj. 540, 638). Afgreiddi deildin málið með rökstuddri dagskrá 6. sept. 1917 og beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulegs þings, hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaganna, og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á vera, nýtt frumvarp til landamerkjalaga.

Landsstjórnin leitaði álits Búnaðarfjelags Íslands um málið, og svaraði það með brjefi dags. 13. mars f. á., þar sem stjórn Búnaðarfjelagsins fellst í aðalatriðum á athugasemdir minni hluta landbúnaðarnefndar Alþingis 1917.

Landsstjórnin sendi lagadeild Háskólans málið og beiddist þess, að deildin tæki það til rannsóknar og semdi, ef tiltækilegt þætti, frumvarp til nýrra landamerkjalaga. Lagadeildin fal Einari prófessor Arnórssyni að athuga málið, og gerði hann uppkast að frumvarpi, er síðan gekk milli hinna kennara deildarinnar til athugunar, en gengið hefir hann frá frumvarpinu, eins og það er nú, og samið hefir hann athugasemdirnar við frumvarpið.

Frumvarpið 1917 virðist hafa farið *of langt* að því leyti, sem þar var ákveðið, að merkjalýsingar (merkjaskrár) væru gerðar af nýju, þótt löglega hefðu áður verið gerðar og þótt merki væru glögg og ágreiningslaus. Hins vegar virðist það hafa farið *of skamt* að því leyti, sem dómari skyldi að eins einu sinni, eftir að hinar nýju merkjalýsingar væru gerðar, kveðja aðilja fyrir dóm til þess að lúka ágreiningi þeirra. Það virðist nauðsynlegt, að dómari geri þetta *altaf*, þegar hann hefir fengið vissu fyrir því, að vafi sje um merki eða ágreiningur, nema aðiljar hafi áður á málið sæst. Með þeirri skipun sýnist takmarkinu helst verða náð, *því takmarki, að sem óviðast verði eftirleiðis vafi eða ágreiningur um landamerki.* Svo mun fara hjer eftir sem hingað til, að örnefni munu gleymast og merki niður falla, svo að vafasöm verði landamerki. Og það mun einnig verða reynslan, að aðili kynoki sjer við að höfða mál, vilji láta andstæðing sinn byrja En af því leiðir, að óvissan helst lengur eða skemur og þar með einatt ósamþykki meðal granna.

Í frv. þessu er farinn meðalvegur sá um merkjalýsingar, sem minni hluti landbúnaðarnefndar hneigðist að. Svo er sama stefnan tekin í frv. sem er í lögum nr. 35, 2. nóv. 1914 um skrásetning lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 6. gr., að dómari skuli ávalt af sjálfsdáðum kveðja aðilja fyrir dóm, þegar hann fær vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki. Þegar smátt skilur, er líklegt að aðiljar kjósi fremur að sættast á málið, en að dómari taki það í sínar hendur, því að það bakar aðiljum nokkurn kostnað. En ef aðiljar ráða máli sínu til lykta með sátt, þá er tilganginum líka náð: að nema burt óvissuna. Á þennan hátt má þess vænta, að málin verði eigi svo mörg sem ætla mætti, og að ákvæði frumvarpsins baki mönnum því minni kostnað, en gera mætti ráð fyrir í fljótu bragði. Það ætti og að verða mönnum hvatning til þess

að halda við merkjum, að vanræksla í því efni getur orðið til þess, að dómari kveðji þá á þing á þeirra kostnað, ef óvissa eða ágreiningur verður um merki.

Frumvarpi þessu er skift í IV kafla. I. kafli er um merkjagerð, merkjalýsingar og viðhald merkja, og svarar hann til ákvæðanna í 1.—6. gr. landamerkjalaganna frá 17. mars 1882, en viðaukar eru ýmsir og breytingar frá því sem þar er mælt, og verður þessa nánar getið í sambandi við hverja grein. Í II. kafla eru reglur um meðferð landamerkjamála, er svara til landamerkjal. 1882, 7. gr. og lögin út. Verður og gerð nánari grein fyrir breytingum þar og viðaukum. Í III. kafla eru ákvæði um önnur mál, sem þó eru landamerkjamálum skyld. Þótti vel fallið, að safna um leið hinum fáu og dreifðu ákvæðum, er þessi mál varða. Þau hafa sum eigi verið gefin út í löggiltum íslenskum texta, og virðist því eigi ófyrirsynju, að setja ný lög á íslensku um þessi mál. Í IV. kafla eru almenn ákvæði bæði þau, er sameiginleg sýnast eiga að vera um áfrýjun þeirra mála, sem í II. og III. kafla segir, og svo þau, er mæla fyrir um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi, og um afnám eldri laga.

Um einstakar greinar frv. skal það tekið fram, sem nú skal greina:

I. kafli.

Um 1. gr.

Það virðist rjettari efnisskipun, að lögin byrji á því að skylda menn til að *gera* merki, þar sem þau eru annaðhvort engin eða óglögg, og síðan komi ákvæði um skrásetningu merkja og viðhald. Hjer hefur því á sama efni, sem talið er í 2. gr. landamerkjal. 1882. Í 2. gr. kemur svo um skrásetningu merkja, er svarar til 3. gr. landamerkjal., en í 3. gr. um viðhaldið, sem 1. gr. ldml. segir fyrir um.

Þar sem land liggur að sjó, þarf engra merkja í sjó fram, nema vík eða vogur skilji lönd og mjórra sje en 120 faðmar milli landa. Landi fylgja netlög í sjó fram 60 faðmar frá stórstraums fjörumáli, tilsk. 20. júní 1849, 3. gr. og l. nr. 39, 2. nóv. 1914, 2. gr., og þar sem vogur eða vík, mjórri en 120 faðmar, skilur lönd, á hvor netlög í miðju, tilsk. 1849, 3. gr. Þar sem ár eða lækir skilja lönd manna, eru merki og glögg af völdum náttúrunnar að því leyti sem markalínan er í ánni eða læknum. Eru það forn lög, að miðstraumslína skuli ráða, og er miðað við fornan farveg, Jónsb. Llb. 56 og 60 (Rekab. 1). Ef stöðuvatn skiftir löndum, þá eru engin fyrirmæli um það í lögum vorum, hversu breitt belti af botni vatns með landi fram, skuli landi fylgja, og getur slíkt þó skift miklu máli. En það er eigi tilætlunin með landamerkjalögum að kveða á um það, *hvaða* land eða hver landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum. Hlutverk landamerkjalaganna er að mæla fyrir um *formleg* atriði, merkjagerð, merkjamál o. s. frv. Ákvæði um það, hvaða hluti af vatnsbotni eða sjávar fylgi þurru landi, eiga heima í veiði- og vatnalögum, enda er það svo hjer um sjó og straumvötn, að veiðilögin geyma slík ákvæði, og í vatnalögum ýmsra annara þjóða eru fyrirmælin um (eignar)rjett að vatnsbotni í vatnalögunum, sjá t. d. norsk vatnalög frá 1. júlí 1887, 2.—4. gr. Slík fyrirmæli munu og verða sett í íslenskum vatna-

lögum. Þau standa í svo nánu sambandi við vatnsrjettindin, að þau eiga best heima í þeim lögum.

Landamerkjal. 1882 virðast, eftir orðum sínum, að eins eiga við merki milli »*jarða*« (ɔ: lögbýla metinna til hundraða á landsvísu) og afrjetta og jarða að nokkru leyti, sbr. 1.—3. gr. ldml. Nauðsynlegt virðist, að skylda til merkjagerðar og merkjaskrásetningar og viðhalds, taki einnig til húsmannabýla og þurrabúða, enda er svo ákveðið í lögum nr. 60, 22. nóv. 1907, 13. gr. a-lið, að þurrabúðum utan kaupstaða og löggiltra kauptúna skuli fylgja lóð »með ákveðnum merkjum«. Eru ákvæði 1. gr. frv., því í samræmi við áðurnefnd ákvæði l. 1907. Þar sem jörð, hjáleiga, þurrabúð o. s. frv. liggur að kaupstað, eða löggiltu kauptúni, er og skylt að gera merki o. s. frv. eftir 1. gr. Síðasta setning 1. málsgr. á þar við, ef maður skiftir hluta úr landi jarðar sinnar, t. d. selur land undir verksmiðju, til fiskverkunar, undir síldarstöð o. s. frv. Þykir einsætt að skylda menn til merkjagerðar o. s. frv., þar sem svo stendur á.

Merkjagerðin sjálf verður auðvitað með líkum hætti og hingað til hefir tíðkast. Þó er lagt til, að slept sje úr ákvæði 2. gr. ldml. um marksteina, því að merki, gerð á þann hátt, geta bráðlega týnst, nema steinarnir sjeu stórir og ígildi vörðu, og er þá auðvitað, að þeir geta verið jafngóð merki, ef eigi er hætta á, að þeim verði blandað saman við aðra steina, með öðrum orðum, að þeir sjeu jafnan *auðþektir*.

Eftir Jónsbók, Llb. 32 og 54, skyldu menn girða eftir »*jarðarmagni*« og »at *jarðarhöfn*«, og samkvæmt 2. gr. ldml. skulu báðir leggja til »*jafnmikla vinnu*« til þess að gera merki glögg, og gildir þetta einnig um merkigarða og merkigirðingar. Má og vera, að við þetta megi hlíta, þar sem að eins eru gerðar vörður eða önnur merki, sem lítið kosta. En þar sem menn girða, hvort sem er með skurðum, löggarði eða trje- eða virgirðingum, er regla ldml. að sumu leyti varla rjettlát, því að öðrum getur staðið á miklu meiru en hinum, að slík merki sjeu gerð, t. d. vegna ágangs af búfje annara manna. Að hinu leytinu er reglan ófullnægjandi, því að hún segir ekkert um það, að hvaða tiltölu menn skuli leggja til *efni*. Þetta alt virðist eiga að fara eftir sömu reglu sem 8. og 9. gr. girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913 hafa að geyma, þannig, að alt tillagið verði metið eftir *notagildi* landanna. Og er úttektarmönnum þá rjett að fara eftir því, og þeim öðrum, sem meta.

Reglu girðingalaganna um það, að úttektarmenn skeri úr ágreiningi um merkjagirðingar, er haldið að því leyti, sem eðlilegt þykir og við verður komið. Þar sem lönd liggja á hreppamótum, láta girðingal. úttektarmenn beggja hreppa meta. Þeir verða samtals 4, og ættu þá yfirúttektarmenn — því að yfirúttekt eða yfirmat, hlýtur að vera frjálst eftir almennum reglum, sbr. og lög nr. 1, 12. jan. 1884, 34. gr. — að verða 8. Vandi við mat vex eigi, þótt lönd liggi á hreppamótum, og því verður eigi sjeð, hvers vegna hafa skuli fleiri matsmenn þá en ella. Ef land liggur að kaupstað, eða löggiltu kauptúni, verður nefnd regla girðingarlaganna eigi alt af notuð, því að það er eigi víst, að neinir úttektarmenn sjeu þar skipaðir, vegna þess að þeirra er engin þörf. Það er því stungið upp á því, að sýslumaður (bæjarfógeti) nefni matsmenn, þar sem regla girðingalaganna sýnist miður eiga við, eða ekki verða notuð.

Um 2. gr.

1. málsgr. er að efni til samhljóða 3. gr. og 4. gr., 1. málsgr., ldml. 1882. Þó er sú viðbót, að landamerkjaskrár skuli afhenda hreppstjóra, er rannsaki, hvort allir aðiljar hafi samþykt hana. Er þetta gert til að tryggja sem best, að skrárnar verði löglegar.

Um 2. málsgr. nægir að vísa til þess, er sagt var í inngangs-kaflanum.

Um 3. gr.

Er að efni til samhljóða 1. gr. ldml. 1882. Og virðist gr. eigi framar þurfa.að skýra, en áður hefir verið sagt.

Um 4. gr.

Er samsefnis sem 4. gr., 2. málsgr., ldml. 1882, en kveður nokkru skýrar á um það, er máli skiftir. Ákvæði gr. taka eigi að eins til breytinga á áðurgerðum merkjum milli jarða, hjáleigna o. s. frv., heldur og til þess, ef maður skiftir hluta úr landi sínu, en reyndar skiftir þetta litlu eða engu, því að það má og heimfæra undir 1. gr.

Merkjaskrá þarf hjer auðvitað að sýna þeim einum, er breytingin varðar, og því alls eigi alt af þeim öllum, er samþykkja þurftu hana í upphafi, svo að hún yrði lögmæt. Dóm, landskiftagerð, eða gerðarúrskurð, þarf auðvitað eigi heldur að sýna til samþyktar.

Ákvæði frv. um þinglýsingar, útiloka auðvitað ekki ákvæði laga um sýningu landamerkjaskjala til fyrirfram inntritunar, samkvæmt tilsk. 24. apríl 1833, 4. gr., og op. br. 28. apríl 1841.

Um 5. gr.

Samhljóða, að undantekinni síðari setningunni, 6. gr. ldml. 1882. Virðist annars auðskilin.

Um 6. gr.

Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki verða hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár *hafi* þinglýstar verið, og að skylda menn til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsgr. skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleiðis, að lögunum verði fylgt. Ef breyting verður á merkjum, eða þau falla niður fyrir vanrækslu, og með breyting er eigi að lögum farið, fer eftir ákvæðum 7. gr. um sektir, og 8. gr. um málsmeðferð. Ef þeim ákvæðum er fram fylgt sæmilega, þá sýnist allgóð trygging fengin fyrir því, að eigi verði til lengdar óvissa eða ágreiningur um merki. Hreppstjóra er alment innanhandar að afla sjer fræðslu um merkjavafa eða deilur í hreppnum. Hann er úttektarmaður og landskiftamaður, og þar að auki mun varla mikið að merkjadeilum kveða, án þess-að sveitarfleygt verði bráðlega.

Um 7. gr.

1. málsgr. hefir að geyma viðurlög við brotum, eins og 5. gr. ldml. 1882. En ákvæði 7. gr. frv. eru nokkru strangari.

2. málsgr. hefir að geyma sjálfsagt ákvæði um málsmeðferð, er í ldml. 1882 vantar.

II. kafli.

Um 8. gr.

Áður er talað um hina nýju stefnu, sem kemur fram í þessari grein, og vísast til þess að mestu. Eins og kunnugt er, þá eru aðiljar einkamála sjálfráðir um það, hvort þeir höfða mál eða ekki. Frá þessari reglu er brugðið hjer, eins og í lögum nr. 35, 2. nóv. 1914. Af þessari breytingu leiða ýms önnur afbrigði frá almennum reglum. Hvorugur aðilji verður skoðaður sækjandi máls fremur en hinn. Því verður varnarþingsreglu 7. gr. ldml. eigi haldið til hlítar. Varnarþingið verður eigi hægt að binda við jörð *varnaraðilja*, eins og þar er gert. Þar sem lönd liggja sitt í hvoru lögsagnarumdæmi, er í raun og veru annaðhvort hvorugur valdsmaður, ef sinn er yfir hvoru, bær að fara með málið, eða báðir jafnbærir. Er því varla annar vegur tiltækilegur, en að ráðherra ákveði hverju sinni, hvor skuli með það fara. Og ætti þar að koma til greina, hvort ódýrara yrði eða hagfeldara að öðru leyti, t. d. vegna vitnaleiðslu o. s. frv. Þar sem engin kæra eða krafa þarf að hafa borist dómara frá aðiljum, er það nauðsynlegt, að hann sannreyni þegar, hvað á milli ber, og hvaða kröfur hvor um sig geri, svo að undirstaða verði lögð undir málið, líkt og sáttakæra og stefna eru það annars. Dómarinn verður því að leiðbeina aðiljum *ex officio* um þessi atriði, ef nokkur ástæða er til að ætla aðilja eigi fullfæra um að útlista mál sitt. Hann verður að spyrja þá bæði um staðreyndir og kröfur þeirra *ex officio*, ef hann hefir minstu ástæðu til að ætla, að þeir komi eigi sjálfir og hjálparlaust fram með þær á fullnægjandi hátt. Mun aðstaða dómarans að þessu leyti verða svipuð og í einka-, lögreglu- og hjúskaparmálum.

Af breytingunni leiðir líka, að eigi er unt að setja sáttatilraun fyrir sáttanefnd að skilyrði fyrir dómi um efni þessara mála. Þar á móti virðist það heppilegt að dómari leiti sátta. Verður sú sáttatilraun að fara fram áður en frekari aðgerðir hefjast, og misbrestir um sáttatilraun hljóta að hafa sömu verkanir sem ella, og um skyldu aðilja til að sækja sáttaþing, hlýtur að fara eftir sömu reglum sem þeim, er um sáttaumleitun fyrir dómi gilda, með þeim takmörkunum, sem af 12. gr. leiða. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er þó eigi útilokað að sáttatilraun fari fram samkvæmt tilsk. 15. ágúst 1832, 3. gr., en sú sáttatilraun mundi eigi undanþiggja dómara þeim skyldum, sem honum eru lagðar á herðar með 8. gr.

Greinin tekur til allra mála, þar sem ágreiningur er um *merki*, sbr. 1. gr., og ákveða á þau. Eftir 7. gr. ldml. 1882 skulu og mál um »ítök« sæta úrlausn landamerkjadóms, og sömu meðferð sem landamerkjamál. Nú eru mörg ítök svo vaxin, að merki skifta engu máli, t. d. rjettur til torfskurðar einhversstaðar í landi jarðar, veiðirjettur alment í á eða vatni o. s. frv. Verður þá engin skynsamleg ástæða til þess, að láta slík mál fara eftir sömu reglum, sem landamerkjamál. Þar þarf eigi t. d. að ganga á merki, sem merki skifta engu máli, og enginn ágreiningur getur verið um þau. Ef nauðsyn ber til að skoða landið, þá fer eftir 16., og ef til vill 17. gr., en þess gerist auðvitað alls eigi alt af þörf. Sum ítök

eru aftur á móti svo vaxin, að ágreiningur getur beinlínis verið um merki, t. d. engjaítak, þar sem ítakshafi má einungis slá ákveðna spildu innan ákveðinna markalína. Mál um slíkan ítaksrjett, þar sem ákveða þarf merkin, fara eftir II. kafla frv. Í þessum málum er ljóst, að varnarþingið er varnarþing eignar þeirrar, sem ítakið er í, því að merki hennar og ítaksins koma ein til greina.

Um 9. gr.

1. málsgr. Lagt er til að meðdómendur verði eigi nema 2, eins og er samkvæmt l. nr. 35, 2. nóv. 1914 í lóðamerkjadómi Reykjavíkur, og eftir lögum nr. 52, 30. nóv. s. á. í sjódómum. Þá er sú breyting lögð til, að dómari ryðji dóm fyrir þann, er það vill eigi gera sjálfur, og þá líka, ef hvorugur vill gera það. Sýnist þessi regla heppilegri en regla ldml. 1882.

2. málsgr. Er í samræmi við samsvarandi ákvæði 7. gr. ldml. 1882.

3. málsgr. Svarar til síðari setningar 11. gr. ldml. 1882. 3 eru tilnefndir, svo aðiljum veitist kostur á að ryðja.

4. málsgr. Er í samræmi við síðari setningu 11. gr. ldml. 1882.

5. málsgr. Undanþágu til handa 60 ára gömlum mönnum er í samræmi við gildandi lög, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 43, 10. nóv. 1905, 14. gr. 2. og 3. málsgr. og 57. gr., lög nr. 36, 16. nóv. 1907, 6. gr., 3. málsgr., og 16. gr., 1. málsgr., l. nr. 67, 14. nóv. 1917, 9. gr., o. fl.

6. málsgr. Svarar til 15. gr. ldml. 1882. Eðlilegra þykir, að ábyrgð meðdómenda í merkjadómi fari eftir 13. kap. alm. hegningarl., en að þeir hlíti nokkrum sjerreglum að því leyti. Ef maður skorast ólöglega undan að ganga í merkjadóm, á hann t. d. að sæta ábyrgð eftir 143. gr. alm. hegningarl.

7. málsgr. Borgun merkjadómenda eftir 14. gr. ldml. 1882, 3. kr. á dag, er svo lág, að engri átt nær nú á dögum. Gert er ráð fyrir 8 króna dagkaupi. Ef ferðakostnaður er enginn, þá verður lágmarksgjaldið ákveðið. Ef ferðakostnaður legst við, þá er miðað við ákvæði laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 7. gr., en eftir henni er ferðakostnaður þeirra manna, er að rjettargerðum starfa samkv. þeim lögum, ákveðinn 6 kr. hið mesta á sólarhring, og er hámarkið, 14 kr. á dag, miðað þar við. Eins og orðalagið sýnir, á þetta við alla dómendur í merkjadómi.

Um 10. gr.

Svarar til 9. og 10. gr. ldml. 1882. Til þess mun hafa verið ætlast, að dómur yrði uppkveðinn þegar eftir merkjagöngu. En í framkvæmdinni hefir það eigi farið svo. Er það ljóst, að heppilegast er, að dómendur lúki dómsorði á málið, meðan þeim eru landshættir í fersku minni. Og ef langur tími líður milli merkjagöngu og dómsuppsögu, getur dómanda, eins eða fleiri, mist við. Þarf þá nýr maður að koma í staðinn, og þess vegna þarf nýja merkjagöngu. Veldur það bæði tímatöfum og kostnaði. 3 sólarhringa frestur til dómsuppsögu ætti jafnan að vera nægur hjer, eins og eftir l. nr. 35, 2. nóv. 1914.

Frestur milli fyrsta þinghalds og merkjagöngu er styttur í 9 mánuði. Sýnist sá frestur, allra hluta vegna, hljóta að munu reynast nægur. En ef svo reyndist eigi einhverju sinni, getur dómurinn veitt frest eftir merkjagöngu, svo sem ef vitni veiktist og eigi hefði verið unt að ná skýrslu þess áður. Annars

leiðir það af þeirri meginreglu, að dómsorði skal lúka á merkjamál, nema aðiljar sættist á það, að þeir eru eigi einráðir yfir frestum sem í almennum einkamálum.

Meðdómendur taka eigi til starfa fyrr en á merkjagönguþingi. Dómsstörf í málinu, þangað til, vinnur hjeraðsdómari einn, t. d. nefnu manns til að gera uppdrátt af þrætulandinu.

Vitnaskyldan eftir þessari gr. er nokkru víðtækari en almennt, að því leyti, sem vitni má skylda til að ganga á merki og þar með til að kynna sjer staðreyndir málsins.

Ákvæði 10. gr. ldml. um eiðspjall dómenda er slept, af því að nú er almenn regla í 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 um það efni.

Um 11. gr.

Svarar til 1. setn. 12. gr. ldml. 1882 og að nokkru til 14. gr. þeirra. Um málskostnað ákveður dómur eftir meginreglunni í lögum nr. 29, 26. okt. 1917. Í dóm verður eigi annað sett en ákvæði um merki, málskostnað og rjettarfarssektir, ef á þarf að halda. Fullnægja fjárútláta fer auðvitað eftir aðfararlögunum og lagaákvæðum um afplánun sekta. Ef ný merki þarf að setja samkvæmt dóminum, þá fer væntanlega um það eftir 1. gr. frv.

Um 12. gr.

Kemur í stað ákvæða í 7. og 13. gr. landamerkjal. 1882, sem eru annaðhvort í mótsögn hvort við annað eða þá að annað ákvæðið í 7. gr. um umboð leiguliða er óþarft. Regla 13. gr. frv. um skyldu til að hafa umboðsmann, er gömul í lögum, sjá Jónsbók Llb. 28. Ákvæði 12. gr. um skyldu til að tilkynna umboðsmanns-kjör er auðvitað til þess að víst sje, hverjum jarðeigandi vilji láta birta kvaðningu á dómþing, samkv. 8. gr., en er annars jafnframt rjettur, sem honum er veittur. Hinsvegar er nauðsyn, að mál geti farið leiðar sinnar samkv. lögum, þótt jarðeigandi vanræki að neyta þessa rjettar, og því er ákvæði 2. málsgr. sett.

Um 13. gr.

Það er ennfremur afleiðing meginreglu 8. gr., að aðilji eða aðiljar geti eigi tafið mál eða eytt því, með því að sækja eigi dómþing. Ákvæði tilsk. 15. ágúst 1832 um það, ef aðiljar sækja eigi þing, eða ákvæðin um endurupptöku máls, geta eigi gilt í merkjamálum.

Um 14. gr.

Reglan um fresti er til þess, að málin dragist eigi óþarflega. Af henni leiðir t. d., að stefnufrestur, bæði til aðilja samkv. 8. gr., og vitna, fer eftir gestarjettarreglum, sbr. l. nr. 62, 14. nóv. 1917, 7. gr. Ákvæðið um að reglan: »Óstefndur skal vera ónefndur« gildi eigi, og um að eigi þurfi að stefna vitnum eftir N. L. 1—13—13, er í samræmi við l. nr. 35, 2. nóv. 1914, 6. gr., og sjódómslög nr. 52, 30. nóv. 1914, 8. gr., enda eru reglur þessar báðar óþarfar.

Það verður dómvenjan að sýna, hverjar hinna almennu rjettarfarsreglna geta átt við merkjamál, enda sjeu þær eigi útilokaðar í lögunum sjálfum. Nefna má þó sem dæmi, *að* reglan um skriflegan málflutning (þ. e. að það eitt sje lagt til grundvallar dómi, sem í málsskjölunum er) gildir að sjálfsögðu, að um

stefnubirtingar fer eftir lögum nr. 63, 14. nóv. 1917, *að* aðiljar ráða, hvaða kröfur þeir gera, hvaða gögn og hvaða málsástæður þeir bera fram, *að* vitnaskylda fer eftir almennum reglum, sbr. þó 10. gr., *að* dómara er skylt að leiðbeina bæði aðiljum og vitnum, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 10. og 13. gr., *að* almennar reglur um dómssamningu gilda, sönnun og sönnunarbyrði o. s. frv.

Um 15. gr.

Svarar til 12. gr. ldml. 1882. Frestur til áfrýjunar er styttur frá því sem þar segir. Er það í samræmi við þá meginhugsun, að merkjavafi skuli enginn lengur vera en nauður rekur til. Í nefndri gr. ldml. segir, að yfirdómur geti ónýtt merkjadóm sakir »*þingsafglöpunar*« eða »*lögleysu að efni til*«. Svo virðist sem í þessum orðum eigi að felast einhver takmörkun, en þegar nánar er að gáð, sjest það, að svo er eigi. Dómur getur sem sje eigi orðið ónýttur, nema annaðhvort af því, að formhliðar málsins hefir eigi verið gætt, og hlýtur orðið »þingsafglöpun« að eiga við það, eða vegna þess, að hann þykir rangur að efni til, en þá er hann »lögleysa að efni til« samkvæmt skoðun yfirdómsins. Tilgreind orð eru því að eins villandi, og því er þeim slept hjer. Að öðru þykir ei þurfa að greina framar um 1. málsgr.

2. málsgr. nemur burt algerlega óþarfa reglu í N. L. 1—2—3, í merkjamálum, og er það í samræmi við lög nr. 35, 14. nóv. 1914, 8. gr.

III. kafli.

Í þessum kafla greinir um mál, þar sem staðhættir skifta máli, án þess þó, að merkjadeilur sjeu. Stundum getur dómendum verið nauðsyn að skoða staðinn, stundum getur verið nauðsyn að þeir hafi fyrir sjer uppdrátt af honum, eða jafnvel hvorttveggja, að bæði fari fram skoðun og að uppdráttur liggi fyrir. En stundum getur verið, að hvorugt þurfi. »Áreið« er gamalt í máli voru og »áreiðarmál«. Skoðun á *landi*, er dómendur gerðu í dómsmáli, var kölluð »áreið«, hvort sem í merkjamáli var eða öðrum málum. En orðið »áreið« og »áreiðarmál« geta eigi átt við um öll mál, þar sem skoða þarf staðinn, t. d. hús eða lóð vegna kvaðar á því eða henni, sem deila er um. Slík mál má vel kalla »vettvangsmál«, enda eru heitin: »áreiðar- og vettvangsmál« nú löghelguð, sjá lög nr. 62, 14. nóv. 1914, 9. gr. Núgildandi ákvæði um þessi mál eru í N. L. 1—7—1, 1—16, tilsk. 31. mars 1719, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., og tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr.

Um 16. gr.

Tekur til sömu mála sem N. L. 1—16 og tilsk. 31. mars 1719, 4. gr. að undanteknum málum þeim, sem í II. kafla frv. greinir, landamerkjamálum og sumum málum um ítök. Það kemur ef til vill fyrst í ljós eftir að málflutningi er lokið, eða langt komið, hvort svolagaður ágreiningur er, að skoða þurfi einhvern ákveðinn stað, og því er engin ástæða til að meðdómendur sjeu nefndir fyrr en einhvern tíma áður en málið er tekið undir dóm. Ef sjerstakrar kunnáttu þarf með, sem dómari hefir eigi, til þess að dæma um atriði, þá er auðsætt, að

nefna verður til þess sjerstaka kunnáttumenn. Annars má vísa til þess, er áður er sagt um landamerkjamál.

Um 17. gr.

Sú er hjer breyting frá gildandi reglum, að dómari kveður upp sjerstakan úrskurð um það, að uppdráttar af þrætustaðnum sje þörf. Er þetta aðiljum hagræði. Áður var reglan sú, að dómari vísaði málinu frá, ef uppdrátt vantaði, svo að höfða varð það af nýju, en eftir þeirri reglu, sem hjer er stungið upp á, verður máli eigi frávísað vegna vöntunar á uppdrætti, nema samkvæmt 2. málsgr., ef aðili fer eigi eftir úrskurði dómarans og það kemur í ljós, að sakaratriði sje eigi nægilega ljóst.

Um 18. gr.

Ekki hafa heyrst raddir í þá átt, að nokkur nauðsyn væri til að skylda dómara til að taka þessi mál *ex officio* í sínar hendur, nema í Reykjavík, enda er það þar ákveðið með lögum nr. 35, 2. nóv. 1914. Að öðru virðist gr. eigi þurfa að skýra, en vísa má til aths. við 14. gr. og 15. gr., 2. málsgr.

IV. kafli.

Um 19. gr.

Það er auðvitað, að yfirdómur getur ekki sjálfur skoðað þrætustað eða gengið á merki. Á því var og bygð reglan í tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr. Þó að undirdómendur hafi glöggvað sig vel á öllum landsháttum, kemur það yfirdómi eigi að gagni, eða að minsta kosti ekki að fullu gagni. Þess vegna var lögboðið í 20. gr. tilsk. 1800, að uppdráttur *skyldi* fylgja dómsgerðum þeirra mála, er tilsk. 31. mars 1719, 4. gr. tekur til. Yfirdómurinn hefir eigi beitt ákvæðum 20. gr. tilsk. 1800 svo strangt, að alt af þyrfti að vísa máli frá dómi, ef uppdrátt vantaði, heldur einungis ef hann treystist eigi til að átta sig nægilega á málinu án þess (Dómasafn VI 457). Þessa dómvenju sýnist ástæða til að staðfesta með lögum, enda þótt hún sje varla í samræmi við ákvæði 20. gr. tilsk. 1800. Til hagræðis málsaðiljum er það, að yfirdómur á að fresta máli, ef uppdrátt vantar, og gefa aðiljum kost á því að afla hans, í stað þess, að nú er máli þegar vísað þar frá dómi, ef nauðsynlegan uppdrátt vantar, þegar það er tekið til dóms.

Um 20.—21. gr.

Það virðist brotaminst að láta þau mál, sem stefna er útgefin í áður en lögin öðlast gildi, fara eftir eldri reglum, enda vandhæfi á, ef málið er svo langt eða lengra komið, að skera úr því, hverjar af reglum laga þessara geta átt við eða ekki.

20. gr. tilsk. 11. júlí 1880 er af numin með öllu, þar með einnig ákvæðið um það, að amtmaður (eða nú ráðherra, sbr. tilsk. nr. 12, 23. ág. 1904 I. 11) skuli skipa menn til einskonar yfirskoðunar, ef »áreiðar- og skoðunargjörð undirdómarans . . . tjáist svikul eða röng«. Það er eigi kunnugt, að þetta ákvæði hafi notað verið, að minsta kosti eigi nú um langan aldur. Yfirdómurinn verður,

þegar svo stæði á, að hafa fyrir sjer staðfestan uppdrátt af þrætustaðnum og byggja á honum. Hann mundi vera litlu nær, þótt einhverir aðrir menn skoðuðu þrætustaðinn. Skýrsla þeirra um skoðunargerð sína, getur, eftir eðli málsins, ekki verið betra sönnunargagn en dómendanna, sem gert hafa hið sama. Ef sjerþekkingar þarf við, þá á hjeraðsdómur að nefna menn með slíkri kunnáttu, og kemur þá skýrsla þeirra jafnframt eða eftir atvikum í stað skoðunargerðar dómsins. Og þá verður það sú greinargerð, sem í yfirdómi verður á bygt, jafnframt því, sem uppdráttur sýnir eða kann að sýna. Og eftir almennum reglum er aðilja líka frjálst að leggja fram í yfirdómi sem nýtt sakargagn slíkt álit kunnáttumanna, þótt þess hafi eigi orðið auðið í hjeraðsdómi.

Þótt lög nr. 35, 2. nóv. 1914 standi framvegis í gildi, þá virðist samt einsætt, að ákvæði þessara laga geti að ýmsu leyti bætt þau lög upp. Ákvæði þeirra um uppdrætti í 17. og 19. gr. virðist t. d. eigi síður geta átt við í lóðamerkjamálum í Reykjavík en annarsstaðar, ef þörf krefði, en eftir 6. gr. l. 1914 verður þeirra varla þörf, af því að mælingamaður bæjarins á að senda formanni merkjadóms uppdrátt af þeim lóðum, er deilt er um. Um önnur mál, er undir III. kafla heyra, og ef lóð eða hús o. s. frv. er í Reykjavík, gilda ákvæði þessa frumvarps þar, svo og um merkjamál milli Reykjavíkur og þeirra, er land eiga að bæjarlandinu, því að lög 1914 taka eigi til slíkra mála.

3. janúar 1919.

Einar Arnórsson.

8. Frumvarp

til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, samkvæmt lögum um merking á kjöti frá 13. sept. 1912.

Þegar því verður við komið, skal hún fara fram áður en kjötið er saltað í tunnur. Nú er hæfur læknir eigi fáanlegur í tæka tíð til skoðunar, og getur þá stjórnarráðið mælt svo fyrir, að kjötið sje tekið upp síðar og skoðað og stimplað af lækni á kostnað útflytjanda.

Læknir getur neitað að stimpla læknisstimpli kjöt það, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum eðlisgalla, megurðar, óhreinku, illrar fláningar eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmann um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursölt-

un kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveður stjórnarráðið með ráði hlutaðeigandi yfirmatsmanns, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra. Þar skal og tiltekið um kaup þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji ræka starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi hæfilegt húsrúm til slátrunar, en eigi kleift að reka sláturfjeð til annars sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess, að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 1. gr.

Hjer er tekið upp hlutverk laganna í öllum aðalatriðum, sem sje það, að matsmenn og yfirmatsmenn annist um góða verkun og meðferð á öllu saltkjöti, alt frá slátrun fjárins og þangað til kjötið er komið í skip til útflutnings; enn fremur um nákvæma flokkun kjötsins eftir tegundum og gæðum. Nánari ákvæði um flokkun er eigi heppilegt að hafa í lögunum, því að ástæða getur verið til að breyta flokkunarreglunum að meira eða minna leyti, án þess að breyta þurfi lögunum. Væri þunglamalegt að sækja þær breytingar í hvert sinn til löggjafarvaldsins, enda eru þær eigi aðalatriði. Þær verða því að takast upp í erindisbrjef kjötmatsmanna.

Við 2. gr.

Heppilegra mun að krefjast heilbrigðisskoðunar á öllu útflutningskjöti sem aðalreglu, og að hún fari fram á kroppunum óhöggnum. En út af því getur þó brugðið, að þetta sje kleift, því að ekki mun þykja tiltækilegt, að aðrir en viðurkendir læknar framkvæmi skoðunina, ef hún á verða nokkurs metin. En á einstökum stöðum, þar sem slátrun fer fram, getur orðið ómögulegt að hafa lækni við hendina. Er því ekki nema tvo vegi um að velja: Annar er sá, að skoða kjötið eftir að búið er að salta það í tunnur, með því annaðhvort að fá eftir sláturtíð lækni á staðinn, eða koma kjötinu á aðra höfn, þar sem læknir er við látinn, og þessi vegur er hjer valinn. En um það verður dýralæknir að dæma, hvort slík skoðun eftir á er fullnægjandi. Hinn vegurinn er sá, að veita undanþágu um útflutning á óstimpluðu kjöti, þegar svona stendur á. En þá verður að vera sjermerki á hverri tunnu af óstimpluðu kjöti.

Mikil fyrirgreiðsla er í því fyrir kjötmatið, að læknir kasti úr, um leið og hann skoðar kjötið, þeim kroppum eða kroppspörtum, sem hann telur ekki útflutningshæfa, og geta læknir og kjötmatsmaður komið sjer saman um þetta, þannig, að læknir ljetti kjötmatinu að þessu leyti af kjötmatsmanni.

Við 3. gr.

Stjórnarráðið semur sýnishorn af vottorði kjötmatsmanna, og má benda á slíkt sýnishorn frá útflutningsnefndinni í Lögbirtingablaðinu nr. 50, 1918. Ekki virðist tiltækilegt að ætla yfirmatsmönnum að gefa vottorð með hverri kjötsendingu, eins og þó er um sjávarvöru.

Við 4. gr.

Fyrirsögn um merking á kjötinu skal tekin upp í erindisbrjef kjötmatsmanna (sjá síðar).

Við 5. gr.

Yfirmatsstarfið verður ekki falið öðrum mönnum, en þeim, sem fengist hafa við slátrunarstörf eða niðursöltun kjöts á reglulegu sláturhúsi, eða staðið fyrir þeim störfum, og jafnframt sýnt áhuga á málefninu. Til þess að eftirlit þeirra og leiðbeiningar nái til hvarvetna þar, sem þörf er á, mega þeir eigi vera færri en 5, að minsta kosti fyrst um sinn, því að víða er skamt á veg komið um slátrunarhús og önnur slátrunartæki og um kunnáttu og æfingu í slátrun og kjötmeðferð, eftir þeim kröfum, sem nú verður að gera. Þessum kröfum þurfa yfirmatsmennirnir að sjá um, að fullnægt verði á viðunandi hátt sem allra fyrst. Er þá fyrst og fremst að athuga húsin á hverjum stað sem notuð eru til slátrunar og kjötgeymslu, og ráða fram úr til bráðabirgða, þar sem notast verður við ófullkomin húsakynni og erfiða aðstöðu, eða jafnvel á stöku stað útislátrun, en jafnframt gangast fyrir fullkomnum umbótum í þessu efni strax og kringumstæður leyfa. Þar næst er að leita uppi á hverjum stað hæfustu menn sem fáanlegir eru til þess að hafa kjötmatið á hendi, og kynna sjer hvaða fólki er á að skipa til slátrunarstarfa og kjötvinnu. Jafnframt þarf hann að kynnast þeim mönnum, er fyrir kjötútflutningi standa. Enn fremur þarf að líta eftir, eins víða og hægt er, um sjálfan slátrunartímann, hvernig þessi störf fara úr hendi, og gefa leiðbeiningar. Nú kemst yfirmatsmaður eigi yfir það að koma nema á suma slátrunarstaði um sjálfan slátrunartímann. Verður hann þá á hinum stöðunum, eftir slátrurtíð, að prófa flokkun og frágang kjötsins með rannsókn á svo og svo mörgum tunnum af hverjum flokki og tegund, eins og gert er á síld. Það mun því hvorki veita af 5 mönnum til þessa starfs um land alt, nje heldur tveggja mánaða tíma til jafnaðar fyrir hvern þeirra, og má heldur búast við lengri tíma fyrstu árin, ef vel á að fara.

Umdæmi yfirmatsmanna eru hugsuð þannig: 1. Sunnlendingafjórðungur, ásamt Mýra-, Snæfellsness- og Dalasýslu. 2. Vestfirðingafjórðungur að öðru leyti. ásamt Hvammstanga. 3. Húnavatnssýsla að öðru leyti, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýsla, ásamt Svalbarðseyri og Grenivík. 4. Þingeyjarsýslur að öðru leyti ásamt Bakkafirði og Vopnafirði. 5. Múlasýslur að öðru leyti og Austur-Skaftafellssýsla.

Í grein þessari eru sams konar tryggingar settar gegn því, að yfirmatsmenn kjötsins verði hlutdrægir, sem eru í öðrum vörumatslögum. En í þessu efni veltur þó vitanlega mest á staðfestu og innræti matsmanna, sem valdir eru.

Með því að eyða tveim mánuðum til jafnaðar til starfsins árlega og jafn vel öllu meira fyrstu árin, mun ekki veita af 600 króna launum auk dagpeninga og ferðakostnaðar, og greiðist þetta úr landssjóði eins og laun og kostnaður annara yfirmatsmanna. Dagpeningar, 3 kr. á dag, er einungis uppbót fyrir það, sem fæði og húsnæði er matsmönnum dýrara á ferðalagi en heima.

Við 6. gr.

Ætlast er til, að yfirmatsmenn ráði mestu um það, hverjir eru valdir kjötmatsmenn á hverjum stað, þótt lögreglustjóri skipi þá. Að sjálfsögðu skipar

lögreglustjóri engan, sem hann ekki getur fallist á að muni vera til þess hæfur eftir því, sem völ er á. Ætlast er til, að hvert meiriháttar sláturhús hafi sjerstakan kjötmatsmann, þótt fleiri sláturhús sjeu á staðnum, og sje hann handgenginn öllum aðalstörfum á sláturhúsinu, einkum kjötvigtun og söltun, enda starfi að þeim eftir því, sem hann kemur því við. Hann þarf því að taka þátt í starfinu og vera yfir því fullan vinnutíma á hverjum degi. Þar sem fleiri minni háttar slátranir fara fram á sama stað, er eigi ólíklegt að sami maður geti verið matsmaður á fleiri sláturhúsum en einu.

Kaup kjötmatsmanna er eðlilegast að miða við kaupgjald það, sem við gengst á hverjum stað, með hæfilegu tilliti til þess, að það er mikið tiltrúarstarf, og verður að ganga í valið með menn til þess, þess vegna er hjer eigi stungið upp á kauphæð, sem gildi jafnt alstaðar. Til mála gæti komið, að hafa kaupið ákveðna upphæð af hverri tunnu. En þá yrði að líkindum ver borgað starfið, þar sem slátrun er lítil og slitringsleg.

Við 7. gr.

Erindisbrjef kjötmatsmanna verður eftir þessum lögum sama sem reglugerð um kjötmat og kjötmeðferð. Þess vegna eru eigi ákvæði í frumv. um sjerstaka reglugerð í þessu efni.

Eitt helsta ákvæði erindisbrjefsins verður um flokkun kjötsins eftir gæðum. Virðist eigi önnur leið heppilegri í því efni, en sú, sem farin er í reglum útflutningsnefndar frá 6. sept. f. á., 7. gr. — Kjötið er þar flokkað í 2 aðalflokka og svo undirflokka. Nú hefir hingað til eigi verið gerður mikill munur á íslensku kjöti á útlendum markaði eftir tegundum eða gæðum, og varla mun nokkru sinni hafa verið nema um 2 verðflokka að ræða samtímis. Má búast við, að svo verði fyrst um sinn. En þrátt fyrir þetta kemur kaupendum það vel, að kjötið sje aðgreint í tunnurnar sem best eftir tegundum og gæðum, innan sama verðflokks, og mun tryggileg flokkun þannig tryggja söluna eigi alllítið og jafnvel hækka verðið. Síðar meir mun svo koma fram á markaðinum mismunandi eftirspurn eftir undirflokkunum, og þá fæst samskonar verðmunur eftir tegundum og gæðum, eins og nú er á fiskinum. Og þá er fengin mikilsverð umbót á kjötmarkaðinum.

Að svo komnu verður að meta kjötið í flokka innan hverrar tegundar eftir kroppþyngd aðallega og að nokkru leyti eftir aldri. Aðaltegundir kjötsins eru: 1. kjöt af dilkum og öðrum lömbum, 2. kjöt af eldra fje, algeldu, en ungu (ekki yfir 3 vetra), og 3. kjöt af mylkum ám og eldri geldum ám. Hverja tegund verður að greina í flokka eftir kroppþyngd, á svipaðan hátt og í áminstum reglum útflutningsnefndarinnar, en þó með þeim breytingum, að dilkakjöt í I. flokki (a) greinist í 2 undirflokka, og mun þá hæfilegt að hafa 13 kg. lágmark í fyrra flokki dilkakjötsins. Enn fremur er nauðsynlegt að greina II. flokk í 2 undirflokka, þannig að lambakjöt (undir 10 kg.) sje skilið frá kjöti af eldra fje. Samkvæmt þessu yrði þá flokkunin þannig:

I. flokkur.

a. Kjöt af dilkum, ef kropparnir vega 13 kg. eða þar yfir.
b. Kjöt af dilkum, » —— — 10 til $12^1/_2$ kg.

c. Kjöt af veturgömlu fje ef kropparnir vega 14 kg. eða þar yfir, svo og af sauðum, tvævetra og eldri, ef kropparnir vega 19 kg. eða þar yfir.
d. Kjöt af algeldum ám, ekki eldri en þrevetrum, ef kropparnir vega 20 kg. eða meira.
e. Annað sauðakjöt og geldærkjöt, svo og kjöt af mylkum ám, ef kropparnir eru vel þriflegir og ná 17 kg.

II. flokkur.

a. Annað lambakjöt, ef það er útflutningshæft.
b. Annað kjöt af eldra fje, ef það er útflutningshæft.

Kjötmatsmenn skera úr því, hvaða kjöt er svo magurt og ljelegt eða svo illa meðfarið, að það sje ekki útflutningshæft, eftir leiðbeiningum yfirmatsmanna.

Merking kjötsins sje þannig, að á efri helmingi botnsins sjeu vörumerkin og á neðra helmingi einkamerki útflytjanda, en það er efri helmingur, sem upp veit, þegar tunnan er liggjandi á bumbunni með tappagatið beint upp. Vörumerkið sje þannig:



Stjórnarráðið lætur gjöra merkiplötur, að stærð og lögun eins og hálfur kjöttunnubotn, fyrir vörumerki kjötsins, og hafa kjötmatsmenn einir merkiplötur þessar með höndum. Með þeim skal merkja alt saltkjöt, sem þeir meta og telja hæft til útflutnings. Annað kjöt er óheimilt að merkja þessu merki, og varðar sektum samkv. 10. gr. Yfirmatsmenn kjötsins annast um nægilega mikið af merkiplötum handa öllum kjötmatsmönnum, svo og að öruggur merkilitur sje til á hverjum stað í tækan tíma, og greiða útflytjendur verð fyrir merkilitinn, en merkiplöturnar teljast með yfirmatskostnaði kjötsins.

Um geymslu kjötsins og viðhald þarf að gæta þess, að skifta um þær tunnur, sem mjög reynast lekar við ápæklun, og koma kjötinu í aðrar betri. Er það skemd á kjötinu, ef blóðpækillinn tapast af því. Eftir að kjöttunnurnar eru fullpæklaðar og sýnilegur leki hættur, skal þó ápækla þær að minsta kosti einusinni í mánuði, tvisvar ef mikil þurkatíð er, og að síðustu um leið og þeim er komið í skip, skal athuga þær og bæta pækli á, þar sem nokkuð skortir á.

Kjöttunnurnar geymist á þrifalegum stað; sje sett undir báða enda á þeim trje eða annað, svo þær hvíli sem ljettast á bumbunni. Hreinsa skal af þeim óhreinindi, áður en þær eru fluttar í skip, svo að þær sjeu þrifalegar útlits.

Við 8. gr.

Þarf ekki athugasemda við.

Við 9. gr.

Störf yfirmatsmanna kjötsins verða aðallega fólgin í ferðalagi til slátrunarstaðanna, leiðbeiningum þar og eftirliti. Þurfa þeir fyrir lok ágústmánaðar ár hvert að hafa fengið frá lögreglustjóra skýrslu úr hverri sýslu um það, á hvaða stöðum í sýslunni fyrirhuguð sje slátrun á fje til útflutnings og af hverjum. Um störf þeirra að öðru leyti vísast til athugasemdanna að framan, einkum við 5. gr.

Ástæðan fyrir því ákvæði, að stjórnarráðið geti kvatt yfirmatsmennina til fundar í Reykjavík, eru í aðaldráttum teknar fram í greininni. Er vafalaust, að slík fundahöld eru nauðsynleg fyrir samræmi í kjötmatinu og lifandi áhuga yfirmatsmanna á starfinu, gætu enn fremur orðið til þekkingarauka fyrir suma þeirra. Ólíklegt er, að fundahöld þessi þyrftu að eiga sjer stað á hverju ári, nema þá fyrstu 2 árin, á meðan fyrirkomulagið er að festast og samræmi að komast á.

9. Frumvarp

til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út peningaseðla eins og viðskiftaþörf hjer á landi krefur, auk $2^1/_2$ miljónar kr. í seðlum, sem Íslands banki má gefa út. Ráðuneytið ákveður gerð seðlanna og krónutölu.

2. gr.

Seðlar þessir skulu greiðast handhafa með mótuðu gulli þegar krafist er, og gilda manna í milli og í opinbera sjóði sem reiðu gull. Þeir, og seðlar Íslands banka, eru hinir einu seðlar, sem gilda á þennan hátt.

3. gr.

Sá, sem býr til eftirmynd seðla, sem gefnir eru út af Landsbanka Íslands eða falsar þá, sætir refsingu samkvæmt 266. gr. hinna almennu hegningarlaga 26. júní 1869. Glæpurinn er drýgður, þegar seðillinn hefir verið búinn til eða falsaður, þótt hann hafi ekki verið látinn út.

4. gr.

Allur varasjóður bankans, eins og hann er á hverjum tíma, er að tryggingu fyrir seðlum hans, jafnhliða öðrum skuldbindingum hans. Auk þess ábyrgist ríkissjóður sjerstaklega 750000 kr. af seðlunum, en það, sem kann að vera úti umfram þá seðlafúlgu á hvaða tíma sem er, skal vera trygt með málmforða á sama hátt og seðlar Íslands banka eru nú, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905, 4.—7. gr., þó þannig, að ákvarðanir þær, er samkvæmt 5. gr. c. þeirra laga, liggja undir fulltrúaráð, beri undir eftirlitsmenn þá, er ræðir um

í 7. gr. þessara laga. Þó skal Landsbankinn jafnan hafa minst 200000 kr. í mótuðu gulli í bankanum eða útibúum hans, nema seðlar þeir, sem hann hefir í umferð, nemi eigi þeirri fjárhæð, enda sje hún þá öll trygð með mótuðu gulli.

5. gr.

Fyrir seðlaútgáfu sína skal bankinn greiða ríkissjóði og byggingarsjóði 7500 kr. á ári, hvorum, en eigi annað gjald.

6. gr.

Landsbankinn er skyldur til að greiða með seðlum sínum ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Íslands banki borgar inn í reikning Landsbankans við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn og flytja á sama hátt ókeypis það fje, sem Íslands banki þarf að flytja til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem innieign Landsbankans þar leyfir.

Enn fremur er Landsbankinn skyldur til eftir föngum, gegn greiðslu samtímis í Reykjavík, að láta Íslands banka fá seðla, án sjerstakra ómakslauna, á þeim stöðum, þar sem báðir hafa útbú.

Þá er Landsbankinn og skyldur til, að veita viðtöku til ávöxtunar, gegn 3% vöxtum, þeim seðlum Íslands banka, sem hann óskar og eigi eru í umferð, þó þannig, að þessi fjárhæð nemi eigi meiru, en Landsbankinn hefir í umferð af sínum seðlum fram yfir 750000 kr.

Þessar ívilnanir Íslands banka gilda ekki lengur en þar til 30 ára tímabil það, er ræðir um í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, er á enda.

7. gr.

Ráðuneytið skipar 2 menn, til fjögra ára í senn, til þess að hafa eftirlit með bönkum þeim, sem seðlaútgáfurjett hafa, þó þannig, að í fyrsta sinn sje annar þeirra að eins skipaður til 2 ára. Þessir menn skulu hafa stöðugt eftirlit með seðlaútgáfu bankanna og að tryggingarreglunum sje fylgt og skýra ráðherra þeim, sem bankamál bera undir, skriflega frá því, jafnskjótt og þeir verða einhvers þess varir, er þeir telja hættulegt seðlabanka eða varhugavert starfsemi hans. Eftirlitsmenn þessir hafa aðgang að öllum bókum og skjölum bankanna, sjóði þeirra, verðbrjefum og málmtryggingu, þannig að eigi fari í bága við afgreiðslu í bankanum. Nánari reglur um starf þessara manna setur ráðherra sá, er bankamál bera undir. Eftirlitsmenn þessir eru, að viðlagðri refsingu samkvæmt 140. gr. hinna almennu hegningarlaga, skyldir til að halda leyndu fyrir öllum óviðriðnum því, sem þeir fá vitneskju um vegna starfs síns. Þóknun til eftirlitsmannanna, sem ekki má vera hærri en 2500 kr. á ári handa hvorum, ákveður ráðuneytið og greiðist hún úr ríkissjóði gegn endurgreiðslu frá bönkunum í hlutfalli við seðlaútgáfu þeirra á ári hverju, eftir meðaltali þess, sem verið hefir í umferð í lok hvers mánaðar.

8. gr.

Ráðuneytið ákveður, eftir að hafa leitað álits Landsbankans og eftirlitsmanna þeirra, er ræðir um í 7. gr., hversu mikið af seðlum Landsbankinn má gefa út á hverjum tíma, til þess að fullnægja viðskiftaþörfinni.

9. gr.

Ráðuneytið ákveður í samráði við báða bankana, hvernig breytingu þeirri á seðlaútgáfurjettinum, sem ræðir um í lögum þessum, skuli fyrir komið og eru bankarnir skyldir að hlíta úrskurði þess þar um.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.–5. gr. laga nr. 14, 18. september 1885, og 1. og 2. gr. laga nr. 2, 12. jan. 1900.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1917 var samþykt svofeld þingsályktun:

»Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leita samninga við Íslands banka um, að hann láti af hendi seðlaútgáfurjett sinn allan, gegn ákveðnu gjaldi, eða, ef það næst eigi, þá að hann láti af hendi, með ákveðnum skilyrðum, rjett sinn til að hindra seðlaútgáfu fram yfir $2^1/_2$ miljón, auk seðla Landsbankans. Samningar um þessi atriði liggja undir samþykki Alþingis, og eru eigi bindandi fyr en slíkt samþykki er fengið«.

Samkvæmt þingsályktun þessari, voru þeir Magnús Guðmundsson skrifstofustjóri, Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri og Pjetur A. Ólafsson konsúll 20. janúar þ. á. skipaðir í nefnd, til þess að rannsaka og láta uppi álit sitt um:

1. Hvort Íslands banki sje fáanlegur til að láta af hendi seðlaútgáfurjett sinn allan til handa ríkissjóði, eða til handa ríkissjóði vegna Landsbankans, gegn ákveðnu gjaldi og með hverjum kjörum að öðru leyti. Og ef svo væri, hvort þau kjör, sem náðst gætu að þessu leyti, megi telja viðunandi.
2. Ef Íslands banki væri ekki fáanlegur til að láta af hendi allan seðlaútgáfurjettinn, með viðunanlegum kjörum, hvort bankinn fengist þá til að láta af hendi með viðunanlegum kjörum rjett sinn, til að hindra seðlaútgáfu fram yfir $2^1/_2$ miljón króna, auk seðla Landsbankans.
3. Verði hvorugt framangreindra atriða fáanlegt, þá að rannsaka og láta uppi álit um það, hvernig og með hverjum kjörum koma megi fyrir til nokkurrar frambúðar seðlaútgáfurjettinum, þannig, að hæfileg seðlamergð geti jafnan verið til hjer á landi eftir því, sem viðskiftaþörf krefur.

Frá nefnd þessari hefir komið frumvarp þetta, sem ráðuneytið hefir fallist á. Um málið er að öðru leyti vísað til greinargerðar nefndarinnar, sem prentuð er í fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Um frumv. þetta yfirleitt þykir rjett að geta þess, að því er samfara annað frumv., um breyting á lögum um stofnun Íslands banka, 10. nóv. 1905. Milli þessara frumvarpa er svo náið samband, að annaðhvort verða bæði eða hvorugt að ganga fram. Bæði þessi frv. í sameiningu sýna, að hvaða samningum nefnd sú gat komist, sem skipuð var af atvinnu- og samgöngumálaráðherra, til þess að leita samninga við Íslands banka um seðlaútgáfurjettarmálið. Það þykir rjett að geta þess, að fyrir samningum af bankans hálfu hefir staðið H. Tofte bankastjóri, og ber að líta þannig á samningana af hans hálfu, að það, sem hann hefir samþykt við nefndina, vill hann fyrir sitt leyti ráða hluthöfum bankans til að samþykkja á aðalfundi, sem mun verða haldinn í sumar, en með því að hann mun hingað til hafa farið með atkvæði meiri hluta hluthafa, virðast litlar líkur á, að það verði eigi samþykt á aðalfundi, sem hann mælir með. Um þessi tvö frv. stendur því svo sjerstaklega á, að áður en þau geta orðið staðfest af Hans hátign konunginum sem lög, verður auk samþykkis Alþingis, að liggja fyrir löglegt samþykki aðalfundar Íslands banka á þeim atriðum frv., sem hann varða.

Að öðru leyti þykir rjett að taka fram það, sem hjer fer á eftir, um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein sýnir, að svo er til ætlast, að útgáfa seðla þeirra, sem með þarf hjer á landi til að fullnægja viðskiftaþörfinni, verði skift milli Íslands banka og Landsbankans þannig, að hinn fyrnefndi megi gefa út 2½ miljón kr., en hinn síðarnefndi það, sem þarf þar yfir. Í skýrslu áðurnefndrar nefndar mun verða vikið nokkru nánar, að hversu mikið hafi verið úti af seðlum síðan Íslands banki tók til starfa, hverjum breytingum heimsstyrjöldin hefur valdið í þessu efni og hvernig útlitið er í framtíðinni.

Með þessu fyrirkomulagi verða ekki nema tvenskonar seðlar hjer á landi, eins og nú er. Vera má, að unt væri með þessu fyrirkomulagi, að hafa að eins eina tegund seðla af hverri stærð (krónutölu) og er slíkt hugsanlegt á þann veg, að bankarnir skiftu milli sín útgáfu seðlategundanna, þannig að t. d. annar gefi út 5 kr. og 100 kr. seðla, en hinn að eins 10 kr. og 50 kr. seðla. Við þetta mundi sparast nokkur kostnaður, því að seðlaprentun er nú mjög dýr, auk þess sem það verður að teljast fremur kostur, að sem fæstar seðlategundir sjeu í umferð. Þessu atriði hefir verið hreyft, en samt hefir ekki þótt ástæða til að taka það upp í frv., heldur er ætlast til, að stjórnin ráði fram úr þessu í samráði við bankana, sbr. niðurlagsákvæði gr.

Í greininni er Landsbankanum að eins heimilað að gefa út seðla, eins og viðskiftaþörfin krefur, en gengið er út frá, að honum sje það jafnframt skylt.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru að eins sjálfsögð ákvæði, sbr. 8. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og þykir ekki ástæða til að gera athugasemdir við hana.

Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Seðlar þeir, sem Landsbankinn gefur út, eiga allir að vera innleysanlegir með gulli, en til þess að íþyngja ekki bankanum frá því sem nú er, er það ákveðið í greininni, að bankinn megi gefa út 750000 kr. á ábyrgð ríkissjóðs án gulltryggingar, en að það, sem hann gefur út umfram þá upphæð, skuli trygt á sama hátt og seðlar Íslands banka eru trygðir nú. En með því að allir seðlarnir eiga að vera innleysanlegir með gulli, og svo gæti farið, þótt það virðist ólíklegt, að bankinn hefði ekki einhverju sinni meira í umferð en 750000 kr., sem eru gefnar út á ábyrgð ríkissjóðs og eigi þarf að leggja gulltryggingu fyrir, verður eigi hjá því komist, að skylda bankann til að hafa jafnan einhverja fúlgu myntaðs gulls í bankanum, til þess að hann geti fullnægt kröfum um innlausn, þótt hann hafi að eins 750000 kr. úti í seðlum eða minna, þó þannig, að gulltryggingin þarf að sjálfsögðu aldrei að vera meiri en svo, að hún nemi seðlum þeim, sem í umferð eru. Skyldi svo fara, sem mjög ólíklegt virðist, að seðlaútgáfan verði svo lítil, er fram líða stundir, að ákvæðið um gulltryggingu bankans verði honum til verulegrar byrði, væri eðlilegt, að þetta ákvæði yrði tekið til endurskoðunar.

Um 5. gr.

Gjald það, sem þessi grein gerir ráð fyrir, er hið sama og bankinn greiðir nú fyrir þær 750000 kr. í seðlum, sem hann hefir að láni. Það hefir eigi þótt ástæða til, þrátt fyrir hina auknu seðlaútgáfu Landsbankans, að láta hann greiða hærra gjald, bæði af því, að hann er ríkisins eign og Alþingi því getur þegar það vill, áskilið ríkissjóði frekara gjald, ef svo reynist, að bankinn hafi verulegan hagnað af breytingunni, og af því að hinum aukna seðlaútgáfurjetti er í byrjun samfara töluverður kostnaður við prentun seðla og útvegun gulltryggingar.

Um 6. gr.

Innihald þessarar greinar er einn liðurinn í samkomulagi því, sem náðst hefir við áðurnefndan bankastjóra.

1. málsgrein er tekin eftir bráðabirgðalögum þeim, um aukna seðlaútgáfu Íslands banka, sem nú gilda, með þeirri breytingu, að skift er á um skyldur og rjettindi bankanna og leiðir þetta af því, að Landsbankinn verður framvegis sá bankinn, sem getur hagað seðlaútgáfu sinni eftir viðskiftaþörfinni, en þann rjett hefir Íslands banki nú.

Ákvæði 2. málsgr. eru af sömu rótum runnin og virðast ekki þurfa frekari skýringa.

Um 3. málsgr. er þess að geta, að hún er bygð á því, að raska ekki því hlutfalli, sem nú er milli seðla bankanna. Hugsunin er sú, að þær 750000 kr. í seðlum Landsbankans, sem er sú fjárhæð, sem bankinn nú hefir úti, sjeu ætíð í umferð og þær $2^1/_2$ miljón kr., sem Íslands banki má gefa út, komi næst og síðast hin aukna seðlaútgáfa Landsbankans. Til að tryggja þetta, eru ákvæði málsgreinarinnar. Með tilliti til þessa, getur Landsbankinn ekki neitað að veita

viðtöku, með þeim kjörum, sem ræðir um í greininni, seðlum Íslands banka á stöðum, þar sem báðir hafa útbú, en þeir seðlar, sem á þennan hátt verða lagðir inn á þeim stöðum, teljast að sjálfsögðu með í þeirri seðlafúlgu, sem Landsbankinn er skyldur til að veita viðtöku gegn hinni tilteknu vaxtagreiðslu.

4. málsgrein er sjálfsögð, enda verður við lok leyfistíma Íslands banka að taka öll bankamálin til gagngerðrar endurskoðunar.

Um 7. gr.

Eftirlitsmenn þeir, sem ræðir um í þessari grein, virðast nauðsynlegir, þar sem eigi má vænta þess, að bankamálaráðherrann geti haft það eftirlit með seðlaútgáfunni, sem nauðsynlegt er til þess, að tryggilegt megi kallast. Aðalstarf manna þessara verður það, að gera tillögur um hversu mikið viðskiftaþörfin krefjist af seðlum og hvort fyrirmælum laga um tryggingu fyrir þeim sje fylgt. Til þess, að geta fylgst með í þessu, verða þeir að hafa heimild til að athuga framkvæmdir bankanna, sjóð þeirra, bækur og málmtryggingu. Starf þetta getur verið mikils varðandi fyrir þjóðfjelagið og verður að velja í það menn, sem gott skynbragð bera á slíka hluti og eru gersamlega óvilhallir og óháðir. Stranga þagnarskyldu verður og að leggja á þá og að sjálfsögðu er þeim skylt, að inna starf sitt svo af hendi, að þeir trufli eigi afgreiðslu eða önnur störf bankanna, nema óhjákvæmilegt sje. Annars er gert ráð fyrir, að nánari reglur um störf þessara manna verði settar með erindisbrjefi, og að stjórnin ákveði þóknun til þeirra, þó þannig, að hún fari eigi yfir 2500 kr. á ári til hvors og sje endurgreidd af bönkunum á þann hátt, sem greinin segir til.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa.

Um 9. gr.

Þau 2 frumv., sem nefnd hafa verið, eiga að ganga í gildi samtímis og frá þeim tíma (1. jan. 1920) á breytingin á seðlaútgáfunni að teljast. En það er auðsætt, að breytingin verður að fara fram smátt og smátt, alt eftir því, sem hentast er fyrir bankana og viðskiftin. Hina eldri seðla verður að kalla inn að meira eða minna leyti, og til þess þarf töluverðan tíma. Reglur þær, sem fara verður eftir í þessu, er ekki hentugt að setja með lögum, heldur verður að fela umboðsstjórninni að setja þær, eftir því, sem tíminn sýnir að hentast er.

Um 10. gr.

Með því að ríkissjóður hættir að gefa út seðla, en ábyrgist í þess stað ákveðna fúlgu af seðlum, sem Landsbankinn gefur út, verður að nema úr gildi heimildina fyrir ríkissjóðsútgáfunni, en hún er í lögum þeim, sem tilfærð eru í greininni.

Um 11. gr.

Vísast til þess sem sagt er um 9. gr.

10. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gjört, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leigu-upphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna stöðugra vandræða út af húsnæðisleysi í Reykjavík, fór bæjarstjórnin þess á leit við stjórnarráðið síðastliðið haust, að það hlutaðist til um, að settur yrði með bráðabirgðalögum viðauki við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík, sem heimili bæjarstjórninni að taka til sinna umráða auðar íbúðir og annað ónotað húsnæði og ráðstafa því til afnota handa húsnæðislausu fólki. Eftir að stjórnarráðið hafði borið mál þetta undir húsaleigunefnd bæjarins, taldi það óhjákvæmilegt að verða við ósk bæjarstjórnarinnar í þessu efni, og staðfesti Hans hátign konungurinn, samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, 14. október 1918, bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 hjermeð leggjast fyrir þingið.

Í sambandi hjer við skal þess getið, að stjórnarráðið, í tilefni af rökstuddri dagskrá, sem samþykt var í efri deild Alþingis 13. júlí 1918, sbr. þingskjal 483, leitaði álits bæjarstjórnarinnar um það, hvort tiltækilegt væri að breyta lögunum um húsaleigu í Reykjavík. Borgarstjórinn ritaði stjórnarráðinu 24. mars þ. á. viðvíkjandi þessu máli, og er brjef hans prentað hjer sem fylgiskjal II. Eftir að stjórnarráðið hafði fengið brjef þetta og aflað sjer frekari upplýsinga um málið, taldi það ekki gerlegt að breyta framangreindum lögum fyrst um sinn, meðan ekki raknar til muna úr húsnæðisvandræðunum.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög

um

viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Þar eð stjórnarráð Íslands hefir borið upp fyrir Oss, að óhjákvæmilegt sje, vegna stöðugra vandræða með húsnæði til íbúðar í Reykjavík, að setja viðaukaákvæði við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík, er heimili bæjarstjórninni að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu fólki, þá teljum Vjer brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gjört, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leiguupphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórn heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 14. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Sigurður Jónsson.

Fylgiskjal II.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.
Reykjavík 24. mars 1919.

Í tilefni af erindi hins háa stjórnarráðs, dags. 22. f. m., viðvíkjandi athugun og endurskoðun á lögum um húsaleigu í Reykjavík, hefi jeg borið mál þetta undir dýrtíðarnefnd bæjarins og er álit hennar á þessa leið:

»Nefndin er þeirrar skoðunar, að ef frumvarp það, á þingskjali 433, sem lá fyrir þinginu í sumar, yrði að lögum, mundu húsaleigulögin verða gagnslaus.

Nefndin er einróma á því, að húsaleigulögin eins og þau eru, og sjerstaklega með viðbót þeirri, sem við þau er gerð með bráðabirgðalögum 14. október 1918, hafi komið að stórmiklu gagni fyrir Reykjavíkurbæ, og skírskotar til umsagnar sinnar um lögin á fundi dýrtíðarnefndar 10. júlí f. á., sjá þingskjal 483. Nefndin telur því nauðsynlegt og sjálfsagt að lögin standi áfram óbreytt og að bráðabirgðalögin, sem að ofan getur, öðlist samþykki þingsins«.

Þessi ályktun dýrtíðarnefndar var borin undir atkvæði bæjarstjórnar 20. þ. m. og samþykt þar með öllum greiddum atkvæðum.

Það er þannig einróma ósk dýrtíðarnefndar og bæjarstjórnar, að á tjeðum lögum verði ekki breytingar gerðar að svo stöddu, eða við þeim hróflað að öðru leyti en því, að bráðabirgðalögin frá 14. okt. f. á. verði samþykt af þinginu. Álit mitt persónulega fer og í sömu átt. Er það sannfæring mín, bygð á nákvæmri þekkingu, að húsaleigulögin firri bæjarfjelagið vandræðum, sem ekki er sjáanlegt hvernig afstýrt yrði, ef lögin væru nú eða í náinni framtíð úr gildi numin eða úr þeim dregið á nokkurn veg.

Fylgiskjöl, 3 að tölu, endursendast.

K. Zimsen.

II. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Íslands banki skal greiða ríkissjóði 40000 kr. gjald á ári og að auki 2% af árlegum arði bankans, þegar hluthafar hafa fengið 6% arð af hlutafje sinu.

2. gr.

Í fulltrúaráði bankans eiga sæti 7 menn, er hluthafar kjósa á aðalfundi og skulu 4 þeirra jafnan búsettir á Íslandi. Um kosningaraðferð og kjörtíma þeirra fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð bankans. Þeir menn, sem sæti eiga í fulltrúaráðinu eða eru kosnir í það, er lög þessi öðlast gildi, eiga þar sæti þar til kjörtími þeirra er á enda. Sá úr fulltrúaráðinu er formaður þess, sem það kýs til þess. Fundir þess skulu haldnir í Reykjavík. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, halda aukafundi erlendis.

Aðalfundir bankans skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið, að halda skuli aðalfundi annars staðar innanlands, þegar því þykir nauðsyn til bera.

Á aðalfundum ræður afl atkvæða, þannig, að hver fundarmaður hefir atkvæði í hlutfalli við hlutabrjefaupphæð þá, sem hann á eða sýnir umboð fyrir.

Nú þykir ráðuneytinu einhver ályktun aðalfundar fara í bága vil tilgang bankans eftir inngangsorðum laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og getur það þá felt þá ákvörðun úr gildi.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 1. málsliður 2. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, 8., 11. og 17. gr. sömu laga og lög nr. 81, 22. nóv. 1907.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefir komið frá nefnd þeirri, sem skipuð var síðastliðinn vetur til þess að leita samninga við Íslands banka um seðlaútgáfurjettarmálið, sbr. athugasemdir við frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands. Að öðru leyti vísast til greinargerðar nefndarinnar, sem prentuð er í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Um 1. gr.

Í samningaumleitunum þeim, sem átt hafa sjer stað við bankastjóra H. Tofte, um að Íslands banki ljeti af hendi seðlaútgáfurjett sinn, eða hindrunarrjett sinn til útgáfu seðla yfir $2^1/_2$ miljón króna, auk seðla Landsbankans, taldi bankastjórinn sjer eigi fært, að leggja það til við hluthafa, að bankinn greiði hærra gjald til ríkissjóðs en það, sem til er tekið í þessari gr., ef bankinn má eigi gefa út meira

en $2^1/_2$ miljón kr. í seðlum. Hin gildandi ákvæði í þessu efni eru þau, að bankinn skal greiða ríkissjóði 10% af ársarðinum eftir að hluthafar hafa fengið 4%.

Um 2. gr.

Breytingar þær, sem ræðir um í þessari gr., eru einkum fólgnar í því, hvernig fulltrúaráðið er kosið. Eins og nú er, eru 3 af bankaráðinu kosnir af Alþingi, 3 af hluthöfum, og ráðherra sjálfkjörinn formaður. Síðan ráðherrum var fjölgað hjer, hefir forsætisráðherrann verið formaður. Einn liðurinn í samkomulagi um seðlaútgáfurjettarmálið yfirleitt, er sú breyting á þessu, að bankaráðið verði framvegis kosið alt af hluthöfum, þó þannig, að 4 af 7 meðlimnm þess sjeu jafnan búsettir á Islandi. Um þá menn, sem þegar hafa verið kosnir í bankaráðið, er það þó tekið fram, að þeir halda þar sæti sínu hver sitt kjörtímabil. Samkvæmt þessu lætur forsætisráðherra af formensku bankaráðsins um leið og lög þessi öðlast gildi, en þeir 3, sem nú eru kosnir af Alþingi, þeir præp. hon. Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson alþm. frá Vogi og Eggert prófastur Pálsson, eiga sæti í bankaráðinu, hinn fyrstnefndi til 1. júlí 1919, Bjarni Jónsson til 1. júlí 1920 og hinn síðastnefndi til 1. júlí 1921. Það er ennfremur nýtt ákvæði, að bankaráðið megi halda aukafundi erlendis, ef sjerstaklega stendur á, svo sem á ófriðartímum.

Um 3. gr.

Samkomulagi því, sem frv. þetta byggist á, varð eigi náð nema með því skilyrði, að Íslands banka væri leyft að auka hlutafje sitt eftir því, sem hann telur þurfa og þess vegna eru feldar burtu þær takmarkanir í þessu efni, sem felast í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, og í lögum nr. 81, 22. nóv. 1907. Enn fremur verður að fella burtu 8. gr. nefndra laga frá 1905, vegna þess, að seðlaútgáfurjettnrinn skiftist milli bankanna, en nokkuð af innihaldi þessarar gr. er tekið upp í frv. um seðlaútgáfurjett Landsbankans, sem lagt er fyrir Alþingi samtímis þessu frv. 11. og 17. gr. sömu laga fellur einnig burtu, þar sem 1. og 2. gr. þessa frv. kemur í stað þeirra.

Um 4. gr.

Vísast til athugasemda við frv. um seðlaútgáfurjett Landsbankans.

12. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár megi nema meiru en 6000 krónum og að fjelagið tryggi að eins $^5/_6$ eða $^2/_3$ hluta verðs, ná eigi til vátrygginga, sem landsstjórnin kann að

semja sjerstaklega um við fjelagið. Vátryggingar þessar getur fjelagið tekið að sjer án þess að takmörk sjeu sett fyrir einstökum vátryggingarupphæðum og þannig, að fult verð sje trygt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðastliðnu sumri og hausti átti landsstjórnin, samkvæmt samningnum við Bandamenn, að sjá um brunatryggingu á allmiklu af íslenskum afurðum, sem flytja átti til útlanda. Stjórnarráðinu og Brunabótafjelagi Íslands þótti æskilegt, að Brunabótafjelagið tæki að sjer vátryggingu á vörum þessum, þar sem hjer var um að ræða heldur áhættulitlar tryggingar og því gott tækifæri til að auka hag fjelagsins með tryggingum þessum. Eftir að Brunabótafjelagið hafði fengið endurtryggingarfjelag sitt til þess að samtryggja með sjer áhættur þessar, voru gefin út bráðabirgðalög 5. okt. 1918 samhljóða frumvarpi þessu, sem hjermeð er lagt fyrir Alþingi, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð upp hefir verið borið fyrir Oss, að æskilegt sje vegna vátrygginga, sem landstjórnin hefir í hyggju að semja um við Brunabótafjelag Íslands, að breytt sje ákvæðum laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að fjelagið megi taka að sjer lausafjártryggingar, er nemi í einni vátryggingarupphæð meiru en 6000 kr. og að vátrygði skuli jafnan bera nokkurn hluta áhættunnar, hvorttveggja að því er við kemur vátryggingum landstjórnarinnar, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ákvæði laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár megi nema meir en 6000 krónum og að fjelagið tryggi að eins $^5/_6$

eða $^2/_3$ hluta verðs, ná eigi til vátrygginga sem landstjórnin kann að semja sjerstaklega um við fjelagið. Vátryggingar þessar getur fjelagið tekið að sjer án þess að takmörk sjeu sett fyrir einstökum vátryggingarupphæðum og þannig að fult verð sje trygt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sigurður Jónsson.

13. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvbr. 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslands banki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslands banka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslands banka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. september 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 81, 14. nóvember 1917, um heimild fyrir landstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út, samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905, giltu að eins til 1. desember 1918. En með brjefi, dags. 16. október f. á., fór stjórn Íslands banka þess á leit við ráðuneytið, að greind lög yrðu framlengd með bráðabirgðalögum, þar eð óumflýjanlega nauðsyn bæri til þess, að bankinn hefði áfram heimild til seðlaútgáfurjettar fram yfir það, sem lögin frá 1905 ákveða. Skýrði bankastjórnin jafnframt frá því, að í umferð væri hátt á sjöundu miljón króna í seðlum bankans.

Með því að fyrirsjáanlegt var, að það mundi verða til óbætanlegs hnekkis fyrir alt viðskiftalíf í landinu, ef mjög snögglega þyrfti að kippa meiri hlutanum af seðlafúlgu bankans úr umferð, taldi ráðuneytið óhjákvæmilegt að verða við beiðni bankans um framlengingu umræddra laga, og voru því 30. nóvember f. á. gefin út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru hjer á eftir og lögð eru hjermeð fyrir Alþingi.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir landstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um, að hinar sjerstaklegu fjárhagslegu ástæður, sem gjörðu það nauðsynlegt, að setja

lög nr. 81, 14. nóvember 1917, sjeu enn þá fyrir hendi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti landsstjórninni heimild til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslands banki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, $2^0/_0$ á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslands banka við viðskiftabanka hans í Kaupmannhöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslands banka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. september 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

14. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrír bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli, getur ráðherra sett.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Heimilt er bankastjórn og að skipa sjerstakan fjehirði við sparisjóðsdeild og ákveður bankastjórn, hvernig samvinnu milli hans og fjehirðis bankans skuli fyrir komið, að fengnu samþykki stjórnarráðsins. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess, að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni, ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af árs-

arði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og fjehirðir auk þess 1000 kr. í mistalningarfje. Auk þess njóta framangreindir starfsmenn bankans dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkissjóðs.

Fjehirði ber að setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hvenær sem er, látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Stofnaður skal eftirlaunasjóður handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð. Skal bankinn leggja í sjóð þennan 3% af ársarði bankans, þar til hann nemur 200000 krónum. Stjórnarráðið ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hvernig haga skuli fyrirkomulagi sjóðsins og styrkveitingum úr honum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917 um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnum landsbanka 18. sept. 1885 m. m. Ennfremur eru numin úr gildi IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, svo og lög nr. 24, 2. okt. 1891 um breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, 2. okt. 1891.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þessa frumvarps frá gildandi lögum eru ekki margar, en þar sem þær snerta tvenn lög, lög um breyting á Landsbankalögunum nr. 12, 9. júlí 1909 og lög nr. 80, 10. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., — þótti hagkvæmara að draga hvortveggju þessi lög saman og auka þar við eða breyta, þar sem þurfa þótti og gerð verður grein fyrir hjer á eftir.

Um 1., 2. og 3. gr.

Eru eins og í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Hjer er bætt við ákvæði um heimild til að setja sjerstakan fjehirði við sparisjóðsdeildina. Viðskifti sparisjóðsins hafa aukist stórmikið og eru orðin svo umfangsmikil, að nauðsyn þykir, að mega setja sjerstakan fjehirði við sjóðinn, til þess að gera afgreiðslu í bankanum fljótari og greiðari.

Bætt er við ákvæði um það, að bankastjórnin megi fela einum af starfsmönnunum, að skuldbinda bankann með undirskrift sinni með einum bankastjóranna, og er það sett til þess, að eigi þurfi að setja bankastjóra í hvert sinn, sem tveir bankastjórar kunna að vera fjarverandi í svip eða skamman tíma.

Um 5. gr.

Vegna hins mikla verðfalls á peningum hefir þótt óhjákvæmilegt að gera breyting á launakjörum bankastjóranna. — Enn fremur virðist rjett að hækka laun bókara og fjehirðis vegna verðfalls á peningum og með hliðsjón af því, hversu samskonar starfi er launaður hjá einstökum fjelögum.

Um 6. og 7. gr.

Eru samhljóða núgildandi lögum.

Um 8. gr.

Stofnun eftirlaunasjóðs handa starfsmönnum bankans er rjettmæt í alla staði og stofnuninni hagkæm, þar sem hún miðar að því, að tengja starfsmennina miklu fastara við bankann en áður og gera þá árvakrari um hag bankans, auk þess sem það er mannúðarráðstöfun og í samræmi við það, sem aðrar stofnanir eru teknar að gjöra.

15. Frumvarp

til laga um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum eða upphugsunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar að hafa neitt verulegt gildi;

2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;

3. nýfundnum læknilyfjum, svo og hverju því, er upphugsað er til

neytslu, hvort heldur það á að vera til næringar eða nautnar einnar; þó má veita einkaleyfi fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný uppgötvun, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmíð, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í ríki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.), eða höfð til sýnis þeim er sjá vildu, að þeir er vit hafa á, geta framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum, teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Rjett til að öðlast einkaleyfi hefir fundningarmaður einn, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans samkvæmt fyrirmælum laganna um tilfærslu eigurjettinda. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

Nú beiðist maður, sem er í þjónustu ríkisins, einkaleyfis fyrir uppgötvun, er ætla má að hónum hafi hugkvæmst að öllu eða einhverju leyti fyrir starf sitt þar, og má hann ekki, án samþykkis hlutaðeigandi ráðherra, öðlast leyfið meðan hann er í ríkisþjónustu og í 3 ár eftir það er hann ljet af henni.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 5 ár, og er talið frá dagsetningu leyfisbrjefsins. Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið frá lokum næsta tímabils á undan.

Nú er gjörð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og líður það á enda jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa, má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja að eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð;
2. eða að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gjört hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi, áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar að kalla.

Nú hefir einhver framið slíka notkun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum hefir verið kunnugt um, er hann fór að nota uppgötvunina, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann hefir haldið áfram því, er hann var byrjaður á, eftir það er hann varð þessa vísari. Nú hefir auglýsing farið fram samkvæmt 13. gr., og skal þá hafa fyrir satt, að hverjum og einum sje kunnugt um, að beiðni hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 króna gjald til ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun einkaleyfis skal greiða 300 króna gjald, en 600 króna gjald, ef endurnýjað er í annað sinn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, mega nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 3 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðherra atvinnumálanna sker úr því, hvort skilyrði eru til þess, að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slikt mál upp, greiði gjald að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðherrans má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er bygður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði atvinnumálaráðherrans, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Það á undir atvinnumálaráðherrann, að gera út um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;
4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en umbeðið leyfi sje veitt, ber umsækjanda auk þessa, að færa sönnur á, að skilyrðum þeim sje fullnægt, er sett eru í 1., 2. eða 4. gr. laga þessara. Ráðuneytið ákveður, hver skírteini sje nauðsynleg í því efni, og getur það tekið gilda úrskurði stjórnarvalda, er fara með einkaleyfismálefni í ríkjum, þar sem einkaleyfi eru veitt að undangenginni rannsókn.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til hver fundningarmaður er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota upp-

götvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðni fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Beiðninni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurbæjar. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett, að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi í ábyrgðarbrjefi, er sent sje atvinnumálaráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu nm að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgigögnum lögð fram hjá ráðuneytinu til sýnis almenningi. Beiðandi á heimting á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar, er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem nú mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðaletni hvers einkaleyfis og dagsetning; en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Heimilt er hverjum og einum að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem ætlað er að flytja opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka, en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi, einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í riki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Ef hlutaðeigandi hefir af ásettu ráði gengið á einkaleyfisrjettinn, skal honum refsað með sekt, alt að 2000 kr., og ef hann ítrekar brotið, með sekt, alt að 4000 kr., eða fangelsi.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niðurfallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann var framinn.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi verið lýst svo á því tímabili, eða hún notuð svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi verið lýst svo á nefndu tímabili, eða hún notuð svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og
2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú hinna, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag þeirra og efni, svo og um annað, er með þarf til að koma lögunum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjer á landi eru, enn sem komið er, ekki til lög um einkaleyfi. Konungur veitir einkarjett á uppgötvunum í iðnaði, samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar

og er þá farið eftir því, að hve miklu leyti og með hverjum skilyrðum slíkar veitingar tíðkuðust fyrir 1874; en í því efni er tíðum nokkur óvissa.

Það er ekki alllítið um slíkar einkarjettarveitingar. Leyfisbrjef kostar 34 kr., og bætist nú þar við stimpilgjald 50 kr. Einkaleyfi eru veitt til 5 ára í senn, en þau má endurnýja tvisvar gegn sömu greiðslum, og getur leyfið þannig enst í 15 ár. Leyfið er bundið því skilyrði, að uppgötvunin verði komin í framkvæmd hjer á landi innan tiltekins tíma, en frá því má fá undanþágu með sjerstöku leyfisbrjefi.

Einkaleyfi eru ekki veitt fyrir öðrum iðnaðarlegum uppgötvunum en þeim, sem nýjar eru. Nú verður ekki úr því skorið, hvort uppgötvun er ný eða ekki, nema á undan sje gengin iðnfræðileg athugun, sem oftast nær er miklum erfiðleikum bundin, svo og rannsókn eldri einkaleyfa, og hefir því landstjórnin hingað til orðið að fara svo að, sem hjer segir:

Þegar sótt hefir verið um einkaleyfi, hefir beiðandi verið krafinn skýrslu um það, hvort einnig væri sótt um einkaleyfi í Danmörku. Hafi svo verið, þá hefir verið beðið eftir því, hvernig lyki iðnfræðilegri rannsókn hinnar dönsku einkaleyfanefndar og hefir leyfi því að eins verið veitt, að stjórninni hafi verið afhent hið danska leyfisbrjef.

Hafi beiðandi aftur á móti ekki sótt um danskt einkaleyfi, þá hefir stjórnarráðið tært sjer í nyt loforð, sem hin danska einkaleyfanefnd gaf því góðfúslega á sínum tíma, og sent nefndinni beiðnina og fengið síðan umsögn hennar um, hvort hjer væri um slíka nýja uppgötvun að ræða, að hún ætti skilið að fá einkaleyfisverndun. Á þennan hátt hefir að vísu skapast venja, er vel hefir mátt una við; en alt um það þykir vera kominn tími til að skipa einkaleyfamálinu með lögum, meðfram til þess að skapa óyggjandi heimild fyrir reglum þeim, er nú gilda í þessum efnum í heiminum. Svo mikilsvarðandi sem einkaleyfi eru fyrir vöxt og viðgang iðnaðarins í landinu, og því áríðandi að tjeðum reglum megi beita hjer, þá er ekki næg lagaheimild til þess, hvorki í 13. gr. stjórnarskrárinnar nje annars staðar.

Nú er lögskipa skal þessum málefnum, varðar það atriði mestu, á hvorri þeirra tveggja aðferða, sem ríkjandi eru í einkaleyfalöggjöf annara þjóða, grundvalla skuli hjerlent skipulag, en það eru tilkynningaraðferðin og rannsóknaraðferðin. Hin fyrnefnda aðferð er höfð í Frakklandi og öðrum rómönskum löndum, og er í því fólgin, að látið er að mestu duga, að uppgötvunin sje tilkynt landsstjórnarvöldunum; þau leiða hjá sjer að rannsaka hvort í raun og veru sje um uppgötvun að ræða og hvort hún sje áður þekt og vernduð með einkaleyfi, en beiðnin er auglýst opinberlega, og verða svo þeir, sem hreyfa vilja mótmælum gegn henni, að leita rjettar síns fyrir dómstólunum með einkamálssókn.

Á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Norður-Ameríku, Austurríki og nú orðið í Englandi er aftur höfð rannsóknaraðferðin, sem er í því fólgin, að einkaleyfi er ekki veitt, fyr en gengið er úr skugga um það með rannsókn af hálfu hins opinbera, að ný uppgötvun sje á ferðinni og að hún hafi eigi áður öðlast einkaleyfisverndun. Að jafnaði er einnig heimtað, að leyfisbeiðnin sje birt almenningi, og er það sama sem áskorun um að segja til meinbuga á henni; en aðal atriðið er rannsókn valdstjórnarinnar á einkaleyfishæfi uppgötvunarinnar, og er sú rannsókn venjulega gerð af einkaleyfanefnd, er skipuð er iðnfræðingum. Þó að nú einkaleyfi sje veitt, þá er ekki þar með loku fyrir það skotið, að sá, sem þykir rjett-

ur sinn fyrir borð borinn, geti borið það mál undir dómstólana; en tjeð aðferð hefir þann mikla kost, að rannsókn nefndarinnar mun nær undantekningarlaust veita tryggingu fyrir því, að nauðsynleg skilyrði sjeu fyrir hendi, svo og leiða til nákvæmrar orðunar og rjettrar takmörkunar á því, sem einkaleyfið felur í sjer, svo að það kemur tæplega fyrir, að dómstólarnir þurfi að hafa fyrir því að rannsaka hluti, sem eru svo sjerstaklegs eðlis og því erfiðir viðfangs; og að viðhafðri þessari aðferð veitir einkaleyfið fundningarmanni þá tryggingu og vissu, sem ekki fæst með hinni aðferðinni.

Auðvitað er sá annmarki á rannsóknaraðferðinni að hún útheimtir mikið og valið vinnulið. Rannsóknin verður að vera í höndum manna, er hafa til að bera sem fullkomnasta sjerþekkingu í öllum greinum iðnaðar og eiga kost á að gera nákvæman samanburð á einkaleyfisbeiðni þeirri, sem þeim er falin til athugunar, og einkaleyfum, sem til eru; en þau eru svo mörg út um löndin, að skiftir hundruðum þúsunda.

Að svo vöxnu máli kynni að þykja óhjákvæmilegt, að láta tilkynningaraðferðina duga hjer á landi, með því að ekki er unt, enn sem komið er, að setja hjer á laggir tryggilega og sjálfstæða rannsókn einkaleyfisbeiðna. Landstjórnin getur þó ekki ráðið til, að þessi stefna verði tekin, og ber til þess að einu leytinu, að með því væri dómstólunum fengið verkefni, sem yrði þeim mjög erfitt, og í öðru lagi væri það að brjóta bág við þá tilhögun á verndun uppgötvana, sem búin er að ryðja sjer til rúms og sýna yfirburði sína í þeim löndum, er Ísland hefir mest samskifti við.

Landstjórnin er og þeirrar skoðunar, að takast megi að finna leið til að koma rannsóknaraðferðinni á hjer, svo að tryggilegt sje, án þess að stofnsett verði sjálfstæð innlend nefnd *iðnfræðinga*. Einkaleyfanefndir í öðrum ríkjum eru komnar á það fullkomnunarstig, að þegar svo stendur á, sem nær altaf mun verða, að samtímis er sótt um einkaleyfi hjer á landi og í öðrum lördum, þá mun stjórnarráðið, er veita skal einkaleyfi, telja sjer óhætt að styðjast við rannsókn og úrskurð úr öðru ríki, er hefir fyllilega ábyggilegt rannsóknarfyrirkomulag. Afgreiðsla einkaleyfisbeiðnarinnar yrði þá, þegar svo stendur á — svo sem venja hefir verið hingað til — að bíða til þess er umsækjandi hefði sannað rjett sinn til að öðlast einkaleyfi með því, að leggja fram einkaleyfisbrjef frá rannsóknarvaldi í öðru landi. Hitt yrði álitamál, sem stjórnarráðinu bæri að skera úr, *hver* einkaleyfisbrjef útlend meta skyldi gild sönnunargögn í þessu efni.

Ef það kæmi fyrir, sem sjaldan mundi, að beiðst væri einkaleyfis hjer á landi, en ekki annars staðar, þá yrði að krefja beiðanda óyggjandi sannana fyrir því, að uppgötvunin væri einkaleyfishæf. Stjórnarráðið yrði að skera úr því, hverjar sannanir skyldi heimta, en benda má á að gera mætti umsækjanda að skyldu, að útvega yfirlýsing frá einkaleyfanefnd í ríki með skyldri einkaleyfalöggjöf, um að uppgötvunin myndi þar vera talin einkaleyfishæf. Nú er þetta ekki undir því komið, hvort uppgötvunin hafi verið þekt eða vernduð í því landi, heldur rannsakar sjerhver einkaleyfanefnd hvort uppgötvun hafi nokkurs staðar verið auglýst eða einkaleyfð, og mun því t. d. yfirlýsing frá einkaleyfanefnd í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð, bygð á áreiðanlegri rannsókn, í raun og veru veita íslensku stjórnarvaldi, er ekki hefir sjerþekkingu til að bera, næga leiðbeining til þess að skera úr því, hvort einkaleyfi eigi að veita hjer á landi eða eigi.

Stjórnin hugsar sjer þannig íslensk einkaleyfislög bygð á rannsóknarfyrir-

komulaginu, að því leyti, að lagt er til, að íslenskt einkaleyfi verði því að eins veitt, að fengin sje sönnun, er stjórnarráðið telur nægja, fyrir því, að uppgötvunin sje einkaleyfishæf. Slík sönnun mun nú að jafnaði verða fólgin í einkaleyfisbrjefum eða úrlausnum (responsa) frá einkaleyfanefndum í einhverju hinna annara norrænu ríkja, og mundi þegar af þessari ástæðu vera ráðlegt, að grundvalla íslensk einkaleyfislög í heild sinni á einkaleyfislögum þeirra ríkja, með þeim breytingum einum, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að því er hjer hagar sjerstaklega til.

Fyrir þingið munu verða lagðar sjerprentanir af einkaleyfalögum hinna norrænu ríkja, þ. e. af lögum Svía frá 16. maí 1884 með áorðnum breytingum, lögum Dana frá 13. apríl 1894 ásamt viðaukalögum frá 29. mars 1901, og lögum Norðmanna frá 2. júlí 1910.

Lagafrumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir nýnefndum lögum frændþjóða vorra, nema hvað það leiðir af því, sem áður er sagt, að slept hefir verið að setja í það ákvæði um stofnun sjerstakrar einkaleyfanefndar, en veiting einkaleyfa falin ráðherra atvinnumálanna.

Ennfremur hefir verið leitast við að gera fyrirkomulagið óbrotnara í ýmsum greinum, en annars staðar tíðkast, og mun því afgreiðsla slíkra mála ekki verða stórum umsvifameiri hjer eftir, en hingað til, þannig er meðal annars lagt til, að einkaleyfi verði, eins og tíðkast hefir, veitt fyrir 5 ár í senn, og í lengstu lög 15 ár alls; gjaldið sje 50 kr. fyrir fyrsta leyfið, 300 kr. fyrir hið næsta og 600 kr. fyrir hið síðasta. Að þessu leyti er frumvarpið frábrugðið öðrum norrænum einkaleyfalögum, því þau heimila einkarjett í 15 ár í einu lagi, fyrir árgjald, sem í fyrstu er lágt, en fer vaxandi árlega, eða eftir tiltekið árabil. Slíkt fyrirkomulag mundi reynast erfiðleikum bundið hjer á landi, bæði fyrir einkaleyfishafa og yfirvöld. Þegar ákveða skal gjöldin, ber þess að gæta, að auk leyfisgjaldsins verður framvegis að greiða 50 kr. í stimpilgjald fyrir hvert leyfisbrjef.

Þá er lagt til að slept sje kröfu, sem gerð er í einkaleyfislögum annara þjóða, um að hafður sje umboðsmaður í landinu. Það mundi gera útlendum einkaleyfisbeiðendum óþarflega erfitt fyrir, og þess gerist síður þörf, er ákveðið er að greiða skuli gjaldið fyrir alt árabilið fyrir fram. Enn er lagt til, að útlendir einkaleyfishafar verði að gangast undir íslenska löggjöf og lofa að svara til sakar í Reykjavík, þótt eigi hafi þeir umboðsmann hjer á landi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, sem hjer fer á eftir.

Um 1. gr.

Hjer er í aðalatriðum farið eftir ákvæðum norsku einkaleyfislaganna um það, hvað vernda megi með einkaleyfi, þannig að einkaleyfi má einnig veita fyrir aðferðum við tilreiðslu fæðutegunda; en til þess er ekki heimild í hinum dönsku lögum.

Um 2. gr.

Ákvæðið um aukaleyfi er ekki til í norsku einkaleyfislögunum; en í löggjöf margra þjóða annara er slíkt ákvæði, og hjer er það tekið eftir dönsku einkaleyfislögunum. Munurinn á aukaleyfum og viðbótarleyfum þeim, sem nefnd eru í 4. gr., er sá, að viðbótarleyfi eru ekki veitt öðrum en fundningarmanni og að

þau falla niður jafnsnemma og frumleyfið; en aukaleyfi má veita öðrum, og hafa þau sjálfstætt gildi.

Um 7. gr.

Af því að gera má ráð fyrir, að ekki verði farið að endurnýja einkaleyfi, nema um mjög fjevænlegar uppgötvanir sje að ræða, hefir ekki þótt áhorfsmál að leggja það til, að leyfisgjöldin fyrir endurnýjanir sjeu látin vera svo há, sem hjer er tiltekið.

Um 8. og 9. gr.

Ákvæði þessi eru tekin upp úr lögum Norðmanna. Þau virðast geta orðið að gagni, ef þeim yrði beitt við uppgötvanir, er stæðu í sambandi við slík stóriðnaðarfyrirtæki, sem hugsast getur að rísi upp hjer á landi.

Um 10. gr.

Í einkaleyfalögum annara landa eru ákvæði um, að greiða skuli rannsóknargjald um leið og beiðst er einkaleyfis. Slíkt ákvæði er ekki tekið í þetta frumvarp, af því að æskilegt þykir, að gjaldgreiðslan verði sem óbrotnust, enda ekki sanngjarnt, að heimta borgun fyrir rannsóknina, þegar lagareglan er sú, að umsækjandi á sjálfur að hafa fyrir að útvega sannanir fyrir því, að uppgötvunin sje einkaleyfishæf.

Um skilyrði þau, sem nefnd eru í 4. lið, vísast til framanritaðra athugasemda.

Um 12. gr.

Úr því að rjett þykir að undanþiggja erlenda einkaleyfisbeiðendur þeirri skyldu, að hafa hjerlenda umboðsmenn, þykir ekki ósanngjarnt, að heimila sjerstaka stefnuaðferð, þótt miður tryggileg sje, en hin tíðkanlega, því til þess að komast hjá óþægilegum afleiðingum af þeirri nýbreytni, þarf einkaleyfishafi ekki annað en segja til umboðsmanns.

Um 23. gr.

Ákvæði þessi miða til að koma á samræmi við milliríkjasamninga um verndun eignarrjettar í iðnaði. Samningar þessir, sem Ísland hefir, enn sem komið er, ekki getað gengið inn í, eru Parísarsamningurinn frá 20. mars 1883 og samningarnir í Brüssel 14. des. 1900 og Washington 2. júní 1911. Þessir milliríkjasamningar hafa einnig að geyma krófur um viðtæki einkaleyfisverndunar í aðrar stefnur, t. d. að hún skuli vera hin sama fyrir útlendinga sem fyrir borgara landsins, og sömuleiðis, að ef einkaleyfi er ekki notað, þá skuli verndun þess þó ekki falla úr gildi fyr en að 3 árum liðnum, og það því að eins, að ekki sje færðar fullnægjandi ástæður fyrir því, að leyfið er ekki notað, sbr. niðurlag 8. gr. frumvarpsins.

16. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist Brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meira en $^1/_3$ samanlagðra vátryggingarupphæða húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en upphæð, sem stjórnarráð Íslands ákveður að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og vátryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar reglur um starfsemi fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið er gagnkvæmt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 800,000 kr. og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni, á húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og í kauptúnum með 300 íbúum, eða fleirum.

B. Trygging á $^5/_6$ tjóns af eldsvoða á húseignum þeim, utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitafjelaga, þó eigi þeim, er teljast tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

C. Trygging á lausafje í kaupstöðum þeim eða kauptúnum, sem getið er undir staflið A, og í Reykjavík. Fjelagið getur trygt slikt lausafje fullu verði.

3. gr.

Orðin í 3. gr. »að undanskildum húseignum landssjóðs« falli burtu.

4. gr.

Orðin í 5. gr. »og lausafjár« falli burtu.

5. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef endurtrygging eða samtrygging fæst með viðunanlegum kjörum að dómi stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum eða samtryggja með þeim það, sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. Með hluttöku sveitafjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsum í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr., og lausafjártryggingarupphæð, sem stjórnarráðið ákveður að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

B. Án hluttöku sveitafjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi 7500 kr. og lausafjárupphæð, sem stjórnarráðið ákveður að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer á húsum, nema með því eina skilyrði, að $^5/_6$ af skaðanum endurgjaldist og að sá $^1/_6$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, sje ekki trygður annarstaðar.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, sem eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

8. gr.

2. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Öll iðgjöld til fjelagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má innheimta með lögtaki.

9. gr.

2. málsgrein 23. gr. orðist svo:

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Brunabótafjelag Íslands tók til starfa við ársbyrjun 1917, eftir að unnið hafði verið að undirbúningi þess meiri hluta ársins 1916, og var reglugjörð fjelagsins, flokkun iðgjalda og iðgjaldataxti staðfest af stjórnarráðinu 16. janúar 1917. Var gert ráð fyrir því, að flokkunarreglurnar og iðgjaldataxtinn yrði endurskoðað fyrir 1. janúar 1920. Endurtryggingarsamningur var gerður við brunabótafjelagið „Storebrand" í Kristiania árið 1916 og gildir fyrst um sinn til 15. okt. þ. á.

Bæði vegna þess, að endurskoða á flokkunarreglur og iðgjaldataxta fyrir næstkomandi nýjár og vegna þess, að ef til vill þarf að endurnýja endurtryggingarsamninginn á þessu ári, virðist vera heppilegt að gera nú á þessu Alþingi breytingar á lögum fjelagsins, ef ástæða þætti til, vegna reynslu þeirrar, sem fengin er þann tíma, sem fjelagið hefir starfað, eða af öðrum ástæðum. Stjórn fjelagsins hefir stungið upp á slíkum breytingum og felast þær í meðfylgjandi frumvarpi, og skal gerð grein fyrir hverri einstakri breytingu sjerstaklega í eftirfarandi athugasemdum.

Um 1. gr.

Lögum nr. 26, 20. okt. 1905 var breytt með lögum nr. 70, 14. nóv. 1917 og eru lögin, þannig breytt, endurprentuð sem lög nr. 71, 14. nóv. 1917. Er hjer stungið upp á, að, þegar vitnað er til laganna frá 1905 í þessari grein og síðar í lögunum, sje jafnframt vitnað til laganna 1917.

Fjelagið hefir nær eingöngu fengist við tryggingar á húsum, þær skyldutryggingar, sem lögin frá 3. nóv. 1915 ákveða. Lausafjártryggingum hefir fjelagið ekki sótst eftir til skamms tíma, bæði af því, að erfitt hefir verið að fá slíkar tryggingar endurtrygðar af sjerstökum ástæðum, og einnig af því, að ekki er viðbúið, að menn vilji tryggja lausafje sitt með þeim kjörum að fá að eins greidda $^5/_6$ hluta verðs, ef brennur, þar sem hægt er að fá trygt annarstaðar fullu verði. Á þetta sjerstaklega við um þær lausafjártryggingar, sem mest er um að vera hjer á landi, þ. e. tryggingar á verslunarvörum.

Á síðastliðnu sumri og hausti stóð svo á, að landstjórnin, samkvæmt samningum við Bandamenn, átti að sjá um brunatryggingu á talsverðu af verslunarvörum. Stjórnarráðinu og stjórn Brunabótafjelagsins þótti æskilegt, að Brunabótafjelagið tæki að sjer vátrygging á vörum þessum, þar sem hjer var um að ræða heldur áhættulítlar tryggingar og því gott tækifæri til að auka hag fjelagsins með tryggingum þessum. Eftir að Brunabótafjelagið hafði fengið endurtryggingarfjelag sitt til þess að samtryggja með sjer áhættur þessar, voru gefin út bráðabirgðalög 5. okt. 1918, sem heimiluðu, að vátryggingar lausafjár, sem landstjórnin kynni að semja sjerstaklega um við fjelagið, mætti nema meiru en 6000 kr. og það gæti orðið trygt fyrir fullri upphæð. Sex þúsund króna takmörkin virtust undir slíkum kringumstæðum vera alt of lág.

Síðar í frumvarpi þessu er stungið upp á því, af framangreindum ástæðum, að sú takmörkun falli burtu, hvað lausafje snerti, að fjelagið tryggi að eins $^5/_6$ hluta verðs og hjer er stungið upp á því í samræmi við greind bráðabirgðalög, að vátryggingarupphæð lausafjár sje ekki takmörkuð við 6000 kr. heldur við upphæð, sem stjórnarráðið ákveður að fengnum tillögum fjelagsins, eftir því sem við þykir eiga þegar til kemur.

Um 2. gr.

Breytingarnar á grein þessari miða að því, sumpart að koma henni í samræmi við lögin frá 1917, sem heimila brunabótasjóði sveitafjelaga að tryggja $^5/_6$ hluta tjóns í stað $^2/_3$ áður, og er sumpart í samræmi við það, sem sagt hefir verið í athugasemdum við 1. gr. um lausafjártryggingar.

Um 3. gr.

Í lögunum frá 1915 er gert ráð fyrir, að stofnaður sje sjerstakur tryggingarsjóður fyrir hús landssjóðs að undanteknum byggingum í Reykjavík. Þegar fjelagið tók til starfa, kom það í ljós, að tæplega hefði verið forsvaranlegt, að láta þetta koma til framkvæmda, vegna þess, hve áhætturnar voru fáar og hver fyrir sig mikil í samanburði við iðgjaldatekjur þær, sem sjóður þessi gæti vænst að hafa. Framkvæmd þessa hluta laganna var því frestað, að svo stöddu. Enda kom það í ljós þá rjett á eftir, að þetta var heppilegt. Íbúðarhúsið á Hvanneyri, sem hefði átt að vera komið í tryggingu í þessum sjóði, brann þá til kaldra kola og hefði þurft mörg ár til að vinna upp það tjón eitt út af fyrir sig með iðgjöldum, ef sjóður þessi hefði verið kominn til framkvæmda. Enn eru fyrir hendi sömu ástæðurnar. Er því stungið upp á því síðar í frumvarpi þessu, að 26. gr. laganna frá 1915 falli burtu, og er breytingin á 3. gr. laganna í samræmi við það. Þar sem ástæða sú til þess að undanþiggja húseignir landssjóðs, að þær átti að tryggja í sérstökum sjóði, fellur burt, ef fallist er á, að afnema það ákvæði laganna, þarf að breyta þessari grein, svo sem hjer er gjört.

Um 4. gr.

Rjett þykir, að þau ákvæði sjeu ekki látin ná eingöngu til endurtrygginga heldur einnig til samtrygginga (Coassurance). Að öðru leyti er breytingin í samræmi við breyting á 2. málsgrein 1. gr.

Um 5. gr.

Þessi breyting er sumpart til að koma á samræmi við hin breyttu ákvæði um lausafjártryggingar, sem hjer er stungið upp á, og sumpart til að koma greininni í samræmi við lögin 1917.

Um 6. gr.

Breyting vegna samræmis við lögin 1917.

Um 7. gr.

Fjelagið tekur gjald fyrir útgáfu skírteina. Dómstólarnir hafa litið svo á, sem ekki sje lögtaksrjettur fyrir þeim sjerstöku gjöldum og þykir því rjett að heimila einnig lögtak fyrir þeim.

Um 8. gr.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður er þegar stofnaður, og þykir því rjett að breyta greininni þannig.

Um 9. gr.

Vísast til athugasemdanna við 3. gr.

17. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaínnflutningsgjald af síldrtunnum og efni í þær.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal, hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig, að mismunur til eða frá undir 1/4 venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Ennfremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kilógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 6. mars 1919 gaf Hans Hátign konungurinn út, eftir tillögum stjórnarráðsins eftirfarandi bráðabirgðalög og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, sem þau byggjast á. Frv. þetta er því lagt fyrir Alþingi samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að nauðsynlegt þyki, til þess að vernda atvinnuveg innlendra síldarútvegsmanna, að leggja sjerstakt bráðabirgðainnflutningsgjald á síldartunnur og efni í slíkar tunnur, vegna mikilla og dýrra síldartunnubirgða, sem til eru í ríkinu frá fyrri árum, þá verðum Vjer af þessari ástæðu og með hliðsjón af, að æskilegt er, vegna hins mikla kostnaðar, sem ríkissjóður hefir haft af ýmsum nauðsynlegum ráðstöfunum vegna heimsstyrjaldarinnar og dýrtíðar þeirrar, sem af henni hefir leitt, að ríkissjóði bætist fje, að telja brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig að mismunur til eða frá undir 1/4 venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Ennfremur skal greiða í ríkissjóð 5-króna gjald af hverjum 20 kilógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Et ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 6. mars 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sigurður Eggerz.

18. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919 og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 5. október 1918 gaf Hans Hátign konungurinn út eftir tillögum stjórnarráðsins eftirfarandi bráðabirgðalög og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, sem þau byggjast á. Frv. þetta er því lagt fyrir Alþingi samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stormæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að tími sá, sem í lögum um fasteignamat, 3. nóv. 1915, er ætlaður til að meta fasteignir landsins, hafi reynst of stuttur, svo að eigi hafi verið unt að leggja fram matsgerðirnar almenningi til sýnis hinn 1. ágúst þ. á., eins og fyrir er mælt í nefndum lögum, þá teljum Vjer nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæm

6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, til þess að tryggja það, að hin ráðgerða nýja jarðabók geti komið út á tilsettum tíma og til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem óánægðir kynnu að vera með fasteignamatið verði útilokaðir frá að koma fram kærum yfir því.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919 og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sigurður Eggerz.

19. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 49, s. d. og laga nr. 4, 5. júní 1918.

(Lagt fyrir alþingi 1919.)

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.) svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í ástæðum fyrir fjárlagafrv. stjórnarinnar er þess getið, að búist sje við því, að tekjulög þau, sem nú eru í gildi, verði látin gilda óbreytt næsta fjárhagstímabil vegna þess, að hagur ríkissjóðs þoli ekki tekjumissi. Þar er þess einnig getið, að eigi þyki fært, eins og nú stendur, að taka til endurskoðunar skattalöggjöfina í heild, þótt þess sje full þörf. Í samræmi við þetta er frv. það, sem hjer liggur fyrir, en með því að búist er við, að nýtt skattakerfi verði sett á Alþingi 1921, þykir eigi ástæða til að láta lög þessi gilda lengur en til ársloka það ár, því að þá ættu hin nýju skattalög að geta komið í gildi.

20. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 40, 26. óktóber 1197, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi,

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Lög nr. 40, 26. óktóber 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi, skulu vera í gildi til ársloka 1921.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hags ríkissjóðs og aukins kostnaðar af póstmálunum yfirleitt, þykir eigi verða hjá því komist að framlengja lög þessi næsta fjárhagstímabil, sbr. aths. við fjárlagafrv. og frv. um framlenging vörutollslaganna.

21. Frumvarp

til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Kenslumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn landsbókasafsins og landsskjalasafnsins, sjer um hinn fasta sjóð landsbókasafsins, auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum og setur söfnum þessum reglugjörð.

Í landsskjalasafninu skal varðveitast þjóðskjalasafnið, sem nú er; svo og þau skjöl öll, er síðar kann framar að verða ákveðið um.

2. gr.

Embætti landsbókavarðar og embætti þjóðskjalavarðar skulu vera eitt embætti, og skipar konungur mann í það, er nefnist landsbókavörður. Laun hans skulu ákveðin í launalögunum. Hann hefir á hendi yfirstjórn bókasafnsins og skjalasafnsins, og gegnir þeim störfum, er landsbókavörður og þjóðskjalavörður hafa haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal bókavörð og skjalavörð, er hafi á hendi hin daglegu störf safnanna undir umsjón landsbókavarðar. Skipa skal og bókaverði til aðstoðar á bókasafninu og skjalasafninu, eftir því sem þörf krefur. Laun þessara embættismanna skulu ákveðin í launalögunum. Kenslumálaráðherra veitir embætti þau, er um getur í þessari grein.

4. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka, handrita og skjala, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn, 4 af kennurum háskólans og 1 af kennurum hins almenna mentaskóla.

5. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameining sú, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á svo fljótt sem kostur er á.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 39, 3. nóv. 1915, um þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd þeirri í launa- og eftirlaunamálinu, er skipuð var með konungsúrskurði 9. desbr. 1914. Er frumvarpið tekið hjer upp óbreytt í aðalatriðum, nema 5. gr. Frumvarpið er borið fram í sambandi við 32. gr. launafrumvarps þess, er lagt er fyrir alþingi.

5. gr. er í samræmi við 7. gr. nefnds launalagafrumvarps.

Að öðru leyti vísast til eftirgreinds álits umgetinnar milliþinganefndar.

Álit nefndarinnar er þannig:

»Það er lagt til, að sameina landsbóka- og þjóðskjalavarðarembættin í eitt embætti þannig, að sami maður hafi á hendi yfirumsjón beggja safnanna. Nefndin fær ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess að tvískifta þessu starfi framvegis, en fjársparnaður nokkur að sameiningunni, þótt laun forstöðumanns sjeu mun ríflegri, en laun forstöðumanna hvors um sig eru nú. Yfirumsjón þjóðskjalasafnsins hlýtur að verða minna starf framvegis, eftir að safn þetta er komið á fastan fót, heldur en verið hefir meðan verið var að koma því á stofn og koma á föstu skipulagi. Yfirumsjón með þessu safni er ekki svo fjarskylt starf þeim störfum, sem lúta að yfirumsjón landsbókasafnsins, að eigi geti sami maður fyrir þá sök, veitt forstöðu báðum söfnunum. En að því leyti sem á sjerþekkingu þyrfti að halda vegna skjalasafnsins, fram yfir það sem heimtað yrði af landsbókaverði, er ætlast til, að úr því verði bætt, með því að veitt yrði þá skjalavarðarembættið þeim einum, er hefði þá sjerþekkingu í þeirri grein, er nauðsynleg kynni að þykja, og með tilliti til þess eru laun hans ákveðin.

Það mun nú að vísu vera svo, að það sje ekki venja hjá öðrum þjóðum að sameina forstöðu slíkra safna í eitt embætti, en þess ber að gæta, að þessi störf eru hjer svo margfalt umfangsminni, og nefndin verður að líta svo á, að oss sje hentara í þessum efnum að reyna að sníða stakkinn eftir vexti, og að vjer getum komist af með nokkru minni greining embættisstarfanna á ýmsum sviðum, en tíðkast hjá öðrum þjóðum, og getum því ekki tekið þær til fyrirmyndar að þessu leyti, án þess að líta jafnframt á hvað vjer erum færir um.«

Um einstakar greinir tekur nefndin fram.

Um 1. gr.

Þessi grein er að efni og orðalagi að mestu leyti tekin upp úr 1. gr. laga nr. 56, 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins og 1. gr. laga nr. 39, 3. nóv. 1915, um þjóðskjalasafn Íslands. Verulegasta breytingin er, að nafnið »landsskjalasafn« er sett í staðinn fyrir þjóðskjalasafn, með því að eigi verður sjeð, að ástæða sje til að gjöra að þessu leyti mun bókasafns og skjalasafns, og skjalasafnið hefir, alt þangað til lögin 3. nóv. f. á. komu út, verið nefnt landsskjalasafn, án þess að sjeð verði, hvað breytingunni hefir valdið.

Um 2. gr. og 3. gr.

Um þessar greinar vísast til athugasemdar við 32. gr. við launafrumvarpið, bls. 218 hjer að framan.

Um 4. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. í lögunum, 22. nóv. 1907, með þeim breytingum, er af því leiða, að háskólinn er nú kominn í stað embættaskólanna, og að ætlast er til, að einn maður verði skipaður yfir bæði söfnin.

Um 6. gr.

Þykir ekkert þurfa að athuga.

22. Frumvarp

til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Dalasýsla og Strandasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi, og nefnist það Dala- og Strandasýsla.

2. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameining sú, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á svo fljótt, sem kostur er á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er samið af milliþinganefnd þeirri í launamálinu og eftirlaunamálinu, er skipuð var með konungsúrskurði 9. desbr. 1914. Er frumvarpinu breytt að því er 2. gr. snertir og hún færð í samræmi við 7. gr. launalagafrumvarpsins. Frumvarpið er borið fram í sambandi við 11. gr. launalagafrumvarpsins.

Að öðru leyti er vísað til eftirritaðra athugasemda milliþinganefndarinnar:

Um 1. gr.

Á Alþingi 1877 flutti þm. Dalamanna frv. um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, og gerði hann það eftir ósk kjósenda sinna. Nefnd var sett í málið í Nd., og fjellst hún á frv. »með því að það virðist engum sjerstökum erfiðleikum bundið». Var frv. svo samþ. í Nd., en er það kom til Ed. var það felt við 1. umr. Þar var það einkum fundið að frv., að það væri óundirbúið, að ekkert væri vitað um óskir Strandamanna og að sýslunefndir, amtsráð og amtmaður hefðu eigi fengið tækifæri til að segja álit sitt um málið. Þá var og bent á erfiðleika fyrir einn mann, að þjóna báðum sýslunum, sakir vegalengdar og vegleysu. Síðan hefir málinu um samsteypu þessara sýslna eigi verið hreyft á Alþingi, þangað til á þinginu 1914. Þá kom fram þingsályktunartillagan, sem áður er getið, um fækkun sýslumannsembætta, og hafði flutningsmaður tillögunnar einkum í huga Dalasýslu og Strandasýslu, er honum þótti mega gera úr eitt embætti. Af undirtektum þingmanns Dalamanna undir tillöguna má ráða það, að hann taldi Dalamenn nú mundu verða á móti samsteypunni, en að öðru leyti var málið lítið rætt, nje grein fyrir því gerð, að neinir verulegir annmarkar væru á sameiningu þessara embætta, með því að málið komst inn á aðra braut, sem fyr er vikið að.

Þegar nefndin nú leggur það til að þessum embættum verði steypt saman, þá er fyrst að telja þá ástæðu, að óskir hafa bæði á þingi og utan þings komið fram um það, að embættum sje fækkað, þar sem því verður við komið og að nefndin telur þessar óskir rjettmætar, ef þeim verður fullnægt, án þess að embættisþjónustan verði ókleif eða ónóg þeim, sem hennar eiga að njóta. Þetta á við um öll embætti, en þegar sjerstaklega eru athuguð sýslumannaembættin, og

hvort vegur sje til að fækka þeim, festir einkum auga á sýslum þeim tveimur, sem hjer ræðir um. Þeim hefir alloft verið þjónað af sama manni, skemri eða lengri tíma, án þess að borið hafi á, að það hafi valdið neinni óhægð fyrir hlutaðeigendur. Um erfiðleika að þjóna slíku embætti, fyrir sakir mannmergðar eða fjölda embættisstarfa, er eigi að ræða, því að íbúar beggja sýslnanna samtals voru 1910 eigi fleiri en 3778 og embættisverkin eru sökum strjálbygðar, einkum í Strandasýslu, tiltölulega færri en í öðrum, ekki fjölmennari, sýslum. En það sem aðallega hefir verið talið tormerki á samsteypu þessara embætta er vegalengdin og erfið yfirsókn. Það verður þó eigi sjeð, að í því tilliti mundi þessi sýsla verða erfiðari, en sumar aðrar sýslur, svo sem Skaftafellssýsla, Þingeyjarsýsla og jafnvel Barðastrandasýsla, og getur nefndin því eigi talið þennan annmarka svo verulegan, að ófært sje hans vegna að sameina sýslurnar.

23. Frumvarp

til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur, eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaunin meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Efrirlaunin mega þó aldrei fara fram úr $^3/_4$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti, skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904 um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk og lög nr. 48, 16. nóvbr. 1907 um ellistyrk presta og eftirlaun úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn sem sitja í embættum, þegar þessi lög öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 8. gr. launalaganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er sniðið eftir frumvarpi því um þetta efni, er milliþinganefnd sú í launa- og eftirlaunamálinu samdi, er skipuð var með konungsúrskurði 9. desbr. 1914, og þykir nægja að vísa til nefndarálitsins um það mál yfirleitt, og til athugasemda nefndarinnar við frumvarp hennar sjerstaklega.

Um einstakar greínir skal þetta tekið fram

Um 1. gr.

Nefndin lagði til, að ríkissjóður skyldi greiða 20000 kr. til lífeyrissjóðsins. Hjer er lagt til, að tillagið sje 50000 kr. Er sjóðurinn því tryggari, sem hann er betur útbúinn í fyrstu. Annars er vísað til athugasemda nefndarinnar um þessa grein. Þær eru þannig:

»Ástæður fyrir tillögum nefndarinnar um stofnun sjóðs þessa eru áður teknar fram, bls. 277—279, og vísast til þeirra.

Eftir eðli sínu og tilgangi á sjóður þessi að vera landsstofnun, og því sjálfgefið, að hann sje undir umsjón landsstjórnarinnar. og er einnig lagt til, að landsstjórnin annist reikningshald hans, með því að gert er ráð fyrir, að það

verði eigi svo umfangsmikið nje margbrotið, að minsta kosti eigi fyrst um sinn, að til þess þurfi að skipa sjerstakan mann.

Með því að svo er til ætlast, samkvæmt 5. gr., að landssjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins, er auðsætt, að miklu varðar, að sjóðurinn komist þegar í gott horf, svo að eigi, eða síður, þurfi að taka til ábyrgðar landssjóðs. Leggur nefndin til, að honum sje þegar í upphafi lögð nokkur fúlga, í eitt skifti fyrir öll, og telur hæfilegt, að þessi upphæð sje ákveðin 20 þús. kr.«

Um 2. og 3. gr.

Við þessar greinar þykir ekki þurfa neitt að athuga.

Um 4. og 5. gr.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að greina embættin sundur í 6 launaflokka, eftir upphæð árgjaldanna, og setti hæsta árgjaldið 186 kr., sem gerði 100 kr. lífeyri fyrir hvert þjónustuár, miðað við 4500 kr. árslaun eða hærri, en lægsta árgjaldið var 18 kr. 60 a., miðað við minna en 900 kr. árslaun, en lífeyririnn svarandi til lægsta árgjaldsins, 10 kr. Árgjöldin eftir tillögum nefndarinnar námu um 3,7 % af 2500 kr. árslaunum og þar yfir, en nálægt 3 % af árslaunum undir 2500 kr.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að iðgjöldin verði nokkru hærri hlutfallslega, nefnilega 5 %, en lífeyririnn aftur tiltölulega hærri.

Flokkaskiftingunni er slept.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda nefndarinnar um þessar greinar.

Um 6. gr.

athugar nefndin þetta:

»Það þykir nauðsynlegt, að ákveða, hvenær embættismaðurinn eigi kröfu til að fara að njóta lífeyris. Er um þetta fylgt þeirri reglu, sem gilt hefir hingað til um lausn frá embætti með eftirlaunarjetti, og aldurinn ákveðinn 70 ár.

En með því að komið getur fyrir, að embættismaður, sem yngri er en 70 ára, sje orðinn svo bilaður að starfsþreki, að það sje bæði vilji hans sjálfs, að hætta starfinu, og hentugra starfsins vegna, að hann láti af því, þótt hann ekki beint vegna vanheilsu geti fengið lausn frá því, þá er það ákvæði sett, að þegar aldur og embættisár samtals verður 95 ár, þá hafi embættismaðurinn sama rjett og væri hann 70 ára. Þannig gæti þá maður, sem komið hefði 25 ára í embætti, og þjónað hefði embættinu í 35 ár, átt lífeyrisrjelt, þegar hann væri 60 ára. Að yngri menn en 25 ára komi í embætti, getur naumast komið fyrir, annarsstaðar en við síma eða póststörf. En þótt það kæmi þar fyrir, af því svo lítinn undirbúning þarf undir starfið, þá gæti þó ekki verið um að ræða, að lífeyrisrjetturinn fengist fyr, en maðurinn væri hátt á sextugs aldri.«

Um 7. gr.

Athugasemd nefndarinnar:

»Ef embætti er lagt niður og embættismaður sá, er í hlut á, fær eigi um leið annað embætti, verður að telja rjett, að hann fái endurgoldin iðgjöld þau öll, er hann hefir greitt í sjóðinn, vaxtalalaust þó. Taki hann síðar embætti, fer um greiðslu hans til sjóðsins, eins og hann þá fyrst hefði komið í embætti«.

24. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

I. Kap.

Óskilgetnaður.

1. gr.

Þau börn eru óskilgetin, sem eigi teljast skilgetin.

2. gr.

Það skiftir eigi máli að lögum þessum, þótt foreldri óskilins barns sje gift.

II. Kap.

Faðerni.

3. gr.

Nú verður kona ljettari að óskilgetnu barni, og skal þá læknir sá eða ljósmóðir, er vitjar hennar í sængurlegunni, athuga nákvæmlega öll atriði, er ráða má af, hvort barnið hafi verið fullburða, eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri, enda sje skýrsla um þetta skrásett þá þegar.

4. gr.

Nú gengst karlmaður sá, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, frjáls og viti sínu vitandi, við faðerni barnsins, fyrir presti eða valdsmanni, eða brjeflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins, hvort sem gengist hefir verið við faðerninu fyrir eða eftir barnsburðinn, enda sje faðernisjátningin fyrir presti eða valdsmanni þá þegar bókuð og brjefvottarnir lögráðir, valinkunnir menn, og eigi ástæða til að vjefenga undirskrift þeirra.

5. gr.

Nú kennir kona karlmanni óskilgetið barn sitt, en hann gengst eigi við faðerninu og getur hún þá krafist þess, að valdsmaður, þar er hún er heimilisföst eða stödd, hlutist til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum.

Nú er leitað fátækrastyrks til framfærslu barnsins, og hlutast þá oddviti sveitarstjórnar þeirrar, er leitað er, til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

6. gr.

Nú sannar kona, vanfær að óskilgetnu barni, með vottorði þjónandi læknis eða ljósmóður, að liðnir sjeu 6 mánuðir frá getnaði fósturs, og getur hún þá krafist höfðunar barnsfaðernismáls með þeim hætti, sem getur í næstu grein á undan, enda sje maðurinn á lífi.

Nú hefir sá, er konan kennir fóstrið, gengist við faðerni þess á þann hátt, er greinir í 4. gr. eða gengst við því í rjettinum, og er þá skorið úr um faðernið, enda gengur málið þá eigi til dóms.

Gangist hann aftur á móti eigi við faðerninu, fer um úrslit málsins eftir því, sem segir í 14.—15. gr., sbr. síðustu málsgrein 13. gr., þó svo að eið samkvæmt 15. gr. skal þá vinna undir rekstri málsins.

7. gr.

Nú er sá maður, sem óskilgetið barn er kent, látinn, og má þá höfða barnsfaðernismál gegn búi hans. Fari skiftaráðandi með búið, skal stefna honum fyrir búsins hönd. Standi skiftaforstjórar eða erfingjar fyrir skiptunum, nægir að stefna einum skiftaforstjóra eða erfingja.

Nú er stefndur horfinn eða farinn af landi burt, og má þá höfða mál gegn honum hjer á landi, eftir opinberri stefnu.

8. gr.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi þess, er barn (fóstur) er kent, eða því, er hann síðast átti, eða þar sem farið er með bú hans, sje hann látinn.

Málið skal höfðað innan árs frá fæðingu barnsins, sje móðir þess málshöfðandi, ella innan árs frá því, að framfærsluskyldur tók við barninu til framfærslu. Standi sjerstaklega á, getur stjórnarráðið lengt frestinn, svo sem hæfa þykir.

9. gr.

Um stefnufrest í barnsfaðernismáli og stefnubirtingu fer að lögum, að svo miklu leyti sem eigi er öðru vísi um mælt í lögum þessum.

10. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls er undanþegin öllum rjettargjöldum í hjeraði. Um greiðslu annara gjalda hans fer svo, sem málið væri gjafsóknarmál af hans hendi.

Nú telur æðri dómstóll málsstað málshöfðanda eigi ólíklegan, og getur dómurinn þá ákveðið, að svo skuli fara þar um greiðslu rjettargjalda og annara gjalda, sem mælt er um í hjeraði.

11. gr.

Um barnsfaðernismál í hjeraði fer sem einkalögreglumál, að svo miklu leyti, sem eigi er öðru vísi um mælt í lögum þessum.

12. gr.

Dómaranum ber af eigin hvötum, að afla allra fáanlegra sannana fyrir þeim atriðum, sem bent geta til þess, hver vera muni faðir óskilgetins barns, meðal annars skýrslu læknis eða ljósmóður um það, hvort barnið hafi fæðst fullburða eða hve mikið hafi vantað á að svo væri. Hann getur í því skyni kallað bæði barnsmóður og þann, er faðernið er kent, fyrir sig, og krafið þau framburðar, en eið má hann eigi af þeim taka nema svo standi á, sem greinir í niðurlagi 6. gr.

Nú neitar annað þeirra að koma í rjettinn, og má dómarinn þá láta sækja það, nema barnsmóðir sje sækjandi málsins og neiti að sækja rjettarhaldið, þá frávísar hann málinu.

Nú neitar annað þeirra að svara spurningum dómarans, og getur dómarinn þá gjört því þingvíti, nema barnsmóðirin sje sækjandi málsins og neiti að svara, þá frávísar hann málinu.

Barnsmóðir og sá, er barn er kent, skulu spurð í rjetti fyrir lokuðum dyrum, nema bæði sje á annað sátt.

13. gr.

Nú koma fram líkur fyrir því, að fleiri hafi haft samfarir við barnsmóður á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og ber þá dómaranum að stefna þeim mönnum til að svara til sakar, með stefndum.

14. gr.

Nú má ætla, eftir því sem fram hefir komið í málinu, að stefndur sje faðir barnsins (fóstursins), og skal hann þá dæmdur faðir þess.

15. gr.

Nú þykja nokkrar líkur fyrir því, að stefndur hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma. að hann geti verið faðir barnsins (fóstursins) og dæmir þá dómari þeim aðilja, er ætla má, að hafi rjettari málsstað og trúverðari þykir, að staðfesta framburð sinn með eiði, konunni með fyllingareiði og karlmanninum með synjunareiði.

Nú er stefndur látinn, þegar málið er tekið til dóms, horfinn eða farinn af landi burt, og verður konunni þá dæmdur eiðurinn sje hún eiðgeng og framburður hennar líklegur.

16. gr.

Í eiðstaf þeim, sem stýlaður er í barnsfaðernismáli, skal einskorða tímabil það, er eiðurinn tekur til.

Móðirin vinnur eið að því, að sá, er hún kennir barnið (fóstrið), hafi haft samfarir við sig á því tímabili, sem tiltekið er í eiðstafnum, en hann synjar fyrir það með eiði, að svo hafi verið.

III. Kap.

Framfærsla barns. m. m.

17. gr.

Móðir er skyld að framfæra og uppala óskilgetið barn sitt, sem skilfengið foreldri skilgetið barn, enda er framfærsluskylda óskilgetins barns gegn móður þess söm, sem framfærsluskylda skilgetins barns gegn foreldri.

18. gr.

Nú hefir maður gengist við faðerni að óskilgetnu barni (fóstri) eða hann hefir verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður hefir fallið á hann, og er honum þá jafnt móður þess skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

Framfærslu og uppeldi óskilgetins barns skal hagað, svo sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt, hafi karlmaðurinn gengist við faðerninu eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall um faðernið, eða faðerniseiður fallið á hann, en ella eftir högum móður þess. Þó má hvorugt vera síður en alment gerist.

19. gr.

Nú má ætla, að fleiri karlmenn hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, er líklegt er að barnið (fóstrið) sje getið, og verður þá enginn dæmdur faðir barnssins.

Hinsvegar skal dæma þá alla í sameiningu til að gefa með barninu þangað til það er 16 ára, og til að inna af hendi þær greiðslur, sem óskilfengin móðir getur krafist sjer til handa af barnsföður sínum.

Nú eru fleiri dæmdir til meðgjafar með óskilgetnu barni eða til lögmæltra greiðslna til handa móður barnsins (29. og 30. gr.) og ábyrgjast þeir þær greiðslur þá einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Nú hefir einn greitt fyrir alla umsamið eða úrskurðað framlag, og getur hann þá krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu af hendi hinna.

20. gr.

Heimilt er barnsmóður eða þeim, sem kemur í hennar stað, þar á meðal fátækrastjórn, að semja, jafnvel fyrir barnsburð, við barnsföður eða þann, sem á að greiða meðlag með barni, um greiðslu barnsfúlgunnar. En skriflegur skal sá samningur vera og vottfastur, enda staðfestur af valdsmanni, þar er barnsmóðir er heimilisfóst eða dvelur.

Nú er samningurinn eigi í lögmæltum búningi, og má þá krefjast framlaga framvegis, svo sem enginn samningur hefði verið gjörður.

Nú er barnsfúlga greidd samkvæmt samningi um lengri tíma eða öll í einu, og skal þá fara með hana, sem fje ófjárráðra.

21. gr.

Þröngva má barnsföður eða manni, sem lögskylt er að gefa með óskilgetnu barni (fóstri), með úrskurði valdsmanna, þar er hann á heima, til

að gefa með barninu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, sem í raun og veru er greidd með barninu.

Nú má ætla, að barnið sje ávöxtur af samförum að óvilja eða án vilja móður, enda hafi faðirinn við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og er hann þá skyldur að kosta framfærslu og uppeldi barnsins að öllu leyti.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, sem gjörir manni að skyldu, að greiða meðlag með óskilgetnu barni, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skal vera skýrt, svo sem kostur er á, frá aldri mannsins, fæðingarstað og framfærslusveit.

22. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og getur móðir þess þá krafist þess, að valdsmaður gjöri föður þess eða þeim, sem dæmdur hefir verið til meðgjafar með því, að leggja fram aukastyrk til hjúkrunar og lækningar og greftrunar barninu.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að konunni látinni eða vegna annara lögmæltra ástæðna, þar á meðal fátækrastjórn.

23. gr.

Nú er barnið komið úr ómegð, en ófært vegna andlegra eða líkamlegra bresta eða annara ósjálfráðra orsaka til þess að hafa sjállt ofan af fyrir sjer, og getur þá sá, sem að lögum er skyldur að annast barnið, krafist þess, að valdsmaður úrskurði föður þess skylt, að framfæra barnið af sinni hálfu, að svo miklu leyti, sem hann er aflögufær að dómi sveitarstjórnar í dvalarsveit hans,

Óskilgetnu barni er skylt að framfæra föður sinn með sama skilorði.

24. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrir fram, fyrir hálft ár í senn.

Úrskurðað meðlag má hækka eða lækka, ef hagur aðilja breytist.

Nú hefir manni verið gjört að greiða meðlag með barni, áður en barnið fæðist, en það fæðist andvana, og fellur þá meðlagsskyldan niður.

25. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig óskilgetið barn, er honum ber að gefa með, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiftaráðanda, áður en skuldalýsingarfrestur er liðinn eða 12 mánuðum frá láti mannsins, hafi skuldalýsingarfrestur eigi verið auglýstur, enda er skiftaráðanda skylt að lýsa slíkri kröfu í búinu, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn, er honum bar að framfæra.

Sje barnsfúlga sú, er hinn látni skyldi lúka, hvorki ákveðin með samningi nje yflrvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf með barninu nemur frá dánardægri hans, þangað til það er 16 ára.

Ef ekkja barnsföður er á lífi eða skilgetin börn, þá skal þess gætt, að

meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða barnsfúlgu þá, er á barnsföður hvildi, nema valdsmaður ákvarði með rökstuddum úrskurði, að hún skuli greiða minna eða jafnvel ekkert um lengri eða skemri tíma vegna breyttra ástæðna. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarráðsins.

Nú er barnsfúlga greidd af hendi í einu eftir lát föður (meðlagsskylds), og fer þá um hana, svo sem segir í 3. mgr. 20. gr., enda skal tiltaka á hverjum tíma og hverjum greiða skuli meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fje það, sem óeytt er, koma til skifta meðal erfingja greiðanda. Verði afgangur af fúlgunni af öðrum ástæðum, nýtur barnið hans.

26. gr.

Sje barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni, samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi nema fyrir eitt ár og eigi meira en meðalgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna.

Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, aða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

27. gr.

Sama rjett, sem móðir óskilgetins barns hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins, að móðirinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin framfærslusveit barnsins, hafi hún tekist framfærslu þess á hendur.

28. gr.

Nú er karlmaður skyldur að lögum til að gefa með óskilgetnu barni, en ókunnugt er um verustað hans, og getur þá sá, er framfærslu- og uppeldisskyldan hvilir á, krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

Þá getur framfærsluskyldur og, þótt annar sje en framfærslusveit, neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á sem þar er lýst.

Nú fer maður af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem get-

ur í nefndri fátækralagagrein, og getur framfærsluskyldur þá heimtað lögtak fyrir gjaldkræfum greiðslum og löghald fyrir ógjaldkræfum, hvorttveggja samkvæmt lögmæltum reglum.

29. gr.

Faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) er skyldur að greiða móður barnsins að minsta kosti helming kostnaðar þess, er leitt hefir af barnsförunum og styrk til framfærslu hennar næstu 6 vikur fyrir og eftir barnsburðinn.

Nú hefir barnsfaðir við rjettarrannsókn orðið sannur að sliku tilræði við móður barnsins, sem getur í 2. mgr. 21. gr., og ber honum þá að kosta að öllu leyti bæði barnsfarirnar og framfærslu og hjúkrun hennar út af meðgöngunni og barnsförunum.

Nú er skorið úr um faðerni barns (meðlagsskyldu) fyrir fæðingu þess, og getur konan þá heimtað framfærslustyrkinn fyrir fyrri 6 vikurnar úrskurðaðan sjer þegar í stað.

Valdsmaður, þar er konan dvelur, ákveður framlög þessi, framfærslustyrkinn eftir högum beggja. Fyrirframgjörður samningur um hjernefnd framlög er ógildur. Framlögin eru gjaldkræf, þegar er úrskurður hefir gengið um þau.

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) eigi framlög þessi á gjalddaga, og getur þá móðir barnsins heimtað þau greidd af dvalarsveit sinni, hvort sem barnsfaðir er lífs eða liðinn. Um endurgreiðslu framfærslusveitar barnsföður á framlögum dvalarsveitar fer að lögum.

30. gr.

Nú sýkist kona, sem svo er ástatt um, sem segir í 6. gr., vegna meðgöngunnar og er lengur frá verki en 2 vikur, og getur hún þá heimtað, að valdsmaður, þar er hún dvelur, gjöri manni þeim, er eigna má faðernið (meðlagsskyldum), styrk til hjúkrunar hennar mánaðarlega fyrirfram, þangað til hún verður ljettari, og framfærslustyrk jafnlengi, þó að frádregnum tíma þeim, er henni áður kynni að hafa verið úrskurðaður framfærslustyrkur fyrir.

Nú hefir óskilfengin móðir sýkst út af barnsförunum og er lengur frá verki en venjulegt er um sængurkonur, eða hún sýkist svo eftir sængurleguna út af meðgöngunni eða barnsburðinum, að hún er lengur frá verki en 2 vikur, og hefir hún þá sama rjett gegn barnsföður sínum (meðlagsskyldum), sem getur í næstu málsgrein á undan, meðan hún er sjúk, þó eigi lengur en 6 mánuði eftir barnsburð og að frádregnum þeim framfærslukostnaði, er henni kynni að hafa verið úrskurðaður áður.

Um ákvörðun og greiðslu hjer um ræddra framlaga gilda sömu reglur og um framlög samkvæmt 29. grein.

31. gr.

Nú líða meira en 6 mánuðir frá því að konan varð heil þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

IV. kap.

Um forráð barna m. m.

32. gr.

Móðir óskilgetins, ósjálfráðs barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til þess að hafa barn sitt hjá sjer og ráða því að öðru leyti.

Nú giftist barnsmóðir öðrum en föður barnsins, og ráða þá hjónin barninu bæði saman, enda fylgi barnið móður sinni.

Nú andast móðirin frá manni sínum, og ræður þá stjúpinn barninu, sje það á framfæri hans, enda hafi barnið eigi verið skilgjört.

33. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráðu barni sínu, eða fer alfarin af landi burt eða telst óhæf að dómi valdsmanns með ráði sóknarprests og hjeraðslæknis til að ala barnið upp, og á þá faðir þess rjett til að fá umráð yfir barninu, ef hann skilgjörir það á þann hátt, er segir í 38 gr. eða þinglýsir því samkvæmt 39, gr.

Nú hefir barn, sem þinglýst hefir verið samkvæmt 39. gr., verið á fóstri með móðurforeldri eða móðursystkini um lengri tíma og vel farið um það, og getur þá stjórnarráðið heimilað slíku fósturforeldri að halda barninu áfram, enda kalli fósturforeldri eigi eftir meðgjöf með því af hendi barnsföður.

34. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því, að óskilgetin börn innan umdæma þeirra sje vel upp alin.

Nú verður nefnd þess vör, að móður óskilgetins barns eða þeim, sem barnið er hjá, fari uppeldi barnsins eigi svo vel úr hendi sem skyldi, og skal nefndin þá áminna þann, sem í hlut á, Nú skipast hann eigi við áminning nefndarinnar, og skal hún þá skýra valdsmanni frá málavöxtum, en hann leitar álits læknis og prests og gjörir síðan þær ráðstafanir, er með þarf, getur meðal annars komið barninu fyrir á öðrum stað.

35. gr.

Um rjett og skyldu óskilgetins barns til annars nafns en eigin nafns fer að lögum, enda jafngildi faðernisdómur, eiðfall barnsföður eða eiður barnsmóður faðernisjátningu.

Um sveitfesti og sóknfesti barnsins fer að lögum.

V. kap.

Um erfðir barns og eftir það.

36. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið barn, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengist við faðerni þess (4. gr.) eða verið dæmdur faðir þess (14. gr.).

Óslitin sambúð karls og konu ósamangefinna frá því 6 vikum fyrir getnað barns, þangað til 3 árum eftir fæðing þess, jafngildir faðernisjátningu, þá er um erfðarjett barns eftir föður og föðurfrændur ræðir eða þeirra eftir það.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn, svo sem skilfengið foreldri og foreldrafrændur erfa skilgetið barn. Slíkt hið sama gildir um föður og föðurfrændur óskilgetins barns. hafi barnið haft erfðarjett eftir þá.

VI. kap.

Um skilgjörð barna m. m.

38. gr.

Nú giftist karl og kona, er átt hafa saman óskilgetið barn, í lifanda lífi barnsins, og er barnið þá skilgjört, enda hafi maðurinn annaðhvort gengist við faðerni barnsins, eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða þá eiður fallið á hann.

38. gr.

Nú má telja faðerni óskilgetins barns víst, þótt eigi sje sannað á lögmætlan hátt, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, eftir beiðni barnsföður, að barnið skuli hafa skilgetinna barna rjettindi gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því, enda komi samþykki lögráðamanns barnsins til, sje það ósjálfrátt, en ella samþykki þess sjálfs.

39. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefir kent óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu, manntalsþingi eða bæjarþingi, og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá öll rjettindi feðraðs óskilgetins barns gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því.

40. gr.

Nú er óskilgetið barn skilgjört, samkvæmt 37. og 38. gr., og verður þá afstaða þess til föður og föðurfrænda sem skilgetins barns. Þó getur faðir eigi heimtað sjer fengin forráð barns, er skilgjört hefir verið samkvæmt 38. gr., meðan móður þess nýtur.

VII. kap.

Almenn ákvæði og bráðabirgðar.

41. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi móðirin íslenskan ríkisborgararjett.

Slíkt hið sama gildir, þó að ríkisfesti móður rakni, haldist ríkisfesti barnsins óbreytt.

42. gr.

Framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni og greiðsluskylda hans gagnvart móður þess fer að lögum lands þess, er konan tilheyrði, þá er hún varð ljettari eða vanfær, sje krafist barnsmeðlags eða framfærslustyrks til til konu fyrir fæðing barnsins,

Þó verður frekari kröfum eigi framgengt, en lögmæltar eru hjer í landi.

43. gr.

Skilgjörð óskilgetins barns fer að islenskum lögum, hafi skilgjörðarmaður verið ríkisfastur hjer, þá er skilgjörðin fór fram.

Nú er skilgjörðarmaður útlendur en barnið ríkisfast hjer og er þá skilgjörð ógild, nema til komi samþykki lögráðamanns, sje barnið ósjálfrátt, en ella samþykki þess sjálfs.

44. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt, áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá gildistöku laganna.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sé samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áðurgildum lögum.

Enn fremur gilda erfðanýmæli 86. gr. eigi um önnur börn en þau, sem fædd eru 10 mánuðum þrítugnættum eftir gildistöku laganna.

45. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: N,-L. 5. 2. 33 og 71—74, sbr. konungsbrjef 17. febr. 1769 og D.-L. 5. 2. 33 og 70—73, sbr. 2. gr. tilsk. 25. sept. 1850, N.-L. 6. 13. 5, sbr. kbr. 2. mai 1732, 9. gr. i tilsk. 25. sept. 1850, niðurlag 3, gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, 6.—8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 10.—13. gr. og siðari setning 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þá ógildast og önnur ákvæði, er koma kunna i bága við lög þessi.

46. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi 1917 samþykti þingsályktun, þar er meðal annars er skorað á landstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir alþingi, svo fljótt sem unt er, frumvarp til laga um endurbætur á gildandi löggjöf um afstöðu foreldra til barna.

Dóms- og kenslumáladeild stjórnarráðsins leitaði til lagadeildar háskólans um undirbúning þessa máls, og hefir fengið þaðan frumvarp það, er hjer er prentað að framan og snertir afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og annarsvegar afstöðu barnanna til foreldra sinna. Aðal-starfið við samning þessa frumvarps hefir haft Lárus H. Bjarnason prófessor, en hinir lagakennararnir við há-

skólann hafa verið í verki með honum á líkan hátt og átti sjer stað við samning frumvarps til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frumvarpið er sniðið eftir nýrri löggjöt um þetta efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hófst samvinna meðal þessara þriggja Norðurlandaþjóða 1909 um undirbúning nýrrar lagasetningar um hjúskap og um afstöðu foreldra og barna. Af þessari samvinnu hafa svo sprottið svipuð lög um afstöðu óskilgetinna barna og foreldra þeirra í Noregi og Svíþjóð.

Ráðuneytið hefir eigi getað fallist að öllu á ákvæði umgetins frumvarps prófessors Lárusar H. Bjarnason um erfðarjettinn. Var um það ákveðið svo í 36. gr. þessa frumvarps, að óskilgetið barn erfi föður og föðurfrændur, hafi hann gengist við faðerni þess, eða verið dæmdur faðir þess, eða faðerniseiður fallið á hann eða honum orðið eiðfall um faðernið.

Ráðuneytinu hefir eigi þótt fært að fara lengra í því, að veita óskilgetnu barni erfðarjett eftir föður og föðurfrændur en svo, að þessi rjettur sje bundinn við faðernisviðurkenning frá föður eða faðernisdóm.

Erfðarjettur óskilgetinna barna eftir foreldra, jafnvel á móti vilja þeirra, er ekki svo sjálfsagður, að rjett sje að veita hann óskilgetnu barni eftir þann mann, sem ekki vill kannast við faðernið, nema neitun hans sje dæmd ógild.

Annars er frumvarpið borið fram óbreytt.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga

um

afstöðu foreldra til óskilgetinna barna

með

ástæðum og athugasemdum.

Frumvarpið er prentað óbreytt hjer að framan, nema fyrsta málsgrein 36. gr. Aftan af henni er felt: »eða faðerniseiður fallið á hann eða honum orðið eiðfall um faðernið«.

Ástæður og athugasemdir við frumvarp til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Að íslenskum, sem nálega allra annara landa lögum, fer afstaða foreldra og barna mjög eftir því, hvort barnið er skilgetið eða óskilgetið.

Sje barnið *skilgetið*, fer afstaða þess, meðan það er í ómegð og þangað til það aflar sjer sjálfst sjálfstæðrar stöðu í þjóðfjelaginu, yfirleitt eftir högum foreldranna (föður). Foreldrum þess er fortakslaust skylt að framfæra það og uppala þangað til það verður 16 ára gamalt, enda hafa þau fullkominn umráðarjett yfir barninu jafnlengi. Auk þess er aflögufærum foreldrum skylt að ala önn fyrir eldri þurfandi börnum sínum, enda aflögufærum börnum skylt að gera þurfandi foreldrum sínum sömu skil. Foreldrin hafa erfðarjett eftir barnið og það eftir þau. Foreldrin hafa yfirleitt, hvort um sig, *jafnan* rjett og jafna skyldu gagnvart barninu, og barnið sömu rjettindi og skyldur gagnvart báðum foreldrunum.

Sje barnið *óskilgetið*, hefir móðirin yfirleitt sömu skyldur og rjettindi gagnvart barninu, sem skilfengið foreldri gegn skilgetnu barni, og barnið sömu skyldur og rjettindi gegn móður sinni, sem skilgetið barn gegn skilfengnu foreldri.

Óskilfenginn *faðir* hefir hinsvegar eigi aðra skyldu gagnvart barninu en þá, að gefa með því, meðan það er á ómagaaldri. Og meðlagsskylda hans nær yfirleitt eigi lengra heldur en til að birgja barnið að venjulegum lífsnauðsynjum, að sínum hluta. Eftir að barnið er komið úr ómegð, eru engin tiltök að skylda föður til að styrkja barnið, hvað sem það hendir, enda barninu óskylt að styrkja hann. Óskilfenginn faðir hefir á hinn bóginn heldur engin rjettindi gagnvart barninu, og barnið yfirleitt hvorki rjettindi nje skyldur gagnvart honum. Meðal annars erfir hvorugt hitt.

Lagamunurinn á skilgetnu og óskilgetnu barni er þannig býsna mikill. En lífskjaramunurinn er eigi minni. Skilgetna barnið er góðum foreldrum svo mikill aufúsugestur, að málsháttarinn »blessun fylgir barni hverju« er víða enn talinn meðal sannmæla. En óskilgetna barnið kemur að jafnaði í óþökk annars eða beggja. Móðirin hefir oft ekki nema tómar hendurnar til að taka við því. Henni er víða legið á hálsi fyrir »hrösunina«, bæði af vandamönnum og vandalausum. Og hún á ekkert athvarf til mannsins, sem er jafnvaldur henni sjálfri að hugraun hennar og öðrum erfiðleikum, meðan henni liggur mest á, nokkru fyrir og eftir barnsburðinn, um annað en hálfan svokallaðan barnsfararkostnað. Faðirinn gengst stundum eigi við faðerninu. Og ósjaldan lendir í málarekstri eða öðru stappi með foreldrunum. Meðlagið af hendi barnsföður kemur venjulega eigi fyr en hálfu eða heilu ári eftir fæðingu barnsins og hrekkur langoftast eigi nema til hálfs fyrir brýnustu þörfum þess. Barnið fylgir í besta lagi móður sinni og hefir þá jafnoft vistaskifti og hún, en lendir oft í hrakningum milli misjafnra manna.

Það ræður að *líkindum*, að kjör þau, er *móðir* óskilgetins barns á venjulega við að búa, sjerstaklega á ofanverðum meðgöngutímanum og fyrst eftir barnsburðinn, muni hafa eigi all-litil áhrif á barnið. Þegar þar við bætist, að barnið elst venjulega upp við meiri eða minni skort og litla umhirðu, þá er sist að furða, þó að oft fari misjafnlega um þau, bæði á yngri og efri árum. Og sennilega er þeim áhrifum eigi lokið með lífi þeirra. Þau áhrif ganga að öllum líkindum lengra eða skemur í ættir fram. »Ilt er í ætt gjarnast«, eða að minsta kosti gjarnt eigi síður en gott. Hjer á landi brestur nú að vísu skýrslur, er bygð verði á viðunanleg greinargerð um áhrif óskilgetnaðar jafnvel í fyrsta lið. Þó hefir *Þorsteinn* hagstofustjóri *Þorsteinsson* góðfúslega látið mjer í tje skýrslu um hlutfallstölu óskilgetinna og skilgetinna barna, andvanafæddra og látinna á fyrsta mánuði.

Samkvæmt skýrslu þessari töldust óskilgetin börn hjer á landi á tímabilinu 1906—10: 14.6 af hundraði, í Svíþjóð: 13.5, í Danmörku: 11.0, í Finnlandi:

7.0, í Noregi: 6.7 og í Færeyjum: 2.7, en í Hollandi: 2.1 og í Búlgaríu ekki nema 0.5. Er Ísland þar efst á blaði, en óskilgetnum börnum virðist þó heldur fækka. 1876—85 voru meðal lifandi fæddra hjer á landi 20.0 af hundraði óskilgetin; 1886—95: 19.0, en 1896—1905 ekki nema 14.7 og 1906—15 að eins 13.0.

Af hverjum 100 óskilgetnum börnum fæddust á tímabilinu 1876—85 4.6 andvana, en af skilgetnum 3.2; 1886—95: 5.2 óskilgetin, en 3.2 skilgetin; 1896—1905: 3.8 óskilgetin, en 3.0 skilgetin, og 1906—15: 4.6 óskilgetin, en 2.8 skilgetin.

Árin 1916 og 1917 voru meðal fæddra barna alls (lifandi og andvana) 1916: 13.4 af hundraði óskilgetin, en 1917: 14.4.

Á árunum 1906—15 — lengra ná skýrslurnar eigi — dóu af hverjum 100 óskilgetnum börnum á fyrsta mánuði 4.5, en 3.4 af 100 skilgetnum.

Eru tölur þessar sæmilegur vottur þess, að miklu skiftir, hversu fer um barnið (og um móðurina, sjerstaklega skömmu fyrir og eftir barnsburð). Þær koma líka allvel heim við reynslu þeirra þjóða, sem eiga því láni að fagna, að eiga ítarlegar skýrslur um allan hag sinn. Í Svíaríki t. d. voru 1901—10: 12.7 börn óskilgetin af hverju hundraði. Á sama tíma, 1901—10, reyndust þar andvanafædd 32.97 af þúsundi óskilgetinna barna, en eigi nema 23.59 af þúsundi skilgetinna. 1906—10 dóu þar á fyrsta ári 120.48 af þúsundi óskilgetinna barna, en eigi nema 71.51 af þúsundi skilgetinna. Líkt er ástandið sagt annarstaðar á Norðurlöndum og víðar út um heim.

Auk þess þykir það sannreynt í útlöndum, að tiltölulega allmiklu fleiri óskilgetnir en skilgetnir reki þar á refilstigi. Í Svíaríki er t. d. styrkþága af fátækrafje fjórum sinnum tíðari meðal óskilgetinna en skilgetinna, glæpir miklu tíðari og óskilfengnar mæður hlutfallslega miklu fleiri óskilgetnar en skilgetnar.

Það er því miður tæpast ástæða til að ætla ástandið hjer á landi mun betra í þessum efnum heldur en í Svíaríki, enda ástæður allar svipaðar, nema hvað stórbæir eru hjer engir, en þar fer sennilega að minsta kosti að sumu leyti lakar um óskilgetnu börnin en annarstaðar. Annars er hlutfallið milli »kaupstaðar«- og sveitarbúa síst hagstæðara hjer en þar. Hjer á landi eru 3/5 landsmanna taldir lifa 1917 í kaupstöðum og mannfleiri þorpum en 100 manna (Hagtíðindin 1918, bls. 43), en í Svíaríki töldust 25.4 af hundraði búa í kaupstöðum árið 1910. Lífskjör óskilfenginna mæðra og óskilgetinna barna eru hjer sem annarstaðar yfirleitt allmiklu lakari en skilfenginna mæðra og skilgetinna barna.

Lagamunurinn á afstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna var upphaflega gjörður vegna hjónabandsins, því til varnar. En lurkurinn á óskilfengnu móðurina og óskilgetnu börnin hefir eigi reynst affarasælla varnarvopn heldur en það, að hjónaböndum fækkar hjer, sbr. Hagtíðindin 1918, bls. 33. Og sama er upp á teningnum annarstaðar.

Þegar nú þess er gætt, *að* um 14.6 af hundraði hjer borinna lifandi manna munu vera óskilgetnir, *að* um flesta þeirra hefir farið miður vel lengri eða skemmri tíma af æfinni, *að* sennilegt er, að kjör þeirra hafi miður góð áhrif jafnvel í ættir fram, og *að* ástæðan til lagameðferðarinnar á þeim hefir reynst fánýt til eflingar hjónabandinu, þá virðist óneitanlega kominn tími til að freista breytinga á ástandi, sem er jafnóskynsamlegt og það er órjettlátt, og virðist eigi standa á öðru en staurfótum uppidagaðrar venju.

Um þetta mun nú og allur þorri hugsandi manna hjer á landi sammála,

meðal annara Alþingi og landsstjórn. Það sýnir þingsályktun Alþingis 1917 á þingskjali nr. 367 og undirtektir stjórnarinnar undir hana.

Um hitt munu aftur vera eða verða nokkru skiftari skoðanirnar, hversu viðtækar bótabreytingarnar skuli vera. Um fullkominn jöfnuð með skilgetnum og óskilgetnum börnum getur þó eigi verið að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að óvíst er um faðerni eigi allfárra óskilgetinna barna, þeirra sem eigi eru feðruð. Lagamunurinn kemur að eins fram gagnvart föðurnum, og er því eigi unt að umbæta hann, þar sem engum föður er til að dreifa. Það yrði að minsta kosti að gjöra greinarmun á feðruðum óskilgetnum börnum og ófeðruðum.

En það væri heldur eigi hægt, að setja feðruð óskilgetin börn og sist *öll* á bekk með skilgetnum börnum að *öllu* leyti. Foreldrar óskilgetinna barna búa að jafnaði hvort að sinu. En þar sem svo stendur á, verður að leggja uppeldisskylduna á annað foreldrið, því að varla getur komið til mála að láta barnið vera sitt tímabilið hjá hvoru foreldranna. Og samkvæmt náttúrunnar lögmáli verður að fela móðurinni uppeldi barns hennar um fram föðurnum. En af því leiðir aftur, að fá verður henni tæki til að gegna skyldu sinni, fá henni umráð yfir barninu, svokallað foreldravald. Þar sem svo stæði á, yrði aðalskylda föðurins að vera sú, að leggja fram fje til þess að viðunanlega geti farið um barnið.

Aftur á móti gæti komið til mála að lögleiða fullkominn jöfnuð með skilgetnum börnum og þeim óskilgetnum börnum, er foreldrar þeirra byggju saman og víst væri um faðerni að. Það yrði þó því að eins gert með nokkrum sanni, að foreldrin hefðu búið saman langan, lögmæltan tíma. En þar sem hjónabandið er annars vegar einn af máttarviðunum í þjóðfjelagsskipuninni og því stendur hins vegar mest hætta af þess konar sambúð, þá þykir eigi ráðlegt að hverfa að því ráði, enda hvorttveggja í senn, erfitt að ákveða öðruvísi en af handahófi fastákveðinn sambúðartíma, og raunverulegur jöfnuður milli slíkrar sambúðar og hjónabands heldur eigi fullkominn, þar sem utanhjónabands sambúð alt af er riftanleg án nokkurrar íhlutunar almenningsvaldsins. Sú er og bót í máli, að foreldrin geta skilgjört börnin með því að giftast og gjöra það ósjaldan, enda föðurnum innan handar að skilgjöra þau gagnvart sjer upp á eigin spýtur eða því sem næst. Fullkominn jöfnuð skilgetinna og óskilgetinna barna virðist því eigi eiga að lögleiða, jafnvel eigi í þessu falli.

Hitt virðist aftur á móti umflýjanleg rjettlætisráðstöfun gagnvart óskilfenginni móður og óskilgetnu barni og jafnframt búhnykkur gagnvart þjóðfjelaginu, að leggja þá skyldu á hvern karlmann, sem *getur* verið faðir óskilgetins barns, að leggja fram svo mikið fje til handa barninu og móður þess, að búast megi við, að viðunanlega geti farið um barnið, meðan það er á ómagaaldri. Enda æskilegt, ef unt væri, að vekja aðilja, og þá eigi sist karlmanninn, til umhugsunar um, að getnaður barns með öllum hans afleiðingum er annað en leikur.

Að því ráði er horfið í frumvarpi þessu, enda er svo um mælt í nýjustu lögum Norðurlanda um óskilgetin börn, dönskum lögum nr. 130 frá 27. maí 1908, norskum lögum nr. 3 frá 10. apríl 1915 og sænskum lögum frá 13. júní 1917. Lög þessi eru hjer eftir skammstöfuð svo: D. l., N. l. og S. l.

En auk þessarar skyldu, sem virðist vera sjálfsögð afleiðing af samförum karlmanns við konu á barngæfum tíma, þykir yfirleitt eiga að leggja skyldur *skilfengins* föður á þann karlmann, sem ætla má *föður* óskilgetins barns, og þá um

leið fá honum rjettindi sliks föður, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af eðlilegum forgangsrjetti móðurinnar í einstaka efni. Það ráð er og tekið upp í frumvarpinu og þar sumstaðar farið lengra heldur en í nokkrum af Norðurlandalögunum.

Frumvarpið er í 7 köflum og 46 greinum. Og skal nú gjörð grein fyrir frumvarpsgreinunum, hverri fyrir sig, að svo miklu leyti sem þurfa þykir.

Um 1. gr.

Nú eru þau börn talin »skilgetin«, sem getin eru í hjónabandi eða fædd, eða, þótt hvorki sjeu getin í hjónabandi nje fædd, ef foreldrin að eins eigast einhverntíma á lífsleið barnanna.

Öll önnur börn eru talin óskilgetin.

Það mætti draga í nokkurn vafa, hvort skilgreining þessi er í alla staði æskileg. En hitt er eðlilegt og því heppilegt, að lýsingin á óskilgetnum börnum sje neikvæð. Það hugtak breytist þá ekki, þó að andstæða þess, hugtakið skilgetinn, breytist. Hugleiðingar um breytingar á hugtakinu »skilgetinn« biða því frumvarps um afstöðu foreldra og skilgetinna barna.

Um 2. gr.

Með grein þessari er aðallega ætlast til, að afnuminn verði lögmæltur munur um afstöðu svokallaðra hórbarna og annara óskilgetinna barna til foreldra. En munurinn kemur aðallega fram í tvennu, því að eftir núgildandi lögum erfir hórbarn eigi hórforeldri sitt, DL. 5. 2. 71 (NL. 5. 2. 72), og þannig hvorugt foreldri, sje bæði foreldri öðrum gift, nje hórforeldrið barnið, og í því, að samkvæmt 8. gr. fátækralaganna er ekkja eigi skyld að gefa með öðrum óskilgetnum börnum látins manns síns en þeim, sem fædd voru áður en hún giftist honum.

Hvorttveggja, bæði arfleysi barns eftir hórforeldri og lausn ekkju undan meðgjafarskuld látins manns hennar með hórbarni hans, og eftir atvikum óskilgetnu barni hans, er ranglátt, og á því, þegar af þeirri ástæðu, eigi rjett á sjer. Sjerstaklega á þetta við arfleysi barnsins. Það er nokkurs konar hefnd gegn saklausum fyrir yfirsjón annars. Hvortveggja ójöfnuðurinn hefir verið varinn með því, að hann væri til hlífðar öðrum enn nánari og saklausum vandamönnum hórseks. Fyrnefndi ójöfnuðurinn er talinn til hlífðar skilgetnum erfingjum og eftirlifandi maka hans, og síðarnefndur aðallega til hlífðar eftirlifandi ekkju hans.

En fyrst og fremst er hlífð við einn órjettlætanleg, *þurfi* henni að vera samfara ranglæti við annan. Og í annan stað er fullkomið ósamræmi í því, að erfingjar og maki verða jafnan að súpa seyðið af öllum öðrum skuldum og »skömmum« arfláta, en eru að eins leystir undan skuld hans við »hórbarn« hans. Erfingjar og maki (búið) verða að borga skuldir, sem stafa af verkum, sem jafnvel hafa eyðilagt heimili þeirra. En eru lausir undan erfðatilkalli barnsins og meðgjafarkröfu. Auk þess er makinn engan veginn alt af saklaus af hórbroti hins. Hann hefir sennilega ósjaldan gefið eitthvert tilefni til yfirsjónar hins. Og arfleysi hórbarnsins verður einnig ósjaldan eigi að eins öðrum en skilgetnum erfingjum hins látna til hags, heldur líka óskilgetnum, óskilgetnum niðjum hórsekrar móður, og jafnvel algjörlega vandalausum, sem sje brjeferfingjum eða arfleiddum. Hvortveggja linkindin er því ranglát og sú fyrri jafnframt óskynsamleg. Hún veldur

sennilega stundum þarflausum spjöllum á hag hórbarnsins, ef til vill spjöllum í ættir fram.

Enn fremur yrði sú afleiðing af 2. gr., að munur 4. gr. fátækralaganna á framfærsluskyldu stjúpföður og stjúpmóður gegn óskilgetnum börnum hins fjelli niður, enda á hann eigi við, jafnmikið jafnræði og orðið er á afstöðu konu og karls að lögum.

Sbr. annars nánar um þetta athugasemdir um 25. og 36. gr.

Um 3. gr.

Útlit nýfædds barns er órækastur vottur um, hvenær það er getið. Því er nauðsynlegt, að ljósmóðir eða læknir gjöri hvorttveggja, athugi nákvæmlega öll atriði, er máli geta skift um getnaðartíma barnsins, og skrásetji jafnframt þær athuganir sínar þá þegar. Yfirsetukonur eiga að gjöra þetta samkvæmt 14. gr. reglugjörðar nr. 12 1914, Stjt. 1914, B., bls. 16—17. En þetta er svo mikilvægt atriði, að lögleiða þykir eiga það, og þá jafnframt leggja sömu skyldu á lækni og ljósmóður.

Um 4. gr.

Það er mjög æskilegt, ef eigi nauðsynlegt, að til sjeu skýr ákvæði um það, hvenær telja megi faðerni játað. Viðsjárlaust virðist, að játa gildi játningar fyrir presti og valdsmanni, að því áskildu, að játningin sje þegar skrásett í embættisbók hlutaðeiganda. Hitt kynni í fljótu bragði að þykja ísjárverðara, að játa gildi vottfastrar játningar, án þess að vottarnir staðfestu vottorð sitt fyrir rjetti. Vegna þess, hve erfitt er víða að ná til prests og valdsmanns, þykir þó eigi mega einskorða gildi játningar við návist þeirra. Virðist mega slaka nokkuð á venjulegum kröfum, þar sem játningin gildir auðvitað því að eins, að báðum foreldrum komi saman um faðernið, sbr. upphaf greinarinnar, enda eigi all-lítil trygging í ákvæðunum um brjeflegan búning játningarinnar, um vottana og niðurlagsfyrirvarann.

Svipuð ákvæði eru látin nægja í S. l., 20. sbr. 9. gr.

Um 5. gr.

Að núgildum lögum mun barnsmóðir sennilega ein geta höfðað eða látið höfða barnsfaðernismál, sbr. upphaf 6. gr. fátækralaganna, með því að upphaf 10. gr. á sennilega eigi við 6. gr. Þetta má til sanns vegar færa, sje hún einfær um að framfæra og uppala barnið sæmilega. Ella virðist rjettur til að heimta barnið feðrað eiga að fylgja framfærsluskyldu. Nú er framfærslusveit móður skylt að framfæra óskilgetið barn, er alt um þrýtur. En auk framfærslusveitar er að minsta kosti stjúpföður að jafnaði skylt að framfæra óskilgetið barn konu sinnar, sbr. 4. gr. fátækralaganna. Virðist hann því einnig eiga að geta heimtað feðrun óskilgetins barns, er honum ber að framfæra og hann framfærir. Aftur á móti virðist eigi ástæða til að heimila þeim, er framfærir slíkt barn, um skyldu, og ef til vill um þörf þess, fram, slíkan rjett. Sumstaðar er, eða hefir að minsta kosti til skamms tíma, jafnvel rannsókn út af faðerni óskilgetins barns verið bönnuð, t. d. í Frakklandi.

Um 6. gr.

Hún er nýmæli, samin með hliðsjón af 13. gr. D. l. Af því að flestar þungaðar konur utan hjónabands eiga annars vegar við erfið kjör að búa, en síðasti hluti meðgöngutíma þeirra og fyrstu mánuðir barnsins eru hins vegar taldir skifta miklu máli um líf og framtíð barnsins, þá þykir eigi verða komist hjá að leyfa höfðun barnsfaðernismáls, er svo á stendur, sem greinin getur. Með öðru móti er tæpast hægt, að ná styrk í tækan tíma henni og barninu til handa af föður barnsins. Til þess að flýta fyrir greiðslu framlaga barnsföður, er svo ákveðið, að eið föður eða móður, sem fer annars að jafnaði fram eftir dómi, sbr. 15. gr., skuli í hjerumræddu falli vinna undir rekstri málsins.

Um 7. gr.

Hún er einnig nýmæli, sniðin eftir 15. gr. D. l. og 34. gr. sbr. 22. gr. S. l., og verður því að eins notuð, að maður sá, er barnið er kent, hafi lifað, þá er barnið fæddist, en látist síðan eða horfið. Vitanlega mundi móðirin oftast höfða málið, en það geta og aðrir framfærsluskyldir samkvæmt 5. gr., að móðurinni þrotinni.

Samkvæmt 24. gr. fellur barnsfúlga í gjalddaga fyrir fram. Því er heimild til höfðunar barnsfaðernismáls gegn búi látins manns eða horfnum manni, eðlileg eða nauðsynleg vegna barnsins og móður þess, enda virðist hún eigi ísjárverð, svo sem rekstri málsins er háttað, sbr. 12.—15. gr., sjerstaklega fyrstnefndu greinina.

Um 8. gr.

Fyrri málsgreinin þarf eigi skýringar.

Þegar af þeirri ástæðu, að líklegra er að sannir málavextir komi því öruggar fram, sem málið er fyr höfðað, þykir yfirleitt verða að tiltaka allstuttan fyrningarfrest. Því er hann ákveðinn eitt ár frá fæðing barnsins. En af því að dráttur málshöfðunar getur verið afsakanlegur og jafnvel eðlilegur, eigi sist er barn væri getið og fætt í sambúð foreldra, þykir rjett að fá stjórnarráðinu vald til að lengja frestinn, og þá eftir því, sem hæfa þykir í hvert skifti.

Um 9. gr.

Hún þarf engrar skýringar við. Fyrirvarinn lýtur nánast að seinna helmingi 1. mgr. 7. gr.

Um 10. gr.

Fyrri málsgreinin má heita samræm þar að lútandi ákvæðum 6. gr. fátækralaganna.

Síðari málsgreinin er aftur á móti nýmæli. Virðist rjett, að eins fari um greiðslu rjettargjalda í æðri dómi sem í hjeraði, ef málsstaður málshöfðanda þykir líklegur, hvort sem málshöfðandi hefir orðið að leita æðri dóms vegna hjeraðsdómsins, eða gagnaðili hans hefir skotið málinu til æðri dóms.

Um 11. gr.

Hún þarf eigi skýringar.

Um 12. gr.

Samkvæmt 6. gr. fátækralaganna er farið með barnsfaðernismál sem einkalögreglumál. Og samkvæmt tilsk. 8. mars 1799 ber dómara í slíku máli að rannsaka alla málavexti af sjálfsdáðum. En í framkvæmdinni munu aðilar (að minsta kosti víða) hafa verið látnir sjálfráðir um öflun sannana og fleira. Fyrsta mgr. er því eigi nýmæli að lagabókstafnum til, nema niðurlagið, er helgast af 6. gr.

Hinar málsgreinirnar eru aftur á móti allar nýmæli. Önnur og 3. mgr. virðast vera eðlileg og jafnframt nauðsynleg ákvæði, úr því að dómarinn á að rannsaka málið. Ekki til neins að ætla honum það, nema honum sje jafnframt fengin viðunanleg tæki til að koma rannsóknarskyldu sinni fram. En til þess þarf hann vald til að sækja stefndan í rjettinn og þingvitisbætur, komi stefndi að vísu en vilji eigi svara. Dómarinn þarf sama vald gegn barnsmóður, sje hún eigi málshöfðandi. Sje hún það, nægir að frávísa málinu, neiti hún að koma í rjettinn eða svara.

Með því að málsatvik eru hjer ósjaldan viðkvæm, þykir rjett að girða fyrir áheyrn óviðriðinna, nema bæði samþykki venjulega málsmeðferð. Samkvæmt 25. gr. S. l. má sækja aðilja í rjettinn. Og samkvæmt 23. gr. getur dómarinn, eftir ósk aðilja, ákveðið rjettarhald fyrir lokuðum dyrum.

Um 13.—16. gr.

Að núgildum lögum (N.-L. 6. 13. 5.) verða, eða hafa, úrslit barnsfaðernismála oftast orðið á þá leið, að karlmanninum er stýlaður eiður um, að hann skuli álítast faðir barnsins eða gefa með því, nema hann synji fyrir það með eiði, að hann hafi haft samferir við konuna á þeim tíma, að hann geti verið faðir barnsins. Vinni hann eiðinn, verður hann laus allra mála af konunni og barninu.

Það liggur í augum upp, að þetta er oft ólíkleg leið, til þess að komast fyrir sannleikann. Fyrst og fremst er eiður aðilja, sem alt af hefir hag eða óhag af úrslitum eiðsins, mjög óábyggilegt sönnunargagn, ekki síst synjunareiður, hvort heldur hann er leyfður gegn líkum gagnaðilja, svo sem venjulegt er, eða hann er skoðaður sem lögmæltur því nær hvernig sem á stendur, svo sem að minsta kosti sumum dómurum mun hafa orðið að skoða eið samkvæmt 6. 13. 15.

Nú er að vísu ómögulegt að losna alveg við aðildareið í barnsfaðernismálum. Því veldur eðli atvikanna. En takmarka virðist eiga hann sem mest, eigi síður þar en annarsstaðar. Sannist, að karlmaður hafi haft samfarir við konu á barngæfum tíma, og sje eigi ástæða til að ætla, að aðrir hafi átt samfarir við hana um líkt leyti, virðist brotalaust eiga að dæma manninn föður barnsins. Því er farið fram í

14. gr.

enda er svo um mælt í 13. gr. N. l. og 26. gr. S. l.

Þeirri aðferð verður aftur á móti eigi beitt, er fleiri karlmenn hafa haft samfarir við konuna á barngæfum tíma, nje heldur, er ósannað þykir, að einkastefndur hafi átt samfarir við hana. Í fyrra fallinu er að vísu víst — hafi fleirum

en orðaðir voru, eigi verið til að dreifa — að einhver þeirra einn á barnið, en það getur staðið svo á, að fleiri sjeu jafnliklegir til þess. Og í seinna fallinu er undirstöðuatriðið óvíst. Í hvorugu fallinu verður komist af án eiðs, en í hvorugu má einskorða eiðinn við konuna eða karlmanninn heldur virðist eiga að stýla þeim eiðinn, sem líklegri á málsstaðinn og trúverðari þykir. Það er gjört í

15. gr.

enda svipað um mælt í 27. gr. S. l. Sama verður að gilda er fleiri hafa verið í þingum við konuna og ná á meðlagi af þeim öllum eða nokkrum þeirra.

En auk þessa verður að breyta eiðstafnum gagngjört. Það má ekki láta eiðvinnanda einan um það, að útleggja með sjálfum sjer, hvað felst í því, að hann hafi (eigi) átt samfarir við gagnaðilja á »þeim tíma«, að hann (hinn) »geti verið faðir« barnsins. Hvorugur aðili veit sennilega að jafnaði, hve langur eða skammur sá tími er, enda viðbúið, að sá stýlsmáti hafi valdið eigi fáum yfirskotseiðum, jafnmikið og liggur við borð í slíkum málum.

Af líkum ástæðam verður að stýla eiðinn svo, að eiðvinnandi (karlmaðurinn) geti eigi skotið sér undir það, að annar karlmaður sje jafnlíklegur eða jafnvel enn líklegri til að geta verið faðir barnsins.

Það verður þess vegna fyrst og fremst að einskorða tímabil það, sem eiðurinn tekur til, hafa það svo rúmt, miðað við ástand barnsins, þegar það fæðist, að girt sje fyrir undanbrögð og yfirskot, svo sem kostur er á. Tíminn verður að fara eftir því, hvort barnið var fullburða eða ekki. Það heyrir undir læknavísindin að ákveða meðgöngutíma lifandi fædds barns. Í Svíaríki hafa dómstólarnir talið hann frá 316—196. eða jafnvel til 180. dags fyrir fæðinguna, en þó venjulega frá 300 til 200, enda hefir sá tími stuðning »Karolinska Institutets«. Í öðru lagi verður eiðurinn einvörðungu að snúast um það, hvort hlutaðeigendur hafi átt samfarir á nefndu tímabili, eftir atvikum með þeirri viðbót, er konu er gjört að sverja faðerni á karlmann, að hún hafi eigi haft samfarir við annan karlmann á nefndum tíma. Vitanlega er lítt kleift að komast alveg hjá yfirskotum, þegar af þeirri ástæðu, að einn kann að leggja annan skilning í »samfarir« en almenningur, eða að minsta kosti kalla þær samfarir óbarngæfar, sem aðrir mundu telja barngæfar. En hjá slíku verður naumast komist.

Eftir 16. gr.

á samfaratímabilið að vera einskorðað eftir því sem að ofan segir, og eiðvinnandi staðfestir annaðhvort framburð sinn um samfarir á margnefndum tíma (konan) eða neitar samförunum (karlmaðurinn). Hjer er eiðurinn bundinn við 2 staðreyndir og annað ekki. Alt mat útilokað. Svipað er um mælt í 27. gr. S. l.

Um 17. gr.

Hún er samkvæm gildandi ákvæðum, sbr. 3. og 14. gr. fátækralaganna. Sje barnið eigi á fóstri með móður sinni, en móðir þó aflögufær, mundi henni verða gjört að gefa með barninu, og þá fara um ákvörðun meðlags og innheimtu á sama hátt sem nú, sem sje sem um meðlag skilfengins foreldris með skilgetnu barni. Því er eigi ástæða til að gjöra hjer tillögur um meðlag barnsmóður.

Um 18. gr.

Fyrri málsgreinin fer eigi með nýmæli, nema hvað meðlagsskylda föður getur einnig tekið til ófædds barns. Er það eðlileg afleiðing af 6. gr. og fram undir óhjákvæmileg, til þess að bæta í búi fyrir barnsmóður á þeim tíma, sem er hvortveggja í senn, einna erfiðastur fyrir hana og afleiðingaríkur fyrir barnið.

Önnur málsgrein er aftur á móti að miklu leyti nýmæli. Fyrst það, að framfærsla og uppeldi barnsins skal hagað eftir högum þess foreldris, sem betur er statt, ef barnið er feðrað. Lengra þykir eigi fært að fara. Að vísu væri best borgið aðaltilgangi frumvarpsins, þeim að bæta sem best kjör barnsins, bæði vegna þess sjálfs og óbeinlínis vegna almennings, með því að leggja sömu skyldu á meðlagsskyldan, sem á föður barnsins. En hjer verður, sem annarstaðar, og að líta á afstöðu þess, sem skylduna á að bera. Og aðstaða þess manns, sem talinn er faðir barns, er önnur en manns, sem að vísu er látinn gefa með barni, af því að hann er talinn *geta* verið faðir þess, en óvíst er um hvort sje það. Standi svo á er eðlilegast, að fari um barnið eftir högum móður. Ólíkt meiri ástæða til að heimta meira af föðurnum en hinum. Því er hjer, sem annarsstaðar í frumvarpinu í svipuðu sambandi, greint milli barnsföður og meðlagsskylds. Og er það annað nýmælið. Hingað til enginn greinarmunur gjörður á skyldum meðlagsskylds gagnvart barninu eftir því, hvort telja megi hann föður þess eða eigi.

Þriðja nýmælið, að minsta kosti í orði kveðnu, er það, að í hvorugu fallinu megi þó framfærsla eða uppeldi barnsins vera lakara en alment gjörist, og er það væntanlega svo eðlilegt, að eigi þarf um það að fjölyrða. Greinin er svipuð 2. gr. N. I.

Um 19. gr.

1. og 2. málsgrein er, að því er meðlag með barninu snertir, samræm núgildandi lögum. Það er að vísu eigi nýmæli, að meðlagsskyldur skuli greiða barnsmóður barnsfararkostnað. En eins og síðar verður vikið að, sbr. 29. og 30. gr., er skylda hans gagnvart barnsmóður mjög aukin.

3. og 4. málsgrein er aftur á móti nýmæli, sniðin eftir þar að lútandi ákvæðum í 14. gr. D. I. Þriðja málsgrein tryggir betur rjett barns (og barnsmóður), enda eigi of nærgöngul greiðendunum, sem hver í sinu lagi getur verið faðir barnsins, þó eigi hafi verið fært að dæma neinn einstakan það. Fjórða málsgrein er sanngjörn afleiðing 3. mgr.

Um 20. gr.

Það virðist eigi að eins óísjárvert, að heimila aðiljum að semja, jafnvel fyrir fæðingu barns, um meðlag af hendi föður (meðlagsskylds) með barninu, heldur getur sú heimild komið bæði barninu og móður þess að miklum notum, eigi síst ef samningar takast fyrir fæðing barnsins. Konan á þá venjulegast bágast. Er auðsætt að slíkur samningur mundi oft flýta fyrir greiðslu meðlags. Hins vegar verður að búa svo um samningsgjörðina, að eigi sje líklegt, að misjafnir menn geti notfært sjer erfiðar ástæður móðurinnar. Og það þykir gjört með ákvæðunum í niðurlagi 1. málsgreinar og í 2. málsgrein. Þriðja málsgrein er svo eðlileg, að um hana þarf eigi að orðlengja, enda likt um mælt um eigi ó-

svipaða greiðslu í 8. gr. fátækralaganna. Svipuð ákvæði og hjer er stungið upp á, gilda eftir 1. gr. D. l. og 9. gr. S. l.

Um 21. gr.

1. og 3. málsgrein eru samræmar núgildum ákvæðum, 7. gr. fátækralaganna.

2. málsgreinin er aftur á móti nýmæli, sniðin eftir þar að lútandi reglum í 2. gr. D. l. Er hún svo eðlileg, að um rjettmæti hennar þarf naumast orðum að eyða. Hitt mætti frekar orða, hvort þörf væri sjerstaks ákvæðis í þá átt, með því að 302. gr. refsilaganna kynni að sýnast taka til bjerumrædds atviks. Refsilagagreinin mundi og stundum hjálpa, að minsta kosti nokkuð. En hún er ekki einhlít. Fyrst og fremst mundi henni tæplega verða beitt, nema maðurinn hefði verið dæmdur til refsingar fyrir tilræðið. Og í annan stað er það vafasamt, hvort meðlag yrði talið til »skaðabóta«. Þegar af þeirri ástæðu, að önnur eru innri (subjektiv) skilyrði fyrir bótaskyldu en refsingu, ætti eigi að þurfa refsidóm, heldur ætti sönnun fyrir tilræðinu að nægja til þess, að gera mætti kröfu til fjárgreiðslu út af tilræðinu og þá eftir atvikum dæma til fjárútláta (meðlagsgreiðslu m. m.). Hins vegar verður tilræðið að vera ábyggilega sannað. Til þess nægja rjettarpróf, en tæplega heldur minna.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli, sniðin eftir svipuðu ákvæði í 1. gr. D. l. Greinin tekur að eins til sjúkdóms eða dauða á ómagaaldri barnsins. Og gerir engan greinarmun eftir því, hvort karlmaðurinn er faðir barnsins eða að eins meðlagsskyldur. Það er nær að láta þá taka afleiðingunum af gerðum sínum, heldur en óviðriðinn, sveitina, eða láta þær bitna á barninu. Vitanlega er móðirin og að sinu leyti skyld að taka þátt í kostnaðinum, sbr. orðið auka»styrk«.

Um 23. gr.

Að núgildum lögum, 14. sbr. 3. gr. fátækralaganna, eru skilfengin foreldri og óskilfengin móðir, sjeu þau aflögufær, skyld að halda börnum sínum frá sveit, þó að börnin sjeu komin af ómagaaldri, enda eru aflögufær börn skyld að gera þeim foreldrum sínum sömu skil. En engin ástæða virðist til að undanþiggja þann karlmann, sem telja má föður barnsins, þeirri eðlilegu skyldu gagnvart barninu, nje heldur barnið sams konar skyldu gagnvart honum. Einnig þar gildir það, sem sagt er að ofan, að föðurnum er nær, heldur en óviðriðnum, að taka þeim afleiðingum af verki sínu. Hins vegar virðist sams konar skylda eigi verða lögð á þann mann, sem að eins er meðlagsskyldur. Því er skyldan til framfærslu eldra barns en 16 ára einskorðuð við föður þess. Sams konar ákvæði eru í 6. gr. S. l.

Um 24. gr.

Að núgildum lögum greiðist úrskurðað meðlag eftir á. Það kemur sjer vitanlega oft illa fyrir móðurina og barnið. Því er lagt til, að meðlagið skuli greiðast fyrirfram, enda svo eftir öllum norrænum lögum (1. gr. D. l., 20. gr. N. l. og 8. gr. S. l.).

2. málsgrein er nýmæli að því leyti til, að þar um rædd heimild er eigi

beint orðuð í lögum, en hefir þó verið notuð og vafalaust með rjettu. Svipað ákvæði í norrænu lögunum.

3. málsgrein er eðlileg fylgja 6. gr.

Um 25. gr.

Hún er yfirleitt samhljóða 8. gr. fátækralaganna. Þó eru nokkur nýmæli í henni. Er þar fyrst niðurlag 1. málsgreinar um skyldu skiftaráðanda til þess að segja af sjálfsdáðum til meðlagsskuldar föður til óskilgetins barnsómaga. Og virðist eigi þurfa að rökstyðja hana nánar, þar sem hún getur komið að notum og er öllum útlátalaus, enda líkt ákvæði í 3. gr. D. I.

Samkvæmt fátækralagagreininni má eigi leggja út fje með öðrum óskilgetnum börnum látins föður, ef hann á ekkju á lífi, en þeim, sem fædd voru fyrir hjónabaud þeirra. Þetta var eigi neinn ásteitingarsteinn fyrir menn fyrir 15 árum. En álit manna um þetta, sem um margt annað, mun hafa breytst svo mikið, að margir munu nú telja ákvæði þetta eigi að eins úrelt, heldur jafnvel ósanngjarnt, sbr. inngang þessara athugasemda og athugasemd við 2. gr. Því er ákvæðið felt úr frumvarpsgreininni.

Þriðja nýmælið lýtur að skyldu ekkju, sem situr í óskiftu búi, til að halda áfram meðlagsgreiðslum. Eftir fátækralagagreininni er ekkjan því að eins skyld að halda greiðslunum áfram, að valdsmanni þyki það hæfa eftir efnum hennar og öðrum atvikum. En samkvæmt 4. málsgrein frumvarpsgreinarinnar heldur hún áfram greiðslunum, þangað til valdsmaður úrskurðar niðurfall þeirra. Og er það breyting barninu í hag. Auk þess á úrskurður valdsmanns að vera rökstuddur. Og beint tekið fram, að skjóta megi honum til stjórnarráðsins. Þykir þetta alt tryggja rjett barnsins nokkru betur en áður og eigi of nærgöngult öðrum.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða fyrri hluta 9. gr. fátækralaganna, að eins með 2 breytingum. Eftir fátækralagagreininni nær rjettur barnsmóður gagnvart dvalarsveit að eins til meðlags fyrir »hið síðasta ár«. Þetta stendur í sambandi við, að meðlag greiðist nú eftir á. En samkvæmt 24. frumvarpsgrein er ætlast til, að meðlagið greiðist fyrir fram. Er því »eitt ár« hjer látið koma í stað: »hið síðasta ár«. Annað hitt, að 5 ár þykir full-langur gildistími meðalmeðgjafa, eftir því hve verðbreytingar geta verið og eru oft hraðstigar sumstaðar. Því lagt til, að ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna um meðalmeðgjafir standi eigi nema 3 ár.

Annars er aðalbreytingin á fátækralagagreininni sú, að lagt er til að afnumið verði ákvæði 2. mgr. um að meðlagið skuli lenda á barnsmóður, sannist það, að barnsfaðir hafi verið dáinn eða farinn af landi burt, þá er meðlagið fjell í gjalddaga. Það verður varla talið sanngjarnt, að láta meðlag föður nokkru sinni lenda á barnsmóðurinni. Nær að láta það bitna á framfærslusveit hans, sem, hvort sem er, verður að taka við þrotnum manni og skylduliði hans, enda heyrir óskilgetið barn jafnvel nú í rauninni til »skylduliðs« föður, þótt svo sje eigi talið að lögum. Eftir frumvarpinu verður feðrað óskilgetið barn »skylduliið« föður sins. Og þó að mun kunni að mega gjöra á feðruðu og ófeðruðu barni í þessu efni, þykir söm sanngirniskrafa barnanna eiga að ráða. Því er enginn greinarmunur gerður og síðari hluti 2. mgr. fátækralagagreinarinnar allur feldur niður.

3. málsgrein, sem öll er um afstöðu framfærslusveitar, þykir fyrst og fremst

eigi eiga heima í lögum þessum, sem ræða um afstöðu foreldra og barna, svo fortakslaust sem kostur er á. Enda sennilega jafnvel óþörf í fátækralögunum sjálfum, og ráðagerðin um fyrningu sveitarskuldar jafnvel eigi rjett, sbr. niðurlag 1. gr. fyrningarlaganna nr. 14, 1905. Málsgreinin er þó eigi meðal upphaflinna ákvæða í 45. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Hún er að efni samræm 10. gr. fátækralaganna. Til orða gæti komið, að eigi að eins framfærsluskyldur, heldur sá, er annast framfærslu barns í raun og veru, þótt umfram skyldu væri, nyti sömu ívilnana og framfærsluskyldur framfærandi. Þó er eigi farið fram á það. Það er sitt hvað, að greiða fyrir þeim, sem skylda er lögð á, um framkvæmdir skyldu hans, eða veita óviðkomandi manni rjettindi, sem mætti misbrúka, í þessu falli bæði framfærsluskyldum og barninu í óhag.

Um 28. gr.

Fyrsta málsgreinin er að efni til samræm 12. gr. fátækralaganna.

Önnur málsgrein heimilar framfærsluskyldum, þótt annar sje en framfærslusveit, t. d. sjerstaklega barnsmóður, rjett, sem samkvæmt 60. gr. fátækralaganna er bundinn við framfærslusveitina, til að heimta tryggingu af meðlagsskyldum manni, sem hyggur á ferð af landi burt. Virðist það sanngjörn öryggisráðstöfun framfærsluskyldum og barninu til handa, og ekki ísjárverðari gagnvart barnsföður en nú er, þar sem skilyrði og úrskurðarvald eru óbreytt.

Þriðja málsgreinin er eðlileg afleiðing af 2. málsgrein, en tæpast nýmæli, nema í orði kveðnu. Svipað ákvæði er í 38. gr. N. l. og þykir rjett að taka það upp hjer, þótt eigi væri til annars en að minna framfærsluskyldan á leiðina.

Um 29.—30. gr.

Að núgildum lögum, 13. gr. fátækralaganna, er barnsföður að eins skylt að taka þátt í svokölluðum barnsfararkostnaði barnsmóður sinnar. Það var upphaflega varkárt byrjunarspor í rjetta átt. Sje litið á málið frá hálfu barnsmóðurinnar einnar, er sanngjarnast, að barnsfaðir taki þátt í öllum þeim kostnaði með barnsmóðurinni, er samfarir þeirra hafa valdið. Og á þessu herðir enn það, að næsti tíminn fyrir og eftir barnsburð skiftir mjög miklu máli fyrir barnið, sbr. það, sem tekið er fram í þessu efni í inngangínum að athugasemdunum.

Því er farið fram á lögleiðingu framfærslustyrks til handa barnsmóður fyrir og eftir barnsburð í 29. gr. og lækningar- og hjúkrunarstyrks í 30. gr.

Til orða gæti komið að gera nokkurn greinarmun á rjetti barnsmóður eftir því, hvort barn hefði verið feðrað eða þó að eins einum gerð meðgjöf með því eða fleiri hefðu verið dæmdir meðlagsskyldir. En þar sem hjerumrædd framlög eru eigi síður í þágu barnsins en móður þess, var horfið frá þeirri hugsun.

Eigi þykir heldur rjett að gera hjer neinn greinarmun á skyldu mannsins, eftir því hvort hann er talinn faðir barnsins eða að eins meðlagsskyldur.

Sjeu fleiri meðlagsskyldir en einn, bera þeir ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Lík framlög og hjer er farið fram á eru lögmælt í öllum norrænu lögunum. Annars athugast um hvora greinina fyrir sig nánar þetta:

Um 29. gr.

Þátttaka barnsföður í barnsfararkostnaði er söm og áður.

Eftir 2. gr. D. l. tekur framfærsluskylda barnsföður (meðlagsskylds) gagnvart barnsmóður til eins mánaðar fyrir og eins mánaðar eftir barnsburð. Eftir 21. gr. N. l. er barnsföður skylt að greiða móðurinni framfærslustyrk 3 næstu mánuðina fyrir fæðing barnsins, eftir 5. gr. S. l. í 6 vikur fyrir og 6 vikur eftir barnsburð, og er dæmi þeirra laga fylgt hjer.

Önnur málsgrein svarar til 2. mgr. 21. gr. og vísast um hana þangað.

Þriðja málsgrein er eðlileg fylgja 6. gr. og afleiðing af hugsun þeirri, er liggur til grundvallar fyrir 29. gr. og endurbótunum á hag barnsmóður yfirleitt.

Framfærslustyrkinn verður eðlilega að ákveða eftir högum beggja. Og jafneðlilegt, að hann sje gjaldkræfur, þegar er hann er úrskurðaður. Samkvæmt 20. gr. er fyrir fram gjörður samningur um barnsfúlgu lögmætur. En hjer ógildur. Muninum veldur, að hjerumræddur samningur mundi oft gjörður á ofanverðum meðgöngutímanum, að jafnaði erfiðasta tíma konunnar, og sjerstaklega það, að konum mun sennilega eigi alment ljóst, hve næsti tíminn fyrir og eftir barnsburð skiftir miklu máli fyrir fóstrið og barnið. Mundi mörg þunguð kona því verða skeytingarlausari um þennan samning, heldur en um meðlag með barninu. Til að flýta fyrir er ákveðið, að valdsmaður þar er konan dvelur, en eigi valdsmaður á dvalarstað barnsföður, skuli úrskurða framlagið. Er hann að vísu að jafnaði ókunnari högum mannsins, en aftur kunnari högum hennar.

Fimta málsgrein er eðlileg afleiðing tilgangs greinarinnar, enda í samræmi við samsvarandi reglur um innheimtu barnsmeðlags.

Um 30. gr.

Hún byggist á líkri hugsun og næsta grein á undan: barnsfaðirinn, hjer sem þar, að öðrum þræði valdur að erfiðleikum konunnar, sjúkdómi og atvinnuspjöllum, og því þegar af þeirri ástæðu sanngjarnt að hann leggi fram fje til styrktar henni, enda að jafnaði mikilsvert fyrir líðan barnsins, að vel fari um móðurina. Styrkurinn fer eftir högum beggja, en eigi þykir fært að áskilja hann um lengri tíma en 6 mánuði, talið frá fæðing barnsins, enda þó að hámark framfærslutímans sje sumstaðar áskilið hærra eftir 5. gr. S. l. hæst 13 mánuðir, 4 mánuðir fyrir barnsburð og 9 mánuðir eftir.

Um 31. gr.

Barnsmóður er heimilað að leita dvalarsveitar sinnar til þess að flýta fyrir hjálp í brýnni nauðsyn. Er því þegar af þeirri ástæðu eðlilegt, að einhver takmörk sje sett fyrir því. að hún eigi heimtingu á framlögum þaðan. Hjer er 6 mánaðafresturinn, talinn frá því hún verður heil eftir barnsburðinn, valinn. Má sennilega að jafnaði lita svo á, sem lengri dráttur en 6 mánaða á því að leita dvalarsveitar, lýsi því að brýn nauðsyn barnsmóður hafi eigi verið fyrir hendi.

Um 32. gr.

Fyrsta málsgrein er að efni til samræm þar að lútandi ákvæði í 15. gr. fátækralaganna.

Giftist móðir óskilgetins barns barnsföður sínum, verður barnið skilgetið

að lögum, Giftist hún aftur á móti öðrum karlmanni, heldur barnið áfram að vera óskilgetið, en fylgi barnið móður sinni, kemst það undir sameiginleg forráð hjónanna meðan hjónabandið stendur og eftir hennar dag undir einkaforráð stjúpans, sbr. 1. mgr. 3. gr. lögræðislaganna 1917 og 4. gr. fátækralaganna. Við þessum ákvæðum er eigi haggað að öðru leyti en því, að ætlast er til, að forráð stjúpa viki fyrir óskilfengnum föður, er skilgjörir barnið.

Um 33. gr.

Að núgildum lögum, 11. gr. fátækralaganna, er litið svo á, að óskilfengin faðir eigi eigi heimtingu á að fá umráð barnsins meðan móðir þess lifir og hennar nýtur, nje heldur eftir það, nema því að eins, að hann ættleiði barnið og þá þó því að eins, að kallað sje eftir meðlagi með barninu frá honum. Að þessu sleptu getur hann fengið umráð barnsins með leyfi valdsmanns, en í því falli er eigi um sjálfstæðan rjett að ræða.

Eðlilegast mætti virðast, að maður, sem skilgjörir óskilgetið barn sitt eða þinglýsir því sem sínu barni, ætti heimtingu á að fá umráð barnsins að móðirinni þrotinni af einhverjum ástæðum. Þó getur farið svo vel um barnið, þar sem það elst upp, að varhugavert væri að rifa það upp þaðan. Sjerstaklega gæti verið ísjárvert að taka barnið frá náskyldum móðurfrændum og fá það þinglýstum föður, samkvæmt 39. gr., því að þar kæmist ekkert eftirlit af hendi almannavaldsins að.

Aftur á móti þarf bæði samþykki móður eða lögráðamanns til skilgjörðar ósjálfráðu barni eftir 38. gr. og leyfi almannavalds og má því koma eftirliti við í því falli, enda mundi tilgangurinn með skilgjörðinni að jafnaði sá, að fá fullkomin foreldraráð yfir barninu. Því er stjórnarráðinu að eins ætlað undanþáguvald, er þinglýsing hefir farið fram eftir 39. gr. og þó því að eins, að eigi sje sje kallað eftir meðlagi með barninu af hendi barnsföður. Njóti hvorki móður, stjúpa nje skilgjörðarmanns, ræður skipaður lögráðamaður ósjálfráðu, óskilgetnu barni.

Að öðru leyti er sú breyting gjörð á 11. gr. fátækralaganna, að valdsmaður á með ráði prests og læknis að dæma um uppeldishæfileika óskilfenginnar móður, í stað þess að valdsmaður og prestur eiga einir dóm um það nú. Þykir rjettara að hafa úrskurðarvaldið hjá valdsmanni einum, en áskilja aftur tillögur beggja þeirra manna, sem að jafnaði munu færastir til að leggja á sæmileg ráð um andlega og líkamlega líðan barnsins. Vitanlega getur valdsmaður, hvort sem barnið er skilgjört eða eigi, komið því fyrir hjá barnsföður samkvæmt 34. gr.

Um 34. gr.

Í Danmörku hafa svokölluð »Værgeraad« umsjá með börnum, sem komið er í fóstur, bæði skilgetnum og óskilgetnum. Í Svíþjóð hefir svo kölluð barngæslunefnd (»barnavårdsnämnden«) eftirlitið á hendi, auk þess sem hún setur hverju óskilgetnu barni sjerstakan eftirlitsmann (»barnavårdsman«). Í Noregi hefir svokallaður meðlagsfógeti (bidragsfoget«) starfið á hendi, og er það til sveita »lensmanden«, en í kaupstöðum »namsmanden«.

Hjer á landi virðist einnig sjerstakt eftirlit æskilegt. Og er þá tæplega í annað líklegra hús að venda en til fræðslu- og skólanefnda. Að vísu getur sjer-

staklega skólanefndina í Reykjavík stundum brostið nægan kunnugleika, en hún gæti þá notið aðstoðar fátækrafulltrúanna eða annara nákunnugra manna.

Um 35. gr.

Hún er samræm gildandi lögum að öðru leyti en því, að faðernisdómur, eiðfall barnsföður og eiður barnsmóður er látið jafngilda faðernisjátningu, sem ein er nefnd í 4. gr. laga um mannanöfn nr. 41, 1913.

Um 36. gr.

Að núgildum lögum, D. L. 5. 2. 72—73 og N. L. 5. 2. 73—74, erfir óskilgetið barn móður og móðurfrændur og hún eða þeir aftur það, svo sem barnið hefði verið skilgetið, nema það sje hórbarn, þá erfir það hvorki móður nje móðurfrændur, og hún eða þeir eigi heldur það, D. L. 5. 2. 71, N. L. 5. 2. 72.

Aftur á móti erfir óskilgetið barn aldrei föður nje föðurfrændur nje þeir það, nema sjerstaklega standi á. Hafi faðir ættleitt (adopterað) barnið, erfir það föður sinn, sem hvert annað kjörbarn. Hafi hann lýst það barn sitt á þingi (»kuldlyst«), erfir það að jafnaði föður og föðurfrændur samkvæmt D. L. 5. 2. 70 (N. L. 5. 2. 71), þó eigi nema til hálfs við skilgetið barn, sje skilgetið barn til. Sje óskilgetið barn arfborið eftir föður og föðurfrændur, erfa þeir barnið, og þá ávalt sem skilgetið væri. Loks getur barn erft föður sinn samkvæmt 9. gr. erfðatilsk. 25. sept. 1850, en talið er, að það erfi eigi föðurfrændur og hvorki faðir nje föðurfrændur það. Hórbarn föður erfir hvorki hann nje föðurfrændur, og þeir eigi það.

Það er hvorttveggja, að reglur þessar, sem aðaldrættirnir eru þó að eins sagðir af hjer, eru allmargbrotnar, en þær eru ank þess ósanngjarnar. Sje óvilhöllum augum litið á málið, þá er eigi meiri ástæða til að neita óskilgetnu barni um arf eftir föður og föðurfrændur og þeim eftir það, sje faðernið á annað borð talið víst, heldur en eftir móður og móðurfrændur og þeim eftir barnið. Að núgildum lögum er faðernið talið víst, þegar maður sá, er óskilfengin móðir kennir barn sitt, gengst við því. Og eftir frumvarpinu er það enn fremur talið víst, þegar faðernisdómur gengur yfir manninn, þegar honum verður eiðfall, konan sver það upp á hann, eða barnið er getið í sambúð og sambúðin helst óslitin frá 6 vikum fyrir getnað barnsins og þangað til 3 árum eftir fæðing þess, svo og samkvæmt 39. gr.

Ekki verður þessari niðurstöðu heldur hnekt með tilvísun til helgi hjónabandsins. Fyrst og fremst er rangsleitni við einn aldrei rjettmætt nje áferðarfallegt varnarvopn fyrir aðra, og sist í höndum löggjafans. Í annan stað hefir barneign utan hjónabands staðið í miklum blóma, eigi síst hjer á landi, þrátt fyrir margra alda »helgi« hjónabandsins. Og í þriðja lagi dregst kenning þessi með annan fótinn mölbrotinn, þar sem óskilgetin börn hafa skilgetinna barna rjett og þar með erfðarjett eftir móður og móðurfrændur og þau eftir það.

Hjer við bætist, að hagur slíkra barna mundi ósjaldan batna að miklum mun, væru þau jafnarfgeng eftir föður og föðurfrændur sem eftir móður og móðurfrændur. Og með bættum hag þeirra, mundu bataáhrifin stundum ganga í ættir fram.

Að vísu eru óskilgetin börn víðast óarfgeng eftir föður og föðurfrændur og þeir eftir þau. Svo er það í Danmörku. Þar gilda yfirleitt sömu reglur og hjer. Í Svíþjóð gildir sama um önnur óskilgetin börn en svokölluð »trolovningsbarn«. Það tekur arf eftir föður sinn og faðir eftir það, en eigi frekar. Þetta ætti þó eigi að fæla oss frá að játa feðruðum börnum erfðarjett eftir föður og föðurfrændur og þeim eftir það og það því síður sem slíkt væri eigi eins dæmi. Því að í Noregi eru óskilgetin börn jafnarfgeng í föðurætt sem móðurætt og báðar ættir jafnarfgengar eftir það, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 4. frá 10. april 1915. Þó gildir það nýmæli aðeins um börn, sem fædd eru eftir þar til tekinn tíma (1. jan. 1917). Hjer er gjörð tillaga um líkt skipulag og að norsku lögunum, sbr. athugasemd um 44. gr.

Um 37.—39. gr.

Að núgildum lögum er skilgjörð, svo kalla jeg »legitimatio«, talin geta farið fram hjer á landi með þrennu móti, þ. e. samkvæmt D. L. 5. 2. 70 (N. L. 5. 2. 71).

Það veltur á 13. gr. stj.skr. 1874, hvort skilgjörð getur farið fram með kgl. leyfisbrjefi, og er mjer ókunnugt um, hvort slíkt leyfisbrjef hefir verið gefið út.

En hvað sem því líður, verður þinglýsing samkvæmt D. L. 5. 2. 70 tæplega nefnd skilgjörð, síst fullkomin. Barnið erfir t. d. oftast nær eigi föður sinn sem skilgetið barn.

Hvorutveggja, bæði leyfisbrjefi og þinglýsing, virðist eiga að halda, þó að hvorugt skifti jafnmiklu máli og áður, verði feðruðum börnum játað erfðarjetti eftir föðurfrændur og þeim eftir það, enda bót bæði að 38. og 39. gr. frá því sem nú er, sbr. nánar athugasemdirnar um þær greinar.

Um 37. gr.

Hún er að efni samræm núgildum ákvæðum, D. og N. L. 5. 2. 32 og þarf því eigi frekari skýringar.

Um 38. gr.

Það verður að vísu að vera óhjákvæmileg skilyrði fyrir allri skilgjörð, að telja megi skilgjörðarmann sannan föður barnsins. Nú getur staðið svo á, að barnið hafi eigi verið eða orðið feðrað á lögmæltan hátt og þó sje jafnvíst eða því sem næst jafnvíst um faðerni þess og feðraðs barns. Í því falli er ætlast til að barnið verði skilgjört samkvæmt greininni. Og orðum þó jafnframt hagað svo, að skilgjöra á líka að mega feðrað barn, enda getur það skift föðurinn og barnið nokkru, því að þinglýstur faðir samkvæmt 39. gr. á eigi fortakslausan rjett til að ráða verustað barnsins eftir móðurina þrotna, sbr. 33. gr.

Samþykki lögráðamanns ósjálfráðs barns og ella barnsins sjálfs er eðlilegt skilyrði skilgjörðar, enda mundi slíkt samþykki sennilega verða heimtað nú til skilgjörðar eftir leyfisbrjefi. Afstaða barnsins, eigi aðeins gagnvart ríki heldur og gagnvart sveit og sókn, mundi ósjaldan breytast við skilgjörðina.

Um 39. gr.

Greininni er nánast ætlað að taka til ófeðraðra barna, að heimila manni, er móðir óskilgetins barns hefir kent barn, en hann eigi orðið eða verið talinn

faðir þess, að útvega því rjett feðraðra, óskilgetinna barna, meðal annars erfðarjett eftir sig og föðurfrændur, þá er hann kynni að finna hjá sjer hvöt til þess að kannast við faðernið. Orðalag greinarinnar á þó eigi að girða fyrir, að lögmæltur faðir óskilgetins barns geti notfært sjer greinina, enda gæti það orðið bæði honum og barninu til góðs, með því að þinglýstur faðir hefir samkvæmt 33. gr. rjett til að fá forráð barnsins, að móðurinni þrotinni, þótt eigi sje rjettur sá fortakslaus, en óþinglýstur faðir hefir eigi rjett til þess.

Greinin stofnar eigi til skilgjörðar á barninu, en heimilar þó mikilsverð rjettindi því til handa, er það mundi eigi njóta ella.

Um 40. gr.

Greinin fer eigi með nýmæli að því, er snertir skilgjörð eftir 37. gr., og sennilega heldur eigi að því, er skilgjörð eftir leyfisbrjefi snertir, hafi slik skilagjörð átt sjer stað.

Um 41.—43. gr.

Greinar þessar eru samræmar flestra annara landa svokölluðum internationölum reglum um sams konar efni, enda sniðnar eftir 20.—22. gr. lögleiðingalaga hinnar miklu þýsku borgaralegu lögbókar frá 18. ágúst 1896.

Eins og »sinn er siður í landi hverju« eins ganga að sínu leyti ólik lög í löndunum um ýms atriði, er koma eða geta komið við hagsmuni þegna fleiri en eins ríkis, 16 ára gamlir unglingar eru t. d. sjálfráðir eftir íslenskum lögum og 21 árs menn fjárráðir, en að dönskum lögum verða menn yfirleitt eigi sjálfráðir fyr en 18 ára og eigi fjárráðir fyr en 25 ára. Nú skiftir það auðvituð miklu máli fyrir t. d. íslenskan mann, sem samið hefði við danskan mann milli 16 og 18 ára eða 21 og 25 ára, hvort samningsskylda gagnaðilja hans skyldi dæmast að íslenskum eða dönskum lögum. Í fyrra fallinu yrði Daninn sýknaður en dæmdur í hinu síðara. Löggjafi hvers lands ræður því sjálfur, eftir hvers lands lögum skuli fara, er svo stendur á. Og meinið er að löndin hafa þar oft fylgt misjöfnum meginskoðunum og þó aðallega tveimur. Sum fylgja aðallega svokölluðu heimalandslögmáli (Domicilprincip), en önnur ríkisfestilögmáli (Nationalprincip), eftir því hvort áherslan er lögð á heimilisfang aðilja eða ríkisfesti, sem sumstaðar skiftir að vísu minna máli, sem sje þar sem ríkisfesti fer að meira eða minna leyti eftir heimilisfesti um lengri eða skemri tíma. Heimilisfangskenningin er eldri og gætir meira að vorum lögum En ríkisfestikenningunni hefir aukist fylgi á síðari árum, sjerstaklega eftir að Haagfundirnir hafa hneigst að henni í ýmsum efnum. Er því hallast að henni hjer, enda æskilegt að löggjöf ríkja í þessu efni sje sem samræmust.

Um 41. gr.

þarf væntanlega eigi sjerstaklega að orðlengja. Hún er samræm núgildum lögum, sjá auglýsing 11. mai 1898, sbr. 9. gr. laga 19. mars s. á., um að öðlast og missa rjett innborinna manna, og auglýsing 10. april 1908, sbr. 2. gr. laga 23. mars s. á. »Ríkisfesti« er myndað eftir sveitfesti og á að merkja sama og fæðingjarjettur, sem virðist helst til þröngt heiti um hugtakið, sem í því á að liggja, og lýsingarorðið ríkisfastur, sennilega betra en »innborinn« eða innfæddur, þá sjálfgefið.

Um 42. gr.

Um skyldu barnsföður verður annaðhvort að fara eftir landslögum hans eða barnsmóður hans. Af eðlilegum ástæðum er síðari kosturinn tekinn, enda svo að annara landa lögum.

Um 43. gr.

nægir væntanlega að geta þess, að með því að skilgjörð óskilgetins barns gjörir barnið að löglegum lið í ætt föður, þá verður skilgjörðin yfirleitt að fara að landslögum barnsföður. Sje barnið ríkisfast annarstaðar en barnsfaðirinn, þá er skilgjörðin fer fram, þá breytist ríkisfesti barnsins. Er því áskilið samþykki lögráðamanns, sje barnið ósjálfrátt, og ella barnsins sjálfs, er skilgjörðarmaður er útlendur, en barnið ríkisfast hjer.

Um 44. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein munu samræmar almennum reglum. Þriðja málsgreinin, um drátt á gildistöku erfðanýmæla 36. gr., er svo löguð, sem hjer greinir, af tilhliðrunarsemi við maka barnsföður og skilgetin börn hans gagnvart óskilgetnum börnum hans, getnum fyrir gildistökudag laganna, enda tefjast nýmælin eigi að marki við þá bið. Síðari getnaður óskilgetinna barna af hálfu föður verður fortakslaust að bitna á konu hans og skilgetnum börnum, sem aðrar gerðir hans.

Um 45. gr.

D. og N. L. 5. 2. 32 er eigi úr lögum numin hjer, af því að hún nær lengra en 37. gr. frumvarpsins. Niðurfelling hennar biður væntanlegs frumvarps um afstöðu foreldra og skilgetinna barna.

Um 46. gr.

Hún þarf eigi skýringar við, um fram það, sem getið er um 44. gr.

25. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að sá, er brotlegur verður gegn samþyktinni, skuli,

auk sekta, greiða í viðkomandi bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra, eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er fram komið eftir beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur, og sem ástæða fyrir hinni æsktu breytingu er í brjefi borgarstjóra, dags. 25. mars þ. á., komist svo að orði:

»Bæjarstjórnin lítur svo á, að stórkostlegt verðfall peninga síðan 1890, er lögin um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina voru gefin, orsaki það að sektahámark, sem þá var ákveðið, sje nú eigi lengur hæfilegt, og í annan stað óskar hún að fyrir það sje girt, að hagnaður við að brjóta ákvæði lögreglusamþyktar geti jafnvel orðið meiri, en sem munar sektinni fyrir brotið«.

Þaðan fallast verður á að sektarhámarkið sje í gildandi lögum of lágt, og að brot geti verið þannig vaxið, að sektahámarkið, þótt 1000 kr. nemi, sje ekki nægilegt til að afstýra freistingu til brota, þótti rjett að verða við tilmælum bæjarstjórnarinnar um að leggja frumvarpið fyrir þingið að efni til eins og hún hafði farið fram á, með þeirri breytingu að eigi þykir ástæða til að láta bætur auk sekta nema meiru en einföldum hagnaði, í stað tvöfalds, sem bæjarstjórnin ætlaðist til.

Um leið þótti rjett að fella niður 2. málslið 1. málsgreinar 5. gr., um refsingu barna, þar sem það ákvæði var ópraktiskt orðið eftir að lög nr. 39, frá 16. nóvbr. 1907 komu í gildi.

26. Frumvarp

til laga um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur almennt.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann

greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, ¼ af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja hans embætti sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal, auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó ekki má fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikið í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr landssjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flyzt embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gjört er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á, að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er

lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. Engu síður skal hann greiða lögmælt gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna, ef stofnaður verður. Ef eftirlaun þau, er embættismaður þessi nýtur, er til kemur að ákveða þau, nema ekki svo miklu, sem hann ætti að fá eftir ákvæðum áminsts tryggingarsjóðs, svo framarlega sem hann hefði lagt í hann frá byrjun embættisferils síns, þá skal honum greidd svo mikil viðbót úr sjóðnum, að eftirlaunin með viðbótinni nemi jafnmiklu, sem greiðast ætti eftir reglum sjóðsins. Þó má viðbót sú, er greidd er úr sjóðnum, eigi vera meiri en samsvarar iðgjöldum þeim, er hann hefir greitt til sjóðsins. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fyrst fengu veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

II. Launaákvæði.

9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður á hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4000 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^{1}/_{5}$ ‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 500 kr. um árið.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

10. gr.

Háyfirdómarinn í landsyfirrjettinum hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3 og 6 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Yfirdómarar í sama rjetti hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu, sem einnig eru bæjarfógetar í viðkomandi kaupstöðum, og sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dala- og Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. á ári upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu og Barðastrandarsýslu, hafa að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4800 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til landssjóðs.

Lögreglustjórinn á Siglufirði tekur laun samkvæmt lögum nr. 30, 22. nóv. 1918.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr. Ennfremur hefir landlæknir 1000 kr. í ritfje.

Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, sem einnig er læknir og forstöðumaður holdsveikrahælisins, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

Allir aðrir hjeraðslæknar hafa að árslaunum 1800 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er ráðherra semur, með ráði landlæknis.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjertaldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn meðan sú skipun helst um forstöðu holdsveikrahælisins sem nú er.

14. gr.

Dýralæknar hafa að árslaunum 1800 kr.

15. gr.

Póstmeistari hefir að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Aðstoðarpóstmeistari í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka eftir 3, 6, 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúar í Reykjavík og póstafgreiðslumenn á Ísafirði og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík og á Seyðisfirði hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

16. gr.

Landsimastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Simaverkfræðingur og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsimaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr.

Simaritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

2. flokks simritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 3 ár um 200 kr., upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna, og við langlínumiðstöðvar, kvensimritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og 2. flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og 3. flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímameyjar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 100 kr. upp í 1300 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri og vitamálastjóri hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingur vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr. og vitavörðurinn á Dalatanga 600 kr., og á Garðskaga alt auk hlunninda þeirra er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum fimm ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjögra ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., en launin hækka á hverjum 4 árum um 500 kr. upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300

kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Yfirkennarar skólans eru tveir og hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Aðrir kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjögra ára fresti um 250 kr. upp í 4000 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 23.—25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti eitt ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðsi, ljóss og hita.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þenna hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjögra ára fresti um 400 kr. upp í 6000 kr.

Skjalavörður og bókavörður hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

Aðstoðarbókaverðir hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

Þangað til landsbókavarðarembættið og þjóðskjalavarðarembættið verða sameinuð, fær hvor þessara embættismanna 4500 kr. árslaun.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins fyrst um sinn meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni, launauppbót miðað við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (höggvinn melis). Verðið skal tilfært eins. og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum sömu vörum í Reykjavík næsta haust á undan stríðinu. Skal hækka það um 25% og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með visitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjar visitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjar visitöluna, er visitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi, visitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og visitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af visitöl-

unum þannig breyttum er síðan deilt með 5 og kemur þá út allsherjar visitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á sama hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{3}/_{4}$ launanna, — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjar visitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Launauppbót presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, má eigi nema meiru en 500 kr. á ári.

34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóvbr. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. nr. 46, s. d. um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði um laun og aukatekjur embættismanna, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á hinum síðari árum hefir verið mjög rætt um launakjör starfsmanna landsins. Kröfur frá hendi starfsmanna landsins um endurbætur á kjörum þeirra, hafa orðið æ háværari og háværari, og hafa sumar kröfurnar fengið áheyrn hjá fjárveitingarvaldinu að nokkru leyti eða jafnvel að mestu leyti. Það virðist og almennt viðurkent nú, *að* launakjör starfsmanna landsins sjeu yfirleitt svo lág, að þau sjeu ekki lífvænleg, *að* þau sjeu of lág í samanburði við atvinnukjör manna í öðrum stjettum þjóðfjelagsins, svo lág, að nýtir menn fáist ekki í þjónustu landsins. og *að* starfsmenn landsins eigi því rjettmæta kröfu á endurbótum á launakjörum þeirra.

Fyrir alþingi 1913 lagði landsstjórnin frumvörp til laga um breyting á launum embættismanna í Reykjavík sjerstaklega. Alþingi vildi ekki þá sinna þessu, og virðast ástæðurnar til þess þær, að þinginu hafi þá ekki þótt þörf að breyta þeim launum sjerstaklega, þótt viðurkent væri, að sum af launum þeim, er farið er fram á af landstjórninni, að hækkuð væri, væri of lág, enda var nokkrum af þeim embættismönnum, er farið var fram á í frumvörpunum að laun þeirra væri hækkuð, veitt launaviðbót í fjárlögum. Meiri hluti nefndar þeirrar, er fjallaði um málið í neðri deild fann að því, að landstjórnin hefði ekki tekið til greina þingsályktun neðri deildar alþingis 1911, þar er skorað var á landstjórnina að taka tilrækilegrar athugunar framkomnar óskir landsmanna um afnám lögákveðinna eftirlauna, og íhuga hvort ekki mætti í stað eftirlauna láta embættismenn tryggja sjer sæmilegan ellistyrk. Loks taldi nefndin málið óundirbúið, og ekki ástæða til að taka út úr embættismenn í Reykjavík.

Á Alþingi 1914 var samþykt svofeld þingsályktun:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa milliþinganefnd til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landsjóðs, og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna«.

Á sama þingi samþykti neðri deild svofelda þingsályktun:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórn að taka til rækilegrar íhugunar, hvort unt sje að aðskilja umboðsvald og dómsvald og fækka sýslumönnum að miklum mun, og ef svo virðist, að það sje hagkvæmt og að mun kostnaðarminna en það fyrirkomulag, sem nú er, að leggja þá frumvarp til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi«.

Með konungsúrskurði 9. desbr. 1914 var svo skipuð 5 manna milliþinganefnd í eftirlauna- og launamálið, og með brjefi 23. s. m. fól stjórnarráðið hinni sömu nefnd »rannsóknina um aðgreiningu á umboðsvaldi og dómsvaldi«, samkvæmt nefndri þingsályktun neðri deildar Alþingis.

Milliþinganefnd þessi starfaði að þessum málum árin 1015 og 1916. Hjelt hún fundi fyrst frá 6. apríl til 12. maí 1815, og síðan frá 1. nóvember s. á. til 28. júlí 1916. Er álit nefndarinnar prentað í riti, sem út kom það ár (1916) og nefnist: *Skýrslur og tillögur milliþinganefndar þeirrar, er skipuð var með konungsúrskurði 9. desbr. 1914. — I. Um eftirlaunamál og launamál. — II. Um sundurgreining umboðsvalds og dómsvalds.* — Meiri hluti nefndar þessarar, sem kölluð verður hjer eftir Launamálanefndin, komst að vísu að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegt væri að skilja umboðsvald frá dómsvaldi, en Launanefndin bygði samt tillögur sínar í launa- og eftirlaunumálinu á þeirri embættaskipun yfirleitt, sem nú er.

Ráðuneytið hefir eigi sjeð sjer fært að leggja tillögurnar um alt launamálið fyrir Alþingi fyr en nú. Að vísu var lagt fyrir Alþingi 1918 af hálfu landsstjórnarinnar frumvarp til laga um hækkun á launum yfirdómaranna, skrifstofustjóranna í stjórnarráðinu og hagstofustjórans. Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu.

Ráðuneytið hefir eigi talið mega lengur dragast að koma fram með tillögur um bætur á launakjörum starfsmanna landsins yfirleitt. Það er vitanlegt, að laun þeirra eru nú óhæfilega lág ekki einungis í samanburði við hækkun þá, sem orðin er á öllum lífsnauðsynjum, heldur og engu síður í samanburði við laun einkaembættismanna og kaup verkamanna. Þá eru og launakjör starfsmanna kaupstaðanna miklum mun betri yfirleitt, en starfsmanna landsins. Það er því ekki að furða, þótt duglegir embættismenn sjeu farnir að segja upp embættum sínum, og ganga í þjónustu einstakra manna, sveitarfjelaga eða banka. Að vísu getur ríkið ekki kept við þau verslunarfyrirtæki, er best kjör bjóða, en hitt má ekki viðgangast, að hæfir menn með góðri verklegri eða bóklegri mentun geti svo að segja alstaðar annarsstaðar fengið betri kjör en þau, sem ríkið býður starfsmönnum sínum.

Frumvarp það, er hjer er borið fram ásamt frumvarpinu um lifeyri embættismanna, er bygt á tillögum Launamálanefndarinnar, og er því vísað til framangreinds álits þeirrar nefndar. Breytingar þær, sem gerðar eru í frumvörpum hennar eru að miklu leyti tilorðnar vegna verðhækkunar þeirrar, er orðið hafa síðan — ófriðarárunum — og búast má við að haldist.

Er ákveða á nú föst laun embættismanna, verður á hinn bóginn með engu móti ætlast til þess, að þau verði miðuð við það verðlag sem nú er, því að

það er harla ósennilegt, að það verð muni haldast óbreytt til lengdar. Eru öllu meiri líkur til þess, að það muni fara lækkandi úr þessu, en erfitt að gera sjer grein fyrir, hversu fljótt og og hversu mikið það muni lækka, og hvar jafnvægi muni aftur komast á, svo að verðlagið nái nokkurri festu.

En með því að það er mjög ósennilegt, að verðlagið muni aftur komast niður í það, sem það var fyrir ófriðinn, fyrr en þá eftir mjög langan tíma, þá verður nú við ákvörðun fastra launa að byggja á töluvert hærra verði til frambúðar, heldur en var fyrir ófriðinn. Fyrir því er í frumvarpinu gengið út frá hjer um bil 25% hærra verðlagi, og launin miðuð við.

Með því að bygt er á tillögum Launamálanefndarinnar í frumvarpinu, en með hærra verðlaginu fyrir augum, þykir rjett til glöggvunar að setja hjer samanburð, á launum þeim, sem hún tók til samanburðar við tillögur sínar, sbr. bls. 220—239 í nefndaráliti hennar, og launaákvæðum frumvarpsins.

Samanburður á embættislaunum 19

Embættin	Laun 1914			Samkvæ		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
I. Stjórnarráðið.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	á
Skrifstofustjóri (I.)	3500	»	3500	5000	6000	2
—— (II.)	3500	»	3500	5000	6000	2
—— (III.)	3500	»	3500	5000	6000	2
Fulltrúi (II.)	»	2000	2000	3000	4000	2
— (III.)	»	1800	1800	3000	4000	2
Aðstoðarmaður (I.)	»	1800	1800	2000	3000	1
—— (II.)	»	1500	1500	2000	3000	1
—— (III.)	»	1800	1800	2000	3000	1
—— (III.)...	»	1500	1500	2000	3000	1
Skrifari (I.)	»	1500	1500	1600	2400	3
— (II.)	»	1500	1500	1600	2400	3
— (II.)	»	1400	1400	1600	2400	3
— (III.)	»	1080	1080	1600	2400	3
— (III.)	»	1400	1400	1600	2400	3
Dyravörður	»	1300	1300	1500	1500	2
Hagstofustjóri	3000	»	3000	5000	6000	2
Aðstoðarmaður í hagstofunni	2500	»	2500	3000	4000	2
Ríkisfjehirðir	2500	»	2500	3000	4000	2
II. Dómgæsla og lögreglustjórn.						
Háyfirdómari	4800	»	4800	6000	7000	1
1. yfirdómari	3500	»	3500	5000	6000	1
2. yfirdómari	3500	»	3500	5000	6000	1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	»	»	»	5000	6000	2
Bæjarfógetinn í Reykjavík	10967	»	10967	5000	6000	2
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu...	5868	»	5868	4600	5600	2
—— - Eyjafjarðarsýslu	7644	»	7644	4600	5600	2
—— - Norðurmúlasýslu	5766	»	5766	4600	5600	2
—— - Gullbringu- og Kjósarsýslu...	3985	»	3985	4200	5200	2
—— - Árnessýslu	2988	»	2988	4200	5200	2
—— - Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	2740	»	2740	4200	5200	2
—— - Snæf.ness- og Hnappad.sýslu	2541	»	2541	4200	5200	2
—— - Barðastrandarsýslu	2792	»	2792	3800	4800	2
—— - Húnavatnssýslu	2846	»	2846	4200	5200	2
—— - Skagafjarðarsýslu	2431	»	2431	4200	5200	2
—— - Þingeyjarsýslu...	3184	»	3184	4200	5200	2
—— - Suðurmúlasýslu	4650	»	4650	4200	5200	2

launum samkv. launafrumvarpi 1919

launafrumvarpi 1919			
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launalækkun	Athugasemdir
kr.	kr.	kr.	
5713,64	2213,64	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
5713,64	2213,64	»	— sömuleiðis.
5713,64	2213,64	»	— sömuleiðis.
3685	1685	»	— sömuleiðis.
3685	1885	»	— sömuleiðis.
2500	700	»	— á 3. ára fresti kr. 200.
2500	1000	»	— sömuleiðis.
2500	700	»	— sömuleiðis.
2500	1000	»	— sömuleiðis.
2200	700	»	— sömuleiðis.
2200	700	»	— sömuleiðis.
2200	800	»	— sömuleiðis.
2200	1120	»	— sömuleiðis.
2200	800	»	— sömuleiðis.
1500	200	»	Auk launa: húsnæði, ljós og hiti.
5713,64	2713,64	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300 og 400.
3685	1185	»	— sömuleiðis.
3685	1185	»	— sömuleiðis.
6735,30	1935,30	»	— eftir 3 og 6 ár kr. 500, 500.
5629,41	2129,41	»	— eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
5629,41	2129,41	»	— sömuleiðis.
5685	403	»	— sömuleiðis.
5685		»	— sömuleiðis.
5285	»	583,00	Einnig bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
5285	»	2359,00	Einnig bæjarfógeti í Akureyrarkaupstað. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
5285	»	481,00	Einnig bæjarfógeti í Seyðisfjarðarkaupstað. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
4885	900	»	— sömuleiðis.
4885	1897	»	— sömuleiðis.
4885	2145	»	— sömuleiðis.
4885	2344	»	— sömuleiðis.
4485	1693	»	— sömuleiðis.
4885	2039	»	— sömuleiðis.
4885	2454	»	— sömuleiðis.
4885	1701	»	— sömuleiðis.
4885	235	»	— sömuleiðis.

Samanburður á embættislaunum 19

Embættin	Laun 1914			Samkvæ		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða sjórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	á
Sýslumaðurinn í Dala- og Strandasýslu ...	4060	»	4060	4200	5200	2
—— - Skaftafellssýslu	2458	»	2458	3800	4800	2
—— - Rangárvallasýslu	2500	»	2500	3800	4800	2
—— - Vestmannaeyjasýslu	4848	»	4848	3800	4800	2
Lögreglustjórinn á Siglufirði	»	»	»	2000	2000	2
III. Læknaskipun.						
Landlæknir	4000	»	4000	5000	6000	2
Hjeraðslæknirinn í Reykjavíkur hjeraði ...	1500	»	1500	4000	5000	2
—— - Vestmannaeyja — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Hafnarfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Þingeyrar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Patreksfjarðar — ...	1700	»	1700	1800	1800	2
—— - Ísafjarðar — ...	1900	»	1900	1800	1800	2
—— - Sauðárkróks — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Akureyrar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Fáskrúðsfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Eyrarbakka — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Skipaskaga — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Borgarfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Borgarness — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Ólafsvíkur — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Stykkishólms — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Dala — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Hólmavíkur — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Miðfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Blönduóss — ...	1700	»	1700	1800	1800	2
—— - Hofsóss — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Siglufjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Svarfdæla — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Reykdæla — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Húsavíkur — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Vopnafjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Fljótsdals — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Seyðisfjarðar — ...	1900	»	1900	1800	1800	2
—— - Reyðarfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Norðfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Mýrdals — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Rangárvalla — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Grímsness — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Keflavíkur — ...	1700	»	1700	1800	1800	2
—— - Reykhóla — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Bíldudals — ...	1500	»	1500	1800	1800	2
—— - Flateyrar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2

launum samkv. launafrumvarpi 1919 (frh.)

nafrumvarpi 1919			
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launalækkun	Athugasemdir
kr.	kr.	kr.	
4885	825	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 360, 300 og 400.
4485	2027	»	— sömuleiðis.
4485	1985	»	— sömuleiðis.
4485	»	363	— sömuleiðis.
2000	2000	»	
5685	1685	»	— sömuleiðis.
4550	3050	»	Einnig læknir og forstöðumaður holdsveikraspítalans. Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	100	»	
1800	»	100	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	100	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	»	100	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	100	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	

Samanburður á embættislaunum 19

Embættin	Laun 1914			Samkvæ		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	á
Hjeraðslæknirinn í Hesteyrar hjeraði ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Þistilfjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Hróarstungu — ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Síðu — ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Berufjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Hornafjarðar — ...	1500	»	1500	1800	1800	2(
Heilsuhælislæknirinn	3200	»	3200	4000	5000	2(
Geðveikralæknirinn	2400	300	2700	4000	5000	2(
Dýralæknirinn í Suðurumdæminu	1500	400	1900	1800	1800	2(
—— - Vesturumdæminu...	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Norðurumdæminu	1500	»	1500	1800	1800	2(
—— - Austurumdæminu	1500	»	1500	1800	1800	2(
IV. Samgöngur o. fl.						
A.						
Póstmeistari	3600	400	4000	5000	6500	25
Aðstoðarpóstmeistari í Reykjavík	»	»	»	3500	4400	25
Póstfulltrúi í Reykjavík	»	2400	2400	3000	4000	2(
Póstafgreiðslumaður í Reykjavík	»	1800	1800	2000	3000	3(
—— - —	»	1800	1800	2000	3000	3(
—— - —	»	1200	1200	2000	3000	3(
Aðstoðarmaður í Reykjavik...	»	1600	1600	1200	2000	15
—— - —	»	900	900	1200	2000	15
—— - —	»	900	900	1200	2000	15
—— - —	»	720	720	1200	2000	15
—— - —	»	720	720	1200	2000	15
Póstafgreiðslumaður á Ísafirði	»	1800	1800	3000	4000	2(
—— - Akureyri...	»	1900	1900	3000	4000	2(
—— - Seyðisfirði	»	1700	1700	2000	3000	2(
B.						
Landssímastjóri	5000	»	5000	5000	6500	25
Símaverkfræðingur	»	2800	2800	3500	4400	25
Stöðvarstjórinn í Reykjavík...	»	2600	2600	3500	4400	25
—— á Ísafirði...	»	2000	2000	2600	3600	25
—— - Borðeyri	»	2000	2000	2600	3600	25
—— - Akureyri	»	2000	2000	2600	3600	25
Loftskeytastjóri	»	»	»	2600	3600	25
Fulltrúi á aðalskrifstofunni í Rvík	»	»	»	2600	3600	25
Símritarar 1. fl. (sem stendur 10 tals.) ...	»	»	»	1800	2800	25
Skrifarar 1. fl. (sem stendur 2 tals.)	»	»	»	1800	2800	25

launum samkv. launafrumvarpi 1919 (frh.)

nafrumvarpi 1919			
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launalækkun	Athugasemdir
kr.	kr.	kr.	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
4700	1500	»	Auk launa: ókeypis húsnæði, ljós og hiti. Hækkun eftir 4 og 8 ár kr. 500, 500.
4700	2000	»	Auk launa: ókeypis húsnæði, ljós og hiti. Hækkun eftir 4 og 8 ár kr. 500, 500.
1800	»	100	
1800	300	»	
1800	300	»	
1800	300	»	
6140	2140	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 500.
4184	4184	»	— á 3 ára fresti kr. 300.
3550	1150	»	— á 3 ára fresti kr. 200.
2700	900	»	— sömuleiðis.
2700	900	»	— sömuleiðis.
2700	1500	»	— sömuleiðis.
1600	»	»	— sömuleiðis.
1600	700	»	— sömuleiðis.
1600	700	»	— sömuleiðis.
1600	880	»	— sömuleiðis.
1600	880	»	— sömuleiðis.
3550	1750	»	— sömuleiðis.
3550	1650	»	— sömuleiðis.
2550	850	»	— sömuleiðis.
6140	1140	»	Hækkun á 3 ára fresti kr. 500.
4184	1384	»	— - - - - — 300.
4184	1584	»	— - - - - — 300.
3240	1240	»	— - - - - — 200.
3240	1240	»	— sömuleiðis.
3240	1240	»	— sömuleiðis.
3240			— sömuleiðis.
3240	Sjá athugas. efst á		— sömuleiðis.
2440	næstu opnu.		— á 3 ára fresti 200 kr.
2440			— sömuleiðis.

Samanburður á embættislaunum 19

Embættin	Laun 1914			Samkvæ		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	á
Símritarar 2. fl. (sem stendur 4 tals.) ..	»	»	»	1200	1400	2
Varðstjórar við skeytaafgr. (sem. st. 2 tals.)...	»	»	»	1400	2200	2
Varðstj. við langl. miðst. (sem st. 2 tals.)	»	»	»	1400	2200	2
Kvensímritarar (sem st. 4 tals.)	»	»	»	1400	2200	2
Skrifarar 2. fl. (sem st. 4 tals.)...	»	»	»	1400	2200	2
Talsímakonur við langl. miðst. (sem st. 30 t.)	»	»	»	1200	1800	2
Aðstoðarmenn við skeytaafgr. (sem st. 4 t.)	»	»	»	1200	1800	2
Skrifarar 3. fl. (sem stendur 1 tals.)	»	»	»	1200	1800	2
Varðstj. við bæjarsímann í Rvík (s. st. 2 t.)	»	»	»	1200	2000	2
Talsímameyjar við bæjars. í Rvík (s. st. 14 t.)	»	»	»	900	1300	2
C.						
Vegamálastjóri	3600	400	4000	5000	6000	2
Aðstoðarverkfræðingur	»	2700	2700	3000	4000	2
Vitamálastjóri	»	3700	3700	5000	6000	2
Aðstoðarverkfræðingur	»	2500	2500	3000	4000	2
Vitavörður á Reykjanesi	»	1500	1500	1500	1500	2
— - Siglunesi	»	900	900	700	700	2
— - Dalatanga	»	600	600	600	600	2
— í Vestmannaeyjum	»	700	700	900	900	2
D.						
Skógræktarstjóri og skógarvörður í Rvík...	4000	»	4000	3200	4400	3
Skógarvörður á Hallormsstað...	1000	»	1000	1200	1200	3
— - Vöglum	1000	»	1000	1200	1200	3
E.						
Fiskiyfirmatsmaður í Reykjavík	2000	»	2000	3000	3000	3
—— á Ísafirði	1800	»	1800	2400	2400	3
—— - Akureyri	1600	»	1600	2400	2400	3
—— - Seyðisfirði	1600	»	1600	2400	2400	3
—— í Vestmannaeyjum... ...	800	200	1000	1800	1800	3
V. Kirkju- og kenslumál.						
A. Andlega stjettin.						
Biskup	5000	»	5000	6000	7000	2
Prestar (ca. 116 tals.)	»	»	1500	2000	3000	3
B. Kenslumál.						
a. Háskólinn:						
Prófessor í guðfræðisdeild	3900	»	3900	4500	6000	3
— - —	3900	»	3900	4500	6000	3
— - lögfræðisdeild	3900	»	3900	4500	6000	3
— - —	3900	»	3900	4509	6000	3

launum samkv. launafrumvarpi 1919 (frh.)

nafrumvarpi 1919			
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launahækkun	Athugasemdir
kr.	kr.	kr.	
1370	Þar sem flokkaskipun á starfsmönnum þessum hefir breytst síðan 1914 og nýir flokkar myndast, er ómögulegt að gera grein fyrir hækkun á launum hvers einstaks.		Hækkun eftir 3 ár 200 kr.
1900			— á 3 ára fresti 200 kr.
1900			— sömuleiðis.
1900			— sömuleiðis.
1900			— sömuleiðis.
1620			— sömuleiðis.
1620			— sömuleiðis.
1620			— sömuleiðis.
1700			— sömuleiðis.
1150			— á 3 ára fresti 100 kr.
5748	1748	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
3550	800	»	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
5748	2048	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
3550	1050	»	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
1500	»	»	Auk launa: ókeypis húsnæði, grasnyt m. m.
700	»	200	Auk launa: ókeypis húsnæði m. m.
600	»	»	Auk launa: ókeypis húsnæði, ábýlisjörð m. m.
900	200	»	
3980	»	20	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
1200	200	»	
1200	200	»	
3000	1000	»	
2400	600	»	
2400	800	»	
2400	800	»	
1800	800	»	
6700	1700	»	Hækkun eftir 4 og 8 ár kr. 500, 500.
2500	1000	»	— á 5 ára fresti 200 kr.
5600	1700	»	Hækkun á 4 ára fresti 500 kr.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
5600	1700	»	— sömuleiðis.

Samanburður á embættislaunum 1

Embættin	Laun 1914			Samkva		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða sljórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	
Prófessor í lögfræðisdeild	3900	»	3900	4500	6000	3
— - læknisfræðisdeild	3900	»	3900	4500	6000	3
— - —	3900	»	3900	4500	6000	3
— - heimspekisdeild	3900	»	3900	4500	6000	3
— - —	3900	»	3900	4500	6000	3
Kennari í guðfræðisdeild	2800	200	3000	3000	4500	3
— - læknisfræðisdeild	»	2800	2800	3000	4500	3
— - heimspekisdeild	2800	»	2800	3000	4500	3
— - —	2800	»	2800	3000	4500	3
— - efnafræði	»	3000	3000	3000	4500	3
b. Hinn almenni mentaskóli:						
Skólameistari	3600	»	3600	4000	5000	1
Yfirkennari	3200	400	3600	4000	5000	1
Fyrsti kennari	2800	400	3200	4000	5000	1
Annar —	2800	400	3200	3000	4000	2
Þriðji —	2400	400	2800	3000	4000	2
Fjórði —	2400	400	2800	3000	4000	2
Fimti —	2000	400	2400	3000	4000	2
Sjötti —	»	2000	2000	3000	4000	2
Sjöundi —	»	2000	2000	3000	4000	2
c. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:						
Skólameistari	3000	»	3000	3200	4200	1
Fyrsti kennari...	2000	400	2400	2600	3600	2
Annar —	2000	200	2200	2600	3600	2
Þriðji —	1600	400	2000	2600	3600	2
d. Kennaraskólinn:						
Skólastjóri	2400	»	2400	3200	4200	1
Fyrri kennari	2200	200	2400	2600	3600	2
Annar —	2000	200	2200	2600	3600	2
e. Stýrimannaskólinn:						
Skólastjóri	2000	»	2000	3200	4000	2
Kennari	1200	»	1200	2000	3000	2

launum samkv. launafrumvarpi 1919 (frh.)

nafrumvarpi 1919			Athugasemdir
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launalækkun	
kr.	kr.	kr.	
5600	1700	»	Hækkun á 4 ára fresti 500 kr.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
5600	1700	»	— sömuleiðis.
4100	1100	»	— sömuleiðis.
4100	1300	»	— sömuleiðis.
4100	1300	»	— sömuleiðis.
4100	1300	»	— sömuleiðis.
4100	1100	»	— sömuleiðis. Hefir forstöðu í efnarannsóknarstofunni.
4475	875	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
4475	875	»	— sömuleiðis.
4475	1275	»	— sömuleiðis.
3615,40	415,40	»	— á 4 ára fresti 250 kr.
3615,40	815,40	»	— sömuleiðis.
3615,40	815,40	»	— sömuleiðis.
3615,40	1215,40	»	— sömuleiðis.
3615,40	1615,40	»	— sömuleiðis.
3615,40	1615,40	»	— sömuleiðis.
3850	850	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
3253,85	853,85	»	— á 3 ára fresti 200 kr.
3253,85	1053,85	»	— sömuleiðis.
3253,85	1053,85	»	— sömuleiðis.
3850	1450	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
3253,85	853,85	»	— á 3 ára fresti 200 kr.
3253,85	1053,85	»	— sömuleiðis.
3700	1700	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
2550	1350	»	— sömuleiðis.

Samanburður á embættislaunum 19

Embættin	Laun 1914			Samkvæ		
	Samkvæmt lögum	Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðsákvæði	Laun alls	Byrjunarlaun	Hæstu laun	Embættis-
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	á
f. Vjelstjóraskólinn:						
Skólastjóri	2400	»	2400	3200	4000	2
Kennari	»	»	»	2000	3000	2
g. Bændaskólinn á Hólum:						
Skólastjóri	1500	»	1500	2200	3200	2
Fyrsti kennari	1200	»	1200	1600	2600	2
Annar —	»	1000	1000	1600	2600	2
Þriðji —	»	800	800	1600	2600	2
h. Bændaskólinn á Hvanneyri:						
Skólastjóri	1500	»	1500	2200	3200	2
Fyrsti kennari	1200	»	1200	1600	2600	2
Annar — ... —	»	1000	1000	1600	2600	2
Þriðji —	»	600	600	1600	2000	2
i. Eiðaskólinn:						
Skólastjóri	»	»	»	2200	3200	2
Kennari	»	»	»	1600	2600	2
j. Málleysingjaskólinn:						
Skólastjóri	»	1200	1200	1200	2000	2
Kennari	»	720	720	900	1500	2
k. Fræðslumálastjórinn	3000	600	3600	4000	5000	2
VI. Bókmentir.						
Landsbóka- og landsskjalasafn:						
Landsbóka- og landsskjalavörður	6000	»	6000	4400	6000	2
Skjalavörður	»	1200	1200	2400	3600	2
Fyrsti bókavörður	»	1800	1800	2400	3600	2
Annar ——	»	1200	1200	1600	2400	2
Þjóðmenjavörður	1800	600	2400	4000	5000	2
Dyravörður	»	1400	1400	1500	1500	2

launum samkv. launafrumvarpi 1919 (frh.)

nafrumvarpi 1919			Athugasemdir
Meðal-árslaun	Árleg launahækkun	Árleg launalækkun	
kr.	kr.	kr.	
3700	1300	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
2550	2550	»	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
2750	1250	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
2150	950	»	
2150	1150	»	
2150	1350	»	
2750	1250	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
2150	950	»	
2150	1150	»	
2150	1550	»	
2750	2750	»	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr. og leigulaus bústaður, hiti og ljós.
2150	2150	»	
1640	450	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti. Hækkun á 2 ára fresti 100 kr.
1290	570	»	
4685	1085	»	Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.
5272,73	»	727,27	— á 4 ára fresti 400 kr.
2120	1920	»	— - - - - 300 —
2120	1320	»	— sömuleiðis.
2100	900	»	Hækkun á 3 ára fresti 200 kr.
4550	2150	»	— sömuleiðis.
1500	100	»	Auk launa: leigulaus bústaður, ljós og hiti.

Samandregin árleg launahækkun.

I. Stjórnarráðið o. fl.	kr.	23,014	ca.	62%
II. Dómgæsla o. fl.	—	25,056	—	30%
III. Læknaskipunin	—	19,935	—	25%
IV. Póstmál	—	18.184	—	85%
— B. Landsíminn	—	118,988	—	271%
— C. Vega- og vitamál	—	5,646	—	34%
— D. Skógrækt og fiskimat	—	4,400	—	31%
V. Kirkju- og kenslumál:				
A. Andlega stjettin	—	117,700	—	66%
B. Kenslumál	—	59,656	—	49%
VI. Bókmentir	—	5,663	—	40%

Þessi samandregna skýrsla sýnir engan veginn aukin gjöld landssjóðs frá sem nú er, því að síðan 1914 hefir orðið mikil breyting á föstum launum starfsmanna landssjóðs, embætti hafa bæst við, einstöku embættismenn hafa fengið persónulega launaviðbót, en einkum er breytingin í því fólgin, að heilir flokkar starfsmanna hafa fengið mikla bót launakjara sinna. Eru það sjerstaklega starfsmenn stjórnarráðsins, póstmenn og símamenn, sem hafa fengið föst laun sín bætt að miklum mun. Auk þess hefir, einkum við símann, verið bætt við fjölda starfsmanna. Hækkun sú á gjöldum til fastra launa símamanna, sem þegar hefir verið framkvæmd með samþykki Alþingis, nemur yfir 200% fram yfir það, sem launin voru 1914. Hækkun á launum starfsmanna stjórnarráðsins nemur um 20% og á launum póstmanna um 40%.

Til nánari skýringar þessarar uppbótar á launum þessara starfsmanna er sett eftirgreind skýrsla um föst laun þeirra sem stendur. Dýrtíðaruppbótin er ekki talin með.

Laun starfsmanna stjórnarráðsins árið 1919.

1. Skrifstofustjórar (3)	kr.	10500
2. Fulltrúar (3)	—	9500
3. Aðstoðarmenn (5)	—	11000
4. Skrifarar (6)	—	11000
5. Dyravörður	—	1500
6. Hagstofustjóri	—	3000
7. Aðstoðarmaður	—	2500
8. Ríkisfjehirðir	—	3000
Samtals	kr.	52000

Laun starfsmanna póstmálanna árið 1919.

1. Póstmeistarinn	kr.	4000
2. Póstfulltrúi	—	3000

3.	Póstafgreiðslumaður i Reykjavík	kr. 2900
4.	—— - —	— 2900
5.	—— - —	— 1800
6.	Aðstoðarmaður i Reykjavík	— 1500
7.	—— - —	— 1400
8.	—— - —	— 1200
9.	—— - —	— 1200
10.	—— - —	— 1200
11.	—— - —	— 1200
12.	—— - —	— 1200
13.	Póstafgreiðslumaður á Ísafirði	— 2000
14.	—— - Akureyri	— 2400
15.	—— - Seyðisfirði	— 1800
	Samtals	kr. 29700

Laun starfsmanna landssímans eins og þau eru árið 1919.

1.	Landssimastjóri	kr. 8000		kr. 6500
	auk persónulegrar launaviðbótar kr. 1500,00.			
2.	Símaverkfræðingur	— 4300		— 4300
3.	Stöðvarstjóri i Reykjavík	— 4300		— 4300
4.	Loftskeytastjóri	— 2600		— 2600
5.	Fulltrúi á aðalskrifstofu i Reykjavik	— 2600		— 2600
6.	Stöðvarstjóri á Ísafirði	— 2600		— 2600
7.	— - Borðeyri	— 3350		— 3350
8.	— - Akureyri	— 3100		— 3100
9.	Símritarar 1. fl. (10 tals.)	— 1800		— 18000
10.	Skrifarar 1. fl. (2 tals.)	— 1750		— 3500
11.	Símritarar 2. fl. (4 tals.)	— 1300		— 5200
12.	Varðstjórar við skeytaafgr. (2)	— 1300		— 2600
13.	— - langlínumiðst. (2)	— 1400		— 2800
14.	Kvensímritarar (4)	— 1500		— 6000
15.	Skrifarar 2. fl. (4)	— 1300		— 5200
16.	Talsímakonur við langlínumiðst. (30)	— 1200		— 36000
17.	Aðstoðarmenn við skeytaafgr. (4)	— 1200		— 4800
18.	Skrifarar 3. fl. (enginn)			
19.	Varðstjórar við bæjars. i Rvík (2)	— 2000		— 4000
20.	Talsímameyjar við bæjars. i Rvik (14)	— 1000		— 14000
			Samtals	kr. 131400

Stjórnarráðið.

Laun 1914	kr. 37080
— 1919	— 52000
— skv. frv. 1919	— 60094

Póstmál.

Laun 1914	kr. 21440
— 1919	— 29700
— skv. frv. 1919...	— 39624

Landssíminn.

Laun 1914	kr. 43860
— 1919	— 131400
— skv. frv. 1919	— 162848

Hækkun sú, er frumvarpið fer fram á samanborið við þá hækkun, er nú er þegar á komin, verður þannig:

I.	Stjórnarráðið og fl....	kr. 8100	ca. 16%
II.	Dómgæsla og fl.	— 25000	— 30%
III.	Læknaskipun	— 20000	— 25%
IV.	A. Póstmál...	— 10000	— 33%
	B. Landssíminn	— 31500	— 25%
	C. Vega- og vitamál..	— 5600	— 34%
	D. Skógrækt og fiskimat...	— 4400	— 31%
V.	Kirkju- og Kenslumál:		
	A. Andlega stjettin	— 117700	— 66%
	B. Kenslumál	— 60000	— 49%
VI.	Bókmentir...	— 5700	— 40%
	Samtals hækkun	kr. 288000	

Þessi hækkun á gjöldum ríkissjóðs er ekki einungis fólgin í launahækkunum, heldur, eins og áður er sagt í viðbót nýrra embætta, svo sem kennara við Eiðaskólann, en forstöðumanni löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld er slept í yfirlitinu. Mest munar um hækkun á launum prestanna. Hún nemur eftir skýrslunni talsvert yfir 100000 kr. Þá er miðað við að meðallaun prestanna sjeu nú 1500 kr., en þau heldur lágt reiknuð hjá sveitaprestum, einkum ef tekið er tillit til hlunninda þeirra, er þeir njóta þar sem prestssetrin eru, og talin eru sett alt of lágt nú í brauðamatinu. Á hinn bóginn er búist við því, að þessi hlunnindi verði yfirleitt metin miklu hærra í framtíð, og má byggja á því að hið almenna fasteignamat hafi áhrif á brauðamatið í þessa átt, svo fellur burtu erfiðleikauppbótin. — Næst andlegu stjettinni er hækkunin mest hjá kennurum, rjett um 60000 kr. Viðbótin við þessa tvo embættisflokka, nemur um 180000 kr., en þó má með sanni segja, að laun þessara embættismanna sjeu yfirleitt mjög lág, samanborin við laun manna utan embættisstjettarinnar, þegar frá eru skildir barnakennarar utan kaupstaða. Hækkun á launum annara embættismanna en biskups og presta, og kennara nemur um 110000 kr. Ennfremur hækka gjöld ríkissjóðs til dómgæslu og lögreglustjórnar við það, að borga á sjerstaklega skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta.

Launanefndin tók ekki prestana upp í launafrumvarp sitt, af því að laun þeirra höfðu nýlega verið ákveðin eftir rækilegan undirbúning, — með lögunum frá 1907. En sú breyting er nú á orðin, að laun þau, er þá voru ákveðin handa prestum, eru orðin svo lág, að á engan hátt má lengur við hlíta. Hefir ráðaneytinu þess vegna ekki þótt tiltök að setja þá hjá, eða stuðla til þess, að þeir verði látnir sitja við núverandi launakjör þeirra.

Ráðuneytið hefir ekki treyst sjer til að fara þá leið er Launamálanefndin lagði til, að gera laun læknahjeraðanna misjöfn, þannig að laun hinna fámennari hjeraða væri hærri en hinna fjölmennari, þar er von er meiri aukatekna. Laun þau, er frumvarpið ætlast til að læknum sje greidd úr ríkissjóði, eru hvort sem er svo lág, að varla er sanngjarnt að hafa þau lægri í nokkru læknishjeraði. Aðalbótin á launákjörum lækna á eftir frumvarpinu að vera fólgin í því, að borgun fyrir störf lækna verði ákveðin hæfileg í samanburði við borgun fyrir störf manna almennt, en ekki haldið niðri með óeðlilegum lagaákvæðum, sbr. 4. og 5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um skipun læknisbjeraða o. fl.

Um einstakar greinar í frumvarpinu er vísað til athugasemda Launamálanefndarinnar við launafrumvarp það, er hún samdi og launafrumvarps stjórnarinnar frá 1918. Þykir ekki þörf á að taka sérstaklega fram, hvers vegna frá er vikið í einstöku atriði tillögu Launamálanefndar.

Um eina grein frumvarpsins, 33. greinina, skal þó athugað nánara það, er hér segir.

Um 33. gr.

Þótt launaákvæði frumvarpsins séu miðuð við 25% hærra verðlag en var haustið fyrir ófriðinn eða haustið 1913, þá er þar með ekki fullnægt réttmætum kröfum embættismanna til launahækkunar.

Það er auðsætt, að meðan verðlagið helst miklum mun hærra heldur en það verðlag, sem launaupphæðin miðast við, þá verður enn að veita uppbót á laununum, er bæti upp verðlagið á þeim á hverjum tíma. Með því nú að gera má ráð fyrir því, að verðlagið geti breyst töluvert á skömmum tíma, en ekki er unt fyrirfram, að reikna út, hvernig það muni breytast, þá virðist ekki heppilegt að ákveða fasta dýrtíðaruppbót jafnhliða laununum, heldur ætti hún að breytast eftir því sem verðlagið breyttist. Varð því að finna nokkurskonar verðlagsskrá til þess að miða frekari launauppbót við. Ráðuneytið hefir því leitað aðstoðar og fengið aðstoð Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra til þess að semja reglur þær, er teknar eru upp í þessari grein frumvarpsins, og er ákvæðið í því fólgið að gerð sje árleg verðlagsskrá um helstu lífsnauðsynjar og dýrtíðaruppbótin miðuð við hana. Hefir hagstofustjóri samið reglur þessar og ástæðurnar fyrir þeim.

Ef vel væri, þyrftu, áður en slík verðlagsskrá er gjörð, að vera fyrir hendi reikningar frá mörgum embættismönnum, er sýndu, hvernig gjöld þeirra skiftust að meðaltali, en hér er nú varla um annað að gjöra í þessu efni heldur en áætlun þá, sem háskólaráðið gjörði í fyrra vetur um útgjöld embættismannsheimilis, og birt er í Árbók háskólans 1917—18. En með því að áætlun þessi er bygð á skýrslum og reikningságripum frá nokkrum fjölskyldum, þá er hún betri en einn einstakur reikningur. Í Landshagsskýrslunum 1912 er skýrsla um matvælaneyslu í Laugarnesspítala að meðaltali á mann um 3 ára skeið (1910—12) og sýnir hún furðanlega lík hlutföll milli matvöruflokkanna, eins og áætlunin í

Árbók háskólans. Í verðlagsskrá þeirri, sem hér er lögð til grundvallar, hefir verið stuðst við þau útgjaldahlutföll, sem áætlunin í Árbók háskólans sýnir.

Best væri og rjettast, að láta verðlagsskrána ná til allra lífsnauðsynja og veita þeim öllum mismunandi gildi eftir því, hversu mikilsverðar þær eru fyrir embættismenn yfirleitt. En með því að það er allmiklum erfiðleikum háð að ákveða verðlag á húsnæði, fatnaði, eldsneyti og ýmsu fleiru, enda notkunin mismunandi bæði að magni og gæðum, þá hafa að eins verið teknar upp í verðlagsskrá þá, er hér er notuð, matvörur, nokkrar einstakar vörur, sem töluvert munar um í neyslu flestra manna, og má búast við því, að verðlagsskrá þessi muni geta sýnt nokkurn vegin ábyggilega breytingarnar á matvöruverðlaginu yfirleitt. En með því að matvörurnar munu hafa hækkað töluvert meira í verði, heldur en aðrar nauðsynjar að meðaltali, þá yrðu launauppbæturnar of háar ef öll launin væri hækkuð að sama skapi, sem verðlagsskráin hækkaði, en ef að eins $^2/_3$ hlutar launanna eru látnir hækka eins og verðlagsskráin, en $^1/_3$ er látinn haldast óbreyttur, þá verður niðurstaðan sennilega nokkuð lík eins og ef reiknað væri með öllum útgjaldaflokkum, þó liklega heldur lægri.

Gert er ráð fyrir að verðlagsskráin miðist að eins við verðlag í Reykjavík. Ef fara ætti að gera slika verðlagsskrá eftir verðlagi á ýmsum stöðum á landinu, þá mundi það verða miklum erfiðleikum bundið, og hún mundi trauðlega geta orðið eins ábyggileg. En það er hvorttveggja, að í Reykjavík eru langflestir embættismenn búsettir og breytingar á verðlagi munu nokkurnvegin fylgjast að í Reykjavík og út um land.

Það hefir ekki þótt ástæða til að bæta að fullu eftir þessari grein upp hin hærri laun; heldur er það lagt til að aldrei sje meira bætt upp en 3000 kr. af laununum. Þannig er 4500 kr. hæstu laun, sem upp verða bætt að fullu hlutfallslega. Svo er enn takmörkuð uppbót sú sem sveitaprestar njóta, þannig að sú uppbót nemi aldrei meiru en 500 kr. Eru ástæðurnar fyrir því væntanlega auðskildar.

Ekki er auðið að segja, hve miklu uppbótin eftir þessari grein muni nema, auðvitað yrði hún ríkissjóði mjög tilfinnanleg hið fyrsta árið eða árið 1920, en síðan hlyti hún að lækka mjög, því að ekki getur hjá því farið, að verðlagið á matvöru lækki mjög frá því, sem það nú er eða verður í haust. En hvað sem um það er, þá ber að veita uppbót, sem þannig er háttað, sem hjer er farið fram á.

Það er bygt á því að dýrtíðaruppbótin fari ekki árið 1920 fram úr 100% af þeim hluta launanna, sem upp er bættur.

Þá er frumvarp það sjálft var samið, er fram er borið hjer og sent til prentunar, kom nefnd embættismanna til viðkomandi ráðherra með erindi það, er prentað er hjer á eftir, fylgiskjal I, a og b, og fylgiskjal II.

Fara kröfur embættismanna mjög í hina sömu átt, sem frumvarpið.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 26. mars 1919.

Á fjölmennum fundi, sem haldinn var hjer í gær meðal embættismanna og annara landsstarfsmanna, var samþykt hjálögð tillaga til fundaráskorunar, og viljum vjer, svo sem oss var falið af fundinum, leyfa oss hjermeð að bera hana upp fyrir stjórnarráðinu, ásamt nefndaráliti, er með henni var lagt fyrir fundinn, og þar með fylgjandi tilraun til að gera slíka verðlagsskrá, sem áskorunin greinir.

Virðingarfylst.

Eggert Briem. Gísli J. Ólafson. Matthías Þórðarson.

S. P. Sívertsen. Sæmundur Bjarnhjeðinsson.

Þorleifur H. Bjarnason. Þorleifur Jónsson.

Til Stjórnarráðsins.

Fylgiskjal *a* við I.

Fundurinn skorar fastlega á stjórnarráðið að hlutast til um að á næsta alþingi verði sett ný lög um að laun allra embættismanna og annara starfsmanna ríkisins verði bætt upp samkvæmt *verðlagsskrá*, hvort heldur sem dýrtíðaruppbót eða að nokkru leyti sem hækkun á föstum launum. Verðlagsskrá þessi miðist við verðlag á helstu lífsnauðsynjum og skal eftirleiðis reikna út árlega eftir henni launauppbót hvers embættismanns og starfsmanns meðan dýrtíð helst. Skal verðlagsskrá þessi jafnan samin af Hagstofunni og staðfest af ráðherra, og fái menn laun sín samkvæmt þessu fyrirkomulagi frá síðustu áramótum að telja.

Fylgiskjal *b* við I.

Nefndarálit, sjá fylgiskjal I.

Launakjör embættismanna hjer á landi voru síðast tekin til nákvæmrar athugunar af milliþinganefnd þeirri í launamálum, sem skipuð var með konungsúrskurði 9. des. 1914, og má sjá skýrslur hennar og tillögur í bók þeirri er hún gaf út um þau mál 1916. Áleit nefndin að *ekki yrði »hjá því komist að hækka launin talsverta«*, án nokkurs tillits til verðhækkunar þeirrar á öllum lífsnauðsynjum, sem þá (1016) var orðin af ófriðarins völdum (sbr. bls. 188). En eins og öllum, er þetta mál snertir, mun enn vera í fersku minni, þóttu launahækkunar-

tillögur nefndar þessarar ná mikils til of skamt, svo að almennri óánægju olli. En ofan á þessi bágu launakjör, sem allir hlutu að viðurkenna að bæta þyrfti úr, bættist dýrtíð sú og fjárþröng, er af styrjöldinni stafaði.

Hagstofan hefir jafnan birt yfirlit yfir vöxt dýrtíðarinnar, eða hækkun vöruverðsins á öllum matvörum, um 60 tegundum, og jafnframt verðhækkun á sóda og sápu, steinolíu og kolum. Samkvæmt skýrslu í síðasta nr. Hagtíðinda (4. árg. nr. 1) um verð þessara vörutegunda, hefir verðhækkunin orðið í stuttu máli þessi: Ef verðið á öllum þeim vörum, sem nefndar voru og verðhækkunaryfirlitið í Hagtíðindunum tilgreinir, er talið 100 í júlímánuði 1914, eða rjett áður en stríðið byrjaði, þá hefir það verið að meðaltali 274 í janúar 1918, 342 í október 1918 og *339 í janúar 1919*. Hafa þá vörur þessar hækkað í verði að meðaltali um 239% síðan stríðið byrjaði og um 23% síðan í fyrravetur, en lækkað í verði að eins um 1% síðan í október f. á. Hjer við er þó aðgætandi, að ýmsar af þeim vörum, sem Hagtíðindi reikna með eru nú ófáanlegar. Ef þeim er slept, og aðeins litið á þær vörutegundir, sem eftir eru, þá hafa þær að meðaltali hækkað í verði um 253% síðan stríðið byrjaði. — Verðhækkunin á sóda, sápu, steinolíu og kolum er heldur meiri en á matvörum. Ef matvörurnar eru teknar sjer, hafa þær allar að meðaltali hækkað í verði um 213% síðan í ársbyrjun, um 22% síðan í fyrra vetur, en staðið í stað á síðasta ársfjórðungi. En ef að eins eru teknar þær matvörur, sem fáanlegar voru í byrjun þ. á., þá hafa þær að meðaltali hækkað um 225% síðan stríðið byrjaði, um 24% síðan í fyrra vetur, en staðið í stað á síðasta ársfjórðungi síðasta árs.

Í Árbók Háskólans fyrir háskólaárið 1917—18 er á bls. 62—66 áætlun um árseyðslu embættismannsheimilis í Reykjavík, með 6 heimilismönnum, 3 fullorðnum og þremur börnum, 1914 og 1918; er árseyðslan talin alls 4355 kr. fyrra árið og 8230 kr. síðara árið. Áætlun þessi er í alla staði mjög hófsamleg og er nákvæmlega sundurliðuð, svo að gera má ráð fyrir að árseyðslan skiftist á líkan hátt og áætlunin sýnir. Ef útgjöldin eru flokkuð í 5 flokka, verður hækkunin á flokkunum frá 1914—1918 eins og hjer segir:

Matvæli...	165%
Eldiviður og ljós	551%
Fatnaður	103%
Húsnæði	67%
Aðrar þarfir...	16%

En einkum síðasta talan er bersýnilega of lág; áætlunin gerir nefnilega ráð fyrir alt of miklum sparnaði á þeim flokk. Flest af því, sem undir hann heyrir, hefir einmitt hækkað gífurlega í verði, svo mjög, að þrátt fyrir sparnað má áætla að þessi flokkur hafi í heild sinni hækkað um 85%, og mun það síst of hátt áætlað. Samkvæmt þessu má ætla, að öll útgjöldin hafi hækkað á þessu tímabili um 145%. En þótt síðasti flokkurinn hefði verið talinn eftir áætluninni, hefði hækkunin þó orðið um 122%. Þótt skift sje útgjöldunum á annan hátt í flokka, verður niðurstaðan lík, og sömuleiðis kemur lík verðhækkun í ljós, ef útgjöldunum er skift í t. d. 15 hluti eftir sömu áætlun, þannig að 5 komi á matvæli, 1 á eldivið og 9 á alt annað, og síðan sje reiknað eftir verðhækkun á vissum vörum, svo sem vísum (representöntum) fyrir hvern hlut; verðhækkunin samkvæmt áætluninni verður lík, 145%. En eins og verðhækkunaryfirlitið í Hagtíðindunum ber með sjer hafa flestar nauðsynjavörur hækkað um 23% síðan í

janúar í fyrra vetur, skömmu áður en þessi áætlun var gerð. Upplýsingar þær, er nefndin hefir fengið um hækkun húsaleigu, benda til, að gera megi ráð fyrir, að leigt húsnæði sje nú orðið 100—150% dýrara en 1914, og skýrslur þær, er nokkrir klæðskerar og 1 skósmiður hafa látið nefndinni í tje, sýna glögglega mikla verðhækkun á þeim vörum síðan í fyrra, og miklu meiri hækkun á öllu tímabilinu en í þessari áætlun stendur.

Alþingi hefir samt ekki enn hreift við launahækkunartillögum launamálanefndarinnar að heldur; en fyrir öflugar áskoranir embættismanna hjer í Reykjavík og læknastjettarinnar um land alt, hefir þingið gert nokkra úrlausn og tilraun til að bæta úr brýnustu þörfunum í bráðina, og veitt launauppbót til bráðabirgða, dýrtíðaruppbót. Samkvæmt núgildandi dýrtíðaruppbótarlögum reiknast uppbótin af fyrstu þúsund krónnum eða minna 60%, af því sem þar er fram yfir upp í 2000 kr., skulu þeir sem hafa undir 4500 kr. í árslaun, fá 30%, en þeir, sem hafa frá 4500 til 4800 kr. fá dýrtíðaruppbót af öðru þúsundinu þannig, að launin og uppbótin samanlögð, verði 5400, en af því, sem fram yfir er 2000 kr. upp að 3500 kr., greiðast 10%. Þannig verður þá t. d. dýrtíðaruppbót á 1800 kr. launum 840 kr., alls 2640, á 2400 kr. launum 940 kr., alls 3340, á 3000 kr. 1000 kr., alls 4000 kr., á 3600 kr. launum 1050 kr., alls 4650 kr., en engin laun að undanteknum ráðherralaunum komast hærra en upp í 5400 kr. að uppbótinni meðtaldri. Auk þess fá þeir, sem ekki hafa 4000 kr. í laun eða þar yfir, 50 kr. með hverjum framfæring, er þeir hafa. Þessi uppbót bætir þannig engum, sem hana fá, til nokkurrar nándar upp verðgildisrýrnun þá, sem orðin er á launum þeirra vegna dýrtíðarinnar, og hefir því fjárhagur þeirra manna margra, sem á landssjóðslaunum lifa og eignalausir voru fyrir, orðið æ þrengri, og það nú svo, að sýnilegt er, að þeir fá eigi rönd við reist. Verða þeir þá annaðhvort að sökkva sjer og sínum í miklar skuldir, sem litlar vonir eru um að þeir komist nokkru sinni úr aftur, að óbættum tekjum sínum, eða hverfa frá starfi sínu að miklu eða öllu leyti, til þess að afla sjer lífsuppeldis, svo sem nokkrir hafa þegar gert.

Þess mun ekki við þurfa að útskýra til hvilíkra vandræða slíkt hlýtur óhjákvæmilega að leiða, vandræða, ekki að eins fyrir hvern einstaklinginn og hvert einstakt embættið, heldur fyrir þjóðfjelagið í heild. Hvort heldur embættismaðurinn þraukar í embætti sínu sem ósjálfbjarga öreigi, eða deyr frá því, sokkinn í stórskuldir, eða neyðist til að fara úr því til að bjarga sjer og sínum á einhvern arðvænlegri hátt, þá er þetta ástand þjóðinni svo óholt og þjóðlífinu í held svo mikil hætta af því búin og bersýnileg, að hverjum skynsömum manni, þótt ekki þurfi sjálfur að fá eyrisvirði að launum úr landssjóði, hlýtur að verða það fullkomlega ljóst, að *við svo búið má ekki standa*. Þar sem það nú er viðurkent, að launakjörin voru of ill áður en dýrtíðin skall yfir, hljóta líka allir að viðurkenna, að bæta þurfi upp að minsta kosti það peninga-verðfall, sem af henni hefir hlotist; en ætti sjer fullkomin rjettvísi stað, þá ætti nú eftir á að ákveða miklu hærri laun frá því fyrir stríðið og síðan bæta þau laun upp að sama skapi sem gjaldeyririnn, er þau greiðast með, hefir fallið í gildi. En þótt vjer eigum að vísu rjett á því, að slík launabótalög og dýrtíðarlög yrðu sett, þá getum vjer því miður ekki gert oss neinar vonir um að þau verði sett hjeðan af, og álítum gagnslaust að halda fram kröfu um það. Nei, vjer sjáum oss ekki einu sinni sigurvænlegt að halda enn fast við rjettmæta dýrtíðaruppbótarkröfu fyrir hin umliðnu stríðsár, kröfu um þá uppbót á þessum of lágu launum, sem allir hlytu

að viðurkenna að einungis bætti upp peningaverðfallið. Vjer viljum að eins halda fram krōfu um launauppbót fyrir liðandi tíð frá síðustu áramótum að telja, bráðabirgðaákvæði um *rjettláta* dýrtíðaruppbót meðan dýrtíðin helst og ekki að eins ný launalōg um fōst hærri laun eftirleiðis. Vjer getum ekki að óreyndu trúað ōðru, en að *allir* verði að viðurkenna rjettmæti *slíkrar* krōfu að minsta kosti. Vjer erum heldur ekki hinir fyrstu til að bera fram slíkar krōfur, vjer erum hinir *síðustu*. Bæði innan lands og utan er alt kaupgjald einstakra (prívat-) stofnana, atvinnufyrirtækja og einstakra vinnuveitanda yfirleitt hækkað um helming og meira, jafnvel þrefaldað, frá því sem var fyrir stríðið. Hjer í Reykjavík t. d. er kauphækkun allra daglaunamanna, iðnaðarmanna, prentara, bókbindara o. s. frv., svo alkunn, að óþarfi er í rauninni að skýra hjer frá henni; vjer skulum að eins nefna hjer 3—4 flokka til dæmis, samkvæmt ábyggilegum skýrslum, er vjer höfum fengið um kauphækkun þeirra hvers um sig:

Verkamenn fengu *1914* 35 aura um stundina frá kl. 6—6 og 45 aura um stundina við eftirvinnu. En nú í febrúar
1919 fengu þeir 90 aura frá kl. 6—6 og 1.15 kr. við eftirvinnu. Kauphækkun því um 156%.

Prentarar fengu *1914* 20 kr. í lágmarkskaup á viku, en flestir 23 kr. En í febr.
1919 fengu þeir 54 kr. í lágmarkskaup og flestir 60 kr. Kauphækkun því alment 161% og á lágmarkskaupi 170%.

Trjesmiðir fengu *1914* fyrir innivinnu 35—40 aura um stundina, fyrir útivinnu 40—45 og 10—20% hærra fyrir eftirvinnu og helgidagadagavinnu. En
1919 í febrúar, fengu þeir 1.00 kr. um stundina fyrir innivinnu og 1.50 kr. fyrir eftirvinnu inni, en 1.10 fyrir útivinnu og 2.00 kr. fyrir eftirvinnu úti. Þannig hafa þeir fengið um 150% kauphækkun.

Þessi 3 dæmi eru nægileg og ljós; þau sýna kauphækkun verka- og iðnaðarmanna yfirleitt hjer í Reykjavík. Sumir iðnaðarmenn hafa fengið enn meiri kauphækkun; þannig upplýsir t. d. klæðskeri einn oss um að klæðskerasveinar, sem fengu fyrir stríðið 90 kr. á mánuði fái nú 300 kr., og hafa þeir þá fengið 233% hækkun. Sama er að segja um laun sumra skrifara, afgreiðslumanna og annara starfsmanna við verzlanir og önnur slík fyrirtæki, enda er nú svo komið, að einstaka unglingur í slíkum stöðum hafa hærri laun, en aldraðir embættismenn í ábyrgðarmiklum og vandasömum ríkisembættum. Vjer skulum láta oss nægja að nefna hjer 2 dæmi.

Oss er kunnugt um að nýlega var rúmlega tvítugur unglingur ráðinn hjer sem ritari á verslunarskrifstofu með 400 kr. mánaðarlaunum, sem er sama sem 4800 kr. árslaun. Til samanburðar má minna á það, að langflestir prófessorarnir við háskólann hafa ekki nema 4440, og sumir minna, að meðtaldri dýrtíðaruppbót, en docentarnir ekki nema 3780, eða 85 kr. minna á mánuði en þessi piltur. — Afgreiðslumaður í búð nokkurri hjer, sem jafnframt er deildarstjóri þeirrar verslunardeildar, hefir nú, að því er vjer best vitum, hærri laun en sjálfur yfirdómsforseti ríkisins.

Í nágrannalöndunum hefir löggjafarvald hvers ríkis fyrir sig ákveðið bæði launaviðbætur og þar að auk ýmsar dýrtíðaruppbætur og á margan hátt reynt að bæta starfsmönnum ríkisins upp verðfall launagjaldeyrisins.

Þó hefir verðhækkun á vörum þar ekki orðið svo gífurleg sem hjer. Í júlí síðastl. ár var hún:

Í Noregi	talin nema	159% til allra útgjalda,	180% á matvælum
Í Svíþjóð	— —	119% - — —	158% - —
Í Danmörku að eins	— —	82% - — —	87% - —

Raunar jókst dýrtíðin nokkuð úr því í Svíþjóð að minsta kosti, og var talin þar 1. okt. síðastl. að nema 142%. Eftir verðhækkun þeirri, sem Hagstofan hefir reiknað út að hjer sje orðin á þeim nauðsynjavörum, er hún tilgreinir, má vera óhætt að ætla, að dýrtíðin sje meiri hjer en í Noregi og Svíþjóð, hvað þá heldur í Danmörku. Verðhækkunin var hjer 1. okt. til 31. des. f. á., á þeim matvælum sem til voru, 225%, eins og áður var tekið fram, og þó að hjer sje að eins að ræða um einfalt meðaltal, en ekki »vegið« eins og í Noregi og Svíþjóð, þá má telja víst, að hækkunin sje töluvert meiri hjer en þar, og má fara nærri um hversu afarmikil áhrif verðhækkun á þeim nauðsynjum hefir á verðhækkun allra útgjalda í einu lagi, þar sem um þriðjungur útgjaldanna (32.5%) gengur til matvæla. — En þótt dýrtíðin hafi ekki orðið eins mikil í þessum löndum og hún hefir orðið hjer, hafa embættismenn í Noregi og Svíþjóð fengið miklu betri dýrtíðarbætur en vjer hjer, og það ofan á miklu hærri laun en hjer tíðkast. Með lögum, er stórþingið í Noregi samþykti 8. júní 1918, var starfsmönnum ríkisins ákveðinn 500 króna dýrtíðaruppbót yfirleitt, en fyrir hvern framfæring ákveðin upphæð að auki, 300 kr. fyrir hinn fyrsta, 200 kr. fyrir hinn næsta og 120 fyrir hvern þar fram yfir. Þó skyldi launauppbótin ekki fara fram úr 60% af laununum, og gjörvöll dýrtíðaruppbótin ekki fram úr 80% af laununum. En sakir vaxandi dýrtíðar gerði fjármálastjórnin 5. des. síðastl., tillögu um að dýrtíðaruppbótin yrði enn aukin fyrir fjárhagstimabilið 1918—1919 og lagði konungur þegar samdægurs samþykki sitt á þær tillögur. Aðaltillagan var sú, að launauppbótin skyldi vera 1300 kr. fyrir alla starfsmenn, sem hafa upp að 3900 kr. í árslaun, og $^1/_3$ af launum til allra þeirra starfsmanna, er hafa hærri laun; þó fari hún ekki fram úr 2000 kr. Auk þess skyldi öllum veittur hinn ákveðni framfærslustyrkur, svo sem áður var tekið fram. Launabótin skyldi þó ekki fara fram úr 110% af laununum og öll dýrtíðaruppbótin ekki fram úr 150% af laununum. Í Svíþjóð fjekk í fyrra hver embættis- og starfsmaður 365 kr. (1 kr. á dag) sem fasta launabót, en auk þess $^1/_3$ launanna í dýrtíðaruppbót, sem þó ekki má fara fram úr 4.50 kr. á dag. Enn fremur fá allir þeir menn þar dýrtíðarstyrk til framfærslu konu og börnum, sem hafa 4000 kr. föst laun eða minna og fer sá framfærslustyrkur þar eftir laununum, en ekki skyldi dýrtíðaruppbótin öll fara fram úr 2007.50 kr. á ári til hvers eins. En á aukaþingi því er kallað var saman síðastliðið haust, bar stjórnin fram frumvarp um, að starfsmönnum ríkisins væri veitt allhá *auka*-dýrtíðaruppbót síðara árshelminginn 1918. Þingnefnd sú, er fjallaði um málið, áleit að tillögur stjórnarinnar færu of skamt, og lagði til að þessari aukadýrtíðaruppbót yrði jafnað niður eftir launakjörum starfsmanna á þann hátt er hjer greinir:

Dýrtíðaruppbót: $^1/_3$ af missirislaununum, er næmi minst 1.75 kr. og hæst 4.50 kr. á dag; auk þess fengi hver starfsmaður 1 kr. á dag. Uppbótin skyldi minst nema 506 og hæst 1012 kr. Enginn starfsmaður skyldi þó verða aðnjótandi hærri aukadýrtíðaruppbótar en $^3/_4$ af missirislaununum.

Framfærslustyrkur: Helmingur hins venjulega framfærslueyris, nefnilega fullur styrkur fyrir þennan síðari árshelming. Tekjuhámark það, sem framfærslu-

styrkurinn er bundinn við, taldi nefndin þó rjettast að færa úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Auk þess lagði þingnefndin til, að starfsmenn rikisins fengju greiddan fyrirfram auka-dýrtíðarstyrk árið 1919, þar til þingið 1919 hefði gert nánari ákvarðanir viðvíkjandi dýrtíðarmálinu.

Þegar vjer nú komum fram með ákveðnar tillögur um launabætur vegna dýrtíðarinnar, sem nú er á, og að krafist verði uppbótar á verðfalli gjaldeyrisins, þá er það ekki aðeins í samræmi við almenn álit manna og tilhögun á öllu kaupgjaldi nú erlendis og meðal einstaklinga hjer, heldur er það jafnfram í fullu samræmi við skoðanir launamálanefndarinnar frá 9. des. 1914, sbr. áðurnefnda bók hennar, bls. 185—87. Nefndin segir meðal annars: »*Það væri vafalaust rjettast, ef unt væri, að skipa launakjörunum þannig, að þau hjeldust í hendur við lífnaðarhæltina og dýrleika lífsnauðsynjanna á hverjum tíma*«; og ennfremur: »*Því mun nú varla verða neitað með rökum, að rjettlátast og sanngjarnast væri að búa svo um, að launin gætu jafnan staðið sem mest í föstu ákveðnu hlutfalli við framfærslupörfina*«. Þetta álit þeirrar nefndar kemur algerlega heim við tillögu vora, og þá kröfu, sem vjer teljum að gera beri nú. Á hinn bóginn má og líta svo á, að það sje lítt sæmilegt fyrir ríkið sem vinnuveitanda og launagjaldanda, að launa ekki ætið eins vel sömu störfin, þ. e. með sama verðgildinu, heldur láta það verða skaða starfsmanna sinna, að gjaldeyririnn rýrnar í gildi sínu.

Til þess nú að ákveða í hvert sinn hið rjetta verðgildi þess gjaldeyris, er embættismönnum þjóðarinnar eru greidd laun þeirra með, þ. e. peninga í krónutali, álítum vjer að gera þurfi jafnan, með hæfilega löngu millibili, einskonar *verðlagsskrá*, er sýni ljóslega, hversu mikið þurfi þá og þá að krónutali svo að jafnist að sönnu verðgildi við þá launaupphæð, sem í öndverðu var ákveðin, eða samkvæmt því, er að framan var sagt, þeirri er greidd var fyrir stríðið, 1914.

Með tilliti til þessarar tillögu vorrar um launa-uppbót samkvæmt verðlagsskrá, höfum vjer talið oss skylt að athuga hversu slík verðlagsskrá skyldi gerð og hvaða hlutfall slík verðlagsskrá, bygð á vöruverði hjer 1918, sýndi að væri á milli peningagildis fyrir 5 árum síðan og þá. Vjer teljum sjálfsagt að löggjafarvaldið feli jafnan *Hagstofunni* hjer að gera þá verðlagsskrá, er farið verður eftir í hvert sinn, ef þessi tilhögun kemst á. Meðfylgjandi dæmi með skýringum sýnir hversu nefndin hugsar sjer að gera megi slíka verðlagsskrá og skal því vísað hjer til þess. En hlutfall það, er samkvæmt því má telja að hafi verið á milli peningagildis 1914 og 1918, er sem næst 1 : 2.6, þ. e. 2 kr. 60 aurar gilda ekki meira 1918 til lífsnauðsynja, en 1 kr. gerði fyrir stríðið, og með hliðsjón af verðhækkun sem sannanlega er orðin á fatnaði og húsnæði, mun síst of hátt talið að verðhækkunin sje orðin nú *160%*, og samkvæmt því hlutfalli eða líku, leggjum vjer til að öll laun sjeu bætt upp frá síðustu áramótum að telja og fyrst um sinn uns dýrtíðin breytist að mun, svo sem ný verðlagsskrá þá kann að sýna.

Tillaga vor hljóðar þá á þessa leið. Sjá fylgiskjal a við I.

Fylgiskjal II.

Tilraun

til þess að gera »verðlagsskrá«, sem leggja mætti til grundvallar um dýrtíðaruppbót starfsmanna landssjóðs. Sbr. fylgiskjal I.

Í ársriti háskólans 1917—1918 er birt áætlun um árseyðslu til heimilisþarfa á embættismannsheimili í Reykjavík, og er sú áætlun lögð til grundvallar fyrir hugleiðingum þeim, sem hjer fara á eftir. Enn fremur hefir verið höfð til hliðsjónar ritgerð eftir N. Rygg: Husholdningsregnskaper for Handelsfunktionærer, útgefin af »Statistisk Centralbyrau«, Kristiania, og önnur ritgerð: »Leveomkostninger og detaljpriser« (Sociale Meddelelser, Kria 1918).

Gjöldum þeim, sem háskólinn áætlar til heimilisþarfa, er hjer skift í 5 flokka, og verða þeir svo árið 1914:

Til matvæla	1414,66 kr.
Til eldiviðar og ljósa	325,00 —
Til fatnaðar	515,00 —
Til húsnæðis	600,00 —
Til annara þarfa	1500,40 —
Samtals	4355,06 kr.

Í síðasta liðnum er hjer að vísu meðtalið: Til ferðalaga, gjafa og tóbaks, samtals 189 kr., og er það hiklaust talið til »þarfa«, því að upphæðin er svo afarlítil, enda mun sá liður síst of hár. Til betra yfirlits skal nú sett hjer, hve mikið af þúsundi hverju sem eytt er kemur í hvern flokk. Það verður á þessa leið:

Til matvæla	325 kr.
Til eldiviðar og ljósa	74 —
Til fatnaðar	118 —
Til húsnæðis	138 —
Til annara þarfa	345 —
Samtals	1000 kr.

Í ritgerð Ryggs eru búreikningar frá 19 heimilum í ýmsum bæjum í Noregi, og er flokkun gjaldanna þar allmjög mismunandi, eftir tekjum heimilanna og stærð[1]). Sje þeim skift í flokka eftir árseyðslu, verða útgjaldaflokkarnir á þessa leið:

1) Í ritgerð þessari er stærð heimilanna talin í »heimiliseiningum«, þannig að eyðsla á fullorðinn karlmann, meira en 19 ára að aldri, er talin 1, á fullorðna konu, meira en 19 ára, 0,8, á barn 0—3 ára 0,1, á barn 4—6 ára 0,2, á barn 7—9 ára 0,3, á barn 10—12 ára 0,4, á 13—14 ára barn 0,5, 15—16 unglinga 0,6 fyrir stúlkur og 0,7 fyrir drengi, 17—18 ára ungling 0,7 fyrir stúlkur, en 0,9 fyrir pilta. Með svona talningu yrði »háskólaheimilið« 3,95 heimiliseiningar, ef árseyðsla á 15 ára barn er talin 0,65, þegar ekki er tiltekið, hvort það sje drengur eða stúlka. Þennan reikning hefði víst mátt hafa líkan hjer árið 1914. En nú yrði hann sjálfsagt alveg skakkur, vegna hins háa mjólkurverðs.

Flokkun gjalda á heimilum, sem eyða árlega

	yfir 3000 kr.	undir 3000 kr.	yfirleitt
Til matmæla	241	311	285
Til eldiviðar og ljósa	37	48	44
Til fatnaðar	129	139	135
Til húsnæðis	135	149	144
Til annara þarfa	458	353	392
	1000	1000	1000

Þessi flokkun sýnir minni útgjöld til matvæla og eldiviðar en háskólinn reiknar, en aftur meiri til »annara þarfa«. En þess ber að geta, að heimilin eru yfirleitt minni. Þau, sem eyða undir 3000 kr. eru til jafnaðar 2,25 heimiliseiningar, þau sem eyða yfir 3000 kr. 3,50 heimiliseiningar, en öll eru heimilin til jafnaðar 2,71 heimiliseiningar. Til samanburðar skal þess getið, að það heimilið, sem líkast er háskólaheimilinu að stærð, hefir eytt til matvæla 1482,46 kr. á 4 heimiliseiningar, en háskólaheimilið 1414,66 kr. á 3,95 heimiliseiningar. Matvælaeyðslan — eða rjettara sagt peningaeyðslan til matvæla — er þar mjög lík. Samkvæmt ritgerð Ryggs er eyðslan á hverja heimiliseiningu til matvæla 91 eyrir á dag að meðaltali. Í Kristianiu einni er hún 106 aurar, en í hinum bæjunum 79 aurar. Samkvæmt reikningi háskólans er hún (árið 1914) 98 **aurar.**

Sje nú gert ráð fyrir að árseyðslan til heimilisþarfa skiftist eins og háskólareikningurinn sýnir, verður hækkun á 4 fyrstu gjaldaflokkunum frá 1914—1918 — ef gert er ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin — eins og hjer segir:

Til matvæla	165%
Til eldiviðar og ljósa	551%
Til fatnaðar	103%
Til húsnæðis	67%

Um fyrstu töluna (165%) er það að segja, að hún er tekin eftir hinni sundurliðuðu skýrslu um matvælaeyðslu háskólaheimilisins, nema hvað slept er síðasta lið hennar (»ýmislegt«) til þess að gera ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin. Eyðslan til eldiviðar og ljósa er bæði árin talin eins og háskólaskýrslan telur hana 1914, nema hvað ein tunna af steinolíu er sett í staðinn fyrir suðugas. Hinar tvær tölurnar eru teknar beinlínis eftir áætluninni.

Um hækkun á síðasta flokknum verður ekki farið eftir áætlun háskólans, þar sem hún gerir ekki ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin. Margt af því smávegis, sem í þeim flokki er talið hefir einmitt hækkað einna mest (sápa og annað til þvotta, rakstur, klipping, böð, skósverta, ofnsverta, viðhald o. s. frv.). Hinsvegar er ýmislegt í þeim flokki, sem telja má að ekki breytist (t. d. ábyrgðargjöld). Hjer verður nú gert ráð fyrir því, að þriðjungur af gjöldum þessa flokks hafi ekki breytst neitt frá 1914—1918, en hinir tveir þriðjungarnir hafi hækkað eins og hinir flokkarnir að meðaltali. Alls verður þá hækkunin á þessum flokki 58% og verður þá verðlagsbreytingin frá 1914—1918 á þessa leið:

	Árið 1914	Árið 1918
Til matvæla	325	861
Til eldiviðar og ljósa	74	482
Til fatnaðar	118	240
Til húsnæðis	138	230
Til annara þarfa	345	638
	1000	2451

Samkvæmt þessu ætti að mega telja hækkun á útgjöldum til heimilisþarfa á þessu tímabili frá 100 til 245,1 eða um 145%. Gjöldin hafa margfaldast með tölunni 2,451. Þessa tölu mætti kalla »verðlagsstuðul 1918«, miðað við árið 1914.

Það breytir eigi þessari niðurstöðu að neinum mun, þó að skift sje nokkuð öðruvísi í gjaldaflokkana. Til þess að sýna þetta er verðbreytingin frá 1914—1918 reiknuð hjer eftir fernskonar gjaldaflokkun:

A. Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá þeim, sem eyða yfir 3000 kr. að meðaltali (skv. ritgj. Ryggs).

B. Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá þeim, sem eyða undir 3000 kr. að meðaltali (sama ritgerð).

C. Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá öllum að meðaltali (sama ritgerð).

D. Eftir því sem flokkaskiftingin er samkvæmt reiknaðri áætlun fyrir heimili með ca. 1500 kr. árstekjum (Sociale Meddelelser 1918, I. bls. 22).

	A		B		C		D	
	1914	1918	1914	1918	1914	1918	1914	1918
Matvæli	241	639	311	824	285	755	480	1272
Eldiviður og ljós	37	241	48	312	44	286	54	352
Fatnaður	129	264	139	285	135	277	126	258
Húsnæði	135	225	149	249	144	240	156	260
Annað	458	847	353	653	392	725	184	340
	1000	2216	1000	2323	1000	2283	1000	2482

Verðlagsstuðullinn breytist frá 2,216 til 2,482, og getur það ekki talist mikið, þar sem hann er svo hár undir. Hjer er auðvitað gert ráð fyrir því, að eyðslan innan hvers útgjaldaflokks sje proportional við það, sem háskólaskýrslan sýnir. Nú er það að vísu sjálfsagt, að fólk reynir að haga sjer þannig eftir dýrtíðinni, að það fái bæði næringu sína og aðrar nauðsynjar fyrir sem lægst verð. En engin tök eru á því að svo stöddu að gera grein fyrir því, hverja niðurfærslu á útgjöldum breyttir lífnaðarhættir fólks kynnu að hafa í för með sjer.

Í »Verðlagsskrá« þá, sem hjer fer á eftir, eru nú teknar einstakar vörutegundir og verðbreytingar á þeim hafðar fyrir sýnishorn um verðbreytingu á þeim vöruflokki, sem þær tilheyra. Þannig er t. d. verðbreyting á hveiti og rúgmjöli höfð sem sýnishorn af verðbreytingu kornvöru, verðbreyting á íslensku smjöri og mjólk höfð til þess að sýna verðbreytingu feitmetis o. s. frv. Öllum útgjöldum er nú skift í 15 jafna hluti, og sýnir »notkunartalan«, hve margir hlutir eigi að koma á hverja gjaldagrein. Þannig eru útgjöld til kornmatar talin 1 fimtándi hluti árseyðslunnar, útgjöld til feitmetis 2 fimtándu hlutar o. s. frv. Um matvæli og eldivið eru notkunartölurnar teknar eftir háskólareikningunum. Samkvæmt

sundurliðuninni á bls. 2 eiga ca. 5 hlutir að koma á matvæli, ca. 1 á eldivið og ljós, ca. 2 á fatnað, ca. 2 á húsnæði og ca. 5 á aðrar þarfir. Að því er kemur til matvæla, eldiviðar og ljósa, þurfa þá notkunartölurnar engra frekari skýringa við.

Um fatnaðinn er það að segja, að verðbreytingar á honum eru taldar stafa nokkurnveginn jafnt af verðbreytingum efnis og vinnu. Er breyting á ullarverði látin sýna verðbreytingu efnisins, en Dagsbrúnartaxti breytingu vinnulauna. Sama er að segja um húsnæðið. Þar er verðbreyting timburs látin sýna verðbreytingu efnis og — eftir bendingu forstjórans í »Völundi« — valin 6″ × 1″ borð. Þá er kominn 1 hluti á ull, 1 á timbur og 2 á vinnulaun. Þá eru eftir þeir 5 hlutirnir, sem koma á síðasta gjaldaflokkinn. Útgjöldin í þeim flokki eru svo sundurleit, að naumast verða fundnir fáir gjaldaliðir, er sýni breytingar á þeim flokki. Ýmislegt í honum mætti miða við vinnulaun, t. d. hjúakaup og aukahjálp, ef til vill læknishjálp o. fl. Sumt breytist þar alls ekki (ýms fastagjöld, líftrygging o. s. frv.). Í verðlagsskránni er 1 af þessum 5 hlutum settur á vinnulaun, en hinir 4 látnir vera óbreytanlegir. Alls verða þá 3 hlutir á vinnulaunum, en 4 hlutir verða fastatala. Tölurnar í síðasta dálkinum (með yfirskriftinni H) eru nú fundnar með því að margfalda hlutföllin milli verðsins árið 1918 og verðsins árið 1914 með notkunartölunum. Verðlagsstuðullinn fæst þá með því að leggja þær tölur saman og deila með 15 í summuna. Rjett þótti að miða verðlagsskrá þessa við *haustið* 1918, þar sem gert er ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar, að miðað sje við haustverð ár hvert. En þar sem nokkur hækkun hefir orðið á nauðsynjum frá því í apríl 1918 — sem háskólareikningurinn er miðaður við — þangað til um haustið, er eigi nema eðlilegt, að verðlagsstuðullinn verði lítið eitt hærri en sá, sem áður var fundinn (2,57 í stað 2,45). Sumt af þessum liðum mun ef til vill þykja hæpið að nota sem fullgild sýnishorn á verðbreytingum nauðsynja, svo sem t. d. ullina og timbrið í sambandi við vinnulaun, til þess að breytingu á útgjöldum til fatnaðar og húsnæðis, með því að samband verðbreytinga þessara liða við breytingu á þeim útgjaldaflokkum, sem þær eru sýnishorn af, sje ef til vill ekki nógu fast. Líkt mætti segja um eldiviðinn; kol og mór er notaður í mjög mismunandi hlutföllum, og getur það haft nokkur áhrif á verðbreytingu þess gjaldaflokks. Það mætti þá líka stytta verðlagsskrána, og láta hana að eins ná til matvælanna. En þar sem það hefði töluverða hækkun á verðlagsstuðlinum í för með sjer, mætti laga það, með því að láta uppbótina samkvæmt verðlagsskrá ekki ná til allra launanna, en þó til meiri hluta þeirra en þess, sem ætla má að fari til matvælakaupa. Verðlagsskráin yrði þá ekki nema fyrri hluti töflunnar, aftur að tvöfalda strikinu. Meðalvegurinn væri nú að beita þeim verðlagsstuðli, sem sú verðlagsskrá sýnir, á $^2/_3$ launaupphæðarinnar ($^1/_3$ hennar er gert ráð fyrir að fari til matvælakaupa). Mundi þá öll launaupphæðin margfaldast með tölunni 2,45. (Verðlagsstuðull matvæla er 3,17 og $\frac{2 \cdot 3{,}17 + 1}{3} = 2{,}45$). Nær væri ef til vill að taka til $^3/_4$ launaupphæðarinnar. Þá myndi hún öll margfaldast með $2{,}63 \cdot \left(\frac{3 \cdot 3{,}17 + 1}{4} = 2{,}63\right)$

	Notkunartala n	Verð (kr.) 1914 a	Eining	Verð (kr.) 1918 x	$H = \frac{nx}{a}$
Rúgmjöl	1/2	0,19	kg	0,67	1,76
Flórmjöl	1/2	0,31	kg	1,03	1,66
Kindakjöt (nýtt)	1	0,59	kg	1,70	2,88
Smjör (íslenskt)	1	1,96	kg	7,00	3,57
Mjólk	1	0,22	lit.	0,80	3,64
Saltfiskur	1/3	0,40	kg	1,05	0,88
Kaffi (Rio)	1/3	1,65	kg	2,60	0,53
Sykur (hógginn)	1/3	0,53	kg	1,49	0,94
Summa notkunartalna...	5	Summa H-talna			15,86
Flutt að ofan (matv.)...	5				15,86
Kol	1/2	5,50	skpd	52,00	4,73
Mór	1/4	12,00	tonn	45,00	0,94
Steinolía...	1/4	0,18	liter	0,60	0,83
Ull	1	1,64	kg	3,89	2,37
Timbur (1"×6" borð)...	1	2,10	rúmfet	7,00	3,33
Vinna (Dagsbrúnarkaup)	3	0,35	klst	0,75	6,43
Fastatala	4				4,00
Summa notkunartalna...	15	Summa H-talna			38,49

Verðlagsstuðullinn haustið 1918 (miðaður við 1914)

38,49 : 15=2,57.

Verðlagsstuðull matvæla

15,86 : 5=3,17.

27. Frumvarp

til laga um skrásetning skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Til þess að skip geti með skrásetning hjer i ríkinu öðlast rjett til að hafa islenskan fána, verða að minsta kosti 2/3 hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins hjer.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer i rikinu og heimilt er að hafa islenskan fána, skulu hafðar skipaskrár. Á aðalskrá skal

færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, ef um er spurt. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum bjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skal hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofa annast um, að þau fái þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann í aftari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhversstaðar annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.). Í Reykjavík skal sett á stofn aðalskrásetningarskrifstofa. Forstjóra hennar skipar konungur, og skal hann hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 5500 kr. Á skrifstofunni skal vera 1 fastur skrifari með 1600 kr. í byrjunarlaun, er hækki eftir 3, 6 og 9 ár um 200 kr. í hvert sinn upp í 2400 kr. Kostnaður allur við skrifstofuna greiðist úr ríkissjóði. Skipaskrár þær, sem getur um í 2. gr., skulu haldnar á skrifstofunni, og þar skulu og gefin út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, þjóðernisskírteini og mælingarskírteini, sem um er rætt í 2., 13. og 21. gr. Fjármáladeildin ákveður, hvernig framangreind skírteini skuli útbúin, hverjar bækur aðrar en skipaskrárnar skuli haldnar á skrifstofunni og hvernig alt fyrirkomulag skrifstofunnar að öðru leyti skuli vera.

5. gr.

Ríkinu er skilt í lögskráningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi lögskráningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í lögskráningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess og alt af skulu kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr. og haldin er í Reykjavík, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera álitið íslenskt skip, eða að það sje komið undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sje það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmis sins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í. — Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með: 1) skipasmíðisskírteinið, og hafi orðið eigandaskifti síðan skipið var bygt, þá enn fremur heimildarbrjef þess eða þeirra, er vilja láta skrásetja það sem sina eign. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og eftirriti, og verður eftirritið kyrt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar; 2) skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sjeu þesskonar menn, sem heimilt sje að eiga skip, er hefir íslenskan fána, samkvæmt 1. gr., eða ef skipið er eign hlutafjelags, þá skriflega yfirlýsing, einnig upp á æru og trú, frá stjórn fjelagsins um, að skilmálum, sem settir eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslenskt skip, sje fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið skuli ekki vera vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og íslensk skip hafa. — Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningarembættismanns eða að sjá um, að hún sje staðfest af nótarius. — Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sje heimilt að eiga skip, sem hefir íslenskan fána, þá verður hann að

sanna það með skírteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima. — Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hjer eru heimtuð, ef komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt svo að nægi.

10. gr.

Þegar búið er á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, í skjal, sem gert er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Reykjavík. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur skrifstofan krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða annast mælinguna sjálf, ef henni þykir ástæða til þess. Skrifstofan getur og krafist nýrri og frekari upplýsinga um þau atriði snertandi skrásetninguna, sem óljós eru. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og önnur nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt skilríkjum þeim, er fyrir liggja. Neiti lögskráningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að lögskrá skipið, þá getur eigandinn eða eigendur krafist þess, að hún sendi aðallögskráningarskrifstofunni í Reykjavík rökstudda neitun sína ásamt með lögskráningarskjölunum. Fallist aðallögskráningarskrifstofan ekki á neitunina, endursendir hún skrifstofunni skjölin með fyrirskipun um að framkvæma nauðsynlegar lögskráningarráðstafanir, en að öðrum kosti getur eigandinn eða eigendurnir krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Sama gildir jafnan ef aðallögskráningarskrifstofan neitar að lögskrá skip. Neiti aðallögskráningarskrifstofan að gefa út leiðarbrjef eða bráðabirgðaskírteini samkv. 21. gr. eða láta nýtt skírteini fyrir eldra skírteini, getur eigandi eða eigendur skipa skotið ágreiningnum til fjármáladeildarinnar, sem úrskurðar það mál endanlega.

11. gr.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrifstofan út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það lagað eftir formála þeim, sem í hvert skifti gildir fyrir íslensk skip, og mælingarskírteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) send skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, hið bráðasta, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), og leiðrjetta nettó-smálestatalið o. fl., ef rangt er, og skal hlutaðeigandi skipi síðan skilað skírteininu, þá er búið er að rita nafn skipstjóra á það og upplýsingar um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í hinu síðarnefnda umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða

islenskum verslunarfulltrúa eða þeim, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins. Það er bannað, að neitt sje ritað á skírteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum verslunarfulltrúa eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Skip, sem er smíðað erlendis á kostnað einhvers þess, sem samkv. 1. gr. fullnægir skilyrðunum fyrir að vera eigandi íslensks skips, eða er komið í íslenska eign, getur ekki orðið skrásett fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi. — Þó skal íslensku verslunarfulltrúunum, eða þeim, sem fara með þetta starf vegna ríkisins, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim þau skilríki, sem um er rætt í 9. gr., 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini, þangað til skipið verður skrásett fyrir fult og alt. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda: 1) nafn skipsins, og hverskonar skip það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt, og nafn hins íslenska eða hinna íslensku eigenda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og fengist geta eftir atvikum um smálestatal þess, lögun og lýsingu á því; 5) hversu lengi skírteinið sje gilt. Undir eins og verslunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Reykjavík. Slíkt bráðabirgða-þjóðernisskírteini er samt ekki lengur gilt en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á íslenska höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, ef aðallögskráningarskrifstofan í Reykjavík veitir ekki sjerstaklega leyfi til þess. — Skipstjórinn á skrásettu íslensku skipi, sem smíðað er upp aftur erlendis, getur krafist af næsta íslenskum verslunarfulltrúa, eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, að hann láti sig fá skírteini, er veiti sjer heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sje breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Ekki getur slíkt skírteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á sjerhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aftan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess

eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forðast, að fjandmennirnir taki það. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með.— Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Sje þess farið á leit við aðalskrásetningarskrifstofuna í Reykjavík, má hún í staðinn fyrir áður útgefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini láta koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur. — Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini skrásetts skips glatast, má aðalskrásetningarskrifstofan í Reykjavík láta úti nýtt skírteini, ef þess er farið á leit við hana. — Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skírteini er gefið út, án þess að skipið um leið sje mælt um, skal ekki gjalda neitt fyrir það. — Týnist þjóðernis- og skrásetningarskírteinið erlendis, getur næsti íslenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sje gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skírteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skírteinið týndist.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aftur. — Hafi skipið farist erlendis, skal íslenskum verslunarfulltrúa, eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, skýrt frá því, eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skírteininu. — Verslunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, á sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan væri fullgerð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska verslunarfulltrúanum, eða þeim, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á hann að senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur verslunarfulltrúi er, eða nokkur, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, verður sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, að útvega sönnun, staðfesta af nótariusi, um söluna, og senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, á rjettarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara

fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti íslenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, að sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði nokkur breyting á eignarrjettinum yfir skipinu, sem þó ekki snertir rjett þess að hafa íslenskan fána, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., þá ber eigandanum, og sje annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskirteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skirteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett af nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á. Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skirteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá á aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima hjer í ríkinu, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur aðalskrásetningarskrifstofan í Reykjavík, ef þess er farið á leit, leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi innan tjeðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur skrásetningarskrifstofan, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar skrásetningarskjöl skipsins hafa borist henni, en eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið strax fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, svo að skipið þarf að fara erlendis án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru undir 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær hjer greint bráðabirgðaskírteini, skal nettó-smálestatala og skrásetningarstafirnir markaðir á það samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svikja út skrásetning á skipi, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 2 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettósmálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningarskírteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 4 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettósmálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skírteinið sje ógilt, og skal það gert upptækt undir eins og verður.

24. gr.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 50 kr. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu og það er gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 4 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður fyrir farast að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skírteinið — ef skipið er enn til — sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 20 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðan við þau.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn, og sjeu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafjelög eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektar allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, um leið numin úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sambandslaganna er breyting á gildandi skrásetingarlögum óhjákvæmileg. Endanleg skrásetning skipa fór áður fram á skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, en um leið og Ísland er viðurkent fullvalda ríki og má þar af leiðandi ekki hafa annan fána en sinn eiginn, liggur það í hlutarins eðli, að endanleg skrásetning verður að fara fram á Íslandi. Í þessu frumvarpi er ákveðið, að skrásetningin skuli heyra undir þá deild stjórnarráðsins, sem tollmálin heyra undir, fjármáladeildina, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sinu heyra undir dómsmálaráðuneytið. Gert er ráð fyrir, að í Reykjavík sje sett á stofn sjerstök skrásetningarskrifstofa, er hefir aðalframkvæmdir á skrásetningunni. Aðrar breytingar en þær allra nauðsynlegustu hafa ekki verið gerðar á skrásetningarlögunum, enda gert ráð fyrir, að skrásetningarstjórinn verði látinn fara utan til að afla sjer nauðsynlegrar sjerþekkingar, og ætti þá skrifstofan að geta orðið til aðstoðar við undirbúning skrásetningarlaga, en nú sem stendur er lítil völ á sjerþekkingu í þessu efni. Það liggur í hlutarins eðli, að þar sem í skrásetningarlögunum frá 13. des. 1895 er talað um danskt

flagg, kemur nú íslenskur fáni, og eins liggur það í hlutarins eðli, að bugtakið íslenskt skip er nú ákveðið í samræmi við ríkisviðurkenninguna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er hjer greinir:

Um 1. gr.

Til þess að skip með skrásetningu geti öðlast rjett til að hafa íslenskan fána verða $^{2}/_{3}$ hlutar skipsins að vera eign hjer búsettra manna, er hafa haft heimilisfestu hjer í 1 ár. Í núgildandi lögum eru skilyrðin annaðhvort innborinna manna rjettur eða búseta. Hjer er farin sú leið að gera ekki innborinna rjettinn að skilyrði, en hins vegar er búsetan í þrengsta skilningi ekki látin nægja, en þess krafist, að hlutaðeigandi hafi haft eins árs heimilisfestu. Með því er girt fyrir það, að erlendar þjóðir undir sjerstökum kringumstæðum í bili komi allmiklu af flota sínum undir íslenskan fána, en af því gætu að sjálfsögðu leitt óþægindi gegn öðrum þjóðum. Í sjálfu sjer mætti í þessu sambandi gera búsetu í þrengri skilningi að eins að skilyrði fyrir ríkisborgarana eða þá, sem með samningi hafa sama rjett, en krefjast lengri heimilisfestu fyrir aðra, en sú leið, sem hjer er farin, virðist einföldust. Að því er hlutafjelög snertir verða allir stjórnarnefndarmennirnir að fullnægja framangreindum skilyrðum um búsetu og heimilisfestu, en hluthöfunum eru ekki sett nein sjerstök skilyrði, öðrum en þeim, sem kynnu að vera í stjórninni. Aftur er almenna heimildin fyrir stjórnarráðið í 1. gr. siglingalaganna, til þess að veita stjórnendum hlutafjelaga undanþágu frá ofannefndum skilyrðum, ekki tekin hjer upp.

Um 2. gr.

Aðalbreytingarnar stafa af ríkisviðurkenningunni. Hjer er, með tilvísun til tveggja konungsúrskurða um íslenska fánann, íslenskum skipum bannað að hafa annan fána en íslenska þjóðfánann. Gert er ráð fyrir, að ákveðið verði með sjerstökum konungsúrskurði, hver skip megi hafa póstfánann og hver klofna fánann hreinan.

Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til sjerstakra athugasemda.

Um 4. gr.

Skrásetning á skipum mun ekki vera í eins góðu lagi og æskilegt væri, en hins vegar mjög þýðingarmikið, að sem best skipulag komist á skrásetninguna og hún geti gengið fljótt og greiðlega. Fyrir þessu verður best sjeð með því að fela sjerstakri skrifstofu starfið. Að vísu mætti telja mjög æskilegt að komast hjá því að stofna nýtt embætti í þessu skyni, en þó skrifstofan væri ekki sett á stofn, en starfið látið vera í stjórnarráðinu, þá yrði að fela það sjerstökum manni þar, og yrði auðvitað einnig því samfara kostnaður. En auk þess er lögskráningin með öllu óskyld þeim störfum, sem eðlilega heyra undir stjórnarráðið, og enn er það fyrirsjáanlegt, að skipastóll vor mun vaxa ár frá ári og starfið verða stöðugt umfangsmeira. Ekki væri heldur í sjálfu sjer óeðlilegt, að skrifstofunni yrði falið ýmislegt eftirlit með skipum þegar tími líður fram. Mæling skipa er gert ráð fyrir að lögskráningarstjórarnir framkvæmi hver í sínu umdæmi, eins og hingað til hefir verið, en þó getur lögskráningarskrifstofan, ef sjerstök ástæða

er til, mælt upp eða látið mæla skip upp, og er að sjálfsögðu gengið út frá, að lögskráningarstjóri sje mælingarfróður og geti leiðbeint í því efni. Að sjálfsögðu verður tilskipunin handa Íslandi um skipamælingar frá 25. júní 1869 endurskoðuð eins fljótt og því verður við komið. Rjett þykir að ákveða með reglugerð alt nánara fyrirkomulag skrifstofunnar, hvaða bækur skuli færðar þar o. s. frv.

Um 5.—9. gr.

Ekki sjerstakar ástæður til athugasemda. Hjer eru að mestu tekin upp samskonar ákvæði skrásetningarlaganna frá 13. des. 1895, með þeim breytingum, sem leiða af ríkisviðurkenningunni og af því, að endanleg skrásetning er flutt heim.

Um 10. gr.

Bráðabirgðalögskráning sú, sem fór fram hjer á landi vegna þess, að endanlega skrásetningin var í Kaupmannahöfn, er að sjálfsögðu feld hjer í burtu.

Það verður að telja þýðingarmikið að geta fengið skip lögskráð, og er því svo ákveðið í þessari grein, að ef aðallögskráningarskrifstofan neitar skipi um lögskráningu, þá skuli hún rökstyðja úrskurð sinn um synjunina skriflega, en sá, sem fyrir neituninni verður, má skjóta úrskurðinum til dómstólanna. Með því er öruggust trygging fyrir, að enginn missi rjettar síns í þessu efni. Aftur þykir sjálfsagt að skjóta synjunarúrskurði skrifstofunnar um að gefa út bráðabirgðaskírteini þau, er ræðir um í greininni, undir úrskurð stjórnarráðsins, þar sem dómstólaleiðin mundi hjer of umsvifamikil, en atriði þau, sem á að úrskurða um, þarfnast skjótra úrslita.

Um 11.—29. gr.

Hjer er að efninu til að mestu leyti fylgt skrásetningarlögunum frá 13. des. 1895, en breytingar þær, sem gerðar hafa verið, svo augljósar, að þær þurfa ekki skýringa.

Um 29. gr.

Bráðabirgðalög um skrásetningu skipa, sem gefin voru út 30. nóv. 1918, er ætlast til að gildi til 1. jan. 1920 eða þangað til þessi lög koma í gildi.

28. Frumvarp

til laga um hæstarjett.

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þesi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum heyra undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti. Dómstjóri hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr.

5. gr.

Eigi má dóminn setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því og telja má dómaraefni sjerstaklega hæft.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörfaðir eða fósturfaðir, kjörsonur eða fóstursonur.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörfaðir eða kjörsonur, fósturfaðir eða fóstursonur.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann geti eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti, geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Skal hann hafa að byrjunarárslaunum 3500 kr., er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti uns þau hafa náð 5000 krónum.

Hæstarjettarritari skal hafa lokið lagaprófi og að öðru leyti fullnægja almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.

2. Heldur bækur hæstarjettar.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.

4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.

5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.

6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.

7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.

2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.

4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.

6. Brjefabók.

7. Aukatekjubók.

8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 200 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þegar mál er flutt skriflega, er þeim þó rjett að fela fulltrúa sínum eða öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni að sækja dómþing og leggja fram skjöl eða taka frest. Í sama skyni geta þeir og annars sent sömu menn í sinn stað, ef þeir geta eigi sjálfir sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Annars er þeim eigi skylt að annast mál manna fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls sins maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkynum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum, svo og þjónum, er eigi hafa verið sjerstaklega ráðnir til málflutnings, enda hafi þeir verið fastráðnir að minsta kosti 6 mánaða tíma. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje eða samband hans við aðilja sje slikt sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann og fyrirgert leyfi sínu, meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flyst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hann hefir þrisvar sinnum verið sektaður af hæstarjetti fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður ritari í samráði við dómstjóra, hvaða dag sú athöfn skuli fram fara og auglýsir það að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag á þeim stað, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í, samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstirjettur ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettar-málum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir slíkra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal viðkomendum skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum til hæstarjettar eftir þeim reglum, sem gildu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, bjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið út af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 100 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 100 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim eftir 1. eða 2. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn, eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því aftur til hæstarjettar, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt, og honum hefir eigi verið sjálfum um að kenna, að áfrýja máli sínu fyr.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer og gilda svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan hefði orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sina eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að dómsúrlausn verði að eins breytt að efni til, að máli verði vísað heim til löglegri meðferðar, að því verði vísað frá undirdómi eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við. Enn fremur má gera kröfur á hendur dómara, sem með mál hefir farið í hinum óæðra dómi, svo sem áður hefir tiðkast.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tiðkast hefir, eftir því sem samrýmanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tiðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, fram í skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum.

37. gr.

Áfrýjandi skal gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er hann hefir áfrýjað, um það, er hann telur mestu máli skifta, og leggja fram í skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök af ágripi þessu sem dóminum nægir og gagnaðilja.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefir á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar sakar frá hæstarjetti, skal hann skýra gagnaðilja frá því áður en málflutningur hefst, og skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur mál-

flytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvérnig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutan rikisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Atkvæði greiða dómarar eftir embættisaldri sínum i hæstarjetti, og dómstjóri þó ávalt síðast. Ræður afl atkvæða úrslitum, ef ágreiningur verður. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja i hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest i dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir undirritar hæstarjettarritari, en gefa skal þær út i nafni dómsins og með innsigli dómsins undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld við hæstarjett skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	15	—
Fyrir úrskurði	5	—
Fyrir fresti	4	—
Fyrir dómkvaðning matsmanna	4	—

fyrir hvern, sem kvaddur er.

Greiða skal sama gjald i gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Gjöldin renna i rikissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slikar sektir skulu renna i rikissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing að nauðsynjalausu,

skal hann greiða 50 króna aukagjald, til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Nú sækir stefndur eigi dómþing eða lætur sækja að nauðsynjalausu, og skal hann greiða 10 króna gjald í ríkissjóð.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 1. liðar.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og hústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 2 ára frá því, er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 2 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, ef málflutningsmenn flytja málið af beggja aðilja hálfu og æskja báðir skriflegrar meðferðar.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra mála, sem áfrýjað hefir verið til hæstarjettar Danmerkur frá landsyfirdómi áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt, þegar lögin ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar eftir ákvæðum þessara laga.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi: nl. N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, til 18 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1817, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Æðsta dómsvald í íslenskum málum hefir verið í öðru landi alt frá því, er Járnsíða var lögtekin hjer árið 1271—1273. Samkvæmt Jónsbók, Þingfararb. 4, átti konungur og »bestu menn« æðsta dómsvald íslenskra mála, og hjelst það þar til hæstirjettur Dana var á stofn settur 1660. Síðan hefir þessi dómstóll verið æðsti dómstóll í íslenskum málum.

Mönnum hefir lengi þótt það óhentugt að sækja dóm á mál sín í annað land undir menn, sem ókunnugir eru íslenskri tungu og því íslenskum lögum á frummálinu og íslenskum högum. Dómsgerðir hefir orðið að þýða á danska tungu. Hefir það bæði valdið kostnaði og fyrirhöfn. Þar að auki verður skjal í þýðing, þar er á reynir, oft eigi jafntryggur grundvöllur undir dóm sem skjal á frummáli. Lög vor nú á tímum hafa að vísu verið þýdd á dönsku, en sú þýðing er og hefir stundum verið ófullkomin. Og verður þó hæstirjettur Dana, þar sem tilviljun er, ef dómendur skilja íslensku, að fara eftir þeirri þýðingu. Dráttur verður venjulega mjög langur, einatt árum saman, á íslenskum málum, vegna þess, að dómsúrlausn þeirra hefir orðið að sækja út úr landinu.

Á Íslandi hafa menn lengi æskt breytingar á þessu, og þegar í stöðulög-

unum 2. jan. 1871, 3. gr. l., er gert ráð fyrir því, að til þess geti komið, meðan stöðulögin sjeu í gildi, að æðsta dómsvald í íslenskum málum verði flutt inn í landið sjálft, og falli þá niður dómsvald hæstarjettar í þeim málum.

Og í frumvarpi millilandanefndarinnar frá 1907, 3. gr. 7, var svo ákveðið, að íslenska löggjafarvaldið gæti tekið æðsta dómsvald í íslenskum málum til sín, þegar það vildi koma þeirri skipun á.

Samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum 30. nóv. 1918 er Ísland fullvalda ríki, og jafnframt hefir það þá auðvitað fengið viðurkenda heimild sína til að skipa æðsta dómsvaldi sínu svo, sem því þykir best henta, sjá 10. gr. samlaga 30. nóv. 1918; þar sem landið er fullvalda ríki og hefir fengið viðurkenningu sambandsríkis síns á fullveldi sínu, virðist ófallið, að það sæki lengur dóm á mál sín til dómstóls í öðru ríki, auk þess sem allir sömu annmarkar eru á því skipulagi nú sem áður voru og nefndir hafa verið. Því er hjer farið fram á það, að æðsta dómsvaldið sje flutt inn í landið.

Um I. kafla.

Hjer eru almenn ákvæði um æðsta dómsvaldið. Það virðist verða komist af með 2 dómstóla, hjeraðsdómana og hæstarjett. Mikill meiri hluti mála vorra hafa sætt fullnaðardómi í yfirdómi, svo að breytingin er að þessu leyti eigi allstórkostleg.

Um 1.—3. gr.

Hjer er þess að geta, að sú breyting er á ger, að synodalrjetturinn verður öðruvísi skipaður eftir 3. gr. en nú er, með 3 dómendum úr hæstarjetti og 2 guðfræðingum, í stað dómstjóra yfirdómsins, biskups og 3 guðfræðinga. Verður synodalrjetturinn æðsti dómstóll í málinu, sem eftir 4. gr. tilsk. 27. nóv. 1816 heyra undir prófastarjett, svo og í málum á hendur biskupum, er undir hæstarjett heyrðu samkvæmt N. L. 1—2—11. Að öðru leyti er ætlast til, að dómsmálum, hvernig sem með þau hefir verið farið í hjeraði, megi skjóta til hæstarjettar, ef þau eru á annað borð svo vaxin, að þeim verði áfrýjað til æðra dóms að lögum.

Um II. kafla.

Hjer greinir, hversu dóminn skal skipa og hversu hann skal halda. Um einstakar greinar skal það athugað, er hjer segir:

Um 4. gr.

Eigi þykir fært að hafa dómendur færri en 5. Dómur þeirra verður fullnaðarúrslit, og því virðist þurfa aukna tryggingu frá því, sem nú er, um tölu og hæfileika dómara. Því er og óhjákvæmilegt, að laun dómenda í hæstarjetti sjeu sómasamleg, svo að þeir þurfi eigi annað að leita til þess að geta lifað sæmilega. Þar sem það er bæði samkvæmt ákvæðum og anda stjórnskipunarlaga vorra, sbr. stjkpl. nr. 12. 19. júní 1915, 11. gr., og er heimtað af almenningsálitinu, að æðstu dómarar landsins gefi sig eigi við launuðum, föstum störfum utan embættis síns, þá leiðir af því, að laun þeirra verða að vera sæmileg. Í lögum verða takmörk trauðla sett um það, hvað hæfi dómara að vinna slíkra aukastarfa. Stjórn eða starfsemi í atvinnustofnunum mundi t. d. eigi þykja sam-

andi. Starfsemi sem rithöfundur mundi hins vegar alment vera talin samrýmanleg, auðvitað að því tilskildu, að embættisstörfin yrðu óaðfinnanlega rækt alt að einu. Embættislaun dómenda samanlögð yrðu 42000 kr. á ári, og mundi kostnaðarauki á þeim lið verða nál. 23000 kr. frá því, sem verða mundi, ef yfirdómaralaunin yrðu bætt svo sem til er ætlast í frumvarpi stjórnarinnar um laun embættismanna. Og mundi þó mega draga frá dýrtíðaruppbót, er yfirdómarar mundu fá eftir tjeðu frumvarpi. Hins vegar sparast almenningi og landssjóði allmikið fje, ef æðsta dómsvaldið er flutt inn í landið. Einstakir menn eða ríkisvaldið, sem hefir þurft að skjóta málinu til hæstarjettar Dana, hafa orðið að bera mikinn kostnað af því, svo sem af þýðing á skjölum, málflutningskaup o. s. frv. Svo er sjálfsagt að hækka nokkuð rjettargjöld í hæstarjetti frá því, sem nú er í yfirdómi, og yrðu þau þó eigi hærri en rjettargjöld, er menn verða nú að borga út úr landinu. Aukinn kostnaður yrði því í raun rjettri mjög lítill, þegar að er gætt. Og í þann kostnað er eigi horfandi í slíku máli, því að eigi er fullvalda ríki vansalaust að sækja æðstu úrslit mála sinna undir dómstól annars ríkis.

Um 5. gr.

Hefir að geyma alveg samsvarandi ákvæði þeim, er nú gilda um landsyfirdóminn.

Um 6. gr.

Skilyrði þau (1—3), er hjer segir, þykja annarsstaðar nauðsynleg til að tryggja mannval í æðsta dómstóli. Miðað við vora hagi virðist eigi með öðrum hætti betur verða sjeð fyrir því, að hæfustu mennirnir, sem völ verður á, verði skipaðir í dóminn.

Um 7. gr.

Rjett þykir að greina það, hve nær dómari skuli óhæfur talinn til meðferðar einstakra mála. Skiftir það miklu, að eigi komi hlutdrægnisorð á æðsta dómstólinn, og er hjer því ákveðið, að dómari skuli víkja nokkru oftar en tíðkast hefir hingað til í yfirdómi. Á þetta þó aðallega við um 3. lið.

Um 8. gr.

Er í samræmi við þá dómstólavenju, sem lengi hefir haldist.

Um 9. og 10. gr.

Það virðist ekki verða hjá því komist að skipa hæstarjettarritara. Starf hans er greint í aðaldráttum í 10. gr. Þar sem sjálfsagt er, að hæstarjettarritari sje embættisgengur lögfræðingur, verður ekki viðlit að launa hann minna en stungið er upp á.

Um 11. gr.

Þykir eigi þörf að skýra.

Um 12. gr.

Það virðist hallkvæmast að fela dómsmálaráðherra að ákveða í samráði

við dóminn, hve nær dómþing skuli haldið, því að hið breytta skipulag á málsmeðferð sýnir það væntanlega, hver tilhögun í því efni verður hentugust.

Um III. kafla.

Hjer eru greindar þær reglur, sem ætlast er til að gildi um málflutningsmenn í hæstarjetti. Í raun rjettri stendur á nær því jafnmiklu, að málflutningsmenn sjeu starfi sínu vaxnir, sem að dómarar sjeu það. Dóm sinn byggja dómendur eftir dómvenju og lögum vorum á því, sem málflytjendur bera fram, og því er nauðsynlegt, að málflytjendur sjeu bæði vitrir menn og vel að sjer um alt.

Um 13. gr.

Skilyrði til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður verða hin sömu sem eru sett í lögum nr. 17, 20. okt. 1913, til þess að verða yfirdómsmálflutningsmaður, að því viðbættu, að nokkurskonar málflutningsprófs er krafist og 1. einkunnar í lagaprófi. Eru þau skilyrði í samræmi við það, sem annarsstaðar tíðkast um hæstarjettarmálflutningsmenn.

Um 14. og 15. gr.

Þarf eigi að skýra.

Um 16. gr.

Ákvæðið um skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanna í Reykjavík og búsetu þykir sjálfsagt, því að þar á að halda hæstarjett. Svo er og um það, að hæstarjettarmálflutningsmenn eiga venjulega að vinna sjálfir þau störf, sem fyrir dómi eiga að fara fram. Þeir verða því og að eiga heimilisfang í Reykjavík eða í grend við hana. Ákvæðið í 2. málsgrein er í samræmi við þær reglur, sem annars hafa verið taldar gilda, enda er ríkari ástæða til að heimta að málflutningsmaður vinni störfin fyrir dómi sjálfur, þar sem málflutningur er munnlegur, heldur en þar sem hann er skriflegur.

Um 17. gr.

Það þykir eðlilegt að skylda hæstarjettarmálflutningsmenn til þess að flytja opinber mál (sakamál og almenn lögreglumál), auðvitað gegn endurgjaldi, sem í dóminum segir. Að öðru eru engin nýmæli í þessari grein.

Um 18. gr.

Er að mestu í samræmi við N. L. 1—9—14, sem gildir um landsyfirdóminn. Að eins eru skýrar ákveðin takmörkin — og þar með nokkuð þrengd — um það, hverja frændur sína og þjóna aðili megi láta flytja mál fyrir sig, og jafnframt bætt við námágum og maka. Enn fremur þykir rjett að taka það berum orðum fram, að aðrir umboðsmenn aðilja, og það þótt þeir flytji mál annars í sjálfs sín nafni (»mandatarius), en þeir, er í greininni segir, skuli hafa málflutningsleyfi við hæstarjett.

Um. 19. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um 20. gr.

Sum skilyrðanna samkvæmt 13. gr. eru þess eðlis, að þeim verður eigi glatað. Svo er um prófseinkunn, málflutningspróf og aldur. Hinum almennu skilyrðunum í upphafi 13. greinar, svo og skilyrðum um skrifstofuhald og búsetu, verður þar á móti öllum glatað. Þau eru skilyrði til að fá leyfið, og missir þeirra hlýtur því að hafa í för með sjer missi leyfisins. Eftir tilsk. 3. júní 1796, 11. gr., og 144. gr. sbr. 155. gr. alm. hegningarlaga, má auðvitað dæma mann til að hafa fyrirgert málflutningsleyfi sínu, en þar að auki virðist rjett, að hæstirjettur geti beinlínis heimtað, að leyfið sje tekið af manni, þegar svo stendur á, sem í niðurlagi greinarinnar segir.

Um IV. kafla.

Hjer eru töld þau sjerákvæði um stefnur og stefnufrest, er til er ætlast að gildi um hæstarjett. Að öðru leyti verður að fara eftir almennum reglum, er hingað til hafa gilt um stefnur til yfirdóms, sbr. og 5. gr. tilsk. 15. ág. 1832.

Um 21. gr.

Hjer greinir sjerákvæði um stefnur í einkamálum. Gert er ráð fyrir því, að eigi sje unt að ákveða þingfestingardag í stefnu, vegna þess að málflutningur er munnlegur og því eigi hægt að vita með vissu, hve nær fært verði að taka hvert mál fyrir. Hins vegar þykir mega telja víst, að svo nærri verði komist, að mánuðinn megi til taka. Svo er aðiljum eða á að vera unt að afla sjer vitneskju um það, hve nær mál þeirra verði þingfest.

Stefnufrestur er sniðinn eftir ákvæðum laga nr. 62, 14. nóv. 1917, 1.—5. gr. Þar sem hann er tvöfaldaður, þá er dómari ákveður frestinn ekki, sjá lög 1917, 1. og 2. gr., og þar sem við bætist það, sem liðið verður af mánuði hverjum þegar þingfesting fer fram, virðist fresturinn hljóta að verða nægilegur. Þar sem dómurinn ákveður sjálfur frestinn, eru þau takmörk að eins sett, að lengri megi frestur eigi vera en lengsti frestur laganna, 9 vikur eða 12 mánuðir, sbr. 3., 4. og 5. gr. laga 1917. Þar á móti er dómurinn ekki bundinn við lágmarksfrest laga 1917.

Um. 22. gr.

Þar sem dómsmáladeild stjórnarráðs eða sýslumenn gefa út áfrýjunarstefnur í opinberum málum, er eigi hægt að tiltaka þingfestingarmánuð málsins eins og í einkamálum, og því er nauðsynlegt, að dómurinn geri ráðstafanir til þess, að málflutningsmennirnir fái vitneskju um þingfesting málsins, og að hún verði ákveðin eftir því, hve nær sanngjarnt er að heimta það, að þeir hafi kynt sjer það og geti undirbúið útdrættina eftir dómsgerðunum.

Um V. kafla.

Hjer segir um það, hversu mál skuli vera, til þess að því verði skotið til hæstarjettar, og hve nær það skuli hafa verið gert o. fl.

Um. 23. gr.

Opinber mál eru sakamál og almenn lögreglumál. Aðalkrafan er þar refsikrafa. Það þykir einsætt, að öll slík mál megi bera undir hæstarjett.

Niðurlagsákvæði gr. lætur fyrirmæli 15. gr. tilsk. 24. jan. 1838 haldast um skyldu ríkisvaldsins til að áfrýja opinberum málum, sbr. tilsk. 31. maí 1905, með þeirri breytingu, að hæstirjettur kemur nú í stað yfirdóms og áfrýjunarupphæð er engin eftir þessari grein frv., en var 4 kr. eftir 10. gr. tilsk. 11. júlí 1800, sbr. 15. gr. tilsk. 24. jan. 1838.

Um 24. gr.

1. málsgr. er að efni til samkvæm ákvæðum núgildandi laga, sjá N. L. 1—6—16.

Í 2. málsgr. segir um fjárkröfur, og er mjög mikið álitamál, hversu takmörkin skuli setja. Er hjer stungið upp á 100 krónum. En um það má deila, hvort eigi væri rjettast að setja engin takmörk í þessa átt.

Ákvæði 3. og 4. málsgr. mun mega telja í samræmi við gildandi dómvenju.

Um 25. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um 26. gr.

Hjer er sú breyting frá gildandi reglum, að frestur er sami settur til áfrýjunar til staðfestingar sem ella, og áfrýjunarfrestur er talinn frá því er dómsathöfn fór fram, en aldrei frá dómsbirtingu, eins og nú er um áfrýjun til yfirdóms, samkvæmt 16. gr. tilsk. 15. ág. 1832, enda er nú stundum öðruvísi um mælt í yngri lögum, t. d. lögum nr. 35, 1914, um lóðamerkjamál í Reykjavík.

Um 27. og 28. gr.

Eru samkvæmar gildandi ákvæðum að mestu leyti, sbr. tilsk. 10. ág. 1735, 10. gr., kgsbr. 19. des. 1749 og op. br. 2. júlí 1817.

Um 29. gr.

Sömuleiðis, sjá op. br. 25. jan. 1816.

Um 30. gr.

Er eigi algert nýmæli, því að samsvarandi hefir verið tíðkað í hæstarjetti Danmerkur, þótt eigi sje kunnugt, að íslensk mál hafi verið þar tekin fyrir af nýju. Grein þessi er annars sniðin eftir rjettarfarslögum Dana hinum nýju að mestu leyti, sjá 37. kap. þeirra laga.

Um 31. gr.

Kemur í stað tilsk. 11. júlí 1800, 11. gr. í upphafi.

Um 32. gr.

Tekur til mála samkv. N. L. 1—6—16, sbr. 11. gr. tilsk. 11. júlí 1800, og mála samkvæmt lögum nr. 28 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju o. fl.

Um 33. gr.

1. málsgr. er samkvæm gildandi reglum. 2. málsgr. afnemur ákvæði N. L. 1—2—3 um stefnur til dómara. Slíkar stefnur eru algerlega þýðingarlausar, því að dómarar þurfa eigi að gegna þeim. En ef þær eru eigi í lagi, þá veldur það frávísun. Hins vegar er einsætt, að stefna verður dómara, þegar gera á kröfu á hendur honum um refsingu, skaðabætur, eða að hann sæti ávítum fyrir dómsathafnir.

Um VI. kafla.

Hjer segir um það, hvernig með mál skuli fara í hæstarjetti. Aðalbreytingarnar frá því, sem nú tíðkast í landsyfirdómi, stafa af því, að til þess er ætlast, að munnlegur málflutningur verði aðalreglan. Mun verða gerð grein fyrir þeim í sambandi við hverja einstaka grein, eftir því sem þurfa þykir.

Um 34. og 35. gr.

Eru samræmar gildandi lögum og dómvenjum.

Um 36. gr.

Vegna þess að eigi verður frestað máli, þegar það er munnlega flutt, ber nauðsyn til þess, að aðili eigi kost á því að fá fyrirfram vitneskju um ný gögn o. s. frv., er andstæðingur hans ætlar að bera fram.

Um 37. gr.

Ákvæði hennar stafa líka af því, að flutningur mála á að verða munnlegur, og miða til þess, að bæði dómendur og stefndur fái kynt sjer aðalatriði málsins áður en málflutningur hefst.

Um 38. gr.

Þar, sem munnlegur flutningur mála er, þar er almenningi veittur kostur á að kynnast betur störfum dómenda og málflytjenda en þar, sem mál eru skriflega flutt. Hins vegar verður því ekki neitað, að starf málflytjenda og dómara er vandasamara, ef mál skal munnlega flytja, en þegar málflutningur er skriflegur. En þó hneigjast menn alstaðar erlendis að munnlegum málflutningi, svo sem við verður komið, sjerstaklega fyrir æðstu dómstólunum. Undantekningar í 1. og 2. lið eru samkvæmt því, er annarsstaðar tíðkast, þar sem munnlegur málflutningur er, og virðast eðlilegar.

Um 39. gr.

Þarf eigi að skýra.

Um 40. gr.

Það þykir ástæða til að taka það fram, að steypa skuli saman aðal- og gagnsök, ef báðir áfrýja, því að dómvenja hjá oss hefir verið dálítið reikandi í þessu atriði.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar um fresti standa flest í sambandi við ákvæði 38. gr., enda mun svo um fresti fara annarsstaðar, þar sem málflutningur er munnlegur, sem í þessari grein er fyrir mælt. Undantekningarnar eru auðskildar.

Um 42. gr.

Það hefir verið rjettur aðilja, en eigi skylda, að taka sjer formhlið máls og leggja undir dóm eða úrskurð. Sparar það oft tíma og fyrirhöfn, og því er stefndum (gagnstefndum) gert skylt að skýra hinum frá því fyrirfram, ef hann ætlar að krefjast frávísunar, svo að sá fari eigi út í önnur málsatriði, að óþörfu ef til vill.

Um 43. gr.

Virðist eigi þurfa að skýra.

Um 44. gr.

Fyrirmæli hennar eru bygð á reglunni í 38. gr. Ef dómsuppsaga dregst í munnlega fluttum málum, þá er hætt við, að dómendur gleymi því, er munnlega kann að hafa fram komið. Því verður að vera aðalreglan, að hverju máli sje lokið áður en önnur mál verði tekin til meðferðar.

Um 45. gr.

Er samkvæm gildandi reglum um dómsuppsögn í hæstarjetti Danmerkur og yfirdómi. Það verður að ætlast til þess, að hæstirjettur rökstyðji rækilega dóma sína og sýnu betur en oft hefir tíðkast í hæstarjetti Danmerkur. Hefir þar, og ekki að ófyrirsynju, verið kvartað um það, að forsendur dóma væru einatt nokkuð ófullkomnar.

Um 46. og 47. gr.

Þykir eigi þurfa að skýra þessar gr.

Um. VII. kafla.

Það þykir einsætt að setja dómsmálagjöld og dómsektir nokkuð hærri en við aðra dómstóla, og að láta ríkissjóð fá sektir allar, sem í þessu skyni eru dæmdar.

Ákvæði 50. gr. eru í samræmi við það, er tíðkast hefir við hæstarjett Danmerkur, að öðru en því, að upphæðir eru lægri.

Um VIII. kafla.

Það er óhjákvæmilegt að setja fyrirmæli, er gildi um stundarsakir, meðan verið er að koma nýja skipulaginu í kring.

Um 51. gr.

Það er einsætt, að dómararaun þeirri, sem í 6. gr. 4. lið getur, verður eigi komið við þá er dómur er fyrsta sinni skipaður.

Um 52. gr.

Það mundi hart að leyfa engum þeirra manna, sem nú hafa málflutningsleyfi í yfirdómi, að flytja mál í hæstarjetti, nema þeir hefðu I. prófseinkunn. Því er þeirri kröfu slept um þá. Málflutningsrauninni þykir og rjett að fresta um tíma, en eigi sleppa henni. Geta þeir, er vilja, freistað að inna hana af hendi innan 2 ára. En þeir, er hafa eigi gert það eða hæstirjettur telur eigi tæka, hafa þá eigi lengur heimild til að flytja mál fyrir hæstarjetti.

Um 53. gr.

Meðan menn eru að venjast við munnlegan málflutning, þykir rjett að veita dóminum nokkru rýmri heimild til að ákveða skriflegan málflutning en í 38. gr. 2. lið segir. Má ætla, að slík heimild verði eigi notuð ófyrirsynju, því að það er í þágu málflutningsmanna að temja sjer munnlegan málflutning, því að munnlega verða þeir að leysa raun sína af hendi.

Um 54. gr.

Fyrirmæli 1. málsgr. virðast einsæ.

Það virðist og einsætt, að mönnum sje gert heimilt að áfrýja dómum landsyfirdóms, þeim er eigi hefir enn verið skotið til hæstarjettar Dana, þegar lögin ganga í gildi. Hins vegar virðist mjög óviðfeldið að skjóta þeim málum, sem eigi er áfrýjað frá yfirdómi, til hæstarjettar annars ríkis eftir að innlendur hæstirjettur er settur á stofn. Verður þá eigi annað fyrir en að skjóta þeim málum til íslenska hæstarjettarins. Getur eigi komið til greina, þótt einhverjir hæstarjettardómenda væru óhæfir til að dæma þau mál, af því að þeir hefðu tekið þátt í meðferð þeirra í yfirdómi. Er þá eigi annað en að skipa dóminn samkvæmt 5. gr.

Um mál þau, er í 3. málsgr. segir, virðist eigi þörf að geta annars en þess, að dómurinn getur ákveðið skriflegan eða munnlegan flutning mála þeirra, sem enn eru eigi þingfest í yfirdómi þegar lögin ganga í gildi, eftir fyrirmælum 53. gr.

Um IX. kafla.

Hjer greinir ýms almenn ákvæði.

Um 55. gr.

Í þessum lögum er eigi þörf, og varla heldur unt, að greina öll dómskapafyrirmæli, sem til hæstarjettar taka, en eigi miðast sjerstaklega við hann. Er þá auðvitað, að fara á eftir almennum reglum, eftir því sem við á, og sýnist eigi hætta á að láta hæstarjett sjálfan skera úr því atriði. Má hjer til nefna um stefnubirtingar, þýðing þingfestingar, ef aðiljar sækja eigi þing o. s. frv.

Um 56. gr.

Að vísu eru allmörg lagaboð um yfirdóm og hæstarjett Danmerkur, sem úr gildi falla með öllu; þó eru mörg, sem halda gildi sínu, að breyttu breytanda. Svo er t. d. um N. L. 1—4—34, 1—6—15 og 20., tilsk. 3. júní 1796, 34. og 35.

gr., tilsk. 31. maí 1805, tilsk. 15. ág. 1832, 17. gr., tilsk. 24. jan. 1838, 15. gr. lög nr. 19, 2. okt. 1895, 2. og 3. gr.

Yfirdómi hafa verið falin nokkur störf, sem eigi verða talin til venjulegra dómsstarfa, t. d. þinglýsingar samkvæmt lögum nr. 3, 12. jan. 1900, 6. gr., að taka við yfirlýsingu samkvæmt lögum nr. 14, 20. okt. 1905, 15. gr., kvaðning matsmanna, t. d. lög nr. 55, 22. nóv. 1907, 14. gr., þátttaka í mati, t. d. lög nr. 61, 14. nóv. 1917, 7. gr. Þessi störf verður að fela hæstarjetti.

Um 57. gr.

Það virðist nægur tími til þess að koma lögunum í framkvæmd 1. jan. 1920. Það sem gera þarf, er að ákveða menn í dóminn og í ritarastöðuna, sjá dóminum fyrir húsnæði og bókum.

29. Frumvarp

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^2/_3$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings og er því strikað út úr skipaskránni.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni og fyrir danskur konsúll kemur íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sambandslaganna er nauðsynlegt að gera breytingu á siglingalögunum, og eru breytingar þær, sem hjer er farið fram á, að sjálfsögðu í fullu samræmi við breytingarnar, sem lagt er til að gerðar sjeu á skrásetningarlögunum, og stafa flestar af ríkisviðurkenningunni. Um einstakar greinar skal tekið fram er hjer segir.

Um 1. gr.

Til þess að skip geti öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða $^2/_3$ hlutar skipsins að vera eign hjer búsettra manna, er hafa haft heimilisfestu hjer í 1 ár. Í núgildandi lögum eru skilyrðin annaðhvort innborinna manna rjettur eða búseta. Hjer er farin sú leið, að gera ekki innborinna rjettinn að skilyrði, en hins vegar er búsetan í þrengsta skilningi ekki látin nægja, en þess krafist, að hlutaðeigandi hafi haft eins árs heimilisfestu. Með því er girt fyrir það, að erlendar þjóðir undir sjerstökum kringumstæðum í bili komi allmiklu af flota sínum undir íslenskan fána, en af því gætu að sjálfsögðu leitt óþægindi gegn öðrum þjóðum. Í sjálfu sjer mætti í þessu sambandi gera búsetu í þrengri skilningi að eins að skilyrði fyrir ríkisborgarana eða þá, sem með samningi hafa sama rjett, en krefjast lengri heimilisfestu fyrir aðra, en sú leið, sem hjer er farin, virðist einföldust. Að því er hlutafjelög snertir, þá verða allir stjórnarnefndarmennirnir að fullnægja framangreindum skilyrðum um búsetu og heimilisfestu, en hluthöfunum eru ekki sett nein sjerstök skilyrði, öðrum en þeim, sem kynnu að vera í stjórninni. Aftur hefir almenna heimildin fyrir stjórnarráðið í 1. gr. siglingalaganna til þess að veita stjórnendum hlutafjelaga undanþágu frá ofannefndum skilyrðum, verið feld í burtu, enda varla ástæða til að halda henni, þegar að eins eru gerðar kröfur til stjórnanna um að fullnægja skilyrðum þeim, sem hjer eru sett.

2. gr.

Leiðir af sambandslögunum og gefur ekki ástæðu til sjerstakra athugasemda.

3. gr.

Sömuleiðis.

30. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum fyrir Ísland nr. 17 frá 8. júlí 1902 um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

1. gr.

1. gr. í lögunum frá 8. júlí 1902 orðist þannig:

Með konunglegri tilskipun má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskveiðaskírteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland og samkvæmt gildandi skrásetningarlögum hafa rjett til þess að hafa íslenskan fána, svo og um tölusetningu og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda á góðri reglu við fiskveiðar á tjeðu svæði og koma í veg fyrir spell og skemdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir um eftirlit með því, að fylgt sje ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarpið.

Breyting þessi stafar af sambandslögunum, og leiðir af því, að íslensk skip mega hjer eftir ekki hafa annan fána en þann íslenska. Gert er ráð fyrir, að tilskipun fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland frá 2. mars 1903 verði breytt eins fljótt og því verður við komið, eftir að lög þessi hafa náð staðfestingu.

31. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

I. kap.

Skilgetnaður.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit, en þó á þeim tíma, að getin geta verið í hjónabandinu, enda sje skilgetnaður þeirra eigi vjefengdur þann veg, er hjer fer á eftir.

2. gr.

Faðerni verður að eins vjefengt af hendi bónda, barns eða, að bónda látnum, af hendi þess erfingja bónda, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir bónda.

3. gr.

Nú vjefengir bóndi skilgetnað barns konu sinnar, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins innan 6 mánaða frá því er honum varð kunnugt um fæðing barnsins, enda hafi hann eigi gengist við faðerni barnsins eftir fæðing þess.

Nú er lögráðamaður barns eigi til taks, eða, að dómi hjeraðsdómara, eigi fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómarinn setja barninu rjettargæslumann á ríkis kostnað.

Nú er bóndi sviftur lögræði, vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

4. gr.

Nú er bóndi látinn, en málshöfðunarfrestur þó eigi liðinn, og getur þá sá, sem jafngengur eða næstgengur er barninu til erfða eftir bónda, höfðað vjefengingarmálið innan 6 mánaða frá því er hann fjekk vitneskju um fæðing barns og dauða bónda, enda hafi bóndi eigi gengist við faðerni barnsins eftir fæðing þess.

5. gr.

Barnið getur stefnt bónda til vjefengingar faðerninu eða, að bónda látnum, þeim erfingja hans, sem jafngengur eða næstgengur er barninu til erfða eftir bónda.

Nú er barnið ólögrátt vegna æsku eða svift lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið.

6. gr.

Dómara ber af sjálfsdáðum að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur að eins til greina sem sönnunargagn. Aðildareiður er óheimill.

Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar sjeu á annað sáttir.

7. gr.

Dómkrafa stefnanda verður því að eins tekin til greina, að telja megi víst, að barnið geti eigi verið getið af bónda móður þess.

Nú hefir bóndi höfðað málið. og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman eða eftir að hjónin skildu að borði og sæng, enda sje líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið.

8. gr.

Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37., eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.

9. gr.

Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið þá öll rjettindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.

Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll rjettindi skilfengins foreldris gagnvart barninu.

II. kap.

Framfærsla og uppeldi.

10. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru fyrir sig, að framfæra börn sín, þangað til börnin eru 16 ára gömul.

11. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru fyrir sig, að uppala börn sín, þangað til börnin eru 16 ára gömul.

Sjerstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að temja þeim iðjusemi og siðgæði.

12. gr.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við maka sinn að lögum og barnið fylgt foreldri sínu.

13. gr.

Nú eru foreldrin, vegna efnaskorts, eigi fær um að inna lögmælta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrin.

Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fje þess laust því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn.

14. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, og brestur verður á fullnægju lögmæltrar framfærslu og uppeldisskyldu af hendi annars, og getur þá hitt hjónanna eða annar lögráðamaður barnanna krafist úrskurðar valdsmanns fyrir meðlagi með þeim börnum, sem á vegum þess eru.

Sje það foreldri, sem krafið er meðlags, heimilisfast eða statt hjer á landi, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris, er meðlagskröfuna gerir.

Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir 1/2 ár í senn.

Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun.

15. gr.

Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafist úrskurðar valdsmanns fyrir meðlagi með sjer af hendi þess, er samvistaslitunum olli.

Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagur aðilja breytist að mun.

Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð i senn.

16. gr.

Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans gengið eftir meðlaginu með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni.

Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri eða krafið framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastyrkur honum til handa.

17. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, og getur konan þá krafist þess, að valdsmaður banni bónda hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum alt að 10 kr. dagsektum, að bóndi láti sjer i tje innan tiltekins tíma sundurliðaða drengskaparskýrslu um allan hag fjelagsbúsins.

Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju, og bónda verið birt bann valdsmanns, en bóndi brotið það, og varðar það þá bónda alt að tveggja mánaða refsingu við venjulegt fangaviðurværi, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lögreglumála, enda sje eigi um sviksamlegt athæfi að tefla.

18. gr.

Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris.

Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer framfærsluskylt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slika tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak fyrir gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í hjerlendum eignum foreldris.

19. gr.

Foreldri skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir 16 ára gömlum og eldri börnum sínum, og mega börnin eigi verða sveitarþurfar, meðan þau eiga á lífi foreldri, sem eru þess umkomin að annast þau.

Söm er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap.

Foreldravald.

20. gr.

Foreldri ráða bæði saman, sjeu þau samvista, verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra. Slíkt hið sama gildir um stjúpforeldri, meðan stjúpbarnið er á framfæri þess.

Nú greinir samvista foreldri á um einhverja ráðstöfun á eða út af börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni eða framfærir aðallega heimilið. Er það hjóna þá í fyrirsvari fyrir börnin að því leyti, hvort heldur til sóknar eða varnar, og jafnt gegn almannavaldi sem einstaklingi.

Umráðarjettur foreldra yfir börnunum helst þangað til börnin verða 16 ára gömul og nefnist foreldravald, enda er foreldrunum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi.

Foreldrin mega fela öðrum að fara með þetta vald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma, en eigi til fullnaðar. Hins vegar getur almannavaldið svift foreldri valdi yfir börnum þess, að svo miklu leyti sem lög leyfa.

21. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfis hafi verið aflað til skilnaðar að borði og sæng, og ræður þá hvort foreldri þeim börnum, sem á vegum þess eru.

22. gr.

Nú fer barn í leyfisleysi af heimili foreldris eða húsbónda, og getur þá heimilisráðandi sótt barnið með valdi og, þurfi á að halda, krafist fulltingis lögreglustjórnar til að ná barninu á sitt vald.

Nú heldur maður barni fyrir foreldri, og getur foreldrið þá höfðað mál gegn þeim manni til að hann láti barnið laust, eða eftir atvikum krafist fulltingis fógeta til að ná barninu.

23. gr.

Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum.

24. gr.

Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði eigi sjálfbjarga eða að það kunni eigi með fje að fara, og geta foreldrin þá, hvort heldur bæði saman eða hvort í sínu lagi, ákveðið það í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir foreldri þess, bæði eða annað, svo sem fje ófjárráðra.

Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal þá valds-

maður þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafjenu fyrir hönd eiganda, enda fer upp þaðan um meðferð fjárins sem um fje ófjárráðra.

25. gr.

Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að fela þykir mega honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fjenu við hann.

IV. kap.

Ýmisleg ákvæði.

26. gr.

Fullkomin sjereign er með foreldri og barni, enda varða fjárskyldur annars eigi hitt um fram það, sem getur í 13. og 19. gr.

27. gr.

Um nafn barns, ríkisfesti, þingfesti, sveitfesti og sóknfesti fer að lögum.

28. gr.

Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastjórn, til að framfæra og uppala börn sín.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin D. og N. L. 5. 2. 32, orðin: »skilgetin eða óskilgetin« í 1. mgr., 4. gr. fátækralaganna, nr. 44, 1905, og orðið: »skilgetin« í 2. mgr. sömu lagagreinar, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lögin.

30. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 19....

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er til komið út af þingsályktun Alþingis 1917, þar er meðal annars er skorað á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um endurbætur á gildandi löggjöf um afstöðu foreldra til barna.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins leitaði til lagadeildar háskólans um undirbúning þessa máls, og hefir fengið þaðan, auk frumvarpsins um afstöðu

foreldra til óskilgetinna barna, frumvarp þetta um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Um samning frumvarps þessa er hið sama að segja, sem um samning frumvarpanna um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og um stofnun og slit hjúskapar.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er óbreytt, eins og það kom frá prófessor Lárusi H. Bjarnason, og vísast til athugasemda hans hjer á eftir.

Ástæður og athugasemdir
við frumvarp til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frumvarpið nær að eins til afstöðu foreldra og barna, meðan foreldrin eru eigi skilin að borði og sæng eða að lögum. Sjeu foreldrin skilin, er afstaða þeirra og barnanna ákveðin í frumvarpi til laga um stofnun og slit hjúskapar, í VI. kap. 55.—59. gr., sje um borð og sængurskilnað að ræða, og í VII. kap. 75.—79. gr., sbr. 43. gr., sje um lögskilnað eða ógilding hjúskapar að ræða.

Frumvarpið tekur því fyrst og fremst til foreldra, sem búa saman, en þar að auki og til foreldra, sem slitið hafa *sjálf* samvistir sín á milli.

Aðaltilgangur frumvarpsins verður, samkvæmt brjefi forsætisráðherra 18. jan. 1918, tvíþættur, *að* safna saman í eina heild, eftir atvikum með tiltækilegum breytingum, ákvæðum gildandi laga innan nýnefndra vjebanda, og *að* auka þar við þeim ákvæðum úr nýrri löggjöf Norðurlanda, er ráðlegt kynni að þykja að lögleiða hjer.

Er þess getið um seinna atriðið, að eigi hefir verið kostur að kynnast yngri norskum lögum en frá 1915, og eigi yngri dönskum og sænskum lögum en frá 1917. Mun það eigi baga að því er Noreg og Svíþjóð snertir, með því að Norðmenn settu heildarlög hjá sjer um foreldri og hjónabandsbörn 10. apríl 1915 og Svíar 14. júní 1917. Er ólíklegt að þeim lögum hafi verið breytt síðan, síst verulega. Í Danmörku má meðal nýrri laga hjer að lútandi sjerstaklega geta laga nr. 131 1908, 27. maí, um nokkur ákvæði viðvíkjandi aftsöðu skilfenginna mæðra og barna og laga nr. 124 1913, 29. apríl, um styrk til barna ekkna, með nokkrum yngri minni háttar breytinga- og viðaukalögum. Norðurlanda lög þessi verða hjer einkenð þannig: N. l., S. l. og D. l. (1908 eða 1913).

Um fyrra atriðið hefir það ráð verið tekið upp að safna saman eigi að eins beint orðuðum lagaákvæðum, heldur hefir verið aukið við ýmsum ákvæðum, sem fylgt hefir verið í framkvæmdinni, þótt lagastafur hafi eigi verið fyrir, svo og nokkrum ákvæðum, er fara þykir vel á, að upp sjeu tekin í slík heildarlög, sem hjer eru. Má meðal nýmæla sjerstaklega nefna 24. og 25. gr., sem stofna til fullkominnar nýlundu.

Skal að svo mæltu vikið að einstökum greinum.

Um 1. gr.

Þess er getið í aths. um 1. gr. frumvarps til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, að draga megi í nokkurn vafa, hvort lögmælt skilgreining milli »skilgetinna« og »óskilgetinna« barna sje alls kostar heppileg. Að núgildum lögum eru fyrst og fremst þau börn skilgetin, er getin eru í hjónabandi,

þótt fædd sjeu utan hjónabands. Þar næst eru þau börn skilgetin, er fæðast í hjónabandi, þótt getin sjeu utan hjónabands. Og enn eru þau börn skilgetin, er foreldrar þeirra eigast, enda þó að börnin sjeu getin og fædd utan hjónabands, áður en foreldrin áttust. Loks teljast þau börn skilgetin, er skilgerð (legitimeruð) eru, þar á meðal þau börn, er óskilfenginn faðir lýsir sín á þingi.

Eftir orðanna hljóðan: »skilgetinn« og »óskilgetinn«, ætti getnaður barns, í hjónabandi eða utan þess, einn út af fyrir sig að ráða því, í hvorum flokki barnið lenti. Barn, sem er getið í hjónabandi, enda þótt fætt sje eftir hjónabandsslit, eftir dauða föður eða lögskilnað foreldra, er skilgetið bæði að núgildum lögum og samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Hins vegar ætti barn, er getið væri utan hjónabands (fyrir hjónabandið), þótt fætt væri í hjónabandi, eftir þessari skilgreiningu að vera óskilgetið, en mætti teljast skilgert. En af auðskildum ástæðum er það skilgetið, bæði samkvæmt lögum og 1. gr. frumvarpsins. Aftur á móti falla eigi undir greinina þau börn, er foreldri hafa eignast, áður en þau áttust. Þau börn verða skilgerð, er foreldri þeirra eigast, og falla því sem önnur skilgerð börn undir 8. gr., sem þó eigi tekur til þinglesinna barna óskilfengins föður. Er 1. gr. frumvarpsins þannig að eins breyting í orði frá núgildum ákvæðum, en hjer gerð skilgreining þykir þó rjettari.

Annars færi sennilega fult svo vel á því, að kalla »skilgetin« börn hjónabandsbörn og »óskilgetin« utanhjónabandsbörn. En þar sem bæði þingsályktunartillagan, nr. 367 1917, og fyrnefnt brjef forsætisráðherra notar auðkendu orðin, þá þótti rjett að halda þeim í öllum 3 frumvörpunum, enda innan handar að breyta um orð, ef stjórn og Alþingi telur síðari heitin heppilegri.

Um 2. gr.

Grein þessi og næstu 5 greinar eru, lítt breyttar, teknar upp úr sænsku lögunum frá 1917.

Með því að jafnvel faðerni hjónabandsbarns byggist á líkum (pater est, quem nuptiae demonstrant), en það skiftir hins vegar máli, að faðernið sje sem ábyggilegast, þá hefir þótt rjett að fara hjer fram á lögleiðingu líkra ákvæða og eru í 1.—7. gr. S. l., það því fremur, sem eigi að eins börn, sem getin eru í hjónabandi, eru skilgetin samkvæmt greininni, heldur og þau börn, er hljóta að vera getin fyrir hjónabandið. En sennilega verða þessi nýmæli lítt notuð.

Þegar af þeirri ástæðu, að girða verður fyrir, að heimilisfriður foreldranna verði lagður í hættu um skör fram, þá virðist varla geta komið til mála að heimila hverjum, sem telur faðerni hjónabandsbarns taka til hagsmuna sinna, að vjefengja faðernið.

Sje vjefengingarheimild aftur á móti á annað borð lögleyfð, þá virðist hún fyrst og fremst bera bónda móður barnsins og barninu sjálfu. Bóndanum er það að vonum oft eðlilegt áhugamál, að honum sje eigi eignað barn, er hann veit einna best um, að hann á eigi. Og það getur skift barnið miklu, að það sje eigi ranglega feðrað. Það má vera, að sannur faðir þess sje færari um framfærslu og uppeldi barnsins en bóndi móður þess, auk þess sem hann getur verið lítt eftirsóknarverður faðir að öðru leyti.

Virðist rjett, eða að minsta kosti forsvaranlegt, að einskorða vjefengingarheimildina við bónda og barn að báðum lifandi. En að bónda látnum virðist

eiga að játa henni þeim, sem ganga barninu jafnt eða næst að erfðum eftir bónda, og þó með nánari skilyrðum, en þeirra getur í 4. gr.

Öðrum en þeim, sem getur í 2. gr., er eigi ætlaður vjefengingarrjettur á faðerni hjónabandsbarns.

Um 3. gr.

Greinin ræðir um vjefengingu bónda. Það er segin saga, að fela verður dómstólunum að úrskurða eigi síður ágreining um faðerni hjónabandsbarns en utanhjónabandsbarns, enda er svo fyrirmælt um alla vjefengjendur (3., 4. og 5. gr.), að þeir verði að leita dómstólanna.

Enn er það eðlilegt skilyrði fyrir vjefengingarheimild bónda, að hann hafi eigi kannast við faðerni barnsins eftir fæðing þess. Hins vegar varnar faðernisjátning fyrir þann tíma eigi vjefengingu, enda liggja eigi öll gögn um faðerni barns fyrir fyr en eftir fæðing þess. Sjerstaklega mun eigi fyr verða dæmt ábyggilega um það, hvort barnið er fullburða eða eigi, og þá eigi um líklegan getnaðartíma.

Og enn er það fram undir sjálfgefið skilyrði, að setja verður bónda frest til höfðunar vjefengingarmáls og að telja verður frestinn frá því er hann fjekk vitneskju um fæðing þess.

Með því að gert er ráð fyrir stuttum fresti, mundi venjulega verða að höfða málið gegn lögráðamanni barnsins. Mundi móðirin stundum vera það. En að jafnaði mundi verða að skipa barninu sjerstakan lögráðamann og eftir atvikum sjerstakan talsmann.

Rekstur vjefengingarmáls af hendi lögráðamanns bónda mundi sennilega einkum eiga sjer stað, er bóndi hefði sjálfur höfðað málið, en síðar verið sviftur lögræði. Þó er ætlast til þess, að lögráðamaður bónda geti höfðað slíkt mál í nafni bónda. Vitskerðing og fávit, en eigi aðrar ástæður til lögræðissviftingar, valda því, að bóndi verður ógengur til vjefengingar sjálfur. Ófjárráður maður vegna æsku mundi og einn geta höfðað og rekið slíkt mál. En af því að ætlast er til, að hjúskaparaldur karlmanns verði samur og fjárræðisaldurinn er (6. gr. hjúskaparfrv.), þá mundi það koma sjaldan fyrir, að ófjárráður maður vegna aldurs höfðaði málið.

Um 4. gr.

Með því að erfingja bónda getur skift það miklu máli, að barn konu bónda spilli eigi erfðarjetti þeirra, þykir þeim eigi fortakslaust verða neitað um rjett til að vjefengja faðerni þess. Þó verður að binda þann rjett þeirra skilyrðum. Fyrst og fremst því skilyrði, að bóndi hafi eigi gengist við faðerni barnsins. Erfingjar verða að láta sjer lynda slíka viðurkenningu sem aðrar ráðstafanir arfláta í lifanda lífi hans. Og í annan stað verður af sömu ástæðu að heimta, að vjefengingarfrestur bónda hafi eigi verið liðinn, þá er hann ljetst. Vjefengingarfrest erfingja verður að telja frá því, er þeim varð kunnugt um dauða bónda, með því að þeir geta ekki hafist handa, fyr en að honum látnum. Þennan vjefengingarrjett hafa vitanlega eigi aðrir erfingjar bónda en þeir, sem bíða mundu tjón af því, að barnið tæki arf eftir bónda, eða þeir einir, sem ganga mundu jafnt eða næst barninu til erfða eftir bónda.

Um 5. gr.

Eins og getur í aths. um 2. gr. verður að leyfa barninu að vjefengja faðerni sitt. En bæði af því, að barnið er lakar sett um vitneskju á rjettu faðerni sínu en bóndi, og jafnvel næstu erfingjar bónda, sem mega heita staðgenglar hans, og svo af því, að það er undir atvikum komið, hve nær hagsvon þessi af vjefengingunni verður til, þá þykir eigi fært að setja neinn fyrningarfrest um vjefengingarkröfu þessa. Enda er vjefengingarmál af hendi barnsins, að bónda látnum, jafn heimilt gegn »næstu« erfingjum hans sem gegn bónda sjálfum.

Meðan barnið er ólögrátt vegna æsku, ráða hjónin eða eftir atvikum annað þeirra fyrir barninu. En af því að bóndi er varnaraðili, getur eigi komið til mála, að hann höfði málið fyrir barnsins hönd, hvorki þá nje þá er barnið væri svift lögræði fyrir vitskerðing eða fávit. Og móðir barnsins mundi oft hafa hagsmuna eða óhagsmuna von af úrslitum málsins, gagnstæða barnsins. Mundi því að jafnaði verða að setja barninu sjerstakan lögráðamann, til þess að reka málið fyrir þess hönd.

Um 6. gr.

Meðferð vjefengingarmálsins er hagað svipað og meðferð faðernismáls að óskilgetnu barni, sbr. 1. og 4. mgr. 12. gr. frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og aths. um þá grein. — Um aðildareið mundi eigi verða að ræða nema af hendi bónda. Og hann mundi sjerstaklega isjárverður í þessu falli, af því að hór er og á að vera skilnaðarástæða (66. gr. hjúskaparfrv.), enda aðildareiður yfirleitt óheimill í hjúskaparmálum, sbr. 94. gr. hjúskaparfrv. Það er og í samræmi við 92. gr. tjeðs frumvarps og tök almannavalds á málum þessum, að játning aðilja komi að eins til greina sem sönnunargagn, en eigi sem umráð yfir játningaratriðinu.

Um 7. gr.

Það er eigi tilgangurinn að hnekkja gildandi líkindaályktun um skilgetnað hjónabandsbarna, enda mundi það eigi affarasælt. Því verður skilgetnaði hjónabandsbarns því að eins hnekt, að telja megi víst, að bóndi húsfreyju geti eigi verið faðir barnsins, svo sem vegna fjarvistar hans á barngæfum tíma eða vegna samfaraógengis. Þetta á að gilda, hver sem vjefengingarmálið höfðar, yfirleitt jafnt er bóndi höfðar það og er erfingjar hans eða barnið höfða málið.

En af því að líkindaályktunin er allmikið hæpnari, er barnið hlýtur að vera getið annaðhvort áður en hjónin áttust eða eftir að þau slitu samvistir sín á milli með leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þá þykir mega lina og jafnvel eiga að lina aðalregluna í 1. mgr., þá er bóndi hefir höfðað málið. Og þó því að eins, að skilorðinu í niðurlagi 2. mgr. sje fullnægt, líkur færðar fyrir því, að hjónin hafi eigi haft samfarir á barngæfum tíma.

Um 8. gr.

Eftir 37. og 38. gr. frumvarps til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna teljast þau börn ein skilgerð, er foreldrin eigast eftir fæðing þeirra eða stjórnarráðið úrskurðar skilgetinna barna rjettindi gagnvart föður og föðurfrændum. Aftur á móti teljast eigi skilgerð þau óskilgetin börn, er faðir lýsir sig föður að

á þingi upp á sínar eigin spýtur. Þau fá að vísu rjettindi feðraðra óskilgetinna barna, sbr. 39. gr. nefnds frumvarps, en teljast eigi skilgerð. Skiftir sá munur að vísu minna máli, fái feðruð óskilgetin börn erfðarjett eftir föður og föðurfrændur, svo sem ætlast er til í 36. gr. frumvarpsins. En þó kemur nokkur munur fram milli skilgerðs barns og þinglýsts barns samkvæmt 39. gr., sbr. 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins.

Eftirfarandi hjónaband foreldra óskilgetins barns hefir lengi verið höfuðskilgerðarmátinn og á svo að vera. Enda teljast þau börn skilgetin í hjer um ræddri grein, þótt óskilgetin sjeu í raun og veru. En auk þeirra teljast og börn þau skilgetin, er stjórnarráðið hefir skilgert, og má það til sanns vegar færa. Aftur á móti hefir eigi þótt fært að telja þau börn skilgerð, og þá eigi heldur skilgetin, er faðir þeirra þinglýsir upp á eigin spýtur, eftir atvikum í óþökk móður og barns.

Um 9. gr.

Það leiðir að vísu af 43. gr. hjúskaparfrumvarpsins, að börn, sem getin eru eða fædd í hjónabandi, sem síðar er ógilt frá upphafi, halda rjettindum skilgetinna barna. En rjettara þótti að orða það sjerstaklega og skýlaust í frumvarpi þessu, enda gert í 1. mgr. Eftir áðurgildum lögum (ts. 2. júní 1587) fengu börnin þessi rjettindi því að eins, að hjónabandið væri ógilt vegna tvíkvænis eða »blóðskammar« og annað hjónanna væri auk þess grandalaust um gallana. En eftir greininni eru börnunum ætluð skilgetinna barna rjettindi, hver sem ógildingarástæðan er, enda á ógildingarúrskurð að þurfa framvegis til ógildis jafnvel meingölluðustu hjónabanda, sbr. 40. gr. hjúskaparfrv., og jafnt hvort heldur foreldrin hafa vitað um meinbugina eða eigi.

Önnur málsgrein er samræm þar að lútandi ákvæði nefndrar tilskipunar frá 1587.

Um 10. og 11. gr.

Í 3. gr. fátækralaganna er skilfengnum foreldrum gerð sú skylda gagnvart fátækrastjórn að framfæra og uppala börn sín til 16 ára aldurs. Hjer ræðir um skyldu foreldra gagnvart börnunum. Hún getur verið önnur en skylda þeirra gagnvart fátækrastjórn. En hvað sem því líður, þykir hlýða að orða hana í slíkum heildarlögum sem þessum. Annars eru greinarnar að efni til sem 3. gr. fátækralaganna, nema hvað aukið er við 2. mgr. 11. gr., sem þó er samræm gildum lögum, sbr. lög nr. 59·1907 og 49. gr. fátækralaganna, sbr. 8. og 9. gr. ts. 3. júní 1746.

Um 12. gr.

Samkvæmt 4. gr. fátækralaganna er stjúpföður skylt að framfæra og uppala jafnt óskilgetin sem skilgetin börn konu sinnar, er fylgja henni, en stjúpmóður er að eins skylt að framfæra og uppala skilgetin börn manns síns. Framfærslu- og uppeldisskylda stjúpforeldris helst þangað til barnið verður 16 ára, nema hjónin skilji að lögum. Þá fellur skylda stjúpforeldris niður. — Á þessum ákvæðum er eigi gerð önnur breyting en sú, að skylda stjúpmóður gagnvart óskilgetnum börnum manns hennar verður söm og skylda stjúpföður gagnvart óskilgetnum börnum hennar. Þykir verða að taka meira tillit til augljósra hagsmuna barnsins en til ágiskaðra tilfinninga konunnar, sem veit venjulega, að hverju hún gengur í þessu

efni, enda því nær fullur jöfnuður milli karla og kvenna nú kominn á að öðru leyti, sbr. aths. um 2. og 25. gr. frumvarps til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Til þess að koma á samræmi milli greinar þessarar og 4. gr. fátækralaganna þarf eigi annað en fella orðin »skilgetin eða óskilgetin« úr 1. mgr. síðarnefndrar greinar og orðið »skilgetin« úr 2. mgr.

Um 13. gr.

Það er enginn vafi á því, að fátækrastjórn getur notað eignir þurfabarns, sem annara þurfamanna, því til framfærslu, sbr. 1. gr. fátækralaganna. En ágreiningur hefir verið um það, hvort foreldri mætti nota sjereign barns í því skyni utan gildisviðs D. l. 3. 17., 16., sem nú er numinn úr gildi með lögum nr. 60, 1917., 13. gr. leysir úr þessum vafa á þann hátt, að foreldri, sem er efnalega fært um að framfæra og ala barn sitt upp, má eigi nota eigur barnsins í því skyni. Hins vegar má foreldri, sem vegna efnaskorts er ófært um að inna lögmælta framfærslu- og uppeldis-skyldu af höndum, nota eignir barnsins til þess, eigi að eins, er svo stendur á, sem lýst er í D. l. 3. 17. 16, heldur yfirleitt.

Venjulega er foreldri lögráðamaður barns síns, sbr. 3. og 11. gr. lögræðislaganna. Í því falli mundi 2. mgr. ekki koma til framkvæmda. Foreldri tekur þá fje barnsins eftir þörfum undir sjálfu sjer. En svo getur staðið á, að annar hafi forræði fyrir barninu en foreldri. Í því falli getur komið fram ágreiningur milli foreldris og lögráðamanns. Og úr þeim ágreiningi er valdsmanni ætlað að greiða.

Um 14. gr.

Því er lýst í hjúskaparfrumvarpinu, hversu fer um framfærslu barnanna, þá er hjónin skilja að borði og sæng eða að lögum, sbr. 56.—59. gr. og 76.—79. gr. 14. gr. frumvarps þessa ræðir því að eins um brest á framfærslu- og uppeldisskyldu foreldra, er slitið hafa samvistir sínar upp á eigin spýtur.

1. og 2. mgr. er samræm þar að lútandi ákvæðum í 29. gr. fátækralaganna, að því viðbættu, að valdsmanni meðlagskrefjanda er ætlað að ákveða framlag framfærslumanns, sje framfærslumaður hvorki heimilisfastur nje staddur hjer í landi.

Meðlagsupphæðin er látin fara eftir högum beggja foreldra, svo sem gert er um meðlag borð- og sængurskilinna foreldra, sbr. 2. mgr. 56. gr. hjúskaparfrv. Að öðru leyti eru 3. og 4. málsgreinar samræmar samskonar ákvæðum frumvarps um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sbr. 24. gr. frumvarps þessa og aths. um þá grein.

Um 15. gr.

Í fljótu bragði virðist efni greinar þessarar fara út fyrir vjebönd frumvarpsins, þar sem hún ræðir um afstöðu hjónanna þeirra á milli, en eigi um afstöðu þeirra til barnanna. Þetta er þó meira í orði en á borði. Vitanlega batnar hagur þeirra barna, sem eru á vegum yfirgefna foreldrisins, ef foreldrið auk meðlaga með börnunum sjálft nýtur meðlags frá maka sínum. Því var greinarefnið tekið upp í lögin, enda lík ákvæði í 1. gr. N. l. (nr. 6 1915).

Um meðlag þetta er ætlast til, að fari yfirleitt sem um meðlag með börnunum, að því undanskildu, að það er eigi fyrirfram gjaldkræft, nema um

einn mánuð í senn, og er það svo eðlilegt afbrigði, að eigi þarf að orðlengja um það.

Um 16. gr.

Að núgildum lögum, 30. gr. fátækralaganna, má heimta meðlag með skilgetnu barni, samkvæmt löglega birtum úrskurði, með sama hætti og meðlag barnsföður með óskilgetnu barni, þar á meðal með kröfu á hendur dvalarsveit meðlagsþega, en þó eigi fyr en lögtak hefir verið reynt til ónýtis. Hins vegar hefir maki að eins lögtaksrjett fyrir meðlagi sjer sjálfum til handa.

Þessum reglum er breytt fyrst og fremst svo, að lögtak þarf eigi að reyna, áður en dvalarsveitar er leitað, og í annan stað er ætlast til, að fara megi sömu leiðir um innheimtu meðlags til handa maka, sem um innheimtu barnsmeðlags. Fyrri breytingin er sjálfsögð, þar sem eigi þarf að reyna lögtak, áður en leitað er meðlags hjá dvalarsveit handa óskilgetnu barni, sbr. 9. gr. fátækralaganna. Og síðari breytingin er eðlileg samstæða við 59. gr., sbr. 54. gr. hjúskaparfrv., en í þeim greinum er borð- og sængurskildum maka heimilaðar sömu leiðir um innheimtu meðlags sjer til handa, sem óskilfenginni móður um innheimtu barnsmeðlags.

2. mgr. ræðir að vísu um afstöðu fátækrastjórnar til framfærsluskylds, og fer að því leyti út fyrir vjebönd frumvarpsins, en þar sem hún er eðlileg fylgja 1. mgr., er hún látin fylgja þeirri málsgrein. Endurgreiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það sveitarstyrkur honum til handa, en eigi meðlagsþiggjanda eða viðtakanda. Og er það í samræmi við svipuð ákvæði um óendurgoldið meðlag af hendi óskilfengins föður með óskilgetnu barni, sbr. 2. mgr. 26. gr. frv. um óskilgetin börn og aths. um þá grein, enda líkt ákvæði í 2. gr. N. l.

Um 17. gr.

Grein þessi á, eins og 14. gr., að eins við hjón, sem skilið hafa að samvistum af eigin ramleik, og er nýmæli, að mestu tekið úr 14. gr. D. l. (nr. 131 1908).

Í V. kafla laga nr. 3 1900 er hjónum heimilað að slíta fjárfjelagi, þegar svo stendur á, sem þar er lýst, meðal annars þegar annað hjóna yfirgefur hitt ólöglega. Heimild sú, sem hjer er veitt, nær bæði lengra og skemra en heimild laga 1900. Hún nær lengra að því leyti, að hún getur og komið til framkvæmda, er hjónin eru ásátt um að slíta samvistir. En hún getur í engu falli orðið jafnróttæk og hin. Hún miðar að eins til að gæta ástands þess, sem er, þegar samvistaslitin verða, þangað til annað hvort skilnaður að borði og sæng eða að lögum verður með hjónunum. Hún er nokkurs konar bráðabirgðaráðstöfun til útfyllingar hinni heimildinni, með því að langt getur verið að bíða þess, að sú heimild komist í kring, og til varnar hagsmunum konunnar vegna einræðis bónda yfir fjelagsbúi þeirra. Að öðru leyti þarf greinin naumast skýringa við.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 28. gr. í frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og vísast um greinina til aths. við síðarnefnda grein, með þeirri viðbót, að vitanlega má eigi setja öryggi hjer um ræddra meðlaga skör lægra en þar um ræddra.

Um 19. gr.

Greinin er samræm þar að lútandi ákvæðum 14. gr. fátækralaganna, en efni hennar þykir eiga hjer heima af sömu ástæðu og getið er um í 10. og 11. gr.

Um 20. gr.

1. mgr. er samræm 1. mgr. 3. gr. lögræðislaganna nr. 60 1917.

2. mgr. gerir aftur á móti nokkra breytingu á hjer að lútandi ákvæðum lögræðislagagreinarinnar. Samkvæmt þeirri lagagrein verða foreldrin að vera sammála um hverja ráðstöfun á börnunum, til þess að ráðstöfunin megi lögleg heita. Náist eigi samkomulag, gæti svo farið, að ekkert yrði jafnvel úr mjög æskilegri ráðstöfun viðvíkjandi barninu. Setjum svo, að það hjóna, sem ætti miklar eignir eða ynni aðallega fyrir heimilinu, vildi setja barn til menta, en hitt, sem lítið eða ekkert ætti og lítið eða ekkert legði til heimilishaldsins, eftir atvikum stjúpforeldri barnsins, vildi það eigi, þá yrði ráðstöfunin óframkvæmanleg eftir bókstaf lagagreinarinnar, en það væri lítt viðunanleg útkoma. Sennilega kæmi slíkt sjaldan fyrir. En fyrir gæti það komið. Væri því eigi úr vegi að girða fyrir slíka útkomu. Og það er 2. mgr. frumvarps þessa ætlað að gera. Með orðalaginu: »það hjónanna, er framfærir aðallega heimilið« er ætlast til að kona, er vinnur aðallega fyrir heimilinu, hafi úrslitavaldið, enda þó að bóndi hennar hafi að lögum forráð fjelagsbúsins. Með niðurlagsorðum málsgreinarinnar, sbr. orðin »að því leyti« er ætlast til, að það hjóna, sem ber kostnaðinn af ráðstöfuninni, verði þá í fyrirsvari fyrir barnið um þann ágreining, er rísa kynni út af þeirri ráðstöfun, jafnvel þó að hinu hjónanna bæri fyrirsvar fyrir barnið að öðru leyti. Legði konan t. d. fram fje til iðnaðar- eða verslunarnáms barnsins, ætti hún sókn og vörn þess máls, er rísa kynni út af vanefndum samningsins, væri barnið ólögrátt, jafnvel þó að samvistir væru með henni og bónda hennar.

3. og 4. mgr. fara eigi með nýmæli um fram það, að eigi mun vera lagabókstafur fyrir því, að foreldrum sje óheimilt að afsala sjer upp á eigin spýtur fyrir fult og alt vald sitt yfir börnunum. En lögfróðum mönnum mun koma saman um, að það geti foreldrin eigi án íhlutunar almannavaldsins. Niðurlagsorðin í 4. mgr. lúta að 48. og 49. gr. fátækralaganna, að heimild almannavalds samkvæmt lögum nr. 24, 39 og 59 frá 1907 og fleiri lögum.

Um 21. gr.

Með greininni er hvoru foreldri að eins heimilað að ráða þeim börnum, sem hjá þeim eru, meðan hjónin eru skilin að samvistum af eigin ramleik. Taki hjónin aftur saman, flytst foreldravaldið frá hvoru um sig til beggja saman. Og skilji þau að borði og sæng, fer um forræði barnánna eftir leyfisbrjefinu. Hjer er því að eins um að ræða ákvæði fyrir bráðabirgðaástand.

Um 22. gr.

Greinin fer eigi með nýmæli í raun og veru, þó að eigi muni beinn lagabókstafur vera til um efni greinarinnar. 215. gr. hegningarlaganna snertir að vísu efnið, en á þó eigi við annað en einn þráð þess, hegninguna fyrir þar um rætt brot. En rjett þótti að taka hjer um rætt ákvæði í slíkt heildarfrumvarp, sem hjer er.

Um 23. gr.

Sama máli og um 22. gr. gegnir um 23. gr.

Um 24. gr.

Hjer er aftur á móti algert nýmæli á ferðinni. Að núgildum lögum, 22. gr. erfðatilsk. 25. sept. 1850, getur foreldri að vísu ráðstafað 1/4 hluta efna sinna eftir sinn dag til annara en niðja sinna og þá því fremur takmarkað umráðarjett barna sinna yfir þeim hluta á þann hátt, sem getur í frumvarpsgreininni. En hins vegar á foreldri þess engan kost að takmarka umráðarjett barnanna yfir öðrum hluta arfleifðar sinnar, þeim hlutanum, sem skylduarfur nefnist. Nú má að vísu búast við því, að almannavaldið gæti yfirleitt þeirra fyrirmæla, sem lúta að tryggingu rjettrar meðferðar á fje ófjárráðra, gæti þess meðal annars, að verði settur fjárhaldsmaður í tækan tíma þeim, er eigi þykir trúandi fyrir meðferð fjár síns. Þó mun vanta nokkuð á, að þessa sje alstaðar jafnvel gætt, enda vantar hjer enn stjórnvald, er geti gefið sig alt við allsherjareftirliti um slík mál. En þó að alt væri í besta lagi í því efni, þá geta stjórnendur þeirra málefna, jafnvel innan smærri umdæma, eigi haft jafnmikla þekkingu og jafnríka hvöt til að ráða svo vel fyrir börnin í þessu efni, sem ætla má foreldrunum, það því síður sem stjórnvöldin verða að fara og fara að jafnaði fremur eftir ytri merkjum en innri, enda »of seint að birgja brunninn þegar barnið er dottið í hann«, en því svipað mundi stundum fara, ef bíða ætti ytri, átakanlegra merkja til lögræðissviftinga. Því er 1. mgr. orðuð svo, sem þar segir, og þar við látið sitja, enda þótt til orða gæti komið að veita foreldrum sams konar ráðstöfunarheimild yfir skylduarfi annara niðja sinna en barna.

Til þess að lama eigi afleiðingar slíkrar ráðstöfunar er valdsmanni í 2. mgr. gert að skyldu að fara þá þegar með slíkan arf sem fje ófjárráðra væri, en nauðsynlegt leiðrjettingar- og breytingar-vald lagt í enn tryggari hendur í næstu grein.

Um 25. gr.

Vitanlega verður að gera ráð fyrir hvorutveggja, bæði því, að foreldri kunni að misbrúka heimild 24. gr., og sjerstaklega fyrir því, að upphaflega rjettmæt ástæða til slíkrar ráðstöfunar falli niður. Verður því að fá almannavaldinu tök til umbóta og breytinga á þeim ráðstöfunum. Og þykir það vald, eftir því sem nú til hagar, best komið hjá stjórnarráðinu.

Um 26. gr.

Tilgangur greinarinnar er að lýsa því, að fjárhagur foreldris og barns sje fullkomlega aðskilinn að lögum, en varnar vitanlega eigi því, að foreldri og barn geri með sjer fjárfjelag, t. d. til atvinnurekstrar. Eru lögfróðir menn sammála um þetta, þó að eigi muni það vera beint orðað í vorum lögum. Ákvæðið orðað, af því að heyra þykir til heildarlaga.

Um 27. og 28. gr.

Ákvæði þessara greina, sem breyta í engu hjer að lútandi lögum, eru orðuð hjer af sömu ástæðu og getur í næstu grein á undan.

Um 29. gr.

D. og N. l. 5. 2. 32, sem meðal annara ákvæða 2. kap. 5 bókar eru lögleidd hjer með konungsbrjefi 17. febr. 1769 og 2. gr. erfðatilsk., verður að nema úr gildi, þar sem 1. gr. frumvarps þessa og 37. gr. frumvarps um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna koma í hennar stað, en hún er eigi meðal þeirra ákvæða, sem 45. gr. síðarnefnds frumvarps ætlast til að verði afnumin, sbr. aths. um þá grein. Er því hjer lagt til, að nefnd grein verði afnumin. Hins vegar þarf eigi hjer að fara fram á niðurfellingu þeirra ákvæða í tilsk. 2. júní 1587, sem 9. gr. frumvarps þessa nú á við, með því að farið er fram á afnám allrar þeirrar tilskipunar í 110. gr. hjúskaparfrv. Líku máli gegnir um D. l. 3. 17. 16, sem 13. gr. frumvarps þessa kemur að nokkru leyti í staðinn fyrir, því að sú grein er, sem allur 17. kap. 3. bókar laganna, afnumin með 16. gr. lögræðislaganna nr. 60 1917, (með afnámi b.-liðs 1. gr. tilsk. 21. des. 1831). Jafnframt er hjer gerð áður orðuð breyting á 4. gr. fátækralaganna, sbr. aths. um 12. gr. frumvarpsins. Önnur ákvæði þarf eigi sjerstaklega að nefna, þegar af þeirri ástæðu, að niðurlagsorð greinarinnar nægja.

Um 30. gr.

Með því að lög lík frumvarpi þessu þurfa engan undirbúning, mundi ekkert vera því til fyrirstöðu, að þau væri látin ná gildi á venjulegum tíma.

32. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að reyna að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, taldi stjórnarráðið nauðsynlegt að hafa heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þetta efni 30. apríl þ. á. samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 hjer með leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi. Stormæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um, að nauðsynlegt sje til þess að tryggja hagkvæma sölu íslenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, að ríkisstjórnin hafi heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, verðum Vjer að telja það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 30. apríl 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

33. Frumvarp

til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911.

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hv. lítra.
2. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hv. lítra,
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hv. lítra,
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hv. lítra.
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni, sherry, portvíni, malaga, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hv. lítra.
4. Af sódavatni kr. 0,04 af hv. lítra.
   Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra, sem af lítra í stærri ílátum.
5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 4,00 af hv. kilógr.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hv. kilógr.
   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hv. kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hv. kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hv. kg.

10. Af tegrasi 100 aura af hv. kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hv. kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hv. kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum 150 aura af hv. kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^3/_4$ og þar yfir telst sem heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Liðir þeir, sem gert er ráð fyrir hækkun á í þessu frumvarpi, eru aðallega ónauðsynlegar vörur eins og tóbak og vindlar, öl o. s. frv. Á vínfangatollunum og sódavatni má búast við 50 þúsund króna hækkun, en á tóbakinu og vindlunum um 126 þúsund kr. hækkun, og er þá tekið meðaltal af innflutningnum á tóbaki og vindlum á árunum 1914—1918, en samkvæmt Hagtíðindunum hefir á þessum árum að meðaltali verið innflutt 78000 kg. af tóbaki og 19 þúsund kg. af vindlum. Samtals ætti þá tekjuaukinn samkvæmt þessu frumvarpi að nema hjer um bil 170000 kr. á ári.

34. Frumvarp

til laga um heilbrigðisráð, m. m.

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn heilbrigðisráð. Skal heilbrigðisráð þetta skipað 3 læknum, er rjett hafa til lækninga á Íslandi. Enn fremur skulu vera tveir varamenn.

Konungur skipar einn mann í heilbrigðisráðið, en læknadeild háskólans kýs hina tvo, og auk þess tvo lækna til vara.

Aðalmenn þeir og varamenn, sem læknadeildin nefnir, skulu kosnir til 5 ára, en í fyrsta skiftið gengur annar aðalmaðurinn og annar varamaðurinn úr eftir 3 ár. Endurkjósa má þá, er úr ganga.

2. gr.

Störf þau, sem eftir eldri lögum heyra undir verksvið landlæknis, að undantekinni forstöðu yfirsetukvennaskólans, skulu falin heilbrigðisráðinu í hendur. Sá maður, er konungur skipar í heilbrigðisráðið, er forseti þess, og hefir á hendi framkvæmdir allar fyrir þess hönd.

Forstaða yfirsetukvennaskólans skal falin læknadeild háskólans.

Að öðru leyti skal nánara kveðið á um verksvið heilbrigðisráðsins með konunglegri tilskipun eftir að fengar eru tillögur þess sjálfs þar um og um það, hve nær og hvernig varamenn komi í stað aðalmanna.

3. gr.

Forseti heilbrigðisráðsins hefir auk ritfjár í byrjunarlaun 5000 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr. Auk þess nýtur hann sömu dýrtíðaruppbótar, sem aðrir fastir starfsmenn landsins.

Hinir aðalmenn heilbrigðisráðsins fá í þóknun árlega 1200 kr. hvor.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og er þá um leið lagt niður landlæknisembættið.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Landlæknir hefir hafið máls á því, að hann teldi henta að breytt sje stjórn heilbrigðismála hjer á landi í þá átt, að þau verði falin nefnd manna eða ráði, í stað þess að þau nú eru undir stjórn eins manns, landlæknis, og landlæknisembættið svo lagt niður. Ástæður landlæknis eru taldar í brjefi hans, fylgiskjali A með þessu frumvarpi.

Ráðuneytið leitaði síðan tillagna læknadeildar háskólans um mál þetta, og fer álit deildarinnar í sömu átt sem tillögur landlæknis, sbr. brjef hennar, sem hjer er prentað, fylgiskjal B.

Í samræmi við þessar tillögur er frumvarp þetta fram borið, með því að ráðuneytið verður að fallast á það, að heppilegra sje, að aðalstjórn þessara mála, sem einatt getur orðið um deilt, sje heldur í höndum fleiri manna en eins. Sjerstaklega getur þetta varðað miklu, er um sóttvarnarráðstafanir er að ræða, enda virðist heppilegt, að læknadeildin sje hjer ekki með öllu óviðriðin.

Það er ætlast til þess, að heilbrigðisráðið hafi, eins og landlæknir nú, aðalstjórn heilbrigðismálanna á hendi undir yfirumsjón stjórnarráðsins, en að forseti heilbrigðisráðsins hafi á hendi framkvæmdir á öllum ráðstöfunum þess. Þá er og byggt á því, að heilbrigðisráðið hafi tillögurjett um veiting læknahjeraða og að veitingarvaldið að jafnaði fari eftir tillögum ráðsins í þessu efni, svo sem átt hefir sjer stað um tillögur landlæknis að þessu leyti.

Heppilegt þykir, að læknadeild háskólans sjái um yfirsetukvennaskólann.

Til er ætlast, að forseti ráðsins hafi allar venjulegar daglegar framkvæmdir í heilbrigðismálum á hendi, komi að því leyti í stað landlæknis, hafi eftirlit með læknum, lyfsölum og heilbrigðis- og sóttvarnarnefndum, safni skýrslum og gefi þær út, standi í brjefaskiftum við önnur lönd o. s. frv. Honum eru ætluð svo ríflegt laun, að hann þurfi ekki að hafa önnur föst launuð störf á hendi eða lækningar. Ritfje verður hann að hafa svo sem nægir.

Hinir kjörnu menn í heilbrigðisráðinu ættu ekki að jafnaði að hafa mikið ómak af störfum þess. Að eins þyrftu þeir að mæta á fundum og taka þátt í mikilvægum ráðstöfunum, svo sem óvenjulegum sóttvarnarráðstöfunum, tillögum um breytingar á heilbrigðislöggjöfinni, tillögum um embættaveitingar, um lyfjaskrá og gjaldskrá hjeraðslækna. Er þessum tveimur kjörnu mönnum því ekki ætluð nema dálítil þóknun fyrir starf þeirra í heilbrigðisráðinu, með því að starf þetta verður ekki annað en aukastarf.

Að öðru leyti er vísað til brjefa landlæknis og læknadeildar.

Um einstakar greinar þykir ekki ástæða til að taka neitt fram sjerstaklega.

Fylgiskjal A.

LANDLÆKNIRINN.
Reykjavík, 29. des. 1918.

Hjer með leyfi jeg mjer að vekja athygli hins háa stjórnarráðs á því, að þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar hafa verið til varnar gegn útbreiðslu kvefpestarinnar (influenzu) hjer á landi, hafa mætt ýmsum þeim örðugleikum, að mjer virðist brýn nauðsyn beri til þess, að koma sem allra fyrst föstu skipulagi á þær sóttvarnir, ef annars gerlegt þykir og þjóðinni til gagns að halda þeim áfram.

Í lögum nr. 24, 1907, 2. gr. 5. málsgr., er svo fyrirmælt, að stjórnarráðið skuli kveða á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu hverrar þeirrar farsóttar, sem lögboðið er eða fyrirskipað

að verja almenning fyrir. Þann úrskurð stjórnarráðsins á svo að tilkynna hverjum hlutaðeigandi hjeraðslækni, en læknir gera þær ráðstafanir almenningi kunnar; því samkvæmt 1. gr. nefndra laga eiga hjeraðslæknar, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og stjórnarráðs, að sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Nú er hinu háa stjórnarráði eflaust kunnugt, að ýms blöð landsins — menn sem enga sjerþekkingu hafa á sóttvörnum — halda því fram statt og stöðugt, að ummæli mín um erfiðleikana á vörnum gegn influenzu sjeu einskis virði; hefir þetta uppistand leitt til þess, að ýmsar tillögur mínar og sumra merkustu hjeraðslækna landsins hafa verið að engu hafðar og hjeraðsstjórnir og sveitastjórnir tekið ráðin í sínar hendur og hagað sóttvörnunum hver eftir sínum geðþótta. Er það til dæmis, sem stjórnarráðinu er fullkunnugt, að þegar Lagarfoss kom til Akureyrar í vetur og hafði verið þar viku í sóttkví án þess að neinn veiktist, þá var það álit hjeraðslæknis í Akureyrarhjeraði og mitt líka, að lengri sóttkvíun væri óþörf, en engu að síður ákvað bæjarstjórn Akureyrar að sóttkvía skipið viku í viðbót og rjeð því að svo var gert.

Tíðarandinn og hugsunarháttur þjóðarinnar hefir tekið þeim stakkaskiftum á síðasta áratug, að nú er svo komið — sem meðal annars má marka á þessu sóttvarnarmáli — að það virðist hverjum manni um megn, hversu mikla reynslu og sjerþekkingu, sem hann kann að hafa til brunns að bera, að fara einn síns liðs með ýms mestu vandamál þjóðarinnar. Jeg finn glögt, að þetta sannast á mjer og heilbrigðismálum landsins.

Og fyrir því leyfi jeg mjer nú að fara þess á leit, að hið háa stjórnarráð snúi sjer til læknadeildar háskólans í þessum þjóðarvanda og mælist til þess, að læknakennararnir ásamt landlækni láti stjórnarráðinu í tje

a) Tillögur um fast fyrirkomulag á vörnum gegn kvefpestarfaraldri þeim, sem nú gengur yfir allan heim, ásamt rökstuddri álitsgerð um það, hvaða líkur eru til að slíkar varnir komi þjóðinni að haldi.

b) Tillögur um nauðsynlegar breytingar á stjórn heilbrigðismála hjer á landi.

Virðingarfylst

G. Björnson.

Til stjórnarráðsins.

Fylgiskjal B.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNADEILDIN.
Reykjavík, 20. febrúar 1919.

Í brjefi, dags. 31. des. 1918, hefir stjórnarráðið leitað tillagna læknadeildar háskólans »um nauðsynlegar breytingar á stjórn heilbrigðismála hjer á landi«.

Læknadeildin fól 3 mönnum að athuga þetta mál og gera tillögur um það. Hefir síðan rætt það á 2 fundum. Á fundi þ. 19. febrúar þ. á. samþykti meiri hluti deildarinnar eftirfarandi tillögu með öllum (6) atkvæðum:

»Deildin leggur til að stjórn heilbrigðismála sje breytt þannig, að í stað landlæknis komi 3 manna heilbrigðisráð með 2 varamönnum. Formaður þess sje fastur embættismaður, sem ekki gegni öðrum opinberum störfum eða lækningum, enda sje svo launaður, að hann neyðist ekki til þess. Konungur skipi formann, en stjórnarráðið hina fjóra, að fengnum tillögum frá læknadeild háskólans. Þeir sjeu skipaðir til 5 ára, en í fyrsta sinn gangi annar hinna föstu meðlima ráðsins úr, eftir hlutkesti, að 3 árum liðnum. Þó má endurskipa menn þessa«.

Ástæður deildarinnar fyrir þessari tillögu eru:

1. Reynslan hefir ótvírætt sýnt, að í tíð flestra eða allra fyrverandi landlækna hefir rekstri embættisins, árum saman, verið mjög ábótavant, hvort heldur sem það hefir stafað af aldri landlækna, vanrækslu eða annriki. Lítil líkindi eru til að girt verði fyrir þetta með því fyrirkomulagi, sem nú er, en eftir því sem samgöngur aukast og þjóðfjelagið vex, stafar meiri hætta af því.

2. Allar þýðingarmiklar ráðstafanir í heilbrigðismálum, ekki síst sóttvarnir, þurfa að styðjast við sem best »autoritet«, og fleiri menn eru betur settir að þessu leyti en einn.

3. Einn maður hefir síður þekkingu á öllum málum, sem fyrir kunna að koma, en fleiri.

4. Landlæknir þarf nú tímum saman að vera fjarverandi, á ferðum milli lækna, og það á þeim tíma, sem samgöngur eru mestar. Úr þessu er að nokkru bætt, ef einn eða tveir vanir menn geta gegnt störfum í fjarveru hans.

5. Þó landlæknir ætti aðgang að einum eða fleirum ráðunautum, sjerstaklega í sóttvarnarmálum, þá er líklegt, að hann færi allajafna eftir sínu áliti, en ekki þeirra, ef hann á einn að bera aðalábyrgðina. Yrðu þá slíkir ráðunautar nafnið eitt. Þeir gætu og tæpast tekið í taumana, þó út af bæri með embættisrekstur landlæknis; skorti vald til þess. Eftirlit með læknum, heilbrigðisskýrslur o. fl. gætu eftir sem áður lent í vanrækslu.

Að svo stöddu sá deildin ekki ástæðu til að gera tillögur um nánara fyrirkomulag á stjórn heilbrigðismálanna, meðan óvíst er, hvort tiltækilegt þykir að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefir.

Jeg leyfi mjer jafnframt að geta þess, að sumum deildarkennurunum hefir þó þótt ísjárvert að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefir. Fyrir þeim hefir þá vakað, að venjulega væri það alls ekki ofætlun fyrir einn mann að gegna landlæknisembættinu, og nokkra aðstoð gæti læknadeildin veitt, ef þess væri óskað, t. d. í sóttvarnarráðstöfunum. Þeim hefir þótt þetta bæði einfaldara og ódýrara, en auk þess tvísýnt, að störfin færu betur úr hendi hjá fleirum en einum manni með óskiftri ábyrgð gerða sinna.

Guðm. Hannesson,
p. t. deildarforseti.

Til stjórnarráðsins.

35. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

1. gr.

Í 2. gr. i lögum 14. des. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje komi $^4/_5$ fyrir $^2/_5$.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. næstkomandi og gilda til 1. jan. 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna þess að stjórnin flytur 2 frumvörp, sem hækka gjöld til ríkissjóðs á sjávarútveginum, hefir þótt rjett jafnframt, vegna jafnvægis milli atvinnuveganna, að hækka ábúðarskattinn. Hækkun þessi mun nema alls h. u. 40000 á ári. Vegna þess að fasteignamatinu er enn ekki lokið, og auk þess fyrirsjáanlegt, ef reynt verður að samræma matið, að fasteignaskattur verður ekki bygður á því næsta ár, þá hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært nú að koma með skatt á fasteignum, en flytur nú að eins þessa bráðabirgðabreytingu á ábúðarskattinum.

36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. april 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv.

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 20 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálf-hertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 40 aura.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 100 aura.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskiðum 200 aura.

12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 60 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 50 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.

Útflutningsgjaldið af lið 5 gildir ekki lengur en til 1. jan. næstkomandi.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 4, 16. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. april 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. april 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. april 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 12. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarpið.

Útflutningsgjaldi á fiski samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 hefir ekki verið breytt, en hins vegar fiskurinn stigið mjög mikið í verði. Það þykir því mega tvöfalda gjaldið, einkum þar sem þetta gjald verður samt svo lágt, að þess gætir lítið. Sömuleiðis þykir mega hækka gjaldið á síldartunnunni upp í 1 krónu á þ. ári, þar sem frumvarp stjórnarinnar um hækkun á síldartollinum upp í 3 kr. á ári, ef samþykt verður, nær ekki til þessa árs framleiðslu. Hækkanir á hinum öðrum liðum gefa ekki sjerstakt tilefni til athugasemda. Útflutningsgjaldið hefir verið þannig á árunum 1914—1918:

1914	kr. 199095
1915	— 263758
1916	— 216429
1917	— 80371
1918	— 53130

eða að meðaltali h. u. b. 160000 kr. á ári, og þykir mega gera ráð fyrir, að tekjuaukinn nemi þeirri upphæð á ári.

37. Frumvarp

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar síldar (108—120 lítra), í hverjum umbúðum sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera kr. 3,00. Gjaldið greiðist og af síld þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi og 1. gr. 4. töluliður í lögum frá 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og stjórnin gerði ráð fyrir á síðasta Alþingi, hefir orðið mikill tekjuhalli á árinu 1918, er stafaði bæði af auknum útgjöldum vegna ófriðarins og af tekjurýrnun. Framvegis verður búskapur landsins að bera sig, en til þess er tekjuauki að mun nauðsynlegur, ekki síst þar sem nú er óhjákvæmilegt að bæta kjör opinberra starfsmanna landsins, en af því leiðir mikinn útgjaldaauka. Tekjuaukinn eftir þessu frumvarpi fer auðvitað algerlega eftir síldarútflutningnum. — Árin 1913—1918 var útflutningur á síld:

1913	.....	217000 tunnur.	1916	.....	317000 tunnur.
1914	.....	277000 —	1917	.....	90000 —
1915	.....	388000 —	1918	.....	65000 —

Að meðaltali hafa á þessu tímabili verið fluttar út hjer um bil 225000 tunnur á ári. Síldarveiðin hefir verið mjög lítil 1917 og 1918, en þó virðist ekki óvarlegt að gera ráð fyrir ca 150000 tunnum. Tekjuaukinn, kr. 2,50 á hverri tunnu, yrði þá kr. 375000 á ári.

38. Frumvarp

til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

1. gr.

Skilgetið barn verður íslenskur ríkisborgari, ef faðir þess er það, og óskilgetið, ef móðir þess er það.

2. gr.

Nú er maður fæddur á Íslandi, en á þó eigi ríkisfang þar samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá íslenskan ríkisborgararjett, ef hann hefir haft þar samfleytt heimilisfang þar til hann er fullra 19 ára, hvort sem hann er fæddur áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi, enda hafi hann eigi síðasta árið lýst því skriflega fyrir viðkomandi lögreglustjóra, að hann hirði eigi að öðlast íslenskan ríkisborgararjett, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Slík yfirlýsing dugar þó eigi niðjum hans.

3. gr.

Kona fær ríkisfang manns sins. Sama er um ósjálfráð börn, er þau hafa saman átt áður en þau gengu að eigast.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararjett með lögum. Fer þá um konu manns og börn þeirra eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs, og slíkt hið sama kona hans og skilgetin börn ósjálfráð, nema þau hafi heimilisfang á Íslandi og haldi því. Ef kona þess, er tekið hefir ríkisfang annarsstaðar, eða börn, fylgja ekki því ríkisfangi, þá skulu þau ávalt halda ríkisfangi sínu á Íslandi.

Nú vill maður gerast ríkisborgari í öðru landi, getur konungur þá leyst hann undan því að hafa ríkisfang á Íslandi, enda skal hann hafa tekið ríkisfang erlendis innan ákveðins tíma.

6. gr.

Kona missir íslenskan ríkisborgararjett, ef maður hennar hefir hann eigi. Sama er um börn, sem þau áttu saman, áður en þau gengu að eigast, og þá voru ósjálfráð.

7. gr.

Nú breytist ríkisfang konu á Íslandi sakir giftingar, og haggar það eigi ríkisfangi þeirra barna, er hún hefir átt við öðrum en bónda sínum.

8. gr.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá eiga ríkisfang á Íslandi, þar til annað reynist sannara.

9. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hjer segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, og eigi myndi vera orðnir íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararjetti, en hafa þó rjett til að áskilja sjer íslenskt ríkisfang, ef þeir lýsa því fyrir viðkomandi lögreglustjóra fyrir 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráðra barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráðra barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

10. gr.

Nú fær maður íslenskt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisföst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráð börn, ef faðir þeirra verður íslenskur ríkisborgari, og óskilgetin ósjálfráð börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918, og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar, en hafa þó rjett til að áskilja sjer danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því fyrir viðkomandi lögreglustjóra fyrir 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918, og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar ásamt konum og börnum svo sem í 10. gr. segir, enda hafi þeir eigi tekið ríkisfang utan ríkis Danakonungs og Íslands.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenskur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

13. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. des. 1918.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 6. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóv. 1918 hefir Ísland fengið viðurkendan þegnum sínum til handa íslenskan ríkisborgararjett. Til þess tíma var ríkisborgararjettur sameiginlegur Dönum og Íslendingum samkvæmt

auglýsing nr. 5, 10. apríl 1908, er birti á Íslandi dönsk lög frá mars 1898, breyttri útgáfu, um að öðlast og missa rjett innborinna manna. Sakir þessarar breytingar, er sambandslögin hafa í för með sjer, er nauðsynlegt að setja lög um það, hverjir skuli taldir íslenskir ríkisborgarar 1. des. 1918, er sambandslögin öðluðust gildi, og hvernig fara skuli framvegis um íslenskan ríkisborgararjett.

Um 1. gr.

Er að efni til samhljóða 1. gr. og 7. gr. 1. málsgr. augl. 1908.

Um 2. gr.

Er sama efnis og 2. gr. augl. 1908, að viðbættum 2. málsgr. 1. málslið 9. gr. Þó er sú breyting gerð, að yfirlýsingu samkvæmt greininni skal senda lögreglustjóra, en eigi stjórnarráði.

Um 3. gr.

Svarar til 3. gr. augl. 1908.

Um 4. gr.

Svarar til 4. gr. augl. 1908.

Um 5. gr.

Svarar til 5. gr. augl. 1908.

Um 6. gr.

Sama efnis sem 6. gr. augl. 1908.

Um 7. gr.

Svarar til 7. gr. 3. málsgr. augl. 1908.

Um 8. gr.

Sama efnis sem 8. gr. augl. 1908.

Um 9.—12. gr.

Nauðsyn ber til þess að ákveða svo skýrt sem föng eru á, hverjir skuli taldir íslenskir ríkisborgarar 1. des. f. á., þegar sambandslögin gengu í gildi. — Glöggvast þykir að leggja heimilisfangið til grundvallar, þannig að allir Íslendingar og Danir, er þann dag áttu heimilisfang á Íslandi, verði íslenskir þegnar. Eigi þykir fært að skilgreina í lögum eitt skifti fyrir öll, hverjir skuli íslenskir taldir eða danskir. Er hætt við, að sú skilgreining yrði annað hvort of þröng eða of rúm. Umboðsvaldi og dómstólum er ætlað að ráða fram úr því hverju sinni.

Það þykir rjett að heimila dönskum mönnum, búsettum á Íslandi 1. des. 1918, rjett til að halda dönsku ríkisfangi, ef þeir lýsa ósk sinni um það innan ákveðins tíma. Ákvæðin um þýðingu slíkrar yfirlýsingar um konu slíkra manna og börn eru í samræmi við almennar reglur og önnur fyrirmæli frv., sbr. 1., 3., 4. og 5. gr. Líkt er að segja um það ákvæði, að útlend, þar á meðal dönsk kona, gift íslenskum ríkisborgara, heldur ríkisfangi manns síns, og hefir hún því eigi slíka heimild, sem Dönum er alment veitt í 9. gr.

Ákvæðin um þá menn, sem búsettir voru á Íslandi 1. des. 1918, í 1. og 2. tölul. 9. gr. þarf eigi að skýra.

Það er í samræmi við gildandi löggjöf, að vist á sjúkrahúsi o s. frv. er eigi talin heimilisfang.

Í 1. málsgr. segir sjerstaklega um Íslendinga í Danmörku. Gert er ráð fyrir því, að þeir taki íslenskt ríkisfang þar, nema þeir óski að hafa danskt ríkisfang.

Rjett þykir að veita íslenskum mönnum, sem búsettir voru erlendis og eigi í Danmörku, kost á að hafa íslenskt ríkisfang og halda því (2. málsgr.), ef þeir hafa eigi gerst þegnar annara ríkja. Nær þetta t. d. til Vestur-Íslendinga.

39. Frumvarp

til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskírteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skírteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hinn 30. nóv. 1918 gaf Hans Hátign konungurinn út eftir tillögum stjórnarráðsins eftirfarandi bráðabirgðalög, og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, sem þau byggjast á. Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkv. 6. gr. stjórnskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um nauðsyn á því að gera breytingu á löggjöfinni um skrásetning skipa, til þess að hún sje í samræmi við hin dansk-íslensku sambandslög, verðum Vjer að telja brýna nauðsyn á því að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar, um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa, orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskírteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skírteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 30. nóv. 1918.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

40. Frumvarp

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi.
d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem kennaraprófi hefir lokið, um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá auglýsa stöðuna af nýju, með svo löngum fresti til umsóknar, sem hún telur nægja, en hafi enginn enn sótt um stöðuna, þegar sá frestur er út runninn, skal nefndin gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá 1. okt. eða 1. jan., og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi.

Þeir eiga að kenna samkvæmt lesskrá fyrirskipaðar námsgreinar og gera sjer alt far um að þroska með kenslunni sálargáfur barnanna, jafnframt því að auðga þau að þekkingu. Eiga þeir ávalt að gæta þess, að kenslan sje við skilningshæfi barnanna, gera sjer far um að setja námsefnið skýrt og skilmerkilega fram, og skulu þeir jafnan skýra það efni fyrir börnunum, sem þeir setja þeim fyrir að læra um heima, og gefa þeim tækifæri til að beita eigin atorku við námið, eftir því sem þekking þeirra og þroski leyfir.

Þeir eiga að hafa vakandi auga með siðferði nemenda sinna, bæði í kenslustundum og í frítímum þeirra. Ef þeir þurfa að ávíta, eða beita refsingum, eiga þeir jafnan að taka tillit til aldurs barnanna og lundarfars, og sýna sjálfir alvöru, ástúð og stillingu.

Þeir eiga að gæta kensluáhalda skólans og annara eigna hans og áhalda og halda dagbók og prófbók, svo sem skólastjórnin fyrirskipar, og að öðru leyti halda lög þessi og hlýða þeim reglum og fyrirskipunum um skólahaldið, sem skólastjórnin leggur löglega fyrir þá.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.

b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1500 kr., og kennarar við þá skóla 1200 kr.
Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.
e. Farskólakennarar hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur, og húsnæði alt árið, eða jafngildi þeirra hlunninda í peningum.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að 1/3 af ríkissjóðsfje, en að 2/3 úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri fá kennarar sem hjer segir:
a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 4. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 4. hvert ár, upp að 500 kr.
d. Farskólakennarar 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.
Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi. Dýrtíðaruppbót samkvæmt þessari grein greiðist á þann hátt, er ræðir um í 11. gr. 1. málsgrein.

14. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er hið sama, sem af landsstjórnar hálfu var lagt fyrir Alþingi 1918, en þá náði ekki fram að ganga. Eina breytingin er sú, að sett er ákvæði um bráðabirgðauppbót handa barnakennurum á líkan hátt, sem bráðabirgðauppbót starfsmanna ríkissjóðs.

Ráðuneytið verður enn að vera sömu skoðunar og látin er í ljósi um þetta efni í athugasemdunum við frumvarpið 1918, og telur eigi lög nr. 17, 24. sept. s. á., þá bót á kjörum barnakennara, að við megi hlíta til frambúðar.

41. Frumvarp

til laga um ekkjutrygging embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yngri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð, er sje jafnhá og þreföld árslaunin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum, þegar lög þessi koma í gildi, og eldri eru en 50 ára.

2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsstjórnin tekur gilt. Skylt er og hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Auk þess getur konungur í viðbót við lífsfje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeýris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

4. gr.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.

3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings áliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa og eru þess makleg, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við þetta frumvarp.

Frumvarpið er borið upp samhliða launalagafrumvarpinu, og er að miklu bygt á samskonar frumvarpi launamálanefndarinnar. Þetta frumvarp er frábrugðið frumvarpi nefndarinnar í því, að nefndin gerði ekki ráð fyrir neinni greiðslu úr landssjóði til ekkna embættismanna eða barna þeirra. Það verður nú og að viðurkenna það, að það væri eðlilegast, úr því horfið er frá því að láta embættismenn fá eftirlaun úr ríkissjóði, að þá eigi ekkjur eða munaðarlaus börn embættismanna ekki heldur heimting þesskonar fjárgreiðslu af almannafje. En reynsla hinna síðustu ára hefir sýnt það, að Alþingi hefir verið mjög fúst á að veita ekkjum embættismanna viðbótareftirlaun úr landssjóði, eða eftirlaun, þótt þær hafi ekki haft eftirlaunarjett. Eftir þeirri reynslu virðist miklu betra, að það sje lögmælt hver þessi styrkur skuli vera, því að annars verður hann fremur af handa hófi, og máske, þegar til lengdar lætur, ekki öllu ódýrari landssjóði. Auk þess má taka það fram, að laun embættismanna eru ekki svo há og munu eflaust um langan aldur ekki verða svo há, að sá afgangur verði af, að ekkjur þeirra yfirleitt eigi ekki við þröng kjör að búa, jafnvel þótt þeim sje trygður einhver lífeyrir af mönnum þeirra. Þess vegna má væntanlega treysta því, að þær og börn þeirra verði jafnan látin njóta einhvers styrks úr ríkissjóði, svo að þær komist ekki á vonarvöl.

Hvað líffje handa ekkjum og styrkur handa munaðarlausum börnum eftir þessu frumvarpi mundi kosta landssjóð, er ekki auðið að segja, vegna þess að skýrslur um hlutfallið milli embættismannatölunnar annars vegar og tölu ekkna og

munaðarlausra barna hins vegar vantar alveg fyrir ýmsa embættismannaflokka, sem nú kæmi til greina eftir launalagafrumvarpinu, og eru ófullkomnar eða eigi nægilega víðtækar að því er snertir þá embættismenn, er hafa notið eftirlauna fyrir sig, ekkjur sínar og börn. Nokkra hugmynd má þó gera sjer um þetta, ef bygt er á útreikningi Launamálanefndarinnar og áætlun um þetta efni, sbr. sjerstaklega nefndarálit hennar á bls. 140—141. Geri maður ráð fyrir alt að 100% hækkun frá því sem þar er áætlað, bæði vegna fjölgunar embættismanna, er ekkjur þeirra njóta þessara hlunninda, og hækkunar launanna, þá mætti áætla útgjöld þessi um 50000 til 60000 kr. á ári.

Nú er eftirlauna og styrktarfje eftir fjárlagafrumvarpinu fyrir árin 1920 og 1921 áætlað um 75000 kr. um árið, og þótt eitthvað yrði veitt í líku skyni öðrum en embættismannaekkjum og börnum þeirra, þá mundi þessi fjárveiting að minsta kosti ekki þurfa að hækka, þótt lagafrumvarp þetta yrði samþykt ásamt frumvarpinu um ellitrygging, nema máske um stutt árabil, meðan hið nýja skipulag væri að koma í gang. Hins vegar sparaði ríkissjóður þá ekki meira fje við það að losast við að greiða embættismönnum eftirlaun heldur en bætist við styrktarfjeð til embættisekkna og barna þeirra, vegna þess að rjettur á þessu styrktarfje er látinn ná til allra starfsmanna ríkisins.

Í frumvarpinu er fje það, er embættismaður tryggir ekkju sinni, nefnt lífeyrir, en styrkur úr ríkissjóði líffje.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir eigi þörf að fjölyrða. 1., 2. og 7. gr. svara til frumvarps Launamálanefndarinnar, en 3.—6. gr. til ákvæða núgildandi eftirlaunalaga frá 4. mars 1904, um eftirlaun ekkna og styrks til munaðarlausra barna embættismanna.

Nd. **42. Frumvarp**

til vatnalaga.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Einar Arnórsson.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, er nú skal greina:

Fallvatn merkir: Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

Frumdrættir merkir: Mælingar, uppdrættir, lýsing og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

Fullnaðardrættir merkir: Mælingar og uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

Hjerað merkir: Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

Iðja merkir: Iðnaður, annar en handiðn.

Iðjuhöldur merkir: Eigandi iðjuvers.

Iðjuver merkir: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við iðjurekstur.

Landareign merkir: Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða.

Lágflæði merkir: Venjulegt lægsta vatnsborð.

Orkuver merkir: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinslu eða breytingu einnar tegundar orku í aðra.

Sjerleyfi merkir: Leyfi samkvæmt sjerleyfislögum.

Vatnsmiðlun merkir: Geymsla á vatni til breytinga á eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

Vatnsvirkjari merkir: Sá maður, er kemur fyrir neysluvatnsæðum.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Hver maður má hagnýta sjer vatn, hvort sem það er straumvatn eða stöðuvatn, með þeim hætti, sem lög standa til.

3. gr.

1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sje ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

2. Nú verður breyting á farvegi, og skulu þá merki haldast, þau er áður voru.

4. gr.

1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður metinn áframhald af, 115 stikur út í vatn (netlög).

2. Ef vatn er eigi fullir 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á ger. Skal miða við lágflæði í vatninu.

3. Nú er vatnsborð hækkað eða lækkað af mannavöldum, og skal þá miðað við það eins og það var frá upphafi.

4. Ef gras vex upp úr vatni við lágflæði, þá skal um það fara sem þurt land væri.

5. Ef eyjar eða hólmar eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög eins og áður segir.

6. Ef vatn þornar með landi fram eða brýtur land, þá skulu netlög vera sem áður var.

5. gr.

Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð,

að hver botndepill fylgi þeim bakka, er hann er næstur, og skal miðað við lágflæði.

6. gr.

1. Rjett er, að matsmenn ákveði og setji merki milli landa, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

7. gr.

1. Vötn öll skulu svo renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess:

a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,

b) að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,

c) að veita jarðvatni úr landi sínu á annara land,

ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni almennings.

8. gr.

1. Nú breytist farvegur án þess að af mannavöldum sje (3. gr. 2. tölul.), og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rjett að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnota af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, er verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo 2 ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, sem í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðist í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum.

3. Nú hefir sama ástand haldist 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara sem það hefði að fornu fari verið svo.

9. gr.

Þar er vatn er milli landareigna, fylgir hvorri þeirra rjettur til jafnra nota af vatninu til samkynja þarfa (sbr. 10. gr.), enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á gerð.

10. gr.

1. Landareign hverri fylgir heimild til að hagnýta það vatn, sem á henni er, hvort sem það er straumvatn eða stöðuvatn:

a. Til heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða.

b. Til búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum.

c. Til jarðræktar, svo sem til áveitu.

d. Til smáiðnaðar og iðju í þarfir búnaðar og atvinnurekstrar, sem snertir hann og eigi verður talinn verksmiðjuiðja.

e. Til að vinna úr því orku til heimilis og búsþarfa.

2. Heimild þá, er í 1. tölul. stafl. a.—c. greinir, má eigi skilja frá eigninni, nema sjerstök lagaheimild komi til.

11. gr.

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minniháttar vötn, sem eigi hafa stöðugt aðrensli ofanjarðar, svo sem hjer segir, enda sje eigi önnur lögmæt skipun á gerð:

1. Landeiganda er rjett að hagnýta sjer slíkt vatn eða ráðstafa því á annan hátt, enda fari það eigi í bága við rjettindi eignarinnar samkvæmt 10. gr., stífla frárensli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofan jarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rjett að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sje tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

4. Ef vatn liggur á tveimur landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigenda fara svo með það, að hinum verði mein að.

12. gr.

Hverir, laugar og ölkeldur skulu með landsgæðum landareignar taldar. Um meðferð þeirra fer eftir 11. gr., með takmörkunum þeim, er hjer segir:

a) Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum eða ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða á annan hátt, nema það sje nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum.

b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar eða sundskála til afnota fjelaga eða almennings. Bætur fyrir laugarvatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skulu greiddar eftir mati, nema samkomulag verði.

13. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilis og búsþarfa úr vötnum þeim, er 12. gr. tekur eigi til, svo og að nota þau til sunds og umferðar á vatni og ísi, ef það má verða án þess að nota þurfi land annara manna þeim að meini eða rjettur landareignar samkvæmt 10. gr. sje skertur, enda fari slík notkun eigi í bága við lög, samþyktir eða annað lögmætt skipulag.

14. gr.

1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sje minkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annara manna eða vatnsbólum, nema eigi sje annars kostur eða vatnsból yrði ella að mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slikar verkanir, sem mælt var.

3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari í bága við 1. og 2. lið þessarar greinar, skal til lykta leiddur með matsgerð.

15. gr.

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsvirkjum, að mönnum, skepnum eða landi annara manna sje eigi af þeim hætta búin.

16. gr.

1. Þeim, er land á undir vatni, er einum heimilt að taka ís af því. Nú vill maður taka ís fyrir utan netlög (4. gr. 1. tölul.) eða á vötnum í afrjettum eða almenningum (sbr. 17. gr.), og veitir þá vatnastjórn heimild til ístöku.

2. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur vatnastjórn sett.

17. gr.

1. Ríkið hefir umráð yfir öllu vatni, bæði straumvatni og stöðuvatni, nema því, sem:

a. Er heimilað landareignum til hagnýtingar samkvæmt 10. gr.

b. Er undir sjerstökum yfirráðum landeiganda samkvæmt 11. gr.

c. Telst með landsgæðum samkv. 12. gr.

d. Hefir verið virkjað eða veitt úr farvegi til notkunar samkvæmt heimild í lögum eða samkvæmt löglegu leyfi eða sjerleyfi, enda sje ekki komið aftur í eðlilegan farveg.

2. Vatn það, sem talið er í 1. tölulið a--d, er einungis að því leyti undir eftirliti ríkisins, sem ákveðið er sjerstaklega í lögum þessum.

3. Ríkið hefir umráð yfir öllu vatni utan heimalanda lögbýla, nema svo standi á, sem í 1. tölul. d segir.

18. gr.

1. Nú lætur maður af hendi hlut eða hluta landareignar, er að vatni liggja, og hverfur þá vatnsbotninn samkvæmt 3.–5. gr. til hins nýja eiganda, nema öðruvísi semji, en rjettur til vatnsnota samkvæmt 10. gr. tölul. a.—c. því að eins, að eigninni fylgi alt að einu óskertur og jafnauðnotaður rjettur til vatns samkvæmt nefndum ákvæðum og næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar hans.

2. Nú er sameignarlandi skift eignarskiftum eða afnota, og skal þá hverri eign fylgja svo auðnotaður rjettur sem unt er til vatns samkvæmt 10. gr., og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim rjetti.

III. KAFLI.

Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, og iðnaðar og iðju án vatnorkunota.

19. gr.

1. Eiganda landareignar, er vatnsrjettindi fylgja samkvæmt 10.—12. gr., er rjett að veita til sín vatni, sem um hana rennur, eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin (sbr. 10. gr. stafl. d.), enda sje eigi meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að.

20. gr.

1. Nú er vatn of lítið til þess að fullnægja þörfum þeim, er í 19. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er heimild hefir til þess vatns samkvæmt 10.—12. gr., sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal úr því skorið með mati.

3. Vatnastjórn getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. tölul., skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. tölul., að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

21. gr.

1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. tölul. 20. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri alt haft til að fullnægja rjetthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. töluliðs 20. gr.

22. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni samkvæmt 19. gr.

23. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið á vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

24. gr.

1. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum

húseignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingum húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6‰ (sex af þúsundi) af brunabótavirðingu á neinni húseign.

2. Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

3. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

4. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli trygður með lögveðrjetti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

25. gr.

1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur maður þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

26. gr.

1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

2. Reglugerðir þær allar, sem bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skulu sendar viðkomandi ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfestingu ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð.

27. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annara manna, enda sjeu þær eigi sviftar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sje sjeð fyrir því á annan þeim eigi óhagfeldari hátt.

2. Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. tölul., að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæð úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, en svara skal hann vatnsskatti frá þeim tíma, sem hann getur notað

vatnsveituna, eftir fyrirmælum 24. gr., nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, er settar eru eða settar verða í löglega gerðum fyrirmælum um vatnsveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minst á veiði eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef skaði verður, þá skal hann að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr honum með mati.

28. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er, og hve nær sem er, í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

29. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land, og láta í tje landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 28. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

30. gr.

1. Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni samkvæmt 19. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Eigi má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. tölul. getur, leiði í ljós, að það sje hagfelt, að öllu athuguðu, fyrir að minsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða samþykt verði á lögmætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, er eigi nota veituna samkvæmt því, er nú var mælt, má eigi vatnsskatt leggja.

3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. tölulið, skal samþyktin ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu töluliðum getur, send vatnastjórn, er sendir hana með umsögn sinni viðkomandi ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

4. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt.

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 22.—29. gr.

31. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi,

koma sjer upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkv. 19. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist vatnsveitufjelag, en lög fjelagsins kallast vatnsveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ákvæði þessa kafla taka eigi til þess.

2. Stjórn vatnsveitufjelags semur samþyktir fjelagsins, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 22.—29. gr.

32. gr.

1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til þarfa hennar samkv. 19. gr., og getur þá sá eða þeir, er meiri hluta fasteignar eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

2. Ef eigi verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurjöfnun kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa framkvæmd og umsjón á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rjett er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sje greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja sem vill getur beiðst staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

33. gr.

1. Ef maður getur eigi aflað sjer vatns í landareign sinni til heimilis og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rjett að afla þess þaðan, enda sje þar vatn afgangs frá heimilis- og búsþörfum. Er honum rjett að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo litinn usla sem unt er, og bæta tjón á landi eða vatnsbóli, og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landareign annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. tölul. segir. Um bætur fer og sem þar segir, eftir því sem við á.

34. gr.

1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar, samkv. 19. gr., og er honum það rjett, enda sje vatn nægt, er eigi sje notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 27., 28. eða 29. gr., getur viðkomandi ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim greinum segir.

3. Beita má ákvæðum 2. tölul. 27. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. tölul. greinar þessarar.

35. gr.

1. Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuiðnaðar eða

annarar iðju, og er honum þá rjett að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra er í 19. gr. segir, svo og að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

2. Ákvæðum 29. gr. má beita svo sem við á.

36. gr.

Hverjum þeim, sem eigi hefir í öndverðu verið með í vatnsveitufyrirtæki, er rjett að taka síðar þátt í því, enda verði það metið, að vatn sje til þess nægilegt, og að það valdi eiganda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, er sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu ákvæði 36. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

IV. KAFLI.

Um áveitur.

38. gr.

Hverri landareign fylgir heimild til að hagnýta vatn, sem er á henni eða rennur um hana, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sje enginn sviftur með því neysluvatni (10. gr. 1. tölul. stafl. a. og b.), nje neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun neysluvatns, nje neysluvatni spilt fyrir neinum svo að veruleg óþægindi sje að.

39. gr.

Þar sem merkivötn skilja landareignir, fylgir hvorri landareigninni heimild til að hagnýta vatn úr þeim eftir þörfum, sem segir í 38. gr. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum, þá skal ákveða skifti og notkun þess með mati.

40. gr.

Heimild sú til hagnýtingar á vatni til áveitu, er fylgir landareign samkvæmt 38. og 39. gr., verður ekki frá henni skilin, nema vatnið sje tekið til neyslu (10. gr. 1. tölul. stafl. a. og b.), eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 41. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja þörfum landareignar til áveitu, skal kveða á um það með mati.

41. gr.

1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa í ræktunarskyni, og er þá

eiganda hennar eða notanda rjett að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

a). Að enginn sje sviftur með því neysluvatni, nje neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun neysluvatns, nje neysluvatni spilt fyrir neinum svo að veruleg óþægindi sje að.

b). Að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til.

2. Nú ris ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við takmarkanir þær, er greindar voru, og getur þá hvor málsaðili sem er látið meta, hvort taka vatnsins sje heimil samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun neysluvatns eða spjöll á neysluvatni, eða skaði að missi vatnsins til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, þá skulu ákveðnar hæfilegar bætur fyrir alt þetta.

42. gr.

Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur, ef samkomulag næst eigi, látið matsgerð fara fram. Ef tjón það í heild sinni, er verkið bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hagkvæmara að framkvæma verkið á annan hátt en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

43. gr.

1. Áveitum skal haga svo, að eigi sje neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, ef unt er, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sjer mein að áveitu annars manns, og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafist matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

44. gr.

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sjer áveitufjelag. Um fjelagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög fjelagsins nefnast áveitusamþykt, en áveitan nefnist samáveita.

45. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir

skurði, og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv. og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati.

46. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, er áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð lands þess, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig hver landareign liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun.

47. gr.

Ef einhver vill, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það er að dómi matsmanna bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra aðilja.

48. gr.

1. Nú er samþykt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað við samáveituna að þeim hluta, sem samkvæmt niðurjöfnun þeirri, er segir í 46. gr., kemur á landareign hans.

2. Leiguliði á jörð, sem áveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa jarðeiganda árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun.

3. Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt heimild í staðfestri áveitusamþykt, má taka lögtaki.

49. gr.

Nú hefir staðfest samþykt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþyktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafist þess, að landareignin sje tekin lögnámi handa áveitufjelaginu.

50. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi og vilja sumir veita á hana vatni, en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef eigi verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi umsjón og framkvæmd

verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig. að honum sje lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar viðkomandi ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

V. KAFLI.

Um notkun vatnorku.

51. gr.

1. Eiganda landareignar, sem vatnsrjettindi fylgja samkvæmt 10.—12. gr., er rjett að nota það vatn, sem um hana rennur, til þess að vinna úr því orku til heimilis- og búsþarfa á landareigninni, enda sje enginn sviftur með því vatni, er hann þarf að nota á þann hátt, sem greinir í III. og IV. kafla, nje neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf á þann hátt, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþægginda horfi.

2. Til heimilis- og búsþarfa samkvæmt 1. lið telst orka sú, sem notuð er til:

a. Ljósa í húsum inni, og til útiljósa.

b. Matreiðslu.

c. Hitunar á íveruherbergjum.

d. Rekstrar vinnuvjela, sem notaðar eru við landbúnað, fiskveiðar eða handiðn.

3. Nú verður ágreiningur um það, hve margar hestorkur þurfi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum á landareign samkvæmt 1. og 2. tölulið, eða um það, hvaða fallvatn eða hluta úr fallvatni skuli áskilja landareign í þessu skyni, ef fleiri en eitt er fyrir hendi, og skal þá matsnefnd skera úr. Þó má eigi án samþykkis vatnastjórnar meta neinni landareign meiri orku til heimilis- og búsþarfa en samsvari 5 eðlishestorkum fyrir hvern mann, þeirra er heimilisfastir hafa verið á landareigninni að meðaltali 5 árin næstu áður en mat fór fram, þó aldrei meira en 200 eðlishestorkur.

4. Heimilt er að hagnýta á hvern þann hátt, er hentugt þykir, orku þá, er afgangs verður frá heimilis- og búsþörfum á þeim tímum, þegar notkun orku til heimilis- og búsþarfa er minni en hún verður mest eða fyrir neðan hámark það, er ákveðið hefir verið með mati samkvæmt 3. tölulið.

5. Ekki getur landeigandi áskilið sjer til afnota samkv. 1.—3. tölul. neitt það fallvatn, þótt um landareign hans renni, sem virkjað hefir verið eða byrjað er að virkja til orkunýtingar í öðru skyni þegar mat samkv. 3. tölul. fer fram.

6. Eigi má landeigandi virkja í þessu skyni hluta af fallvatni, sem hefir meira en 200 eðlishestorkur, nema leyfi landsstjórnar komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem landsstjórnin, eftir tillögum vatnastjórnar, telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

52. gr.

1. Rjett er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsafnota þeirra, sem heimiluð eru í 51. gr., enda sje eigi gerðar skemdir á landi annara manna umfram nauðsyn. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í hinn fyrri farveg sinn áður en landareigninni sleppir, nema samlög sjeu milli eigenda fleiri landareigna um orkunýtingu samkv. 51. gr.

2. Vatnorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 51. gr., má landeigandi breyta í raforku og veita um landareignina eftir raforkutaugum ofanjarðar eða neðan.

3. Nú telur landeigandi sig þurfa að hafa afnot af landi annars manns til þess að nota rjett sinn samkvæmt 51. gr., og er honum þá rjett, ef samkomulag næst eigi, að kveðja matsnefnd til úrskurðar. Skal matsnefnd heimila honum landsafnotin, ef hagnaður hans af þeim er mun meiri en tjón hins, og meta fullar bætur.

4. Skylt er að hlíta ákvæðum þeim, er sett kunna að verða um gerð og tilhögun mannvirkja þeirra, er þarf til þess að vinna orku úr vatni, breyta henni í raforku og veita henni til neyslustaða.

53. gr.

1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rjett til að nota vatn úr þeim samkvæmt 51. og 52. gr.

2. Nú nægir merkivatnið eigi báðum landareignum til fullnægingar þörfum þeim, er greinir í 51. gr. 1. tölulið, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rjett til svo mikils af vatnorkunni, sem svarar hálfu rensli merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landareign hans, enda sje í hvorugri landareigninni annað jafnhentugt fallvatn fyrir hendi til fullnægingar orkuþörf á henni samkvæmt 51. gr. Skera skal úr með mati, ef ágreiningur verður.

54. gr.

1. Landsstjórn er rjett að taka sjerhvert fallvatn til þess að vinna úr því orku til almenningsþarfa, eða handa nytsömum fyrirtækjum, og veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 51. gr. um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota á þann hátt, er segir í III. og IV. kafla.

2. Ef nota þarf í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 51.—53. gr., skal greiða endurgjald eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestorkutölu, sem fasteigninni verður áskilin.

3. Nú þykir landsstjórn nauðsynlegt að taka í því skyni, sem í 1. tölulið segir, til afnota virkjað fallvatn eða fallvatn, sem byrjað er að virkja, eða að taka lögnámi orkuver eða orkuveitu til þess að fá hagfelda skipun á orkuveitu um eitthvert svæði, og er það þá heimilt, enda komi fult endurgjald fyrir til handa þeim, er tjón bíða af vatnstökunni eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða

veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni, og eigi með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um þau efni, er í þessum tölul. segir, skal mat ráða.

4. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur landsstjórnin, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálf, eða leyfa öðrum að framkvæma hana eftir því, sem sjerleyfislög mæla.

55. gr.

Þegar landsstjórnin hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, svo og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst eigi.

56. gr.

1. Þá er landsstjórnin hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, er henni áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku innan þess svæðis. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru innan slíks svæðis, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Skal vatnastjórn auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð, orkuver eða orkuveitur innan svæðis, sem auglýsing slík er getur í 56. gr. er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar skýra vatnastjórn frá því, og ákveður hún þá með samþykki viðkomandi ráðherra staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hún veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að landsstjórnin stofnsetji og starfræki eða leyfi öðrum að stofnsetja og starfrækja orkuver eða orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt. 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði þessarar greinar.

58. gr.

Nú vill hjeraðsstjórn koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast til þess samþykkis vatnastjórnar, og jafnframt áður en byrjað er á framkvæmd verksins senda vatnastjórn frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Samþykki vatnastjórnar má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja jafnrjetti notenda og almenningshagsmuni,

þar á meðal sjerstaklega til þess að tryggja það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almennings þarfa í landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir með samþykki vatnastjórnar ákveðið að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, hefir hún rjett til að taka óvirkjað fallvatn til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 51. gr. um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota á þann hátt, er segir í III. og IV. kafla. Þurfi hjeraðsstjórn að nota í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er fasteign til orkunýtingar samkvæmt 51.—53. gr., skal það og heimilt, að því leyti sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi, eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestorkutölu, sem fasteigninni verður áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

60. gr.

Einkarjett þann, sem landsstjórninni er áskilinn í 56. gr., getur vatnastjórn, þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., selt hjeraðsstjórn í hendur á svæði því, sem orkuveita hennar nær yfir, um tiltekið árabil, þó aldrei lengur en á meðan orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sinu. Einnig getur vatnastjórn þá fengið hjeraði í hendur rjett til þess að taka lögnámi orkuver eða orkuveitur, sem fyrir eru í takmarkinu, en að öðru leyti fer um slík ver og veitur eftir ákvæðum 57. gr.

61. gr.

1. Hjeraðsstjórnin leggur orkutaugar svo, að sjerhver sá, er óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveitan skuli kosta þær að einhverju eða öllu leyti.

2. Nú vill einhver sá, sem býr utan takmarks orkuveitunnar, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Sama rjett hafa fjelög einstakra manna og önnur hjeruð. Verði ágreiningur út af þessum ákvæðum, sker vatnastjórn úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til.

62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveðið í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og viðkomandi ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimta hvert ár.

2. Verði árskostnaður af orkuveitunni meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja auka-

gjald af notendum utan hjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar, samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innan hjeraðs.

3. Verði árstekjur af orkuveitunni meiri en árskostnaður við hana, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nemi tekjuafgangur sá, sem þannig er látinn renna í sjóð hjeraðsins, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, eiga notendur utan hjeraðs rjett til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að þeirra hluta.

63. gr.

Hjeraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki vatnastjórnar, um notkun raforkunnar og meðferð á raftækjum og önnur atriði, er snerta orkuveituna.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, er nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla að því leyti, sem eigi er sjerstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Enginn verður skyldaður til þess að taka á móti vilja sínum þátt í slíkum fjelagsskap.

3. Samþykki vatnastjórnar sliku fjelagi til handa má, auk þess er segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

4. Að öðru leyti gilda þá reglurnar í 58.—63. gr., með þeirri breytingu, að í stað hjeraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags, og í stað hjeraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku til heimilis- og búsþarfa, og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn á landi annars manns, og er honum það heimilt, ef hann á eigi kost raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki fallvatn til notkunar í því skyni á sínu landi, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að nota það. Þó skal gæta fyrirmæla 51. gr. um það vatn, sem einhver kann að þurfa að nota á þann hátt, er segir í III. og IV. kafla, og eigi verður heldur tekið, nema samkomulag verði, í þessu skyni fallvatn, sem áskilið verður þeirri landareign til orkunýtingar, sem fallvatnið er á.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 55. gr., getur viðkomandi ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeirri grein segir.

3. Ef taka þarf til notkunar fallvatn eða hluta af fallvatni, sem hefir meira en 200 eðlishestorkur, þarf leyfis landsstjórnar, er getur sett skilyrði samkvæmt því er segir í 51. gr. 6. tölul., 58. og 64. gr. 3. tölulið.

4. Í leyfi samkvæmt 3. tölulið skal kveða svo á, að landsstjórn skuli, eftir tillögum vatnastjórnar, úrskurða ágreining um verð á orku, ef orka

verður seld almenningi frá verinu, og að báðum aðiljum skuli skylt að hlíta úrskurði landsstjórnar þar um.

66. gr.

1. Nú þarf maður orkuveitu til verksmiðjuiðnaðar eða annarar iðju, og vill koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu í því skyni, eða til að selja almenningi raforku, og skal hann þá, ef hann vill taka til hagnýtingar fallvatn, er nemur meira en 200 eðlishestorkum, beiðast leyfis landsstjórnar áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum.

2. Leyfi landsstjórnar má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega til að tryggja það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan eru í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gefinn kostur á orku úr henni með þeim hætti, er í 65. gr. 4. tölul. segir. Loks má og binda leyfið þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða eða heimiluð í sjerleyfislögum.

3. Þegar leyfi landsstjórnar samkvæmt 2. lið er fengið, er heimilt að taka til notkunar óvirkjað fallvatn, þótt á annars manns landi sje, enda sje gætt fyrirmæla 51. gr. um vatn það, sem einhver þarf að nota sem segir í III. og IV. kafla. Þurfi að taka fallvatn eða þann hluta þess, sem áskilinn verður landareign til orkunýtingar samkvæmt 51.—53. gr., skal það og heimilt, að því leyti sem fallvatn þetta er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestorkutölu, sem landareigninni verður áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

4. Ef nota á í þeim tilgangi, er getur í 1. tölulið, fallvatn, sem nemur minna en 200 eðlishestorkum, má fara eftir ákvæðum 65. gr.

67. gr.

Nú er fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar, tekið til notkunar samkvæmt 54., 59., 64. eða 66. gr., enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið skilinn frá landareigninni, og er þá eiganda hennar rjett að krefjast þess, að í stað endurgjalds í peningum verði honum látin í tje raforka frá orkuverinu til heimilis- og búsþarfa, er samsvari alt að þeirri tölu eðlishestorkna, sem fasteign hans er áskilin. Hann getur krafist þess, að þessi raforka verði látin sjer í tje með nothæfri spennu á einum stað í landareigninni, sem hann sjálfur tiltekur. Fyrir raforkuna skal hann greiða árlegt gjald, nema öðruvísi um semji, er samsvari beinum tilkostnaði orkuverseiganda til vinslu á þeim hluta orkunnar og til veitunnar frá orkuverinu að neyslustað, eftir nánari reglum, sem vatnastjórn setur. Verði ágreiningur um upphæð árgjaldsins sker vatnastjórn úr.

68. gr.

Nú vill landsdrottinn eigi kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrotni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir

mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár, og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá.

VI. KAFLI.

Um vatnsmiðlun.

69. gr.

1. Landsstjórninni er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli í þarfir orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir landsstjórn heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir landsstjórn komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur þá viðkomandi ráðherra ákveðið eftir tillögum vatnastjórnar, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjettri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til þess að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald og starfrækslu þess og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Verði ágreiningur um niðurjöfnun kostnaðar, skal mat skera úr.

4. Vatnastjórn getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem henni þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

70. gr.

Viðkomandi ráðherra getur, ef vatnastjórn mælir með því, veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

71. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota fyrir orkuver, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla, 58.—66. gr., ná til miðlunarfyrirtækisins, að því leyti sem þau geta átt við. Þó þarf ávalt sjerstakt leyfi til miðlunar:

a. Þegar fyrirtækið getur haft í för með sjer almenningi skaðlegar verkanir á umferð um vatnsfall eða veiði í því eða nothæfi þess til áveitu.

b. Þegar það veldur því, að ræktað land eða ræktanlegt, eða óræktað engi, skógur, hagi eða eggver kemst svo mjög undir vatn, eða spillist svo á annan hátt, að telja megi, eftir því sem til hagar á staðnum, skaðlegt hagsmunum almennings.

c. Þegar það getur að öðru leyti valdið ríkinu eða almenningi tjóni, eða valdið breytingu á landsháttum, sem almenningi er skaðleg.

d. Þegar forræðis þarf á landi annara manna eða rjettindum, eða tjón

þarf á þeim að vinna til þess að koma fyrirtækinu í framkvæmd, enda verði eigi allir eigendur eða rjetthafar sáttir á framkvæmd fyrirtækisins.

e. Þegar afnota þarf af almenningi eða afrjettarlandi.

2. Framangreind ákvæði taka og til stækkunar eða breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja eða fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Vatnastjórn ákveður, hverjar upplýsingar skuli fylgja beiðni um leyfi til miðlunar, að því leyti sem það er ekki ákveðið í sjerleyfislögum.

72. gr.

Nú þykir efasamt, hvort skilyrði þau, er getur í 71. gr. 1. tölul. a til e, sje fyrir hendi, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða sinn hag, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða vatnastjórn með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund á þann hátt, er þeir telja fullnægjandi, þeim er ætla má að hafi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

73. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega eigi veita, nema telja megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

74. gr.

Vatnastjórn hefir sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar á vatni í miðlunarskyni, og er eiganda mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem vatnastjórn fyrirskipar til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir því sem vatnastjórn fyrirskipar vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

75. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 70. eða 71. gr., má eigi niður leggja, nema vatnastjórn mæli með því og viðkomandi ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem vatnastjórn heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati. Bótaskyldan hvílir á eiganda.

VII. KAFLI.

Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatns.

76. gr.

1. Rjett er landsstjórninni, hjeruðum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsgæði gegn spjöllum af landbroti eða árensli vatns.

2. Þurfi sá, er vill framkvæma mannvirki, slík er getur í 1. tölulið, til þess afnot af landi annara manna, getur viðkomandi ráðherra eftir tillögum vatnastjórnar veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum, sem í 1. tölulið segir, eða af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta fyrir hagsmuni almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að til komi meðmæli vatnastjórnar og leyfi viðkomandi ráðherra. Leyfið má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. Vatnastjórn ákveður, hvaða upplýsingar skuli fylgja beiðni um slíkt leyfi.

4. Bæta skal eftir mati tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum þeim, er í þessari grein segir.

77. gr.

1. Nú framkvæmir landsstjórnin fyrirtæki þau, er í næstu grein á undan segir, og getur stjórnarráðið þá ákveðið, að þeir, sem af þeim hafa hag á landi sínu eða landsnytjum, skuli taka þátt í kostnaði öllum, eða í þeim hluta kostnaðar, sem stjórnarráðið ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut eiga að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki orðið á það sáttir að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og á sama hátt leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar gegn spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, og til uppþurkunar, til fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnorku.

78. gr.

Tillög samkvæmt 77. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur á hverjum tíma. Hafi lánsfje verið tekið til fyrirtækisins, skulu vextir vera hinir sömu, sem greiddir eru af lánsfjenu, ella 5% árlega.

VIII. KAFLI.

Um þurkun lands.

79. gr.

1. Ef landeigandi getur ekki losnað við vatn, sem bagi er að, á annan hátt, þá má hann veita því í rásir eða farvegi, og það þótt mein verði að fyrir land það, er við tekur að neðan. Má hann þá og veita vatninu í skurði annars manns, eða grafa skurði á landi hans, en jafnan skal hann bæta það tjón, sem hlýst af fráveitu vatnsins, og skal þá hafa tillit til þess gagns, sem nágranni hans kann að hafa af skurðum þeim, er hann gerir á landi hans.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, inn í lokræsi á landareign annars manns, nema matsnefnd telji samkvæmt 81. gr., að enginn bagi hljótist af.

80. gr.

1. Ef skurðir gegnum landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er hann skyldur að taka þátt í kostnaðinum við skurðgröftinn og viðhald skurðanna, sbr. 81. gr.

2. Nú vill maður samkvæmt 79. gr. veita bagalegu vatni í skurð annars manns, og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum. Og jafnan skal honum skylt að kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

81. gr.

1. Ef einhver vill veita bagalegu vatni samkvæmt 79. gr. frá sjer yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd gera út um það, hvort sú fráveita verði að teljast hagkvæm, þrátt fyrir það óhagræði, sem hinn kann að verða fyrir. Skal því næst, ef til kemur, ákveða stefnu skurðarins, lengd hans, dýpt og breidd, og tiltaka, hve nær hann skuli gerður og enn fremur, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður, og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Í sömu matsgerð skal gera út um það, hvort landeiganda beri skaðabætur, og þá hve miklar. Má hann velja um, hvort hann kýs heldur borgun í eitt skifti fyrir öll eða árlegt afgjald. Þá skal og, ef svo ber undir, gera um það, hvort eigandinn, ef skurð á að grafa á landi hans, skuli taka þátt í kostnaðinum, og að hve miklu leyti; skal þá einnig ákveða, hvernig fara skuli um viðhaldskostnað.

82. gr.

1. Ef þurka skal land, sem tveir eða fleiri eiga saman, þá er hver meðeigandi skyldur að taka þátt í gerð og viðhaldi þeirra fráveituskurða, sem koma honum að notum, og það jafnt á sameignarlandinu sem á landareign annara manna, ef skurðirnir ná þangað. Matsgerð skal ráða úrslitum um nauðsyn og hallkvæmi skurðanna og skiftingu á kostnaðinum.

2. Rjett er að matsnefnd leyfi aðiljum að vinna af sjer kostnaðinn að sínum hluta.

83. gr.

Viðkomandi ráðherra getur heimilað eignarnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef þess gerist þörf, í því skyni að grynka vatn eða þurka upp vötn, tjarnir eða mýrlendi, eða til þess að vikka eða rjetta farveg, eða á annan hátt veita vatni burt til að auka land eða bæta.

84. gr.

1. Ákvæði 50. gr. 1. tölul. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til að þurka land. Slík fjelög nefndast landþurkunarfjelög og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 44.—46., 48. og 49. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. KAFLI.

Ef vötn óhreinkast af efnum, sem í þau eru látin.

85. gr.

1. Bannað er að láta í vötn, eða sleppa út í þau, um skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, hvort fastir eru eða fljótandi, eða loftkendir, sem iðjuver, stór eða smá, þurfa að losna við, en eru þess eðlis, að þeir mundu spilla vatninu, svo að heilsutjón gæti af hlotist fyrir menn eða búpening, eða veiði spilst í vatninu.

2. Viðkomandi ráðherra getur þó, ef vatnastjórn mælir með því, veitt undanþágu frá þessu banni, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

a) Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból, eða greiði bætur, eftir mati, sem nægi til að koma upp öðru vatnsbóli, jafngóðu.

b) Ef veiði er spilt, skal gera iðjuhöld að skyldu að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess að veiðin haldist, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum, eftir mati.

c) Iðjuhöldur skal bæta, eftir mati, þau landspjöll, sem hljótast kunna af fráfærslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3) Hvert það leyfi, sem veitt er samkvæmt 2. lið, má taka aftur bótalaust eftir 20 ár, ef nauðsyn þykir til vegna hagsmuna almennings, eða vegna tjóns fyrir annan mann á hagsmunum hans eða rjettindum.

86. gr.

Viðkomandi ráðherra, eða sá er hann veitir heimild til þess, getur sett almenn fyrirmæli eða sjerstakar fyrirskipanir til verndar gegn heilsuspillandi óhreinkun vatns, er eigi verður af völdum iðjuvera, — svo sem skólprensli frá húsum, eða sveitarbæjum —, þegar vatnið er óhreinkað í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti viðkomandi sveitarstjórnir ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli verði til lykta ráðið á þennan hátt, skal veita þeirri eða þeim heilbrigðisnefndum, sem málið varðar, kost á að láta uppi álit sitt.

X. KAFLI.

Um holræsi.

87. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrensli í kaupstaðnum.

88. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á lóðir og hús í kaupstaðnum, til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjaldið má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má að meiri útgjöld stafi af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni, sem gjaldi eða gjaldaukningu svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveðið í reglugerð. Gjaldið má taka lögtaki, þegar viðkomandi ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

89. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyr en svo er.

2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi burtu frá sjer á annan hátt, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði eigi metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

90. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veitt, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, notkun þeirra, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð þeirra lýtur.

91. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, er bæjarstjórn semur, skulu sendar viðkomandi ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

92. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti af því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. Gjaldskrá getur viðkomandi ráðherra staðfest, enda hafi vatnastjórn áður samþykt frumdrætti að verkinu.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 88.—91. gr.

93. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er sjerstakur hreppur, eða hverfi, leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fjelagsins nefnast holræsasamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ákvæði þessa kafla taka eigi til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir fjelagsins, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 88.—91. gr., að því leyti sem við á.

94. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrensli frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða hagfelt sakir þrifnaðar að leggja ræsin.

2. Ef eigi verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar viðkomanda ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest. Ákvæðum 2. tölul. 88. gr. skal beita eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

95. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið þátt í öndverðu í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrensli frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar, að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðin er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það samkvæmt 1. tölulið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsisins má velja um, að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir sig það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir rjettar síns samkv. 2. og 3. tölulið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 87., 92., 93. eða 94. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um bygð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi eigi tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsisvirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í þessari grein getur, skal skorið úr honum með mati.

96. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 94. og 95. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað samara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhald ræsivirkja samkv. 94. og 95. gr. skulu gilda um næsta 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja, sem vill, krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var bygt á, hefir breytst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

97. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess land, mannvirki og landsafnot, og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, alt eftir því, sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fult verð fyrir, eftir mati ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns, samkvæmt 1. tölulið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu eigi svo úr garði gerð.

98. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 97. gr., og verður honum til mikilla óþægginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. tölul. 97. gr. Skal ræsiseiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón og óþægindi, eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum tölul. segir, skal skorið úr með mati.

2. Ef svo stendur á sem í 1. tölul. segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða að mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. tölulið.

99. gr.

1. Lög þessi taka eigi til holræsa, er gerð hafa verið með heimild í gildandi rjetti, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 90. og 91. gr., 95. gr. 1. og 2. sbr. 4. tölul. og 98. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Ákvæði laga þessara um holræsi eru því eigi til fyrirstöðu, að sett verði í byggingasamþyktum og heilbrigðissamþyktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

XI. KAFLI.

Um vatnafjelög.

100. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:
   a. Vatnsveitu (III. kafli, 31. gr.).
   b. Áveitu (IV. kafli, 44. gr.).
   c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli, 64. gr.).
   d. Vatnsmiðlun (VI. kafli, 71. gr.).
   e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli, 76. gr.).
   f. Landþurkun (VIII. kafli, 84. gr.).
   g. Holræsi (X. kafli, 93. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafla segir, enda sje eigi öðruvísi um mælt í lögum þessum.

101. gr.

1. Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, sem í 100. gr. tölul. 1. a—g segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal málið þar rætt og fundargerð bókuð. Þeir, er mæla með því að stofna fjelagið, geta síðan leitað álits kunnáttumanna á sinn kostnað, en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

2. Rjett er þeim, er fjelag vilja stofna samkvæmt 100. gr. 1. tölul. a—g, að snúa sjer til vatnastjórnar, enda er henni skylt að láta þeim í tje nauðsynlegar upplýsingar um stofnun slíks fjelagsskapar, bæði laga- og fjárhagseðlis. Einnig skal vatnastjórn skylt að sjá um nauðsynlegan verkfræðilegan undirbúning fyrirtækisins, ef þess er óskað, gegn endurgjaldi fyrir þann kostnað, er þar af leiðir. Gjald fyrir önnur störf vatnastjórnar í þessu skyni skal greitt samkvæmt reikningi, er viðkomandi ráðherra úrskurðar. Slík gjöld má taka lögtaki.

102. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 100. gr. 1. tölul. a—g aflað sjer þeirra gagna, er í 101. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp að samþykt handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landareignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlun og önnur gögn, er fyrirtækið varða, lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst á þann hátt, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti hálfsmánaðar tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. tölul. liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelagsskaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á fund. Skal fundarboð birt á þann hátt, sem í 1. tölul. segir. Á fundi þessum skal málið rætt og afráðið um stofnun fjelagsins. Ef $^{2}/_{3}$ hlutar eigenda landareigna þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og sje eitt atkvæði fyrir hverja landareign, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Ákvæði 2. liðar um fjelagsskyldu nær eigi til fjelaga þeirra, er í 1. gr. 1. tölul. c. og d. greinir. Ef vatnsmiðlun (100. gr. 1. tölul. d.) er að eins liður í einhverju öðru fyrirtæki, sem undir 100. gr. 1. tölul. heyrir, en orkuveri eða orkuveitu, þá skal um fjelagsskap í því skyni fara sem um fjelagsstofnun um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottinn vill eigi og er eigi skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, en skylt skal landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörðinni, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni.

103. gr.

1. Þegar ákveðið hefir verið að stofna fjelagið, skal samþykt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn fjelagsins, heimilisfang þess og varnarþing.

b. Verkefni fjelagsins.

c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfsvið, hvert vald for-

manns skuli vera og starfsvið, ef stjórnin er skipuð fleirum mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.

d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.

e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.

f. Hvernig boðað skuli til fjelagsfunda, hve nær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi.

g. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.

h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í fjelagsskapnum, ef því er að skifta.

i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.

j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþyktum fjelagsins.

k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra, og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

104. gr.

Í samþyktir má setja ákvæði um skipun gjörðardóms til að skera úr ágreiningi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska þess.

105. gr.

1. Samþykt, ásamt gögnum þeim, er í 102. gr. 1. tölul. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda vatnastjórn. Ef vatnastjórn þykir samþykt eða annað, sem fjelagið varðar, svo úr garði gert, að eigi muni fært eða heppilegt að staðfesta samþyktina, skal hún svo fljótt sem unt er tjá stjórn fjelagsins það. Ef vatnastjórn telur, að staðfesta megi þegar samþyktina, eða lagað hefir verið það er ábótavant þótti, skal vatnastjórn senda skjölin viðkomandi ráðherra til staðfestingar, ásamt tillögum sínum um, að hann staðfesti samþyktina. Fær hún þá staðfestingu ráðherra, nema einhver ákvæði hennar þyki brjóta bág við rjettarákvæði eða grundvallarreglur laganna eða rjett einstakra manna. Ráðherra skýrir þá vatnastjórn frá synjuninni, en hún skal síðan senda stjórn fjelagsins skjölin ásamt skýrslu um það, er athugavert þótti. Stjórn fjelagsins getur síðan, er lagfært hefir verið það, er þurfa þótti, sent skjölin vatnastjórn, enda fer síðan um málið sem fyr segir.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal um það fara svo sem í 1. tölul. segir.

3. Eigi má staðfesta samþykt eða gjaldskrá, nema vatnastjórn mæli með því.

4. Vatnastjórn heldur skrá yfir öll vatnafjelög samkvæmt reglum, er ráðherra setur eftir tillögum hennar. Staðfestar samþyktir og gjaldskrár skulu birtar árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu á fjelagsins kostnað um að það sje stofnað, og skal verkefnis þess getið, heimilisfangs og varnarþings, svo og hver eða hverjir sjeu í stjórn þess. Sama er, ef breyting verður á stjórninni.

106. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 105. gr. segir.

107. gr.

1. Þegar ákveða skal árlegt tillag fjelagsmanna, skal þess gætt, að það sje ákveðið svo, að það nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn fremur skal, ef fjelagsfundur samþykkir eða vatnastjórn þykir það nauðsynlegt, leggja árlega í varasjóð hæfilegt fyrningargjald, og skal það einnig innifalið í árgjöldunum.

2. Gjöld, sem ákveðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld þau, er í 1. tölul. getur, skulu eiga sama forgangsrjett í gjaldþrotabúi skuldunauts, sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelagsins standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði.

108. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþyktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu sektir renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál. Mál skal því að eins höfða, að fjelagsstjórnin, sá er sjerstaklega telur sig röngu beittan eða vatnastjórn krefjist þess.

109. gr.

1. Á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, enda sje eigi öðruvísi um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjettkjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef 2 eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til, má ákveða í samþykt, að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök fjelagsmálefni önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

110. gr.

Vatnastjórn hefir eftirlit með því, að stjórn fjelagsins fari eftir samþyktum fjelagsins og öðrum ákvæðum, er fjelagsskapinn varða. Er henni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leyna skal hún óviðkomandi menn því, er hún kemst að um þau efni.

111. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelagið, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það eigi skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna upptöku nýrra fjelagsmanna, eða verkefni fjelagsins breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþyktum fjelagsins. Vatnastjórn sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvíla og á sama hátt, sem aðrir fjelagar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki fjelagsins.

112. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

a. $^2/_3$ hlutar fjelaga samþykkja á lögmætum fjelagsfundi,

b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar undir vatnastjórn.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til vatnastjórnar, og getur hún ákveðið, að hann skuli meira gjalda en sagt var.

113. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþyktar sinnar.

b. Ef fjelagar eru að eins 2, og annar þeirra krefst þess.

c. Ef það kemur síðar í ljós, að eigi er unt að ná takmarki því, er fjelagið setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. tölulið c sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgjörð. Skjóta má því mati undir vatnastjórn til fullnaðarúrskurðar.

114. gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meira krefst þess, er vatnastjórn skylt að standa fyrir skiftum á eignum fjelagsins, og fer um vald hennar í því efni sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva eigi fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skift á fjelaga, að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði. Fjelagi hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að skiftum loknum, skal bókum fjelagsins og skjölum skilað í þjóðskjalasafnið.

5. Jafnskjótt sem fjelagi er slitið, skal fjelagsstjórnin, ef vatnastjórn hefir eigi stjórnað fjelagsslitum, eða skiftaráðandi, ef hann hefir staðið fyrir skiftunum, tilkynna það vatnastjórn. Skal hún gera athugasemd um fjelagsslitin á

fjelagaskrá (sbr. 105. gr. 4. tölul.). Svo skal hún og birta tilkynning um þau í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelagsins.

115. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi taka til fjelaga, sem stofnuð eru og samþyktir þeirra staðfestar eftir eldri lögum. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

a. Tilkynningu skulu þau senda vatnastjórn mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 105. gr. 5. tölul. segir, og skal vatnastjórn þegar láta birta hana í Lögbirtingablaðinu á fjelagsins kostnað, og skrá hana í fjelagaskrá sína.

b. Ef breyta á samþyktum eða gjaldskrám eldri fjelaga, skal farið eftir 106. gr. laga þessara.

c. Ákvæðum 110.—114. gr. laga þessara skal beitt um eldri fjelög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþyktir þeirra.

XII. KAFLI.

Um almenna umferð um vötn.

116. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum eða skipum um þau vötn, sem til þess eru hæf af náttúrunnar hendi eða hafa verið gerð hæf til þess. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf á annan hátt, nema viðkomandi ráðherra ákveði eftir tillögum vatnastjórnar, að skurður eða vatn skuli ekki vera almenningi frjálst til umferðar, vegna þess hvernig ástatt er um þau mannvirki, sem gerð hafa verið umferðarinnar vegna.

117. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum, þeim er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn umferðarhæft fyrir báta og skip, eða til að gera færa ísaleið eftir vötnum.

2. Viðkomandi ráðherra getur, eftir tillögum vatnastjórnar, veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki á þann hátt og í þeim tilgangi, er greinir í 1. lið.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna, sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

118. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati, nema um semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatninu eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje tiltalsverðri ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

119. gr.

1. Ákvæði 116.—118. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Viokomandi ráðherra getur, eftir tillögum vatnastjórnar, veitt leyfi til að ákvæði 116. -118. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar, sem ræðir um í 1. lið.

120. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess, að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatninu og við það.

2. Þeir, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg eru vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er, og bæta skemdir að fullu, eftir mati ef samkomulag næst eigi.

XIII. KAFLI.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

121. gr.

1. Brýr og önnur mannvirki, sem gerð eru í vatni eða við vatn eða yfir því, þar sem almenn umferð eða fleyting er, skulu vera svo úr garði gerð, að þau tálmi umferð og fleytingu svo lítið sem unt er, enda megi það verða án stórkostlegs tilkostnaðar eða óþæginda fyrir mannvirkið.

2. Nú telur vatnastjórn, að almenn umferð eða fleyting sje eða muni verða eftir vatni, og er henni þá rjett að banna með auglýsingu, að nokkur megi gera mannvirki í því vatni eða við það eða yfir því á þann hátt, að þau verði umferð eða fleytingu til tálma eða óþæginda að nokkru ráði, nema leyfi vatnastjórnar, samkv. 118. gr., komi til. Slíka auglýsingu skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu, og skal tiltaka í auglýsingunni, hve nær bannið gengur í gildi.

122. gr.

1. Stíflugarðar og önnur mannvirki, sem í vatn eru sett, þar sem fiskur gengur, skulu vera svo gerð, að þau hefti fiskigöngu sem minst að unt er, enda megi það verða án stórkostlegs tilkostnaðar eða óþæginda fyrir mannvirkið.

2. Eigi má slík mannvirki gera á þann hátt, að þau girði fyrir fiskigöngu eða tálmi henni að nokkru ráði, nema leyfi samkvæmt 123. gr. komi til.

123. gr.

1. Leyfi vatnastjórnar, þau er segir í 121. og 122. gr., má binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja vegna þeirra hagsmuna ríkisins eða almenn-

ings, sem tjón er búið af fyrirtækinu, og til þess að það komi að almennum notum.

2. Sá, er kemur fyrirtækinu í framkvæmd samkvæmt veittu leyfi, ábyrgist eigi það óhagræði, er hagsmunum ríkisins eða almennings kann að stafa af því.

124. gr.

1. Mannvirki, sem í vatn eru sett, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er með sanngirni verða settar til að afstýra hættu fyrir líf manna, eignir annara og hagsmuni ríkisins eða almennings.

2. Önnur verk í vatni verður og að vinna á þann hátt, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu.

125. gr.

1. Eigandi skal ávalt halda óaðfinnanlega við stíflum, veitutækjum og öðrum vatnsvirkjum, ef spjöll á þeim geta valdið mannhættu eða tjóni á eignum annara eða hagsmunum ríkisins eða almennings.

2. Eigandi mannvirkis ábyrgist tjón, er stafar af þesskonar misfellum, er nú var greint, enda þótt eigi verði ásetningi eða tiltalsverðu gáleysi um kent.

126. gr.

1. Heimta má að brýr og önnur mannvirki, sem að lögum mega í vatni vera og eru til tálma almennri umferð eða fleytingu, verði endurbygð eða þeim breytt svo, að fara megi um vatnið eða fleyta viði á því, um þau eða fram hjá þeim, eða að það megi verða með minni óþægindum en áður var, enda verði metið að gera megi breytinguna án þess að stórkostlegt óhagræði sje því samfara eða notagildi mannvirkisins rýrni að mun. Virkiseigandi á heimtingu til endurgjalds eftir mati á kostnaði við breytinguna og kostnaðarauka þeim á viðhaldinu, sem verða kann, en skylt er honum að þola bótalaust umferð og fleytingu á vatninu og að gæta nauðsynlegra varúðarreglna.

2. Með sama hætti má heimta, að breytingar þær verði gerðar eiganda að kostnaðarlausu á stíflum eða öðrum lögmætum vatnsvirkjum, sem nauðsynlegar eru vegna fiskigöngu.

3. Mat skal ráða, ef ágreiningur verður.

127. gr.

1. Eigandi lands eða notandi er skyldur að þola það, að hallamælingar eða önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til þess að gera frumdrætti eða fullnaðardrætti að fyrirhuguðum vatnavirkjum, fari fram á landi hans, enda sje honum greiddar bætur eftir mati fyrir tjón, er af því hlýst. Sama er um merkjasetningu.

2. Nú láta aðrir en ríkið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýnt landeiganda eða notanda, ef krafist er.

XIV. KAFLI.

Um meðferð vatnamála og bætur.

128. gr.

1. Vatnastjórn setur reglur um umsóknir um leyfi, samþykki eða aðrar heimildir eða staðfestingu eða aðrar ákvarðanir, er leita þarf til þess að gera einhverjar ráðstafanir lögum þessum samkvæmt, svo og hvaða skýrslur, yfirlýsingar eða upplýsingar að öðru leyti skuli fylgja umsóknum, enda sje eigi kveðið á um slík efni sjerstaklega í lögum þessum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er settar verða samkv. 1. tölul., þá er vatnastjórn eða þeim öðrum, sem umsókn á að senda til, rjett að krefjast slíkrar greinargerðar.

129. gr.

1. Nú hefir viðkomandi stjórnarvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 128. gr. segir, og eigi þykir sýnt að synja beri umsókn þegar í stað, og skal þá að fara sem hjer á eftir segir:

a) Leyfi til lögnáms samkvæmt 34. gr. 2. tölul., 60., 65. gr. 2. og 3. tölul., 66. gr. og 76. gr. 2. tölul., má venjulega ekki veita fyr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.

b) Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 65. gr. 4. tölul. og 67. gr. má eigi gera fyr en orkusali annarsvegar og viðkomandi hjeraðsstjórn eða orkukaupandi hinsvegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.

c) Áður en samþykki er veitt samkvæmt 51. gr. 3. tölul. skal bæði landeigandi og sá, er hagnýta vill vatnsorku, fá kost á að gera athugasemdir sínar.

d) Áður en ákvörðun er gerð um málefni þau, er í 69. gr. 4. tölul., 70., 71., 73., 75., 76. gr. 1.—3. tölul., 83., 85. gr. 2.—3. tölul., 117. gr. 2. tölul., 119. gr. 2. tölul., 121. gr. 2. tölul. og 122. gr. 2. tölul. segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má að hjeraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal vatnastjórn senda henni sjerstaka tilkynningu, svo og þeim mönnum öllum, er vatnastjórn telur ráðstöfun munu skifta máli. Ef eigi verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má þess í stað birta þrisvar sinnum auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og skal þess getið, hvert fyrirtækið eða hvaða ráðstöfun sje, og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjöl málsins fram á skrifstofu vatnastjórnar, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna getið í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf eigi að birta, þegar um lítilsháttar mannvirki eða lítilsverðar ráðstafanir er að tefla að dómi vatnastjórnar.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. tölul. ber sá, er æskir þeirra.

130. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er vatnastjórn rjett að láta fram fara skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki, sem heimildar stjórnvalda þarf til að gera eða leggja niður, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

131. gr.

1. Hvarvetna þess er lögnám er heimilað samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 129. gr. 1. tölulið a), eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 41., 42., 52. gr. 3. tölul., 97. og 98. gr. 2. tölul., og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnámið áður en ár sje liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annarskostar þarf nýja heimild.

132. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

a) Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram, samkvæmt 6., 11. gr. 3. tölul., 12., 14. gr. 3. tölul., 20. gr. 2. tölul., sbr. 21. gr. 2. tölul., 27. gr. 4. tölul., 33., 39., sbr. 38. gr., 40., 41. gr. 2. tölul., 42., 43., gr. 2. tölul., 45., 46., 47., 50. gr. 2. tölul., sbr. 84. gr., 79. gr. 2. tölul., 81., 82., 112. gr. 1. tölul. b, 113. gr. 2. tölul., 118., 120. og 127. gr.

b) Dómkvaddir menn alstaðar annarsstaðar, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó eigi, ef:

a) Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað af matinu, sem af kröfu hans stafar.

b) Úttektarmenn treysta sjer eigi til að meta vegna sjerþekkingarskorts á matsatriðum.

c) Eigi eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.

d) Svo er matsatriðum farið, að eigi verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni einni þinghá.

3. Mat samkvæmt 131. gr. 1. tölulið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt, sem í 2. tölul. þessarar greinar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari í þinghá matsþolanda dómkveður 2 matsmenn, og er hann eigi bundinn við að kveðja þá eina, er heimilisfastir eru í lögsagnarumdæmi hans.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn til aðstoðar, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

133. gr.

1. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimilað, hvað lögnumið skuli, um heimild manns eða skyldu til að vinna verk, eða til að

taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkv. 132. gr. 4. tölul. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja, að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum tölul. til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

2. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdómari nefnir matsmenn, er hann þó eigi bundinn við þá eina, er heimilisfastir eru í lögsagnarumdæmi hans.

3. Ákvæði 132. gr. 5. tölul. tekur og til yfirmats.

134. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða, og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem er lögskyldur til að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar, svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati fer sem hjer segir:

a) Beiðandi yfirmats samkvæmt 133. gr. 1. tölul. greiði kostnað allan, ef matsgerð, er synjaði kröfum þeim, er í síðast nefndu ákvæði greinir, verður staðfest. Ef matsgerð er hrundið, hvort sem bætur eru metnar eða eigi, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því sem henni þykir sanngjarnt.

b) Um kostnað af yfirmati samkvæmt 133. gr. 2. tölul. fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir eigi báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þeim þó venjulega eigi bættur til samans meiri kostnaður fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmann báðir eða allir.

135. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms og annara gildandi rjettarákvæða.

136. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema lög þessi láti öðru vísi um mælt:

a) Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telja honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að öllu leyti, skal hann fá fullar bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.

b) Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert, án þess að ákvæðin í a) komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst

þess, er við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald samkvæmt 1. tölul. b), skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámsgerð, gegn greiðslu á bótum eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. tölul. b) í þessari grein eða 138. gr.

3. Rjett er að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

137. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu eignarrjettinda, þá er rjett að láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi eigi tillagsskylda á eignina til fyrirtækisins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrði fyrir önnur lönd þar í grend jöfnum kostum búin eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka matið, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða hagnaður af því eða þeim fyrirtækjum.

138. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón bíður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breytst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákveður þó að skjóta mati á frest, getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur niður á, ef nokkur verður, krafist tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsrjettar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef eigi semur.

2. Nú verður tjón að fyrirtæki, sem eigi hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru ákveðnar samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, og er þeim, er tjónið bíður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 136. gr. innan 2 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. tölul. fellur niður, ef eigi er krafist matgerðar áður ár sje liðið frá því að tjónið kom í ljós.

139. gr.

Þegar bætur eru goldnar í orku, getur vatnastjórn, með samþykki viðkomandi ráðherra og innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar, sett almennar reglur um skifti aðilja.

XV. KAFLI.

Ákvæði um refsingar o. fl.

140. gr.

1. Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki vatnastjórnar eða ráðherra þarf til, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk ver en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, þá skal hann sæta sektum eða einföldu fangelsi, nema verkið eða vanrækslan sje svo vaxin, að þyngri hegning liggi við að lögum.

2. Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerðir eða önnur fyrirmæli, er hjeraðsstjórn, vatnastjórn eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og eigi heyra undir 1. tölul., skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi, nema verkið eða vanrækslan sje svo vaxin, að þyngri hegning liggi við að lögum, eða ákveðnar sjeu í samþykt refsingar samkvæmt 108. gr. 1. tölul.

141. gr.

1. Með mál út af brotum þeim, er í 140. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

2. Mál skal eigi höfða, nema sá, er misgert er við, eða viðkomandi stjórnvald, krefjist þess.

3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

XVI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

142. gr.

Lög þessi ganga í gildi . . .

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög:

Jónsbók Llb. 22., 24. og 56. kap., að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 56, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar, og

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.
Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík.
Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstjetta á Akureyri,
Lög nr. 68, s. d., um áveitu á Flóann, og
Lög nr. 69, s. d., um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót
halda gildi sínu.

Greinargerð.

Um ástæður og greinargerð fyrir frumvarpinu er vísað til álits meiri hluta fossanefndar.

(B. II, 1).

Nd. **43. Frumvarp**

til laga um vatnastjórn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Skipa skal vatnastjórn og raforkumála; nefnist hún vatnastjórn og hefir þau störf á hendi, sem þessi lög eða önnur mæla fyrir.

2. gr.

Vatnastjórn skal skipuð þrem mönnum, og er einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri. Hann nefnist vatnastjóri, en hinir meðstjórnendur.

3. gr.

Vatnastjóri skal hafa 8000 kr. árslaun, en meðstjórnendur 1500 kr. hvor. Auk þess má landsstjórnin borga vatnastjórn ágóðahluta af gróða ríkisfyrirtækja, er hún veitir forstöðu, alt að 2 %, samkvæmt nánari reglum, er stjórnarráðið setur.

4. gr.

1. Vatnastjóri skal annast öll hversdagsleg störf og ráða einn til lykta öllum minni háttar málum. Hann skal vera forstöðumaður allra fyrirtækja, er hverfa undir vatnastjórn til framkvæmda.

2. Meðstjórnendur skulu kvaddir til allra meiri háttar mála.

3. Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa vatnastjórn, og skal í því kveðið á um verksvið vatnastjóra og meðstjórnenda.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar vatnastjóra og meðstjórnendur hans.

6. gr.

Vatnastjórn skal hafa á hendi rannsókn á öllum fallvötnum hjer á landi. Hún skal semja skrá yfir öll fallvötn, sem hafa meira en 500 eðlishestorkur þegar ekki er vöxtur í vatni, svo og þau smærri fallvötn, sem henni þykir ástæða til. Stjórnarráðið setur fyrirmæli um rannsókn vatna og skrásetning þeirra eftir tillögum vatnastjórnar.

7. gr.

Vatnastjórn skal gera vatnabók. Í þá bók skal skrá öll þau afnot vatns, sem samþykt verða, heimiluð eða leyfð af vatnastjórn, eða stjórnarráði eða löggjafarvaldinu. Stjórnarráðið setur nánari fyrirskipun um þetta bókhald.

8. gr.

1. Vatnastjórn skal undirbúa, framkvæma og stjórna öllum vatnsvirkjum og raforkuvirkjum, sem gerð verða á ríkisins kostnað.

2. Vatnastjórn skal, svo fljótt sem því verður við komið, gera tillögur um skipulag á raforkuveitum til almenningsþarfa um öll þau hjeruð landsins, sem nú eru eða síðar verða svo þjettbygð, að henni þykir von til, að unt muni að koma þar á slíkum veitum.

9. gr.

1. Nú vilja hjeruð, orkuveitufjelög eða einstaklingar koma upp orkuveri eða orkuveitu eða hvorutveggja til almenningsþarfa á tilteknu svæði, og skal þá vatnastjórn skylt, ef þess er leitað, að veita allar nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð til undirbúnings fyrirtækisins og framkvæmdar þess. Sjerstakur kostnaður, sem vatnastjórnin kann að hafa vegna slíkra leiðbeininga og aðstoðar, endurgreiðist henni af hlutaðeigendum samkvæmt reikningi, er viðkomandi ráðherra úrskurðar.

2. Þegar fyrirtæki, slík sem um ræðir í 1. lið, hafa verið undirbúin svo, að vatnastjórn telur fullnægjandi, og fyrirtækið að dómi vatnastjórnar er til þess fallið að verða liður í fullkomnu skipulagi á orkuveitum til almenningsþarfa í landshluta þeim, er um ræðir, er vatnastjórninni heimilt að takast á hendur fjárútvegun til fyrirtækisins og gefa út skuldabrjef í því skyni, eftir nánari reglum, sem stjórnarráðið setur, en í þessum reglum skal ákveða, að skuldabrjefin skuli trygð:

a. Með 1. veðrjetti í öllum mannvirkjum, landi og rjettindum fyrirtækisins sjálfs.

b. Með ábyrgð kaupstaða þeirra og hreppa, sem orkuveitan nær yfir. Í stað ábyrgðar hreppa má koma ábyrgð sýslu þeirrar, sem hrepparnir eru í.

Enn fremur getur landsstjórnin trygt slík skuldabrjef með ábyrgð landssjóðs, ef vatnastjórn gerir tillögu um það og Alþingi í hvert sinn veitir heimild til þess.

Þá er vatnastjórnin hefir selt skuldabrjefin, veitir hún lán til fyrirtækisins með slíkum kjörum, að greiðslur af láninu nægi til vaxtagreiðslu og kostnaðar við skuldabrjefin og til innlausnar á þeim.

3. Þá er fje hefir verið útvegað til fyrirtækis á þann hátt, er segir í 2. lið, er vatnastjórninni skylt að hafa sjerstakt eftirlit með framkvæmd verksins og starfrækslu fyrirtækisins eftir að það er komið upp, eftir nánari reglum, sem stjórnarráðið setur.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi — —.

Greinargerð.

Um ástæður og greinargerð fyrir frumvarpinu er vísað til álits meiri hluta fossanefndar.

(B. III, 1).

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardrátta að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna alt rannsóknarstarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkj-

unarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um ástæður og greinargerð fyrir frumvarpinu er vísað til álits meiri hluta fossanefndar.

(B. IV, 1).

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um raforkuvirki.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Raforkuvirki táknar í lögum þessum virki og tæki fyrir rafmagnsstrauma með svo miklu straummagni og svo hárri spennu, að hætta geti stafað af.

2. gr.

Vatnastjórn skal semja, en viðkomandi ráðherra staðfesta, reglur um gerð og notkun raforkuvirkja, og má í reglur þessar setja ákvæði um:

a) Öryggisráðstafanir, er fylgja ber við uppsetningu og starfrækslu þessara virkja.

b) Skyldu til að tilkynna vatnastjórn þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglurnar öðlast gildi, og ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að leyfa vatnastjórn eða umboðsmönnum hennar að rannsaka þau.

c) Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum, eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sjer sjerstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.

d) Sektir, alt að 1000 kr., fyrir brot á reglunum.

3. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sjer hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sje unt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar

á kostnað eigenda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafananna hefir í för með sjer verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður búin tryggingum en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Vatnastjórn sker úr öllum ágreiningi um það:

a) Hvort raforkuvirki hafi í för með sjer hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.

b) Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.

c) Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og

d) Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Vatnastjórn getur stöðvað notkun raforkuvirkja, uns öryggisráðstafanir þær, er hún áskilur, eru komnar í framkvæmd.

4. gr.

1. Á kostnað ríkisins skal koma upp kenslu og prófun fyrir raforkuvirkjara. Nánari fyrirmæli um kensluna og prófið skulu sett með reglugerð, er vatnastjórnin semur og viðkomandi ráðherra staðfestir.

2. Þeir einir, sem staðist hafa próf það, sem ræðir um í 1. lið, eða færa sönnur á það fyrir vatnastjórn, að þeir hafi staðist annað próf, sem vatnastjórnin vill gilt taka í þess stað, hafa rjett til að annast uppsetningu og viðhald þeirra raforkuvirkja, sem eru háð eftirliti samkvæmt 2. gr. c. Þeir hafa og rjett til að annast uppsetningu og viðhald annara raforkuvirkja, hvar sem eru á landinu, og bera ábyrgð á því, að þeir menn, sem þeir hafa í þjónustu sinni við slík verk, sjeu til þess færir, en hlíta skulu þeir þeim sjerstöku ákvæðum, er hjeraðsstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga kunna að setja hver innan takmarks veitu sinnar, ef þeir fást við raforkuvirki, sem tengd verða við þá veitu.

3. Nú þykir hjeraðsstjórn eða stjórn orkuveitufjelags með staðfestri samþykt þörf á að löggilda fleiri menn til raforkuvirkjunar innan umdæmis veitu sinnar en þá, sem þar er kostur á og rjett hafa til raforkuvirkjunar samkvæmt 2. lið, og er henni þá heimilt að löggilda til þessa menn, er hún telur til þess hæfa, og svo marga, sem henni þykir þörf á, enda hafi nánari ákvæði um slíka löggildingu og skilyrðin fyrir henni verið sett í staðfesta reglugerð eða samþykt um orkuveituna.

4. Hjeraðsstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga með staðfestri samþykt geta sett sjerstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun innan takmarks veitu þeirra, þar á meðal sett þeim vinnukaupsskrá og sett reglur um frágang á verkum þeirra; þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á raforkuvirkjum en ákveðið verður í reglum vatnastjórnar samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnastjórn hefir rjett til þess að rannsaka, hvort raforkuvirkjarar leysa störf sin af hendi á viðunandi hátt, jafnt þeir, er fengið hafa rjettinn til virkjunar með löggildingu samkvæmt 4. gr. 3. lið, sem þeir, er hafa fengið hann samkvæmt 4. gr. 2. lið. Leiði rannsókn í ljós, að virkjari leysi ekki starf sitt af hendi á viðunandi hátt að dómi vatnastjórnar, getur vatnastjórnin sektað hann um alt að 100 kr. til vatnasjóðs. Einnig getur hún ákveðið að virkjari skuli missa virkjunarrjett sinn, ef um miklar eða endurteknar misfellur er að ræða, eða hann lætur fyrirfarast að greiða innan ákveðins frests sekt, er vatnastjórn gerir honum; slíkri ákvörðun má þó skjóta til viðkomandi ráðherra til fullnaðarúrslita.

6. gr.

Stofnanir, sem eru ríkiseign, og fyrirtæki, sem starfrækt eru samkvæmt sjerleyfi, mega, án þess að ákvæði 4. gr. 2. til 4. liðs, komi til, láta starfsmenn sína framkvæma raforkuvirkjanir fyrir sig, ef nægilega verkfróðir menn eru í þjónustu þeirra, og vatnastjórn samþykkir.

7. gr.

1. Enginn má leggja raforkutaugar fyrir meiri orku en 300 kilówatt, nema heimild sje til þess fyrir hann í lögum eða leyfi landsstjórnarinnar komi til. Nú veitir landsstjórnin leyfi til að leggja slíkar taugar, og skulu þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir taugarnar, svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Sá, sem biður um leyfi slíkt, er hjer ræðir um, skal senda landsstjórn til staðfestingar uppdrátt og lýsing á fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

2. Nú leggur maður raforkutaugar þær, er í 1. tölulið greinir, án þargreindrar heimildar eða lagaleyfis, og skal hann þá sæta alt að 1000 króna sektum til vatnasjóðs, enda má gera upptækar þær taugar, er hann hefir lagt í heimildarleysi, og renni andvirði þeirra í vatnasjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er í 2. gr. segir, og brotum á 7. gr. 1. tölul. skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður og greinargerð fyrir frumvarpinu er vísað til álits meiri hluta fossanefndar.

(A. XIX, 2).

Nd. **46. Nefndarálit**

um frumv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918.

Frá fjárhagsnefnd.

Í ástæðum og athugasemdum við frumvarp þetta er það tekið fram af stjórninni, að hún ætlist til, að nýtt skattakerfi verði sett á Alþingi 1921, og er gildi þessa frumvarps miðað við það. Með þetta fyrir augum, og að athuguðum öllum kringumstæðum, hefir fjárhagsnefndin orðið samhuga um að leggja það til við háttv. deild að samþykkja frumv. óbreytt.

Verður nánari grein gerð fyrir skoðun nefndarinnar í framsögu málsins.

Alþingi, 11. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, skrifari og framsm. Einar Arnason,

Sigurður Sigurðsson, Hákon J. Kristófersson.

(B. VI, 1).

Ed. **47. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

1. gr.

Til hafnargerðar á Ísafirði veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 200000 — tvö hundruð þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar. Fje þetta greiðist bæjarstjórn Ísafjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Ísafjarðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með

þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 kr., og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni lög-

giltu höfn Ísafjarðar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.

2. Ljósgjald.

3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggju í lögsagnarumdæminu, innan takmarka hafnarinnar.

Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins. Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.

5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Ísafjarðarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta má heita samhljóða frv. því, er háttv. efri deild samþykti í einu hljóði 1917, en neðri deild feldi hljóðalaust frá 3. umr., að eins framlag landssjóðs skiljanlega hækkað úr 150 þús. upp í 200 þús. og sektarákvæðin hækkuð um helming.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar 1917, með þeirri skýring, að loku er skotið fyrir að einstakir menn geti gert hafnarbætur í kaupstaðnum hjeðan af, og verður því bærinn að taka að sjer framkvæmd þeirra.

Alþingi, 4. júlí 1919.

Magnús Torfason.

(C. I, 1).

Ed. **48. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið.

Flutningsmenn: Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson, Magnús Torfason.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 3 manna nefnd til að íhuga frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(A. V, 2).

Nd. **49. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 29. gr. 1. málsgrein:
Á eftir orðunum: »hafi verið heimilisfastur« skal bæta inn í
á landinu síðasta kjörtímabil undan kosningunni og

2. Við 29. gr.
Aftan af 1. málsgrein skal fella orðin:
»og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk«.

(C. II, 1).

Ed. **50. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga launamálið.

Flutningsmenn: Halldór Steinsson, Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga frumvarp til laga um laun embættismanna.

(C. I, 2).

Ed. **51. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið (þingskjal 48).

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Í stað orðanna »3 manna nefnd« komi:
5 manna nefnd.

(A. V, 3).

Nd. **52. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Matth. Ólafssyni.

Við 60. gr. »Nú er maður utan þjóðkirkjunnar« og til enda greinarinnar falli burt.

(B. VII, 1).

Nd. **53. Frumvarp**

til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýsln skal vera sjerstakt læknishjerað.

Ástæður.

Ekkert hjerað á Íslandi mun vera jafnilla í sveit komið með að ná í læknishjálp eins og Hólshreppur. Valda dýrar og örðugar samgöngur þar mestu um. Samgönguleiðirnar milli Ísafjarðar og Bolungavíkur má telja tvær. Önnur er sjóleiðin meðfram Óshlíð. Er hún oftast greiðfær vjelbátum um sumarmánuði ársins og oft að vetrinum, en stundum að vetrinum er hún með öllu ófær, en á öllum tímum ársins er hún mjög dýr. Skal í því sambandi bent á, að á öllum reikningum yfir læknisferðir, sem sendir voru með umsóknum um læknisstyrkinn síðast, hafði hver ferð kostað frá 45 til 60 krónur, eða báðar ferðirnar í hvert skifti 90—120 krónur. Er hjer einungis talin bátsleiga og mannakaup, en gjaldi til læknisins og meðalakostnaði slept. Þarf ekki að benda á, hversu tilfinnanlegt slíkt mundi fátækum mönnum, þó ekki væri nema um eina til tvær ferðir að ræða á ári hverju.

Hin samgönguleiðin er vegurinn eftir Óshlíð. Er hann oftast greiðfær að sumrinu, þeim sem vanir eru fjallgöngum, en í illviðrum að vetrinum er hann oft með öllu ófær. Sem samgönguleið fyrir læknirinn kemur hann tæplega til greina, að minsta kosti eru mörg ár síðan hann hefir verið notaður til þess.

Að þessu athuguðu verður það ljóst, í fyrsta lagi: Að á öllum tímum ársins er mjög dýrt (sennilega lang-dýrast á landinu) fyrir þá, sem í Hólshreppi búa, að leita sjer læknishjálpar, og í öðru lagi: Að oft að vetrinum er það *með öllu ómögulegt*. Það koma oft svo vondir kaflar að vetrinum, jafnvel viku til hálfan mánuð samfleytt, að engum manni nje skepnu, nema fuglinum fljúgandi, er

fært að komast milli Bolungavíkur og Ísafjarðar, þó líf liggi við. Þeir, sem veikjast í Bolungavík, meðan svo viðrar, mega því deyja drottni sínum, ef svo vill verkast, jafnt og þó enginn læknir væri til. Okkur, sem við slík kjör höfum átt að búa, virðist það undrum sæta, að nokkurt hjerað þessa lands með 900 íbúum, sem svo er í sveit komið, skuli þing eftir þing hafa borið fram jafnsjálfsagða og rjettháa ósk eins og sú ósk er, að Hólshreppur verði gerður að sjerstöku læknishjeraði, og einlægt fengið synjun.

Nú er þetta loksins orðið breytt, en á þann hátt, að Hólshreppur hefir sjálfur fengið sjer sjerstakan lækni, sem að öllu er launaður á hans kostnað. Verða honum þetta yfirstandandi ár greiddar 3600 krónur úr sveitarsjóði, og þó það sje mikil upphæð, þá er það samt skoðun flestra, að hjer sje um beinan gróða að ræða fyrir hreppsfjelagið, miðað við það sem áður var. Auk þess kemur hinn óbeini gróði, sem ekki er talinn í krónum og aurum, heldur í frelsuðum mannslífum, en sá gróði verður ekki metinn til fjár í þessu brjefi.

Af ástæðum þeim, sem að framan er lýst, skorar hreppsnefndin hjer með á Alþingi að verða nú við þeirri margítrekuðu ósk að gera Hólshrepp að sjerstöku læknishjeraði.

Virðingarfylst.

Bolungavík, 19. júní 1919.

F. h. hreppsnefndar Hólshrepps.

Jón J. Fannberg,
oddviti.

Til Alþingis, Reykjavík.

Frekari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í flutningi þess á þinginu.

(B. IX, 1).

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Nú vill maður eða fjelag, hvers eðlis sem er, öðlast eignarrjett yfir fasteign á Íslandi eða notkunarrjett, annaðhvort með frjálsri afhending eða með nauðungarráðstöfun að manni lifanda, eða með hjónabandi eða að erfðum, og má það verða án sjerstaks leyfis, svá fremi maðurinn er heimilisfastur á Íslandi eða stjórn fjelagsins hefir aðsetur hjer á landi og stjórnarmenn allir eru hjer heimilisfastir.

Að öðrum kosti þarf til sjerstakt leyfi, er stjórnarráðið má veita, ef ríka nauðsyn ber til.

Hverskonar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur, námurjettur, rjettur til að hagnýta vatnorku og því um líkt, er talinn notkunarrjettur í lögum þessum.

Sjerstaks leyfis þarf þó eigi til leigu á húsum til eins árs í mesta lagi eða upp á uppsögn með eigi lengri en hálfs árs uppsagnarfresti, eða til að eignast veiðirjett til eins árs í lengsta lagi.

2. gr.

Eigi verður krafist fullnaðargerðar á neinni ráðstöfun til afhendingar, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Fáist það eigi, er ráðstöfunin ógild og andvirði það, er kaupandi hefir greitt, skal hann þegar fá endurgoldið.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá neita um þinglýsinguna.

4. gr.

Nú fullnægir maður eigi skilyrðum laga þessara, en er þó orðinn umráðandi fasteignar eða afnotahafi, þá skal stjórnarráðið setja honum frest til þess að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða, ef það fæst eigi, með því að fá rift kaupunum (2. gr.). Þessi frestur má eigi styttri vera en 4 mánuðir og eigi lengri en eitt ár.

Ákvæðum sínum um þetta lætur stjórnarráðið þinglýsa tafarlaust á varnarþingi fasteignarinnar og skrá í dálk hennar í veðmálabókinni. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur stjórnarráðið þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eign-

arrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, þá skal skiftaráðandi þegar gera stjórnarráðinu aðvart, og fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Sama er og, ef sá maður verður heimilfastur utan Íslands, er öðlast hefir eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, svo og ef stjórn þess fjelags, er öðlast hefir eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, hættir að hafa aðsetur á Íslandi, eða ef einhver í stjórn þess er þar eigi lengur heimilisfastur.

9. gr.

Nú hefir maður heimilfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þeim bæ eða hreppi, sem eignin er í, til þess að andsvara af sinni hendi málum öllum og hvers konar ráðstöfunum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

Greinargerð.

Smáþjóðum er það hin mesta hætta, að fasteignir þeirra eða afnot, svo sem auðugar afllindir o. fl., lendi í höndum erlendra manna. Þess vegna ber jeg nú frv. þetta fram. Frv. er tekið nær því orðrjett og án efnisbreytinga að ráði eftir stjórnarfrv. 1901. (Alþt. 1901, C. bls. 128--134).

(B. X, 1).

Ed. **55. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingar á lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Flutningsm.: Sigurjón Friðjónsson.

1. gr.

Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga. Skal um það brjef gera, og er það byggingarbrjef fyrir jörðinni. Í byggingarbrjefi skal það skýrt tekið

fram, hve langur ábúðartími sje. Sje ekkert tekið fram um ábúðartímann, skal svo álitið, að jörð sje bygð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið samið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns, og helst sá rjettur óbreyttur þótt hún giftist aftur.

2. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sína skal hann láta fylgja jörðinni öll hús, sem nauðsynleg eru við ábúð á henni, og skulu þau afhent leiguliða í gildu og góðu standi, eða með fullu álagi. Reynist hús ófullnægjandi, sem fylgja jörðu, getur leiguliði bætt úr því á eigin kostnað, en leita skal hann áður samkomulags um það við landsdrottin.

3. gr.

Vilji leiguliði gera meiriháttar jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, svo sem girðingu um tún, engi, haga eða land jarðarinnar alt, framræslu og áveitu í stórum stýl o. s. frv., skal hann leita um það samkomulags við landsdrottin. Náist ekki samkomulag, er rjett að leiguliði fái 2 óvilhalla menn, á sinn kostnað, til að meta, hvert gagn megi verða að jarðabótinni, og skal að minsta kosti annar þeirra vera búfróður. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnað við jarðabótina og um hve mikið eftirgjald jarðarinnar megi hækka fyrir hana. Landsdrotni skal bjóða að vera við matið. Leiguliði skal því næst bjóða landsdrotni að gera jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnað við matið, en að leiguliði skuli halda jarðabótinni við og greiða þá eftirgjaldshækkun, sem álíst hæfileg. Vilji landsdrottinn þetta eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað, enda greiðir þá enga eftirgjaldshækkun hennar vegna. Jarðabætur, sem lúta að útgræðslu túns, túnsljettun, áburðarhirðingu o. s. frv., svo og smærri engjabætur, getur leiguliði gert án þess að leita um það samkomulags við landsdrottin.

4. gr.

Verði skemdir á jörðu eða húsum af völdum náttúrunnar, eða af eldsvoða, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, bætir landsdrottinn skemdir að fullu, eða svo, er verða má. Sje skemdir ekki bættar til fulls, á leiguliði heimting á að landskuld sje sett niður, í hlutfalli við það er á vantar, eftir mati úttektarmanna.

5. gr.

Leiguliðum, sem hafa innstæðukúgildi á ábúðarjörðum sínum, er heimilt að leysa til sín kúgildi, gegn því að leggja jörðinni til jafngilda eign í húsum, sem nauðsynleg eru fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, eða jarðabótum, sem auka framleiðslu hennar og verðmæti. Úttektarmenn meta til verðs kúgildin og eignir þær, sem á móti eru látnar. Fellur þá kúgildaleigan niður, en eftirgjald jarðarinnar hækkar að sama skapi.

6. gr.

Þegar leiguliði hættir ábúð, skulu úttektarmenn meta húsabætur þær og jarðabætur, sem fráfarandi hefir gert, ásamt meðferð hans á jörðinni yfirleitt, og ákveða, hver áhrif þær megi rjettilega hafa á verð jarðarinnar eftirleiðis. Verði matið á þá leið, að jörðin hafi hækkað í verði fyrir verk fráfaranda, skal lands-

drottinn greiða honum þá verðhækkun að fullu, enda gjaldi fráfarandi fullu verði, ef jörðin hefir spilst fyrir niðurníðslu eða óheppilegar umbótatilraunir, sem landsdrottinn hefir lagt á móti, eða engan þátt átt í. Hús, sem fráfarandi hefir gert og álítast jörðinni ofviða, skulu metin eftir því gildi, sem þau geta haft fyrir viðtakanda, eða vera eign fráfaranda áfram, ef hann kýs það heldur. Getur hann þá rifið þau og flutt burt af jörðinni; en gæta verður hann þess, að notfæra sjer húsin þannig, að viðtakanda verði sem minstur skaði að. Skal hús rjúfa fyrir næstu Jónsmessu, ef viðtakandi vill gera hús þar, sem hin hafa verið, en flytja burt viði og annað húsefni fyrir lok hins nýbyrjaða fardagaárs. Mati úttektarmanna á húsabótum og jarðabótum má skjóta til yfirmatsnefndar í sýslu þeirri, sem jörðin liggur í. Yfirmat borgar matskrefjandi, ef fyrra mat breytist eigi, en ella báðir hlutaðeigendur að jöfnu. Landsdrottinn getur hækkað landskuld jarðar með 5% af fje því, sem hann greiðir fyrir aðgerðir leiguliða.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 2. gr., 6. gr., 10. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða.

Greinargerð.

Alþingi hefir að undanförnu hvað eftir annað gert tilraunir til að bæta úr göllum þeim, sem eru á ábúðarlöggjöfinni, en af þeim tilraunum hefir orðið lítill árangur. Mun aðalorsökin til þess vera sú, að þingið hefir skort djarfleika til að taka fyrir rætur aðalágallans, sem er sá, að ábúðarlöggjöfin er yfirleitt vilhöll jarðeigendum, svo að umbætur á jörðum, þar með taldar húsabætur, falla venjulega fyr eða síðar endurgjaldslítið, eða endurgjaldslaust, til jarðarinnar og um leið eiganda hennar. Svo er t. d. um útfærslu túna og túnasljettun. Og eins er að miklu leyti um stækkun húsa og aðrar umbætur á þeim, einkum vinnukostnað allan við byggingarefni, sem jörðin leggur sjálf til: upptekt grjóts, torfristu, heimflutning efnisins, veggjahleðslu o. s. frv. Að því leyti sem slíkur kostnaður gengur til viðhalds hinum svo nefndu »jarðarhúsum« er eðlilegt og sjálfsagt, að hann hvíli á leiguliða. En eins og allir vita, er stærð og gæði »jarðarhúsanna« venjulegast miðuð við efnahag og hugsunarhátt þjóðarinnar á löngu liðnum tíma og allsendis ófullnægjandi nú á dögum. Af því hefir leitt bæði það, að »jarðarhúsin« hafa stækkað smátt og smátt, oftast alveg á kostnað leiguliða, og að leiguliðar hafa bætt við húsum á jarðirnar, sem að nafninu eru þeirra eign, en þeir fá þó sjaldnast verð fyrir, flytji þeir burtu, nema aðflutt byggingarefni, og þá venjulega eftir lágu mati. Þetta dregur eðlilega mjög úr vilja leiguliða til húsabóta og jarðabóta yfirleitt, jafnframt og þeir leiguliðar, sem mestir eru framtaksmenn og ósjerplægnastir, verða tiltölulega harðast úti við að fá hin rjettu iðgjöld athafna sinna.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, stefnir aðallega að því að bæta úr þessu vanrjetti leiguliða. Virðist sú einfalda leið sjálfsögðust til þess, að hver leiguliði fái sín umbótastörf sanngjarnlega borguð af landsdrotni, en landsdrottinn iðgjöld fjár þess, sem hann leggur jörðu til í hækkaðri landskuld. Og trygging fyrir því, að hver fái sem næst því, er honum ber, fyrir það, sem hann vinnur

eða leggur fram landinu til bóta, ætti að vera, og mundi að líkindum verða óflug undirrót að umbótum á jörðum og húsakynnum í landinu.

Af smærri breytingum, sem hjer er lagt til að gerðar sje á gildandi lögum, eru helstar þær: *að* ekkja skuli halda ábúðarrjetti fyrverandi manns síns, eins þótt hún giftist aftur; *að* skemdir af eldsvoða, sem engum verður sök á gefin, og skemdir af völdum náttúrunnar skuli bættar af landsdrotni, að því leyti sem hægt er, en komi ekki niður á leiguliða; og *að* leiguliði skuli hafa rjett til að innleysa kúgildi á ábúðarjörð sinni.

Við samningu frumvarps þessa er að ýmsu leyti stuðst við aðgerðir fyrri þinga.

(B. XII, 1).

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Hróarstungulæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. Hróarstungulæknishjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gislá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur og Eiðahreppur.
2. Bakkalæknishjerað: Borgarfjarðarhreppur.

Greinargerð.

Síðan læknisbústaður Hróarstunguhjeraðs var fluttur til Borgarfjarðar, má svo segja, að hjeraðshrepparnir sje með öllu læknislausir. Fjallgarðarnir báðum megin við Fljótsdalshjerað eru svo illir yfirferðar á vetrum, að gersamlega er ófært yfir þá dögum og jafnvel vikum saman vegna illviðra. Ofan á þetta bætast snjóþyngsli mikil í öllu hjeraðinu, þegar harðindi eru, svo að stundum er ómögulegt að nota hesta til reiðar. Þó verður þeim, sem næst búa Smjörvatnsheiðinni (norðan við hjeraðið) það til að brjótast til Vopnafjarðar eftir lækni í lífsnauðsyn, en nærri má geta, hversu þægilegt það er, ef líf liggur við. Aftur verða hinir, sem nær búa eystri fjallgarðinum, annað hvort að ná í lækni af Borgarfirði eða sækja hann upp að Brekku í Fljótsdal. Þeir, sem miðlínis búa á hjeraðinu, vita eiginlega ekki, hvert þeir eiga að snúa sjer. Svona er ástandið, að illskárra er fyrir fjölda hjeraðsbúa að sækja annan lækni (annaðhvort að Brekku eða á Vopnafjörð), en sinn eigin lækni á Borgarfjörð, en þá eru þeir ef til vill ekki við látnir og hafa öðrum störfum að gegna í sínum læknishjeruðum. Ofan á þessa örðugleika bætist tilfinnanlegur kostnaður við læknisvitjanir. Ástandið er óþolandi. Krefjast hjeraðsbúar þeirra breytinga, sem hjer er stungið upp á. Og á aðalfundi sýslunefndar Norðurmúlasýslu var í vor samþykt í einu hljóði áskorun til Alþing-

is að stofna nýtt læknishjerað á Úthjeraði. Mannfjöldi í Hróarstunguhjeraði var 1910 sem hjer segir: Í hjeraðshreppunum, sem mynda eiga hið nýja Hróarstunguhjerað, 1021, og í Borgarfirði, hinu fyrirhugaða Bakkahjeraði, 432, en sennilega hefir fólksfjöldinn eitthvað aukist síðan.

(B. XIII, 1).

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um sjerstakt læknishjerað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

Fylgiskjal.

Háttvirta Alþingi!

Þau eru orðin mörg árin, sem við Ólafsfirðingar höfum orðið að búa við erfiða aðstöðu, hvað samgöngur snertir, svo á landi sem sjó, og sá skaði, er af því hefir leitt, mjög tilfinnanlegur á ýmsum sviðum, en þungbærasta áhyggjuefnið hefir það verið og er fyrir þessa sveit, hve afar-erfitt það er, og alloft ómögulegt dögum og jafnvel vikum saman, að vitja læknis.

Milli Ólafsfjarðar og Svarfaðardals er hár fjallgarður, venjulegast illur yfirferðar vegna fannkyngi og jafnvel snjóflóðahætfu, og svo vegleysu að sumrinu, en nyrsti oddi þessa fjallgarðs er hinn svo nefndi Ólafsfjarðarmúli, sem er standbjarg og gengur í haf út. Sjóleiðin er því ekki síður torsótt og hættuleg, þar sem yfir opið haf er að sækja til Svarfaðardals (þar, sem læknirinn er búsettur), en brim og brotsjór hjer inni á firðinum, oft um lengri tíma, svo ekki verður út komist, og alla vjelbáta verður að setja á land jafnvel í októbermánuði.

Fólksfjöldi er nú orðinn svo mikill — um 600 manns — að þessar afar-erfiðu og hættulegu læknisferðir koma svo oft fyrir, að ekki er lengur við slíkt ástand unandi, enda þráfaldlega að engan veginn er mögulegt að geta notið læknishjálpar, og er það tilfinnanlegra en frá verði skýrt.

Um kostnaðarhlið þessa máls er það svo, að læknisvitjun kostar jafnaðarlega alt upp undir 100 kr., og er því auðsætt, hversu þetta er afar-erfitt fyrir allan almenning. En það er þó engan veginn kostnaðurinn, sem hjer skiftir mestu, heldur það hörmulega ástand, að geta á hverri stundu búist við því, að ekki sje mögulegt, hversu mikið sem menn vilja í sölurnar leggja, að vitja læknis, þótt líf manns liggi við.

Úr þessu getur ekki bætt styrkur til læknissóknar, eður önnur fjárframlög í því skyni, heldur það eitt, *að læknir sje hjer búsettur*, að sveitin eigi þann mann ávalt hjá sjer, sem megi leita til, þegar knýjandi nauðsyn ber að höndum; það er hið eina úrræði, sem greiðir úr þessu alvörumáli, og ekkert annað.

Það er því innileg ósk vor Ólafsfirðinga til hins háa Alþingis, að það ákveði með lögum *sjerstakt læknishjerað fyrir Ólafsfjörð.*

Til samanburðar og jafnframt skýringar á því, hve eðlileg og jafnframt rjettmæt ósk vor er, viljum vjer benda á, að löggjafarvaldið hefir álitið óumflýjanlegt, að Ólafsfjörður væri sjerstakt prestakall, vegna hinnar afar-örðugu afstöðu við aðrar sveitir, og erum vjer því mjög þakklátir fyrir það, en að fullkomlega viðurkendri þeirri nauðsyn, hikum vjer ekki við að telja þessa ósk vora, um að hjer sje ákveðið sjerstakt læknishjerað, margfalt nauðsynlegri, og berum það traust til allra góðra manna, að þeir líti svo á.

Ólafsfirði, 20. maí 1919.

Undirr. 149 alþingiskjósendur.

(B. XIV, 1).

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Við 1. grein.

Greinin orðist þannig:

Til hafnargerðar á Siglufirði veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum, alt að 150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi annarstaðar að.

Jafnframt heimilast ráðuneyti Íslands að ábyrgjast alt að 450000 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund — króna lán, er Siglufjarðarkaupstaður kynni að fá til hafnargerðarinnar.

2. gr.

Við 2. grein.

Í stað orðanna: »mannvirki og land« komi:
mannvirki, land og lóðhelgi.
Fyrir »Siglufjarðarkauptúns« komi:
Siglufjarðarkaupstaðar.

3. gr.

Við 3. grein.

Í stað orðanna: »samþykki hreppsnefndar og sýslunefndar« komi:
samþykki bæjarstjórnar.
Í annari málsgrein: Fyrir »hreppsnefndar« komi:
bæjarstjórnar.

Orðin: »Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð sýslunefndarinnar«, falli burt.

Fyrir orðin: »láta það burt« komi:

láta taka það burt.

Aftan við greinina bætist:

Sama gildir og um strandaða skipsskrokka, er legið hafa ónotaðir og í leyfisleysi á grynningum við höfnina í meir en 3 ár.

4. gr.

Fjórða grein orðist þannig:

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

5. gr.

Fimta grein orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd, fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

6. gr.

Sjötta grein orðist þannig:

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

7. gr.

Við 7. grein.

Í stað »Hreppsjóður« komi:

Bæjarsjóður.

Fyrir »hreppsnefndin« komi:

bæjarstjórnin.

8. gr.

Við 8. grein.

Í stað »Hreppsnefndin má ekki án samþykkis sýslunefndarinnar« komi:

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins.

9. gr.

Við 9. grein.

Fyrir »Siglufjarðarkauptúns« komi:

Siglufjarðarkaupstaðar.

Málsgreinin frá: »Gjöld þessi . . . innheimtu þeirra«, orðist þannig:

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal

ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau.

10. gr.

Við 10. grein.

Í stað »hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands«, komi: bæjarstjórnin með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins.

Málsliðurinn: »Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi og fær 2% í innheimtulaun«, falli burt.

11. gr.

Tólfta grein orðist þannig:

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum, á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

12. gr.

Þrettánda grein orðist svo:

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju mikilvægar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

13. gr.

Við 14. grein.

Fyrir »hreppsnefnd« komi:
bæjarstjórn.
Fyrir »sýslunefndarinnar« komi:
stjórnarráðsins.

14. gr.

Fimtánda grein orðist svo:

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

15. gr.

Við 16. grein.

Fyrir »10—500 kr.« komi:
20—1000 kr.

16. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 64, 3. nóvember 1915, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Greinargerð.

Fyrir allmörgum árum síðan vaknaði mikill áhugi meðal Siglfirðinga á því, að sem fyrst yrði bygð hafnarbryggja á Siglufjarðareyri, svo eigi þyrfti að leita á náðir einstakra bryggjueigenda í hvert skifti, er skip eða báta bæri að landi, og jafnframt til þess að nægilegt pláss fengist til afgreiðslunnar, hvernig sem á stæði með not hinna annara bryggja í kauptúninu, þar sem alt af fór sífjölgandi þeim skipum, er þangað leituðu, bæði sem viðkomustaðar og til útgerðar. Af þessari nauðsyn á hafnarbryggju eru lögin frá 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóðum og mannvirkjum þar til orðin; og enn fremur: Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún frá 1915.

Sumarið 1914 gerði Benedikt Jónasson verkfræðingur dýptarmælingar þar, sem hafnarbryggjan var fyrirhuguð, og síðar gerði Th. Krabbe verkfræðingur teikningu og kostnaðaráætlun.

Vegna hins geypiháa verðs á öllu byggingarefni, ásamt flutningaerfiðleikum undanfarin ár, hafa enn ekki verið gerðar frekari ráðstafanir til bryggjugerðarinnar en hjer er frá skýrt, nema að því, sem ákveðið er um ábyrgð landssjóðs fyrir 150 þús. kr. láni til bryggjugerðarinnar. Er það sem næst þeirri upphæð er *þá* var áætlað að þyrfti.

Hinn 18. júní s. l. var þetta mál enn tekið fyrir á þingmálafundi í Siglufirði og þar samþykt að leita 150 þús. kr. fjárveitingar úr ríkissjóði, og að ráðuneyti Íslands verði heimilað að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað alt að 450 þús. kr. lán, er hann kynni að fá til hafnargerðarinnar.

Þessi fjárhæð er hin upphaflega kostnaðaráætlun *ferföld*, og mun það ekki of mikið í lagt, eftir því sem efni, vinnulaun og flutningskostnaður hefir hækkað í verði.

Að öðru leyti eru breytingar þær, er frumv. gerir á lögunum, að mestu sjálfsögð afleiðing af bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar frá 1918, sem ekki er þörf að skýra nánar.

(B. XV, 1).

Ed. **59. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hluti Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjer-

að og heita Hnappdælahjerað. Hjerað þetta nær yfir Kolbeinsstaðahrepp, Eyjahrepp, Miklaholtshrepp og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að Miklaholtshreppur sje undanskilinn, og á Ólafsvíkurhjeraði, að Staðarsveit sje undanskilin.

Greinargerð.

Frá því að læknaskipunarlögin frá 16. nóv. 1907 öðluðust gildi hefir verið megn óánægja í Hnappadalssýslu yfir þeim erfiðleikum að nálgast lækni, sem hjeraðsbúar þar eiga við að búa, og frumvarp sama efnis og þetta hefir verið flutt þing eftir þing samkvæmt einróma áskorun Hnappdæla.

Þótt ekki verði beinlínis sagt, að ókleift sje að nálgast lækni fyrir þá hreppa, sem hjer ræðir um, þá eru miklir erfiðleikar á því, sjerstaklega á vetrum, þar sem sækja verður yfir erfiða fjallvegi, hvort heldur leitað er til Stykkishólms eða Ólafsvíkur.

Íbúatala í því hjeraði, sem hjer er farið fram á að mynda, verður hærri en í mörgum hjeruðum, sem nú eru læknum skipuð, svo að þess vegna er ekki ólíklegt, að læknir fengist til að setjast þar að, enda útlit fyrir, að engin læknaekla verði hjer á landi í nánustu framtíð. Hins vegar eru þær tekjur, sem Borgarnes-, Stykkishólms- og Ólafsvíkur-læknarnir hafa af þessu svæði, ekki svo miklar, að þær samsvari þeim erfiðleikum, sem þeir hafa af því að gegna þessum útjöðrum hjeraða sinna.

Að öðru leyti munu færðar frekari ástæður fyrir frumvarpi þessu við umræður um málið.

(A. XVII, 2).

Nd. **60. Nefndarálit**

um frv. til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur frv. þetta eðlilegt og rjettmætt og er því eindregið fylgjandi, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsm.. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson. Hákon Kristófersson.

(A. XXXVI, 2).

Nd. **61. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um nauðsyn þessa frumvarps, og leggur eindregið til, að það verði samþykt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað »kr. 3,00« komi:
   4 krónur.
2. — 1. — Á eftir orðinu »Gjaldið« bætist inn í greinina:
   sem lögreglustjórar innheimta.

Alþingi, 12. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Sigurður Sigurðsson, framsögumaður.

Hákon J. Kristófersson. Einar Árnason.

(A. XXXIII, 2).

Nd. **62. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á núgildandi tollögum:

Tollur af öli og limonaði	hækkaður úr	kr.	0,20 í	0,30 á	lítra
— — vínföngum	— —	— —	1,00—2,00 -	2,00—4,00 -	—
— — sódavatni	— —	— —	0,02 -	0,04 -	—
— — tóbaki	— —	— —	3,00 -	4,00 -	kg.
— — vindlum og vindlingum	— —	— —	6,00 -	8,00 -	—
— — brjóstsykri og konfekt	— —	— —	1,25 -	1,50 -	—

Búast má við, að þessi hækkun geti numið ca. 170 þús. kr. á ári.

Þótt nefndin gangi þess ekki dulin, að tollur á þeim vörutegundum, sem hjer eru taldar, sje nú þegar orðinn allhár, þá ber á það að líta, að hjer er eingöngu um munaðarvöru að ræða, sem almenningur kaupir oft að nauðsynjalausu.

En aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er komið fram, er hin knýjandi þörf ríkissjóðsins á auknum tekjum.

Jafnframt því að nefndin mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykt, vill hún vekja athygli tollheimtumanna á því, að allar þær súkkulaðitegundir, — átsúkkulaði, konfektsúkkulaði o. þ. h. —, sem ekki eru beinlínis suðusúkkulaði, heyra undir 13. lið 1. gr. laganna.

Alþingi, 11. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason, framsögum.

Hákon J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXXVII, 2).

Nd. **63. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frv. þetta nái fram að ganga með breytingum þeim, sem hjer fara á eftir. Það virðist nokkurn veginn auðsætt, að eftir þeirri breytingu, sem orðið hefir á gildi peninga síðan gildandi útflutningsgjaldslög voru sett, geti hækkunin eigi verið minni en nefndin leggur til, og ef gjald þetta er borið saman við lausafjárskattinn, sem hefir því nær þrefaldast síðan 1914, sjest, að hækkunin er mjög hófleg, enda verður að álíta, að hún sje alls eigi tilfinnanleg fyrir sjávarútveginn.

Nefndin hefir bætt inn í frv. útflutningsgjaldi af fiski, sem fluttur er út nýr í skipum, sem sjálf hafa aflað hann, og er þetta gert vegna þess, að af fiski þessum hefir ekkert gjald verið greitt í ríkissjóð, hvorki útflutningsgjald nje stimpilgjald, en það virðist alls ekki sanngjarnt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. lið: Í stað orðanna »20 aura« komi: 25 aura.
   b. Við 5. lið: Aftan við liðinn bætist ný setning, svo hljóðandi: Gjald þetta greiðist eigi lengur en til 1. jan. 1920.

c. Við 12. lið: Í stað »60 aura« komi:
100 aura.

d. Við 13. lið: Í stað »50 aura« komi:
100 aura.

e. Síðasta málsgr. greinarinnar falli burt.

f. Aftan við 1. gr. komi nýr liður, sem verður 15. liður, svo hljóðandi:
Útgerðarmenn skipa, sem stunda fiskveiðar hjer við land og flytja afla sinn til útlanda ósaltaðan og óhertan, greiða 1% af brúttó-söluverði aflans erlendis, og skal gjald þetta greiðast hlutaðeigandi lögreglustjóra áður mánuður er liðinn frá brottför skips hjeðan. Er útgerðarmanni skylt að afhenda lögreglustjóra, áður sá tími er liðinn, sölureikning um aflann erlendis eða önnur gögn, er sanna söluverðið, en sjeu slík gögn eigi fyrir hendi, kemur drengskapar-yfirlýsing útgerðarmanns eða skipstjóra í þeirra stað.

2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

Alþingi, 11. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsögum.

Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Sigurður Sigurðsson. Einar Árnason. Hákon J. Kristófersson.

(A. V, 4).

Nd. **64. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 29. gr. 1. málsgrein.

Á eftir orðunum »óflekkað mannorð« komi:
tali og riti íslenska tungu stórlýtalaust.

(B. XVII, 1).

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Árnessýslu skal skift í þrjú læknishjeruð. Takmörk hjeraðanna og læknissetur ákveður ráðherra í samráði við landlækni og að fengnum tillögum sýslunefndar.

2. gr.

41. og 42. tölul. 1. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, falla úr gildi jafnskjótt sem ákvæði 1. gr. eru komin til framkvæmdar.

Greinargerð.

Sýslunefnd Árnessýslu samþykti á síðasta fundi sínum áskorun til þingmanna kjördæmisins um, að þeir gengist fyrir því, að sýslunni yrði skift í 3 læknishjeruð. Hún er nú 2 læknishjeruð, en það þykir algerlega ófullnægjandi. Í sýslunni mun nú vera yfir 6000 manns, og fleira á vertíð, því að útvegur er allmikill í þrem verstöðum, Stokkseyri, Eyrarbakka og Þorlákshöfn. Eyrarbakki og Stokkseyri eru orðin fjölmenn kauptún, og nóg þar fyrir lækni að gera. Mundi þó Ölves og Selvogur, ásamt flestum hreppum í Flóanum, verða hluti af því hjeraði. Hreppar og Skeið eiga nú erfiða læknissókn, en eru þó allfjölmenn hjeruð. Mundi vel fallið, að þeir hreppar yrðu sjer um lækni, og ef til vill Villingaholtshreppur. Þá mundi sennilega heppilegst, að Biskupstungur, Grímsnes, Þingvallasveit og ef til vill Grafningur yrði 3. hjeraðið.

(B. XVIII, 1).

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

Aftan við fyrri málsgr. 2. gr. bætist:

Enn fremur lína frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum og þaðan að Vatnsleysu.

Greinargerð.

Á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu þ. á. samþykti nefndin að beitast fyrir því, að símalína sú, er ræðir um í frv., verði lögð sem fyrst, og reit því formaður nefndarinnar landssímastjóra og beiddist álits hans um það, og er svar hans prentað hjer á eftir. Ber það með sjer, að hann er málefninu mjög hlyntur. Mál þetta er flutt eftir eindreginni áskorun þingmálafunda í vor.

Landssímastjórinn.

Reykjavík, 2. apríl 1919.

Brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 27. f. m., viðvíkjandi símalínu frá Sauðárkrók fram Skagafjörð, hefi jeg meðtekið.

Skal jeg eftir mætti styðja málefni þetta, einnig af þeirri ástæðu, að jeg álít æskilegt að aðallínunni milli Akureyrar og Sauðárkróks verði breytt, þegar tímar og ástæður leyfa, þannig að síminn verði lagður yfir Öxnadalsheiði, þar eð reynslan hefir sýnt, að viðhald símanna yfir sandana milli Vatnsleysu og Sauðárkróks og yfir Heljardalsheiði er mjög kostnaðarsamt.

Álít jeg heppilegast, að hlutaðeigandi alþingismaður beri fram tillögu um, að í lög um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, 22. okt. 1912, 4. gr., verði bætt við »frá Sauðárkrók að Víðimýri og Silfrastöðum«.

Að líkindum mun ekki þýða að fara fram á, að tvær símalínur verði lagðar nú, sín hvoru megin Hjeraðsvatna. Virðist mjer að nægilegt mundi vera að leggja eina línu að vestanverðu, um Víðimýri yfir að Silfrastöðum, og má þá, ef nauðsyn krefur, leggja hliðarlínu frá Víðimýri, t. d. yfir að Flugumýri eða Ökrum.

Viðvíkjandi því, hve nær hægt verður að leggja síma þennan, hefi jeg enn þá ekki gert mjer neina rökstudda hugmynd.

(sign.) O. Forberg.

Til

sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu,

Sauðárkrók.

(XIX, 1).

Nd. **67. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 83, 14. nóv. 117, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Þorsteinn Jónsson.

Í 2. gr. greindra laga (4. gr. ritsímalaganna frá 1913) komi inn á eftir »Loðmundarfjarðar«:

Brekku í Fljótsdal um Vallanes og Ás.

Greinargerð.

Símalína þessi yrði lögð frá Egilsstöðum sunnan megin Lagarfljóts að Vallanesi, þaðan yfir fljótið að Ási og upp að læknissetrinu Brekku norðan fljóts. Eftir að símalína er lögð niður hjeraðið til Borgarfjarðar, er sjálfsagt, að bráðlega yrði lögð sú lína, sem hjer er fyrirhuguð. Yrði hún upphjeraðinu að margvíslegu gagni og mundi bera sig ágætlega. Fólk er allmargt á þessu svæði, og þar er hjeraðið glæsilegast. Yrði síminn þar vafalaust mikið notaður.

(C. III, 1).

Nd. **68. Tillaga**

til þingsályktunar um að sett verði á stofn á Vopnafirði útbú frá Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson og Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að útbú frá Landsbanka Íslands verði sett á stofn á Vopnafirði svo fljótt sem unt er.

Greinargerð.

Norðurhluti Norður-Múlasýslu og öll Norður-Þingeyjarsýsla eiga erfitt með að ná til banka. Þess vegna er það almenn ósk manna í þessum hjeruðum, að útbú frá Landsbankanum verði sett á stofn hið fyrsta á hentugum stað á norðausturlandi.

(B. I, 2).

Nd. **69. Greinargerð**

fyrir frv. til vatnalaga (þgskj. 42).

Það má telja hina mestu nauðsyn, að sett verði ítarleg vatnalög, er kveði á um rjettindi einstakra manna yfir vatni og vatnsnotum og um yfirráðarjett ríkisins, rjettindi hjeraða til vatnsnytja o. fl. Við leggjum því hjer fram frumvarp til vatnalaga, bálk í XVI köflum og 142 greinum, og eru þar dregin saman í eitt öll þau ákvæði, sem við teljum nauðsynlegust.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

(B. II, 2).

Nd. **70. Greinargerð**

fyrir frv. til laga um vatnastjórn (þgskj. 43).

Umsjón á öllum vatnamálum landsins og framkvæmdir þar að lútandi mundu verða of umsvifamikið og vandasamt verk fyrir landsstjórnina. Þess vegna má telja það hina mestu nauðsyn að hafa sjerstaka vatnastjórn með sjerþekking, og mun það margborga sig.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

(B. III, 2).

Nd. **71. Greinargerð**

fyrir frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (þgskj. 44).

Sogið er minst hinna stóru orkuvatna, næst höfuðstaðnum og í námunda við hin mannflestu hjeruð landsins og ódýrast til virkjunar. Þegar því landið ræðst í að virkja fallvötn, þá er sjálfsagt að byrja á því. En rannsókn sú, sem hjer um ræðir, verður að fara á undan. Því er þetta frumvarp fram komið.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

(B. IV, 2).

Nd. **72. Greinargerð**

fyrir frv. til laga um raforkuvirki (þgskj. 45).

Þegar þar kemur, að raforkuvirki verða fleiri en nú er, og einkum þegar menn fara að nota sterkari straum, þá er það lífsnauðsyn að ákveða með lögum allar nauðsynlegar tryggingar þess, að hag manna og heilsu, limum og lífi stafi engin hætta af. Þetta er nú ákveðið í þessu frv., og hefðu slík lög að vísu átt að vera komin út fyrir löngu.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

(A. XXXVII, 3).

Nd. **73. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson og Sig. Stefánsson.

Aftan við 14. tölulið 1. greinar frumvarpsins bætist:

15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.), sem ut flytst frá landinu, skal greiða í ríkissjóð 60 aura.
16. Af hverju kg. af hvítri þveginni vorull, sem út flytst frá landinu, skal greiða í ríkissjóð 2 aura.
17. Af allri annari ull, sem flutt er út úr landinu, skal greiða 1 eyri af hverju kg. í ríkissjóð.
18. Af hverju kg. af söltuðum sauðargærum, sem út flytst frá landinu, skal greiða 1 eyri í ríkissjóð.
19. Af hverri lifandi sauðkind, sem flutt er út úr landinu, skal greiða 15 aura í ríkissjóð.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm. á hæð og út er flutt úr landinu, skal greiða 5 kr. í ríkissjóð.
21. Af öllum minni hrossum, sem út flytjast frá landinu, skal greiða 2 kr. af hverju í ríkissjóð.
22. Af hverju kg. af æðardún, sem flutt er út úr landinu, skal greiða 15 aura í ríkissjóð.
23. Af hverju selskinni, sem út er flutt úr landinu, hvort heldur er saltað eða hert, skal greiða 10 aura í ríkissjóð.
24. Af hverju tófuskinni, sem út er flutt úr landinu, skal greiða 50 aura í ríkissjóð.

(B. XXI, 1).

Nd. **74. Frumvarp**

til laga um bann gegn refarækt.

Flutningsm.: Björn Stefánsson, Jón Jónsson, Þorsteinn M. Jónsson, Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Refarækt skal bönnuð hjer á landi.

2. gr.

Yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum, má enginn ala nema meðan á grenjavinslu stendur, þó ekki lengur en til 30. júní. Refi, sem nást kynnu lifandi á annan hátt, á hvaða tíma sem er, skal tafarlaust drepa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—200 kr. sektum og auk þess 500 kr. fyrir hvern ref, sem sleppa kynni lifandi úr gæslu. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. mars 1920.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir dýrbit víða hjer á landi farið mjög í vöxt. Liggur sterkur grunur á, að það stafi af því, að refir sleppi úr gæslu. Hvort sem sá grunur er rjettur eða ekki, þá er ómögulegt að staðhæfa, að slíkt kunni ekki að geta komið fyrir, einkum í ísaárum. Því finst oss rjett, að eiga ekki þann ótta yfir sjer vofandi, jafnmikið og við liggur, og því sjálfsagt að banna algerlega refaeldi hjer á landi.

(B. XXII, 1).

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um atvinnufrelsi.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver sú atvinnugrein, sem lög leyfa, er heimil fyrst og fremst öllum þegnum konungsríkisins Íslands, þeim sem heimilisfastir eru hjer á landi eða hingað koma til þess að verða heimilisfastir, því næst þeim, er samkvæmt samningum við önnur ríki skulu hafa sama atvinnufrelsi sem íslenskir þegnar og hjer eiga heimilisfang eða koma hingað til þess að taka sjer bólfestu, og enn þeim mönnum öðrum, sem taka sjer hjer aðsetur og ná heimilisfestu. Aðrir mega ekki reka hjer atvinnu.

2. gr.

Áður aðfluttir menn nái hjer landsvist og atvinnurjetti skulu þeir sýna læknisvottorð um, að þeir sje eigi haldnir neinum hættulegum sjúkdómum, og vegabrjef, er sýni, hverra landa þeir sje, hvar þeir eigi ríkisfang, ef þeir eru eigi íslenskir þegnar, og hvort þeir sje afbrotamenn. Stjórnarráðið getur sett nánari ákvæði um trygging fyrir því, að eigi stafi hætta af aðfluttum mönnum.

3. gr.

Nú hefir maður flutst hingað til landsins og fengið atvinnurjett samkvæmt 1. og 2. gr. og kann þó eigi íslenska tungu í lok fyrsta dvalarárs, og skal hann þá hafa fyrirgert atvinnurjetti sínum. Nú verður ágreiningur um, hvort hann fullnægir þessu skilyrði eður eigi, og skal hann þá standast kunnátturaun hjá sýslumanni eða öðrum þar til settum mönnum.

4. gr.

Nú verður nauðsyn að fá aðflutta verkamenn um skemri tíma en eitt ár, og getur þá stjórnarráðið leyft það, ef um mannvirki er að ræða, en háðir skulu þeir aðfluttir menn ákvæðum 2. gr.

5. gr.

Nú flytur einhver fólk inn í landið til lengri eða skemri vistar, og þeir menn þurfu fátækrastyrks, og skal þá aðflytjandi ábyrgjast þá fúlgu, ef þurfamennirnir eiga hjer eigi framfærslusveit.

6. gr.

Nú reka þeir menn hjer atvinnu, þá er þessi lög ganga í gildi, svo sem verslun, búskap, iðnað eða fiskveiðar o. fl., sem ekki væri það heimilt eftir þessum lögum, og skulu þeir hafa tveggja ára frest til þess að koma því máli í löglegt horf.

7. gr.

Lögreglustjórar hafa eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Fyrir vanrækslu þess sæta þeir sektum, 1000 kr.—10000 kr., og embættismissi, ef mikil brögð eru að.

Greinargerð.

Fámenni og strjálbygð veldur því, að oss stafar hætta af aðflutningi manna, bæði hætta fyrir tungu og þjóðerni og fyrir heilsu manna. Því ber jeg þetta frv. fram, til þess að draga úr þeirri hættu, án þess þó að meina mönnum aðfluttan vinnukraft, ef nauðsyn krefur.

(A. VIII, 2).

Nd. **76. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og frumvarpið og greinargerð þess bera með sjer, er tilgangur og þungamiðja slíkra laga, sem hjer er stofnað til, að samræma og vanda sem allra mest meðferð og frágang allan á útfluttu saltkjöti, svo að komist verði sem næst því að fullnægja fylstu kröfum, sem kaupendur og neytendur gera nú í þessu efni. Það þarf ekki útlistunar við, hver nauðsyn er á þessu hagsmuna vorra vegna; hún er nákvæmlega hin sama og viðurkend hefir verið með lögboðnu skipulagi um meðferð og frágang á ýmsum öðrum útflutningsvörum, svo sem saltfiski, ull o. fl. Markmiðið er að sjálfsögðu: gott álit þeirra sem njóta og hærra verð.

Það skal viðurkent, að gott skipulag á meðferð og flokkun saltkjöts til útflutnings sje í raun og verú fyrir löngu síðan komið á í ýmsum sláturhúsum hjer á landi, en vitanlega er víða enn þá ábótavant í þessu efni. Gamlar venjur, mistök og ósamræmi standa enn í vegi fyrir því, að æskilegu takmarki verði náð.

Samkvæmt reglugerð 4. september 1918, um mat á saltkjöti til útflutnings, má ætla, að skipulag það, er í frumvarpinu er ætlast til að komist á, hafi að miklu leyti komið til framkvæmda síðastliðið ár; en til þess að tryggja skipulagið og ná fullkomnu samræmi í matinu, nær frumvarpið það lengra en reglugerðin, að skipaðir skulu yfirmatsmenn, er launaðir verða úr ríkissjóði. Þetta er hliðstætt ákvæðum laga um mat á öðrum útflutningsvörum, og getur nefndin ekki sjeð, að hjá því verði komist.

Nefndin er á einu máli um það, að í frumvarpinu sjeu fólgin öll þau ákvæði, er mestu máli skifta og gerlegt er að setja í lög um þetta efni eins og nú standa sakir, og leggur eindregið til, að háttvirt deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 14. júlí 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari. Pjetur Þórðarson, framsögum.

Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXXVII, 2).

Ed. **77. Nefndarálit**

um frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa. (Stjórnarfrv. 38).

Frá samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu.

Nefndin er stjórninni sammála um, að nauðsyn beri til að setja lög um þetta efni, og ræður til samþyktar á frumvarpinu með lítils háttar breytingum. Breytingartillögur vorar eru ekki efnisbreytingar, heldur miða að skýrara orðalagi, svo sem er um nákvæmari tilvitnun (í 11. gr.) og niðurfelling orða, sem óþörf eru með öllu (svo sem »viðkomandi« á þrem stöðum), eða valda kynni misskilningi (í niðurlagi 11. gr.).

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.:
   Orðið »viðkomandi« á undan »lögreglustjóra« falli burt.
   Sama orð falli niður á undan orðinu »lögreglustjóra« í 9. gr. 3 tölul. og í fyrri málsgrein 11. greinar.

2. Við 9. gr. 3. tölul.:
   Á eftir orðunum: . . . »ef þeir lýsa því« komi:
   skriflega.
   Sama orð komi inn á eftir sömu orðum í fyrri málsgrein 11. greinar.
3. Við 11. gr. fyrri málsgrein, síðara málslið:
   Í stað tilvitnunarinnar: »er í 9. gr. 3. segir« komi:
   er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslið, segir.

4. Orðin í enda 11. greinar: »enda hafi þeir eigi tekið ríkisfang utan ríkis Danakonungs og Íslands« falli burt.

5. Í stað »fyrir 31. des. 1921« í fyrri málsgr. 3. tölul. 9. gr. og fyrri mgr. 11. gr. komi:

eigi síðar en 31. des. 1921.

Í próförk lagfærist í 2. gr.: »dugar« í dugir og í 4. gr.: »öðruvísi« í öðruvís.

Alþingi, 14. júlí 1919.

Jóh. Jóhannesson,
form. Ed.-nefndar og samvinnunefndar.

Einar Arnórsson,
form. Nd.-nefndar.

Benedikt Sveinsson,
fundaskrifari Nd.-nefndar
og samvinnunefndar.

Karl Einarsson,
fundaskrifari og ritari
Ed.-nefndar.

Magnús Torfason. M. J. Kristjánsson. Stefán Stefánsson.

Sigurjón Friðjónsson. Pjetur Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Sigurður Stefánsson.

(A. X, 2).

Nd. **78. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík (stjórnarfrv.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin verður að telja viðauka þennan við húsaleigulögin nauðsynlegan, til þess að þau geti náð tilgangi sínum, og leggur hún því til, að frv. nái fram að ganga, og þykir ekki ástæða til að gera breytingartill. við það, enda virðist og rjettast, að bæjarstjórnin hjer í bænum og bæjarbúar ráði mestu um lög þessi, en bæjarstjórn óskar eigi breytinga á þeim. Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að lögunum verði eigi haldið í gildi lengur en brýn þörf er á.

Alþingi, 12. júlí 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari og framsögum.

Einar Jónsson. Pjetur Ottesen.

Þorleifur Jónsson.

(A. XXII, 2).

Nd. **79. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu (stjfrv. 22).

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp sams efnis samdi milliþinganefnd sú, er skipuð var 9. des. 1914, til þess að íhuga launamálið og eftirlauna o. fl. Nefnd þessi segist þó ekki hafa leitað »*undirtekta hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna um þetta mál, en hún lítur svo á, að vilji landsstjórnin flytja málið fyrir þinginu, muni hún áður undirbúa það með því, ef henni svo sýnist, að leita álits þeirra, er málið varðar*«. (Skýrsla nefndarinnar bls. 260).

Allsherjarnefnd telur, eins og launamálanefndin frá 1914 virðist líka álíta, ekki rjett að ráða þessu máli til lykta á Alþingi, fyr en viðkomandi sýslunefndum hefir verið veittur kostur á því að láta uppi álit sitt um málið. Þetta hefir stjórnin ekki gert, þótt vel hefði hægt verið. Leyfir nefndin sjer því að leggja það til:

Að málinu verði frestað, þar til stjórnin hefir veitt sýslunefndum Dalasýslu og Strandasýslu kost á að láta uppi álit sitt á því.

Alþingi, 14. júlí 1919.

Einar Arnórsson, form. og framsögum. Magnús Guðmundsson, skrifari.

Einar Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen, með fyrirvara.

(A. V, 5).

Nd. **80. Breytingartillaga**

við frumv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Pjetur Ottesen, Pjetur Þórðarson, Matth. Ólafsson, Þórarinn Jónsson, Stefán Stefánsson, Einar Árnason, H. J. Kristófersson, Björn Stefánsson, Jón Jónsson, Björn Kristjánsson og Jörundur Brynjólfsson.

Við 31. gr.

Greinin orðist svo:

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmán-

aðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

(A. XVI, 2).

Ed. **81. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands. (Þingskj. 16).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við lögin frá 3. nóv. 1915, og verður hún að telja þær aðalbreytingar til bóta, sem hjer eru gerðar, þær, að fasteignir landssjóðs utan Reykjavíkur verði trygðar í fjelaginu, og sömuleiðis full upphæð lausafjár eftir ákvæðum stjórnarráðs Íslands.

Nefndin hefir þó athugað það sjerstaklega, að í 1. gr. stendur, sem og í núgildandi lögum, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en $^1/_3$ samanlagðrar vátryggingar húsa í fjelaginu; en ef bætist við mikið af vátryggingum lausafjár í Reykjavík, þar sem ekkert hús er vátrygt í fjelaginu, þá er hætt við, að svo geti farið, að neita verði mönnum utan Reykjavíkur um vátryggingu lausafjár, og væri það mjög óviðfeldið, ef svo færi.

Nefndin hafði ásett sjer að ræða um þetta við formann Brunabótafjelags Íslands og fá upplýsingar hjá honum, en hann er utanbæjar nú, og vill nefndin ekki tefja málið, en geymir sjer jafnframt rjett til þess að verða með eða koma fram með breytingartillögur síðar, ef henni virðist það nauðsynlegt, að fengnum upplýsingum um málið.

Ráðum vjer að svo stöddu háttv. efri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Nefndin hefir einnig athugað frumvarp með sömu fyrirsögn (þingskjal 12), en þar sem efni þess er komið inn í þetta frumvarp (þingskjal 16), þá kemur ekki til, að taka það á dagskrá oftar.

Alþingi, 14. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form. og ritari.

Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari

Magnús Torfason.

(A. XXXIII, 3).

Nd. **82. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Björn Stefánsson og Pjetur Ottesen.

Við 1. gr.

a. Við 4. tölulið: Fyrir »kr. 0,04« komi: kr. 0,06.
b. 5. töluliður falli burt.
c. 6. töluliður falli burt.
d. Við 13. tölulið: Fyrir »150 aura« komi: kr. 2,00.

(B. XXIII, 1).

Ed. **83. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknisbjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Mosfellshreppur skulu vera eitt læknisbjerað, sem nefnist Kjalarnesbjerað, með læknisaðsetri á Kjalarnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk bjeraðsbúa í þessum sveitum og fyrir eindregnar og ítrekaðar bænir þeirra til Alþingis um að láta ekki lengur dragast að bæta úr læknisþörf þeirra. Að öðru leyti eru ástæður þessa máls hinu háa Alþingi kunnar. Að eins skal enn mint á það, sem áður hefir verið bent á í flutningi málsins á þingi, að eftir læknaskipunarlögum 13. okt. 1899 höfðu þessar sveitir sjerstakan lækni, en voru sviftar honum með lögunum 16. nóv. 1907, og hafa sjerstaklega Kjósarmenn og Kjalnesingar frá upphafi mótmælt þeirri meðferð. Nú er þeim ætlað að vitja læknis til Hafnarfjarðar, sem má heita sama sem að þeir hafi engan lækni. Til mála kemur varla annað en að fá lækni frá Reykjavík, þó að einnig sje það erfitt og kostnaðarsamt; en þar er enginn læknir skyldur til að sinna þeim, og þá ekki bundinn við taxta, sem búast má við, að geri læknisvitjunina enn dýrari.

Til samanburðar skal tekið fram, að íbúatala í þessum sveitum var eftir manntali 1910 947 manns.

Frekari ástæður geymast flutningi málsins.

(B. XXIV, 1).

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða við land.

Útgerðarmönnum skal gefast kostur á að fá mat á nýrri síld, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, en skylt er þeim að láta meta hana þegar hún er fullpökkuð í tunnur og tilbúin til útflutnings.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Öndverðaness á Snæfellsnesi. Fjórði hefir heimili í Reykjavík og hefir til yfirsóknar svæðið milli Öndverðaness og Langaness.

Laun þessara yfirmatsmanna eru hvers um sig 1000 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

4. gr.

Útgerðarmenn skulu, áður en síldarsöltun byrjar, tilkynna yfirmatsmanni, hverja tegund salts þeir ætli að nota til að salta síld sína með, og ákveður hann þá, hve mikið salt af hverri tegund skuli ætlað í hverja tunnu síldar.

5. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því hún er metin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

6. gr.

Nú hefir yfirmatsmaður grun um, að síld hafi eigi verið hirt eins vel og skyldi, og má hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og jafnvel stöðva útflutninginn að nokkru eða öllu leyti.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun, ella greiðist hann af síldareiganda.

7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

9. gr.

Nú æskir útgerðarmaður, kaupandi eða seljandi, mats á nýrri síld, sem ætluð er til söltunar og útflutnings, og er þá matsmanni skylt að verða við þeirri beiðni, og má þá eigi byrja á söltun síldarinnar, fyr en matsmaður hefir skoðað hana og metið. Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kynni að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

Borgun til matsmanns fyrir skoðun þessa greiðir sá, er mats æskir.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

11. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—2000 kr. sekt, sem renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um þetta efni hafa áður verið tvenn lög hjer á landi, sem sje lög nr. 26, 11. júlí 1911, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915. Í hinum fyrri lögum var ákveðið, að yfirsíldarmatsmenn skyldu vera 2, og hefðu þeir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Langaness.

Voru laun þeirra ákveðin 1000 kr. á ári til hvors þeirra. Með síðari lögunum var ákveðið að bæta tveim yfirmatsmönnum við, og átti annar þeirra að hafa heimili á Ísafirði, með yfirsókn milli Hornbjargs og Öndverðaness, en hinn skyldi hafa heimili á Seyðisfirði, með yfirsókn milli Langaness og Djúpavogs. Á svæðinu milli Djúpavogs og Öndverðaness er því eigi skylt að meta síld, og enginn yfirmatsmaður skipaður á því svæði.

Nú er farið að veiða síld á þessu svæði til útflutnings, og þykir því ástæða til, að skipaður væri yfirmatsmaður, er hefði yfirsókn á því. En þar sem eigi kveður mikið að þessari síldveiði enn sem komið er, og yfirmatsmaðurinn á Seyðisfirði eigi hefir neitt verulegt að gera þar eystra, þótti mega, að sinni, leggja þetta undir starfssvið hans, í stað þess að auka einum yfirmatsmanninum við. En einkum vegna þess, að á þessu svæði virðist helst mega vænta einhverrar síldveiði í Reykjavík, er lagt til, að yfirmatsmaðurinn á Seyðisfirði eigi heimili í Reykjavík hjer eftir.

Í lögum nr. 46, 3. nóv. 1915, var hinum nýju yfirmatsmönnum ákveðin 600 kr. laun hvorum, en í fjárlögum fyrir árin 1918—1919 voru 4000 kr. ákveðin til 4 yfirmatsmanna á ári, og hafa þeir því nú hver um sig 1000 kr. laun árlega. Á þessu er engin breyting gerð í frumvarpi þessu, önnur en sú, að það er nú lagt til, að laun þeirra hvers um sig sjeu tekin upp í lögin, svo sem upphaflega var gert í lögunum 1911, að því er snerti þá 2 yfirmatsmenn, er þá voru skipaðir.

Eftir lögunum frá 1911 er að eins ætlast til, að síld sje metin þegar hún fyrst er söltuð í tunnurnar, og upp frá því hefir matsmaður engin afskifti af

henni eða meðferð á henni frá þeim tíma og til þess að hún er flutt út. Þetta hefir eigi reynst vel, og hefir það komið fyrir, að síld, sem matsmenn höfðu talið góða vöru, reyndist skemd þegar til útlanda kom. Stafar þetta af því, að þótt síldin sje í alla staði góð vara, þegar hún fyrst er söltuð í tunnurnar, getur hún skemst í meðferðinni frá því hún er söltuð og til þess að hún er flutt út. Að skoða síldina, þegar hún er tekin úr skipi til söltunar, er einkum nauðsynlegt vegna ágreinings, sem kynni að koma upp milli þess, er selur nýja síld til söltunar, og þess, er kaupir hana, um það, hvort síldin sje fallin til söltunar eður eigi, en hefir enga tryggingu í sjer fólgna fyrir því, að síldin verði góð vara, þegar til útlanda kemur. Því er hjer lagt til, að kaupendur og seljendur eigi heimting á, að síldin sje metin ný, ef þeir t. d. eigi geta komið sjer saman um, hvort síldin sje óskemd vara eða ekki.

Hins vegar er áríðandi, að síldin sje nákvæmlega skoðuð, þegar tunnurnar eru fyltar og frá þeim gengið eins og þær eiga að flytjast út, og engu síður er áríðandi, að matsmaður hafi eftirlit með pæklun og yfir höfuð með allri hirðing síldarinnar, frá því hann metur hana og þar til hún er flutt út.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að til eru margar tegundir af salti, og svo það, að meira þarf af einni tegund salts en annari til að verja vöru skemdum. Er því nauðsynlegt, að matsmönnum sje kunnugt, áður síldarsöltun byrjar, hverja tegund salts hver útgerðarmaður eða síldarútflytjandi ætlar að nota við söltun síldarinnar. Ákveða þeir þá, hve mikið af hverri tegund salts nægi í hverja tunnu síldar.

Þar sem efni áður nefndra laga, að öðru leyti, er tekið upp í þetta frumvarp, er lagt til, að þau sjeu gengin úr gildi, ef frumvarp þetta nær samþykki þingsins.

Af því að áríðandi þykir, að aðferð sú við síldarmatið, sem lagt er til að viðhöfð sje í þessu frumvarpi, komi til framkvæmda þegar á þessu sumri, er lagt til, að lögin gangi þegar í gildi.

Fyrir einstökum greinum frumvarpsins mun gerð frekari grein við framsöguna.

(A. XXV, 2).

Ed. **85. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og er bæjarstjórn Reykjavíkur, sem átt hefir frumkvæði að því, að frv. er borið upp á Alþingi, og stjórnarráðinu samdóma um það, að ástæða sje til þess að hækka hámark það á sektum fyrir brot á lögreglusamþyktum, sem sett er í 5. gr. laga um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina frá 3. janúar 1890, og að rjett sje að reyna að afstýra freistingu til brota

með ákvæði um, að hinn brotlegi skuli auk sektar greiða í bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Hins vegar getur nefndin eigi fallist á að ákveða hámarkið eins hátt og gert er í frv., meðan ákvæðunum um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum í tilsk. handa Íslandi frá 25. júní 1869 er ekki breytt. Eftir þeim ákvæðum verður maður, sem getur ekki greitt 1000 króna sekt, heldur verður að afplána hana, að sitja 210 daga í einföldu fangelsi eða 35 daga í fangelsi við vatn og brauð, en það er meiri refsing en í hegningarlögunum er lögð t. a. m. við einföldum þjófnaði, drýgðum í fyrsta sinn, nema alveg sjerstaklega standi á. Þykir nefndinni hámarkið ekki mega hærra vera en 500 krónur, og leyfir sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með breytingu í þá átt, og kemur fram með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. málsgr. 1. greinar.

Í stað orðanna: »alt að 1000 krónum« komi:
alt að 500 krónum.

Alþingi, 15. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.

Jóh. Jóhannesson, fundaskr. og ritari.

Magnús Torfason.

(B. XVI, 1).

Ed. **86. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Flutningsmaður: Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum.

Verslunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýtá norðan fjarðarins með sjó fram kringum fjörðinn að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins og hefir að launum kr. 500,00 á ári úr ríkissjóði. Hann er oddviti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra í stað bæjarfógeta til 6 ára í senn, ef kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja það með $^2/_3$ greiddra atkvæða. Hann skal launaður úr bæjarsjóði.

3. gr.

Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi.

4. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn nje foreldrar og börn.

Innan 60 ára aldurs er hver kjörgengur maður skyldur að taka við kosningu, hafi hann eigi gildar ástæður til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur til að takast á hendur þá sýslu aftur jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi. Konur hafa jafnan heimild til að skorast undan kosningu.

5. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Þeir bæjarulltrúar, sem nú eru í bæjarstjórn, skulu sitja í henni kjörtímabil sitt, samkvæmt eldri bæjarstjórnarlögum. Skal í fyrsta sinni kjósa eftir lögum þessum 5 fulltrúa í ársbyrjun 1920, og ganga tveir þeirra úr bæjarstjórn eftir hlutkesti, annar í árslok 1920, en hinn í árslok 1921. Fari fulltrúi frá á kjörtímabili sínu, skal þegar kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

6. gr.

Almennar fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár.

Í kjörstjórn eru bæjarfógeti og 2 fulltrúar, er bæjarstjórn kýs. Kjörstjórn skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir.

Kjörskrá skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi.

Kærur gegn kjörskrá verða ekki teknar til greina, sjeu þær eigi bornar upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og skal hún þá leggja úrskurð sinn á þær.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en vikufresti og á þann hátt, er kjörþing er vant að boða.

8. gr.

Kærur yfir kosningu eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á fram komnar kærur.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

9. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur til sem bæjarfulltrúi (sjá 12. gr.). Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

10. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarfulltrúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir.

Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerða-

bókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningstakvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

11. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt, sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

12. gr.

Með samþykt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstök bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 17. gr.

13. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

14. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

15.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn

allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

16. gr.

Af öllum útmældum byggingarlóðum í bænum, bygðum og óbygðum, svo og grunnum þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðu, skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald, og nemi 1—2 krónum af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd — sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915.

Ef lóðir eru mældar út að nýju milli tveggja reglulegra fasteignamata, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af fasteignanefnd bæjarins. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglulega fasteignamati. Fasteignanefnd bæjarins metur einnig verð grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðum. Þar sem svo hagar til, að byggingarlóð og tún er metið í einu lagi af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd, ákveður fasteignanefnd bæjarins, hve mikið af verði lóðarinnar skuli talið til túnsins. Mati fasteignanefndar bæjarins má skjóta til bæjarstjórnarinnar innan 3 mánaða, er leggur úrskurð sinn á matið.

17. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap og þilbátaútgerð, má gjald leggja, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á síldveiði og síldarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í septembermánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina, einnig um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn samtímis sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Hver sá, er verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár.

Niðurjöfnunarnefndin kýs formann úr sínum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept.

Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega innan 15 daga frá því að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja sitt álit um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það sem ofgoldið er.

19. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram í síðari hluta ágústmánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis viku tíma á sama hátt og fyr greinir.

20. gr.

Verði ágreiningur á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfjelags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver eigi vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

21. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig úr bænum alfarinn fyrir nýár, þá fellur alt það gjald burtu, sem lagt er á hann sjálfan fyrir það ár, sem í hönd fer.

Sá, sem flytur sig úr bænum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

22. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

23. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

24. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði og varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

25. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand.

26. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

27. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru 2, kosnir til 3 ára í senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

28. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi þar fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

29. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, frá 8. mai 1894, og lög um breytingar á sömu lögum frá 11. nóvember 1899.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og borið fram eftir ósk hennar. Það á að koma í stað laga frá 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, sem ekki hefir verið breytt síðan þau voru sett, að öðru leyti en því, að laun bæjarfógeta voru hækkuð úr 300 krónum í 500 krónur með lögum frá 11. nóvember 1899.

Breytingar þær, er frumv. þetta gerir á lögunum frá 1894, eru sniðnar að mestu eftir hinum nýju bæjarstjórnarlögum, er sett hafa verið á síðari árum fyrir kaupstaðina Hafnarfjörð, Ísafjörð, Akureyri og Vestmannaeyjar.

(B. XXV, 1).

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðru leyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

Greinargerð.

Kauptúnið á Nesi hefir á síðari árum vaxið út um takmörk löggiltu lóðarinnar, sem nú er ákveðin 60 faðma á breidd frá fjöru til fjalls, þannig, að nokkur hluti bygðarinnar liggur ofan við takmörkin, en af því hefir leitt, að eigendur húsanna hafa eigi getað notað þau að veði til veðdeildar Landsbankans, með því að þeim fylgja eigi jarðarafnot, og hefir húseigendum verið að þessu mesta ógagn. Fyrir því hefir þess verið óskað af húseigendum þarna og öðrum aðiljum, að takmörk löggiltu lóðarinnar verði færð úr 60 faðma breidd í 330 stikur.

(B. VIII, 1).

Nd. **88. Frumvarp**

til vatnalaga.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

I. KAFLI.

Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

a) *Fallvatn:* strengur, fallandi, eða foss í straumvatni.
b) *Frumdráttur:* áætlun um mannvirkisgerð, með uppdráttum eða án þeirra.
c) *Hjerað:* sýsla eða breppur.
d) *Iðja:* framleiðslustarfsemi, sem lýtur að tilbúningi varnings eða breytingu á honum með verkvjelum.
e) *Iðjuver:* staður eða stofnun þar sem iðja er stunduð.
f) *Iðnaður:* handverk eða heimilisvinna, sem vatn er notað við.
g) *Orkuveita:* rafmagnsleiðsla.
h) *Orkuver:* rafmagnsstöð eða aflstöð við vatn, sem breytir vatnsorku í raforku.
i) *Ráðherra:* sá ráðherra, sem vatnamál falla undir.
j) *Vatnsmiðlun:* uppistaða með stíflugerð í vatnsfalli eða stöðuvatni, sem breytir eðlilegu rensli vatnsins og jafnar það. Hækkun og lækkun vatnsborðsins.
k) *Vatnsvirki:* mannvirki í vatni eða við það til hagnýtingar á því.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Landi hverju fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á því er, hvort sem það er rennandi eða kyrt, með þeim takmörkunum, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

3. gr.

Nú skilur á eða lækur lönd manna, og á þá hver út í miðjan farveg, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

Eigi breytast landamerki, þótt merkivötn breyti farvegi, en vatnsrjettindi hverfa þá með vatninu til þess, er land á undir því.

4. gr.

Nú liggja tvær eða fleiri landareignir að stöðuvatni, og eiga þær þá allar, hver út frá sjer, jafnlangt fram í vatnið, þó eigi lengra en 115 metra, en sje þá umfram af vatninu, er það almenningur, nema svo sje, að veiði í því heyri undir einstakar jarðir eða sjerstakar sveitir, eftir fornri venju eða löglegum samþyktum.

Rjett er að eyjar þær, hólmar og sker, sem í vatni liggja, eigi jafn langt út frá sjer. Nú á einhver eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið á milli mjórra en 230 metrar, og á þá hver þeirra út í mitt sundið.

Jafnan skal miða við lágflæði í vatni, eins og það var frá náttúrunnar hendi.

5. gr.

Ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eftir 3. og 4. gr., er rjett að útkljá þau eftir landamerkjalögum frá 17. mars 1882.

6. gr.

Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess

a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmegni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborðið,
b) að gerstífla straumvatn, eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
c) að veita jarðvatni úr landi sínu á annars land,

ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð, eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni almennings.

7. gr.

Vötn öll skulu svo renna sem að fornu runnið hafa, en ef vatn breytir farvegi, þá er landeiganda hverjum, sem bagi verður að breytingunni, rjett að fella það í fornan farveg eða laga farveginn. Þurfi til þess afnot af landi annars manns, þá getur hann krafist bóta fyrir tjón það og óþægindi, sem verkið bakar honum, eftir mati, ef eigi semur.

Verkið skal unnið áður en 2 ár líða frá farvegsbreytingunni, ella skal skylt að bæta kostnað þann, sem lagður hefir verið í að hagnýta vatnið í nýja farveginum.

Hafi sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, skal um það fara eins og það hafi að fornu svo verið.

8. gr.

Um hveri, laugar og ölkeldur skal svo fara:

a) Landeiganda er óheimilt að spilla hverum, laugum eða ölkeldum í landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða á annan hátt, nema það sje nauðsynlegt talið, samkvæmt mati, til varnar landinu eða landsnytjum þess.
b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr

landi til sundlaugar eða sundskála til afnota fyrir almenning. Bætur fyrir vatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi, skulu greiddar eftir mati, ef eigi semur.

9. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er:
a) til heimilisþarfa,
b) til búsþarfa,
c) til jarðræktar
má eigi skilja við eignina, nema með lögum sje gert í þarfir almennings.

10. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinalaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, fari það eigi í bága við lög, samþyktir eða annað lögmætt skipulag.

11. gr.

Haga má hver brunnum og vatnsbólum í landi sínu sem hentast þykir, en gætt skal þess, að eigi sje að óþörfu heft eða minkuð aðsókn vatns að vatnsbólum annara.

Eigi má heldur önnur mannvirki gera að nauðsynjalausu, ef ætla má að þau spilli vatnsbólum annars manns.

Með matsgerð skal skorið úr ágreiningi um fyrirtæki þau, sem nefnd eru í 1. og 2. málsgrein.

12. gr.

Landeiganda einum er heimil ístaka á vatni sínu. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli geta hjeraðs- eða bæjarstjórnir sett um þessi efni.

13. gr.

Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin, án þess að eignarrjettur að landi sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglunum um kaup á fasteignarrjettindum.

Nú er af hendi látinn hluti fasteignar, sem að vatni liggur, og er þá vatnsbotninn og vatnsrjettindin falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó með þeim takmörkunum, sem af 9. gr. leiða, og skulu næg og kauplaus landsafnot fylgja hinni upphaflegu fasteign til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar eftir nefndri grein.

Nú er sameignarlandi skift eignarskiftum eða afnota, og skal þá hverjum eignarhluta fylgja svo auðnotaður vatnsrjettur sem unt er.

III. KAFLI.

Um notkun vatns til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju, án vatnsorkunota.

14. gr.

Eiganda fasteignar er rjett að veita til sín því vatni,[1] sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsþarfa á eigninni, eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje eigi meira vatni veitt en þörf er á, og vatni því, sem afgangs verður, veitt í farveg svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að veitu hans.

15. gr.

Nú er vatn of lítið til þess að fullnægja þörfum þeim, er í 14. gr. segir, og á þá hver fasteign, er vatnsrjettindi fylgja, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf, og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal úr því skorið með mati.

16. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörfum almennings í kaupstaðnum.

17. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið upp vatnsveitu um kaupstað, má svo ákveða í samþykt, að hún skuli hafa einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

18. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal bæjarstjórn heimilt, ef vatnið er ekki selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6‰ (sex af þúsundi) af brunabótavirðingu á neinni húseign.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðar- og önnur atvinnufyrirtæki, og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt útlend sem innlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt má taka lögtaki.

19. gr.

Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi á opnu svæði, er liggur á lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götu, veg eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr með mati.

20. gr.

Í samþykt má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um tilhögun og meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

Samþyktir þær allar, sem bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skulu sendar ráðherra til staðfestingar. Þegar samþykt hefir fengið staðfestingu ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitusamþykt.

21. gr.

Ef eigi er kostur á nægilega miklu eða góðu vatni í landareign kaupstaðar, eða metið er, að honum yrði mun kostnaðarsamara að veita því þaðan til sín en frá annari landareign eða öðrum landeignum, þá er honum rjett að veita til sín nægilegu vatni úr þeim, enda sjeu þær eigi sviftar því vatni, sem þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema landeiganda sje sjeð fyrir því á annan honum eigi óhagfeldari hátt.

Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið frá samkvæmt 1. málsgr., að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæð úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað, sem hann kann að hafa af því. Skylt er honum að hlíta lögmætum vatnsveitusamþyktum.

Nú er vatn, sem á að taka samkvæmt 1. málsgr., notað með eða án orkunýtingar til verksmiðjuiðnaðar, námuvinslu eða annara fyrirtækja, og skal þá, ef fyrirtækið er svift vatnsnytjum sínum vegna veitunnar, bæta tjónið fullum bótum.

Ef ágreiningur verður um bætur fyrir vatnstöku, eða einhver önnur atriði, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

22. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot, hvar sem er og hve nær sem er, í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

23. gr.

Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til almenningsþarfa í hreppnum. Áður en fyrirtækið er afráðið skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan

rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til ráðherra til samþyktar, er svo samþykkir það með eða án skilyrða, eða neitar samþykkis og færir rök fyrir.

Hreppsnefnd semur samþyktir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt. Á þær fasteignir í hreppnum, er eigi nota veituna, má eigi vatnsskatt leggja.

Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 17.—22. gr., eftir því sem við á.

Þar sem ekki er hægt í hreppnum með kleifum kostnaði að veita neysluvatni, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi, eins og að framan er mælt um vatnsveitur.

24. gr.

Nú þarf búandi eða fleiri grannar í fjelagi að taka vatn til þarfa þeirra, er í 14. gr. getur, í annars manns landi eða veita vatni um það, og skal hvorttveggja heimilt, ef matsnefnd telur nauðsyn á vera. Bætur ákveða matsmenn, ef eigi semur.

25. gr.

Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarar iðju, og er þá eiganda rjett að nota til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 14. gr. segir, svo og að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

26. gr.

Til eignarnáms eftir 25. gr. þarf leyfi ráðherra.

27. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið eftir heimildum í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir.

IV. kafli.

Um áveitur.

28. gr.

Áveitum skal haga svo, að eigi sje neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en notað er. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg svo nærri upptökum, sem gerlegt þykir.

Nú telur einhver sjer mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt matsnefnd til úrskurðar.

Telji matsnefnd gerðarbeiðanda að vísu skaða að áveitunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en matsnefnd skal þá meta fullar bætur.

29. gr.

Sá, sem vill veita vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars, eða þarf að leiða vatn yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt matsnefnd til gerðar um málið. Telji hún hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt yfir það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji matsnefnd landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef matsnefnd telur skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstekjunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið eða leitt annarsstaðar með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn geri.

30. gr.

Ef vatn, er fellur milli landareigna, er svo lítið, að eigi nægi, á hver fasteign sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Þarfir eftir 14. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef ágreiningur verður um skifting vatnsins, skal skorið úr með mati.

Ef fleiri landareignir liggja að vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag verður ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land, og geta þá þeir, er land eiga, krafist þess, að matsnefnd skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð landareignanna eða hluta landareignanna eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu.

32. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns, samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

33. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metin er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, bera honum 6 kr.

á dag í fæðispeninga og ferðakostnaður að auki, eftir reikningi, sem sýslunefnd úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

34. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 33. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

35. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send ráðherra til staðfestingar, og þykir honum hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar hann þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

36. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

37. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði að landeigandi biði skaða við það. Náist ekki samkomulag milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar um bæturnar, skal matsnefnd úrskurða. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

38. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli landareigna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver landareign liggur við áveitunni og hver not

geta orðið af henni fyrir landareignina í samanburði við aðrar landareignir. Verði ágreiningur um skiftin, skal matsnefnd skera úr. Borgun til hennar telst til kostnaðar við samáveituna.

39. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi matsnefndar er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við samáveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til matsnefndar fyrir störf hennar samkvæmt þessari grein.

40. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landeiganda um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landeigandi leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og enn fremur eftirgjaldsauka, eftir mati, ef eigi semur, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landeigandi ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skal metið, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn, annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

41. gr.

Ef hvorki landeigandi nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 40. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa samáveitunni.

42. gr.

Lögtaksrjettur fylgir gjöldum þeim, sem lögð eru á samkvæmt heimild í löggiltum áveitusamþyktum.

Samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir eldri lögum, halda gildi sínu.

V. KAFLI.

Um þurkun lands.

43. gr.

Ef landeigandi getur ekki losnað við vatn, sem bagi er að, má hann veita því í vatnsrásir, farvegi eða skurði á landi annars manns, eða grafa skurði á landi hans, en jafnan skal hann bæta það tjón, sem hlýtst af fráveitu vatnsins.

Ekki má veita vatni úr skurðum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, inn í lokræsi á landareign annars manns, nema matsnefnd telji það bagalaust.

44. gr.

Ef skurðirnir gegnum landareign annars manns eru einnig til gagns fyrir hann, þá er hann skyldur að taka þátt í kostnaði við skurðgröftinn og viðhald skurðanna.

Nú vill maður, samkvæmt 43. gr., veita bagalegu vatni í skurð annars manns, og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal honum skylt að kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

45. gr.

Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns, samkvæmt 43. gr., og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd gera út um það, hvort og að hve miklu leyti sú fráveita verði að teljast hagkvæm, þrátt fyrir það óhagræði, sem hinn kann að verða fyrir. Skal því næst, ef til kemur, ákveða stefnu skurðarins, dýpt hans, breidd og lengd, og tiltaka hve nær hann skuli gerður, og enn fremur, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Í sömu matsgerð skal gera út um það, hvort landeiganda beri skaðabætur, og þá hve miklar. Má hann velja um, hvort hann kýs heldur borgun í eitt skifti fyrir öll eða árlegt afgjald. Þá skal og, ef svo ber undir, gera um það, hvort eigandinn, ef skurð á að grafa á landi hans, skuli taka þátt í kostnaðinum, og að hve miklu leyti; skal þá einnig ákveða, hvernig skuli fara um viðhaldskostnað.

46. gr.

Ef þurka skal land, sem tveir eða fleiri eiga saman, þá er hver meðeigandi skyldur að taka þátt í gerð og viðhaldi þeirra fráveituskurða, sem koma hinum að notum, og það jafnt á sameignarlandi sem á landareign annara manna, ef skurðirnir ná þangað. Matsgerð skal ráða úrslitum um nauðsyn skurðanna og skiftingu á kostnaðinum.

47. gr.

Ráðherra getur heimilað eignarnám á landi og rjettindum, ef þess gerist þörf, í því skyni að grynka vatn eða þurka upp vötn, tjarnir eða mýrlendi, eða til þess að víkka eða rjetta farveg, eða á annan hátt veita vatni burt til þess að auka land eða bæta.

48. gr.

Ef ræða er um fráveitu vatna, í því skyni að auka land eða bæta, og landeigendur verða ekki á eitt sáttir um það að ráðast í fyrirtækið, en þeir, sem vilja sinna fyrirtækinu, myndu hljóta meira en helming hagnaðar af landbótunum, þá getur ráðherra, ef þeir æskja þess, ákveðið, að þeir aðrir landeigendur, sem gagn myndu hafa af fyrirtækinu, skuli kosta það að sínum hluta, svo og viðhald þess, alt miðað við það gagn, sem hver landeigandi ber úr býtum, og fer það eftir mati.

Fjárframlög þeirra, sem þannig verða skyldaðir til að taka þátt í fyrirtækinu, má taka lögtaki.

VI. KAFLI.

Um holræsi og óhreinkun vatns.

49. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi, til þess að taka við skólpi í kaupstaðnum.

50. gr.

Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á lóðir og hús í kaupstaðnum, til þess að standa straum af holræsakostnaði. Skal gjaldið miðað við lengd lóða meðfram götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsið er lagt, en eigi má það nema árlega meiru en sem svarar vöxtum af stofnkostnaði og afborgun af láni til holræsalagningar, ef lán hefir tekið verið, fyrningu og viðhaldi ræsa þeirra, er lögð hafa verið á kostnað kaupstaðarins.

Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjaldið má taka lögtaki.

51. gr.

Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða á opnu svæði, er lóð hans liggur að, enda verður enginn krafinn um holræsagjald fyr en svo er.

Skylt er hverjum lóðareiganda, ef skólp fellur til á lóð hans, að gera á sinn kostnað holræsi, er flytji frá henni skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá lóðinni á annan hátt, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði eigi metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði við það eftir mati, nema samkomulag verði.

52. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veitt, um umsjón þeirra, notkun og annað, er að meðferð þeirra lýtur.

53. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, er bæjarstjórn semur, skulu sendar ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfestingu, er hún lögmæt holræsareglugerð.

54. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir holræsalagninguna, sendir sýslumaður málið til ráðherra til samþyktar, er svo samþykkir það með eða án skilyrða, eða neitar samþykkis og færir rök fyrir.

Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal ákvæði um holræsagjald. Á þær eignir, er eigi nota holræsi, má eigi leggja holræsagjald.

Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 50.—53. gr., eftir því sem við á.

55. gr.

Nú þarf búandi, eða fleiri grannar í fjelagi, að koma frá sjer skólpi í holræsi yfir land eða lóð annars manns, og skal það heimilt, ef matsnefnd telur nauðsyn á. Þyki hagfelt að veita skólpinu úr sliku ræsi inn í holræsi annars manns, má það og verða, ef matsnefnd telur það óskaðlegt.

Bætur fyrir notkun lands og holræsa annara manna eftir þessari grein ákveða matsmenn, ef eigi semur.

56. gr.

Holræsi, sem lögð eru um land annars manns, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði að honum sje bagalaust, þótt þau sjeu eigi svo úr garði gerð.

57. gr.

Bannað er að henda út í vötn eða sleppa út í þau um skurði eða aðrar veitur sorpi, hræjum eða öðrum föstum efnum eða hlutum, sem spilt geta fyrir öðrum vatninu, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás. Bannað er og að láta nokkuð slikt efni á ís eða svo nærri vatni, að viðbúið sje, að þau berist í vatnið.

58. gr.

Ekki má láta út í vatn, hvorki beinleiðis nje um skurði, holræsi eða aðrar veitur, nje heldur svo nærri vatni, að viðbúið sje að berist í það, nokkurn lög frá iðjuverum, gastegundir eða föst efni fljótandi í legi, er spilt geta vatninu, botni þess eða bakka. Eigi má heldur láta í vatnið þesskonar hluti eða efni, er spilt geta vatninu, til að bleyta þá, skola eða kæla. Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur veitt undanþágu frá banni þessu, þangað til öðruvisi verður ákveðið, og bundið hana nauðsynlegum skilyrðum.

Nú hefir áður verið leyft að óhreinka vatn á þann hátt, er hjer ræðir

um, og þarf þá alt að einu leyfi til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta hlotist af.

Þótt iðjuver fái undanþágu til að óhreinka vatn, er því alt að einu skylt að bæta eftir mati tjón það, sem af kann að hljótast á landareign eða rjettindum annara.

59. gr.

Ákvæði laga þessara eru því eigi til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþyktum og heilbrigðissamþyktum nánari fyrirmæli um varnir gegn heilsuspillandi óhreinkun vatns, svo og um tilhögun holræsa og meðferð þeirra.

Holræsi, sem gerð hafa verið eftir heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir.

VII. KAFLI.

Um notkun orku.

60. gr.

Rjett er landeiganda, eða öðrum umráðamanni fallvatns, að ráðstafa og hagnýta orku þess til rekstrar vinnutækja eða raforkunýtingar, með þeim takmörkunum, er lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

61. gr.

Í merkivötnum hafa landeigendur beggja vegna rjett til orkunýtingar eftir hálfu rensli vatnsins og fallhæð þeirri, sem hvers landi fylgir, enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á gerð.

62. gr.

Ef tveir eða fleiri eiga hver sinn hluta fallvatns, eða það er í sameign, en ekki semur um, hvernig nota skuli til orkuvinslu, getur ráðherra heimilað að sá eða þeir eigendur, sem eiga $^2/_3$ hluta vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín minni hlutann. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í einu lagi hafi í för með sjer verulegan fjármunahagnað og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er kann að hafa verið stofnaður áður en lausnarrjetturinn kom til greina.

Sá hluti fallvatns, sem innleystur er, skal metinn sem hluti af því öllu, en taka skal þó til greina virkjunarkostnað fallvatnshlutans í samanburði við alt fallvatnið. Matsnefnd sker úr ágreiningi og ákveður bætur.

63. gr.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf til þess að nota land móteiganda, og skal hann þá bjóða honum fjelagsskap um byggingu og notkun vatnsins, þannig, að hvor taki sinn hluta úr stíflutjörn. Matsnefnd ákveður, ef eigi semur, um framkvæmd verksins, svo og um skiftingu vatns og kostnaðar.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka eigi taka þátt í stíflugerð, og fær

hinn leyfi eftir 74. gr. til að festa stíflu á landi hans, og má þá áskilja í leyfinu, að stíflu skuli svo hagað, að móteigandi geti síðar hagnýtt sinn hluta vatnsins, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir af þessari sjerstöku tilhögun, skal móteigandi greiða. Hagnýti hann sjer síðar sinn hluta vatnsins að nokkru eða öllu leyti, er hann skyldur að taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, ef eigi semur.

64. gr.

Eiganda vatnsbakka, sem gert hefir stíflu í vatni án þátttöku móteiganda, er heimilt að nota þann hluta úr vatni móteiganda, sem hann hagnýtir ekki. Bæta skal tjón, er verða kann, eftir mati, ef eigi semur.

65. gr.

Ríkið getur tekið sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, gegn fullu endurgjaldi eftir mati, til þess að vinna úr því orku í þarfir ríkis eða almennings, og veitt orkunni eftir þörfum til neyslustaðanna.

Nú vill hjeraðsstjórn eða bæjar koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu frá því, til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraði eða kaupstað, og getur þá ráðherra heimilað hjeraðsstjórn eða bæjarstjórn að taka fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til notkunar, gegn fullu endurgjaldi eftir mati.

66. gr.

Nú vill ríkið koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu, og getur það þá tekið einkarjett til að veita raforku og til að selja raforku og raforkutæki á svæði því, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir.

Vilji hjeraðsstjórn eða bæjar koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu, getur ráðherra heimilað henni rjettindi þau, er ríkið hefir eftir framansögðu, þó að eins um tiltekið árabil.

67. gr.

Nú er raforkuver starfandi á svæði, þar sem tekin er upp raforkuveita og einkasala samkvæmt 66. gr., og skulu þá eigendur þess, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, innan þriggja mánaða skýra ráðherra frá því, og ákveður hann staðartakmörk fyrirtækisins og viðurkennir tilverurjett þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en eigendurnir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að ríkið sjálft eða aðrir stofnsetji og starfræki vatnsorkuver og raforkuveitu á sama svæði.

68. gr.

Þá er fallvatn er tekið eftir 65. gr., skal þess gætt, að hjeraðinu í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt fyrir að afla sjer nauðsynlegrar orku.

69. gr.

Nú vill ríkið, bæjarstjórn eða hjeraðs koma á stofn vatnsorkuveri og raforkuveitu, og skulu þá landeigendur skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi og lóðum, sem nauðsynleg eru vegna fyrirtækisins, svo og að efni það,

er á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Bæta skal landeiganda tjón eftir mati, ef eigi semur.

70. gr.

Vilji bæjarstjórn eða hjeraðs koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu til almenningsþarfa, skal tilkynna það ráðherra eftir 89. gr. Samþykkið má binda þeim skilyrðum um gerð mannvirkjanna, straumtegund og spennu, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, sjerstaklega til tryggingar því, að unt sje síðar að koma hentugra skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa.

71. gr.

Bæjarstjórnir eða hjeraðs skulu, þá er komið er upp raforkuveitu, semja reglugerð um notkun raforkunnar, um meðferð á raftækjum og önnur atriði, er lúta að orkuveitunni. Ráðherra staðfestir reglugerðina.

Gjald fyrir raforku skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn eða hjeraðsstjórn semur, en ráðherra staðfestir. Undanþegnir þessu gjaldi skulu þeir, er raforkutaugar ná eigi til. Gjald samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki.

72. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag, sem yfir fallvatni ræður, gera vatnsorkuver til heimilisþarfa sinna og annara, svo og iðnaðar og iðju, og skal þá tilkynna það ráðherra og fá samþykki hans (sbr. 89. gr.).

Samþykki ráðherra má binda þeim skilyrðum um gerð mannvirkjanna, straumtegund og spennu, sem nauðsynleg þykja vegna almenns öryggis, eða lúta að því að koma síðar á hentugra skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa. Skilyrði má setja um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gefinn kostur á orku úr henni til heimilis- og búsþarfa. Loks er samþykkið þeim skilyrðum bundið, sem sett kunna að verða í sjerleyfislög, ef orkuverið er svo stórt, að það falli undir ákvæði þeirra.

73. gr.

Ráðherra setur reglugerð um orkuveitur, efni og útbúnað þeirra og önnur nauðsynleg öryggisákvæði.

74. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til þess, að land og rjettindi verði af hendi látin, gegn endurgjaldi eftir mati, til vatnsveitu, stíflugerðar og annara mannvirkja, ef það er metið nauðsynlegt til haganlegrar vinslu vatnsorku.

VIII. KAFLI.

Um miðlun vatns til iðju.

75. gr.

Mannvirki í vatni eða við vatn til vatnsmiðlunar í iðjuskyni, hvort

heldur er til hækkunar eða lækkunar á yfirborði stöðuvatns, stíflunar í straumvatni eða samveitu vatna, má eigi gera án leyfis ráðherra:

a) Þegar fyrirtækið aftrar fiskigöngu, eða annari notkun vatnsins að nokkru ráði,
b) þegar fyrirtækið veldur því, að ræktað eða ræktanlegt land, hagi, mómýri, eða önnur landsgæði, lenda undir vatni eða spillast, svo að teljast megi skaðlegt hagsmunum almennings,
c) þegar fyrirtækið á annan hátt getur bakað ríkinu eða almenningi tjón, eða valdið breytingu á landsháttum,
d) þegar hækka þarf eða lækka yfirborð vatns, sem eigi er að öllu eign einstaklinga,
e) þegar eignarnáms þarf á landi eða rjettindum annars manns til að koma fyrirtækinu í framkvæmd og eigi semur.

76. gr.

Eigi skal leyfi veita til vatnsmiðlunar eftir 75. gr. fyr en leitað hefir verið álits hjeraðsstjórna þar, sem vatnsmiðlun skal gerð, og landeiganda þeirra og leiguliða, er hún tekur til.

Bætur á tjóni vegna mannvirkja til vatnsmiðlunar í iðjuskyni ákveður matsnefnd, ef eigi semur.

77. gr.

Ef vatnsmiðlun er stórfeld eða hefir í för með sjer mikla rjettarskerðingu fyrir aðra, eða veldur miklum landspjöllum, skal eigi leyfi veita, nema eftir ákvörðun Alþingis.

78. gr.

Þeir, sem vatn eiga, eða búa meðfram því, skulu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, eða gera með sjer fjelag í því skyni.

79. gr.

Eigi skal fyrra leyfi vera því til fyrirstöðu, að aðrir geti síðar fengið leyfi til vatnsmiðlunar á sama stað, ef það má verða án þess að skertur verði rjettur fyrra leyfishafa til orkunýtingar.

80. gr.

Venjulega skal leyfi til vatnsmiðlunar eftir lögum þessum bundið þeim skilyrðum:

a) að leyfishafi greiði sveitarfjelögum þeim, er miðlunarfyrirtækið veldur tjóni, árgjald, sem eigi sje minna en 10 aurar fyrir hestorku hverja, er vinst við miðlunina, og eigi meira en 2 kr. Miða skal orkuaukann við það, sem vinst fram yfir meðaltal af lágflæði vatnsins í þrjá mánuði ársins, þá sem vatnsminstir eru. Ráðherra skiftir fjenu milli sveitarfjelaganna.
b) að leyfishafi greiði í ríkissjóð árgjald, sem eigi sje minna en 20 aurar fyrir hestorku hverja, er vinst við miðlunina, og eigi meira en 2 kr., talið eftir sömu reglu og í a) greinir.

Enn fremur má binda vatnsmiðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrirfram að nokkru eða öllu leyti skaðabætur þær, er honum verður metið að greiða, eða setji tryggingu fyrir þeim. Auk þess má binda leyfið skilyrðum sjerleyfislaga, ef ástæða er til.

81. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur ráðherra eða Alþingi, ef um stórmiðlanir er að ræða, sett niður gjöld þau, er í 80. grein getur, um tiltekinn tíma.

Sje miðlunarfyrirtækið í almenningsþarfir, til að afla íbúum bæja eða hjeraða orku til ljósa, hita, landbúnaðar eða smáiðju, má gjaldið falla niður að öllu.

82. gr.

Leyfi til vatnsmiðlana eftir lögum þessum skulu veitt um tiltekinn tíma, alt að 50 árum, eða með samþykki Alþingis alt að 65 árum.

Miðlunarleyfi má eigi framselja án leyfis ráðherra eða Alþingis, ef um stórmiðlanir er að ræða, og er það bundið við vatnsfallið og mannvirki þau, er gerð hafa verið samkvæmt leyfinu.

Þegar leyfistíminn er á enda, getur ráðherra eða Alþingi krafist þess, að mannvirkin verði tekin upp og sama ástandi komið á og áður var. Nú er þess eigi krafist, og getur ríkið þá annaðhvort framlengt leyfið með skilyrðum þeim, er löggjöfin setur þá, eða tekist sjálft á hendur vatnsmiðlunina, en afhenda skal þá fyrir leyfishafa miðlunarvirkin í nothæfu ástandi.

83. gr.

Miðlunarvirki eftir lögum þessum getur ríkið látið gera, þegar hentugt þykir vegna almenningshagsmuna, eða til að koma skipulagi á vatnsorkunot einstakra manna. Hefir ríkið þá sömu heimild til eignarnáms á landi og öðru, sem að vatnsmiðluninni lýtur, eins og sá, er leyfi hefir fengið.

IX. KAFLI.

Um umferð á vötnum og fleytingu.

84. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum eða skipum um skipgeng vötn, svo og að fleyta um þau flekum eða viði, nema bannað sje af ráðherra vegna þess, hvernig ástatt er um mannvirki í vatninu.

85. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til að krefjast, að land og rjettindi verði af hendi látin, gegn fullu endurgjaldi eftir mati, til að vötn verði gerð skipgeng, umferðarskurðir grafnir út frá þeim, eða til annarar fyrirgreiðslu umferðar.

86. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu

umferðar, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun vatnsins eða aðra fyrirgreiðslu umferðar.

87. gr.

Landeigandi á rjett til bóta eftir mati fyrir tjón, sem umferð á vatni eða fleyting bakar honum, hvort heldur er á landi hans, brúm, fiskivötnum, veiðarfærum, iðjuverum eða öðru.

X. KAFLI.

Almenn ákvæði um mannvirki í vötnum eða við þau.

88. gr.

Mannvirki öll í vötnum skulu að undirstöðum, gerð og efni fullnægja sanngjörnum kröfum um traustleika, og skulu þau og öll vinna í vötnum háð reglum þeim, sem settar verða af ráðherra, til varnar við hættu á lífi manna og eignum, eða hagsmunum ríkisins eða almennings.

89. gr.

Enginn má hefja eftirgreind mannvirki án þess að tilkynt hafi verið ráðherra (sbr. 118. gr.) og samþykki hans fengið:

a) Gera stíflur eða önnur mannvirki til vatnsorkuvinslu.
b) Veita úr vatnsfalli eða stöðuvatni, sem afrensli hefir í slíkt vatnsfall, um jarðgöng, stokk eða pípu, meiru en því, sem rúmast í 20 centimetra viðri pípu við stíflutjörn.
c) Gera önnur mannvirki í vatni eða við það, sem breyta farvegi þess eða vatnshæð, nema sýnt sje, að hættulaust sje öllum hagsmunum ríkisins og almennings.
d) Þurka upp stöðuvatn, enda taki þurkunin yfir 50000 fermetra.

90. gr.

Samþykkja skal tilkynt fyrirtæki, er eigi kemur í bága við hagsmuni ríkisins eða almennings, ef það fullnægir kröfum þeim, er í 88. gr. getur, en ella má binda samþykkið skilyrðum, er nauðsynleg þykja til að fullnægja þeim. Samþykkið er því eigi til fyrirstöðu, að síðar megi skipa fyrir um nauðsynlegar breytingar á mannvirkjunum, ef það kemur í ljós, meðan verið er að vinna verkið, að þeirra þurfi við.

Ríkið ábyrgist ekki tjón af fyrirtækinu, þótt samþykki sje veitt, og ábyrgist eigandi fyrirtækisins eftir sem áður tjón, sem stafar af göllum eða misfellum á því.

Nú er samþykkis synjað að einhverju leyti eða öllu, og skulu þá rök færð fyrir.

91. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til mannvirkja í vatni, þótt þau tálmi almennri umferð, veiði eða á annan hátt geti haft í för með sjer tjón á hags-

munum almennings eða ríkisins, ef sjáanlegt er, að fyrirtækið hafi í för með sjer meiri hagnað fyrir ríkið eða almenning en tjóninu nemur. Leyfið má binda öryggisskilyrðum þeim, sem nauðsynleg þykja, svo og skilyrðum sjerleyfislaga, ef fyrirtækið er svo stórt, að það falli undir þau.

Sá, er fyrirtæki kemur í framkvæmd eftir leyfi eftir byrjun 1. málsgr., ábyrgist eigi það óhagræði, er almenningi eða ríkinu kann af því að stafa, framar en tilskilið kann að vera í leyfinu.

92. gr.

Leyfi til að krefjast þess, að eign og rjettindi verði af hendi látin eða aðrar eignarkvaðir á lagðar, má ráðherra því að eins veita, að ætla megi, að fyrirtækið annaðhvort efli hagsmuni almennings beinlínis, eða sá hagnaður, er telja má að verði af fyrirtækinu, fari að miklum mun fram úr óhagræði því, er einstaklingar geti haft af því.

Leyfi þetta má binda skilyrðum, er lúta að því að tryggja það, að fyrirtækið komi að almenningsnotum; einnig getur ráðherra sett það skilyrði, að fje sje sett til tryggingar skaða þeim, sem síðar kynni að koma í ljós, en ekki hefir verið fyrirsjáanlegur við eignarnámið.

Nú hefir leyfi verið veitt samkvæmt 1. málsgrein, og er þá hver maður skyldur til að þola þær eignarkvaðir, er fyrirtækið kann að hafa í för með sjer, enda sje því hagað eftir frumdráttum þeim, sem samþyktir hafa verið.

93. gr.

Nú hefir vatnsvirki í för með sjer bætur á landi annars manns, vatnsauka eða annað hagræði fyrir aðra vatnsvirkjaeigendur, og getur ráðherra þá eftir kröfu virkiseiganda ákveðið, að þeir, sem hag hafa af virkjunum, gjaldi eitt skifti fyrir öll ákveðna upphæð eftir mati til virkiseiganda.

94. gr.

Nú þarf leyfi ráðherra til stíflugerðar eða annara mannvirkja, er áhrif hafa á vatnshæð eða vatnsmagn í vatnsfalli, og skal þá venjulega taka fram í leyfinu, hversu mikið megi hækka eða lækka vatnsflötinn, og setja önnur nauðsynleg skilyrði til tryggingar hagsmunum ríkisins, almennings eða einstaklinga.

Þegar gerð er takmörkun á, hve mikið megi hækka vatnsflöt eða lækka, skal sett vatnshæðarmerki á kostnað eiganda, er sýni greinilega, hve mest megi hækka eða lækka í vatninu.

95. gr.

Hver aðilja getur krafist, að skorið verði fyrirfram úr með mati, hvort og hvernig vatnsvirki þau, er í 6. gr. getur, verði gerð án þess að tjón hljótist af á eignum annara manna eða rjettindum.

Nú telur matsgerð, að ekki muni tjón af hljótast, og geta þá rjetthafar við matsgerðina eigi aftrað, að fyrirtækið verði framkvæmt samkvæmt henni, jafnvel þótt í ljós komi síðar, að tjón hljótist af, en krefjast má þó skaðabóta áður 10 ár líða frá lokum þess almanaksárs, er verkinu var lokið.

96. gr.

Nú gerir maður vatnsvirki án leyfis eftir 90.—92. gr., eða gegn mati eftir 95. gr., og er honum þá skylt, ef ráðherra eða þeir, er mats geta krafist, fara fram á það, að koma löglegu skipulagi á vatnsvirkið, hvort heldur er með því að rífa það eða breyta því.

Nú er mál höfðað samkvæmt fyrri málsgrein, og hvílir þá sönnunarskylda um, hvernig vatni hafi verið háttað áður en fyrirtækið var framkvæmt, á virkiseiganda, ef fyrirtækið veldur því, að nú er eigi lengur hægt að gera sjer það ljóst. Ábyrgð vegna ólöglegra mannvirkja tekur einnig til síðari eigenda.

97. gr.

Eigandi vatnsvirkis skal ávalt halda við óaðfinnanlega öllum vatnsvirkjum, sem þannig er varið, að spjöll á þeim gætu valdið mannhættu eða tjóni á eignum einstakra manna, eða hagsmunum ríkisins eða almennings.

Eigi má rífa vatnsvirki þau, er í 89. gr. getur, án leyfis ráðherra. Ef leyfi er veitt, skal bætt eftir mati tjón á eignum og rjettindum, er af niðurrifinu leiðir, þó ekki missi þess hagnaðar, er menn höfðu af vatnsvirkinu, nema goldið hafi verið fyrir þann hagnað beinlínis eða óbeinlínis.

98. gr.

Landeigandi er skyldur að þola á landi sínu allan nauðsynlegan átroðning vegna mælinga eða annara rannsókna við undirbúning á fyrirhuguðum mannvirkjum í vötnum. Bæta skal tjón eftir mati, ef eigi semur. Merki og vörður, er mælingamenn þessir setja, skal telja til friðaðra mannvirkja samkvæmt almennum hegningarlögum.

Nú láta aðrir en ríkið, sýsla, hreppsfjelag eða bæjarfjelag slík undirbúningsstörf fram fara, og er þá skylda landeiganda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, er verða kann, ef krafist er. Vottorð lögreglustjóra um þetta skal sýnt landeiganda eða leiguliða, ef þess er krafist.

XI. KAFLI.

Um skaðabætur.

99. gr.

Bætur fyrir eign eða rjettindi, sem skylt er að láta af hendi samkvæmt lögum þessum, skulu greiddar í peningum, nema öðruvísi sje um mælt. Bæturnar skulu ætíð ákveðnar með vissri upphæð í eitt skifti fyrir öll.

Bætur fyrir afnot af landi annars manns, eða aðrar eignarkvaðir, má ákveða í árgjaldi, ef landeigandi óskar.

100. gr.

Nú er hluti af eign látinn af hendi, eða eignarrjettur eða önnur rjettindi skert, og skal þá meta bætur svo, að tekinn sje til greina sjerhagur sá, er eign eða rjettindum kemur af fyrirtæki því, sem stofnað er til.

101. gr.

Nú er eigandi fallvatns skyldaður til þess að láta af hendi vatn og fallhæð, og afgangur fallvatnsins verður fyrir þá sök eiganda annaðhvort ónýtur til orkunýtingar eða notagildi þess minkað að mun, og má þá eigandinn krefjast þess, að fallvatnið alt verði tekið.

Nú fylgir land fallvatni, sem lögum þessum samkvæmt er tekið eignarnámi, og verður það eiganda ónýtt vegna tökunnar eða notagildi þess rýrt að mun, og er eiganda þá rjett að krefjast þess, að landið verði tekið.

Sama rjett hefir eigandi vatnsvirkis til að krefjast þess, að öll mannvirki og lausir hlutir, er þeim fylgja, verði teknir eignarnámi, ef eignarnámið veldur því, að eignin verði honum lítils virði.

Ef að öðru leyti er svo með eign annars manns farið lögum þessum samkvæmt, að eignin í heild sinni, eða hlutar af henni, verði eiganda ónýt eða notagildi hennar verulega rýrt, þá getur hann krafist þess, að eignin öll, eða sá hluti hennar, sem fyrir þessu verður, verði tekin.

102. gr.

Þegar land eða rjettindi eru af hendi látin, samkvæmt 25., 65., 74. og 75. gr. e.-lið, skal bæta 25% við þá upphæð, er matsnefnd ákveður í bætur.

103. gr.

Nú veldur vatnsvirki tjóni á eignum eða rjettindum annara, sem eigi var tekið til greina og bætt, er til virkis var stofnað, og skal virkiseiganda þá skylt að bæta það síðar eftir mati, ef eigi semur. Krafa um bætur skal komin fram áður 10 ár líða frá lokum þess almanaksárs, er virkið var fullgert.

Telji matsnefnd eigi fært að meta fyrirfram tjón, er hlotist geti af vatnsvirkjum, getur hún skotið matinu á frest, en getur þá áskilið þeim, er bætur á að taka, tryggingu fyrir bótum af hendi virkiseiganda.

104. gr.

Nú krefst maður þess, samkvæmt 62. gr., að leysa til sín hluta af fallvatni, og getur þá vatnseigandi krafist þess, að honum verði endurgoldinn eignarmissirinn með orku í stað peninga, eftir eignarhluta hans í fallvatninu, ef matsnefnd telur það eigi fyrirtækinu ofvaxið. Matsnefnd ákveður, hve mikla orku skuli greiða, svo og viðbótargjald í peningum, ef eigi er að öllu greitt með orku.

Nú eykur virkiseigandi síðar orkuvinslu með vatnsmiðlun, sem gjaldþegi átti rjett til áður innlausn var gerð, og skal þá fara um skiftingu þess orkuauka milli þeirra eftir sömu reglum og um skiftingu hinnar upphaflegu vatnsorku.

105. gr.

Nú er vatnsorka innleyst og endurgoldin með orkurjetti, og skal þá sá rjettur trygður með veðrjetti í fallvatninu og orkuverinu og hafa forgöngurjett á eftir sköttum.

106. gr.

Orkurjettur, sem er endurgjald fyrir innleysta vatnsorku, á sem hver önnur jarðarhlunnindi að fylgja þeirri eign, er átti vatnsorkuna, þá er hún

var tekin, og skal hann til tryggingar veðrjetti eða öðrum rjettindum í stað vatnsorkunnar.

Þó má matsnefnd, eftir ósk orkutaka, með samþykki veðhafa eða annara rjetthafa, ákveða, að orkurjettur verði tengdur við aðra fasteign, ef það má verða án verulegs kostnaðarauka fyrir virkiseiganda.

107. gr.

Þegar bætur eru greiddar í orku, skal sá, er bætur tekur, greiða virkiseiganda hlutfallslegan stofnkostnað, og má draga hann frá orkureiðslunni, ef gjaldþegi kýs það heldur en bein fjárframlög.

108. gr.

Ætíð skal sá, er bætur tekur í orku, greiða virkiseiganda hlutfallslegan rekstrarkostnað, annaðhvort með föstu árgjaldi, sem má endurmeta á 10 ára fresti, ef annarhvor aðilja óskar, eða með því að gefa eftir af orkureiðslunni, ef gjaldþegi kýs það heldur. Matsnefnd sker úr, ef eigi semur.

109. gr.

Venjulega skal sú orka, sem greidd er í bætur, afhent í raforku. Nú er um raforkuleiðslu að ræða, og skal þá afhenda hana í nothæfri spennu á þeim stað, sem gjaldþegi krefst, nema matsnefnd telji afhendingu mega verða öðruvísi eða á öðrum stað. En ætíð skal gjaldþegi greiða kostnað þann, er leiðsla og straumbreytar hafa í för með sjer, svo og kostnað við viðhald og rekstur þeirra mannvirkja.

Um leið og ákveðið er, að bætur skuli goldnar í orku, skal og tiltekið, hve nær orkureiðsla skuli í síðasta lagi hefjast.

110. gr.

Ef orkutaki innir eigi af hendi á rjettum gjalddaga gjöld þau, er honum ber að greiða virkiseiganda eftir 107.—108. gr., er rjett að varna honum orkunnar, þangað til hann greiðir þau.

111. gr.

Stöðvanir á orkureiðslu, sem nauðsynlegar eru vegna viðgerðar, eftirlits o. þ. h., baka eigi skaðabótaskyldu, nema þær verði með þeim hætti, að þær ríði í bága við gerða samninga eða ákvæði matsnefndar um fyrirkomulag orkureiðslunnar. Þó skal þess gætt, að stöðvun standi eigi lengur en nauðsyn krefur. Tilkynna skal þeim, er bætur tekur, stöðvunina með nægum fyrirvara, ef kostur er.

Nú er stöðvunin að kenna óviðráðanlegum atvikum (vis major), og er virkiseigandi þá eigi skaðabótaskyldur, enda verði engar ráðstafanir vanræktar til þess að koma orkureiðslunni á aftur.

Ef orkureiðsla hættir af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í 1. og 2. málsgr., eða verði langvarandi vanræksla á orkureiðslunni, á orkutaki heimtingu á skaðabótum.

112. gr.

Nú þykir virkiseiganda eigi svara kostnaði að starfrækja orkuverið og greiða bætur með orku, og getur hann þá losnað við orkureiðsluna, með því að afhenda þeim, sem bætur á að taka, orkuverið með veitutækjum og fallvatni þess.

XII. KAFLI.

Um stjórn vatnamála og meðferð þeirra.

113. gr.

Yfirstjórn og umsjón vatnamála hefir stjórnarráð Íslands.

Ráðherra til aðstoðar í þessum málum skal skipa verkfróðan mann, er nefnist vatnamálastjóri, og skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum.

Ráðherra ákveður verksvið og vald vatnamálastjóra í reglugerð.

114. gr.

Ráðherra eða sá, er hann setur í sinn stað, hefir eftirlit með gerð, notkun og viðhaldi vatnsvirkja og orkuveitu, og eru eigendur vatnsvirkjanna skyldir til að láta í tje allar þær upplýsingar, er nauðsynlegar eru til þess að framkvæma þetta eftirlit, sem og að leyfa eftirlitsmanni tálmunarlausa rannsókn virkjanna.

115. gr.

Við byggingu meiri háttar vatnsvirkja getur ráðherra krafist þess, að virkiseigandi láti verkfróðan mann, er ráðherra tekur gildan, annast verkið.

116. gr.

Ef um vatnsvirki er að ræða, sem mannhætta getur stafað af eða eignatjón, ef þau bila, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann, sem gætir þess, að verkið sje vandlega unnið og samkvæmt hinum samþyktu skilyrðum og frumdráttum.

Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er eigi hlýtt, hefir hann vald til að banna, að verkinu verði haldið áfram, þangað til úrskurður ráðherra er fenginn um deiluatriðið.

117. gr.

Nú er vatnsvirki að einhverju leyti svo illa gert, eða viðhaldi þess svo ábótavant, eða það er að öðru leyti í því ástandi, að ráðherra telur búna af því mannhættu eða eignatjón fyrir almenning eða einstaklinga, og skal þá ráðherra gefa skipun um, að því verði þegar í stað komið í viðunandi horf eða rifið. Svo framarlega sem eigandi hlýðnast ekki skipuninni tafarlaust, skal ráðherra láta endurbæta eða rífa virkið á hans kostnað.

118. gr.

Tilkynningar þær, er um getur í 89. gr., skulu vera skriflegar og sendast sýslumanni eða bæjarfógeta, sem með umsögn sinni sendir þær áleiðis til ráðherra.

Í tilkynningu skal gerð grein fyrir verkinu í öllum aðalatriðum, þannig, að tekið sje fram, hvort ræða sje um vatnsveitu, áveitu, þurkun lands, holræsi, orkunýtingu, breytingu farvegar, stíflur, uppfyllingar eða önnur mannvirki. Einnig hvort það snerti fleiri jarðir eða býli, eða hagsmuni annara en umsækjanda, hvort heldur einstakra manna, almennings eða ríkisins.

119. gr.

Nú telur ráðherra upplýsingarnar fullnægjandi, og heimilar hann þá verkið samkvæmt tilkynningunni. Að öðrum kosti getur ráðherra krafist, að hlutaðeigandi sendi umsókn með ítarlegri gögnum, samkvæmt fyrirmælum 120. gr.

120. gr.

Nú er ráðherra send umsókn um leyfi til byggingar í vatni, og skal þá að jafnaði fylgja henni fullkomin lýsing á verkinu, ásamt nauðsynlegum landmælingum, jarðvegsrannsóknum, uppdráttum, útreikningum og kostnaðaráætlun.

Ef um vatnsorkuver er að ræða, skal á uppdráttunum sýnd lega orkuversins, stíflur og áhrif þeirra á orkuvatnið og landið umhverfis. Enn fremur skal skýrt frá vatnsmagnsathugunum, fallhæð og vatnsmiðlun. Þá skal og tilgreint, hve mikil vatnsorka áætlað er að notuð verði og til hvers.

Í umsókn um leyfi til eignarnáms á eign eða rjettindum, eða til þess að leggja á kvaðir, skulu vera upplýsingar um hagnað þann og tjón, er áætlað er að fyrirtækið hafi í för með sjer, hvort heldur fyrir einstaklinga, almenning eða ríkið. Fylgja skal skrá yfir eignir þær, er ætla má, að eignarnámið taki til.

Umsóknir skulu sendar sýslumanni eða bæjarfógeta, er sendir þær áleiðis til ráðherra með umsögn sinni og áliti sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, landeiganda, leiguliða og annara, er hlut eiga að máli.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um form og efni tilkynninga og umsókna.

121. gr.

Nú er sótt um leyfi til eignarnáms á vatni, landi, vatnsvirkjum eða öðru, vegna vatnsmiðlunar eða annarar vatnsvirkjagerðar, eða sótt er um leyfi eða samþykki til þeirra fyrirtækja í vatni, sem haft geta mikil hagsmunaleg áhrif fyrir einstaka menn eða hjeruð, og skal þá ráðherra auglýsa málaleitunina í Lögbirtingablaði og næstu hjeraðsblöðum, áður en leyfi eða samþykki er veitt.

Aldrei skal leyfi eða samþykki gefið fyr en liðnir eru tveir mánuðir frá síðustu birtingu. Mótmæli, er síðar koma fram, skulu eigi tekin til greina.

122. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar bækur, er nefnast vatnabækur, og skal í þær rita:

a) Skrá yfir vötn og ár, er liggja í umdæminu.
b) Samninga, hvort heldur afsöl, leigusamninga eða aðra samninga um ár og vötn.
c) Skýrslur um áveitur, þurkun lands og vatnsvirki, sem tilkynningarskylda eða umsóknar hvíla á, og um matsgerðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um, hvernig vatnabækur skulu færðar.

Láta skal í tje eftirrit af bókum, ef þess er krafist.

123. gr.

Mat eftir lögum þessum verður með tvennu móti, og fer það aðallega eftir því, hve vandasamt og umfangsmikið málið er, og hvort sjerþekkingar þarf við matið.

Undirmat framkvæma 3 óvilhallir, dómkvaddir menn, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

Utan kaupstaða skal hreppstjóri eiga sæti í matsnefnd og stjórna henni, en í kaupstöðum kýs matsnefnd formann sinn.

Mati þessu má, innan 4 vikna frá því að gerðin fór fram, skjóta til yfirmats.

Yfirmat framkvæma 5 dómkvaddir, óvilhallir menn, og á dómarinn sæti í matinu og stýrir því.

124. gr.

Ef einhver aðilja óskar, skal mat, er fram á að fara eftir 62., 65., 69., 74., 85., 93. eða 95. gr., framkvæmt af matsnefnd þeirri, er um ræðir í 123. gr. síðustu málsgr., er þá starfar sem undirmat. Þó getur ráðherra eða aðiljar krafist þess, að í matið verði kvaddur sjerfróður maður.

Skjóta má mati þessu, eða venjulegu undirmati eftir sömu greinum, innan 6 mánaða frá því gerðin fór fram, til sjerstaks yfirmats, er 5 menn eiga sæti í, og landsyfirrjettur kveður. Skal að minsta kosti einn matsmanna vera lögfræðingur, og stýrir hann matinu. Í matinu skal og sitja að minsta kosti einn maður, er sjerþekkingu hefir á því sviði, sem um er að ræða.

125. gr.

Nú á samkvæmt lögum þessum að meta land, vatn eða vatnsvirki, sem liggja í tveim lögsagnarumdæmum eða fleirum, og skal stjórnarráðið þá ákveða, hver dómaranna skuli sjá um kvaðningu og framkvæmd matsins.

126. gr.

Formaður mats skal með hæfilegum fyrirvara tilkynna þeim, er hlut eiga að máli, hve nær mat skuli hafið, svo að þeir geti verið viðstaddir gerðina.

127. gr.

Gefinn skal aðiljum kostur á að skýra mál sitt og kynna sjer það, sem

þegar er fram komið. En því að eins verður gerðinni frestað, að matsnefnd telji einhvern aðilja þurfa að afla sjer frekari gagna.

128. gr.

Formaður matsins skal, eins fljótt og verða má, birta aðiljum matsgerðina.

129. gr.

Kostnað við undirmat og yfirmat, sje það fyrsta mat samkvæmt 124. gr., greiði venjulega gerðarbeiðandi. Matsnefnd getur þó ákveðið, að alt að helmingur kostnaðar greiðist af öðrum aðiljum.

Kostnað við yfirmat og sjerstakt yfirmat greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð; ella skal ákveðið í yfirmatinu eða hinu sjerstaka yfirmati, hverjir greiða skuli.

130. gr.

Matsnefnd ákveður sjálf þóknun sína. Verði ágreiningur um þóknunina, fellir sýslumaður fullnaðarúrskurð um þann ágreining, ef um undirmat er að ræða, en stjórnarráðið, sje um yfirmat eða sjerstakt yfirmat að ræða.

131. gr.

Hver sá, er fær leyfi ráðherra eða samþykki til virkjunar í vatni, sem lúta að orkunýtingu, skal greiða í ríkissjóð í eitt skifti fyrir öll og áður en virkjun hefst tiltekna upphæð, sem ráðherra ákveður. Gjaldið skal miða við vatnsorkuna, og má eigi hærra vera en 50 aurar fyrir hverja eðlishestorku, sem ráðherra telur að vinnist við virkjunina.

132. gr.

Fyrir eftirlit með vatnsvirkjunum eftir 116. gr. skal virkiseigandi greiða sjerstakt gjald eftir ákvörðun ráðherra.

Gjöld eftir þessari og næstu grein á undan má taka lögtaki. Þeim skal varið til kostnaðar við stjórn vatnamála.

Niðurlagsákvæði.

133. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum og ákvörðunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum frá 4—1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

134. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

135. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld:

Ákvæði Jónsbókar um vatnsrjettindi, í landleigubálki, 22. kap., 24. kap., 45. kap. og 56. kap.

Lög nr. 55, frá 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., 2. kafli.

Lög nr. 26, frá 22. október 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Lög nr. 65, frá 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, frá 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, frá 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum.

Lög nr. 57, frá 3. nóv. 1915, um viðauka við lög nr. 26, 22. október 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Svo og þau önnur ákvæði í eldri lögum, er fara í bága við þessi lög.

Þegar mat á fram að fara eftir lögum, sem úr gildi eru feld með þessari grein, skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga.

136. gr.

Lög þessi ganga í gildi . . . . . .

Athugasemdir við frumvarp þetta

er að finna í nefndaráliti minni hluta fossanefndar 1917—1919, bls. 22.—65.

(B. XVIII, 2).

Nd. **89. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Einar Árnason og Stefán Stefánsson.

Viðbótin orðist þannig:

Einnig lína frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, yfir Öxnadalsheiði til Akureyrar, með hliðarálmu frá Silfrastöðum að Vatnsleysu og annari úr Glæsibæjarhreppi í Skriðuhrepp. Sömuleiðis lína frá Akureyri inn að Saurbæ, með hliðarálmu í Öngulsstaðahrepp.

(B. XXVI, 1).

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af salti.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af hverri smálest salts, sem flutt er til landsins, skal greiða 12 kr. gjald í ríkissjóð. Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt niður vörutollur sá, sem nú er á salti.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta eftir tilmælum ráðuneytisins. Ástæðan til þess, að frv. þetta er borið fram, er sú, að auðsætt er, að landsverslunin verður fyrir miklum halla á saltversluninni, en svo er til ætlast, að halli þessi verði bættur með gjaldi þessu. Hjer er því ekki um tekjuauka að ræða í eiginlegum skilningi, og ráðgert er, að lög þessi standi eigi lengur en nauðsynlegt er til þess að fá endurgreiddan hallann á verslun landsins með salt.

(B. XXVII, 1).

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað 1. gr. komi:

a) Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefir umsjón með rekstri póststarfanna.

Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða.

b) Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.

c) Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

2. gr.

Í stað 2. gr. c, 2. málsgr. komi:

Undir fylgibrjef með bögglum má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

3. gr.

Í stað 7.—9. málsgr. 9. gr. komi:

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

4. gr.

Í stað 11. gr. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a) *Fyrir laus brjef:*

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,
   ef þau vega 20 grömm eða minna ..... 15 aurar
   ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum ..... 30 —
   ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum ..... 45 —

   Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa utanríkis, sem er:

   Fyrir hin fyrstu 20 grömm 20 aurar, og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

   Spjaldbrjef ..... 10 aurar
   Spjaldbrjef með borguðu svari ..... 20 —

   Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 10 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 5 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

   Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en 2. gr. póstlaga 16. nóv. 1907 ákveður, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 15 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b) *Fyrir peningabrjef:*

10 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 30 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna ..... 10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er ..... 5 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. *Fyrir böggla:*

20 aurar fyrir hvern böggul og að auki 10 aurar fyrir hvert ½ kilógramm eða minni þunga.

Eigi að senda bögglana með landpóstum, skal þar að auki greiða:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 40 aura
Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga ..... 40 —

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið, skal borgað alt að 100 % meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal enn fremur greiða ábyrgðargjald það, sem ákveðið er í staflið b.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrjef segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d) *Fyrir póstávísanir:*

25 kr. eða minni upphæð ..... 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ..... 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð að því, sem fram yfir er.

e) *Fyrir póstkröfur*

greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 10 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f) *Fyrir blöð og tímarit:*

Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 25 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 50 aurar.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða böggl-

um, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 5 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Borgun sú, sem ákveðin er í 4. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrjef.
3. Böggla.
4. Póstávísanir.
5. Póstkröfur.
6. Móttökukvittanir.
7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkv. 4. gr. f. þessara laga.
8. Sendingar til konungs og konungsættingja.
9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær að eins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.
10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórninni.

6. gr.

Í stað síðustu málsgr. í 13. gr. komi:

Frímerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frímerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávísanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

7. gr.

Í stað »20« í 21. gr. komi: 200.

8. gr.

Í stað »stjórnarráð« í 27. gr. komi: póststjórn.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir tilmælum ráðuneytisins. Hefir hún farið gegnum frv. allvandlega og vill mæla með, að það nái fram að ganga eins og það liggur fyrir.

Frv. er samið af póstmeistara, en lítilfjörlegar breytingar hafa verið gerðar á því, og fylgdi því svo hljóðandi brjef, dags. 7. júlí 1919:

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að senda hinu háa stjórnarráði hjálagt frumvarp til breytinga á póstlögunum í því skyni, að stjórnarráðið komi því áleiðis með þeim breytingum, sem það kynni að vilja gera á frumvarpinu.

1. gr. ræðir um þá breytingu á stjórn póstmála, sem staða Íslands sem fullvalda ríki hefir í för með sjer, og er fram komin eftir tilmælum forsætisráðherra.

Aðalpóststjórnin danska hefir hingað til annast alla samninga við erlend ríki fyrir Íslands hönd og haft á hendi reikningsviðskifti Íslands og endurskoðun á þeim, og yfir höfuð haldið uppi brjefaviðskiftum um póstmál Íslands við önnur ríki, en nú verða þessi mál að flytjast hingað, og er ætlast til, að aðalpóstmeistari taki þetta að sjer.

Vitanlega er þetta svo mikið starf, að varla getur komið til mála, að sami maður hafi á hendi hin daglegu störf við afgreiðslu og reikningsfærslu á pósthúsinu í Reykjavík.

Þess vegna álít jeg rjett, að sjerstökum manni sje falin forstaða póststofunnar í Reykjavík, sem hafi þar líkum störfum að gegna og póstafgreiðslumenn úti um land á hinum stærri afgreiðslum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þessi maður sje nefndur póstmeistari, og sömuleiðis póstafgreiðslumennirnir á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Þar sem jeg geri ráð fyrir, að á skrifstofu aðalpóstmeistara fari fram, eins og að undanförnu hjá póstmeistaranum í Reykjavík, reikningsviðskifti við pósthúsin á öllu landinu, endurskoðun á reikningum þeirra m. m., eins og jeg gat um í brjefi mínu 25. nóv. f. á., hlýtur að þurfa að bæta duglegum manni við á skrifstofu póstmálanna.

Að undanförnu hafa þar unnið 3 fastir menn, auk póstmeistara, en þar sem nú bætist þar við utanríkismálin og þar af leiðandi reiknings- og brjefaviðskifti á ýmsum málum, sjerstaklega á frönsku, að ógleymdri hinni árlegu statistik og öðrum skýrslum, sem þarf að senda póstmálastofunni í Bern, er gert ráð fyrir, að á skrifstofu aðalpóstmeistara þurfi póstritara, póstfulltrúa og tvo fasta aðstoðarmenn, auk annarar aðstoðar.

Eins og í Danmörku og öðrum fullvalda ríkjum er gert ráð fyrir, að aðalpóstmeistari, þar sem hann er eigi sjálfur póstmálaráðherra, heyri beint undir hlutaðeigandi ráðherra, án skrifstofumillilíða, og var í ríkisdeginum danska, þegar lög um stjórn póstmála voru þar til umræðu, lögð mjög mikil áhersla á þetta ákvæði.

Breytingin á 2. grein miðar að því að hætta við lokuð fylgibrjef, sem nú orðið þekkjast hvergi, og getur það flýtt mjög fyrir afgreiðslu að láta kvitta á sjálf brjefin og geyma þau, í stað þess að færa alla böggla inn í kvittanabækur.

Breytingin á 9. gr. er nauðsynleg vegna þess, að nú mun erfitt og ókleift að komast að samningum við suma skipaeigendur um flutning á pósti, en ástæðulaust að borga tvöfalt eða þrefalt meira fyrir póstflutning en aðrar vörur.

Ákvæðin í póstlögunum um borgunina var á sínum tíma miðuð við smábrjefapósta, en ekki við bögglapóstflutning í stórum stíl.

Um breytinguna á 11. gr. skal tekið fram, að taxtinn fyrir laus brjef er í samræmi við samninga, sem jeg hefi nýlega gert við póststjórnina í Danmörku um dansk-íslenskan brjefataxta, og mjer er nær að halda, að póstsjóður græði fult svo mikið á að hafa 15 aura taxta fyrir almenn brjef eins og þó taxtinn væri settur á 20 aura.

Það hefir vantað ákvæði um brjef, sem vega yfir 250 gr., og því hefi jeg bætt því ákvæði við, að um þau brjef gildi sömu taxtar og erlend brjef.

Ábyrgðargjald fyrir peningabrjef er hækkað um helming, en póstávísanagjaldið látið standa óhaggað, af því að rjettara virðist að draga heldur úr sendingu peningabrjefa vegna ábyrgðarinnar eða áhættunnar.

Burðargjald undir böggla er hækkað um 10 aura undir fyrsta hálfa kilógrammið, og svo er landburðargjaldinu bætt við, því að það þykir eðlilegra, sjerstaklega gagnvart útlöndum, að landburðargjaldinu sje bætt við burðargjald böggla, bæði innlendra og útlendra.

Landburðargjaldið er hækkað að miklum mun, en þó ekki að sama skapi og flutningskostnaðurinn hefir hækkað á mörgum póstleiðum.

Póstkröfugjaldið er hækkað lítið eitt, enda er fyrirhöfnin við póstkröfurnar miklu meiri en við póstávísanir.

Borgun fyrir krossbandssendingar er færð upp í 5 aura fyrir 50 grömm, eins og til útlanda, og burðargjald fyrir blöð og tímarit hefi jeg stungið upp á að sje hækkað í 25 aura fyrir hálft kilógramm á sumrum og 50 aura á vetrum.

Meðalþyngd á einföldum brjefum er fyrir neðan 10 grömm, en fyrir 100 brjef 10 grömm á þyngd er nú tekið 20 kr.; fyrir sama þunga í blöðum og ritum er tekið 10 aurar á sumrum og 30 aurar á vetrum.

Því fer fjarri, að með þessari borgun sje greitt einu sinni fyrir ómök pósthúsanna við afgreiðslu blaða og tímarita. Fyrir flutningskostnað þeirra fær póstsjóður alls ekkert, og það tap má telja í mörgum tugum þúsunda.

Það getur því eigi talist ósanngjarnt að láta blöðin og ritin, eða rjettara sagt kaupendur þeirra, borga dálítið upp í þennan kostnað, sjerstaklega þegar skaði póstsjóðs á þessum flutningi vex hröðum skrefum, eftir því sem kostnaður við póstferðirnar og blaðamergðin eykst.

Að þessu athuguðu hefi jeg stungið upp á framannefndri hækkun á borgun undir blöð og tímarit, sem er mikið lægri en fyrir aðrar krossbandssendingar, sjerstaklega af því allar sendingarnar eru vegnar í einu, en krossbandssendingar eru frímerktar hver fyrir sig.

Þá er og samkvæmt breytingu við 12. gr. gert ráð fyrir, að fyrirfram skuli borgað undir peningabrjef og böggla.

Þegar bögglar eru sendir óborgaðir og neitað er móttöku á þeim, er oft erfitt að ná í borgun fyrir flutning þeirra, sjerstaklega þegar sendandi er óþektur eða farinn burtu.

Samkvæmt breytingum við 13. gr. er ekki gert ráð fyrir, að kaupandi fái neinn afslátt á frímerkjum, heldur skulu seljendur fá afsláttinn, 4 af hundraði. Þessi breyting er gerð til þess að fjölga útsölustöðum á frímerkjum og draga þannig úr aðsókn að pósthúsunum, enda má telja það hagræði fyrir fólk, að frímerkin fáist keypt víðar.

Þegar kaupendur eigi fá neinn afslátt, er hægt að vita, hve miklar tekjur hver póstmaður hefir haft af frímerkjasölu, og þá er hægt að skifta þeim hagnaði milli allra starfsmannanna, en eins og nú er spillir það heldur samvinnunni milli þeirra, að sá einn heldur hagnaðinum, sem selur, því að þá vilja allir helst selja frímerki, þegar ös er á pósthúsinu. Þessi breyting miðar og að því að bæta launakjör póstmanna yfirleitt.

(B. XXVIII, 1).

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Flutningsm.: Björn Stefánsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum — seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem

slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

Greinargerð.

Þegar litið er til þeirra krafa og þarfa, sem nú kalla að um auknar fjárveitingar úr ríkissjóði, þá virðist ekki mega sleppa neinni leið, sem fær getur talist, til að auka tekjur hans.

Að þeirri leið, sem hjer er farin, má það finna, að verið er að íþyngja vísi að innlendum iðnaði, sem sæmra væri að styrkja en lama. Hjer til er því að svara, að þrátt fyrir þennan skatt verður þessi iðnaðarvísir að teljast nægilega studdur með því þrefalda aðflutningsgjaldi, sem lagt er á samskonar varning útlendan. Hjer er heldur ekki um neitt nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, því að samskonar skattur — en þyngri þó — hvílir nú á innlendri vindlagerð.

(A. XIX, 3).

Ed. **93. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XVII, 3).

Ed. **94. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal, hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald, og hlutfallslega meira eða minna

ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig, að mismunur til eða frá undir 1/4 venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Enn fremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kílógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

(A. XXXVIII, 3).

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skilgetið barn verður íslenskur ríkisborgari, ef faðir þess er það, og óskilgetið, ef móðir þess er það.

2. gr.

Nú er maður fæddur á Íslandi, en á þó eigi ríkisfang þar samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá íslenskan ríkisborgararjett, ef hann hefir haft þar samfleytt heimilisfang þar til hann er fullra 19 ára, hvort sem hann er fæddur áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi, enda hafi hann eigi síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði eigi að öðlast íslenskan ríkisborgararjett, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Slík yfirlýsing dugir þó eigi niðjum hans.

3. gr.

Kona fær ríkisfang manns sins. Sama er um ósjálfráð börn, er þau hafa saman átt áður en þau gengu að eigast.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararjett með lögum. Fer þá um konu manns og börn þeirra eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvís um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs, og slíkt hið sama kona hans og skilgetin börn ósjálfráð, nema þau hafi heimilisfang á Íslandi og haldi því. Ef kona þess, er tekið hefir ríkisfang annarsstaðar, eða börn, fylgja ekki því ríkisfangi, þá skulu þau ávalt halda ríkisfangi sínu á Íslandi.

Nú vill maður gerast ríkisborgari í öðru landi, getur konungur þá leyst hann undan því að hafa ríkisfang á Íslandi, enda skal hann hafa tekið ríkisfang erlendis innan ákveðins tíma.

6. gr.

Kona missir íslenskan ríkisborgararjett, ef maður hennar hefir hann eigi. Sama er um börn, sem þau áttu saman áður en þau gengu að eigast, og þá voru ósjálfráð.

7. gr.

Nú breytist ríkisfang konu á Íslandi sakir giftingar, og haggar það eigi ríkisfangi þeirra barna, er hún hefir átt við öðrum en bónda sínum.

8. gr.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá eiga ríkisfang á Íslandi, þar til annað reynist sannara.

9. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hjer segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, og eigi myndi vera orðnir íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararjetti, en hafa þó rjett til að áskilja sjer íslenskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráðra barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráðra barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

10. gr.

Nú fær maður íslenskt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisföst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráð börn, ef faðir þeirra verður íslenskur ríkisborgari, og óskilgetin ósjálfráð börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar, en hafa þó rjett til að áskilja sjer danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslið, segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar ásamt konum og börnum, svo sem í 10. gr. segir.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenskur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

13. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. des. 1918.

(C. III, 2).

Nd. **96. Breytingartillaga**

við þingsályktunartillögu á þingskj. 68.

Flutningsm.: Pjetur Jónsson.

Á eftir orðunum »sett á stofn« komi:
í Húsavík í Þingeyjarsýslu og

(B. XXIX, 1).

Ed. **97. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, 2 krónum fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 krónur á ári, en kvenmaður 2 krónur.

3. gr.

Lög um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, nr. 33, 26. október 1917, eru úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Sakir breytts verðgildis peninga er nauðsynlegt að hækka gjöldin, til þess að notagildi sjóðanna rýrni ekki frá því, sem áður var.

(A. XXXVI, 3).

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. april 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar síldar (108—120 lítra), í hverjum umbúðum sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera 4 kr. Gjaldið, sem lögreglustjórar innheimta, greiðist og af síld þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi og 1. gr. 4. töluliður í lögum frá 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(C. IV, 1).

Ed. **99. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga fossamálið.

Flutningsmenn: Eggert Pálsson, Kristinn Daníelsson og Halldór Steinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga fossamálið.

(A. XXXVIII, 4).

Ed. **100. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Frá Kristni Daníelssyni.

Fyrir »ósjálfráð« í 3. gr. (síðari málslið), 5. gr. (fyrri málsgr.), 6. gr. (síðari málsl.) og tvisvar í 10. gr. (síðari málsl.) og í stað »ósjálfráðra« tvisvar í 9. gr. (tölul. 3) komi:
ósjálfráða.

(A. XXXVI, 4).

Nd. **101. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað »1. jan.« komi:
1. apríl.
2. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um útflutningsgjald af síld.

(A. XXXIII, 4).

Nd. **102. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Björn Stefánsson og Pjetur Ottesen.

Við 1. gr.
a. Við 4. tölulið: Fyrir »kr. 0,04« komi:
kr. 0,06.
b. Við 5. tölulið: Fyrir »kr. 4,00« komi:
kr. 3,00.
c. Við 6. tölulið: Fyrir »kr. 8,00« komi:
kr. 7,00.
d. Við 13. tölulið: Fyrir »150 aura« komi:
kr. 2,00.

Með brtt. þessum eru teknar aftur brtt. á þgskj. 82.

(A. XXXIX, 2).

Ed. **103. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem er samhljóða bráðabirgðalögum 30. nóv. 1918, og ástæður fyrir því, og leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 17. júlí 1919.

Karl Einarsson,
form. og ritari.

M. J. Kristjánsson. Kristinn Danielsson.

(B. XX, 1).

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum með 2000 kr. árslaunum úr ríkissjóði, og hefir hann á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum. Fyrir oddvitastarfið hefir hann þóknun úr bæjarsjóði eftir ákvæðum bæjarstjórnar, þó ekki minna en 500 kr.

3. gr.

Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.

Með samþykt má setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og má í samþykt kveða á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún þar um setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa.

4. gr.

Bæjarfulltrúar eru sex. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í kaupstaðnum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara tveir frá að tveimur árum liðnum, og svo ávalt tveir annaðhvert ár. Hverjir fari frá í fyrsta og annað skifti, skal vera komið undir samkomulagi eða hlutkesti.

Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

7. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, er kosningarrjett hafa. Skrá þá skal kjörstjórn semja; en kjörstjórar eru oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórn kýs. Kjörskrá skal liggja kjósendum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á kærurnar.

8. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan kosningu, á þann hátt, sem þing eða fundir eru almennt boðaðir í kaupstöðum.

9. gr.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum sex ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi.

10. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan átta daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kæruna og leggur úrskurð sinn á málið innan átta daga. Innan fjórtán daga má kæra úrskurð bæjarstjórnar fyrir stjórnarráðinu.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hinar síðast leiðrjettu kjörskrár.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr

bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifta hann kjörgengi. Hún ákveður og, að hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafist.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

13. gr.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út yfir valdsvið hennar, sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt rita bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

14. gr.

Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

15. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingar-

mál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð.

16. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt hafnarlögum.

17. gr.

Bæjarstjórn skipar bæjargjaldkera og aðra embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs um sáttamannsefni.

18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár kaupstaðarins. Innan 1. nóvember skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Því, sem á vantar til að standa straum af þörfum kaupstaðarins, skal jafnað niður á kaupstaðarbúa eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal bæjarstjórnin ræða á tveim fundum með viku bili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar. Skal áætlunin síðan vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Hún skal lögð fram innan 15. nóvember kaupstaðarbúum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á kaupstaðarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

19. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá ársútsvarinu tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja aukaútsvar á þá atvinnu, þótt ekki sje hún rekin nema átta vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Á hvalveiði, selveiði, síldveiði, síldarkaup og síldarsölu, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á atvinnu útlendra og innlendra skipa við síldarverkun á höfninni, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt

engin ábúð fylgi, og á lóðarafnot, ef lóðarafnotin gefa einhvern arð, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

20. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að kaupstaðarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

21. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa fimm menn, og skulu þeir kosnir í októbermánuði á sama hátt og bæjarfulltrúar. Þeir skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara tveir frá að þremur árum liðnum eftir samkomulagi eða hlutkesti. Um setu í niðurjöfnunarnefnd gildir að öðru leyti sama og fyr segir um bæjarstjórn, að því er við getur átt. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefnd kýs formann úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu og um bæjarstjórn, (sbr. 12. gr.).

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja kaupstaðarbúum til sýnis 1. til 15. desember á hentugum stað, er niðurjöfnunarnefnd auglýsir.

Kærur yfir niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefnd skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun niðurjöfnunarnefndarinnar má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum sje slept af skránni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að manni sje slept, skal honum gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fella úrskurð sinn.

Eigi má bæjarstjórn bæta manni á niðurjöfnunarskrá, nema gjald hans nemi að minsta kosti hinu lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldið lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram þegar bæjarstjórnin ákveður, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun

fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, er áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma á sama hátt sem fyr greinir.

23. gr.

Verði ágreiningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og annars sveitar- eða bæjarfjelags um það, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, skal stjórnarráðið skera úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í kaupstaðnum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

24. gr.

Öll bæjargjöld eftir aðalniðurjöfnun skulu goldin að helmingi fyrir 1. febrúar og að helmingi fyrir 1. ágúst. Þó skulu þeir, er eiga ekki heima í kaupstaðnum, en fara burt á gjaldárinu, hafa greitt útsvar sitt áður en þeir fara á brott; en útsvör eftir aukaniðurjöfnun skulu goldin eftir ákvæðum bæjarstjórnar í hvert sinn, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og líka allar aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig alfarinn úr kaupstaðnum innan ársloka, fellur alt það gjald niður, sem er lagt á hann sjálfan fyrir það ár, sem fer í hönd, ef maðurinn hefir greitt útsvar hjer á landi fyrir gjaldárið á undan. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem flytur sig inn í kaupstaðinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er að eins skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega oddviti bæjarstjórnar skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje tryggilega, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt, og hver sje hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri greiða neitt, nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim, er þau eiga undir.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem kaupstaðurinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smiðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórnarráðinu eða hagstof-

unni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um tólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki beinlínis á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokin, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar. Lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kaupstaðarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi þrjú ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir og rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningi bæjarsjóðs innan mánaðar frá því að þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, sem úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum, svörum og úrskurðum. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með þarf, og ef nauðsyn ber til getur stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglu-

firði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með rafleiðslu og vatnsleiðslu bæjarins, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

Þurfi að taka vatn eða vatnsafl í landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hvers kyns mannvirkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartaka og torfrista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem slík mannvirki hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum.

34. gr.

Með samþykt þeirri, sem getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn kaupstaðarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þar með úr gildi numin 4.—37. gr. laga um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30, 22. nóvember 1918.

Greinargerð.

Á fjölmennum þingmálafundi í Siglufirði 18. júní síðastl. var frumvarp þetta samþykt með öllum atkvæðum og þingmönnum kjördæmisins falið það til flutnings, og þess jafnframt vænst, að háttv. Alþingi samþykki þessi nýju bæjarstjórnarlög.

Ástæður fyrir frumvarpinu eru hinar sömu og teknar voru fram á vorþinginu síðastl. ár, og virðist því ekki bein þörf að taka þær enn fram. Skal að eins getið þeirra atriða, er einkum urðu þess valdandi, að frumvarpið gekk ekki fram í þeirri mynd, sem það var flutt upphaflega, sem sje þeirra:

1. að það bakaði landssjóði allmikinn kostnað, og
2. að þörfin væri ekki brýn.

Fyrra atriðið virðist á mjög litlum rökum bygt, og vísast í því efni til fundargerðar þeirrar, er áður er getið og liggur frammi á lestrarsal Alþingis.

Síðari ástæðan stafar sýnilega af ókunnugleika á innra ásigkomulagi Siglufjarðar hin síðari ár og afstöðu hans til aðseturs sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

(A. XXXIII, 5).

Ed.

105. Frumvarp

til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra.

   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni, sherry, portvíni, malaga, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
4. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

   Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.
5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.

   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^3/_4$ og þar yfir telst sem heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem

hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXXII, 2).

Nd. **105. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin athugaði fyrst, hvaða ástæður stjórnin hefði haft fyrir einkasölu hrossa í ár. Við þá athugun sá nefndin ýmislegt, sem mælti með einkasölunni, svo svo:

1. Málaleitun dönsku stjórnarinnar til íslensku stjórnarinnar um einkaútflutning og sölu á hrossum.
2. Álit margra landsmanna um, að einkasalan hækkaði verðið og bætti útflutninginn. Því til sönnunar er ályktun frá sýslunefnd Skagfirðinga.
3. Líkur til, að stjórnin kæmist að betri samningum um flutningsgjald fyrir hross með skipum en einstakir menn.

Hr. Thor Jensen, formaður útflutningsnefndar, sem staðið hefir fyrir hrossasölunni erlendis, hefir látið nefndinni í tje upplýsingar um markaðshorfur

fyrir íslenska hesta og tilboð, sem fram hafa komið. Sjest glögt á brjefum og skeytum um málið, að salan hefir verið örðug. Danskir hestar hafa fallið í verði fast að helmingi síðan í fyrra; vonlítið þess vegna eða vonlaust að fá sama verð og í fyrra fyrir íslenska hesta. Samningaumleitanir byrjuðu um miðjan maí. Um 21. maí gerðu húsmannafjelögin dönsku boð í 2000 hesta, 4—8 vetra, 48″ að stærð og þar yfir, við skipsfjöl, fyrir 475 kr. hvern, er borgast áttu við afhendingu í Danmörku. Tilboðið var bundið við einkasölu. Krafist var svars fyrir 4. júní.

5. júní kom fram tilboð frá Brödr. Zöllner og P. Westergaard & Sön um kaup á 3000 hestum. En það eru hinir einu kaupmenn í Danmörku, auk Jensens, sem nú er fyrir húsmannafjelögin, er hafa keypt hesta á Íslandi. Verðið var:

Fyrir hross	4—8 vetra,	50″	og þar yfir	400 kr.
— —	4—8 —	48—50″		340 —
— —	3 —	46″	— — —	280 —

Ekki mátti vera nema $^1/_4$ 3 vetra. Borga átti við afhendingu í Kaupmannahöfn. Í tilboðsbrjefinu stendur, að markaður sje ekki fyrir fleiri hesta í Danmörku, nema með miklu lægra verði. Aðrir hestar máttu ekki koma á markaðinn frá Íslandi í ár. Tilboðsfrestur var til 17. júní.

Sama dag gerði Louis Zöllner í Newcastle tilboð í 1000—2000 hesta, flutta til Englands. Verðið átti að vera:

Fyrir hesta	4—8 vetra (ekki hryssur)	390 kr.
— —	3 — — —	280 —

Í Svíþjóð var rannsakaður markaður fyrir hesta, en þar var engin eftirspurn eftir þeim, nema þá fyrir mjög lágt verð.

Um mánaðamótin maí—júní var farið að þinga um hestakaup við nýjan hestakaupmann danskan, Trygg Levin Hansen. Komst það svo langt, að hann var talinn bundinn við þannig lagað tilboð, að kaupa alla íslenska hesta, sem út yrði fluttir í ár, fyrir þetta verð:

600 kr.	4—8 vetra	48″	og þar yfir.
500 —	3 —	48″	— — —
400 —	3 —	46—48″	

Skyldi kaupandi greiða flutningsgjald og fóður, en ekki ábyrgð. Hjer var um langtum betra verð að gera en annars var kostur á. En þegar á átti að herða, hvarf maðurinn frá þessu boði. Samt hófust samningatilraunir við fjelaga hans, Poulsen Karise, og meðfram fyrir það, að líkindum, að Levin Hansen fjelagi hans hafði gengið svo langt, náðust loks samningar við hann.

Samningur sá, er náðist við hann og þá fjelaga, og nú er bindandi, er í aðalatriðum á þessa leið: Útflutningsnefndin skuldbindur sig til að selja kaupanda 4000 hross, er sje komin af stað til útflutnings fyrir miðjan október, þó svo, að ef skiprúm skortir fram að þeim tíma, verður eigi krafist meiri tölu en þá er fengin. Verði hestatalan fram yfir 4000, áskilur kaupandi sjer forkaupsrjett einnig á þeim hestum. Noti hann eigi forkaupsrjett sinn, má selja þá öðrum í Danmörku, þegar 8 dagar eru liðnir frá því síðasti farmur hinna hestanna er afhentur. Þar á móti er frjálst, að nefndin selji til Englands hve nær sem er þá hesta, sem hún hefir umfram. Verð hestanna er:

600 kr.	fyrir	hross	4—8	vetra	48″	og þar yfir.
500 —	—	—	4—8	—	47—48″	
500 —	—	—	3	—	48″	— — —
400 —	—	—	3	—	46—48″	

Af þessu greiðir seljandi allan kostnað innanlands, hey, flutningsgjald og almenna sjóábyrgð, en að öðru leyti tekur kaupandi við hestunum á sína ábyrgð á höfn hjer og greiðir verð þeirra, þá er þeir eru komnir um borð og sjóábyrgðargjald greitt. Setur hann nægilega bankatryggingu fyrir því, að verðið sje jafnóðum til taks í Kaupmannahöfn, þá er hver farmur fer og símskeyti koma um tölu hrossanna og tegund. Gegn samningsrofi hefir kaupandi sett trygging í banka, hálfa miljón króna.

Áður en tilboðin hækkuðu var í ráði að láta lausa söluna, með það þó fyrir augum, að verðið kynni að verða 200—400 kr. í hæsta lagi fyrir hvern hest. En þegar vænkaðist með tilboð, var haldið áfram á sama grundvellinum og samningar gerðir. Óvíst hvaða verð hefði fengist, ef sala hefði verið frjáls. Allmiklar líkur til, að verra verð hefði fengist en þetta á jafnmörgum hestum, ef margir voru frambjóðendur og milliliðir. Og engar upplýsingar hefir nefndin getað fengið um, að kostur sje eða hafi verið á hærra verði. Líkur eru til, að hægt hefði verið að selja fáa hesta, svo sem einn skipsfarm, sæmilegu verði í frjálsri sölu, en það væri að sjálfsögðu ekki neinn sannur mælikvarði á söluhorfum yfirleitt. Eftirspurn eftir íslenskum hestum hefir sýnilega verið fremur dauf, og er það skiljanlegt, þar sem danskir hestar hafa fallið svo mjög í verði.

Umsamið flutningsgjald er 100 kr. fyrir hvert hross; hefði verið minst 25 kr. hærra, ef stjórnin hefði ekki annast útflutninginn.

Að athuguðum þessum upplýsingum leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 17. júlí 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Jón Jónsson, ritari. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Sigurður Sigurðsson.

(B. III, 3).

Nd. **107. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Benedikt Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Orðin: »Verði vatnastjórn skipuð« o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr ríkissjóði.

(A. XXIX, 2).

Ed. **108. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eftir að nefndin hefir athugað frumvarp þetta, ásamt athugasemdunum við það, hefir hún orðið sammála um það að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt að efni til.

Fyrir nefndinni lá brjef frá hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd til forsætisráðherra, dagsett 30. maí 1919, þar sem nefndin leggur til, að 1. gr. í þessu frv. og 1. gr. í frv. til laga um skrásetning skipa (nr. 27) sje orðuð þannig, að annaðhvort íslenskur ríkisborgararjettur eða lengri dvöl í landinu, svo sem t. d. 5 ára dvöl samfleytt, sje gert að skilyrði fyrir því, að maður fái skrásett skip sitt í landinu; en þessu fylgir sú tillaga frá meiri hluta nefndarinnar, að skilyrði þau, er sett eru hlutafjelögum og stjórnum þeirra í dönskum og íslenskum siglinga- og skrásetningarlögum, um heimilisfang og bústað, eigi sjer ekki stað milli Íslands og Danmerkur innbyrðis.

Nefndin tók þessar tillögur til yfirvegunar og komst að þeirri niðurstöðu, að leggja til að frumvarpið yrði látið ganga fram óbreytt í aðalatriðum, og þá sjerstaklega að því, er kemur til búsetu í landinu sem skilyrði fyrir skrásetningu skipa, búsetu stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga og heimilisfangs fjelags, og láta þetta ganga jafnt yfir alla íslenska og útlenda menn.

Að því er lýtur að hinu atriðinu, að gera undantekningu um búsetuskilyrðin, að því er danska ríkisborgara snertir, og þá auðvitað einnig íslenska, þá vill nefndin ekki fallast á það, eins og þegar er tekið fram, en hún vill bæta við ákvæðum í frv. (3. breytingartillaga), er tryggja eigendum þeirra skipa, sem löglega hafa verið tekin upp á skrá yfir íslensk skip eða verið skrásett á Íslandi fyrir 1. des. 1918, rjett til að hafa þau skrásett þar áfram, þótt þeir uppfylli ekki skilyrðin um búsetu í landinu samkvæmt frv. þessu. Hið sama gildir þá um hlutafjelög. Lengra treystir nefndin sjer ekki að ganga í þessu efni, og nær þetta undantekningaratriði að eins til þeirra skipa, sem skrásett hafa verið fyrir 1. des. 1918, en ekki til þeirra skipa, sem eru eða kunna að verða eign þeirra manna eða fjelaga, er ákvæði þetta nær til, og ekki hafa verið skrásett hjer fyrir 1. des. 1918, enda þótt eigendur þeirra uppfylli þau skilyrði fyrir skrásetning skipa, er áður voru í gildi. Að sjálfsögðu hafa skip þessi, sem breytingartillagan nær til, rjett til að hafa íslenskan fána.

Þá leyfir nefndin sjer að leggja til, að orðalagi 2. gr. verði breytt þannig, að skirar komi fram, hvað er hið eiginlega skilyrði fyrir því, að skuld, trygð með veði í skipi, fellur í gjalddaga, sem sje það, að skipið er strikað út af skrá yfir íslensk skip.

Nefndin leyfir sjer þannig að leggja til við háttv. deild, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 2. gr. Fyrir »að öðrum ástæðum« komi:
af öðrum ástæðum.
2. — — — Í stað orðanna »eða skipshlutinn« og til enda greinarinnar komi:
er strikað út af skránni yfir íslensk skip.
3. Á eftir 3. gr. komi ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út af skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.
4. 4. gr. verði 5. gr.

Alþingi, 17. júlí 1919.

Karl Einarsson, form. og ritari. M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson.

(B. XXX, 1).

Nd. **109. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Einar Árnason.

1. gr.

Í 4. gr. í lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., komi fyrir »10 kr.«:
100 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir óþarfa hundum fjölgað mjög mikið hjer í landi, einkum í kauptúnum og við sjávarsíðuna. Er sú fjölgun allsendis óþörf, enda ekki hættulaus heilbrigði manna. Rjett er því að leggja nokkrar hömlur á það, að hver einn geti gert sjer það að leik að halda óþarfa hunda, án þess að greiða nokkurn verulegan skatt af þeim. Verði þessi breyting á lögunum samþykt, er ekki ólíklegt, að hún dragi nokkuð úr óþörfu hundahaldi.

(A. XXXVI, 5).

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar síldar (108—120 lítra), í hverjum umbúðum sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera 4 kr. Gjaldið, sem lögreglustjórar innheimta, greiðist og af síld þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi og 1. og 4. töluliður í lögum frá 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

(A. XXV, 3).

Ed. **111. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 500 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að sá, er brotlegur verður gegn samþyktinni, skuli, auk sekta, greiða í viðkomandi bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXXVIII, 5).

Nd. **112. Frumvarp**

til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skilgetið barn verður íslenskur ríkisborgari, ef faðir þess er það, og óskilgetið, ef móðir þess er það.

2. gr.

Nú er maður fæddur á Íslandi, en á þó eigi ríkisfang þar samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá íslenskan ríkisborgararjett, ef hann hefir haft þar samfleytt heimilisfang þar til hann er fullra 19 ára, hvort sem hann er fæddur áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi, enda hafi hann eigi síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði eigi að öðlast íslenskan ríkisborgararjett, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Slík yfirlýsing dugir þó eigi niðjum hans.

3. gr.

Kona fær ríkisfang manns sins. Sama er um ósjálfráða börn, er þau hafa saman átt áður en þau gengu að eigast.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararjett með lögum. Fer þá um konu manns og börn þeirra eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvís um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs, og slíkt hið sama kona hans og skilgetin börn ósjálfráða, nema þau hafi heimilisfang á Íslandi og haldi því. Ef kona þess, er tekið hefir ríkisfang annarsstaðar, eða börn, fylgja ekki því ríkisfangi, þá skulu þau ávalt halda ríkisfangi sínu á Íslandi.

Nú vill maður gerast ríkisborgari í öðru landi, getur konungur þá leyst hann undan því að hafa ríkisfang á Íslandi, enda skal hann hafa tekið ríkisfang erlendis innan ákveðins tíma.

6. gr.

Kona missir íslenskan ríkisborgararjett, ef maður hennar hefir hann eigi. Sama er um börn, sem þau áttu saman áður en þau gengu að eigast, og þá voru ósjálfráða.

7. gr.

Nú breytist ríkisfang konu á Íslandi sakir giftingar, og haggar það eigi ríkisfangi þeirra barna, er hún hefir átt við öðrum en bónda sínum.

8. gr.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá eiga ríkisfang á Íslandi, þar til annað reynist sannara.

9. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hjer segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, og eigi myndi vera orðnir íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararjetti, en hafa þó rjett til að áskilja sjer íslenskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráða barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráða barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

10. gr.

Nú fær maður íslenskt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisföst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráða börn, ef faðir þeirra verður íslenskur ríkisborgari, og óskilgetin ósjálfráða börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar, en hafa þó rjett til að áskilja sjer danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslið, segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar ásamt konum og börnum, svo sem í 10. gr. segir.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenskur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

13. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. des. 1918.

(B. XXXI, 1).

Ed. **113. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson og Magnús Kristjánsson.

Eftir fyrstu málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, komi svo hljóðandi málsgrein:

Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill að eins stýra sinni eigin bifreið eða nánasta skyldmennis og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

Greinargerð.

Vegna þess, hve hestaeign er orðin dýr og nærri ókleif fyrir flesta, sem í kaupstöðum búa, einkum hjer í Reykjavík, þá eru menn farnir að reyna að bæta úr þessari vöntun með því að eignast bifreiðar einungis til eigin nota. En nú getur staðið svo á, að maður, sem sjálfur getur ekki stýrt bifreið, hafi son sinn, fósturson eða annan nákominn heimilismann, er fullnægir öllum skilyrðum til þess að stýra bifreið, en vantar að eins aldurinn (21 ár), þá er hart að geta ekki notað hann, þá sjaldan bifreiðin er notuð, en of dýrt og ekki hægt að fá bifreiðarstjóra, sem hefir það starf fyrir aðalatvinnu.

Má því búast við, undir þeim kringumstæðum, að bifreiðin standi ónotuð, hvað mikið sem eigandanum liggur á.

(A. XXV, 4).

Ed. **114. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá Magnúsi J. Kristjánssyni.

Við 1. gr.

a. Við 2. málsgrein:
Í stað orðanna »alt að 500 krónur« komi:
alt að 200 krónur.

b. Síðasta málsgrein falli burt.

(B. XXXII, 1).

Nd. **115. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag 3 krónur fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Hreppsvegagjald er 2 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 6 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði fyrsta og annars málsliðs í 20. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og fyrri málsgr. 3. gr. laga nr. 41, 11. júlí 1911.

Greinargerð.

Á fundi sýslunefndarinnar í Árnessýslu í vor, 25. apríl til 3. maí, var samþykt áskorun til þingmanna sýslunnar um að útvega sýslunni lagaheimild til þess að mega hækka sýsluvegagjaldið og hreppsvegagjaldið, alt að 9 kr.

Samskonar fundarályktun var og gerð á tveimur þingmálafundum í sýslunni í sumar (27. og 28. júní).

Ástæðan fyrir þessari kröfu sýslunefndar og hjeraðsbúa er hinn geysimikli kostnaður, sem á sýslunni hvílir út af vegaviðhaldinu í henni, einkum þjóðveginum frá Ingólfsfjalli að Þjórsá, svo og öðrum vegum innan sýslunnar. Sýslusjóðsvegagjaldið, sem nú er, hrekkur hvergi nærri til greiðslu á þessum kostnaði. — Í öðru lagi er þess að gæta, að peningar hafa fallið í verði, svo sem kunnugt er, síðari árin, er munar því sem næst þeirri hækkun á sýslusjóðsvegagjaldinu, sem hjer er ráðgert.

(B. X, 2).

Ed. **116. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breytingar á lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög. Telur hún frumvarpið yfirleitt til bóta og er því eindregið fylgjandi í öllum aðalatriðum. En það álit kom fram, að 5. gr. frumvarpsins mundi ganga of nærri eignarrjetti landeiganda. Þetta tekur nefndin til greina og kemur fram með svo felda

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 5. gr.

Á eftir orðunum: »Leiguliðum, sem hafa innstæðukúgildi á ábúðarjörðum sínum, er heimilt«, í upphafi greinarinnar, komi:
með samþykki landsdrottins.

Alþingi, 18. júlí 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	Sigurjón Friðjónsson, framsögumaður.

(B. XXXIII, 1).

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir 1 mann ..... 250 kr.
— — — 2 menn ..... 300 —
— — — 3 — ..... 350 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 600 kr. á bifreið.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til vöruflutninga, greiða 200 kr. skatt á ári.

Undanþegnir gjaldi þessu eru vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti árið 1920, og innheimtist af lögreglustjóra þar sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1919, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýst. Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýt. Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum.

3. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í ríkissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem fjármálaráðherra skipar fyrir.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að bifreiðar spilla mjög vegum, og jafnkunnugt er það, að þeim fjölgar nú mjög hjer á landi, einkum í Reykjavík. Það virðist því sanngjarnt að skatta þær, til þess að ríkissjóður fái að nokkru bættan skaða sinn af vegasliti því, er þær valda. Hinar eiginlegu mannflutningabifreiðar má og telja arðvænlegar; ættu þær því vel að þola þennan skatt. Hið sama er um vöruflutningabifreiðar. Hinar minni bifreiðar (bifhjól) og bifreiðar, sem eingöngu eru ætlaðar til eigin nota, en eigi leigu, virðist eigi heldur ástæða til að undanþiggja skatti. Vera má, að nauðsynlegt sje að hækka bifreiðataxtana vegna skattsins, og er það á valdi landsstjórnarinnar. Tilgangur frv. er alls eigi sá að gera tilraun til að eyðileggja þennan atvinnuveg, heldur að láta bifreiðarnar greiða tillag til vega landsins. Hins vegar verður því eigi neitað, að mörgum þykir sem bifreiðunum hafi fjölgað of ört og fjöldi þeirra sje eigi í rjettu hlutfalli við notkunarþörfina.

Hjer í Reykjavík munu nú vera skrásettar um 140 bifreiðar, og nokkrar eru í Hafnarfirði, í Árnessýslu, Borgarfirði og víðar. Sennilegt er, að bifreiðar hjer á landi verði bráðlega um 200, og sje gert ráð fyrir 400 kr. meðalskatti á ári, yrði tekjuaukinn af þessu frv. um 80000 kr. á ári.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Sigurður Sigurðsson, er ósamþykkur frv. um skatt af vöruflutningabifreiðum. Vill hann ekki skatta þær neitt.

(B. V, 1).

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um vatnorkusjerleyfi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson og Einar Arnórsson.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

Landsstjórn merkir: ráðherrar landsins á ráðstefnu.

Vatnastjórn merkir þann eða þá, er lögum samkvæmt hefir á hendi stjórn vatnamála.

Hjerað merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

Innlendur er hver sá, sem búsettur er á Íslandi, og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

Útlendur er hver sá, sem ekki getur talist innlendur samkvæmt þessum lögum.

Umsækjandi er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Sjerleyfishafi er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnorku-sjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Virki merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

Miðlunarvirki merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

Orkuver merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkulíki, svo sem miðlunarvirki og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnorkuvjelanna með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

Orkuveita merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

Iðjuver merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

Fyrirtæki merkir: það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

Vatnasjóður er sjerstakur sjóður, sem er þjóðareign, og skulu í hann renna öll sjerleyfisgjöld og sektarfje, sem inn er heimt samkvæmt þessum lögum, og sjóðnum varið í vatnorkuþarfir almennings á þann hátt, sem Alþingi mælir fyrir.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði.

2. gr.

1. Engum öðrum en ríkinu er heimilt að virkja fallvatn (foss eða hávaða) til orkunýtingar, nema landsstjórnin leyfi.

2. Þetta gildir þó ekki um fallvötn, sem hafa ekki að staðaldri yfir 200 eðlishestorkur, með hæfilegri miðlun, nje heldur fallvötn, sem hjeraðsstjórn, með samþykki vatnastjórnar, virkjar til þess eins að fullnægja raforkuþörf almennings í hjeraðinu. Vatnastjórn getur og með samþykki sínu heimilað orkuveitufjelögum með staðfestri orkuveitusamþykt að virkja fallvötn í sama tilgangi án þess að sjerleyfisskilyrði þessara laga komi til greina.

3. Ef vafi leikur á um fallvatn, hvort orkumagn þess sje svo mikið, að leyfis þurfi, þá skal fá vatnastjórn það mál til rannsóknar; úrskurður hennar að lokinni rannsókn um orkumagn fallvatnsins skal vera fullnaðar-úrskurður.

III. KAFLI.

Um sjerleyfi til handa innlendum mönnum.

3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi landsstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, svo sem með því að stofna þjóðerninu í hættu vegna mikils innflutnings á erlendum verkalýð, eða raska jafnvægi atvinnuveganna, og þá með þeim nánari skilyrðum, sem landsstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.

2. Sama gildir um

a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna.

b) stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almennings heilla.

Umsóknir um vatnorku-sjerleyfi.

4. gr.

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda vatnastjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjanda.

2. Nafn eða lýsing á því vatnsfalli eða stöðuvatni, sem hugsað er til að taka vatn úr.

3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.

4. Vatnsmagnið alt (í tenm. á sek.) á þeim stað þar sem vatn skal tekið upp, í minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.

5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna; þess getið, hvað þau virki muni kosta.

6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað til stendur; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll þau mannvirki; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve margar hestorkur nýtast á vatnshjóli; hvort og þá hve nær hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.

7. Lýst þeim landsspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum, nefndir eigendur þeirra.

8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkurt þeirra muni biða baga af orkuverinu, og þá hver og hvernig.

9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.

11. Til hvaða iðju orkan er ætluð, að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju, eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.

12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er, að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.

14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.

15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) orkuver, b) orkuveita, c) iðjuver til hagnýtingar á orkunni, d) samgönguvirki.

16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hvað því er til sönnunar, að það muni takast.

17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slika umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

Vatnastjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað.

5. gr.

1. Þegar vatnastjórn hefir fengið frá umsækjanda svo nákvæma lýsingu á því fyrirhugaða fyrirtæki, uppdrætti, áætlanir og aðrar upplýsingar, að hún telur gerlegt að sinna umsókninni og svara, þá skal vatnastjórnin taka til íhugunar, hvort þetta fyrirtæki er þannig vaxið, að fallvatnið verði ekki virkjað á annan hagkvæmari hátt, og hvort það horfi til svo mikilla hagsmuna fyrir almenning, sem auðið er.

2. Jafnframt skal vatnastjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálægra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf huga á því að virkja þetta fallvatn í almennings þarfir, og þá hve nær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk.

6. gr.

1. Ef vatnastjórn kemst að þeirri niðurstöðu, að fallvatnið verði ekki virkjað á annan hagkvæmari hátt, og að virkjun sú, sem umsækjandi fyrirhugar, horfi til svo mikilla hagsmuna fyrir almenning, sem auðið er, enda þyki ekki ástæða til að synja um sjerleyfi vegna væntanlegrar notkunar fallvatnsins af hálfu hjeraðsstjórnar, þá getur landsstjórnin veitt umsækjanda sjerleyfi, ef vatnastjórn mælir með því, til að veita úr farvegi og hagnýta vatn úr því vatnsfalli.

2. Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmt, að vatnastjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að itarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. myndu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá landsstjórnin, ef vatnastjórn mælir með því, veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að landsstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn. Í þessu rannsóknarleyfi skal þó aldrei felast neitt fyrirheit um sjerleyfi, og forgangsrjetturinn ekki merkja annað en það, að verði sjerleyfi veitt, þá skuli leyfishafi ganga fyrir öðrum, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

7. gr.

Hvert vatnorku-sjerleyfi skal meta svo sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sje ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

8. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.

3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 10. gr.

4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabrjefa eða frumdrátta, er vatnastjórn hefir samþykt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.

5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi, og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistímanum.

6. Hvaða árgjald greiða skuli frá þeim degi, er sjerleyfið er veitt og þar til er 25 ár eru liðin, af hverri hestorku, og á hvern hátt ákveða skuli það hestorkutal, sem gjaldskylt er, sbr. 11. og 12. gr.

7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenningi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 13. og 14. gr.

8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 16. gr.

9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 15. gr.

10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi þarf að geta tekið lögnámi í þarfir fyrirtækisins.

11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfisskilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því honum er tilkynt samþykki landsstjórnar á fullnaðardráttum.

12. Að vatnastjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits, og að hann skuli greiða allan kostnað af því eftirliti.

13. Önnur skilyrði, sem landsstjórnin telur nauðsynleg til almennings heilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn fjelagsins, sbr. 25. gr.

9. gr.

Í sjerleyfi má setja ákvæði um þessi atriði:

1. Hvort og þá með hvaða skilyrðum sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft

heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

2. Að sjerleyfishafi greiði þann kostnað, er hlýtst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.

3. Að sjerleyfishafi greiði þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almennings nota, að svo miklu leyti sem landsstjórnin telur það verða mega, án verulegs óhagræðis eiganda.

4. Að sjerleyfishafi ábyrgist framfærslusveit framfærslufúlgur þær, er hún kann, lögum samkvæmt, að fá kröfu til á hendur starfsmönnum eða verkamönnum við byggingu og rekstur orkuversins eða iðjuvera þeirra, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans, þeim er eigi eiga framfærslusveit hjer á landi.

5. Að íslenskum atvinnuvegum skuli veittur kostur á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða, og skal landsstjórn ákveða verðið eftir tillögum vatnastjórnar.

6. Að sjerleyfishafa skuli skylt að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestorkutölu eða orku eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem landstjórnin ákveður eftir tillögum vatnastjórnar, og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Landsstjórnin setur, eftir tillögum vatnastjórnar, reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. og 13. og 14. gr.

Um tímalengd sjerleyfis.

10. gr.

Í sjerleyfi skal til taka tímalengd hvers sjerleyfis, og má hún aldrei fara fram úr fimmtíu og fimm árum, að telja frá þeim degi er sjerleyfi var veitt.

Um sjerleyfis-árgjöld.

11. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi, og má miða það við þá hestorkutölu, sem hagnýtt er eða heimilað er að hagnýta.

2. Landsstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aurum og ekki meiru fyrstu 25 árin en 5 kr. af hverri eðlishestorku, talið eftir því miðlungs-orkumagni, sem fallvatnið að loknum virkjunum getur látið í tje.

3. Fyrsta árgjaldið skal greiða um leið og sjerleyfið er veitt, fyrir það sem óliðið er af því almanaksári. Upp frá því skal greiða árgjaldið fyrirfram 2. janúar ár hvert.

4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 25 ár eru liðin frá því að sjerleyfi var veitt, nema landsstjórn og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður

ákveðið, má svo breyta, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverri hestorku.

5. Ef landsstjórn ætlar að hækka sjerleyfis-gjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa aðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.

6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert aðvart, má hann, ef vill, senda landsstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hann ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.

12. gr.

1. Ef sjerleyfishafi vanrækir að greiða einhver árgjöld eða önnur gjöld, sem á honum hvíla eftir þessum lögum, þar á meðal sektir, og sex mánuðir eru liðnir frá rjettum gjalddaga, þá skal landsstjórnin, hafi það ekki þegar verið gert, gera honum aðvart um það, hvað hann á vangoldið, og krefjast greiðslu innan 8 vikna.

2. Nú lýkur þeim 8 vikna fresti, án þess að skuldin sje goldin, og skal þá fara um málið sem önnur sjerleyfisbrot.

Um verðlag á orku.

13. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða

a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu,

b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur en 300 kilóvöttum til sama kaupanda,

c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almennings þarfir ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.

2. Ef honum býðst kaupandi að orku, utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kilóvöttum, þá má vatnastjórn leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.

3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kilóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi, ef landsstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Landsstjórn er heimilt að veita slík orkuleyfi, ef vatnastjórn telur það ekki fara í bága við orkuþarfir almennings og mælir með því, en jafnan skal landsstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er landsstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, mundi fara í bága við hagsmuni almennings.

14. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 13. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem landsstjórnin setur, eftir tillögum vatnastjórnar, og skal verðið miðað við tilkostnað án álagningar, nema álagning hafi verið heimiluð sjerleyfishafa.

2. Áður en gjaldskrá er sett, skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta afnotarjett sinn af vatninu eða sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærri en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.

3. Þegar vatnastjórn lætur uppi gjaldskrár-tillögur sínar, skal hún bera greinargerð sjerleyfishafa saman við þær rannsóknir, skýrslur og úrskurði, samkvæmt 22. og 24. gr., sem það mál skifta.

4. Hafi sjerleyfishafi, að dómi vatnastjórnar, metið tilkostnað sinn of hátt, þá má landsstjórnin miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hann álítur að frekast verði tekinn til greina.

5. Nú hefir rekstrarkostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, að dómi vatnastjórnar, eða ráðdeildarskorti, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef rekstur-inn væri í góðu lagi og útsölunni á orkunni haganlega fyrir komið. Skal vatnastjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.

6. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.

7. Ef kærur berast frá almenningi þess í milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann bíði tjón af sölunni, skal vatnastjórn reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má þá landsstjórnin, eftir tillögum vatnastjórnar, breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða hækka, ef hún telur það rjettmætt.

Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

15. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt, skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim.

2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun skal senda vatnastjórn til athugunar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaðar fyrir almenning sem best má verða.

3. Ef vatnastjórn mælir með því, getur landsstjórn síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að

láta í tje hvers konar frekari upplýsingar, sem krafist kann að verða af honum í samræmi við ákvæði þessara laga.

4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlun samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá vatnastjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt, að landsstjórnin hafi

a) samþykt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála,

b) samþykt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða

c) neitað um samþykki sitt, og sjerleyfinu þar með slitið.

Mannvirkin reist.

16. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 6 mánuðum eftir að honum barst samþykki landsstjórnar samkvæmt 15. gr. Skal hann halda verkinu áfram, án þess hlje verði á, önnur en þau er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem landsstjórn samþykti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

17. gr.

Þegar landsstjórnin hefir veitt sjerleyfi, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, svo og að þola hverskonar atnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst eigi.

18. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum, fyr en honum hefir verið tilkynt samþykki landsstjórnar samkvæmt 15. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkrir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.

2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykt hafði verið (15. gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda landsstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur landsstjórnin, ef vatnastjórn mælir með því, leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem landsstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir ef hann sækir um framlenging á þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin.

19. gr.

1. Vatnastjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til að gæta

þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

2. Í lok hvers árs, meðan á verkinu stendur, skal sjerleyfishafi greiða eftir reikningi öll útgjöld, sem hlotist hafa af þessu eftirliti.

20. gr.

1. Ef verkfræðingur er settur til eftirlits, samkvæmt 19. gr., þá er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá samþyktu fullnaðardrætti; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal vatnastjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.

2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir lítur, og getur vatnastjórnin þá skipað sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.

3. Sjerleyfishafa er skylt að senda vatnastjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið.

4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu, að virkin skyldu fullgerð, ber sjerleyfishafa, nema landsstjórnin hafi veitt frest (18. gr.), að senda vatnastjórn skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

Um viðhald og rekstur.

21. gr.

Sjerleyfishafi skal alla tíð halda við og hafa í gangi öll þau virki, sem sjerleyfi hans tekur til, á þann hátt, að vatnastjórn vilji við una.

Vatnastjórn skal heimilt, nær sem vill, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess; skal sjerleyfishafi greiða allan tilkostnað, sem hlýtst af slíkri rannsókn, þar með talið kaup eða vinnulaun þess kunnáttumanns, sem rannsóknin er falin, ef landsstjórnin krefst þess.

22. gr.

Þegar rannsaka skal

a) hversu mikið það vatnsmagn er, sem sjerleyfishafi safnar eða tekur úr farvegi eða notar, eða gæti safnað, tekið eða notað samkvæmt sjerleyfi sínu, eða

b) það orkumagn, sem hann aflar, eða gæti aflað úr því vatni, eða

c) ásigkomulag einhverra virkja, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu, sem við það er tengt, eða

d) hvort eitthvert sjerleyfis-skilyrði hefir verið haldið og rækt til fulls,

þá skal vatnastjórn, eða hver sá, er hún skipar til þess, hafa frjálsan aðgang að öllum hlutum þeirra virkja, sem getið var, og öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu; skal honum heimilt að framkvæma hvers konar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Er sjerleyfishafa þá skylt að hlíta úrskurði vatnastjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið

eða notað, eða unt væri að safna, taka eða nota, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti.

23. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af þeirri orku, sem seld er í almennings þarfir.

24. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Vatnastjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje á 8 vikna fresti skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Vatnastjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, nær sem vill, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

25. gr.

Hlutabrjef eða önnur eignarskirteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi samkvæmt 3. gr., verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara, eða veðsett öðrum en ríkinu, eða þeim er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr., eða Landsbanka Íslands. Landsstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og rikisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slík hlutabrjef eða eignarskirteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 32. gr. Sama gildir ef hluthafi eða eigandi eignaskirteina missir rjett til sjerleyfis samkvæmt 3. gr.

Að jafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

Sjerleyfis-skilyrðum breytt.

26. gr.

Nú vill sjerleyfishafi:

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breytingu er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir, og vitnað til í sjerleyfisbrjefi hans,

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (13. gr. 1. lið), og skal hann þá senda vatnastjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má landsstjórn leyfa breytinguna, ef vatnastjórn mælir með því; getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

Um framsal.

27. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild landsstjórnar til þess, og það enda þótt til standi að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.

2. Slíkt framsalsleyfi má landsstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir afnotarjettinn af vatninu eða önnur rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu, enda mæli vatnastjórnin með því, að leyfið sje veitt.

3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að landsstjórnin taki gilt, svo og þá skilmála, sem landsstjórnin kann að setja í framsalsleyfi sínu.

28. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema landsstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.

2. Nú hefir lánardrottinn tekið eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, fjárnámi, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.

3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar samkv. 2. tölul., eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur, eða framsal farið fram samkvæmt 27. gr., þá skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrottna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrirtækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.

4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg, að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að kaupandi, ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu samkvæmt sjerleyfi hans.

5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað að ríkinu frágengnu.

Um sjerleyfisdóm.

29. gr.

1. Ef landsstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdóm um það málefni. Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdómur verði látinn ganga um sök hans og nefna

sökina óg gefa honum kost á að koma á fund dómenda á tilteknum degi, að mánuði liðnum, í minsta lagi, og bera þar vörn fyrir sig. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdómi. Æðsti dómstóll á landinu nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdómur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 6 mánaða fresti frá því er hann tók við málinu.

2. Sjerleyfisdómur fellir fullnaðarúrskurð um það,

a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum,

b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltekinni sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfismálefninu sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

30. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem eitthvert sjerleyfi er bundið, varða sektum, alt að 5 kr. á hverja hestorku, sem heimiluð eru til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

31. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fólgið í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu, sem er til tjóns eða baga fyrir hagsmuni almennings, og það að nauðsynjalausu, og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu, að hafa lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í löglegt horf á tilteknum fresti, sem ekki má vera skemri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.

2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má ef það kemur oftar fyrir láta brot varða sjerleyfisriftingu.

3. Ef sjerleyfi er riftað, skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 28. gr.

32. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir 3. gr. þessara laga, tekur þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem þar um ræðir, eru ekki lengur fyrir hendi, eða sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. og fyrirmælum 28. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemri en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal landsstjórnin láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um það nauðungaruppboð sem segir í 28. gr.

3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki fullnægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi, og skal þá fara eftir ákvæðunum í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi, tilheyrir innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni, sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

Um sjerleyfisslit.

33. gr.

1. Ef vatnastjórn kemst að raun um það, að bæta megi stórum úr orkuþörfum almennings með því að stækka eða breyta orkuveri og orkuveitu, sem er eign einhvers sjerleyfishafa, þá getur landsstjórnin, ef vatnastjórn leggur það til, boðið sjerleyfishafa heimild samkvæmt 26. gr. til að gera þá breytingu á fyrirtækinu, sem vatnastjórn telur þörf á til hagsmuna fyrir almenning. Takist ekki samningur við sjerleyfishafa um þær breytingar, þá skal landsstjórnin hve nær sem er á sjerleyfistímanum eiga rjett á því að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna.

2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Landsstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar landsstjórn þá leysir slík virki til sín, þá skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:

a) Fallvatnið og allan afnotarjett sinn af vatni, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Allar landareignir sínar, þær sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningaruppphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.

c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar á þeim, en að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismissi, alt að því $^3/_4$% fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

34. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveita undir full yfirráð ríkisins.

2. Um bætur til sjerleyfishafa fer þá sem hjer segir:

a) Fallvatnið og allan afnotarjett sinn af vatni, svo og allar landspild-

ur, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið og orkuveituna, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Fyrir virki þau, er nýtileg verða talin að dómi vatnastjórnar til þeirrar hagnýtingar á fallvatninu, sem þá er fyrirhuguð, skal greiða bætur, eftir mati, ef samkomulagi næst ekki. Ef metið er, skulu matsmenn hafa hliðsjón af upphafskostnaði, rannsóknum og álitsgerðum vatnastjórnar, samkv. 22. og 24. gr., og fyrningu. Ekki skal bæta fyrir önnur mannvirki en þau, sem þá finnast, og ekki meira en svari því, að hve miklu leyti þau eru nýtileg til þeirrar notkunar á fallvatninu, sem fyrirhuguð er.

35. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda landsstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við þá gildandi fyrirmæli þar að lútandi.

2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal landsstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.

3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sín við hæfi landsstjórnarinnar, og áliti hún, að hans umsókn sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.

4. Nú ræður landsstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður þegar kemur að þeim degi, sem landsstjórn þá til tekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

5. Vatnastjórn skal þá hafa rannsakað hverjar landareignir sjerleyfishafa sjeu nauðsynlegar framvegis, og hver af virkjum hans geti talist nýtileg til þeirrar hagnýtingar á fallvatninu, sem fyrirhuguð er. Skal landsstjórnin jafnframt tilkynningunni um sjerleyfisslitin skýra sjerleyfishafa skriflega frá því, hver virki hans ríkið ætli að taka í sínar hendur og nefna þau. Er sjerleyfishafa þá óheimilt að taka burtu neitt af þeim virkjum, en skylt að halda þeim við, svo að þau gangi ekki úr sjer neitt að mun úr því, þar til ríkið tekur við þeim, enda skulu sjerleyfishafa greiddar bætur fyrir þau virki öll, samkvæmt 34. gr. 2. b.

6. Ef vatnastjórn telur einhver virki sjerleyfishafa óþörf eða gagnslaus til rekstrar á orkuverinu framvegis, þá skal landsstjórnin tilkynna sjerleyfishafa með árs fyrirvara í minsta lagi, áður hún leysir orkuverið til sín, hver þau virki hans eru, sem hún telst ekki geta notað sjer í hag framvegis. Bera sjerleyfishafa engar bætur fyrir þau virki. Skal landsstjórnin þá í þeirri sömu tilkynningu nefna þau virki, sem hún telur óhætt að taka í burtu, og er sjerleyfishafa þá frjálst að flytja þau burtu strax úr því.

IV. KAFLI.

Um sjerleyfi til handa útlendum mönnum.

36. gr.

1. Útlendir menn geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Heimilt er landsstjórn þá að setja þau frekari eða fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje stjórn þess að $^2/_3$ skipuð innlendum mönnum.

3. Nú fer umsókn samkvæmt 1. eða 2. tölul. fram á sjerleyfi til að virkja fallvatn, sem hefir yfir 5000 eðlishestorkur, þá gildir það enn fremur, að landsstjórnin getur að engu gert skilyrðin vægari en vatnastjórn leggur til. Ef umsækjandi vill ganga að skilyrðunum, skal sjerleyfið lagt fyrir Alþingi til samþyktar eða synjunar, enda sæti málið sömu meðferð á þingi sem lagafrumvörp.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bága við lög þessi.

Greinargerð.

Fátt mun nauðsynlegra en að halda jafnvægi milli atvinnuvega í landinu. Þegar því úrskurð skal gefa, hvort eða að hve miklu leyti virkjun orkuvatna í landinu skuli leyfð eður eigi, þá er það hin mesta nauðsyn, að ríkið hafi það í hendi sjer, hvort stóriðnað skuli leyfa, og að ráða, hve mikla byrjun megi leyfa og hve mikinn eða skjótan vöxt iðnaðarins. Jeg læt hjer fylgja brjef frá norskum vatnaverkfræðingi, í helstu röð, einum þeirra verkfræðinga, sem unnu að virkjun Rjukan í Noregi. Hann skýrir einmitt í brjefinu þessa nauðsyn.

Kristiania 20. august 1918.
Lökkeveien 9 II

[*Þýðing.*]

Herra docent, alþingismaður
Bjarni Jónsson frá Vogi.
Íslensku stjórnarskrifstofunni,
Kaupmannahöfn.

Við hittumst snöggvast í Osló og þá lofaði jeg yður að skrifa yður nokkur orð, og segja skoðun mína um þau áhrif, sem hinn hraði vöxtur norsku stóriðjunnar hefir haft á þjóðfjelagsmál og fjármál Noregs.

Herr Docent, altingsmand
Bjarne Johnson fra Vogi,
Islandske Ministerium,
Kjöbenhavn.

Ved vort korte samvær i Kristiania lovet jeg Dem at skrive etpar ord til Dem angaaende min mening om den indflydelse den hurtige utvikling av den norske storindustri hadde havt paa de sociale og ökonomiske forhold i Norge.

Þetta efni hefi jeg hugsað mjög nákvæmlega, svo sem gefur að skilja, þar sem jeg er einn þeirra verkfræðinga og fjármálamanna, sem nákvæmast hafa fylgst með þróun stóriðjunnar í landi voru, frá fyrstu byrjun hennar og hef stjórnað mörgum stærstu stóriðjufyrirtækjum landsins. Aftur á móti veldur því hið flókna eðli þessa málefnis, að jeg hefði gjarna óskað að hafa nokkru meiri tíma til að orða svar mitt, þegar jeg á að láta skoðun mína skriflega í ljósi og þjer óskið að nota það, sem jeg segi í þessu sambandi. En jeg skil, að þjer eruð að því kominn að hverfa heim til Íslands og viljið gjarna fá þetta brjef áður en þjer farið. Jeg skal því, eftir því, sem mjer er auðið, láta uppi álit mitt og lít jeg þá einkum til þeirra afdrifa og afleiðinga, sem þróun stóriðju hlyti að hafa í för með sjer, á Íslandi. Jeg geri hjer ráð fyrir, að þekking mín á Íslandi og íslenskum staðháttum sje ekki öllu meiri en venjulegt er hjer í Noregi.

Stóriðjan hófst í Noregi á síðasta tugi 19. aldar og í kring um aldamótin. Í fyrstu var hún bundin við notkun hinna miklu fallvatna kring um Osló. Þetta voru auðug, þjettbygð hjeruð og þar hafði einnig áður verið talsverð iðja. Fyrir því er ekki hægt að segja, að fyrstu stóriðjufyrirtækin hafi haft nein óheppileg áhrif, hvorki á þjóðfjelagsmál eða fjármál, *þegar á heildina er litið*, því að auðvitað fylgja svo að segja sjerhverri stóriðju, þar sem stórir flokkar eru verkamanna, ýmsar stærri eða minni þjóðlífsbyltingar innan hjeraðsins og ýmsir ókostir, sem þó fyllilega jafnast af þeim hagnaði, sem iðjunni fylgir, ef þróunin er jöfn og hæg.

Seinna meir, og þá einkum eftir að köfnunarefnisiðjan hófst hjer á landi, tók þróunin aðra rás og fór miklu hraðari fetum.

Þessu máli hefi jeg helgað mestan hluta tíma míns og vinnukraftar og jafnan mun jeg verða bundinn við stóriðjuna. Ekkert hefði verið mjer kærara, en að jeg hefði sjeð og getað sagt, að þróun og verkanir stóriðjunnar í landi

Dette er et spörgsmaal, som jeg selvfölgelig som en av de ingeniörer og forretningsmænd, der paa det nöieste har fulgt storindustiens utvikling i vort land helt fra dens förste begyndelse, og som leder av flere av landets största storindustrielle bedrifter vel i forholdenes medför har kommet til at reflektere ganske indgaaende over. Paa den anden side er dette et spörgsmaal, hvis indviklede natur gjör, at jeg nok, naar jeg i en forbindelse som denne De her önsker at benytte min uttalelse i skal gi min mening skriftlig tilkjende, gjerne skulde önsket at ha havt lidt mere tid til at utforme mit svar. Jeg forstaar imidlertid, at De staar umiddelbart foran Deres avreise til Island og gjerne vil ha dette brev med för De reiser, og jeg skal derfor saavidt godt som mulig sammenfatte min mening og da særlig med henblik paa de fölger og konsekvenser som det samme spörgsmaal maatte komme til at faa paa Island. Jeg forutskikker her, at mit kjendskab til Island og islandske forhold ikke gaar utover hvad der er rent almindelig her i Norge.

Storindustrien holdt sit indtog i Norge i 90 aarene eller omkring hundredeaarsskiftet. I sin förste begyndelse blev den knyttet til utnyttelsen av de store vandfald i distrikterne omkring Kristiania. Dette var rike, folketættet distrikter, hvor der ogsaa fra tidligere dage av hadde været adskillig industri. De förste storindustrielle bedrifter kan derfor ikke siges at ha havt nogen uheldig indflydelse hverken socialt eller ökonomisk *stort og helt seet*, thi selvfölgelig medförer saa at si enhver storindustri med store arbeideransamlinger sine mindre eller större sociale omvæltninger inden distriktet og ulemper som dog naar utviklingen er jevn og langsom fuldt ut opveies av de fordele de medförer.

Senereben og da först og fremst ved kvælstofindustriens opkomst her i landet kom utviklingen ind i et andet spor og skjöt en langt raskere fart.

Jeg har ofret denne sak den meste del av min tid og min arbeidskraft og kommer altid til at være knyttet til storindustrien. Intet skulde være mig kjærere, end om jeg kunde seet at det var saa og sagt det, at storindustriens

voru hefðu eingöngu verið því til gagns. — Það get jeg samt sem áður, því miður, ekki sagt. — Þó er það ekki svo að skilja, að jeg fylli þann flokk, sem fyrirdæmir stóriðjuna, en jeg hefi við verk mitt sjeð það og lært, að ef slíkt mál á fram að ganga og verða að verulegu gagni, þrátt fyrir það, hversu stórkostlega það grípur inn í líf þjóðarinnar, og ef hin miklu gæði, sem ríkulegir möguleikar stóriðjunnar geta orðið þjóðfjelaginu, eiga að njóta sín til fulls og fullkomlega yfirgnæfa ókostina, þá *verður þróunin að vera jöfn og hægfara, og frá fyrstu byrjun háð lögum, sem um það eru sett.*

Þessi lög eiga að vísu *svo lítið sem auðið er* að gripa inn í eða vera *til hindrunar frumkvæði einstaklingsins* eða sjálfsstjórn hins duglega, kunnuga og reynda iðjuhölds í sínum eigin málum. En þau verða að vera þann veg gerð, að ríkið sjálft, þegar frá upphafi, hafi hönd í bagga með *styrkleika þróunarinnar.*

Þar sem aflvaki, svo sem vatnsorka, eða því um líkt, er til frá náttúrunnar hendi, getur nútíðin sannarlega, með aðstoð iðnfræðinnar og viðskiftanna, á skömmum tíma algerlega ummyndað ríki og gert bændaþjóð að iðnaðarþjóð. En þessir aflvakar geta ekki gert þetta á þann hátt, að ekki verði um leið þjóðfjelagsmein að, sem grafa um sig og raska lífi þjóðarinnar og ríkisins.

Jeg hefi að minsta kosti fjórum sinnum komið að fossum, sem lágu í afskektri sveit og strjálbygðri, og 4—5 árum síðar hefir á sama stað verið komin stór verksmiðja og nýtt iðjuver með dálitlum nýjum bæ í kring. Svo mun og fara á Íslandi, ef hin afarmikla vatnsorka þess verður skyndilega leyst úr læðingi. Fyrsta og annað, og, ef til vill, þriðja og fjórða skifti getur hugsast, að þetta fari vel, einkum ef fjelögin, sem hafa stofnsett fyrirtækin, hafa haft næga peninga og nauðsynlega reynslu til þess að útbúa nýja iðjuverið á besta hátt, þjóðfjelagslaga sjeð, en þegar fjöldi slíkra iðjuhjeraða í litlu landi verður meiri en svo, að hann standi í eðlilegu hlutfalli við aðra atvinnuvegi landsmanna, og einnig við þegnfjelags- og stjórnmálalíf

utvikling og virke i vort land utelukkende hadde været til gavn for dette. Det kan jeg imidlertid desværre ikke si. — Ikke saa at forstaa, at jeg hörer til den klasse der fordömmer storindustrien, men jeg har under min virksomhet lært og seet, at skal en saadan saks gjennemförelse med de kollosale indgrep den gjör i en nations liv bli til virkelig gavn, den store nytte den kunde gjöre og i sig selv indebærer de rigeste muligheter for at gjöre i et samfund, komme til sin fulde ret og komme til helt at overskygge ulemperne, da *maa utviklingen gaa rolig og langsomt for sig og maa fra förste stund av reguleres gjennem dertil egnede love.*

Disse love bör vistnok *mindst mulig* gribe ind i eller stille sig *hindrende for det private initiativ* og for den dygtige, indsigtsfulde, erfarne industrielles selvstændige styrelse med sine saker, men de bör være saaledes indrettet, at samfundet selv helt fra först av har haand og hanke med *utviklingens intensitet.*

Hvor naturlige hjælpekilder som vandkraft eller lignende er tilstede formaar visselig vor tids tekniske og kommercielle hjælpemidler fuldt ut i löpet av ganske kort tid ganske at omskape en stat fra en bondestat til en industristat, men hvad de samme hjælpekilder ikke formaar er at gjöre dette paa en saadan maate, at der ikke samtidig fremkaldes sociale onder der griper dypt og forstyrrende ind i statens og folkets liv.

Jeg har paa samme maate som tilfældet vil bli paa Island, om dets enorme vandkraft pludselig skulle bli tat i bruk, ikke mindre end 4 gange kommet til det store vandfald, som laa i en avgjemt bondebygd, sparsomt eller næsten ikke befolket, og 4—5 aar efter har der paa samme sted ligget en vældig fabrik og et helt nyt lidet industricentrum med en helt ny liten by. Den förste og den anden og kanske den tredje og fjerde gang kan dette muligens gaa godt, særlig hvis de selskaber der har igangsat bedriften har havt de fornödne penge og den fornödne erfaring til at utstyre det nye industricentrum paa den bedste maate i samfundsmæssig henseende, men naar antallet av saadanne industrisamfund i et lidet land stiger

landsins, þá taka afleiðingarnar af stofnun þessara mörgu iðjuhjeraða að koma í ljós með margföldu afli í daglegu lífi þjóðarinnar.

Verkamannamálið veldur mestum erfiðleikum. — Því miður er ekki hægt að neita því, að eitt erfiðasta viðfangsefnið, sem til er í nútíðarþjóðfjelagi, er það að koma upp ánægðri stjett iðjuverkamanna. — Iðjuverkmaðurinn getur aldrei orðið sinn eiginn húsbóndi. Hlutverk hans er að stjórna einhverri vjel og sjálfur verður hann óhjákvæmilega, að meira eða minna leyti að vinna eins og vjel. — En nú er því svo farið, að það er ekki í samræmi við mannlegt eðli að vera vjel og einkum er þetta óeðlilegt Norðurlandabúum og þá allra helst Norðmönnum og, að jeg hygg, einnig Íslendingum.

Í bændastjett og flestum öðrum stjettum getur hver einstaklingur að meira eða minna leyti unnið beinlínis fyrir sjálfan sig og hlotið beinan ávöxt verka sinna. Þessu er miklu erfiðara að koma fyrir í iðnaðarríki, og síst af öllu verður það með þeim ráðum, sem jafnaðarmenn þykjast geta bent á. Verkmannastjettin verður því alstaðar og óumflýjanlega meir eða minna óánægð.

Í þeim löndum, þar sem skaplyndi þjóðarinnar er annað og þar sem þróun iðnaðarins hefir farið fram á svo löngum tíma, að íbúar landsins eru orðnir iðjuvanir (»industrielt aklimatiseret«), getur að vissu leyti hepnast að koma upp ánægðri eða nokkurn veginn ánægðri verkamannastjett við stóriðju, ef fyrirtækin og hið opinbera fórna til þess nægilega miklu fje og umhyggju. Verkamennirnir verða að fá eins góð kjör og auðið er, en þó ekki eingöngu fjárhagslega, því það er alls ekki það, sem mest á riður, heldur verður fyrst og fremst að sjá fyrir góðum bústöðum á skynsamlegan hátt, skemtunum verkamanna í tómstundum, sjá um andlegan þroska þeirra og fræðslu, vekja hagsýni þeirra og vekja þá til að nota sjer þau fjárhagsleg gæði og önnur, sem fyrirtækið

utover hvad der staar i et sundt forhold til landets hele övrige næringsliv og ogsaa til hele landets sociale og politiske liv, da begynder fölgerne av disse forskjellige industrisamfunds opstaaen at virke og melde sig i hele nationens daglige liv med den mangedobbelte styrke.

Det er i arbeiderspörgsmaalet den största vanskelighet ligger. Det lar sig desværre ikke negte, at det at skape en tilfreds industriarbeiderstok er et av de vanskeligste problemer, som forekommer i det moderne samfund. Industriarbeideren kan aldrig bli sin egen herre. Hans opgave er at passe en eller anden maskine, og han vil selv uvægerlig i större eller mindre grad bli nödt til at virke som en maskine. — Det er nu engang ikke overensstemmende med det menneskelige naturrel at skulle være en maskine, og specielt ligger dette ikke for nordboerne, mindst av alle for Nordmændene og jeg antar heller ikke for Islænderne.

Inden bondestanden og inden de fleste andre stænder kan det enkelte individ i större eller mindre grad arbeide direkte for sig selv og direkte höste fordele i större eller mindre grad av sit eget arbeide. — Dette er langt vanskeligere gjennemförbart i et industrisamfund, og det vil mindst av alt opnaaes ad de veie og med de midler som socialisterne tror at kunne peke paa. Man faar derfor uvægerlig overalt en mere eller mindre misfornöiet arbeiderstand.

I de lande hvor folkelynnet er et andet, og hvor den industrielle utvikling har gaaet for sig gjennem en saa lang tid at landets befolkning er blit »industrielt aklimatiseret«, der kan det til en viss grad lykkes at skape en fornöiet eller nogenlunde fornöiet industriarbeiderklasse, naar bedrifterne og det offentlige ofrer tilstrækkelig herpaa av penge og omtanke. Man maa gi arbeiderne de bedst mulige kaar ikke netop bare i ökonomisk henseende, thi det er ingenlunde det avgjörende, men först og fremst sörge for en fornuftig lösning av boligspörgsmaalet, spörgsmaalet om arbeidernes adspredelse i fritiden, omsorgen for deres intelektuelle utvikling, vækkelsen af deres ökonomiske sans og deres sans for at benytte de ökonomiske og andre goder,

og ríkið veitir þeim, *svo að þeir sjálfir verði þess megnugir að bæta tilveru sína.*

Þetta hefir orðið mjög erfitt um norsku verkamennina. Sjálfsagt er orsökin til þess að miklu leyti sú, hve einstaklingshyggjan á sjer djúpar rætur í norsku þjóðinni, En geysihraði þróunarinnar hefir líka lagt mjög stóran skerf til þess.

Hvert stóriðjufyrirtækið hefir verið stofnað á fætur öðru og öll hafa þau orðið að fá verkamenn sína innan hinnar litlu norsku þjóðar, sem alt fram að aldamótum var yfirgnæfandi bændaþjóð. Vinnuaflið hefir verið tekið frá landbúnaðinum. Bændasynir og grasbýlamanna og vinnumennirnir hafa yfirgefið hið frjálsa líf sitt á ökrum og engjum og leitað til bæjanna eða stóriðjuveranna, því að háa kaupið hefir freistað þeirra. Samt sem áður er sú reynsla þeirra algengust, að háu launin hafa ekki veitt þeim nægilegt í aðra hönd fyrir það, sem þeir mistu, og að þeir hafa ekki, eins og þá hafði dreymt um, getað auðgað og bætt tilveru sína með háu laununum. Þá hitta þeir talsmann jafnaðarstefnunnar og hann segir þeim, að það sje að eins vegna þess, að launin sjeu ekki nógu mikil. — »Takið fyrirtækið af vinnuveitendunum og skiftið hinum mikla ágóða, sem vinnuveitendurnir fá, á milli verkamannanna; þá mun æfin að betri«.

Jeg skal ekki fara hjer út í þetta mikla þjóðfjelagsmál. Hingað til hefir ekki verið ráðið fram úr því, og það verður varla, að minsta kosti ekki með þeim ráðum, sem enn hafa reynd verið. *Hitt skiftir máli í þessu sambandi, að óánægjan kemur; um það efast enginn,* hverjum stjórnmálaflokki sem hann fylgir.

litlu þjóðfjelagi, eins og Noregi, þótti það áður stórfyrirtæki, sem einni miljón króna var varið í. En þegar skyndilega rísa þar upp fyrirtæki, sem virkja og nota hundruð þúsunda hestorkna og höfuðstóll þeirra skiftir hundruðum millióna, *þá ruglast fjármálahugtökin svo mjög, ekki að eins hjá hinum lægri stjettum, heldur einnig með allri*

som gives dem af bedrifterne og samfundet, *saaledes at de skaper sig selv en bedre tilværelse.*

Med den norske industriarbeider har dette vist sig meget vanskelig. — En stor del av aarsaken hertil er vistnok at söke i den sterkt utviklede individualisme hos det norske folk. Men mægtig har ogsaa den voldsomme hurtighet hvormed utviklingen har skredet frem bidraget hertil.

Der er blit startet den ene nye storindustrielle bedrift efter den anden, der alle har maattet söke sine arbeidere inden det lille norske samfund, der helt indtil aarhundredeskiftet vel kunde siges at være væsentlig et bondesamfund. Arbeidskraften er blit tat bort fra jordbruket, bondesönnerne, husmandssönnerne og landbruksarbeiderne har forladt sin frie tilværelse i marken og sökt ind til byerne eller de store industrielle bedrifter trukket av de store lönninger. De har imidlertid gjennemgaaende gjort den erfaring, at de store lönninger ikke har git dem tilstrækkelig gjengjæld for hvad de har mistet, og at de ikke gjennem de store lönningen har kunnet skape den rigere tilværelse, som de hadde drömt om. Saa möter de den socialistiske agitator, og han fortæller dem, at det bare er fordi lönningerne ikke er store nok. — »Ta bare bedriften fra arbeidsherrerne og del den store profit, som arbeidsherrerne har, mellem arbeiderne, saa vil nok tilværelsen bli lykkeligere«.

Jeg skal ikke her komme ind paa det store sociale spörgsmaal. Det er ikke blit löst hidindtil, og det blir neppe löst, ihvertfald ikke ad de veie som man hidtil har forsökt. — *Hvad der er avgjörende i denne forbindelse er, at misnöien kommer, derom er ikke nogen i tvil,* hvilken politisk leier han end maatte tilhöre.

Naar der i et lidet samfund som det norske, hvor tidligere en kapital paa en million kroner anbragt i et foretagende syntes stor, pludselig opstaar bedrifter, der utbygger og utnytter hundrede tusinder av hestekræfter, og hvis kapital regnes i hundrede millioner, *da forvirres de ökonomiske begreper i en saadan grad, ikke alene hos de lavere klas-*

þjóðinni, að afleiðingarnar verða örlögþrungnar.

Verkamennirnir heyra nefndar þessar upphæðir og halda, að engin takmörk sjeu fyrir því, hvað þessi fyrirtæki geta goldið verkamönnum sínum. Þeir vita, að þeir stjórna vjelum og verkfærum, sem kosta hundrað þúsundir og framleiða ef til vill fyrir 10 þúsundir á ári og þeim verður það óskiljanlegt, að ekki skuli vera hægt að launa þeim svo að segja takmarkalaust.

En það er ekki einungis hjá verkamönnunum, sem þessi óstjórnlegi peningaþorsti kemur upp. Þessar algerlega röngu hugmyndir um, hvað slík fyrirtæki geta og eiga að veita, breiðist út meðal annara stjetta. Sjerhver sá, er nokkuð hefur að selja slíku fyrirtæki, sem hann veit að fyrirtækið þarfnast, heldur að hann geti heimtað takmarkalaust, og ef honum tekst að selja, þá hefur hann ekki meiri gleði af því, að hafa fengið stórfje frá slíku fyrirtæki, fyrir vörur sínar, en hann hafði áður af því, að fá smáupphæð hjá meðbræðrum sínum, er stóðu honum jafnfætis.

Stjórnmálamenn og aðrir áhrifamenn þjóðfjelagsins hafa líka látið afvegaleiðast, því að þeir hyggja, að ótakmarkaðar byrðar megi ríkið leggja á þessi stóriðjufyrirtæki.

Yfirleitt kemur fram öfund til þessara fyrirtækja, sem verður til þess, ásamt hinum fyrirbrigðunum, sem jeg hefi nefnt, að vekja megnustu úlfúð og skarpar andstæður milli fyrirtækjanna og hins annars venjulega hluta þjóðfélagins. — Efnishyggjan gegnsýrir þjóðfjelagið. Það hefst dans í kringum gullkálfinn, en þó hata menn jafnframt þennan gullkálf og reyna að vinna honum mein

Þannig hefur farið hjer í Noregi, og er það sannfæring mín, að svo muni einnig og miklu fremur fara á Íslandi. Þar er alt auðvitað í miklu smærri stíl en í Noregi. Íslenska þjóðfjelagið hefur, enn sem komið er, miklu minni hæfileika til að samlaga sjer nýja iðnskipulagið, án þess að sömu erfiðleikarnir og sömu andstæðurnar komi í ljós og það á hærra stigi.

Hagsmunir landbúnaðarins verða út

ser men langt op gjennem folket, at det faar skjæbnesvangre fölger.

Arbeiderne hörer tale om disse summer, og de tror, at der ingen grænser er for, hvad disse bedrifter kan betale sine arbeidere. De vet, de passer maskiner og apparater, som koster 100 tusinder og kanske producerer for 10 tusinder om aaret, saa det blir dem ufattelig, at man ikke skulde kunne lönne dem saa at si ubegrænset.

Men ikke alene hos arbeiderne opstaar denne umaatelige hunger efter penge, thi disse fuldstændig urigtige forestillinger om, hvad disse bedrifter kan og bör kunne yde, spreder sig blandt de andre stænder. Hver en, som har noget at sælge til en saadan bedrift og som han vet at en saadan bedrift trænger, tror, at han kan forlange ubegrænset, og naar han en gang sælger, saa har han ikke mere glæde av at ha faaet en enorm sum af en saadan bedrift for sine varer, end han för hadde av at faa en brökdel av sine medmennesker, som stod paa det samme trin som han selv.

Ogsaa hos politikerne og de ledende i samfundet forvrænges begreperne, og de tror, at der findes ingen begrænsning for de byrder samfundet kan lægge paa disse industrielle storbedrifter.

I det hele opstaar der en misundelse overfor disse bedrifter, som sammen med de övrige fænomener jeg her har skildret skaper den störste bitterhet og det störste motsætningsforhold mellem bedrifterne og hele det övrige almindelige samfund — Samfundet materialiseres i aller höieste grad. Der opstaar en dans om guldkalven, samtidig som man mere eller mindre hader denne samme guldkalv og söker at skade den.

Saaledes er det gaaet her i Norge, og saaledes er det min overbevisning, at det i end höiere grad vil komme til at gaa paa Island. Der er forholdene naturligvis meget mindre end i Norge. Det islandske samfund har endnu langt mindre evner til i sig selv at absorbere det nye industrisamfund, uten at de samme vanskeligheter og de samme motsætningsforhold i end höiere grad vil komme til at melde sig.

Landbrukets interesser vil skades i

undan miklu meira við það, að vinnuaflið er frá honum tekið og það lítið eftir er, verður geysidýrt. Meðal annara stjetta, verslunarstjettarinnar o. s. frv. mun sami peningasprengurinn koma í ljós, og hjá stóru stjórnmálaflokkunum, sem vilja halda í gömlu, eðlilegu verðgildin, mun kenna hins sama ósamræmis.

Eins og áður er sagt munu og íslensku verkamennirnir varla verða sjerlega hrifnir af því ófrjálsa lífi, sem iðjuverkmaðurinn lifir.

Þegar iðjuhöldar reisa nýjar virkjanir og verkamannabæi, sem við þær eru tengdir, þá geta þeir lagt mikið fje og mikla umhyggju, eftir því, sem hægt er, til þess að gera heimili verkamannanna og líf þeirra eins þægilegt og auðið er. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komist, að maður er miklu sælli á litlum jarðarskika, í litlum kofa, sem hann hefur sjálfur reist, keypt af sínum líka eða erft eftir foreldra sína, en í verkamannaheimili nýtísku stóriðjuhöldanna, enda þótt það sje miklu þægilegar útbúið og hann njóti þar að öllu leyti miklu meiri hagsmuna og fríðinda en fyr hafði hann.

Í stuttu máli sagt, verður hraðfara vöxtur stóriðjunnar í litlu þjóðfjelagi, einkum þar, sem þjóðin er engan vegin vel til þess fallin að vera verksmiðjulýður, til þess að vekja óánægju og ósamræmi í þjóðfjelaginu, er hafa í för með sjer alvarlega stjórnmálaerfiðleika.

Ef menn á Íslandi ætla nú að byrja virkjun eins hinna stærri fallvatna svo að nemi nokkrum þús. hestorkna, þá mun þurfa til þess mörg þús. verkamanna, bæði til stofnunar og reksturs og þá verða að myndast eitt eða fleiri iðjuhjeruð innan íslensku þjóðarinnar, sem nú er bændaþjóð. Jeg hygg að eigi þurfi fleiri rök en jeg nú hefi talið til þess að sýna, að þetta veldur miklum erfiðleikum. Jeg vil að eins geta þess, að mjer er ekki fyllilega ljóst, hvernig menn ætla sjer á Íslandi að fá þann verkamannafjölda, sem með þarf. Jeg hygg að verkamenn verði að flytja inn, en það mun verða harla örðugt að fá innfluttan fjölda verkamanna, þeirra

end höiere grad ved at arbeidskraften tages bort fra det, og den gjenværende arbeidskraft fordyres i en höiere grad. — Hos de andre stænder, handelsstanden o. s. v. vil den samme jagt efter penge gjöre sig gjældende, og hos de store politiske partier, der önsker de normale gamle værdier bibeholdt, vil det samme motsætningsforhold gjöre sig gjældende.

Neppe vil vel heller, som för sagt, den islandske arbeider föle sig særlig tiltrukket av den tvungne tilværelse som en industriarbeider förer.

Naar en bedrift bygger op sine nye anlæg og sine dertil knyttede arbeiderbyer, saa kan de lægge saa megen omsorg og saa mange penge som det paa nogen rimelig maate gaar an i at gjöre arbeidernes hjem og deres tilværelse saa god som mulig, men man kommer ikke utenom det faktum, at en mand föler sig langt lykkeligere paa en liten jordflek med en liten hytte, som han selv har bygget, kjöpt av likestillede eller arvet av sine forældre, end han föler sig i de moderne industribedrifters arbeiderhjem, selv om disse er langt mere komfortable, og han der nyter i enhver henseende langt större fordele og attributter end han gjorde för.

Kort sagt, den forcerede opbygning av en storindustri i et litet samfund, særlig hvor folket heller ikke i nogen henseende egner sig for at være industriarbeidere, skaper misnöie og sociale motsætningsforhold, der faar den mest skjæbnesvangre politiske betydning.

Om man nu paa Island vilde begynde utbygningen av et av de store vandfald paa etpar hundrede tusen hestekræfter, hvortil der vil kræves flere tusen arbeidere baade for anlæg og drift, saa maatte man altsaa skape et eller flere nye industrisamfund indenfor det nuværende islandske bondesamfund. — Jeg tror ikke, det trænger nogen yderligere paavisning end den jeg her har git av hvilke vanskeligheter dette vil medföre. — Jeg vil blot nævne, at det staar mig ikke rigtig klart, hvorledes man paa Island skal kunne skaffe den fornödne arbeidsstok. Den maatte antagelig importeres, men det vil være en meget vanskelig sak at faa importeret

sem vanir eru, gætnir og skynsamir, svo sem eru t. d. þýskir og enskir verkamenn og fá þá til að ala aldur sinn á Íslandi. Mig uggir, að menn mundu fá kjórinn úr verkamönnum Evrópu og þetta mundi valda tífalt meiri örðugleikum en ef menn hefðu nægan innlendan mannafla.

Reynslan hefir sýnt það, að umhverfis sjerhverja stórvirkjun verður eins konar »Klondyke« meðan verið er að koma henni upp og það hefir komið í ljós að röð og regla kemst ekki á, á slíkum stöðum, fyr en með annari eða þriðju kynslóð. Ef það væru gömul iðjufélög, sem kæmu upp þessum fyrirtækjum á Íslandi, þá mundu þau að vísu, með fjárfangaráðum sínum og sjerstakri reynslu í þjóðskipulagsmálum, sem snerta fyrirtæki þeirra, geta gert þessi iðjuhjeruð vel úr garði frá byrjun, og yfir höfuð skipað þeim vel, ef skynsamleg löggjöf kæmi til. En sömu erfiðleikarnir mundu samt koma í ljós, því að þeir eiga rætur sínar í mannlegu eðli. Einnig verða menn að muna það, að slíkir iðjuhöldar hafa ekki samkynja áhuga á fyrirtækjum sínum í öðru landi og þeim, er þeir reka heima fyrir.

En ef einstakir menn, lítt kunnugir stóriðjurekstri, rjeðust í fyrirtækin, eða það væru nýmynduð fjelög, sem fá ætti í hendur virkjun og notkun íslensku fallvatnanna og iðjuna, sem við það verður bundin, þá mun annan veg fara og ver. Og ef hið fyrra verður uppi á teningnum, þá mun verða lítið úr þeim fjárhagslega ávinningi, sem Ísland kynni að geta haft af því að láta virkja fallvötn sín og taka þau í þarfir stóriðjunnar.

Reyndir iðjuhöldar mundu sjá, að áhættan og erfiðleikarnir við það, að koma upp nýrri stóriðju í landi eins og Íslandi, mundu vera mjög miklir í hlutfalli við þann fjárhagslega ábata, sem þeir gætu fengið af því að setja fyrirtæki sín og koma fje sínu fyrir, þar sem reksturinn og sú sveit manna, sem við hann er bundin, gæti ekki vaxið eðlilega út úr þjóðfjelaginu, sem fyrir er, svo sem hlýtur að verða á Íslandi.

en arbeidsstok av gamle, rolige og fornuftige industriarbeidere som f. eks. de tyske og engelske og at faa disse til at leve sit liv paa Island. — Jeg er bange for, at man vilde faa bærmen av Europas arbeidsstok, og dette vilde gjöre forholdene ti gange værre end om man hadde havt den indfödte arbeidsstok at operere med.

Det viser sig erfaringsmæssig, at ethvert storanlæg under anlægstiden skaper omkring sig et lidet Klondyke, og det viser sig, at der kommer ikke ro eller orden i forholdene paa et saadant sted paa mindst en generation eller to. Om det var gamle industrielle selskaper der oprettet disse bedrifter paa Island, saa vilde det vistnok med disses ökonomiske resurser og specielle erfaring paa det sociale omraade, der knytter sig til deres bedrifter, i forbindelse med en sund lovgivning kunde avstedkommes, at disse samfund blev godt utrustede fra först av og vel organiserte i det hele taget fra först av, men de samme vanskeligheter vilde like fuldt melde sig, de har sin rot dypt i den menneskelige natur, og det maa ogsaa erindres, at disse bedrifter ikke vilde ha de samme interesser likeoverfor sine bedrifter, naar disse laa i fremmed land, som naar de starter bedrifter i sit eget land.

Skulde det bli med industri mindre fortrolige enkeltpersoner eller nydannede korporationer, hvem utnyttelsen av de islandske vandfald og dertil knyttede industrier skulde overlates, da vilde forholdene arte sig betydelig værre, og i det förste tilfælde kanske mere end i det sidste vil de ökonomiske fordele som Island kanske kunde opnaa ved at la sine naturlige herligheter bli gjenstand for storindustriel utnyttelse ikke bli særlig stor.

De erfarne industrifolk vilde finde, at risikoen og vanskeligheterne ved at skape en ny storindustri i et land som Island, hvor bedriften og det specielle samfund, der skulde knytte sig til den, ikke kunde gro naturlig ut av det existerende samfund, men maatte skapes helt kunstig, vilde være meget store i forhold til de ökonomiske fordele som de kunde opnaa ved at henlægge sine bedrifter og placere sine penge i disse bedrifter paa Island.

Því má ekki gleyma, að það hagræði, sem fyrir hendi er, er að eins ódýrt vatnsafl í ríkum mæli. Þetta er að vísu mikið hagræði fyrir sumar iðjugreinir, en verkamannavandamálið og mörg önnur í fjarlægu landi, svo sem Ísland er, eru einnig svo þung á metunum, að það verða aftur takmörk fyrir því, hve miklu hægt er að verja til kaupgjalds og friðinda handa verkamönnum, og til annara þjóðskipulagsmála.

Það er alls ekki skoðun mín, að Ísland ætti ekki að taka að nota vatnorku sína og þau verðmæti, sem það á í skauti náttúrunnar, heldur þjóðin um aldur og æfi að vera bændaþjóð svo sem nú er. En jafn örugg er sú sannfæring mín, *og hún styðst við reynslu mína*, að þessi þróun verður að vera hægfara og byrja í smáum stíl, uns menn hafa undirbúið jarðveg þjóðlífsins undir iðjuna, svo að iðjuhjeruðin, sem upp rísa, geti vaxið saman við bændaþjóðina, sem fyrir er.

Einkum verður þróunin að verá hæg í upphafi, svo að nauðsynlegt samræmi og samvinna verði milli þess, sem nú er, og hins nýja. Hið nýja má ekki verða ráðandi frá byrjun. — Iðjan má frá upphafi ekki vera meiri en svo, að hún komi eins og eðlilegur og hæfilega stór liður í þjóðfjelaginu. Þá verður hún ekki öfundarefni, heldur fær sanngjarna aðstöðu við hlið hinna atvinnuveganna. Jafnframt verða menn að muna eftir því, að sje iðjan aukin, krefur það einnig aukningar landbúnaðarins og annara atvinnuvega svo að nauðsynlegt samræmi og samvinna fáist og enda blátt áfram til að fæða hið nýmyndaða iðjuhjerað, veita því nauðsynlegan fæðuforða og aðrar lífsnauðsynjar.

Ef þróunin verður ekki hægfara og heilbrigð, má telja víst að fljótt beri á óeðlilegri verðhækkun, er stafar af fjárglæfrum. Iðjunni verður kent um, og hún hötuð, og ósamræmið og gallarnir koma í ljós.

Stórt þjóðfjelag missir síður jafnvægis sins þótt einn atvinnuvegur þess þróist á þennan hátt, heldur en lítið. Meðal annars vegna þess, að flest hinna stærri þjóðfjelaga framleiða sjálf mest af lífs-

Det maa erindres, at den fordel, som er tilstede, er kun den i store mængder tilstedeværende billige vandkraft. Dette er vistnok en meget stor fordel for en række industrier, men arbeiderspörgsmaalet og mange andre spörgsmaal i et land som Island, der ligger saa langt borte, spiller ogsaa saa stor rolle, at hvad der kan ofres paa arbeiderspörgsmaal og andre sociale spörgsmaal atter er begrænset.

Det er ingenlunde min mening, at Island ikke skulde begynde at utnytte sin vandkraft og de værdier det har i sine naturlige herligheter, men til enhver tid bli det bondesamfund det er, men like saa sikkert er det *at fra min erfaring* min mening, at denne utvikling maa gaa langsomt og rolig for sig, og den maa begynde smaat, indtil man i social henseende faar skapt en jordbund for industrien og faar sammenknyttet det opstaaende industrisamfund med det bestaaende bondesamfund.

Særlig i begyndelsen maa utviklingen gaa forholdsvis langsomt for sig for at der skal opstaa den nödvendige vekselvirkning mellem det nuværende og det nye. Det nye maa fra först av ikke bli det helt dominerende. — Industrien maa fra först av ikke være större end at den indgaar som et naturlig ledd av rimelig störrelse i det övrige samfund, saaledes at det ikke paa den anden side paadrager sig misundelse men tvertom faar en rimelig plads ved siden av de andre næringsgrene. Samtidig maa det erindres, at en ökning av industrien kræver ogsaa en ökning av landbruk og andre næringsgrene for at opnaa den fornödne vekselvirkning og tilsidst ogsaa for simpelthen at föde og skaffe de nödvendige levnedsmidler og andre nödvendighetsartikler til det nyopdukkede industrisamfund.

Er utviklingen ikke her langsom og sund, saa fremkaldes der her en unaturlig opjobbing av alle priser. Industrien faar skylden og blir forhadt, og motsætningsforholdene og ulemperne kommer.

Et stort samfund har vanskeligere at bringes ut av likevegt ved en saadan utvikling av en enkelt av dets næringsgrene end et lidet blandt andet fordi de fleste store samfund selv producerer de

nauðsynjum þjóðarinnar og hafa sjálf áhrif á heimsmarkaðinn.

Lítið þjóðfjelag heldur oft, að það geti einangrað sig og haldið alt öðru verðjafnvægi og þar kemur fram hin mikla villa, sem þau reka sig á fyr eða síðar, þegar samkepni stórþjóðanna kemur til skjalanna. Astandið í Noregi er einmitt sjerkennilegt um þetta efni. Allir atvinnuvegir Noregs eru nú sem stendur háðir verðlagi, sem er alt annað, en í öðrum löndum Evrópu. Hvernig Noregur, þegar ástandið í Evrópu kemst í venjulegt horf, á aftur að komast í samkepnisfært jafnvægi, svo sem launin og útgjöldin eru nú vaxin, er atriði, sem flestir norskir stóriðjurekendur vilja ógjarna hugsa um. Hitt er víst, að af því fljóta örðugleikar í fjelagsmálum og stjórnmálum, er skekja munu þjóðfjelag vort í grunn niður.

Eins og jeg hefi sagt, held jeg því ekki fram, að Ísland ætti alveg að láta undir höfuð leggjast að virkja fallvötnin miklu. En jeg hygg, að byrja ætti með smávirkjanir nokkrar, með það fyrir augum að fullnægja almennum orku- og ljósþörfum í þjettbygðu hjeruðunum, og jafnframt leggja orku til nokkurrar smáiðju, er væri sjerstaklega hagkvæm eftir ástæðum öllum.

Jafnframt verður að undirbúa löggjöfina í þjóðskipulagsmálum, svo að leystur verði vandinn um húsnæði verkamanna og eins önnur mikilvæg viðfangsefni. — Því næst getur komið til þess að virkja eitt hinna stærri fallvatna til rafiðju.

Mér hefir skilist svo, sem menn hafi einkum augastað á köfnunarefnisiðjunni. En eg vil ráða mönnum til þess að athuga nákvæmlega og komast að fullri og ljósri niðurstöðu um, hve vel framleiðsla köfnunarefnis ber sig, sé það eingöngu framleitt handa landbúnaðinum. Það er efamál, hvort köfnunarefnisiðjan lifir ekki á aukaframleiðslu sinni, en nú eru söluskilyrði hennar takmörkuð.

Enn fremur verður allrar varúðar að gæta um það, hverju fjármagni er hleypt inn í landið, til þess að komast hjá þeirri hættu, að Ísland verði erlendum

fleste av folkets behovsartikler av enhver art og selv er en medbestemmende faktor paa hele verdensmarkedet.

Et lidet samfund tror ofte at kunne isolere sig og holde et helt andet prisniveau, og heri ligger den voldsomme vildfarelse, som tidligere eller senere vil melde sig, naar konkurrancen fra de store samfund kommer. — Karakteristisk i saa henseende er netop forholdene i Norge. Hele det norske næringsliv arbeider nu paa et prisniveau, der ligger ganske utenfor hele det övrige Europas. — Hvordan Norge, naar forholdene i Europa atter kommer ind i det normale, selv atter skal komme tilbake i et konkurancedygtig niveau med sine lönninger og utgifter av enhver art, er et spörgsmaal som de fleste norske industridrivende ikke gjerne vil tænke paa. Sikkert er det, at det vil komme til at medföre sociale og politiske vanskeligheter, der kommer til at ryste vort samfund i sine grundvolde.

Som sagt mener jeg ikke, at Island skuldé undlate helt at utbygge sine store vandfald, men jeg mener, at der bör begyndes med endel mindre utbygninger, der tar sigte paa at tilfredsstille det almindelige behov i de tættere befolkede distrikter for kraft og lys og samtidig avgi kraft til endel mindre industrier, der maatte egne sig specielt for forholdene.

Samtidig hermed maa man forberede den sociale lovgivning, saaledes at arbeidernes boligforhold og en række andre vigtige spörgsmaal faar sin lösning. — Derefter kan saa turen komme til utbygningen av et av de större vandfald for elektrokemisk formaal. —

Man har, saavidt jeg forstaar, fæstet sig ved kvælstofindustrien, men jeg vil da her tilraade, at man nöie studerer og gjör sig klar over, hvorvidt kvælstoffremstillingen er lönsom, saafremt man blot skal fremstille kvælstof til landbruket. Der kan være tvil om, hvorvidt ikke kvælstofindustrien lever paa sine biprodukter, hvis avsætningsmuligheter er begrænset.

Man bör videre være meget forsigtig med hensyn til valget av den kapital man slipper ind i landet, baade for derved at undgaa faren for at Island

stórþjóðum of háð, vegna þeirra hagsmuna, er þær hefðu þar að gæta. Þá verða menn og að tryggja sjer, að fjármagninu fylgi sú iðjuþekking, sem bráðnauðsynleg er.

Með iðjuþekkingu á jeg ekki einungis við iðnfræðaþekkingu og viðskifta í þeirri iðju, sem um er að ræða, heldur einnig þekkingu á því að skipa fjelagsmálum þeim, sem við iðjuna eru bundin. — Gömul iðjufjelög munu þar hafa ráð á mestri þekkingu.

Það er efni til alvarlegrar athugunar, hvort íslenska ríkið sjálft á að virkja fallvötnin og leigja orkuna, eða það á að veita sjerleyfi. Um það vil jeg að eins segja, að svá fremi ríkið á að annast virkjanirnar og hafa sanngjarnan hag af, þá mun slík leiga ekki verða mjög eftirsótt af iðjufyrirtækjum. Þau vilja sjálf eiga orku sína, ef fá á þau til að gangast undir tryggileg sjerleyfisskilyrði. Ríkið getur þá tekið sjerleyfisgjald.

Hjer vil jeg alvarlega ráða mönnum frá því að festast í þeirri trú, að hægt sje að leggja á sjerleyfisgjöld eins og þau, sem norska stjórnin hefir lagt á, með nýjustu löggjöf um þetta efni. Gjöld þau, sem farið er fram á, stafa af hreinu og beinu þekkingarleysi og einnig af öfund þeirri og andstæðum, sem jeg hefi áður bent á að komnar eru fram milli iðjunnar og stjórnmálanna. — Enginn einasti sjerfróður maður hefir verið spurður ráða. — Einasta afsökunin er sú, hve stórt bil er milli hámarks og lágmarks gjaldanna, og þá er einnig hægt að fara sem næst lágmarkinu. En stefnan mun þó vera sú, að fara sem næst hámarkinu og þá verður árangurinn sá, að iðjan hættir, eða sá, sem verri er, að heimskir menn og fávísir játast undir gjöldin og síðan fer alt fyrirtækið á höfuðið.

Ástandið, sem myndast hefir í Noregi, getur orðið Íslendingum góður reynslugrundvöllur, ef þeir ætla að ráðast í slíkar virkjanir. Þetta ástand þarf að athuga nákvæmlega og menn verða eins vel að varast víxlsporin, sem iðjan hefir stigið vegna of hraðfara vaxtar, eins og

ved fremmede stormagters kapitalinteresser skulde bli for sterkt avhængig av disse. Endvidere bör man sikre sig, at der med kapitalen följer den virkelig fornödne industrielle indsigt.

Med industriel indsigt mener jeg ikke bare indsigt teknisk og kommercielt seet i den industri det dreier sig om men ogsaa indsigt i lösningen av de med industrien sammenknyttede store sociale spörgsmaal. — Gamle existerende industriselskaper vil her ha den bedste indsigt.

Det vil være et stort spörgsmaal til overveielse, hvorvidt den islandske stat selv bör utbygge kraften og bortleie den, eller den bör gi koncession. — Derom kan jeg blot si, at skal staten utbygge kraften og ha rimelig fortjeneste paa den, saa vil en saadan leie ikke stille sig særlig attraktiv for industrielle bedrifter. De vil, saafremt man skal faa dem til at gaa ind paa betryggende koncessionsvilkaar, nok selv eie sin kraft. Staten kan da ta koncessionsavgift.

Her vil jeg alvorlig advare mot, at man henger sig til den tro, at man kan paalegge koncessionsavgifter som de den norske regjering har paalagt ved sin sidste nye lovgivning paa dette omraade. — De opstillede avgifter er utslag av pur og bar uforstand i forbindelse med den misundelse og de politiske motsætningsforhold, som jeg foran har paapekt er opstaaet mellem industrien og politiken. Ikke en eneste sakkyndig har været forespurgt. Den eneste undskyldning er den, at grænserne er sat saa vide og at man har anledning til ogsaa at benytte de laveste av dem. Men tendensen vil dog allikevel være at benytte de höieste, og da opnaar man ikke andet end enten ingen industri at faa, eller man kan opnaa, hvad der er værre nemlig at ufornuftige og uforstandige mennesker antar avgifterne, og saa ramler hele foretagendet overende bakefter.

De forhold som har utviklet sig i Norge danner et godt erfaringsgrundlag for Island, om disse vil gaa til en saadan utbygning. Disse forhold bör nöie studeres, og man bör like meget vogte sig for at begaa de feil som er begaaet fra industriens side gjennem den for

þau mistök, sem löggjafarvaldinu hafa orðið á, er það var knúð af andúð gegn iðjunni.

Með ofanrituðu vona jeg að hafa gefið yður nokkrar upplýsingar og yfirlit nokkurt, sem komið gæti við áhugamáli yðar.

Ef eitthvað er fleira, sem þjer kynnuð að óska að eiga brjefaskifti við mig um, þá er mjer það ánægja, eftir því, sem mjer vinst tími til.

Virðingarfylst

S. Kloumann.

hurtige utvikling, og man bör vogte sig for at begaa de feilgrep, som lovgivningsmyndigheterne presset av den skapte misstemning mot industrien bar begaaet.

Jeg haaper ved ovenstaaende at kunne ha givet Dem nogen oplysninger og synspunkter, som maatte kunne være av interesse for Dem.

Skulde der være andre ting, om hvilke De skulde önske at korrespondere med mig, saa staar jeg gjerne til tjeneste, saavidt min tid tillader.

Ærbödigst

S. Kloumann.

Frumvarp þetta á að veita stjórninni færi á að ráða fullkomlega við fossaiðnaðinn, eftir því, sem alþjóð manna hentar best.

(C. V, 1).

Nd. **119. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða og lagning símalínu um efri hluta Árnessýslu.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Einari Arnórssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt, sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Hin fyrirhugaða símaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi, um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.

   Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
2. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfljótsvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
3. Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum verksins svo fljótt sem unt er.

(D. I, 1).

Nd. **120. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um rekstur sýslumannsembættisins í Árnessýslu.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Sigurður Sigurðsson og Gísli Sveinsson.

Hve lengi ætlar landsstjórnin að láta rekstur sýslumannsembættisins í Árnessýslu vera í því horfi, sem hann hefir verið í síðustu ár og er enn?

(C. VI, 1).

Nd. **121. Tillaga**

til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Benedikt Sveinsson, Hákon J. Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til, er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnorkunni, hvorttveggja samkvæmt 12.—14. grein laga frá 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr ríkissjóði, eftir því, sem nauðsyn krefur.

(A. XXXVII, 4).

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.

2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 40 aura.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 100 aura. Gjald þetta greiðist eigi lengur en til 1. jan. 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.

Útgerðarmenn skipa, sem stunda fiskveiðar hjer við land og flytja afla sinn til útlanda ósaltaðan og óhertan, greiða 1% af brúttó-söluverði aflans erlendis, og skal gjald þetta greiðast hlutaðeigandi lögreglustjóra áður mánuður er liðinn frá brottför skips hjeðan. Er útgerðarmanni skylt að afhenda lögreglustjóra, áður sá tími er liðinn, sölureikning um aflann erlendis eða önnur gögn, er sanna söluverðið, en sjeu slík gögn eigi fyrir hendi, kemur drengskaparyfirlýsing útgerðarmanns eða skipstjóra í þeirra stað.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi, o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 12. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XI, 1).

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Eiganda fallvatns eða umráðamanni, enda sje hann íslenskur ríkisþegn og búsettur hjerlendis, er heimilt að hagnýta orku þess án sjerleyfis, ef orkunotin fara eigi fram úr 500 eðlishestorkum, og ef það má verða án tjóns fyrir aðra, einstaka menn eða sveitarfjelög. Ávalt skal þó um þetta gætt ákvæða vatnalaganna.

2. gr.

Til hagnýtingar vatnsorku framar því, sem í 1. gr. getur, eða þegar um fjelög er að ræða með takmarkaðri ábyrgð, sem og þegar þegnar annara ríkja eiga þátt í fyrirtækinu, þarf sjerleyfi, sem konungur veitir með eða án samþykkis Alþingis.

3. gr.

Ef um orkuvinslu er að ræða, sem fer fram úr 5000 og alt að 40000 eðlishestorkum, skal samþykkis Alþingis leitað áður en leyfið er veitt.

Sjerleyfi til frekari orkuvinslu fyrir einstakan mann, stofnun eða fjelag, veitist ekki nema Alþingi samþykki það tvisvar, fyrir og eftir nýjar kosningar.

4. gr.

Þessi eru aðalskilyrði fyrir því að geta öðlast sjerleyfi konungs til orkuvinslu:

1. Sjerleyfið veitist nafngreindum manni, stofnun eða fjelagi, sem heimilisfang hefir í landinu, og skal meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður innlendum mönnum og búsettum í landinu. Leyfið veitist því að eins, að almenningsheill stafi engin hætta af því.

2. Sjerleyfið heimilar notkun vatnsins eftir leyfisbrjefinu og gildandi lögum um iðnrekstur. Ákveða má, að orkuna megi ekki nota til vissra iðjutegunda, en einnig, að hún skuli að öllu eða nokkru notuð til sjerstakrar iðju.

3. Sjerleyfið skal bundið við ákveðið fallvatn, eitt eða fleiri, og skal tiltekið hámark þeirrar orku, sem eftir sjerleyfinu má vinna.

4. Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á virkjun áður en 3 ár líða frá útgáfu leyfisbrjefs, og rekstur vinnuvjela skal hafinn áður 5 ár líða þaðan frá. Fresti þessa má þó framlengja, gegn hæfilegu gjaldi í landssjóð, sem stjórnarráðið ákveður. Ef stöðvun verður á rekstri orkuversins lengur en 3 ár, eða framleiðsla þess minkar um þriðjung af því, sem vjelunum er ætlað að vinna, skal leyfið falla niður og ríkið taka vatn og virki á þann hátt, sem segir í 17. lið, er leyfistími

er á enda. Tímaákvörðun þessi kemur ekki til greina, ef óviðráðanleg atvik (vis major), verkföll eða þesháttar aftrar framkvæmdum. Ákveða má, að virkjun fari fram smátt og smátt.

5. Sjerleyfishafa skal skylt við byggingar og rekstur orkuvers og iðjuvers að nota sem mest hjerlenda menn, bæði til algengrar vinnu og annara starfa, þegar hæfir menn fást hjer til þeirra. Nánari reglur um þetta setur stjórnarráðið í hvert sinn.

6. Verkkaup skal goldið í peningum, og reki leyfishafi verslun við verkalýð sinn, skal arðinum af henni varið verkalýðnum til hagsbóta, eftir ákvörðun nefndar, sem verkamennirnir sjálfir kjósa og ásamt leyfishafa ráðstafar fjenu. Um allan ágreining, sem af þessu kann að rísa, fellir stjórnarráðið fullnaðarúrskurð.

7. Leyfishafi skal sjá verkafólki sínu fyrir nægilegri læknishjálp, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar. Enn fremur ber honum að sjá því fyrir nægilegum forða bóka og blaða, sem er við hæfi þess, og húsnæði til lesturs. Sömuleiðis ber honum að sjá börnum verkamanna fyrir góðri kenslu, ef utan kauptúns er.

8. Skylt er leyfishafa, ef þörf krefur, að veita verkalýðnum, gegn ágóðalausri þóknun, holl og nægileg húsakynni með vatnsleiðslu, fráræslu og raflýsingu. Enn fremur nægilega lóð, til að reisa á fundarhús. Nánari ákvæði um þetta setur stjórnarráðið í hvert sinn. Það úrskurðar einnig, ef með þarf, ágreining milli leyfishafa og verkafólksins, er að þessu lýtur, svo sem, hvað sje hæfileg húsaleiga, hvort uppsögn á húsaleigu sje lögleg o. s. frv.

Ef ætla má að þorp myndist við orkuverið eða iðjuver þess, skal leyfishafa skylt að semja byggingaráætlun um það, og skal fá staðfestingu stjórnarráðsins á henni. Skyldur er leyfishafi til að láta af hendi endurgjaldslaust lóð undir götur, kirkju, skóla og aðrar nauðsynlegar opinberar byggingar.

9. Sjerleyfishafi er skyldur að taka þátt í viðhaldi á vegum þeim, brúm og bryggjum, sem vegna iðjurekstrar hans ganga úr sjer, eftir því, sem stjórnarráðið ákveður. En heimilt skal honum jafnframt, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins, að leggja vegi, járnbrautir og símþræði frá hafnarstað til fallvatns þess, er hann notar, sem og að gera bryggjur eða hafnarvirki þau, er nauðsyn krefur, ef ríkið sjálfu vill eigi annast byggingu þessara mannvirkja. Nú er leyfishafa heimilað að byggja slík mannvirki, og skal hann þá skyldur að leyfa almenningi frjáls afnot þeirra að því leyti, sem þau not valda ekki verulegum baga fyrir hann.

10. Sjerleyfishafi skal skyldur til, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, að gera nauðsynlega ráðstöfun, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verklýður hans verði þeim til þyngsla.

11. Ef vatnsorkan er notuð til að afla afurða, sem geta komið landbúnaðinum að notum, skal leyfishafi skyldur að láta af hendi vissan hluta þeirra afurða árlega, eftir ákvörðun stjórnarráðsins, með niðursettu verði frá því, sem varningurinn er seldur fyrir hjer kominn á skipsfjöl. Slík ákvæði má setja um aðrar iðjuafurðir, sem þýðingu hafa fyrir innlenda atvinnu.

12. Sjerleyfishafi er skyldur að láta af hendi, ef þess er óskað, til sveitarfjelaga alt að 7% af raforku þeirri, sem vinst, gegn hámarksverði, sem samsvarar vinslukostnaði, að meðtöldum 6% af stofnfje og 10—20% ágóða.

Enn fremur skal honum skylt að láta af hendi til ríkisins, ef þess er

óskað, alt að 5% orkunnar, með sömu kjörum. Orkan skal afhent í því ástandi, sem stjórnarráðið ákveður, hvort heldur er við orkuverið eða tekið úr orkutaugunum annarsstaðar.

13. Sjerleyfishafa skal gert að skyldu að greiða í ríkissjóð árgjald, er ekki sje minna en 25 aurar og eigi meira en 2 krónur fyrir hestorku hverja, er hann notar. Jafnhátt gjald skal hann greiða til hjeraða þeirra, sem fyrirtækið tekur til.

Ef sjerleyfishafi greiðir vatnsmiðlunargjald eftir 80. gr. vatnalaganna, skal tillit tekið til þess, og sjerleyfisgjaldið, að miðlunargjaldi viðbættu, eigi fara fram úr hámarki því, er að framan greinir.

Stjórnarráðið ákveður skiftingu þess hluta sjerleyfisgjaldsins, sem hjeruðin taka, milli sveitarfjelaga og sýslna, ef til kemur.

Ef innlent hjerað eða bæjarfjelag á orkuverið, má undanþiggja gjaldi í ríkissjóð þann hluta orkunnar, sem hjeraðið eða bærinn notar í heimilis- og búsþarfir íbúanna.

Nánari ákvæði um greiðslu gjaldsins og hestorkufjöldann ákveður stjórnarráðið, og má endurskoða þau ákvæði 5. hvert ár.

Gjöld þessi má taka lögtaki. Þau hafa forgangsrjett fyrir öllum skuldum, er á orkuverinu eða iðjuverum kunna að hvíla.

14. Ef fallvatn það, lönd eða lóðir, sem sjerleyfishafi notar við atvinnurekstur, eru komin í eigu hans, eða hann orðinn umráðamaður þeirra fyrir lægra kaupverð eða leigu en telja mátti sanngjarnlegt þegar hann öðlaðist rjettindin, má ákveða, að hann greiði fyrri rjetthafendum hæfilega uppbót kaupverðs eða leigu.

15. Gerð orkuvers og iðjuvers, sem og rekstur þeirra og viðhald, skal háð opinberu eftirliti, og ber leyfishafi allan kostnað af því. Skylt er honum einnig að greiða kostnað allan, er leiða kann af auknu lögregluefirliti vegna orkuvers og iðjuvers.

16. Sjerleyfishafi er skyldur að hlíta öllum þeim ákvæðum, er stjórnarráðið kann að setja um eftirlit með því, að settum skilyrðum verði fullnægt. Stjórnarráðið getur skipað eftirlitsmann til þess, og skal honum heimill aðgangur að öllum eftirlitsgögnum, mannvirkjum og bókum, sem snerta reikningshald, en vinna skal hann þagnarheit áður hann tekur við starfinu og vera óvilhallur. Engum öðrum en stjórnarráðinu má skýra frá því, sem hann kemst að við eftirlitið og ætla má að sjerleyfishafi vilji leyndu halda eða ætlar ekki almenningi að vita. Verði ágreiningur milli eftirlitsmanns og sjerleyfishafa um takmörk eftirlitsins, skal stjórnarráðið skera úr. Þóknun fyrir eftirlitið greiðir sjerleyfishafi, eftir ákvörðun stjórnarráðsins.

17. Sjerleyfi skal veitt um ákveðið árabil, alt að 50 árum, eða, með samþykki Alþingis, alt að 65 árum, talið frá dagsetningu sjerleyfisbrjefs. Að 40 árum liðnum frá veitingu sjerleyfis hefir ríkið rjett til að leysa til sín alt það, sem við lok sjerleyfistímans á að falla til þess endurgjaldslaust. Innlausnarverðið ákveða 7 menn, dómkvaddir af æðsta innlendum dómi, og getur hvortveggja aðilja krafist yfirmats. Þegar ríkið ætlar að nota innlausnarrjett sinn, hvort heldur 40 árum frá leyfisveitingu eða síðar á leyfistímanum, skal sjerleyfishafa tilkynt það með 5 ára fyrirvara.

Við innlausn, eftir því að framan segir, skal meta lóðir og vatnsrjettindi því verði, sem á þau var sett, er þau voru afhent frá jörðunum.

Þegar sjerleyfistíminn er á enda fellur fallvatnið og orkuverið endurgjaldslaust til ríkisins. Með orkuverinu telst allur umbúnaður, sem breytir straumi og farvegi vatnsins, svo sem stíflur, holrásir, safnhyljir, vatnsæðar o. fl., enn fremur lóðir og rjettindi, sem keypt hafa verið til vatnsvirkjanna og orkustöðvanna, vjelar og öll tæki orkuversins, sem og íbúðarhús verkamanna og önnur húsakynni, sem notuð hafa verið í þarfir orkuversins.

Það, sem ekki verður eign ríkisins eftir framansögðu, getur það leyst inn eftir mati á sinn kostnað, eða krafist þess, að það verði flutt burtu á þeim tíma, sem stjórnarráðið ákveður.

Kauplausrar afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast þegar innlent hjerað eða bæjarfjelag á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestorkum. Í þess stað má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

18. Vilji sjerleyfishafi afhenda öðrum fallvatn sitt og rjettindi, þarf til þess nýtt sjerleyfi, enda þótt viðtakandi sje íslenskt hjerað eða hreppur. Verður viðtakandi að undirgangast þau skilyrði, er sett voru í hinu upphaflega leyfi, og önnur þau skilyrði, er stjórnarráðið telur ástæðu til að setja.

Þegar leyfishafi þannig vill afhenda rjettindi sín, hefir ríkið forgangsrjett til að kaupa fyrir sama verð og fyrirhuguðum kaupanda er gerður kostur á, en segja skal til kaupanna áður 3 mánuðir líða frá tilkynningu um afhendingu. Vilji ríkið eigi nota forkaupsrjett sinn, á hjeraðið þar, sem orkuverið er, rjett til að ganga inn í kaupin með sömu kjörum, en sagt skal þá af eða á um kaupin áður næstu tveir mánuðir líða.

19. Auk framanritaðra skilyrða má setja í sjerleyfisbrjef önnur þau skilyrði, er í hvert sinn þykja nauðsynleg vegna almenningsheillar eða einkahagsmuna, ef mikið er í húfi.

Sjerleyfi og skjöl, sem því fylgja, skal þinglesa á kostnað sjerleyfishafa. Öll veðbönd á orkuveri og iðjuveri eða því, sem þeim fylgir, sbr. 17. lið, falla burtu, er þau eru leyst inn af ríkinu eða falla til þess að sjerleyfistímanum loknum.

Sá, sem lánar eða hefir lánað fje gegn veði í fallvatni og orkuveri, getur, ef skilyrðum þessara laga er fullnægt, fyrirfram fengið sjerleyfi eftir þessari grein til þess að eignast rjettindin við sölu á nauðungaruppboði, ef hann er þá enn veðhafi, er uppboðið er haldið. Leyfistíminn telst þá frá dagsetningu hins upphaflega sjerleyfis.

5. gr.

Nú vill einhver leigja eða kaupa raforku frá vatnsorkuveri til iðjurekstrar, annar en ríkið eða sveitarfjelög, og skal þá sjerleyfi til þess og byggingar iðjuvers fengið eftir 2. og 3. gr., ef orkunotin fara fram úr 500 hestorkum.

6. gr.

Sjerleyfi til raforkunota og iðjurekstrar eftir 5. gr. skal venjulega bundið þessum skilyrðum:

1. Leyfið veitist ákveðnum manni, stofnun eða fjelagi. Venjulega skal tilskilja, að stjórn fyrirtækisins sje öll búsett hjerlendis, og að nokkur hluti stofn-

fjárins sje íslenskur. Orkurjett þann, sem keyptur er eða leigður, má eigi framselja öðrum, nema með leyfi stjórnarráðsins.

2. Leyfið veitist um ákveðið árabil, alt að 50—65 árum, sbr. 4. gr. 17. lið. Að 40 árum liðnum hefir ríkið rjett til að leysa til sín iðjuverið með lóðum og mannvirkjum, sbr. 4. gr. 17. lið, og á 5 ára fresti hverjum þaðan af, til loka sjerleyfistímans. Að loknum sjerleyfistíma falla lóðir, brýr, vegir og símaþræðir, er sjerleyfishafi kann að hafa notað vegna iðjuversins, endurgjaldslaust til ríkisins, en iðjuverið og önnur mannvirki, sem því fylgja, skal leyfishafi færa á brautu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins, nema ríkið þá innleysi, svo sem að framan segir, eða nýtt sjerleyfi verði veitt.

3. Banna má að nota orkuna við ákveðnar iðjugreinar.

4. Nota skal innlenda menn til starfa við orkuverið og til verkstjórnar, eftir því, sem hægt er. Undanþágu um þetta getur stjórnarráðið veitt, ef sjerstök eða knýjandi ástæða er til. Einnig skal leyfishafi nota innlendar tryggingar, eftir því, sem stjórnarráðið nánar tekur til.

5. Fyrir sjerleyfi eftir 5. gr. má áskilja árlegt gjald til ríkissjóðs, er eigi fari fram úr 1,50 kr. fyrir hverja notaða hestorku, sem fer fram úr 500. Sje orkan keypt eða leigð frá orkuveri, sem leyft hefir verið eftir 4. gr., skal gjaldið þó eigi fara fram úr 1 krónu á hestafl. Eindagi gjaldsins er í árslok hver; það hefir forgangsrjett jafnt sköttum, og má taka það lögtaki.

6. Að öðru leyti skal leyfið bundið þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma gilda um iðjurekstur, og ákvæðum 4. gr. 4., 7.—11., 15—16. og 18. lið, eftir því sem við á.

Leyfisbrjefið skal þinglesið á kostnað sjerleyfishafa.

7. gr.

Umsókn um sjerleyfi eftir lögum þessum skulu fylgja nauðsynlegar skýrslur um alt, er að fyrirtækinu lýtur og máli skiftir. Stjórnarráðið getur heimtað viðbætur við skýrslurnar, uppdrætti og önnur skýringargögn.

Sæki fjelag um leyfið, skal auk þess fylgja yfirlýsing stjórnar þess um það, hverjir eru fjelagar, hvert stofnfje sje, hvort það er fengið eða hvernig ráðgert er að afla þess. Einnig skal frá því skýrt, ef þegnar annara ríkja eiga í fyrirtækinu, hve mikil þeirra hlutdeild er. Fáist leyfið, skal stjórn fyrirtækisins um hver áramót og þegar stjórnarráðið krefst þess gefa samskonar skýrslu um hag fyrirtækisins og hlutföllin milli eigna innlendra og útlendra manna í því.

Sannist að skýrslur þessar sjeu rangar, skal með það farið eftir 155. gr. hegningarlaganna.

Áður en sjerleyfi veitist eftir lögum þessum, skal leitað álits sveitarstjórna þeirra, er í hlut eiga.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og sjerleyfi eftir þeim varða sektum frá 5—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál, sem rísa af vangæslu þessara laga, skal farið eins og almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi . . . . . Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. gr. í lögum nr. 55, 22. nóv. 1907, að því er snertir rjett til að nota fossa.

Athugasemdir við frumvarp þetta

er að finna í nefndaráliti minni hluta fossanefndar 1917—1919, bls. 71—80.

(B. XXXIV, 1).

Ed. **124. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

Greinargerð.

Með því að Stykkishólmur, sem nú hefir um 650 íbúa, þarfnast mjög viðaukalands, sjerstaklega til kúabeitar og mótaks, en eigi má, án sjerstakrar lagaheimildar, selja öðrum en landsetum jarðir landssjóðs, þá er hjer með farið fram á að auka við land Stykkishólms einu landsjörðinni í hreppnum, Ögri, svo og eyðieynni Sellóni, sem fylgt hefir Ögri um langan tíma.

Annars munu verða færðar frekari ástæður fyrir frumvarpi þessu við flutning þess.

(A. XVI, 3).

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist Brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en $^1/_8$ samanlagðra vátryggingarupphæða húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en upphæð, sem stjórnarráð Íslands ákveður að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og vátryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar reglur um starfsemi fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið er gagnkvæmt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 800000 kr. og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni, á húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum.

B. Trygging á $^5/_6$ tjóns af eldsvoða á húseignum þeim, utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelaga, þó eigi þeim, er teljast tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

C. Trygging á lausafje í kaupstöðum þeim eða kauptúnum, sem getið er undir staflið A, og í Reykjavík. Fjelagið getur trygt slíkt lausafje fullu verði.

3. gr.

Orðin í 3. gr. »að undanskildum húseignum landssjóðs« falli burtu.

4. gr.

Orðin í 5. gr. »og lausafjár« falli burtu.

5. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef endurtrygging eða samtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum eða samtryggja með þeim það, sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. Með hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsum í sameiginlegri brunahættu 10000 kr., og lausafjártryggingarupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

B. Án hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi 7500 kr. og lausafjárupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer á húsum, nema með því eina skilyrði, að $^5/_6$ af skaðanum endurgjaldist og að sá $^1/_6$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, sje ekki trygður annarsstaðar.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, sem eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

8. gr.

2. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Öll iðgjöld til fjelagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má innheimta með lögtaki.

9. gr.

2. málsgrein 23. gr. orðist svo:

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

(A. XXV, 5).

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 500 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að sá, er brotlegur verður gegn samþyktinni, skuli, auk sekta, greiða í viðkomandi bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. X, 3).

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gert, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leigu-upphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXIX, 3).

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^{2}/_{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út af skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út af skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. VII, 1).

Nd. **129. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju.

Flutningsmenn: Gísli Sveinsson, Jón Jónsson, Pjetur Ottesen, Þórarinn Jónsson, Magnús Pjetursson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Þórðarson, Matth. Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Einar Jónsson og Björn Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skilnað ríkis og kirkju.

(B. XXXV, 1).

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Skylt skal eigendum eða útgerðarmönnum íslenskra botnvörpuskipa að veita hásetum sínum minst 8 klukkustunda hvíldartíma í sólarhring hverjum, hvort sem þeir eru á veiðum eða við annan starfa.

2. gr.

Í reglugerð, er Hásetafjelagið og Útgerðarmannafjelagið í Reykjavík semja og stjórnarráðið staðfestir, skal ákveða nánar, á hvern hátt vinnu- og hvíldartíma háseta verður fyrir komið á skipum þeim, er í 1. gr. getur.

Verði fjelögin ekki ásátt um einhver atriði í reglugerðinni, sker stjórnarráðið úr, og skulu báðir aðiljar skyldir að hlíta úrskurði þess.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 kr. til 1000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. september næstkomandi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjölmargra háseta á íslenskum botnvörpuskipum. Hafa þeir undanfarin ár oft og einatt við fiskveiðar orðið að

vinna 3—5 dægur í einu, án þess að þeir hafi notið nokkurrar hvíldar. Og þannig hefir stundum verið haldið áfram svo vikum og mánuðum skifti. Þess gerist ekki þörf að fjölyrða um það, hver áhrif slík vinnubrögð sem þessi hafa á líðan og heilsu þeirra, er þeim sæta. Með slíkri vinnu er starfsþoli hvers manns ofboðið. Hraustustu menn á ljettasta skeiði endast varla meira en í 5—8 ár; þá er mesti þróttur þeirra þrotinn, og hæpið er að þeir sjeu óskemdir eftir 2—3 ára starfstíma. Hvaða vit er nú í slíkum vinnuháttum?

Einhverjum kann að virðast sem útgerðarmönnum muni áskotnast minni arður af útvegi sínum, ef farið verður að stytta vinnutíma hásetanna og tryggja þeim nokkra hvíld, en ekki mun sú reyndin á verða. Allir vita hversu mikið betur menn vinna, ef þeir njóta ætíð nokkurrar hvíldar og vinna ekki óslitið úr hófi fram. Með meiri hvíld háseta en áður og reglulegri vinnu mundi útvegsmönnum áskotnast jafnvel enn meiri arður en fyr, auk þess, sem það skapar hollari og vistlegri aðbúð fyrir hásetana.

Rjett virðist, að útgerðarmenn og hásetar komi sjer ásamt um, hvernig vinnu- og hvildartíma á skipunum verði fyrir komið, og að það sje ákveðið með reglugerð, en komi þeim ekki saman um einhver atriði, að stjórnarráðið meti þá málaveksti og skeri úr um það, er á milli ber.

(B. XXXIII, 2).

Nd. **131. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. Málsgreinin: »Bifreiðar ..... skatt á ári« falli burt.

(B. XXXIII, 3).

Nd. **132. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 1. gr. bætist:

Enn fremur getur ráðherra undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

(B. XXXII, 2).

Nd. **133. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

Við 2. gr. Í stað »6 kr.« komi:
9 kr.

(A. VIII, 3).

Nd. **134. Breytingartillaga**

við frv. til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 10. gr. Á eftir orðunum í 1. línu: » . . . . eða lætur flytja út kjöt« bætist inn:
til sölu á útlendum markaði.

(B. XXXVI, 1).

Nd. **135. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

1. gr.

Stafliður c í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.

Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:
10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

Greinargerð.

Í ákvæðum gildandi laga um sjúkrasamlög eru þeir, sem hafa meiri árstekjur en 1800 kr., að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára aldurs, útilokaðir frá því að geta orðið meðlimir sjúkrasamlaganna.

Sömuleiðis þeir menn, sem eiga skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 krónum.

Af þessum ástæðum getur þátttaka manna í þessum nauðsynlega fjelagsskap, sjúkrasamlagsstarfseminni, eins og nú er komið, ekki orðið nándar nærri eins almenn og nauðsynlegt er. Því er hjer farið fram á, að takmarkið um árstekjurnar sje hækkað upp í 3000 kr. og eignatakmarkið upp í 10000 kr.

Frekari greinargerð í framsögu.

(B. XXXVII, 1).

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Í staðinn fyrir tölulið XIV 48 komi tveir nýir töluliðir:
Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.
Hóll: Hólssókn í Bolungarvík.

Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk og áskorun safnaðarfunda í báðum þeim sóknum, er hjer eiga hlut að máli, sömuleiðis einróma áskorun hjeraðsfundar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi og Synodusar; eru áskoranir þessar studdar með eindregnum meðmælum hjeraðsprófasts og biskups.

Ástæðurnar fyrir skiftingunni er sívaxandi þörf Hólssóknarmanna á óskiftri prestsþjónustu, sívaxandi örðugleikar á að ná til prestsins á Ísafirði og embættisannir hans í heimasókninni, er mjög hefir aukist að mannfjölda síðan prestakallalögin komu í gildi.

Öll skjöl málsins, sem að ofan eru nefnd, liggja á lestrarsalnum; að öðru leyti bíður frekari greinargerð flutnings málsins á þinginu.

(B. XXXVIII, 1).

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um breyting á almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í 5. gr. skal í stað orðanna »við hið danska ríki — í öðru ríki« koma: við hið íslenska ríki með landráðum eða drottinsvikum við konung, falsar peninga ríkisins eða býr til eftirmynd þeirra, gerir á hluta nokkurs íslensks embættismanns, er skipaður er í öðru ríki.

2. gr.

Í sjöttu gr. kemur »stjórnarráðinu« fyrir »stiptamtmanninum«.

3. gr.

Áttunda gr. fellur niður.

4. gr.

Í 17. gr. kemur »á Íslandi« fyrir »í löndum Danakonungs«, »úr landi« fyrir »úr löndum Danakonungs«.

5. gr.

Enn fremur fellur 28. gr. síðari málsliður niður, og fyrri málsliður af 29. gr. slíkt hið sama.

Í 31. gr. kemur »ríkissjóð« í stað orðanna »hinn sama sjóð og landstekjurnar«.

6. gr.

Í 37. gr. kemur »stjórnarráðinu« fyrir »stiptamtmanninum«, sömuleiðis á tveim stöðum í áttunda kap. 71. gr., og »stjórnarráðsins« fyrir »stiptamtmannsins« í lok sömu greinar.

7. gr.

Í 72. gr. kemur í stað fyrra málsliðar: »Veki maður uppreisn eða geri samsæri við önnur ríki, í þeim tilgangi, að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, eða brjóta nokkurn hluta þess undan lögskipaðri stjórn ríkisins«.

8. gr.

Í 73. gr. kemur á tveim stöðum »íslenska« fyrir »danska«, sömuleiðis á einum stað í 74. gr.

9. gr.

Í 76. gr. kemur »íslenskur« fyrir »danskur«.

10. gr.

Í 84. gr. falla niður orðin: við hirð konungs.

11. gr.

Fella skal niður 95. gr. — Í 97. gr. kemur »stjórnarskránni« fyrir »grundvallarlögunum« og »landsdóminn« fyrir »ríkisrjettinn«.

12. gr.

Í 123. gr. kemur »ríkissjóði« fyrir »sjóði þeim, sem landstekjurnar renna í«.

13. gr.

Aftan við 257. grein kemur: Sömu refsing sæta þeir heimilisfastir menn á Íslandi, sem gerast leppar útlendra fyrirtækja, sem heimilisfesta er skilyrði fyrir rekstri þeirra.

14. gr.

Fyrri hluti 266. gr. skal vera svo: Hver sem býr til eftirmynd af peningum, sem eru lögskipaður gjaldeyrir, eða af seðlum banka þeirra, er hafa lögleyfðan seðlaútgáfurjett, skal sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu, og hver, sem falsar þá, 1 til 6 ára hegningarvinnu.

15. gr.

Úr 268. gr. skal fella orðin: »með þeim atvikum, að frumkvöðlinum ekki verður refsað í hinu danska ríki«.

18. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Ekki þykir sama, eftir 1. des. 1918, að láta standa þau orðatiltæki, er hjer er farið fram á að breyta. Því er frv. þetta fram komið. Efnisbreytingar eru engar gerðar.

(B. XXXXIX, 1).

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Dýralæknar skulu vera sjö á landinu, einn í Reykjavík og nágrenni (Gullbringu- og Kjósarsýslu), annar í Borgarfjarðarhjeraðinu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, þriðji á Vestfjörðum (Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslum og tveimur nyrstu hreppunum í Strandasýslu), fjórði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og Strandasýslu (að Kaldrananesshreppi), fimti í Eyjafjarðarsýslu, ásamt Akureyri og Þingeyjarsýslunum, sjötti í Múlasýslunum og Austur-Skaftafellssýslu, og sjöundi á Suðurlandsundirlendinu (Árnes- og Rangárvallasýslu) ásamt Vestur-Skaftafellssýslu.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarráðsins í heilbrigðismálum búpenings, og hafa fyrir þess hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna.

Takmörkum hjeraðanna má stjórnarráðið breyta með ráði landsdýralæknis.

2. gr.

Laun landsdýralæknis skulu vera 2000 kr. á ári, en hjeraðsdýralækna 1500 kr. til hvers þeirra. Launin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 5 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. s. frv.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur landsdýralækni og hjeraðsdýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfssvið þeirra, þar á meðal það, að skylt sje dýralæknum árlega, eftir nánara tilteknu fyrirkomulagi, að senda landsdýralækni skýrslur

um alidýrasjúkdóma, hverjum úr sínu umdæmi, og semur hann úr þeim aðalskýrslu, er birt sje árlega á kostnað þess opinbera.

6. gr.

Lög um dýralækna, 3. nóv. 1915, eru hjer með úr gildi numin.

Greinargerð.

Með aukinni menningu, betri meðferð á fjenaði og hærra verði á öllum búpeningi verður það óumflýjanlegt að fjölga dýralæknum. Hjer er ráðgert, að þeir verði *sjö*, og mega þeir ekki færri vera. — Nokkurn kostnað hefir þessi dýralæknafjölgun í för með sjer, en í raun og veru er sá kostnaður hverfandi í samanburði við það gagn, er þeir geta gert. Laun dýralæknisins borgast með því, að hann bjargi 1—2 stórgripum frá bana eða langvinnum krankleik, með því verði, sem nú er á fjenaði.

Hins vegar er á það að líta, að dráttur hlýtur að verða á framkvæmd laga um þetta efni, þar sem engir íslenskir dýralæknar eru nú til, aðrir en þeir, sem sitja í þessum fjórum dýralæknaembættum, sem stofnuð hafa verið. Er hjer því eigi að ræða um aukin útgjöld fyrir ríkissjóðinn í bráð, eða meðan enginn dýralæknir er til í þessi nýju embætti. En lög um fjölgun dýralækna, svo sem frumvarpið ráðgerir, mun hins vegar ýta undir unga menn, að gefa sig við dýralæknisnámi. Og eftir 4—6 ár má þá gera ráð fyrir, að þessir menn verði fullnuma og undir það búnir að setjast í embættin. En ef það verður dregið á langinn að setja lög um þetta efni, þá dregst einnig hitt, að menn búi sig undir starfið eða læri til dýralæknis.

Launaupphæðin er sett hjer eins og launin eru ákveðin í núgildandi lögum um dýralækna. En því er sjálfsagt að breyta, ef launafrumvarp stjórnarinnar nær fram að ganga á þessu þingi. Laun hjeraðsdýralækna er eðlilegast að sjeu svipuð og laun annara hjeraðslækna.

Margra hluta vegna er nauðsynlegt, að einn dýralæknirinn sje yfirmaður hinna, og þá um leið ráðunautur landsstjórnarinnar í þeim málum, er varða dýralækna og dýralækningar. Er þá og rjettmætt, að hann hafi hærri laun um leið en hinir.

Skýrslur þær, er ræðir um í 5. gr. frumvarpsins, geta orðið til mikils gagns, einkum þegar þeim er safnað af dýralæknum, er kynst hafa alidýrasjúkdómunum, hver í sínu umdæmi. Er með því fengin trygging fyrir, að þær verði rjettar og yfir höfuð ábyggilegri heldur en áður var, meðan þessum skýrslum var safnað samkvæmt lögum um skýrslur um alidýrasjúkdóma, frá 20. okt. 1905, er numin voru úr gildi með lögum nr. 48, 26. okt. 1917.

Sjálfsagt virðist, að dýralæknirinn á Suðurlandsundirlendinu sje búsettur í sveit, á hentugum stað, og hafi ráð á jörð til ábúðar. Sama mætti og segja um dýralæknirinn í Borgarfjarðarhjeraðinu, Dala- og Snæfellsnessýslu og dýralæknana norðanlands og austan. Gætu þeir þá, ef þeir ættu ráð á jarðnæði, haft hjá sjer minni háttar dýraspítala og tekið skepnur til lækninga heim til sín. Kæmu dýralæknarnir þá að enn meiri notum en ella.

(B. XXVI, 2).

Nd. **139. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald af salti.

Frá Benedikt Sveinssyni.

1. Við 1. gr.: Í stað »12 kr.« komi:
8 kr.
2. Aftan við 3. gr. komi sjerstök málsgrein:
Lög þessi falla úr gildi næstu áramót eftir það, að unninn er upp áhalli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

(B. XL, 1).

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Pjetur Ottesen, Gísli Sveinsson, Stefán Stefánsson, Einar Árnason, Benedikt Sveinsson, Hákon J. Kristófersson, Björn R. Stefánsson, Pjetur Þórðarson, Einar Jónsson og Jón Jónsson.

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar.

Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Þó skal ekki tekið tillit til smjörverðs þau ár, er ófriðurinn stóð, sá er hófst 1914.

Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því að kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti $^1/_{10}$ hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan

á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Höfuðástæðan til þess að frumvarp þetta er komið fram er sú, að nú, síðan ófriðurinn reis, hefir smjör stígið svo í verði, að það er næstum sexfalt við það verð, er var fyrir ófriðinn á algengu smjöri. Þá var verðið tíðast kringum 60 aura pundið. Nú er verðið alt að 350 aur. pundið. Orsökin er alkunn. Siglingateppa og feitmetisekla í heiminum, og hjerlendis stórum minni framleiðsla á smjöri, sem stafar af mikilli ónýtingu á töðum nú tvö undanfarin ár í miklum hluta landsins.

Það er því auðsætt, að þeir, er inna eiga af hendi smjörleignagjöld, verða mjög hart úti, enda þótt þeir megi greiða þau í peningum eftir smjörverði verðlagsskrár.

Fyrir ófriðinn var verð á smjörpundi og ullarpundi svipað. Nú í ár þyrfti andvirði 1½ pd. ullar til að leysa smjörpundið. Þá þurfti rúmlega 2 pd. kjöts til að mæta smjörpundinu; nú þarf meira en 4 pd. til þess. Út í þetta þarf ekki lengra að fara; það er auðsætt, að þeim, er greiða eiga smjörleigur, verður það alt að helmingi dýrara en tíðast hefir verið.

Hjer að auki kemur enn fleira til greina um prestsmötur, sem gerir tilfinnanlegra að gjalda þær í smjöri en áður var, og oft ómögulegt, t. a. m. er töður nýtast illa, því að næstum engir geta fært frá ám, þótt vildu, vegna fólkseklu. Alt fólk, er þarf til að vinna að framleiðslu landbúnaðarins, er þrefalt dýrara en var fyrir rúmum áratug, en framleiðslan hefir alls ekki stigið í verði að sama skapi, nema smjörið eitt sem stendur, — en hjá flestum landsmönnum er það lítill hluti kaupeyris, þótt í ári láti. — Hafa margir bændur af þeim sökum orðið að ganga frá jörðum sínum og flytja í kaupstaðina. En það, að sveitabúnaðurinn, þrátt fyrir tjeða erfiðleika, hefir ekki eyðilagst, er eingöngu að þakka þeim framförum í búnaði, sem orðið hafa á síðari árum, sem og því, að bændur hafa orðið að leggja að sjer meiri vinnu en oft áður, og eru þeir því margir útslitnir fyrir örlög fram.

Hefði nú alt verið látið haldast með gamla laginu, túnin verið þýfð heim undir bæi, rjómabúin ekki verið stofnuð nje sláturfjelögin, þá er hætt við, að sumar bændakirkjujarðirnar væru fallnar í eyði og prestsmötukúgildin »fallin sínum herra«. Því virðist fylsta ástæða til að losa kirkjubændur og aðra þá, er prestsmötur greiða, undan þessari kvöð með sem aðgengilegustum kjörum. Enn fremur má minna á það, er í móti skyldi koma prestsmötunum: Tiltekin prestsþjónusta. Hún er nú, vegna aðgerða hins opinbera, orðin víðast ærnum mun

minni en til var ætlast, er prestsmötur komust í núverandi horf eftir siðaskiftin; skal að eins bent á samsteypur brauða og þá erfiðleika, er því eru samfara fyrir söfnuði.

Skal svo horfið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Við 1. gr.

Ástæða er til, að skylt sje að láta falar prestsmötur, þeim er frv. til tekur, því að dæmi munu til, að þær hafi ekki fengist keyptar, og þarf því lagafyrirmæli, er komi í veg fyrir, að salan sje háð geðþótta landsstjórnar í það og það skifti.

Við 2. gr.

Ekki nema tímatöf og fyrirhöfn að láta kaupbeiðni fara krókaleið, áður en hún kemst til landsstjórnarinnar. Það þykir ef til vill djarft, að í stað 4%, sem tíðkast hefir, skuli 5% vaxtahæð lögð til grundvallar, er verðhæð prestsmötu er ákveðin. En þegar á það er litið, að 5—6% eru jafnalgengir útlánsvextir nú sem 4% voru þegar sú regla, er fylgt hefir verið við mat á prestsmötum, var tekin upp, svo að auðvelt hlýtur að vera að ávaxta peninga fyrir a. m. k. 5% í fyrirsjáanlegri framtíð — landið tekur stórlán erlendis fyrir 5½% og meira — þá er sýnilegt, að klerkdómurinn þarf einskis í að missa í þessu falli af því, er hann hefir sanngirniskröfu til. Þá er og ekki síður ástæða til að sleppa úr smjörverði ófriðaráranna, er verð prestsmötu er ákveðið, vegna þess að hið háa verð á smjöri, síðastliðin tvö ár einkum, kemur mjög fáum að verulegu gagni, sökum illrar nýtingar á töðum, eins og áður var á vikið; enda væri fráleitt, er ákveða skal fast og varanlegt skipulag, að miða við óvanalegt og hverfult gapaverð. Því að vitanlegt er, að þá er friður kemst á og viðskifti gerast eðlileg, feitmeti fer að flytjast til landsins o. s. frv., þá fellur smjör niður í svipað verð og var fyrir ófriðinn. Klerkdómurinn nýtur samt sem áður verðhækkunar þeirrar á smjöri, er rjómabúin hafa komið til leiðar, án þess að hann, sem slíkur, hafi kostað þar nokkru til; virðist því síður ástæða til, að hann taki frekar »hlut á þurru landi« á kostnað þeirra, er prestsmötur er ætlað að greiða. Prestsmötukvöðin stendur heldur engan veginn í sanngjörnu hlutfalli við þann höfuðstól, kúgildin, er hún á að gjaldast af, og liggur því á vinnumagni og öðrum eignum gjaldanda, og heldur niðri verði þeirra eins og nú er komið.

Við 3. gr.

Sjálfsagt virðist að gefa kaupendum greiðslufrest, en sennilega nægir 10 ára frestur, því að á þeim tíma mundi flestum kleift að innleysa prestsmötuna, en ekki er nema sanngjarnt, að þeir verði að greiða sömu vexti af eftirstöðvum, sem leggja skal til grundvallar við prestsmötu og landssjóði er ætlað að greiða samkvæmt 4. gr.

Við 4. gr.

Hjer er lagt til, að andvirði prestsmötu greiðist í sjóð landsins, vegna þess, að þá er fyrirhöfnin engin að ávaxta það; og þar sem landssjóður verður

að taka erlend lán með $5^1/_2$% vöxtum og lakari kjörum, er sýnn hagur fyrir hann að fá innlent fje fyrir 5% og affallalaust, er ekki þarf út að borga fremur en vill. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Við 5. gr.

Við þessa grein er ekkert að segja nema það, að best er að lögin komi sem fyrst að notum.

(A. XXXVII, 5).

Ed.

141. Frumvarp

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 40 aura.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 100 aura. Gjald þetta greiðist eigi lengur en til 1. jan. 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Útgerðarmenn skipa, sem stunda fiskveiðar hjer við land og flytja afla sinn til útlanda ósaltaðan og óhertan, greiða 1% af brúttó-söluverði aflans erlendis, og skal gjald þetta greiðast hlutaðeigandi lögreglustjóra áður mánuður er liðinn frá brottför skips hjeðan. Er útgerðarmanni skylt að afhenda lögreglustjóra, áður sá tími er liðinn, sölureikning um aflann erlendis eða önnur gögn, er sanna söluverðið, en sjeu slík gögn eigi fyrir hendi, kemur drengskaparyfirlýsing útgerðarmanns eða skipstjóra í þeirra stað.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 12. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. X, 3).

Ed. **142. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingar á lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða rá 12. jan. 1884.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga. Skal um það brjef gera, og er það byggingarbrjef fyrir jörðinni. Í byggingarbrjefi skal það skýrt tekið fram, hve langur ábúðartími sje. Sje ekkert tekið fram um ábúðartímann, skal svo álitið, að jörð sje bygð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið samið. Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns, og helst sá rjettur óbreyttur þótt hún giftist aftur.

2. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sína skal hann láta fylgja jörðinni öll hús, sem nauðsynleg eru við ábúð á henni, og skulu þau afhent leiguliða í gildu og góðu standi, eða með fullu álagi. Reynist hús ófullnægjandi, sem fylgja jörðu, getur leiguliði bætt úr því á eigin kostnað, en leita skal hann áður samkomulags um það við landsdrottin.

3. gr.

Vilji leiguliði gera meiriháttar jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, svo sem girðingu um tún, engi, haga eða land jarðarinnar alt, framræslu

og áveitu í stórum stýl o. s. frv., skal hann leita um það samkomulags við landsdrottin. Náist ekki samkomulag, er rjett að leiguliði fái 2 óvilhalla menn, á sinn kostnað, til að meta, hvert gagn megi verða að jarðabótinni, og skal að minsta kosti annar þeirra vera búfróður. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnað við jarðabótina og um hve mikið eftirgjald jarðarinnar megi hækka fyrir hana. Landsdrotni skal bjóða að vera við matið. Leiguliði skal því næst bjóða landsdrotni að gera jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnað við matið, en að leiguliði skuli halda jarðabótinni við og greiða þá eftirgjaldshækkun, sem álíst hæfileg. Vilji landsdrottinn þetta eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað, enda greiðir þá enga eftirgjaldshækkun hennar vegna. Jarðabætur, sem lúta að útgræðslu túns, túnsljettun, áburðarhirðingu o. s. frv., svo og smærri engjabætur, getur leiguliði gert án þess að leita um það samkomulags við landsdrottin.

4. gr.

Verði skemdir á jörðu eða húsum af völdum náttúrunnar, eða af eldsvoða, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, bætir landsdrottinn skemdir að fullu eða svo, er verða má. Sje skemdir ekki bættar til fulls, á leiguliði heimting á að landskuld sje sett niður, í hlutfalli við það er á vantar, eftir mati úttektarmanna.

5. gr.

Leiguliðum, sem hafa innstæðukúgildi á ábúðarjörðum sínum, er heimilt, með samþykki landsdrottins, að leysa til sín kúgildi, gegn því að leggja jörðinni til jafngilda eign í húsum, sem nauðsynleg eru fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, eða jarðabótum, sem auka framleiðslu hennar og verðmæti. Úttektarmenn meta til verðs kúgildin og eignir þær, sem á móti eru látnar. Fellur þá kúgildaleigan niður, en eftirgjald jarðarinnar hækkar að sama skapi.

6. gr.

Þegar leiguliði hættir ábúð, skulu úttektarmenn meta húsabætur þær og jarðabætur, sem fráfarandi hefir gert, ásamt meðferð hans á jörðinni yfirleitt, og ákveða, hver áhrif þær megi rjettilega hafa á verð jarðarinnar eftirleiðis. Verði matið á þá leið, að jörðin hafi hækkað í verði fyrir verk fráfaranda, skal landsdrottinn greiða honum þá verðhækkun að fullu, enda gjaldi fráfarandi fullu verði, ef jörðin hefir spilst fyrir niðurníðslu eða óheppilegar umbótatilraunir, sem landsdrottinn hefir lagt á móti, eða engan þátt átt í. Hús, sem fráfarandi hefir gert og álítast jörðinni ofviða, skulu metin eftir því gildi, sem þau geta haft fyrir viðtakanda, eða vera eign fráfaranda áfram, ef hann kýs það heldur. Getur hann þá rifið þau og flutt burt af jörðinni; en gæta verður hann þess, að notfæra sjer húsin þannig, að viðtakanda verði sem minstur skaði að. Skal hús rjúfa fyrir næstu Jónsmessu, ef viðtakandi vill gera hús þar, sem hin hafa verið, en flytja burt viði og annað húsefni fyrir lok hins nýbyrjaða fardagaárs. Mati úttektarmanna á húsabótum og jarðabótum má skjóta til yfirmatsnefndar í sýslu þeirri, sem jörðin liggur í. Yfirmat borgar matskrefjandi, ef fyrra mat breytist eigi, en ella báðir hlutaðeigendur að jöfnu. Landsdrottinn getur hækkað landskuld jarðar með 5% af fje því, sem hann greiðir fyrir aðgerðir leiguliða.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 2. gr., 6. gr., 10. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða.

(A. VIII, 4).

Nd. **143. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. gr. fyrri málsgrein orðist svo:
   Læknisskoðun og stimplun, samkvæmt lögum 13. sept. 1912, skal fara fram áður en kjötið er saltað, á öllu saltkjöti, sem ætlað er til útflutnings.
2. Í síðari málsgrein, í stað »eðlisgalla« komi:
   sjúkdóma.

(A. XXXIX, 3).

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um breyting á löggiöfinni um skrásetning skipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskírteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skírteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

(A. XXIX, 4).

Nd. **145. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^{2}/_{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXXII, 3).

Ed. **146. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXIII, 4).

Nd. **147. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir	1 mann	..... 250 kr.
— — —	2 menn	..... 300 —
— — —	3 —	..... 350 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 600 kr. á bifreið.

Undanþegnir gjaldi þessu eru vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Enn fremur getur ráðherra undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

2. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti árið 1920, og innheimtist af lögreglustjóra þar sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1919, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýst. Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýt. Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum.

3. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í ríkissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem fjármálaráðherra skipar fyrir.

(C. VIII, 1).

Nd. **148. Tillaga**

til þingsályktunar um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Þórarinn Jónsson, Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Magnús Pjetursson, Pjetur Jónsson, Jón Jónsson, Sigurður Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á.

(B. XXXI, 2).

Ed. **149. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. málsgrein 5. gr. í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið.

(C. IX, 1).

Ed. **150. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða í Rangárvallasýslu.

Frá Eggert Pálssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að rannsakaðar verði sem allra fyrst leiðir fyrir þriðja flokks símalínur þær, sem 4. gr. laga nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, gerir ráð fyrir að lagðar verði upp á Land, niður á Þykkvabæ og inn að Hliðarenda.
2. Að byrjað verði á að leggja línur þessar, að lokinni rannsókn, svo fljótt sem kostur er á.

(A. XXXIII, 6).

Ed. **151. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta fer fram, á að gerðar sjeu talsverðar breytingar á gildandi tolllögum.

Þótt nefndinni sje vel ljóst, að tollur á þeim vörutegundum, sem hækkun er ráðgerð á, sje þegar orðinn allhár, ber þess að gæta, að vörur þær, sem hjer ræðir um, verða ekki taldar nauðsynjavörur, nema þá að litlu leyti, svo að almenningi er hægt að takmarka kaup á þeim eða miða þau við efnahag sinn.

En það sem sjerstaklega ber þó að líta á, hvað þetta mál snertir, er hin brýna sívaxandi þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur, sem leitast verður við að fullnægja á sem viðunanlegastan hátt, og tilraun í þá átt er þetta frumvarp.

Nefndin er því sammála um að mæla hið besta með því, að háttv. deild samþykki frumvarpið, en kemur jafnframt fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

a. Við 2. tölul. Framan við tölul. komi:

Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.

Síðari málsgr. tölul. orðist þannig:

Af vinanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar

og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds kr. 4,00 af hverjum lítra.

b. Við 3. tölul. Á eftir orðunum:
»Af rauðvíni« falli burt:
»sherry, portvíni, malaga«.

Alþingi, 23. júlí 1919.

Magnús Torfason, form. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum. H. Steinsson.

(A. III, 2).

Nd. **152. Breytingartillögur**

við frumvarp til **fjáraukalaga** fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 4. gr. 6. Liðurinn orðist þannig:
Við 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps kr. 5000,00
2. — 5. — 16. Liðurinn falli burt.
3. — 5. — 18. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga — 5000,00
4. — 5. — 21. Liðurinn orðist þannig:
Til að reisa Straumnesvita . . . . . — 22000,00
5. — 5. — 23. Liðurinn orðist þannig:
Til að reisa Selvogsvita . . . . . — 21000,00
6. — 6. — Á undan 1. lið komi nýr liður:
Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda. . — 1000,00
7. — 6. — 7. Á eftir liðnum komi tveir nýir liðir:
a. Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi . . . . — 1500,00
b. Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919 — 750,00
8. — 6. — 9. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919 . . . . . — 500,00
9. — 7. — 3. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir:
a. Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms . . . . . — 2000,00
b. — 46. Til landmælinga á Íslandi . . . . . — 10000,00

10. Við 7. gr. 5. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda . . . . . — 5000,00
b. Til utanfarar læknis á fund berklalækna. . . — 2500,00
c. Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund — 1200,00

11. — 8. — 2. Liðurinn orðist þannig:
Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að . . . . . — 5000,00

12. — 8. — 4. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík . . . . . — 800,00
b. Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf í Strandasýslu og til verkfærakaupa . . . . . — 1200,00

13. — 9. — 5. Fyrir »kr. 300,00« komi:
kr. 500,00.
Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Eftirlaun til Elíesers Eiríkssonar pósts 1919 . . — 200,00

14. — 10. — Á eftir greininni komi ný grein:
Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(B. XXVII, 2).

Nd. **153. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., sem verður 9. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XLI, 1).

Nd. **154. Frumvarp**

til laga um ullarmat.

Flutningsmenn: Hákon Kristófersson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Öll ull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og vorullin flokkuð, eftir gæðum, af ullarmatsmönnum. Þeir skulu einnig hafa umsjón með geymslu

ullarinnar, meðan hún bíður útflutnings, útskipun, hversu um hana fer í flutningaskipum, og uppskipun ullarsendinga innanlands. Er öllum, sem útflutningsull hafa undir höndum eða út flytja ull, skylt að kveðja ullarmatsmenn til, þá er breyta á um geymslustað ullarinnar, skipa henni upp hjer við land eða út til flutnings úr landi, og hlýða fyrirmælum ullarmatsmanns um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanna um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þessa annan hæfan mann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Enn fremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanns.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmann. Skal hann sanna, að hann hafi þekkingu á ullarmati og meðferð ullar. Hann skal ferðast um meðal ullarmatsmanna um ullartökutímann, til að leiðbeina þeim og líta eftir starfi þeirra, og leitast við að koma samræmi á ullarmat í landinu. Ber honum að finna alla ullarmatsmenn minst einu sinni á hverjum 3 árum. Hann hefir rjett til að skoða metna ull hvar sem er innan ríkisins.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmaður skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanns skulu vera 1800 kr. og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ferðakostnað sinn fær yfirullarmatsmaður greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, alt að 1000 kr.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmaður þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanns gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45, 3. nóv. 1915, um ullarmat.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Ástæðan til þess, að frumvarp þetta er flutt, er sú, að ýmsir mætir menn telja, að ullarmatið sje eigi í svo góðu lagi sem skyldi. Sjerstaklega er kvartað um ósamræmi í matinu og talið alveg nauðsynlegt, að ráðin sje bót á því. Teljum við flutningsmenn nokkra tryggingu fyrir því, að úr þessum galla verði bætt með ákvæðum 4. gr. um *einn* ullaryfirmatsmann o. s. frv.

Að öðru leyti skal þess getið, að breytingar á ullarmatslögunum, sem í frumvarpinu er farið fram á, eru gerðar eftir bendingum *Björns* hreppstjóra *Bjarnarsonar* í Grafarholti og í samráði við hann. Enda hefir hann, síðan ullarmatslögin urðu til, átt mikið við ullarmat og skoðað og metið ull úr ýmsum hjeruðum landsins, og má því óhætt treysta, að hann muni manna fróðastur um þessa hluti. Hann hefir einnig skrifað um málið í blöðin og bent þar á, að nauðsyn bæri til að endurskoða lögin um ullarmat frá 3. nóv. 1915. Látum við fylgja hjer með ummæli hans um ull og mat á henni:

»Samkvæmt lögunum hefir óþvegin haustull verið undanþegin mati. Það er ófært. Hún hefir verið sekkjuð til útflutnings vot og svo illa verkuð, að hneyksli er. Úr henni þarf að taka blóðsnorkur, skinnsnepla, litmerkjalagða (t. d. grænku eftir blásteinslit) o. fl. Dæmi: Margt af haustull frá fyrri árum hefir verið hörð eins og kökur í sekkjunum. Í haust var stór sending látin í sal einn í húsum »Kveldúlfs«. Svo hitnaði í henni, að varla var líft við að rífa hana út, og allar

þiljur í salnum orðnar aflaga af bólgnun. Varð að taka hana alla úr sekkjunum til að kæla og viðra.

Lítið þýðir að krefjast vöruvöndunar af bændum, ef svo er látið afskiftalaust, hversu um ullina fer hjer, áður en út er flutt. Hún hefir verið geymd í kjöllurum, sem fullir eru af raka og óþverra, hjer í Reykjavík; sumir hafa hálffylst af vatni og það runnið í ullina í sekkjunum. Við uppskipun ullar aðfluttrar hefir ekkert verið skeytt um, þótt sekkirnir hafi vökuað, og ekkert eftirlit með geymslu hennar nje útskipun til útflutnings hjer. Því matsmenn hafa ekkert um slíkt vitað nema af hendingu, og þá ekki haft skyldu eða heimild til að skifta sjer af henni. En með slíku er matsstarfið gert ónýtt. Þetta á að fyrirbyggja með breyting 1. gr.

Full reynsla fyrir því, að matið er mjög ósamkynja og ólíkt um landið. Það lagast ekki nema einn maður, er fer um meðal undirmatsmanna og leiðbeinir þeim, hafi yfirumsjón með mati um land alt. Honum er ætlað að vera starfandi (aktiv), en á því hefir lítið borið um suma núverandi yfirullarmatsmenn, og með afnámi núgildandi laga er ætlast til, að þeir sjeu leystir frá starfi«.

(C. X, 1).

Ed. **155. Tillaga**

til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að útibú frá Landsbanka Íslands verði sett á stofn í Stykkishólmi.

(A. III, 3).

Nd. **156. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Við 4. gr. Á undan 1. lið komi nýr liður:

Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis . . . . . kr. 800,00

Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.

(A. III, 4).

Nd. **157. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og ýms skjöl, er að því lúta, á allmörgum fundum og leyfir sjer að bera fram breytingartillögur við það, á þgskj. 152.

Um þessar breytingartillögur og nokkra liði frumvarpsins gerir svo nefndin þessar athugasemdir:

1.

Eins og sjá má á frumvarpinu, leggur stjórnin til, að Sjúkrasamlagi Reykjavíkur verði veittur aukastyrkur á árinu 1919. Færir hún þær ástæður fyrir þeirri tillögu, að sjúkrasamlag þetta hafi orðið illa úti og sje illa statt fjárhagslega vegna kvefpestarinnar miklu, er geisaði síðastliðinn vetur. Nefndin er stjórninni sammála um þetta. En þá er þess að geta, að Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar og Garðahrepps sendir Alþingi erindi og sækir um samskonar aukastyrk. Færir það þessar sömu ástæður fyrir beiðni sinni og enn fremur þá, að megn taugaveiki hafi gengið á samlagssvæðinu sama ár. Nefndin telur sjálfsagt, að þessu fjelagi sjeu gerð sömu skil, og leggur því til, að því verði veittar 2000 kr. á þessu ári.

2.

Brúna á Norðurá í Skagafirði er ekki hægt að gera á yfirstandandi ári. Leggur því nefndin til, að liðurinn falli burt af fjáraukalögum, en á sínum tíma mun hún leggja til, að fjárveiting til brúar þessarar verði tekin upp í fjárlög 1920—21.

3.

Vegamálastjóri skrifaði stjórninni og óskaði leyfis til að kaupa bifreið til malarflutninga, með því að hann ætti kost á henni einmitt nú. Taldi hann vegagerð landssjóðs mundu hafa mikinn hag af að eignast slíkt flutningatæki, og færir ýms rök fyrir, að það muni verða til hagnaðar á allan hátt. Víða hagar þannig til við vegina, að nothæf möl er ekki fáanleg nema með löngu millibili. Má geta nærri, að það er bæði dýrt og seinlegt að annast flutninginn á tvíhjóla hestkerrum, og þar sem gert er ráð fyrir, að ein slík bifreið muni geta komið að sömu notum og tíu kerrur, verður nefndin að álíta miklar líkur til, að þessi kaup geti orðið hinn mesti búhnykkur. Er hún því stjórninni sammála um að leggja til, að fjeð verði veitt, og ber því fram breytingartillögu um það efni.

4.

Í fjárlögunum 1916—17 var ákveðið að reisa Straumnesvita og Selvogsvita. Voru til hins fyrnefnda veittar kr. 16300,00, en til hins síðarnefnda kr. 12300,00. Eins og búast mátti við, var mjög fjærri því, að þetta fje hrykki til, enda er mis-

munurinn svo mikill, að þegar á árinu 1917 voru til undirbúnings Straumnesvitans notaðar kr. 17529,17 og Selvogsvitans kr. 10156,85. En árið 1918 voru notaðar til Straumnesvitans kr. 5889,72, en til Selvogsvitans kr. 6126,47. Þetta nægði þó ekki heldur, því að vitarnir voru alls ekki reistir það ár. Verða þeir fyrst fullreistir á þessu sumri. Selvogsvitinn er nú nær fullreistur, og verkamenn komnir vestur á Straumnes. Verður því enn mikill kostnaður við vitana á þessu ári, og gerir vitamálastjóri ráð fyrir, að til Straumnesvitans muni þurfa í viðbót um kr. 16000,00 og til Selvogsvitans um kr. 15000,00. Þar sem óhjákvæmilegt er að greiða þessar upphæðir á yfirstandandi ári, telur nefndin sjálfsagt að taka þær upp í fjáraukalögin.

5.

Sigurður Guðmundsson, fyrrum prestur í Þóroddstaðaprestakalli, sótti síðastliðið sumar um byggingarstyrk úr umboðssjóði þjóðjarða til íbúðarhúss, er hann hafði látið reisa vorið 1916 á þjóðjörðinni Vatnsenda. Segir hann, að stjórnarráðið hafi lofað sjer þessum styrk þannig, að hann fengi $^3/_4$ af 2500 krónum, en það var mat jarðamatsnefndarinnar á húsinu. Enda skyldi þá húsið verða eign jarðarinnar. Að þessu vildi hann ekki ganga og ljet því dómkvadda menn meta húsið á ný. Var það þá metið á kr. 6100,00. Nú vildi stjórnarráðið ekki ganga að því að greiða $^3/_4$ af þessu virðingarverði og ljet því enn meta húsið í sambandi við úttekt jarðarinnar. Var það þá metið á kr. 4000,00. Þetta mat kveður prestur hafa verið miðað við það, að hann fengi upphæðina að fullu greidda, en stjórnarráðið vildi að eins greiða $^3/_4$ sem byggingarstyrk. Gekk prestur samt að þessum kostum í bráðina, vegna þess, að hann var þá fluttur burt og í fjárþröng. En út af þessu leitar hann til Alþingis og fer fram á, að það veiti sjer nokkrar bætur. Nefndin lítur svo á, að presturinn hafi orðið of hart úti, og leggur því til, að honum verði veittar kr. 1000,00 til uppbótar. Þess skal enn fremur getið, að jörð þessi er nú ákveðin til prestsseturs framvegis.

6.

Um byggingu íbúðarhúss á Hvanneyri vill nefndin geta þess, að hún hefir enn enga ákvörðun tekið um það mál. Hefir hún í bráðina afgreitt það á þann hátt, að fjárveitinganefndir beggja deilda skrifuðu stjórninni og óskuðu eftir sundurliðuðum heildartillögum hennar um málið. Brjef þetta var stjórninni sent 10. þ. m., en tillögur hennar eru ókomnar enn til nefndarinnar. Lætur hún því við svo búið standa að sinni.

7.

Hólmfríður Árnadóttir hefir dvalið í Vesturheimi nærfelt 2 ár til að kynna sjer uppeldis- og kenslumál, og hygst að dvelja þar eitthvað lengur. Kona þessi hjelt kvöldskóla í Reykjavík í nokkur ár, og þótti farast vel úr hendi. Naut hún styrks til þessa skólahalds síns úr landssjóði, en hefir nú ekki notað hann síðustu árin. Nefndin álítur konu þessa góðs maklega, og telur miklar líkur til þess, að landið njóti síðar góðs af þekkingu þeirri, er hún aflar sjer í útlöndum, og vill því styðja hana með svipaðri fjárhæð eins og hún hefði fengið, ef hún hefði dvalið hjer heima. Enn fremur má geta þess, að hún hefir reynt að útbreiða þekkingu á Íslandi þann tíma, sem hún hefir dvalið vestra.

8.

Ungmennaskólinn á Núpi í Dýrafirði var ekki starfræktur skólaárið 1918—19, en mun taka til starfa næsta haust. Skóla þessum er í fjárlögunum veittar 1500 kr. hvort ár, en af ofangreindri ástæðu mun hann ekki geta fengið greiddan nema helming þessa styrks fyrir yfirstandandi ár. Þar sem nefndinni er kunnugt um, að skólinn verður framvegis að kosta miklu meiru en áður til kenslu, þá vill hún, að hann fái að njóta fulls ársstyrks, þótt hann starfi ekki alt árið.

9.

Helga H. Eiríkssyni er í núgildandi fjárlögum veittur styrkur til að læra námufræði, 1500 kr. hvort árið. Nú er það sýnilegt, að þrátt fyrir hina mestu sparsemi gat styrkur þessi ekki enst lengur en nú til júníloka. En samkvæmt skýrslu Helga mun hann geta tekið lokapróf í námafræðinni í október í haust, ef hann verður ekki að hætta náminu sökum fjárskorts. Fer hann því fram á, að Alþingi veiti sjer viðbótarstyrk til þess fyrst og fremst. Enn fremur óskar hann eftir styrk til framhaldsnáms nokkurs að loknu prófi, einkum til fullkomnunar í rafmagnsfræði. Vill hann verja næsta vetri til þess. Vottorð þau, er umsókninni fylgja frá kennurum Helga, sýna það, að hann er meira en meðalmannsefni í þessari grein, og vill því nefndin leggja til, að honum verði veittur nokkur viðbótarstyrkur til þessa hvorttveggja, er að ofan greinir.

En það vill nefndin taka fram, að þetta sje veitt í því trausti, að hann verði reiðubúinn að ganga í landsins þjónustu er þess gerist þörf.

10.

Forsætisráðherra tilkynti nefndinni, að hann hefði samið við herforingjaráðið danska um, að það ljeti ljúka við í sumar landmælingar þær, er horfið var frá sumarið 1914 og ljúka átti á því sumri. Verða þessar mælingar nú framkvæmdar á kostnað hins íslenska ríkissjóðs. Óskaði ráðherrann þess, að nefndin bæri fram breytingartillögu um fjárveitingu í þessu skyni. Nefndin telur þetta rjett, og leggur því til, að veittar verði í fjáraukalögum 10000 kr. til þessa.

Gert er ráð fyrir, að þetta muni kosta alt að 20000 kr., en óeyddar eru í núgildandi fjárlögum 10000 kr., er veittar voru til landmælinga. Þess má enn fremur geta, að í fjárlögum 1916—17 var veitt sama upphæð, sem ekki var notuð, og er þetta því í raun rjettri endurveiting.

11.

Á öllum Norðurlöndum eru fjelög meðal lagamanna, hvert í sínu landi, og halda þau sameiginlega fulltrúafundi öðru hvoru. Nú hefir stjórn sænska fjelagsins boðið íslenskum lögfræðingum að senda fulltrúa á slíkan fund, sem halda á í Stokkhólmi í sumar. Þar sem þetta er í fyrsta sinn, er Íslendingar fá slíkt boð, þá þykir nefndinni sjálfsagt, að landið leggi fram fje, svo að hægt sje að taka því. Væri það tæplega vansalaust voru nýja fullvalda ríki að hafna boðinu í fyrsta sinni.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum hefir fengið svipuð boð um að koma á fund yfirlækna berklahæla í Danmörku, en það fjelag hefir einnig boðið full-

trúum frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Af sömu ástæðum og að ofan greinir þykir nefndinni við eiga að kosta þessa för, enda ætlar læknirinn jafnframt að ferðast um Danmörku og Svíþjóð og athuga fyrirkomulag berklahæla þar.

Þá hefir guðfræðingum þessa lands einnig verið boðið að senda mann á fund guðfræðinga, er haldinn er í Danmörku í sumar, og hefir verið farið fram á, að sú för yrði styrkt að nokkru, eða með 1200 krónum. Vill nefndin leggja til, að veitt verði umbeðið fje.

12.

Þingmaður Vestmannaeyinga skýrði nefndinni frá því, að vegna ýmsra örðugleika hafi ekki verið hægt að framkvæma vatnsleit og undirbúning vatnsveitu í Vestmannaeyjum á árinu 1917, nema að litlu leyti. Er það fyrst nú í sumar, að þessu getur orðið lokið. Fer hann því fram á, að endurveittar verði þær 5000 kr., sem ætlaðar voru til þessa 1916—17. Þetta vill nefndin að gert verði, að því tilskildu, sem breytingartillagan getur um.

13.

Viðvíkjandi 4. lið 8. greinar skal þessa getið:

Nefndin telur rjett, að stjórnarráðið innheimti hjá fiskkaupmönnum þær 600 kr., er hjer um ræðir, enda hafa þeir samkvæmt brjefi yfirfiskimatsmannsins tjáð sig fúsa til að greiða fjeð. Enn fremur vill nefndin taka það fram, að þar sem yfirmatsmaður ekki má sjálfur taka borgun frá öðrum en landssjóði fyrir störf sín við fiskimat, þá verði einnig framvegis höfð sama aðferð, ef yfirmatsmaður getur ekki látið undirmatsmennina framkvæma matið.

14.

Árið 1912 bygði kaupfjelag Þingeyinga bryggju á Húsavík, fyrir vjelbáta og smærri báta; kostaði hún 10000 kr. Fjekk fjelagið 3000 kr. styrk til bryggjunnar, enda skyldi hún vera til almenningsnota. Nú hefir borið svo sand að bryggjunni, að hún er orðin of stutt fyrir stærri báta. Verður því að lengja hana til muna, og er verið að framkvæma það nú í sumar. Gert er ráð fyrir, að kostnaður við þetta verði alt að 7000 kr. Í gildandi fjárlögum er sýslunefnd Suður-Þingeyinga veittur styrkur til þessa verks, $^1/_3$ kostnaðar, en þó eigi yfir 1500 kr. Sýslumaður Þingeyinga fer nú fram á fyrir hönd sýslunefndar S.-Þing. og kaupfjelagsins, að veittur verði í aukafjárlögum viðbótarstyrkur, er nemi 8000 kr. Nefndin vill leggja til, að fje þetta verði veitt, enda fara báðar fjárhæðirnar samlagðar ekki fram úr $^1/_3$ kostnaðar.

15.

Síðasta Alþingi veitti sýslunefnd Strandasýslu styrk til kolanáms í Gunnarsstaðagróf. Styrknum átti að verja til að gera akfæran veg frá námunni til sjávar, og til áhaldakaupa. Þessi styrkur reyndist ekki nógur, og fer sýslunefndin því fram á að fá nokkurn viðbótarstyrk. Þar sem sýslunefndin, þrátt fyrir mjög mikla örðugleika, ljet starfrækja námuna síðastliðið sumar með allgóðum árangri, sem sje þeim, að ýmsir í umhverfi Húnaflóa fengu gott og sæmilega ódýrt eldsneyti veturinn sem leið, þá telur nefndin rjett að styðja það, að náman geti orðið framvegis rekin. Er ekki ólíklegt, að þetta verði framvegis til þess að út-

vega umhverfi Húnaflóa nothæft og ódýrt eldsneyti. En það vill nefndin taka fram, að sýslunefnd Strandasýslu sjái um viðhald þessa vegar á sinn kostnað á meðan hún lætur reka námuna. Nefndin telur og sjálfsagt, að landsstjórnin heimili henni fyrst um sinn afnot námunnar á sama hátt og nú er.

16.

Nefndin vill hækka nokkuð styrkinn til prestsekkjunnar Arnbjargar Einarsdóttur. Kona þessi er alveg eignalaus og hefir fyrir 6 börnum að sjá, en 5 þeirra eru á ómagaaldri.

17.

Elíeser Eiríksson hefir verið póstur frá Stað norður eftir Strandasýslu milli 20 og 30 ár. En sumarið 1918 varð hann að láta af starfinu fyrir elli sakir. Þessi maður hefir haft mjög erfiðar ferðir, farið fótgangandi alla vetur og oft borið feikna byrðar. Hann hefir reynst mjög áreiðanlegur og unnið sjer hylli og traust allra, sem hafa kynst honum. Þessi póstur hefir því eytt kröftum sínum í þarfir landsins, án þess að bera nokkuð úr býtum, sem hann geti lifað á í ellinni. Telur því nefndin sanngjarnt, að hann fái árleg eftirlaun, líkt og margir aðrir póstar hafa nú.

18.

Síðasta breytingartillaga nefndarinnar er borin fram samkvæmt ósk fjármálaráðherra. Um hana telur nefndin ekki þörf að fjölyrða, þar sem flestum þingmönnum munu kunnar ástæður, enda hafa og margir þeirra þegar gefið samþykki sitt til þeirrar ráðstöfunar, sem hjer um ræðir.

Að öðru leyti mun skýrt frá brtt. í framsögu, eftir því sem þörf þykir.

Alþingi, 24. júlí 1919.

Pjetur Jónsson, form.	Magnús Pjetursson, ritari og framsögum.	Bjarni Jónsson frá Vogi.

Matth. Ólafsson. Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Jörundur Bryniólfsson.

(B. XXXI, 3).

Ed. **158. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og hefir mikill meiri hluti hennar ekki fundið neitt verulegt við það að athuga, og ræður því deildunum til þess að samþykkja það með þessari

BREYTINGU,

að í staðinn fyrir »nánasta skyldmennis« komi:
venslamanns sins.

Alþingi, 22. júlí 1919.

Þórarinn Jónsson,
form. Nd.-nefndar og samv.nefndar.

Guðjón Guðlaugsson,
framsögum. í Ed.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.-nefndar og samv.nefndar.

Kristinn Daníelsson,
fundarskrifari Ed.-nefndar.

Sigurjón Friðjónsson. Hjörtur Snorrason. Benedikt Sveinsson,

H. Steinsson,
með fyrirvara.

Björn Kristjánsson. Þorsteinn Jónsson.

(B. XXXVII, 2).

Nd. **159. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi:
og í staðinn fyrir tölulið VII. 38 komi 2 nýir töluliðir:
Kálfatjörn: Kálfatjarnarsókn.
Garðar á Álftanesi: Garða- og Bessastaðasóknir.

(B. XXXIII, 5).

Nd. **160. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 1. gr. Aftan við orðin: »fram úr 600 kr. á bifreið« komi:

Bifreiðar, sem rúma 4 farþega eða fleiri og hafa fasta ferðaáætlun milli ákveðinna staða og fara á sumrum eigi færri en 2 áætlaðar ferðir á viku, skulu að eins greiða helming skattsins.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Skatti þessum skal eingöngu varið til viðhalds á vegum þeim, sem bifreiðarnar fara um.

(B. XLII, 1).

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.

Flutningsm.: Einar Árnason og Stefán Stefánsson.

1. gr.

Við Syðstabæ í Hrísey skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk þeirra manna, er hjer eiga hlut að máli, og hefir sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu mælt með löggildingunni.

Hrísey liggur á fjölfarinni skipaleið, og er lægi þar gott. Sjávarútvegur hefir aukist þar mjög, bæði þorskveiði og síldar, enda er þar nú vaxið upp allfjölment þorp.

(B. XLIII, 1).

Nd. **162. Frumvarp**

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

1. gr.

36. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, slægjuafnot og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

Greinargerð.

Það er orðið altítt, að kaupstaðabúar og lausamenn fái lánaðar slægjur hjá bændum, sumpart til þess að afla fóðurs handa skepnum sínum, en sumpart til þess að selja öðrum heyið.

Þetta síðartalda hefir mjög færst í vöxt hin síðari árin, einkum í nánd við kaupstaðina.

Eftirspurn eftir heyi hefir aukist mjög í kaupstöðunum; hafa því margir lagt kapp á það að tryggja sjer slægjuafnot hjá bændum með samningum,

sem gilda yfir lengri og skemri tíma, og er þetta nú orðið nokkurn veginn föst atvinnugrein hjá mörgum, og hefir hún reynst mjög tekjudrjúg.

Það hefir því verið undan því kvartað, að eigi væri hægt að gera þennan atvinnurekstur útsvarsskyldan í þeim hreppum, þar sem atvinnan er rekin.

Í þessu atriði hafa þau ákvæði sveitarstjórnarlaganna, sem sjáanlega hefir verið ætlast til að þetta heyrði undir, ekki reynst nægjanlega ljós.

En með breytingu þeirri, sem hjer er gerð á lögunum, er þetta svo ljóst fram tekið, að eigi verður um vilst.

(C. XI, 1).

Nd. **163. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiðar.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um, að rannsakað verði á yfirstandandi sumri, eða svo fljótt sem unt er, hvar heppilegast muni að leggja síma frá Tálknafirði til Hvestu í Dalahreppi og Selárdals í sama hreppi.

(B. XXVII, 3).

Ed. **164. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 1. gr. komi:

a) Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefir umsjón með rekstri póststarfanna.

Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða.

b) Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.

c) Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

2. gr.

Í stað 2. gr. c, 2. málsgr. komi:

Undir fylgibrjef með bögglum má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

3. gr.

Í stað 7.—9. málsgr. 9. gr. komi:

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

4. gr.

Í stað 11. gr. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a) *Fyrir laus brjef:*

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,
   ef þau vega 20 grömm eða minna ..... 15 aurar
   ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum ..... 30 —
   ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum ..... 45 —

   Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa utanríkis, sem er:

   Fyrir hin fyrstu 20 grömm 20 aurar, og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

   Spjaldbrjef ..... 10 aurar
   Spjaldbrjef með borguðu svari ..... 20 —

   Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 10 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.
2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 5 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

   Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en 2. gr. póstlaga 16. nóv. 1907 ákveður, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.
3. 15 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b) *Fyrir peningabrjef:*

10 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 30 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna ..... 10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er .. ... 5 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. *Fyrir böggla:*

20 aurar fyrir hvern böggul og að auki 10 aurar fyrir hvert ½ kilógramm eða minni þunga.

Eigi að senda bögglana með landpóstum, skal þar að auki greiða:
Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 40 aura
Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga ..... 40 —

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið, skal borgað alt að 100 % meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal enn fremur greiða ábyrgðargjald það, sem ákveðið er í staflið b.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrjef segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d) *Fyrir póstávísanir:*
25 kr. eða minni upphæð ..... 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ..... 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð að því, sem fram yfir er.

e) *Fyrir póstkröfur*
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 10 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f) *Fyrir blöð og tímarit:*

Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 25 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 50 aurar.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 5 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Borgun sú, sem ákveðin er í 4. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrjef.
3. Böggla.
4. Póstávísanir.
5. Póstkröfur.
6. Móttökukvittanir.
7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkv. 4. gr. f. þessara laga.
8. Sendingar til konungs og konungsættingja.
9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær að eins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.
10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórninni.

6. gr.

Í stað síðustu málsgr. í 13. gr. komi:

Frímerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frímerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávísanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

7. gr.

Í stað »20« í 21. gr. komi: 200.

8. gr.

Í stað »stjórnarráð« í 27. gr. komi: póststjórn.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. XVII, 4).

Ed. **165. Lög**

um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

(Afgreidd frá Ed. 25. júlí).

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal, hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald, og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig, að mismunur til eða frá undir 1/4 venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Enn fremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kilógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

(A. XIX, 4).

Ed. **166. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918.

(Afgreidd frá Ed. 25. júlí).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. XXVIII, 2).

Nd. **167. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir fallist á það, að rjett sje að leggja skatt á innlenda konfekt- og brjóstsykursgerð, sjerstaklega þegar litið er til þess, að tollur af þessum vörum aðfluttum er nú orðinn allhár. Og það sýnist heldur ekki ósanngjarnt eða íþyngja um of þessum innlenda iðnaði, þó að þriðjungs tollur sje lagður á þessa vörutegund móts við aðflutningsgjald af henni.

Nefndin leggur til, að við frumvarpið sjeu gerðar þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Aftan af 8. gr. falli: »Af upphæð gjaldanna — — « og til enda greinarinnar.
2. Fyrir »91« í 9. gr. komi:
   41.

Alþingi, 24. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, skrifari og framsögum.

Einar Árnason. H. J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(B. XXIX, 2).

Ed. **168. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að háttv. deild samþykki verðlag frumvarpsins á skattinum.

Um leið telur nefndin rjett að breyta verðlagi styrksins, og ber því fram svo felda

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
Fyrri málsgr. 16. gr. laganna orðast svo:
Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn og má ekki vera undir 40 kr. og ekki yfir 400 kr.
Greinatalan breytist eftir því.

Alþingi, 24. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form., með fyrirvara.	Magnús Torfason, ritari.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.

(C. XII, 1).

Nd. **169. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiðar á Langanesi.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hlutast til um:
1. Að rannsökuð verði sem allra fyrst símaleið milli Þórshafnar og Skála á Langanesi.
2. Að sími verði lagður milli þessara staða að lokinni rannsókn, svo fljótt, sem kostur er á.

(B. XXXIII, 6).

Nd. **170. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Við 1. gr.:
Í stað »250 kr.« komi:
150 kr.
- — »300 kr.« —
200 kr.
- — »350 kr.« —
250 kr.
- — »600 kr.« —
500 kr.

(B. XLIV, 1).

Ed. **171. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Aftan við 4. gr. laga nr. 30, 20. okt. 1905, bætist svo hljóðandi málsgrein: Sama gildir og þegar jörð eða jarðargögn, sem selja á, eru í sjálfsábúð.

Greinargerð.

Í lögunum um forkaupsrjett leiguliða frá 20. okt. 1905 vantar alveg ákvæði um forkaupsrjett hreppsfjelaga á jörðum eða jarðanytjum, þegar svo stendur á, að jörðin eða jarðarnytjarnar eru í sjálfsábúð, þegar salan fer fram. Þetta virðist helst vera fyrir vangá löggjafans, en að meiningin hafi þó verið, að í öllum þeim tilfellum, sem ábúandi hefir ekki forgangsrjett að kaupunum, þá hafi hreppsfjelagið hann, enda hafa lögin verið skilin svo af sumum, og víst má telja, að öll hreppsfjelög óska þess, að svo sje, og úr því má bæta með þessari litlu viðbót, sem hjer er farið fram á.

Sþ. **172. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1917 til 31. des. 1918.

Tekjur:		Kr. a.
1. Eign í árslok 1916 (sbr. Alþ.tíð. 1917 A, bls. 1173):		
a. Bankavaxtabrjef	kr. 12300 00	
b. Veðskuldabrjef	— 5100 00	
c. Í Landsbankanum	— 3105 26	20505 26
2. Vextir á ofannefndu tímabili:		
a. Af bankavaxtabrjefum $^{2}/_{1}$—$^{1}/_{7}$ '17 og $^{2}/_{1}$—$^{1}/_{7}$ '18	kr. 1107 00	
b. Af veðskuldabrjefum $^{11}/_{6}$ '17, $^{11}/_{6}$ '18.	— 416 00	
c. - fje í Landsbankanum	— 213 89	1736 89
	Kr.	22242 15

Gjöld:		Kr. a.
1. Til útgáfu Alþingisbóka (Sögufjelag)		1000 00
2. — — Lýsingar Íslands eftir Þorv. Thoroddsen (Bókmentafjelag)		700 00
3. Borgað fyrir auglýsingu		7 00
4. Eign í árslok 1918:		
a. Bankavaxtabrjef	kr. 12300 00	
b. Veðskuldabrjef	— 5100 00	
c. Í Landsbankanum.	— 3135 15	20535 15
		Kr. 22242 15

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 6. jan. 1919.

F. h. r.
E. u.
Björn Þórðarson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 28. des. 1917 gaf nefnd sú — Björn prófessor Ólsen og hjer meðundirritaðir Hannes skjalavörður Þorsteinsson og Jón þjóðskjalavörður Þorkelsson, — er kosin var á Alþingi þá um sumarið til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram fyrir lok desembermánaðar 1918. En í nóvember og desember í fyrra geisaði drepsóttin hjer sunnan lands, sem kunnugt er, og truflaði hún bæði mjög samgöngur og tók auk þess úr nærfelt sex vikna verk fyrir flestum mönnum, hvort sem þeir tóku sóttina sjálfir eða ekki. Sá nefndin því ekki annað fært en að framlengja með auglýsingu 23. des. f. á. hinn fyr nefnda frest til 31. janúar þ. á.

Nóttina milli 15. og 16. janúar í ár andaðist einn af nefndarmönnum, Björn prófessor Ólsen, áður en hinn veitti frestur var liðinn og áður en nokkur ritgerð hefði borist nefndinni til álita. Þóttust hinir tveir eftirlifandi hjer meðundirrituðu nefndarmenn þá sjá missmíði á því, að þeir dæmdi tveir einir um ritgerðirnar, því að ef þá greindi á, vantaði oddamann, og dómur yrði enginn endanlegur. Kvöddu þeir því þegar hinn 16. janúar þ. á., að fengnu munnlegu samþykki forsætisráðherrans, prófessor í lögum, meðundirritaðan Einar Arnórsson, í nefndina með svo látandi brjefi:

»Með því að prófessor Björn M. Ólsen, sem ásamt okkur var á Alþingi 1917 kosinn til þess að dæma um rit, er beiðst væri verðlauna fyrir af Gjöf Jóns Sigurðssonar, er nú látinn, þá leyfum við okkur, að þegar fengnu samþykki forsætisráðherrans, að kveðja yður, herra prófessor, í nefndina í stað hins látna nefndarmanns, og vonumst við til, að þjer færist ekki undan því að taka þetta starf að yður«.

Á hinum setta fresti bárust nefndinni þessar þrjár ritgerðir:

1. »*Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602—1787*«, með einkunnarorðum:
»Det Land, som ikkun har tvungen Handel, kan ikke andet end være ulykkeligt«.
(Magnús amtmaður Gíslason í brjefi til Skúla fógeta, dags. 4. okt. 1754. Brjefabók amtm. IX, 290—294 í Þjóðskjalasafni).

2. »*Tvær menningarsögulegar ritgerðir ásamt 8 uppdráttum og 5 ljósmyndum*, með einkunnarorðum:
»The simplicity of a pastoral sanctuary is lovelier than the majesty of an urban temple«.
Ruskin í »The seven lamps af Architecture«.

3. »*Úr sögu siðaskiftanna á Islandi.* Aðdragandi og upptök siðaskiftanna hjer á Íslandi. Afstaða Gizurar biskups Einarssonar til kaþólsku biskupanna, Ögmundar og Jóns Arasonar annars vegar, og konungsvaldsins hins vegar, og viðgangur hins nýja siðar á dögum Gizurar biskups«. — Á ritgerðinni voru engin einkunnarorð, en á titilblaðinu stóð nafnið »Magnús Jónsson«.

Dómur um ritgerðir þessar fjell þannig:

1. Samþykt í einu hljóði að veita 700 kr. verðlaun fyrir ritgerðina undir 1. tölulið að framan. Þess er getið, samkvæmt efnisskrá framan við ritgerðina, að hún sje í 2 þáttum, en af öðrum þætti lá að eins I.—III. kafli fyrir nefndinni, en IV.—IX. kafla og »Niðurlag« vantaði. Höfundur reyndist vera *Jón J. Aðils* docent.

2. Samþykt í einu hljóði að veita 500 kr. verðlaun fyrir ritgerðirnar undir 2. tölulið. Þess er hjer getið, samkvæmt greinargerð höfundarins framan við ritgerðirnar, sem höfundurinn ætlar að nefna einu nafni »Um dómkirkjuna á Hólum í Hjaltadal«, að vanti III. kaflann eða þriðju ritgerðina. En hinir tveir kaflarnir eða ritgerðirnar, er fyrir nefndinni lágu, eru annar »saga dómkirkjunnar á Hólum í Hjaltadal«, en hinn heitir »Íslenskar kirkjur alment á miðöldunum«. Höfundurinn reyndist vera *Guðbrandur Jónsson.*

3. Samþykt í einu hljóði að veita 300 kr. verðlaun fyrir ritgerðina undir 3. tölulið. Ritgerð þessa hefir höfundurinn samið í samkeppnisprófi um kennaraembætti í guðfræðisdeild háskólans sumarið 1918, og er hún óbreytt eða mjög lítt breytt frá því, sem hún var þá. Með tilliti til þess, að höfundurinn hefir, þar hann varð hlutskarpastur keppinautanna um áðurnefnt embætti, hlotið mikilsverða sæmd fyrir ritgerð þessa, taldi nefndin eigi ástæðu til að veita hærri verðlaun fyrir hana. »Magnús Jónsson« sá, er tilgreindur var svo sem höfundur á titilblaði ritgerðarinnar, reyndist samkvæmt lokuðu fylgibrjefi til nefndarinnar vera *Magnús Jónsson docent.*

Samstundis sem dómsorði nefndarinnar var á lokið um verðlaunin, var niðurstaðan tilkynt stjórnarráðinu og höfundunum.

Frá þessu njótum vjer hjer með þess sóma að skýra hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 11. júlí 1919.

Hannes Þorsteinsson. Jón Þorkelsson. Einar Arnórsson.

Til Alþingis.

(B. XLV, 1).

Nd. **173. Frumvarp**

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslunnar, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, eftir áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnarfundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu, vegagjöld, og eru þau ekki bundin við hámark vegalaganna, og framlög frá einstökum mönnum, sem heimilt er að áskilja eftir jarðardýrleika á samþyktarsvæðinu eða lausafjáreign hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Þar sem mikill áhugi er víða að vakna fyrir því að bæta samgöngur í stórum stíl innan sveita víðs vegar um land, og á hina hliðina svo brýn þörf á því, að enga bið þolir, enda ekki fyrirsjáanlegt, að í náinni framtíð geti ríkissjóður, nema þá mjög takmarkað, lagt fje fram til þeirra verka, þá er í ýmsum sveitum, af frjálsum framlögum einstaklinga, byrjað á dýrum vegagerðum. En þar sem í þessum framkvæmdum, eins og öðrum, geta altaf verið menn, sem vilja hliðra sjer hjá að bera sína skyldubyrði í þessu efni, þá virðist vera rjettmætt að setja heimildarlög, sem tryggi það, að slík nauðsynjaverk verði ekki óunnin.

Frumvarpið er því fram komið af þessari þörf, sem á ýmsum þingmálafundum úti um land hefir látið til sín heyra. Og krafa þessi sýnist öldungis rjettmæt, þar sem samskonar heimildarlög hafa áður verið sett, t. d. í lögum um vatnsveitingar, lögum um girðingar og lögum um kornforðabúr o. s. frv.

(A. XXVIII, 2).

Ed. **174. Nefndarálit**

um frv. til laga um hæstarjett.

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

Samvinnunefnd allsherjarnefnda beggja deilda hefir í einu hljóði samþykt að leggja það til, að Alþingi samþykki frumvarp stjórnarinnar til laga um hæstarjett. Telur nefndin einsætt, að flytja verði svo fljótt sem unt er æðsta dómsvald í íslenskum málum inn í landið. Það er hugsunarrjett afleiðing af fullveldi landsins, er það hefir nú fengið fulla viðurkenningu sambandsþjóðar vorrar á, sbr. 1. 10. og 17. gr. dansk-ísl. sambandslaga 30. nóv. 1918. Nefndin fellst á ástæður þær, sem greindar eru í athugasemdum við frumvarpið, og þykir því eigi nauðsyn á vera að fjölyrða um frumvarpið alment. Þess vill nefndin þó geta sjerstaklega, að hún telur öldungis sjálfsagt, að málflutningur verði *munnlegur* fyrir hæstarjetti með þeim hætti, sem stjórnin leggur til í frumvarpinu, eins og hvarvetna er fyrir æðstu dómstólum. Nefndin fær eigi sjeð, að neinir sjerstakir örðugleikar sjeu hjer á því að koma á munnlegum málflutningi framar en annarsstaðar. Ágrip dómsgerða geta dómendur kynt sjer áður en mál er þingfest (37. gr. frv.), frestur er veittur dómöndum og málflytjöndum til þess að temja sjer og venja sig við munnlegan málflutning (52. og 53. gr.). Og loks gerir nefndin ekki ráð fyrir því, að aðrir skipi sæti í dóminum en menn með skýrri dómgreind, er bæði hafi þekkingu í besta lagi og reynslu. Verður það væntanlega venja hjer, sem tíðkast víða, ef eigi víðast, annarsstaðar, að stjórnin leiti til þess manns, er hæfastur þykir, til að taka sæti í dóminum, til þess að hann þreyti raun þá, er í 6. gr. 4. tölul. segir, þegar sæti losnar þar. Dómar undirrjetta verða birtir í dómasafni hæstarjettar, og verður það mikil hvöt undirdómurum til þess að vanda þá sem best. Hæstarjettardómurum verður alls eigi ofvaxið að gera nægar forsendur að dómum sínum, þar sem þeir telja forsendur undirdómara rangar eða annmörkum bundnar. Fyrir hæstarjett munu koma 70—80 mál á ári, miðað við málafjölda landsyfirdómsins. Mörg þessara mála eru mjög einföld. Mest af vinnu yfirdómara nú fer í það að leita að því, er máli skiftir, í hinum mörgu og löngu sóknarskjölum og varnarskjölum málflytjenda, bæði fyrir undirdómi og yfirdómi. Þetta losna hæstarjettardómendur við. Dómsgerða-ágripin hafa það að geyma, sem máli skiftir úr undirrjettarskjölum máls hvers, og fyrir hæstarjetti koma 2 ræður hvors málsflytjanda. Nefndin fær eigi sjeð, að færum mönnum verði ofraun að gera 70—80 dóma á ári vel úr garði. Til samanburðar má geta þess, að fyrir hæstarjett Danmerkur koma nú árlega 300—400 mál, og fer alt vel. Munnlegur málflutningur hefir þann höfuðkost, að málin dragast skemur, að verk dómstólsins er eigi almenningi hulið, eins og þar sem málflutningur er skriflegur. Menn mega sjá, hvað fyrir dóminum gerist, í starfinu er *lif*, en með skriflegum málflutningi er það kalt og dautt.

Breytingartillögur nefndarinnar (á þgskj. 175) eru margar að eins orðabreytingar eða til þess að kveða skýrar á. Fyrir efnisbreytingum hinum helstu skal hjer gerð stutt grein:

Um 2. brtt.

Launa-ákvæðið hugsar nefndin sjer, að sett verði í launalagafrumvarp stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir þinginu, og mun nefndin gera ráðstafanir til þess, að svo verði gert.

Um 4. brtt. c)

Er sjálfsagt ákvæði og sett til öryggis. Samskonar ákvæði eru nú í lögum um sveitar- og bæjarstjórnir.

Um 6. brtt.

Hæstarjettarritari verður manna kunnugastur störfum dómsins. Því stingur nefndin upp á því, að hann geti orðið hæstarjettardómari (sbr. 4. brtt. a) og að hann þurfi því að hafa lagapróf með 1. einkunn. Ákvæði um laun hans er fellt burt af sömu ástæðu sem 2. brtt. segir.

Um 12. brtt.

Eigi þykir ástæða til að halda gömlu reglunni í N. L. 1—9—14 um »þjónana«. Hún virðist eigi notuð nú, en mætti verða til þess, að farið yrði í kringum einkaheimild hæstarjettarmálflutningsmanna samkvæmt 18. gr.

Um 14. brtt.

Dómstjóri ákveður með ritara samkv. brtt. þingfestingardag máls, og þykir það rjettara en að ritari geri það með dómstjóra. Eigi þykir það nein hætta, að ritari ákveði stefnufrest. Málflytjendur gæta þess í sína þágu, að hann verði ekki of skammur settur, því að ef svo reyndist, mundi dómurinn vísa málinu frá, því að það atriði sætir úrlausn hans sem önnur málsatriði.

Um 17. brtt.

Nú er áfrýjunarupphæð einkamála 4 kr. til yfirdóms. Nefndinni virðist 100 kr. of hátt, og hefir komið sjer saman um 25 kr. Kostnaður sá, sem málskot hefir í för með sjer (sbr. 19., 37. og 48. gr.) er nægar skorður við því, að menn fari alment að áfrýja vættkisverðum málum. Mál *geta*, þótt upphæð sje lág, verið mjög þýðingarmikil lögfræðileg stefnumál, og er þá hart að knýja menn til þess að kaupa áfrýjunarleyfi. Sumir telja rjettast að setja engar krröfur um áfrýjunarupphæð, og hefir uppástunga sú, er í þessari brtt. greinir, orðið að samkomulagi.

Um 24. brtt.

Hallkvæmara þykir, að aðiljar eða umboðsmenn þeirra geri ágrip dómsgerðar saman, því að þá kemur fram í einu lagi það, sem hvor telur máli skifta.

Um 28. brtt.

Dómgjöldin eru fimmfölduð frá því, sem nú er í hjeraði, og telur nefndin það hæfilegt.

Um 29. og 30. brtt.

Frestur er lengdur um 1 ár, eða úr 2 í 3, til þess að munnlegum málflutningi verði komið á alveg samkvæmt 38. gr. frv. Það hefir og orðið samkomulag um, að dómurinn ákveði, í samráði við málflytjendur, skriflega málsmeðferð. En þar sem sjálfsagt er, að munnlegum málflutningi verði sem fyrst komið á og undanþága 53. gr. eigi notuð, nema *veruleg þörf* sje á, er heimildin einskorðuð við ákveðinn hluta málanna árlega. Yrði eftir því nál. 25 mál fyrsta árið, er flytja mætti skriflega eftir greininni, 18—20 annað árið og 14—16 þriðja árið, miðað við málafjölda árlega í yfirdómi síðari árin. Málflutningsmönnunum er nauðsyn á að temja sjer munnlegan málflutning, ef þeir vilja neyta ákvæðis 52. gr., og því verður hann *þegar* að verða aðalreglan.

Um 31. brtt.

a) Að eins skýrar kveðið á um, hvaða mál fari til hæstarjettar Danmerkur.

b) Rjett virðist að láta eldri frestinn halda sjer um dóma yfirrjettar, sem 1. málsgr. tekur eigi til, en að setja þó þær skorður, að meira en 18 mánuðir megi ekki líða frá dómsuppsögn. Hæstirjettur getur eftir ákvæðinu fengið yfirdómsmál, er dæmd hafa verið síðustu 18 mánuðina áður en áfrýjunarstefna til hæstarjettar er út tekin. Þegar menn vita, að hæstarjett á að stofna hjer, má búast við, að þeir dragi málskot frá yfirdómi til hæstarjettar Dana í þeirri von að þeir geti komið málum sínum til hæstarjettar hjer, og því virðist rjett að heimila þeim lengri frest en almenn til áfrýjunar samkvæmt 26. gr.

Um 32. brtt.

Af því að hæstarjettardómarar verða 5, en yfirdómararnir 3 áttu sæti í landsdómi, verður að taka sjerstaklega fram, hvernig sæti yfirdómaranna þar skuli fylt.

Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir breytingartillögum nefndarinnar í umræðum málsins, ef þörf krefur.

Alþingi, 25. júlí 1919.

Einar Arnórsson,
form. samvinnunefndar og frsm. í Nd.

Guðjón Guðlaugsson,
form. Ed.-nefndar.

Magnús Guðmundsson,
ritari Nd.-nefndar.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari Ed.-nefndar og ritari.

Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen. Magnús Torfason. Einar Jónsson.

(A. XXVIII, 3).

Ed. **175. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hæstarjett.

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

1. Við 3. gr.:
   a) Á eftir »embættisaldri« komi:
   í dóminum.
   b) Fyrir »heyra undir prófastadóm« komi:
   liggja undir prófastadóm.
2. Við 4. gr.:
   Síðari málsl. falli burt.
3. Við 5. gr.:
   »Dóminn« í 1. málsgr. verði:
   dóm.
4. Við 6. gr.:
   a) Milli »landsins« og »eða« í 2. tölul. 1. málsgr. komi:
   hæstarjettarritari.
   b) Síðari málsl. 2. málsgr. 2. tölul. orðist svo:
   Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.
   c) Aftan við greinina komi nýr (5.) liður svo hljóðandi:
   Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.
5. Við 7. gr.:
   a) »Kjörfaðir eða fósturfaðir, kjörsonur eða fóstursonur« í 2. og 3. tölul. verði:
   kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
   b) »geti eigi litið« í 6. tölul. verði:
   líti eigi.
6. Við 9. gr.:
   Hún orðist svo:
   Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.
7. Við 10. gr.:
   »Dómsgjöldum« verði:
   dómgjöldum.
8. Við 13. gr.:
   2. tölul. orðist svo:
   Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

9. Við 15. gr.:
Fyrir »200 kr.« komi:
500 kr.

10. Við 16. gr.:
2. málsgr. orðist svo:
Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

11. Við 17. gr.
Síðari málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

12. Við 18. gr.:
Orðin: »svo og þjónum ..... 6 mánaða tíma« falli burt.

13. Við 20. gr.:
Fyrir »ef hann hefir þrisvar sinnum verið sektaður af hæstarjetti« komi:
ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann.

14. Við 21. gr.:
a) Fyrir »Síðan ákveður ..... auglýsir það« í 1. tölul. 2. málsgr. komi:
Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það.
b) Fyrir »á þeim stað« í sömu málsgr. komi:
á þann hátt.
c) Fyrir »Hæstirjettur« í upphafi 2. málsgr. 2. tölul. komi:
Hæstarjettarritari.

15. Við 22. gr.:
a) Fyrir »slíkra mála« komi:
þeirra mála.
b) Fyrir »viðkomendum« komi:
þeim, sem það varðar.

16. Við 23. gr.:
»til hæstarjettar« á síðari staðnum falli burt.

17. Við 24. gr.:
a) »Út« í upphafi 2. málsgr. falli burt.
b) Fyrir »100« í 2. og 3. málsgr. komi:
25.
c) Fyrir »eftir 1. eða 2. málsgr.« í niðurl. gr. komi:
samkvæmt 1.—3. málsgr.

18. Við 27. gr.:
Í stað »aftur til hæstarjettar« komi:
þangað aftur.

19. Við 28. gr.:
Í stað orðanna »ef aðilja ..... máli sínu fyrr» í niðurlagi 1. málsgr. komi:
ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

20. Við 30. gr.:
Fyrir »hefði« á fyrri staðnum komi:
mundi hafa.

21. Við fyrirsögn VI. kafla:
Milli »meðferð« og »fyrir« komi:
mála.

22. Við 34. gr.:
2 málsl. orðist svo:
Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

23. Við 36. gr.:
a) Milli »leggja« og »ný gögn« í 2. málsgr. komi:
fram,
og »fram fram« verði:
fram.
b) Aftan við greinina bætist:
nema málflytjendur verði á annað sáttir.

24. Við 37. gr.:
Greinin orðist svo:
Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja mestu máli skifta, og leggja það fram í skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

25. Við 42. gr.:
Hún orðist svo:
Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar sakar frá hæstarjetti, þá skal hann skýra gagnaðilja frá því að minsta kosti 2 dögum áður en mál skal þingfesta, og skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

26. Við 45. gr.:
Fyrir »Atkvæði ..... í hæstarjetti« í 3. málsgr. 3. málsl. komi:
Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn, og svo eftir röð.

27. Við 47. gr.:
Hún orðist svo:
Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

28. Við 48. gr.:
a) Fyrir »við hæstarjett« komi:
í hæstarjetti.
b) Fyrir »útgáfu stefnu ..... sem kvaddur er« komi:
Fyrir útgáfu stefnu ..... 5 krónur.
Fyrir þingfestingu ..... 10 krónur.
Fyrir dómsuppsögn ..... 20 krónur.
Fyrir úrskurð ..... 10 krónur.

Fyrir frest ..... 5 krónur.
Fyrir dómkvaðning hvers manns ..... 5 krónur.

29. Við 52. gr.:
Fyrir »2« komi:
3.

30. Við 53. gr.:
Greinin orðist svo:
Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

31. Við 54. gr.:
a) 1. málsgr. orðist svo:
Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.
b) 2. málsgr. orðist svo:
Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögu eða úrskurðar.

32. Við 56. gr.:
Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

33. Við 57. gr.:
a) »N.L. 1—6—7, 10, 14, til 18 og 19« í upphafi 3. málsgr. verði:
N.L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19.
b) »Opið brjef 2. júní 1817« í sömu málsgr. verði:
Opið brjef 2. júní 1819.

(A. VIII, 5).

Nd. **176. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings, sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

Brtt. á þingskj. 143 er tekin aftur.

(B. XLVI, 1).

Nd. **177. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afrjettalönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfjelag það, eða sveitarfjelög þau, sem land það liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, og skal sá jafnan sitja fyrir kaupum, sem tekur jörðina til ábúðar, ef á að byggja hana á leigu, þó svo, að hann greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sje honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

7. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 7. gr., eða jörð á ekki að byggja eða er ekki bygð á leigu, og öðlast þá sveitarfjelag það rjettinn, er jörð eða jarðargögn liggja í.

8. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

9. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—8. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Greinargerð.

Lög um forkaupsrjett leiguliða frá 20. okt. 1905 ná, eins og nafnið bendir á, að eins til jarða í *leiguábúð*. Hins vegar hafa ýmsir talið æskilegt, að samskonar ákvæði giltu um jarðir, er seldar eru úr *sjálfsábúð*. Meðal annars var gerð sú ályktun á þingmálafundi við Ölfusárbrú 30. f. m. að skora á þingmenn kjördæmisins að flytja á þingi frumvarp um þetta efni.

Jafnframt því, sem frumvarpið inniheldur ákvæði (6.—9. gr.) um forkaupsrjett að jörðum, sem seldar eru úr sjálfsábúð, hafa lögin um forkaupsrjett leiguliða verið tekin upp í frumvarpið (1.—5. og 6. gr.) Þótti fara betur á því heldur en að lög um svipað efni væri í tvennu lagi.

Að öðru leyti skal það tekið fram, að telja verður mikla bót fólgna í því, að sá hafi rjett til að sitja fyrir kaupum á jörð, sem seld er úr sjálfsábúð, er tekur hana til ábúðar, og sveitarfjelagið að öðrum kosti. Miðar það bæði að því að tryggja sjálfsábúð í landinu og að jarðir lendi ekki í eign utanhjeraðsmanna.

(A. XIV, 2).

Nd. **178. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er að mestu endurtekning á fyrirmælum, sem nú gilda, sbr. lög nr. 12, 9. júlí 1909, og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, og virðist frv. aðallega fram komið til að bæta launakjör bankastjóra, bókara og fjehirðis. Er nefndin á einu máli um, að það sje sjálfsagt, og getur meiri hluti hennar fallist á ákvæði frv. um launin, en 2 nefndarmanna hafa áskilið sjer rjett til sjerstöðu í þessu atriði og munu undirrita með fyrirvara.

Eftir 4. gr. frv. er bankastjórninni heimilað að skipa sjerstakan fjehirði við sparisjóðsdeild, en bankastjórnin hefir tjáð nefndinni, að hún óski að fá breytingu á þessu á þann veg, að annar fjehirðirinn annist innborganir, en hinn útborganir, og virðist nefndinni rjett að taka þá ósk til greina. Það er nýmæli í gr. þessari, að bankastjórn megi veita einum af starfsmönnum bankans umboð til að undirrita skuldbindingar í fjarveru tveggja bankastjóra, og sjer nefndin eigi ástæðu til að leggjast á móti því.

Nefndin hefir eigi getað fallist á 8. gr. frv., um stofnun eftirlaunasjóðs fyrir starfsmenn bankans. Fyrst og fremst þykir ósamræmi í að stofna eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans um leið og ætlast er til, að eftirlaun starfsmanna ríkisins yfirleitt hverfi. Og í öðru lagi sýnist mikið misrjetti í því, að bankinn leggi fram 200000 kr. til þessa sjóðs, en ríkissjóður aðeins 50000 kr. til lífeyrissjóðs fyrir alla þá, er launa njóta samkvæmt almennum launalögum. Í

þriðja lagi virðist það fara í bága við þá stefnu, sem nú er uppi í landinu, að starfsmenn bankans leggi ekki neitt í sjóðinn. Nefndin vill því gerbreyta þessari gr., sbr. brtt. hjer á eftir, og verður þetta ítarlegar skýrt í framsögu.

Það virðist rjettast, að lög þessi gangi í gildi 1. jan. næstkomandi, en þess skal getið, að ef aðrir starfsmenn ríkisins fá uppbót á laun sín fyrir yfirstandandi ár, virðist sjálfsagt, að hið sama verði um bankastjórana, bókara og fjehirði.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir afnámi laga, sem þegar eru úr gildi fallin, og vill nefndin láta leiðrjetta þetta.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Orðin »við sparisjóðsdeild« falli burt.
2. 8. gr. orðist svo:

   Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

   Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

   Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.
3. Við 9. gr.

   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

   b. Orðin: »Enn fremur eru numin úr gildi«, til enda gr., falli burt.

Alþingi, 26. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, form. og framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason.

H. J. Kristófersson, með fyrirvara. Sigurður Sigurðsson, með fyrirvara.

(B. XLIII, 2).

Nd. **179. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Orðin i seinni málsgrein 1. gr.: »sem einhvern arð gefa« falli burtu.

(B. XXVI, 3).

Nd. **180. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald af salti.

Frá Benedikt Sveinssyni.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp áhalli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan lögin gilda fellur niður vörutollur sá, sem nú er á salti.

(B. XXVI, 4).

Ed. **181. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af salti.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Af hverri smálest salts, sem flutt er til landsins, skal greiða 8 kr. gjald i ríkissjóð. Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan lögin gilda fellur niður vörutollur sá, sem nú er á salti.

(B. XLVII, 1).

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands jarðarinnar Auðkúlu í Húnavatnssýslu.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að selja af landi jarðarinnar Auðkúlu í Húnavatnssýslu til nýbýlisræktunar það land, sem liggur fyrir sunnan beina línu úr norðvesturhorni Litladalslands í norðausturhorn Holtslands.

2. gr.

Land þetta skal selt með því skilyrði, að kaupandinn á næstu 5 árum hafi húsað þar bæ og bygt nauðsynleg peningshús, girt og þurkað og tekið til ræktunar að minsta kosti 10 dagsláttur lands.

Fullnægi kaupandi ekki þessum skilyrðum, hefir hann fyrirgert rjetti sínum til landsins og mannvirkja þeirra, er hann hefir þar gert.

3. gr.

Um mat á landi þessu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Á síðari árum er eftirspurn eftir býlum í landinu orðin mjög mikil, enda talsvert verið um það rætt og ritað að gefa mönnum kost á landi til nýbýlisræktunar. Þessi eftirspurn keyrir nú svo fram úr hófi, að telja má, að það, sem nú er boðið í jarðeignir landsins, hvort heldur til kaups eða ábúðar, sje langt yfir sannvirði, og sýnir það átakanlega ábýlaekluna.

Það sýnist því ekki órjettmætt, að álitlegir umsækjendur, eins og hjer á sjer stað, fái land keypt til þess að reisa á nýbýli, þar sem svo hagar til, að bújörð sú, sem landið er tekið af, krenkist ekki að verulegum mun við það.

(B. XLVIII, 1).

Ed. **183. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

I. Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skattskyldur til landssjóðs, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum. Dvelji maður erlendis um stundarsakir, en bregði eigi heimilisfangi hjer á landi, skal hann gjalda skatt eins og hann væri í landinu.

2. gr.

Maður, sem eigi er heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, sem hjer er rekin, skal greiða skatt af eign þeirri og atvinnu, og tilnefna fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta mann í sýslunni eða kaupstaðnum, er greiði skattgjald hans. Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun, eftirlaun eða styrk úr landssjóði, eða einhverri alþjóðlegri, innlendri stofnun, gjalda skatt af tekjum þessum, og skal skattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Verslanir, verksmiðjur og önnur atvinnufyrirtæki og arðsamar stofnanir, skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur. Að því leyti, sem starfsemi hlutafjelaga og annara atvinnufjelaga er eigi bundin við fastar stöðvar hjer á landi, skulu slík fjelög, ef þau eru innlend, talin sem sjálfstæðir gjaldendur á þeim stað, sem þau eiga heimili; en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett á skattskrá þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda beri umboðsmennirnir ábyrgð á greiðslu skattsins.

4. gr.

Undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti eru landssjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, kirkjusjóðir, sveitarsjóðir og bæjarsjóðir, svo og sparisjóðir, sem ekki eru eign einstakra manna. Enn fremur sjóðir, fjelög og stofnanir, sem vinna í almennings þarfir, eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum. Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, eða vafasamt þykir, í hvaða bæjarfjelagi eða sveitarfjelagi eignir og tekjur skuli skattaðar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, nema hlutaðeigandi vilji heldur leggja það undir úrskurð dómstólanna.

5. gr.

Konsúlar annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, eru undanþegn-

ir tekjuskatti og eignarskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta launa, biðlauna, eftirlauna eða styrks úr landssjóði eða annari innlendri, alþjóðlegri stofnun, ellegar hafa tekjur af fasteignum eða atvinnufyrirtækjum hjer á landi. Sama er og um aðra útlenda menn, er hjer dvelja um stundarsakir eða skemur en eitt ár.

II Um framtal skattþegna.

6. gr.

Í marsmánuði á þeim degi, sem skattanefnd ákveður, skulu allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur eða eignir, afhenda skattanefnd skýrslu, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, um tekjur sínar síðastliðið ár, eignir og skuldir. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, fjelagi eða stofnun, svo og á þeim, er hafa á hendi fjárhald fyrir ólögráða menn.

7. gr.

Hver heimilisfaðir telst fyrir skatti af tekjum og eignum allra þeirra, sem heyra til sömu fjölskyldu, og telst til fjölskyldu kona manns, nema þau sje skilin að samvistum, börn þeirra, kjörbörn og fósturbörn. Þó er börnum, sem komin eru til lögaldurs, heimilt að telja fram tekjur sínar og eignir sjer í lagi, og eru þá sjálfstæðir skattgjaldendur. Sama er um barn, þótt eigi sje fullveðja, ef það hefir tekjur af sjereign eða atvinnu, sem er utan við heimili eða atvinnurekstur foreldranna.

8. gr.

Þykist framteljandi ekki fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar eða eign, er skattanefnd skylt að veita honum aðstoð til þess. En skyldur er hann að láta skattanefndinni í tje allar þær upplýsingar, sem henni þykja nauðsynlegar. Sje einhver sá, er enga skýrslu gefur nje upplýsingar samkvæmt ofanrituðu, skal skattanefnd áætla tekjur hans og eign svo freklega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún er í raun og veru.

9. gr.

Sá, sem móti betri vitund skýrir skattanefnd rangt frá tekjum sínum eða eign, skal greiða sekt, er sje þreföld við gjald það, sem undan var dregið. Komist undandrátturinn ekki upp fyr en við lát skattþegns, við skifti í búi hans, skal greiða af búinu tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

10. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar, getur hann kært til formanns nefndarinnar. Sömuleiðis er hverjum gjaldanda heimilt að kæra það, að skattskyldum manni sje slept, eða skattur einhvers oflágt settur. Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

III. Um tekjuskatt.

11. gr.

Tekjuskattur skal lagður á tekjur skattþegns næsta almanaksár á undan framtalinu þannig: Af hinum fyrstu þúsund krónum skattskyldum greiðist 1/4 af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 1000 kr. og að 2000 kr., greiðist 1/2 af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 2000 kr. og að 3000 kr., greiðist 3/4 af hundraði, o. s. frv., þannig, að skatturinn eykst um 1/4 af hundraði með hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, alt að 25 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar eru yfir 99 þúsund krónur.

12. gr.

Tekjuskattur greiðist bæði af atvinnutekjum og eignartekjum. Teljast skattskyldar tekjur hverskonar laun, ávöxtur, arður eða gróði, sem gjaldanda hlotnast og metið verður til peninga, svo sem:

a. Tekjur af embættum, sýslunum og hverskonar andlegri vinnu, svo og biðlaun, eftirlaun, lífeyrir og hverskonar styrktarfje.
b. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, námurekstri, siglingum, verslun, veitingasölu og hverjum öðrum atvinnuvegi og líkamlegri vinnu.
c. Landskuldir af leigujörðum og arður af hverskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, og áætlað afgjald hverskonar fasteignar, sem eigandi notar sjálfur. Enn fremur leiga eftir innstæðukúgildi á jörðum og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er sett.
d. Arður af hverskonar verðbrjefum, skuldabrjefum, vaxtabrjefum og hlutabrjefum; svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þó brjef sje eigi fyrir, sparisjóðsinnlögum og hverri annari arðberandi innstæðu.
e. Gjafafje, veðfje, vinningur af spilum, happdrætti og öðru slíku.
f. Ágóði við sölu á eign, að því leyti, sem hún vex í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

Af tekjum þeim, sem fást með því að eyða stofnfje eða taka lán, skal ekki greiða tekjuskatt, nje heldur fjárauka þeim, sem fæst við erfð, stofnun hjúskapar, greiðslu lífsábyrgðar, brunabóta eða þesskonar.

13. gr.

Áður en tekjuskattur er ákveðinn, skal draga frá tekjunum:

a. Fæðispeninga 365 kr., eða 1 kr. á dag, fyrir hvern framteljanda og hvern þann heimilismann, sem telst til fjölskyldu hans og eigi telur fram sjerstaklega.
b. Skrifstofukostnað embættismanna og lögmæltar kvaðir, sem embætti kunna að fylgja.
c. Annan kostnað við atvinnurekstur, svo sem kaupgjald allskonar, þar með talið fæði, landskuldir, kúgildaleiga leiguliða, húsaleiga leigjanda o. s. frv. Þó skal eigi draga frá kaupgjald til fjölskyldu gjaldanda, nema þess eða þeirra af fjölskyldunni, sem telja fram tekjur sínar sjer í lagi.
d. Meðlag með börnum, sem eru utan heimilis; svo og námskostnað.
e. Vexti af skuldum gjaldanda.

f. Arð af fjelagseign, sem áður hefir verið skattlagður í óskiftu.

Tekjuupphæð skal ávalt deilanleg með 50; það, sem þar er framyfir, kemur eigi til greina skattinum til hækkunar.

IV. Um eignarskatt.

14. gr.

Eignarskattur skal vera 2 af hverju þúsundi skattskyldrar eignar, eins og hún var 31. des. næst á undan framtalinu.

15. gr.

Áður en eignarskattur er ákveðinn, skal draga frá eignarupphæðinni skuldir allar, svo og 200 kr. fyrir framteljanda, og, ef um fjölskyldu er að ræða, 200 kr. fyrir konu hans og hvert það af börnum þeirra, kjörbörnum og fósturbörnum, sem eigi telur fram eignir sjer í lagi, og er sú frádregna upphæð skattfrjáls. Að öðru leyti fellur skatturinn jafnt á allar eignir, hvort heldur er fasteign eða lausafje, skepnur eða dauðir munir, peningar eða verðbrjef, útistandandi skuldir eða aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi. Með verðlag fasteigna skal farið eftir gildandi jarðamati; en verðlag á öðrum eignum sje sett eftir gangverði eða áætluðu söluverði.

V. Almenn ákvæði.

16. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum greiðist í peningum og fellur í gjalddaga 20. okt. ár hvert. Skatturinn innheimtist af bæjarfógetum og sýslumönnum, í fyrsta sinni í október 1920.

17. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal húsráðandi inna af hendi fyrir sína heimilismenn, en á rjett til endurgjalds af þeim.

18. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka tekjuskatt og eignarskatt um eitt fjárhagstímabil í senn. Þó má eigi á þann hátt breyta gjaldstigahlutföllum tekjuskattsins.

19. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 1.—10. gr., 13. gr., 23. gr., 25. gr. og 27. gr. í lögum um tekjuskatt nr. 23, 14. des. 1877, sömul. lög um viðauka við þau lög frá 3. okt. 1903 og enn fremur 1.—3. gr., 8. gr. og 9. gr. í lögum nr. 54, 26. okt. 1917, og lög um dýrtíðar- og gróðaskatt nr. 20, 5. okt. 1918.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta er aðallega bygt á lögum um tekjuskatt nr. 23, 14. des. 1877, viðaukalögum við þau lög nr. 54, 26. okt. 1917, og tillögum skattanefndar frá 1907—08. En niðurröðun efnisins er önnur, enda nokkrir viðaukar og nýmæli, og á hinn bóginn alt það undanfelt í lögunum frá 1877, sem sjerstaklega fjallar um verksvið skattanefnda, þar sem eðlilegra virðist að um það sje skipað fyrir með sjerstökum lögum.

Með lögum nr. 54, 26. okt. 1917, er sú breyting gerð á lögum frá 14. des. 1877, að tekjuskatt skuli greiða af landbúnaði og sjávarútvegi, sem ekki hafði áður verið gert. En þegar þessi breyting varð, virðist þess ekki hafa verið gætt nægilega, að hún ætti við þau fyrirmæli hinna eldri laga, sem látin voru halda gildi. Í 7. gr. laganna frá 14. des. 1877 er mælt þannig fyrir: »frá öllum tekjum af atvinnu skal dreginn sá kostnaður, er varið hefir verið til að reka hana; með kostnaði þessum skal samt ekki telja það, sem maður hefir varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, enda þótt vandamenn þessir hafi með vinnu sinni hjálpað til að afla fjárins, nema því að eins, að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir«. Þessi fyrirmæli eru auðsjáanlega miðuð við embættismenn, verslunarmenn og aðra atvinnurekendur, sem aðallega framfleyta heimili sínu með eigin tekjum eða vinnu, og eiga miklu síður við þá, sem venjulega eru einkum kallaðir framleiðendur. Um uppkomin börn, sem vinna hjá foreldrum sínum, t. d. að heyskap, fjárhirðingu og öðrum landbúnaðar heimilisstörfum, eins og hjú væri, má með sanni segja, að þau vinni að »staðaldri að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir«, og því reikna þeim kaup og fæðispeninga til frádráttar tekjum föðursins. Um börn á ómagaaldri verður þetta síður sagt, og getur þó stundum verið álita mál. Og þá getur hitt verið álita mál ekki síður, hve hátt skuli reikna kaup það og fæði, sem til frádráttar kemur, eða komið getur, og hætt við, að á því öllu verði mjög mikið handahófsmat. Og þar sem nú bændur hafa yfirleitt engar stóreflis tekjur, og skattanefndir munu sjaldan hafa tilhneigingu til að gera meira en er úr tekjum stjettarbræðra sinna, þá getur niðurstaðan hæglega orðið sú — og mun sumstaðar hafa orðið sú síðastliðið haust — að þeir, sem kallast gildir efnabændur og búa með uppkomnum börnum sínum, sleppi við skattskyldu, en að einyrkjar með börn í ómegð verði á hinn bóginn að gjalda skatt, vegna þess að hjá þeim geti lítið eða ekkert komið til frádráttar hinum litlu tekjum þeirra.

Þó að hjer hafi verið teknir landbændur til dæmis, er vitaskuld, að útkoman verður lík hjá þeim, sem sjávarútveg stunda, einkum hinum efnaminni. Jeg ætla því, að aðalniðurstaðan af því að útfæra tekjuskattsskyldu til landbænda og sjávarútvegsmanna á þann hátt, sem gert er með lögum 26. okt. 1917, sje og verði sú, að tekjuaukinn verði miklu minni en ætlað var og komi órjettlátlega niður. Með öðrum orðum: að lögin nái illa þeim tilgangi sínum að afla landssjóði talsverðra og rjettlátra tekna af aðalatvinnuvegum landsmanna. En úr þessu virðist mega bæta tiltölulega fyrirhafnarlítið, og virðist þá rjett að bæta um leið úr fleiri göllum á tekjuskattslöggjöfinni. Með þetta fyrir augum er samið frumvarp það, sem hjer kemur fram, og er aðaláhersla lögð á þessi atriði:

a. *að* ná betur til tekna einhleypra manna en auðið er samkvæmt núgildandi lögum.
b. *að* ljetta á efnalitlum fjölskyldumönnum.
c. *að* festa til frambúðar í löggjöfinni stighækkun tekjuskatts, sem innleidd hefir verið til bráðabirgða með lögum nr. 54, 26. okt. 1917, og lögum nr. 20, 5. okt. 1918.
d. *að* reglubinda jafnan stíganda gjaldsins að ákveðnu hámarki.
e. *að* gera gjaldstigann færanlegan eftir þörfum landssjóðs.

Um það, hversu mikilla tekna vænta megi af frumvarpi þessu landssjóði til handa, er að svo stöddu erfitt að gera ábyggilegar áætlanir. Því þótt fara mætti nærri um allsherjartekjur landsins og eins um hinn gjaldfrjálsa hluta þeirra, þá verður tæplega sagt nokkuð ábyggilegt um það, hversu hinar gjaldskyldu tekjur skiftast eða mundu skiftast í stigflokka, fyr en reynsla er um það fengin. En þegar sú reynsla væri fengin, mundi tekjuskatturinn geta orðið all-ábyggilegur skattur, hentugur og drjúgur landssjóði með tilfærslu gjaldstigans. Um eignarskattinn er öðru máli að gegna, að því leyti, að undir honum er fastari grundvöllur en tekjuskattinum yfirleitt, og auðveldara að finna, þegar í byrjun, hve miklar tekjur hann mundi gefa. En stórfeld tekjulind getur hann ekki orðið, enda er hann hugsaður sem nokkurskonar aukaskattur, þar sem tekjuskatturinn á einnig að ná til eignartekna.

(A. XXII, 3).

Nd. **184. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 18. júlí.

Frá allsherjarnefnd.

(Frv. til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu á þgskj. 22).

Með því að eigi hefir verið leitað álits sýslunefnda Dalasýslu og Strandasýslu um frumvarp til laga um sameiningu sýslna þessara, telur deildin ekki rjett að því verði ráðið til lykta að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

(B. X, 4).

Ed. **185. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. 25. júlí.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

(Frv. til laga um viðauka og breytingar á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884, á þgskj. 142).

Með skírskotun til rökstuddrar dagskrár, er Nd. Alþingis samþykti í einu hljóði á síðasta reglulegu Alþingi, og í fullu trausti þess, að stjórnin láti ekki fyrir farast að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(A. X, 4).

Ed. **186. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og komist að þeirri niðurstöðu að ráða hv. efri deild til þess að samþykkja það óbreytt, þar eð engin mótmæli hafa heyrst frá borgarbúum gegn þessu frumvarpi sjerstaklega.

Það kom til tals í nefndinni að koma fram með þann viðauka við frumvarpið, að það skyldi ekki ná til nýrra húsbygginga, og jafnvel ekki húsaleigulögin sjálf, þar sem ekki virðist ólíklegt, að þetta dragi úr áhuga manna til þess að koma upp nýjum byggingum. En nefndin verður að treysta því, að ákvæði þessu verði ekki beitt nema í ýtrustu nauðsyn og að húsaleigulögunum verði ekki haldið í gildi lengur en brýn þörf er á.

Alþingi, 28. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form. og framsögum.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

(B. XXV, 2).

Ed. **187. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðru leyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

(B. XXXI, 4).

Ed. **188. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill að eins stýra sinni eigin bifreið eða nánasta skyldmennis og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

(B. XXXIII, 7).

Ed. **189. Frumvarp**

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir	1 mann	..... 150 kr.
— — —	2 menn	..... 200 —
— — —	3 —	..... 250 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 500 kr. á bifreið.

Undanþegnir gjaldi þessu eru vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Enn fremur getur ráðherra undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

2. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti árið 1920, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1919, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýst. Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýt. Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum.

3. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í ríkissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem fjármálaráðherra skipar fyrir.

(CXIII, 1).

Nd. **190. Tillaga**

til þingsályktunar um atvinnulöggjöf o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um:

1. Heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hjer, til þess að reka hjer hverskonar atvinnu, og um það, hve nær þeim verði úr landi vísað og hvaða ráðstafanir stjórnarvöld skuli gera í því skyni.
2. Rjett fjelaga til þess að reka hjer atvinnu, og
3. Önnur þau ákvæði, er ástæða þykir til að setja um rjettindi útlendra manna og skyldur.

Greinargerð.

Til nefndarinnar hefir verið vísað frumvarpi til laga um atvinnufrelsi (þingskj. 75). Frumvarp þetta geymir ákvæði um rjett útlendra manna hjer á landi. Nefndin telur ákvæði um landsvist útlendra manna og atvinnufrelsi

og alt, er þar að lýtur, svo umfangsmikið og vandasamt mál, að eigi sje nokkurt viðlit, að það mál verði afgreitt á þessu þingi. Frumvarpinu á þingskj. 75 er sýnilega kastað undirbúningslítið og hugsunarlítið inn á þingið, en engin tök á því að gera það svo úr garði á þessu þingi, að sæmilegt verði. Málið er svo þýðingarmikið og afdrifaríkt, að það verður að sæta vandlegum undirbúningi, og þann undirbúning getur stjórnin gert eða látið gera, en eigi þingið eða þingnefnd. Ef stjórnin telur sjer þörf aðstoðar utan stjórnarráðs um málið, þá telur nefndin einsætt, að hún greiði nauðsynlegan kostnað af því. Nefndin lætur þess loks getið, að hún leggur *ríka áherslu* á það, að stjórnin sinni að öllu leyti áskorun þessari, ef þingið samþykkir hana.

Nefndin mun eigi afgreiða frv. á þingskj. 75 fyr en sjeð eru forlög þessarar tillögu nú á þingi.

Alþingi, 28. júlí 1919.

Einar Arnórsson, formaður og framsögumaður. Magnús Guðmundsson, ritari.

Pjetur Ottesen. Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

(B. XLIX, 1).

Nd. **191. Frumvarp**

til laga um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir:

Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauðá í Sauðárgili, að sunnan bein lína úr Sauðárgili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, og er ástæðan til þess sú, að hús hafa verið reist utan verslunarlóðarinnar, sem nú nær eigi lengra í suður en að Sauðárósi og þaðan beint til vesturs á Nafabrún. Á hinni núverandi verslunarlóð eru því nær allar lóðir leigðar, svo að þeim, er reisa vilja hús á Sauðárkróki, er venjulegast að eins sá kostur fyrir hendi að reisa þau utan verslunarlóðarinnar.

(B. XXVIII, 3).

Nd. **192. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum — seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krón-

um, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(B. L, 1).

Nd. **193. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Við Gunnlaugsvík, sunnan megin Hvammsfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk meiri hluta Hörðdæla og að einróma beiðni þingmálafundar fyrir Suðurdali. Frá þessum stað flytja Hörðdælir slátúrfje að haustlagi, og er þeim því hin mesta nauðsyn á, að þar sje löggiltur verslunarstaður.

(A XXXIII, 7).

Ed. **194. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
   Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra.
   Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 4,00 af hverjum lítra.
3. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
4. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^{3}/_{4}$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.

5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dós um, sem þeir seljast í.

7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^{3}/_{4}$ og þar yfir telst sem heil, $^{1}/_{4}$ alt að $^{3}/_{4}$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXXIII, 8).

Ed. **195. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson, Eggert Pálsson og Sigurjón Friðjónsson.

Við 1. gr. tölul. 5. Í stað »kr. 4,00« komi:
kr. 3,00.

(B. XXIV, 2).

Nd. **196. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skoðun á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að það mundi, ef það yrði að lögum, ráða bót á þeim annmörkum, er þykja hafa verið á eldri lögum um þetta efni.

Þó vill nefndin taka til greina bendingar, sem henni hafa borist frá elsta yfirmatsmanninum hjer á landi, með því þær virðast stuðla að því að gera síldarmatið enn tryggara.

Nefndin leggur því til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrsta grein frv. orðist svo:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Auk þessarar skoðunar skal öll sú síld, sem flytjast á út til sölu á erlendan markað, endurmetin, eftir að hún hefir legið hæfilega lengi í salti. Skal þá öll síldin nákvæmlega skoðuð og ákveðin vigt látin í hverja tunnu, sem þó aldrei má fara fram yfir 105 kg. í norskum og 110 kg. í skoskum tunnum, þegar um vigt síldar er að ræða, sem veidd er á tímabilinu júlí til október.

2. Önnur grein orðist svo:

Skoðun þessa og endurmat skal framkvæma af matsmönnum, yfirmatsmönnum og undirmatsmönnum.

Með allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess mats-

manns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

3. Þriðja grein orðist svo:

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru hvers um sig 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, er sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

4. Við 6. gr.

a. Fyrsta setning greinarinnar »Nú hefir yfirmatsmaður grun um« orðist svo:
Nú telur yfirmatsmaður.

b. Í 3. setningu í stað »og má hann þá« komi:
og skal hann þá.

c. Síðasta setning fyrri málsgreinar »og jafnvel . . . öllu leyti« orðist svo:
og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

5. Aftan við 8. gr. bætist:

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12 gr.

6. Níunda grein orðist þannig:

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur, ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

7. 12. grein orðist þannig:

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

8. 13. grein hljóði svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

9. 14. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

Þess skal getið, að þingmaður Borgfirðinga (P. O.) hefir óbundið atkvæði um ákvæði 6. gr.

Alþingi, 28. júlí 1919.

Björn Kristjánsson, formaður.	Pjetur Ottesen, skrifari.	Matth. Ólafsson, framsögum.
Sveinn Ólafsson.	Björn R. Stefánsson	

(A. XXXIII, 9).

Ed. **197. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. 2. tölul., síðustu málsgrein:

Á milli orðanna »yfirvalds« og »kr. 4,00« komi:
svo og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í.

(B. XXX, 2).

Nd. **198. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Jafnvel þótt fjárhagsnefndin sje þeirrar skoðunar, að rjett sje að hækka skatt á óþörfum hundum, þá hefir hún þó ekki getað orðið ásátt um, að hann

verði hækkaður svo mjög, sem frv. ætlast til. Telur nefndin 50 kr. gjald hæfilegt, og leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Fyrir »100 kr.« komi:
50 kr.

Alþingi, 28. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason, frams.m.

Sigurður Sigurðsson. H. J. Kristófersson.

(A. XXXIII, 10).

Ed. **199. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá Magnúsi Kristjánssyni.

Við 1. gr., 2. tölul., síðustu málsgrein:
Fyrir »kr. 4,00« komi:
kr. 2,00.

(A. III, 5).

Nd. **200. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Við 4. gr.
4. tölul. við 18 c orðist svo:
Styrkur til sjúkraskýlagerðar:
a. Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði ..... kr. 2862,00
b. Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði kr. 12000,00

(B. LI, 1).

Nd. **201. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Aftan við 2. gr. laga nr. 83, 14. nóv. 1917, bætist:
Frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er gert í samráði við landssímastjórann og með það fyrir augum, að áframhald línunnar verði norður yfir Vatnsskarð og tengist þar línu þeirri, sem nú er lagt til að leggja um Skagafjörð og norður yfir Öxnadalsheiði.

(B. XXXIX, 2).

Nd. **202. Breytingartillaga**

við frv. til laga um dýralækna.

Flutningsmenn: Gísli Sveinsson og Magnús Guðmundsson.

Við 1. gr.:
Við næstsíðustu málsgrein bætist:
Svo skal hann og, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, halda uppi 1—2 mánaða námsskeiði á vori hverju fyrir þá, er vilja kynna sjer meðferð algengustu alidýrasjúkdóma eða meiðsla. Kostnaður við húsnæði og áhöld, er námsskeiðið þarfnast, greiðist úr ríkissjóði.

(A. VIII, 6).

Ed. **203. Frumvarp**

til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskirteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokks-

merkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveður stjórnarráðið með ráði hlutaðeigandi yfirmatsmanns, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra. Þar skal og tiltekið um kaup þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stilar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem

fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi hæfilegt húsrúm til slátrunar, en eigi kleift að reka sláturfjeð til annars sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

(A. VII, 2).

Nd. **204. Nefndarálit**

um frv. til laga um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir í einu hljóði komist að þeirri niðurstöðu að ráða hv. deild til að samþykkja þetta frv. með lítilfjörlegum breytingum, sem hjer fara á eftir. Telur hún það ómaksins vert að reyna að koma í veg fyrir landaþrætur með því að fyrirskipa merkjagerð, þar sem ágreiningur er nú, jafnvel þótt hún telji litlar líkur á, að unt sje að fyrirbyggja að þrætur rísi um merki, þótt þau hafi

eitt sinn verið gerð svo, að glögt sje. Frv. þetta tekur einnig til annars flokks mála en eiginlegra landamerkjamála, en það eru áreiðar- og vettvangsmál, sem í ýmsu eru skyld landamerkjamálum.

Að öðru leyti má vísa til hinnar ítarlegu greinargerðar fyrir frv., en

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar eru þessar:

1. Við 1. gr.

2. málsgr. orðist svo:

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

2. Við 9. gr.

Á eftir orðinu »valdsmaður« í 1. málsgr. bætist inn í:

þá þegar.

Alþingi, 29. júlí 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Pjetur Ottesen. Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

(B. LII, 1).

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um sóttvarnaráð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Störf þau, sem eftir sóttvarnalögum hvíla á landlækni, skulu falin sóttvarnaráði, og er landlæknir formaður þess. Auk hans eiga þar sæti 2 menn, sem lokið hafa prófi, er veitir rjett til læknaembætta hjer á landi, og skulu þeir valdir af læknadeild Háskólans til 4 ára í senn, þó þannig, að í fyrsta sinni skal annar að eins valinn til 2 ára. Endurkjósa má þann, er úr gengur. Á sama hátt skal velja 2 varamenn.

2. gr.

Borgun til landlæknis fyrir störf hans eftir lögum þessum er innifalin í embættislaunum hans, en um borgun til samverkamanna hans fer eftir reikningi, sem dómsmálaráðherra úrskurðar.

3. gr.

Í sóttvarnamálum ræður afl atkvæða, og skal sóttvarnaráðið hafa gerðabók, sem í eru skráðar ályktanir þess, en landlæknir annast framkvæmdir allar, brjefaskifti og annað, fyrir hönd þess. Með tillögu til landsstjórnarinnar um sóttvarnamál skal jafnan senda eftirrit úr gerðabók.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf sóttvarnaráðs, að fengnum tillögum þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Háttvirt deild hefir vísað til nefndarinnar frv. til laga um heilbrigðisráð, en það hefir nefndin ekki getað aðhylst, meðfram vegna þess, að nýafstaðinn læknafundur hefir látið það í ljósi, að hann telji ekki þörf á breytingu á landlæknisembættinu, ef landlæknir gefur sig við því óskiftan. Aftur á móti verður nefndin að telja *sóttvarnamálin* svo mikilvæg, að naumast sje rjett að fela þau nokkrum einum manni, og það því síður sem sjerstaklega virðist hætt við, að úrlausn slíkra mála valdi ágreiningi, einmitt vegna þess hversu mikilvæg þau eru og viðkvæm. Auk þess ætti að mega vænta betri úrlausnar þessara mála á þennan hátt, án þess að kostnaðarauki sje teljandi.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Pjetur Ottesen, hefir eigi viljað gerast flutningsmaður þessa frumvarps.

(B. LIII, 1).

Ed. **206. Frumvarp**

til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsmaður: Kristinn Danielsson.

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir að vegamótum Vesturbrúar og Reykjavíkurvegar; þaðan beina línu að Gerðistúni; þaðan með fram læknum að norðanverðu, upp á móts við Rafljósastöð; þaðan yfir lækinn, neðan stöðvarinnar, og beina línu í túng rð Jófríðarstaða að norðaustan; þá með fram túngarðinum og úr honum að vestan, ofan Skuldarhverfis, framhaldandi línu neðan Brandsbæjartúngarðs að norðvesturhorni túngarðsins og þaðan beina línu í Skiphól.

Greinargerð.

Síðan Hafnarfjörður fjekk kaupstaðarrjettindi hefir verslunarlóðin þar eigi verið ákveðin, og hefir nú bæjarstjórnin ályktað, að takmörk hennar sje hæfilega sett á þann hátt, sem segir í frumvarpi þessu, og óskar því og væntir, að það verði samþykt af Alþingi.

(A. III, 6).

Nd. **207. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Einari Arnórssyni.

Við 8. gr.:

Á eftir 1. lið komi nýr liður:

Ívilnun á flutningsgjaldi á fóðursíld haustið 1918 frá Reykjavík og austur á Eyrarbakka og Stokkseyri . . . . . kr. 4000,00.

(A. III, 7).

Nd. **208. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 á þgskj. 152.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. lið:

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til sjúkrasamlagsins á Akranesi kr. 200,00.

(A. III, 8).

Nd. **209. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 5. gr. 23.:
Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir:
a. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði kr. 1000,00.
b. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð kr. 600,00.

(A. III, 9).

Nd. **210. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 156.

Frá fjárveitinganefnd.

(Læknisstyrkur Grímseyinga).
Í stað »kr. 800« komi:
kr. 600.

(B. XVIII, 3).

Nd. **211. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 89 við frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm: Pjetur Ottesen.

Aftan við greinina bætist:
Enn fremur lína frá Svignaskarði að Statholtsey.

(B. LIV, 1).

Nd. **212. Frumvarp**

til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. Undanskilið sölunni er íbúðarhús prestssetursins og önnur jarðarhús, heimatúnið þar, c. 32400 m², haglendi fyrir skepnur prestsins, svo og rjettur til mótaks í jörðinni Leyningi eftir þörfum hans.

2. gr.

Landsstjórnin ákveður kaupverðið, eftir undirbúning samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Siglufjörður er verst settur allra kaupstaða landsins að því, er kaupstaðarlóðina snertir. Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður og Hafnarfjörður eiga ekki einungis lóð þá, er húsabyggingin í hverjum kaupstað nær yfir, heldur miklu meira land. Siglufjörður á ekki þumlung af landi. *Siglufjörður þarf, eins og aðrir kaupstaðir landsins, að eiga sig sjálfur.* Hið íslenska löggjafarvald hefir líka oft sýnt þá stefnu að styðja og styrkja bæjarfjelögin í því, að bæirnir eignist landið, sem þeir standa á, og það jafnvel þótt eigi væri að ræða um bæ með kaupstaðarrjettindum eða jafnmiklum fólksfjölda og Siglufjarðar. Bæjarfjelaginu mun það verða vænlegast til þroska og framfara, að kaupstaðarlóðin verði í höndum þess sjálfs og fái auk þess land til ræktunar; slíkt er skilyrði fyrir vexti og viðgangi bæjarins, sem aftur leiðir af sjer auknar tekjur í landssjóð. Landinu í heild sinni er það og fyrir bestu, að numdar sjeu í burtu óheppilegar hömlur fyrir framförum og eflingu kaupstaðarins.

Siglufjörður þarf að fá land það, sem tillagan fer fram á, m. a. af þessum ástæðum:

1. Til þess að bæjarstjórn og bæjarfjelagið geti ráðið byggingu húsa, legu og fyrirkomulagi gatna innan kaupstaðarins.
2. Til þess að hafa beitarland handa búpeningi þeim, sem er í kaupstaðnum og mesta nauðsyn er á að aukist.
3. Til þess að auka jarðræktun kringum kaupstaðinn, og auka með því mjólkurframleiðsluna, sem er skilyrði fyrir vexti bæjarins.
4. Til þess að hagnýting og umráð jarðanna fari meira eftir hagsmunum almennings en ef eignin væri í umráðum og hagnýtingu privatmanns — enda þótt prestur væri.

5. Til þess að fyrirbyggja í framtíðinni hugsanlegar — jafnvel líklegar — deilur bæjarvaldsins og bæjarbúa annars vegar og Hvanneyrarprests hins vegar, út af hagnýtingu og umráðum jarðanna og óhjákvæmilegum ágangi búpenings bæjarbúa á jörðina.
6. Af því að Siglufjarðarkaupstaður ætlar að leggja stórfje af mörkum til hafnarbóta, en getur það ekki nema að eignast landið í kring.

Um 1.

Núverandi ástand er það, að presturinn á Hvanneyri getur mælt út svæði til byggingar þar og þeim, sem *hann vill* leigja, og það þau svæði að sjálfsögðu, sem hann telur *sjer* hagkvæmast að leigja, án tillits til þess, hvernig aðstaðan og húsaröðin í bænum við það kynni að líta út. Atvinnurekstri, sem honum ekki t. d. sýndist um, en bænum væri til stórra framfara, gæti hann algerlega neitað um land eða að minsta kosti látið leiginguna vera þeim erfiðleikum bundna, er væri atvinnurekstrinum til stórhömlunar. Umráðamaður jarðanna gæti neitað, að láta land undir götu, nema þá með afarkjörum, og þótt semja mætti lög um heimild fyrir bæjarfjelagið til þess að taka nauðsynlegt land undir götu, þá mundi af því geta risið sífeldar deilur og óánægja út af slíkum málum milli bæjarstjórnar og umráðamanns Hvanneyrar, deilur, sem væri æskilegt að fyrirbyggja. Þar sem umráðamaður jarðarinnar þannig getur ráðið stærð hinna leigðu grunna, getur myndast afaróheppilegt og ófullnægjandi fyrirkomulag bygginga í bænum, en það úrræðið, að taka af of stórum grunnum og steypa saman of litlum, yrði svo dýrt, að það yrði ekki framkvæmanlegt vegna kostnaðar. Það yrði líka því örðugra viðfangs, þar sem bæði væri við leigutaka og leigjanda lóðanna að eiga.

Um 2.

Hið ræktaða land — Hvanneyrartúnið — er grýtt og harðbalakent, og mundi kosta mikið fje, ef gera ætti þar miklar jarðabætur til þess að auka töðuframleiðsluna. Það yrði dýrt fyrirtæki, sem bæði mundi vera ofvaxið þeim privatmanni — presti —, er byggi á jörðinni, og þar að auki ekki svara kostnaði. Aftur á móti mundi bærinn *geta* ráðist í slíkt, og *mundi gera* slíkt af óhjákvæmilegri þörf til aukinnar mjólkurframleiðslu, án tillits til kostnaðarins. Eins og nú stendur er mjólkurskorturinn tilfinnanlegur fyrir bæjarbúa, svo að ungbörnin skorta jafnvel á stundum, hvað þá heldur ef bærinn yxi.

Um 3.

Bæjarbúar verða með búpening sinn undir högg að sækja með sumarbeit í landi þessara kirkjujarða. Bærinn þyrfti að eiga beitarlandið, svo að ekki yrði hægt í framtíðinni að setja eigendum búpeningsins stólinn fyrir dyrnar. Þetta atriði kynni í framtíðinni að geta orðið til þess fallið að vekja óánægju milli prestsins á jörðinni og bæjarbúa, þótt ekki hafi brytt á því við núverandi prest, sem hefir sýnt mikla ósjerplægni og lipurð í þessu efni, en líka oft orðið fyrir ágangi á jörðina.

Um 4.

Það er næsta auðsætt, að ef bærinn á landið, mun umráðum þess og hagnýtingu hagað meir eftir hagsmunum almenpings í bæjarfjelaginu, en ef eignin yrði

í umráðum og hagnýtingu privatmanns — prests —, sem ekki er nema eðlilegt að mundi hugsa um að hafa sjálfur sem mest upp úr jörðinni og landinu. Að minsta kosti er ekki loku fyrir það skotið, að svo kynni að fara, er núverandi prestur færi af jörðinni.

Um 5.

Út af umráðum prests og hagnýtingu landsins annars vegar, og út af ágangi búpenings bæjarbúa hins vegar, kynnu á ýmsa lund að geta risið margvíslegar deilur eða misklíðarefni. Vjer segjum ekkert um, að svo þurfi nauðsynlega að fara, heldur að eins að ekki sje ólíklegt, að slíkt gæti átt sjer stað. Og það fyrirkomulag, sem er þannig vaxið, teljum vjer óheppilegt, ekki eingöngu vegna bæjarfjelagsins, heldur líka vegna sjálfrar kirkjunnar eða hlutaðeigandi prests. Meðan jarðirnar eru ekki eign bæjarins, er næsta líklegt, að hagsmunir bæjarfjelagsins eða bæjarbúa og prests geti rekið sig á. Og þótt núverandi presti hafi tekist vel í þessu efni, gæti við mannaskiftin orðið breyting á því. Frá peningalegu sjónarmiði kirkjunnar (eða prestlaunasjóðs) ætti salan að vera rjettmæt, frá öðru sjónarmiði kirkjunnar ætti salan að geta talist æskileg.

Um 6.

Siglufjörður ætlar á næstunni að leggja út í hafnarbætur, sem kosta yfir hálfa miljón króna og hann mun kosta að $^3/_4$. Slík mannvirki getur bærinn varla lagt út í, ef hann á ekki landið áður. En það yrði bæði honum og landinu óhagur, ef nauðsynlegar hafnarbætur færust fyrir.

Það er nú að vísu svo, að alt það pláss, sem líklegt er í fyrirsjáanlegri framtíð að verði notað til byggingar, er þegar leigt út og núverandi prestur á Hvanneyri nýtur allra tekna og nytja, eins og áður, þótt salan verði samþykt, en mikið af þessu svæði er þó óbygt enn, og það væri bæjarfjelaginu hægra að ráða fyrirkomulagi bygginga og gatna á þessu svæði, ef bærinn væri eigandi, heldur en ef bæjarvaldið þyrfti bæði undir leigutaka og leigusala lóðanna að sækja. Þótt samkomulag og samvinna við núverandi umráðamann jarðarinnar sje og muni vera góð, gæti hæglega svo farið, að nýr prestur hefði þær skoðanir á lausn þessa máls, er bænum gæti stafað mikið óhagræði af, og það jafnvel án þess kirkjunni væri að því sýnilegur hagur.

Leyningur er lítilfjörlegt afdalakot, en væri hentugt til sumarbeitar fyrir kýr.

Siglufirði, 20. júní 1919.

G. Hannesson. Guðm. T. Hallgrímsson. Friðb. Nielsson.

Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar 26. júní 1919 var ofanrituð . . . . . greinargerð samþykt með öllum atkvæðum, og heldur bæjarstjórnin fast við öll atriði greinargerðarinnar.

Lögreglustjórinn á Siglufirði, 28. júní 1919.

G. Hannesson.

Fylgiskjal.

Útdráttur
úr fundargerð hjeraðsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis 29. júní s. l.

4. liður: Fundurinn mælir með því, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar verði veitt leyfi til að kaupa prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning, en undanskilið sölunni sje þó íbúðarhús prestssetursins á Hvanneyri og heimatúnið þar, frítt haglendi fyrir skepnur næsta prests (ɔ: komandi prests á Hvanneyri) og svarðarafnot eftir þörfum í Leyningi. Landsstjórnin ákveður kaupverðið.

Rjettan útdrátt úr fundargerðinni staðfestir.

Eyjafjarðarprófastsdæmi. Akureyri, 15. júlí 1919.

Geir Sæmundsson.

(B. LV, 1).

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson, Stefán Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Pjetur Ottesen og Björn Kristjánsson.

1. gr.

Orðin »Einnig er heimilt . . . . svo sem unt er« í 2. gr. falli niður, en í stað þeirra komi:

Einnig er heimilt að flytja til landsins vínanda til eldsneytis, enda sje hann gerður óhæfur til drykkjar, svo sem unt er. Stjórnarráðið setur reglur um sölu og afhendingu vínanda þess, sem ætlaður er til eldsneytis eða iðnþarfa, því til tryggingar, að það verði ekki notað til neyslu nje til þess að búa til úr því áfenga drykki.

2. gr.

Við 5. gr.

a. Önnur málsgrein falli niður.

b. Aftan við 4. málsgrein bætist:

Fyrir innsiglun áfengis ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 krónur, sem skipstjóri greiðir. Sama gjald skal skipstjóri greiða fyrir athugun innsiglis áður en skipið lætur úr síðustu höfn.

c. Aftan við 5. málsgrein bætist:
Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra 20 krónur, sem skipstjóri greiðir.
d. Á eftir orðunum »gegn þessari grein« í 6. málsgrein komi:
Farþegar bera ábyrgð á farangri þeim, er þeir hafa meðferðis.
e. Síðasta málsgrein falli niður.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Hver sá, sem er ölvaður á almannafæri, sæti sektum frá 50—500 kr. Skylt er honum að gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann enn fremur sæta 50—500 kr. sekt.

4. gr.

Við 14. gr.
Á eftir orðinu: »fangelsisrefsingu« í 4. málsgrein komi:
ekki vægari en 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

5. gr.

Við 15. gr.
a. 2. málsgrein orðist svo:
Hver sá, sem án heimildar í lögum þessum veitir, gefur, selur eða á annan hátt lætur af hendi áfengi til annara manna, sæti sektum 500—2000 kr., hvort sem hann hefir aflað áfengisins á löglegan eða ólöglegan hátt. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 1000—5000 kr.
b. Síðasta málsgrein orðist svo:
Ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar, eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli, varðar það sektum frá 500—2000 kr.

6. gr.

Við 16. gr.
a. Á eftir »5. gr.« komi:
eða 7. gr.
b. Geri einhver sig sekan í því að brjóta innsigli lögreglustjóra eða taka áfengi úr innsiglaðri geymslu, varðar það sektum frá 1000—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Við 18. gr.
Í stað »má svifta« komi:
skal svifta.

8. gr.

Á eftir núverandi 18. gr. komi ný grein, er hljóði svo:

Hver, sem dæmdur er í sekt samkvæmt 14.—18. gr. laga þessara, skal auk sektanna greiða til landssjóðs 100 kr. fyrir hvern líter áfengis, sem gerð-

ur er upptækur, látinn hefir verið af hendi eða farið hefir verið ólöglega með á annan hátt.

9. gr.

Við 22. gr.

Fyrir »dönskum verslunarfulltrúum« komi:
verslunarfulltrúum ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram til þess að bæta úr göllum þeim, sem reynst hafa á bannlögunum og komið hafa í ljós hin síðustu ár.

Um hinar ýmsu breytingar skal tekið fram:

Með fyrstu grein er farið fram á þá breytingu á bannlögunum, að bannað sje að flytja til landsins hármeðul og ilmvötn með vínanda í. Hefir brytt nokkuð á því, að vökvar þessir væru notaðir til drykkjar, og þykir því rjett að banna aðflutning þeirra, það því fremur, þar sem það er vitanlegt, að þeir hafa aldrei komið neinum að liði. Þá er enn fremur gerð sú breyting, að stjórnarráðið setji reglur um sölu á suðuvökva, sem áfengi er í; er það gert vegna misbrúkunar þeirrar, er komið hefir fram. Þessa ákvæðis hefir og verið óskað á sumum þingmálafundum, t. d. á Siglufirði.

Lögreglustjórar fá nú enga sjerstaka greiðslu fyrir rannsókn á skipum eða innsiglun áfengis í skipum, en þar sem það hlýtur oft og einatt að hafa kostnað í för með sjer, virðist sjálfsagt, að þeir fái einhverja þóknun þar fyrir, og fer 2. grein fram á það. Þá er í sömu grein farið fram á að fella niður áfengisheimild þá, er íslensk farþegaskip hafa haft. Virðist það sjálfsagt og engin ástæða til slíkrar undanþágu þeim til handa. Því hefir verið haldið fram, að það yki farþegaflutning þeirra, en þar sem það er vitanlegt, að skipin hafa upp á síðkastið eigi getað fullnægt flutningaþörfinni — alt af fleiri pantað far en getað hafa fengið — þá virðist þessi ástæða vera einskis virði. Enda ekkert efamál, að flestir kjósa fremur að ferðast með þeim skipum, þar sem friður og reglusemi ríkir, en með hinum, þar sem slark og drykkjuskapur á sjer stað.

Þá er enn fremur bætt við því sjálfsagða ákvæði, að farþegar beri ábyrgð á farangri þeim, er þeir hafa meðferðis, hverjir sem farangurinn eiga.

Með 3. gr. er farið fram á að sekta menn fyrir að vera ölvaðir á almannafæri. Breyting þessi hefir áður legið fyrir þinginu, en þá þótti rjettara að setja hana í lögreglusamþyktir kaupstaðanna en í lögin. Síðan hefir ákvæði þetta verið sett í lögreglusamþyktir Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þótt gefast ágætlega á báðum stöðum. Hins vegar hafa komið fram raddir um það, að ákvæði þetta ætti og að gilda utan kaupstaðanna, og því sje rjett að setja það í sjálf lögin, sbr. þingmálafundargerðir úr Skagafirði, og virðist rjett að verða við þeim tilmælum, eigi síst þar sem ákvæðið hefir þótt reynast vel.

Af vangá hefir sektarákvæði fyrir brot gegn 7. grein bannlaganna fallið úr lögunum, og er bætt úr því með 6. gr. frumvarps þessa. Þar eru enn fremur

ákveðnar sjerstakar sektir fyrir að brjóta innsigli lögreglustjóra, ef ekki liggja þyngri refsingar við því samkvæmt öðrum lögum.

Það hefir komið fyrir, að menn hafa grætt fje á því að brjóta bannlögin, þótt þeir greiddu sektir samkvæmt dómi. Slíkt á ekki að koma fyrir, og því borin fram breyting sú, er felst í 8. gr., um að auk sektanna skuli greiða víst gjald fyrir hvern líter áfengis, sem farið er með ólöglega. Með því á að vera komið í veg fyrir, að menn geti haft fjárhagslegan hagnað af bannlagabrotum.

9. gr. er afleiðing af sambandslögunum.

Nánari grein fyrir frumvarpinu verður gerð undir umræðunum.

(B. LVI, 1).

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um sölu á spildu af landi kirkjujarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna hjeraðslækni Árnasyni í Búðardal spildu þá af landi kirkjujarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi, sem Hjarðarholtskirkja seldi Páli kaupmanni Ólafssyni á leigu til 50 ára með samningi, dags. 1. nóv. 1913, staðfestum af stjórnarráði Íslands 24. s. m. Er spilda þessi 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli, en að flatarmáli 39000 ferfaðmar.

Undanskilinn sölunni er sá hluti landsspildunnar, sem liggur »fyrir neðan barð«.

2. gr.

Um mat á landi þessu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð

felst í fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru hjer á eftir.

Fylgiskjal I.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti landsstjórninni heimild til þess að selja mjer lóð þá við Búðardalskauptún við Hvammsfjörð, sem Hjarðarholtskirkja seldi upphaflega kaupm. Páli Ólafssyni á leigu með leigusamningi, dags. 1. nóv. 1913, staðfestum

af stjórnarráði Íslands 24. nóv. 1913, til 50 ára, en þó sje undanskilinn sölunni sá hluti lóðarinnar, sem liggur fyrir neðan barð og fallinn er til verslunarlóðar.

Lóð þessi er hluti af landi því, sem lagt er til Búðardalskauptúns af landi jarðarinnar Fjós í Laxárdalshreppi; hún er 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli, en öll er hún 39000 ferfaðmar að flatarmáli. Hún er nú óbygð, er mestöll mýri og því fallin til ræktunar. Lóðin liggur mestöll utan við Búðardalskauptún, að undanteknum litlum hluta hennar, sem liggur fyrir neðan barð og er fallinn til verslunarlóðar. Þar stóð verslunarhús, sem nú er rifið. Girðingu, sem er um lóðina, og gripahús á henni hefi jeg undirritaður keypt.

Lóðin öll, bæði ræktunarlóðin og lóðin fyrir neðan barð, er afskekt frá þeim lóðum, sem nú eru byggingarlóðir kauptúnsins aðallega.

Sýslufundur Dalasýslu hefir gefið mjer meðmæli sín til þess að fá lóðina keypta, og fylgja þau meðmæli hjer með.

Af ofangreindum ástæðum leyfi jeg mjer að vænta þess, að hið háa Alþingi verði við beiðni minni.

Búðardal, 24. júní 1919.

Virðingarfylst,

Árni Árnason,

hjeraðslæknir.

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

Útdráttur

úr sýslufundargerð Dalasýslu 1919.

38. Framlögð beiðni frá Árna hjeraðslækni Árnasyni um meðmæli sýslunefndar með sölu á lóð í Búðardal, sem hann hefir á leigu af Hjarðarholtskirkju.

Sýslunefndin gefur eindregið meðmæli sín með sölu á lóðinni, allri fyrir ofan barðið, en ekki með lóðinni fyrir neðan barðið, sem er vel fallin til verslunarhúsbyggingar.

Rjett eftirrit staðfestir.

Skrifstofu Dalasýslu, 26. maí 1919.

Bjarni Þ. Johnson.

(A. XIV, 3).

Nd. **215. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrír bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Heimilt er bankastjórn og að skipa sjerstakan fjehirði, og ákveður bankastjórn, hvernig samvinnu milli hans og fjehirðis bankans skuli fyrir komið, að fengnu samþykki stjórnarráðsins. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af ársarði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og fjehirðir auk þess 1000 kr. í mistalningarfje. Auk þess njóta framangreindir starfsmenn bankans dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkissjóðs.

Fjehirði ber að setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(A. XIV, 4).

Nd. **216. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 5. gr. Fyrir »5%« komi:
4%.

(A XXXIII, 11).

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
   Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra.
   Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 4,00.
3. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
4. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum ³/₄ lítra sem af lítra í stærri ílátum.

5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.
   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^3/_4$ og þar yfir telst sem heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXI, 5).

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill að eins stýra sinni eigin bifreið eða nánasta skyldmennis og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

(A. XXV, 6).

Nd. **219. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir stjórnin borið upp í Ed. Breytingar þær, er það hafði að geyma frá því, er í 5. gr. laga nr. 1, 3. jan. 1905, stendur, eru þessar:

1) Sekta-hámark var hækkað úr 100 kr. í 1000 kr.
2) Ákvæðið um vandarhögg sem refsingu á börn, 10—15 ára, er felt burt, að því leyti sem það var eigi áður burt fallið samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907, en samkvæmt þeim lögum eru börn undir 14 árum refsilaus.
3) Bætt er við fyrirmæli um það, að ákveða megi í samþykt, að hagnaður af broti skuli greiddur í bæjarsjóð.

Ed. hefir samþykt frumv. óbreytt að öðru en því, að sekta-hámarkið hefir hún fært niður í 500 kr.

Nefndin telur miklu rjettara að halda sekta-hámarki frumvarpsins. Sekta-hámark laga nr. 1, 3. jan. 1890, 5. gr., telur hún hafa alt af verið of lágt, en sjerstaklega nú, er auður manna hefir aukist og peningar fallið stórkostlega, þykir henni full ástæða til að halda 1000 kr. hámarki stj.frv.

Nefndin er því og samþykk, að heimild sje til þess að setja fyrirmæli í samþykt um það, að hagnaður sökunauts af broti skuli falla í bæjarsjóð, en henni þykir rjettara, að það sjáist glögt, að það sje í *refsiskyni* að hagnaðurinn er gerður upptækur, enda eigi enginn einstakur maður heimtingu á því, að fá hann endurgreiddan, og er það í samræmi við 35. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Nefndin leggur því til, að frv., eins og það er komið frá Ed., verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

Við 1. gr. 1. Fyrir »500« í fyrri málslið 2. málsgr. komi: 1000.

2. Síðari málsliður sömu málsgr. orðist svo:

Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Alþingi, 30. júlí 1919.

Einar Arnórsson, formaður og framsögumaður. Magnús Guðmundsson, skrifari.

Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen. Einar Jónsson.

(C. IX, 2).

Ed. **220. Þingsályktun**

um rannsókn símaleiða í Rangárvallasýslu.

(Samþykt í Ed. 30. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að rannsakaðar verði sem allra fyrst leiðir fyrir þriðja flokks símalínur þær, sem 4. gr. laga nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, gerir ráð fyrir að lagðar verði upp á Land, niður á Þykkvabæ og inn að Hliðarenda.
2. Að byrjað verði á að leggja línur þessar, að lokinni rannsókn, svo fljótt sem kostur er á.

(A. XXVIII, 4).

Ed. **221. Frumvarp**

til laga um hæstarjett.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti, geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.

2. Heldur bækur hæstarjettar.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.

4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.

5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.

6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.

7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.

2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.

4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.

6. Brjefabók.

7. Aukatekjubók.

8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár sins ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje eða samband hans við aðilja sje slíkt sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu, meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest.

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í, samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um

skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn, eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir, um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer og gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettur, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tíðkast hefir, eftir því sem samrýmanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja mestu máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar sakar frá hæstarjetti, þá skal hann

skýra gagnaðilja frá því að minsta kosti 2 dögum áður en mál skal þingfesta, og skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum, ef ágreiningur verður. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—

Fyrir frest ..... 5 krónur
Fyrir dómkvaðning hvers manns ..... 5 —

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing að nauðsynjalausu, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Nú sækir stefndur eigi dómþing eða lætur sækja að nauðsynjalausu, og skal hann greiða 10 króna gjald í ríkissjóð.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum

þessara laga innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

(A. III, 10).

Nd. **222. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919, veitast 705826 kr. 16 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast 80166 kr. 67 a.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3.	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast 400 kr.

Við B. 7. Uppbót á lögregluefirlitsstarfi um síldveiðatímann . ... kr. 400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 147140 kr. 34 a.

1.	Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	kr.	600,00
2.	Við 17. B. Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
3.	— 17. — Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
4.	— 17. — Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir nú notar	—	65000,00
5.	Við 18. c. Styrkur til sjúkraskýlagerðar:		
	Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði	—	2862,00
	Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði	—	12000,00
6.	— 18. e. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
7.	— 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps	—	5000,00
8.	— 18. k. Til sjúkrasamlagsins á Akranesi	—	200,00
9.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919	—	6000,00
	Samtals	kr.	147140,34

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) er veitt 271768 kr. 7 a.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
17.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
18.	Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga	—	5000,00
19.	Við C. II. 2. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði...	—	1000,00
20.	Við C. II. 11. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð .	—	600,00
21.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landssímans	—	5831,15
22.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
23.	Til að reisa Straumnesvita	—	22000,00
24.	Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
25.	Til að reisa Selvogsvita	—	21000,00
	Samtals	kr.	271768,07

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 128989 kr. 12 a.

1.	Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda	kr.	1000,00
2.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
3.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918	—	1781,92
4.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
5.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
6.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
7.	- - - - - - að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
8.	Við B. VII. 3. Til ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
	Flyt	kr.	98176,50

	Flutt kr.	98176,50
9. Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi	—	1500,00
10. Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919	—	750,00
11. Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918	—	20925,31
12. Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
13. Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919	—	500,00
14. Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
15. Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
Samtals	kr.	128989,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 34500 kr.

1. Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	kr.	1000,00
2. Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
3. Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
4. Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms	—	2000,00
5. Við 46. Til landmælinga á Íslandi	—	10000,00
6. Styrkur til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar	—	11000,00
7. Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
8. Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda	—	5000,00
9. Til utanfarar læknis á fund berklalækna	—	2500,00
10. Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund	—	1200,00
Samtals	kr.	34500,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 31247 kr. 60 a.

1. Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2. Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að .	—	5000,00
3. Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918	—	895,60
4. Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919	—	600,00
5. Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík	—	800,00
6. Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf í Strandasýslu og til verkfærakaupa	—	1200,00
Samtals	kr.	31247,60

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 1766 kr. 67 a.

1.	Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2.	Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3.	Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
4.	Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
5.	Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	500,00
6.	Eftirlaun til Elíesers Eiríkssonar pósts 1919	—	200,00
	Samtals	kr.	1766,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast:

Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar ... ... kr. 9847,69

11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(B. LVII, 1).

Nd. **223. Frumvarp**

til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfje 60000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1919.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. dansk-íslenskra sambandslaga ber að setja ákvæði um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar. Því hefir nefndin borið frv. þetta fram, meðfram eftir ósk stjórnarinnar.

(B. XXXIV, 2).

Ed. **224. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykt óbreytt. En hún leyfir sjer að vekja athygli á því, að mat virðingarmanna á jörðum þeim, sem hjer er um að ræða, virðist vera alt of lágt. Jarðirnar virðast hafa verið í byggingu eftir gömlum leigumála, og matið er miðað við meðaltal eftirgjalds síðustu 10 ár, samkvæmt gildandi lögum um þjóðjarðasölu. En sökum nálægðar við allstórt kauptún á framfaraskeiði og þar af leiðandi vaxandi þarfar fyrir landsnytjar á þessum stað, hljóta jarðir þessar að hafa hækkað og fara hækkandi í verði. Og auk þess er á það að líta, hve peningar eru nú í litlu gildi. Virðist nefndinni því tæplega geta komið til mála að selja jarðirnar fyrir öllu minna en 20 þús. krónur.

Alþingi, 30. júlí 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður. Guðm. Ólafsson. fundaskrifari.
Sigurjón Friðjónsson.

(A. XXXIII, 12).

Nd. **225. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11 júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir athugað breytingar þær, er hv. Ed. hefir gert á frumvarpinu, og getur eftir atvikum fallist á þær. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 30. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson, form. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason, frams.m.

Hákon Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(C. X, 2).

Ed. **226. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Í kring um Breiðafjörð eru fjölmenn og allblómleg hjeruð, sem eiga erfitt með öll bankaviðskifti vegna fjarlægðar, bæði til Reykjavíkur og Ísafjarðar. Til þess að bæta úr þessari viðskiftaþörf er nauðsynlegt, að sett verði á stofn bankaútibú fyrir þessi hjeruð, og mundi þá Stykkishólmur verða sjálfsagður staður fyrir slíkt útibú, bæði vegna legu sinnar og sem stærsti verslunarstaður við Breiðafjörð.

Fjárhagsnefndin mælir því eindregið með því, að þessi þingsályktunartillaga verði samþykt.

Alþingi, 31. júlí 1919.

Magnús Torfason, formaður.	H. Steinsson, ritari.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XXXIII, 13).

Nd. **227. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911 (þgskj. 217).

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

Við 2. tölulið: Fyrir »kr. 4,00« í niðurlagi liðsins komi:
kr. 2,00.

(B. XXX, 3).

Nd. **228. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsm.: Magnús Pjetursson og Gísli Sveinsson.

1. gr. frv. orðist svo:

Aftan við 4. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, bætist:

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn að gera samþykt um að hækka skatt af óþarfa hundum úr 10 kr. og alt að 50 kr.

(A. XXXVIII, 6).

Nd. **229. Lög**

um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

(Afgreidd frá Nd. 31. júlí).

1. gr.

Skilgetið barn verður íslenskur ríkisborgari, ef faðir þess er það, og óskilgetið, ef móðir þess er það.

2. gr.

Nú er maður fæddur á Íslandi, en á þó eigi ríkisfang þar samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá íslenskan ríkisborgararjett, ef hann hefir haft þar samfleytt heimilisfang þar til hann er fullra 19 ára, hvort sem hann er fæddur áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi, enda hafi hann eigi síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði eigi að öðlast íslenskan ríkisborgararjett, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Slík yfirlýsing dugir þó eigi niðjum hans.

3. gr.

Kona fær ríkisfang manns sins. Sama er um ósjálfráða börn, er þau hafa saman átt áður en þau gengu að eigast.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararjett með lögum. Fer þá um konu manns og börn þeirra eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvís um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs, og slíkt hið sama kona hans og skilgetin börn ósjálfráða, nema þau hafi heimilisfang á Íslandi og haldi því. Ef kona þess, er tekið hefir ríkisfang annarsstaðar, eða börn, fylgja ekki því ríkisfangi, þá skulu þau ávalt halda ríkisfangi sínu á Íslandi.

Nú vill maður gerast ríkisborgari í öðru landi; getur konungur þá leyst hann undan því að hafa ríkisfang á Íslandi, enda skal hann hafa tekið ríkisfang erlendis innan ákveðins tíma.

6. gr.

Kona missir íslenskan ríkisborgararjett, ef maður hennar hefir hann eigi. Sama er um börn, sem þau áttu saman áður en þau gengu að eigast og þá voru ósjálfráða.

7. gr.

Nú breytist ríkisfang konu á Íslandi sakir giftingar, og haggar það eigi ríkisfangi þeirra barna, er hún hefir átt við öðrum en bónda sínum.

8. gr.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá eiga ríkisfang á Íslandi, þar til annað reynist sannara.

9. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hjer segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918 og eigi myndi vera orðnir íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararjetti, en hafa þó rjett til að áskilja sjer íslenskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráða barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráða barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

10. gr.

Nú fær maður íslenskt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisföst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráða börn, ef faðir

þeirra verður íslenskur ríkisborgari, og óskilgetin ósjálfráða börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar, en hafa þó rjett til að áskilja sjer danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslið, segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar ásamt konum og börnum, svo sem í 10. gr. segir.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenskur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

13. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. des. 1918.

(B. XXXVI, 2).

Ed. **230. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stafliður c í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.

Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:

10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

(B. XXX, 4).

Nd. **231. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í 4. gr. í lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., komi fyrir »10 kr.«
50 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XXVIII, 4).

Nd. **232. Breytingartillaga**

við frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 7. gr.
Fyrir »Hegningarsektir« komi:
Sektir.

(B. XXIV, 3).

Nd. **233. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Auk þessarar skoðunar, skal öll sú síld, sem flytjast á út til sölu á erlendan markað, endurmetin, eftir að hún hefir legið hæfilega lengi í salti. Skal þá öll síldin nákvæmlega skoðuð og ákveðin vigt látin í hverja tunnu, sem þá

aldrei má fara fram yfir 105 kg. í norskum og 110 kg. í skoskum tunnum, þegar um vigt síldar er að ræða, sem veidd er á tímabilinu júlí til október.

2. gr.

Skoðun þessa og endurmat skal framkvæma af matsmönnum, yfirmatsmönnum og undirmatsmönnum.

Með allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

3. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

4. gr.

Útgerðarmenn skulu, áður en síldarsöltun byrjar, tilkynna yfirmatsmanni, hverja tegund salts þeir ætli að nota til að salta síld sína með, og ákveður hann þá, hve mikið salt af hverri tegund skuli ætlað í hverja tunnu síldar.

5. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því hún er metin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

6. gr.

Nú telur yfirmatsmaður, að síld hafi eigi verið hirt eins vel og skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga

svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun, ella greiðist hann af síldareiganda.

7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

9. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaðar hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

11. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

(A. XXXII, 4).

Ed. **234. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir, eftir föngum, athugað frumvarp þetta og leggur eindregið til, að háttv. deild samþykki það eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 31. júlí 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögumaður. Sigurjón Friðjónsson.

(B. XXX, 5).

Nd. **235. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson og Pjetur Ottesen.

Við 1. gr. Greinin hljóði þannig:

4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., orðist þannig:

Hver sá heimilisráðandi, er grasnyt hefir, eða telur fram til lausafjártíundar 1 hundrað, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en 4 mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 50 kr.

Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefir framtalið, en rjett hefir hann til að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu, af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarsstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti sem hann hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum.

(A. XXXIII, 14).

Nd. **236. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júli 1911.

Flutningsmaður: Björn Stefánsson.

1. Við 5. tölulið.
   Í staðinn fyrir »kr. 4,00« komi:
   kr. 3,50
2. Aftan við 13. lið komi nýr liður, sem verður 14. liður:
   Af fíkjum, rúsinum, sveskjum, döðlum og ávöxtum, þurkuðum, niðursoðnum og kandíseruðum, kr. 0,25 af hverju kg.

(A. XXXIX, 4).

Nd. **237. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttvirtri efri deild. Það er samhljóða bráðabirgðalögum 30. nóv. 1918.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 31. júlí 1919.

Björn Kristjánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögum.

Sv. Ólafsson. Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XXIX, 5).

Nd. **238. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er komið frá háttvirtri efri deild. Aðalbreytingin, sem efri deild hefir gert á frumvarpinu, er í því fólgin, að bætt er inn í frumvarpið nýrri grein, þar sem veitt er undanþága frá ákvæðunum í fyrstu grein um þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá fyrir íslensk skip fyrir 1. des. 1918.

Nefndin sjer ekkert verulegt að athuga við frumvarpið, og ræður því til, að það verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 31. júlí 1919.

Björn Kristjánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og framsm.

Sv. Ólafsson. Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XXVIII, 5).

Ed. **239. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hæstarjett.

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

1. Við 37. gr.:
   Orðið »mestu« falli burt.
2. Við sömu gr.:
   Fyrir »viku« komi:
   14 dögum.
3. Við 50. gr.:
   a. »Að nauðsynjalausu« í fyrri málsgr. falli burt.
   b. 2. málsgr. falli burt.

(B. XVI, 2).

Ed 240. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og borið það saman við lög þau, er það á að koma í stað. Hefir hún sannfært sig um það, að breytingar þær, er frv. gerir á lögunum frá 8. maí 1894, eru því nær að öllu leyti sniðnar eftir hinum nýrri bæjarstjórnarlögum fyrir kaupstaðina Hafnarfjörð, Ísafjörð, Akureyri og Vestmannaeyjar, og þykir ekki þörf á að fjölyrða um þær breytingar.

Í 16. gr. frv. eru ákvæði um lóðargjald í kaupstaðnum, sem eru ný. Eftir þeim á að virða og meta til peningaverðs allar útmældar byggingarlóðir í bænum, bygðar og óbygðar, svo og grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörð, og greiða í bæjarsjóð 1—2 krónur af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Matið á lóðunum framkvæma hinar lögskipuðu fasteignamatsnefndir, að því er snertir eldri lóðir. Að því er lóðir snertir, sem mældar eru út á milli reglulegra fasteignamata, þá metur fasteignanefnd bæjarins þær þar til næsta reglulegu fasteignamati er lokið. Sama nefnd metur og verð grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörð.

Eftir lögunum frá 1894 er lóðargjaldið á Seyðisfirði 1—2 aurar á hverja feralin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja feralin í óbygðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Í Vestmannaeyjum er lóðargjaldið 4—10 aurar á fermetra í útmældum húsgrunnum, en 2—4 aurar á fermetra í óbygðum lóðum; á Ísafirði er gjaldið 2—5 aurar á feralin í bygðri lóð og 1—2 aurar á feralin í óbygðri lóð.

Nefndin telur fult eins rjett, að lóðargjaldið sje miðað við verðmæti lóðanna eins og rúmmál þeirra, og finnur því ekkert við þessa breytingu að athuga.

Þar sem laun bæjarfógetans á Seyðisfirði hafa nú verið tekin upp í frv. stjórnarinnar til laga um laun embættismanna, sem væntanlega nær fram að ganga, telur nefndin rjettara að fella ákvæðið um þau úr 2. gr. frv. þessa.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að bæjarfógetinn haldi áfram að vera oddviti bæjarstjórnarinnar þar til kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja með $^2/_3$ greiddra atkvæða, að bæjarstjóri skuli kosinn (2. gr.), en að oddviti bæjarstjórnar hafi því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi (3. gr.).

Eftir núgildandi lögum hefir bæjarfógetinn atkvæðisrjett á fundum, og missir hann nú, er þessi nýju lög ganga í gildi, nema því að eins, að hann verði þá kosinn bæjarfulltrúi.

Þar sem ekki verður sjeð, að bæjarfógetinn hafi haft neitt við þetta að athuga, finnur nefndin ekki næga ástæðu til að ganga á móti tillögum bæjarstjórnarinnar í þessu efni.

Þar sem nefndin þannig finnur ekki neitt verulegt við frv. að athuga, leyfir hún sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja það með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Orðin: »og hefir að launum kr. 500,00 á ári úr ríkissjóði« í 1. málsgr. falli burt.
2. — 6. — Í stað orðsins: »bæjarfógeti« í 2. málsgr. komi: oddviti bæjarstjórnar.
3. — 8. — Í stað orðsins »kosningu« í byrjun greinarinnar komi: kosningargerð.
4. — 10. — Í stað orðsins: »ágreiningsákvæði« í næstsíðustu málsgr. komi: ágreiningsatriði.
5. — 17. — Í stað: »kaupskap og þilbátaútgerð« í 2. málsgr. komi: kaupskap eða þilbátaútgerð.
6. — — — Í stað: »ef þau« í 3. málsgr. komi: er.
7. — 18. — Í stað orðsins: »hennar« síðast í 1. málsgr. komi: nefndarinnar.
8. — — — Í stað orðsins: »fjárnám« í 6. málsgr. komi: lögtak.
9. — 19. — Í stað: »og skattskyldir« komi: eða skattskyldir.
10. — 27. — Í stað orðsins: »snerta« í 3. málsgr. komi: snertir.
11. — 28. — Í stað orðsins: »Þar« í byrjun 2. málsgr. komi: Það.

Alþingi, 31. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari og ritari.

Magnús Torfason.

(B. XXXIX, 3).

Nd. **241. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndin hefir athugað frumvarpið og aðhyllist það í öllum aðalatriðum. Henni þykir að eins eiga betur við, að laun dýralækna sjeu

ákveðin í hinum almennu launalögum, og flytur breytingartillögu um það. Að öðru leyti ræður hún til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Nefndin hefir einnig athugað breytingartillöguna á þingskjali 202 við frumvarpið, og samdist svo um, að nefndarmennirnir væru óbundnir með atkvæði sín um hana.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr.: Greinin orðist þannig:

Laun landsdýralæknis og hjeraðsdýralækna skulu ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Alþingi, 1. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, formaður.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Sigurður Sigurðsson, framsögumaður.
Jón Jónsson.	Pjetur Þórðarson.	

(A. XV, 2).

Ed. **242. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að það nái samþykki deildarinnar, þar sem aðstaða okkar þykir ekki leyfa að taka upp tilkynningarregluna, og ekki virðist fyrst um sinn þörf á að setja ýtarlegri lagareglur um þessi efni en gert er í frv. stjórnarinnar.

Lætur nefndin sjer því nægja til skýringar að koma fram með svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr:
   a. Orðin »eða upphugsunum« falli niður.
   b. 3. tölul. orðist svo:
      3. nýfundnum læknislyfjum, neytsluefnum eða nautnar.
      Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

c. Orðið »uppgötvun« í 6. málsgr. falli niður á síðari staðnum.

2. Við 3. gr.:
   a. Fyrri málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Uppgötvari einn hefir rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans.
   b. 3. málsgr. falli niður.

3. Við 4. gr.:
   a. Fyrir orðin í fyrri málsgr. »og er talið« komi:
      að telja.
   b. Í stað orðanna í síðari málsgr. »og líður þá á enda« komi:
      og rennur það út.

4. Við 6. gr.:
   a. Orðin í fyrri málsgrein »að kalla« falli niður.
   b. Síðari málsgr. orðist svo:
      Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þessa vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.

5. Við 8. gr.:
   a. Í stað orðsins í 1. málsgr. »mega« komi:
      hafa rjett til að.
   b. Milli orðanna í 2. málsgr. »honum« og »skylt« komi:
      þá.

6. Við 10. gr.:
   Orðið »umbeðið« í síðustu málsgr. falli niður.

7. Við 11. gr.:
   a. Í stað orðsins »fundingarmaður« í 1. málsgr. komi:
      uppgötvari.
   b. Fyrir »sína beiðni« í 3. málsgr. komi:
      sína beiðnina.

8. Við 12. gr.:
   a. Fyrir »Beiðninni skal« komi:
      Einkaleyfisbeiðni skal.
   b. Fyrir »Reykjavíkurbæjar« komi:
      Reykjavíkur.

9. Við 13. gr.:
   Í stað orðanna »hjá ráðuneytinu almenningi til sýnis« komi:
   til sýnis almenningi á þeim stað, er ráðuneytið til tekur.

10. Við 14. gr.:
    Fyrir »bága« komi:
    bág.

11. Við 17. gr.:
    Fyrir orðin »Heimilt er hverjum og einum« í síðustu málsgr. komi:
    Hverjum manni er heimilt.

12. Við 18. gr.:
Fyrir orðin »ætlað er að flytja« komi:
flytur.
13. Við 20. gr.: Síðari málsgreinin orðist svo:
Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.
14. Við 21. gr.:
Fyrir orðin »var framinn« komi:
átti sjer stað.
15. Við 23. gr.:
a. Við 1. málsgr. fyrri málsl. Fyrir orðin: »hafi verið lýst« o. s. frv. komi:
hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar.
b. Við 1. tölul.:
Fyrir orðin »hafi verið lýst svo á nefndu tímabili« komi:
hafi á nefndu tímabili verið lýst.
c. Við 2. tölul. Orðið: »hinna« falli niður.
16. Við 24. gr.:
Fyrir orðin »fyrirkomulag þeirra« komi:
fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa.

Alþingi, 31. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.	Magnús Torfason, ritari.

(C. XIV, 1).

Nd. **243. Tillaga**

til þingsályktunar um mat á fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, og leggja fyrir næsta Alþingi, frumvarp til laga um mat á fóðurbæti eða kjarnfóðri, er gengur kaupum og sölum í landinu, eða um aðra tryggingu gegn því, að sú vara seljist skemd eða ónýt.

(B. XXIX, 3).

Nd. **244. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir. 3. umr. í Ed.)

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, 2 krónum fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 krónur á ári, en kvenmaður 2 krónur.

3. gr.

Lög um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, nr. 33, 26. október 1917, eru úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. III, 11).

Nd. **245. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. Á undan lið greinarinnar komi nýr liður:
   Við B. 6. Til landhelgisgæslu um síldveiðitímann . kr. 40000,00
2. — 5. — 21. Á eftir liðnum komi nýr liður:
   Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landssímans . . . . — 1200,00
3. — 7. — Á undan 1. lið komi þessir nýir liðir:
   a. Við 3. c. Til húsgagnakaupa . . . . . — 1200,00
   b. Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk . . . — 600,00
   c. Á eftir 3. lið komi nýr liður:
   Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar — 20000,00

4. Við 10. gr. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Patrekshrepps til endurgreiðslu á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur . . . . . — 696,00

(B. XXIV, 4).

Nd. **246. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skoðun á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. grein:
Á eftir orðunum »eftir að hún hefir legið hæfilega lengi í salti« komi: sje hún þá eigi þegar útflutt.
2. Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein, svo hljóðandi:
Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.
Skal í vottorðinu tekið fram, að síldin sje að eins frummetin og að vigt í hverri tunnu sje óákveðin.
Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.
Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.
Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
3. Við 6. grein. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vel hirt sem skyldi.

(B. XLII, 2).

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við Syðstabæ í Hrísey skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(B. LVIII, 1).

Nd. **248. Frumvarp**

til laga um brúargerðir.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vegamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rjett.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hjer greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengra:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

1. Ártúnsá á Kjalarnesi.
2. Kiðafellsá.
3. Laxá í Kjós.
4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.
7. Bjarnadalsá í Borgarfirði.
8. Sanddalsá í Borgarfirði.
9. Laxá í Hnappadalssýslu.
10. Núpá - — —
11. Bakkaá í Snæfellsnessýslu.
12. Glerá í Dalasýslu.
13. Geiradalsá.
14. Hvalsá í Strandasýslu.
15. Krossá í Strandasýslu.
16. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.
17. Víðidalsá - — —
18. Gljúfurá - — —
19. Auðólfsstaðaá í Langadal.
20. Hjeraðsvötn.
21. Svartá.
22. Norðurá í Skagafirði.

23. Eyjafjarðará.
24. Djúpá í Suður-Þingeyjarsýslu.
25. Kolgríma.
26. Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu.
27. Ásakvíslar.
28. Jökulsá á Sólheimasandi.
29. Bakkakotsá undir Eyjafjöllum.

II. Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum:

1. Leirvogsá.
2. Flóka.
3. Tunguá í Miðdölum.
4. Haukadalsá.
5. Laxá í Dalasýslu.
6. Laxá í Strandasýslu.
7. Kotá.
8. Valagilsá.
9. Glerá í Eyjafirði.
10. Skjálfandafljót.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.
14. Jökulsá í Jökuldal.
15. Eyvindará.
16. Skaftá.
17. Ásavatn.
18. Hólmsá á Mýrdalssandi.
19. Brúará.
20. Kópavogslækur.

III. Nýjar brýr á flutningabrautum:

1. Reynistaðará á Skagafjarðarbraut.
2. Grófargilsá á — —
3. Brúará á Grímsnesbraut.
4. Bakkakotsá í Ölfusi, á Suðurlandsbraut.
5. Gljúfurholtsá í Ölfusi, á — —

IV. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á ríkissjóði:

1. Elliðaár á Suðurlandsbraut.
2. Hólmsá - — —
3. Torfdalslækur á Þingvallabraut.

V. Endurbygging trjebrúa á öðrum vegum, sem kostað er viðhald á úr ríkissjóði:

1. Tungufljót á Gullfossvegi.
2. Hvítá á Brúarhlöðum.

VI. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum:

1. Álftá á Mýrum.
2. Hítará á Mýrum.
3. Grísholsá í Helgafellssveit.
4. Gufuá á Borgarfjarðarbraut.
5. Skarðslækur á Borgarfjarðarbraut.
6. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
7. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
8. Þverá á Fagradalsbraut.
9. Rauðilækur í Holtum.

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði, en að $^1/_3$ hluta af viðhaldsaðiljum.

VII. Til nýrra brúa og endurbyggingar trjebrúa á öðrum vegum en þjóðvegum og flutningabrautum má verja árlega alt að 50000 kr. úr ríkissjóði.

Um greiðslu kostnaðar brúargerða, sem teljast á þessum lið, fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Brýr á fjallvegum gerast að öllu fyrir fje úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $^2/_3$ hlutum af ríkissjóði, gegn $^1/_3$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, nema $^3/_4$ hlutum gegn $^1/_4$ annarsstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, alt að 10 metra:

Til þess að gera nýjar brýr slíkar, eða endurbyggja gamlar trjebrýr, má verja árlega alt að 15000 krónum, og skulu þær brýr kostaðar að öllu úr ríkissjóði á þeim vegum, er ríkissjóður heldur við, að $^2/_3$ hlutum á flutningabrautum þeim og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, og til helmings móts við tillag annarsstaðar frá á öðrum vegum. Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf:

a. Á vegum, er ríkissjóður heldur við eða gerðir eru að öllu eða einhverju leyti á kostnað ríkissjóðs, telst kostnaður við slíkar brýr með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

b. Á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, greiðist kostnaður við endurbyggingu slíkra smátrjebrúa að ²/₃ hlutum úr ríkissjóði.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., A, B og C, b, og til annara mannvirkja, er þar að lúta, þar með talin kaup á nokkrum vjelum, til fullkomnunar brúarsmiðju ríkissjóðs, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborgun af láni þessu eða lánum skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir samið vegamálastjóri Geir G. Zoëga og sent það landsstjórninni. Hefir hún fallist á það og beint því til samgöngumálanefnda Alþingis, er tekið hafa að sjer flutning þess. Fjárveitinganefndir munu og vera því samþykkar. Þar sem nefndirnar hafa eigi gert neinar verulegar breytingar á því, telst fullnægjandi greinargerð þess í eftirfarandi brjefi vegamálastjóra til stjórnarráðsins:

»Undanfarin ár hafa verið ákveðin og mæld brúarstæði á öllum þeim ám á þjóðvegum og flutningabrautum og ýmsum öðrum vegum, sem telja má að brýr þurfi á yfir 10 metra langar, enn fremur að sjálfsögðu gerðar mælingar fyrir mörgum minni brúm. Mjer þykir nú tími til kominn, að unnið verði að brúargerðum yfirleitt eftir fastri áætlun um framkvæmdir, bygðri á þeim rannsóknum, sem þannig hafa verið gerðar. Í frumvarpinu eru taldar allar ár á flutningabrautum og flestar ár á þjóðvegum, sem óbrúaðar eru eða með trjebrúm og ástæða þykir til, að brúaðar verði fyrst um sinn. Þykir sjálfsagt að ákveða, að allar brýr, sem frumvarpið fjallar um, skuli gerðar úr varanlegu efni.

Til þess að fá heildaryfirlit yfir útgjöld þau, sem frumvarp þetta hefir í för með sjer fyrir ríkissjóð, hefi jeg gert eftirfarandi kostnaðaráætlun. Sumar upphæðir eru að vísu nokkuð lauslegar, en frekar háar en lágar, um allar þær brýr, sem taldar eru í A. I.—VI.

A.	I.	Nýjar brýr á þjóðvegum 1—29	kr. 979000,00
	II.	Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum 1—20	— 282000,00
	III.	Nýjar brýr á flutningabrautum 1—5.	— 66000,00
	IV.	Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á ríkissjóði, 1—3	— 38000,00
		Flyt	kr. 1365000,00

	Fluttar	kr. 1365000,00
V.	Endurbygging brúa á öðrum vegum, þar sem kostað er viðhald úr ríkissjóði, 1—2	— 30000,00
VI.	Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum, $^2/_3$ hlutar af 66 þús. kr.	— 44000,00
	A. I.—VI. Samtals	kr. 1439000,00

Sá hluti endurbyggingarkostnaðar, sem fellur á hlutaðeigandi viðhaldsaðilja að greiða samkvæmt A. VI., er áætlaður 22 þús. kr. og skiftist þannig:

1.	Borgarfjarðarsýsla	kr. 778,00
2.	Mýrasýsla	— 8388,00
3.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	— 4834,00
4.	Norður-Múlasýsla	— 2666,00
5.	Suður-Múlasýsla	— 2667,00
6.	Ríkissjóður, sem viðhaldsaðilji Fagradalsbrautar...	— 2667,00
	Samtals	kr. 22000,00

Á hverju Alþingi hafa komið fram kröfur um styrk til brúargerðar á öðrum vegum en þeim, sem gerðir eru á kostnað ríkissjóðs, með því að hlutaðeigendum sje það um megn að koma upp brúnum á eiginn kostnað, enda eru á þeim margar stórár, sem brýn nauðsyn mun þykja að brúa, svo sem Selá og Hofsá í Vopnafirði, Svarfaðardalsá í Eyjafirði, Grímsá á Völlum, Hvítá í Borgarfirði, Stóra-Laxá í Árnessýslu og margar fleiri. Hefir og venjulega verið veitt nokkuð fje til slíkra brúargerða gegn tillagi hlutaðeigenda. Mörg brúarstæði, er hjer teljast, hafa verið mæld og áætlanir gerðar, en ekki þykir fært að taka upp í frumvarpið skrá um þær brýr, sem styrks megi njóta samkvæmt 2. gr. A, VII, heldur þykir rjettast að ákveða heildarupphæð, sem verja megi úr ríkissjóði til brúa, er teljast til þessa flokks. Mjer telst svo til við lauslega áætlun, að vænta megi, að gerðar verði brýr á þessum vegum á næstu 10—15 árum, er kosta munu samtals 600-800 þús. kr., og er tillag ríkissjóðs miðað við þá upphæð.

Ákvæðin í A. VI, B og C b, um þriðjungs tillag annarsstaðar frá móti styrk úr ríkissjóði, eru þau sömu og gilt hafa undanfarið samkvæmt ákvæðum fjárlaganna.

Jeg hefi gert ráð fyrir, að ljúka mætti á 8—10 næstu árum að gera brýr þær, sem taldar eru í annari grein A. I.—VI. Yrði þá varið að meðaltali árlega frá 150—185 þús. kr., en samkvæmt A. VII. árlega 50 þús. kr. og samkvæmt 2. gr. B. árlega 15 þús. kr. 2. gr. C. mun að eins næstu 4—5 árin leggja smávægilega útgjaldabyrði á ríkissjóð, meðan verið er að gera nýja hlemma úr járnbentri steinsteypu yfir smáræsi á nokkrum eldri flutningabrautum. Öll þessi útgjöld samtalin má þannig áætla 205—240 þús. kr. árlega. Til samanburðar vil jeg geta þess, að samkvæmt tillögum mínum og stjórnarinnar, sem liggja fyrir þessu Alþingi, eru fjárveitingar, sem farið er fram á á næsta fjárhagstímabili til brúargerða einungis á þjóðvegum og flutningabrautum, yfir 350 þús. kr., sumpart til nýrra brúa og sumpart til endurbygginga trjebrúa, sem eru komnar að falli.

Þar sem nú eru gerð varanleg mannvirki, en flutningaþörf og kröfur tím-

ans ganga hart að ríkissjóði um ör framlög, þykir bæði rjettmætt og sjálfsagt að taka lán til þess að koma þeim mannvirkjum í framkvæmd, svo að gjöld þessi íþyngi ekki fjárhagnum eins tilfinnanlega og ella, ef veita ætti á fjárlögum árlega næstu árin jafnháa upphæð og farið hefir verið fram á við Alþingi það, er nú situr. Fleiri ástæður eru og til þess, að leið sú er til bóta, sem hjer er farin; sjerstaklega má taka fram, að tæplega er unt að vita með tveggja ára fyrirvara, hverjar trjebrýr muni nauðsyn að gera að nýju á næstkomandi fjárhagstímabili; geta stórskemdir komið fram í þeim, áður en varir, svo ekki megi draga endurbyggingu þar til fengin er fjárveiting; enn fremur gerir það vegamálastjórn auðveldara að halda föstum verkamönnum, sjerstaklega smiðum, sem fengið hafa reynslu við brúargerðir, þá er áætlun liggur fyrir um framkvæmdir í nokkur ár, en verkamannaeklu þarf ekki að óttast til brúargerða, svo sem því miður er frekar ástæða til að því er snertir vegagerðir.

Járnbrýr allar, sem gerðar verða, munu verða smíðaðar í brúarsmiðju ríkissjóðs. Eru þar þegar flestar nauðsynlegustu vjelar, reknar með rafmagni, en mjög væri æskilegt að bæta þar við nokkrum til frekari vinnusparnaðar og fullkomnunar smiðjunnar«.

(B. LIX, 1).

Nd. **249. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breyting og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Fyrir: »til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík til Staðar í Aðalvík, um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum« í 2. gr. nefndra laga komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík, enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar, og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Greinargerð.

Breyting sú, er frumvarp þetta fer fram á, er bygð á rannsókn landsímastjórans á hinni fyrirhuguðu símleið um norðurhreppa Norður-Ísafjarðarsýslu sumarið 1918.

Í brjefi til stjórnarráðsins 15. maí þ. á. telur landsímastjórinn, að lagning þessarar línu, samkvæmt símalögunum, og viðhald myndi verða erfiðari og dýrari en nokkurs annars síma á landinu; er lagningarkostnaðurinn einn samkvæmt áætlun hans kr. 265750,00.

Í stað þessarar línu leggur hann til, að komið verði á símasambandi á þessu svæði samkvæmt ofanrituðu frumvarpi; kostar það samkvæmt áætlun hans kr. 127800,00, og er þannig kr. 137950,00 ódýrara en hin línan, og auk þess með því fengið tryggara samband við Ísafjörð en með hinni línunni. Samkvæmt þessari tillögu er heldur ekki nauðsynlegt að taka alt fyrir í einu, heldur bæta smátt og smátt úr hinni miklu þörf þessara afskektu hreppa, og telur landsímastjórinn hægt að koma þessu í framkvæmd *á fáum árum* og *mjög bráðlega* þar sem þörfin er brýnust, en það er loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, með landsímalínu í Aðalvík.

Um hina línuna segir hann, að hlutaðeigandi hjeruð eigi það á hættu að bíða mörg ár eftir símasambandi, sem ekki myndi verða þeim eins hagkvæmt, en óhæfilega kostnaðarsamt.

Frekari greinargerð bíður flutnings málsins á þinginu.

(B, LX, 1).

Ed. **250. Frumvarp**

til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr landssjóði alt að 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvödd-

um mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er eru einhver auðugustu fiskimið þessa lands í kring um Snæfellsnes. Margra alda reynsla hefir sannað, að fiskur bregst næstum

aldrei á þessum miðum, og því er það, að þar er sóttur sjór allan tíma árs. En þótt nú svo sje, að fiskisæld sje mikil á þessum slóðum, þá hefir nú á síðustu árum verið kyrstaða og sumstaðar jafnvel afturför í sjávarútvegi víða á Snæfellsnesi. Þetta stafar af hafnleysinu. Þar er ekki um neinar tryggar hafnir að ræða, að minsta kosti ekki í þeim skilningi, að þar sje hægt að reka þilskipa- eða vjelbátaútgerðir og því síður útgerðir í stærri stíl. Afleiðingin af þessu hafnleysi er eðlilega sú, að sjávarútvegur er í þessum stöðum rekinn með svipuðu fyrirkomulagi og fyrir mörgum öldum, eða með öðrum orðum nær eingöngu á opnum bátum. Það er nú augljóst, að slíkur rekstur á sjávarútvegi er orðinn úreltur og ætti að hverfa úr sögunni hjer á landi, þar sem honum fylgir meiri lífshætta en nokkrum öðrum útvegi, auk þess sem hann gefur svo margfalt minna í aðra hönd. Ef litið væri á tölu þeirra manna, sem drukknað hafa frá Snæfellsnesi nú á síðustu 20 árum, þá mundi sú tala, betur en margt annað, geta sannfært menn um, hve brýn þörf er fyrir höfn á nesinu.

Það er langt síðan að menn fundu til þessarar þarfar, og nú á síðustu árum hefir verið gerð gangskör að því að láta rannsaka, hvar tiltækilegast mundi vera að byggja slíka höfn. Niðurstaðan af þeim rannsóknum hefir orðið sú, að heppilegasti staðurinn til slíkrar hafnargerðar væri Ólafsvík, bæði með tilliti til kostnaðar og frambúðar.

Það er engum vafa undirorpið, að ef höfn væri bygð á Snæfellsnesi, mundi þar innan skamms rísa upp stórt kauptún, því að, eins og áður hefir verið bent á, eru skilyrði fyrir útgerð þar að öðru leyti einhver hin bestu á landinu — fiskur nærri landi allan tíma árs.

Í sambandi við þetta mál má geta þess, að ef góð höfn væri bygð á þessu svæði, má telja víst, að síldarútvegur yrði rekinn þaðan í smærri eða stærri stíl. Í kring um Snæfellsnes verður venjulega fyrst vart síldar að vorinu, og hún heldur sig oft inni á Breiðafirði langt fram á haust.

Þegar nú litið er á það, hve góð skilyrði eru fyrir hendi til að reka sjávarútveg í stórum stíl frá Snæfellsnesi, þá er það engum efa bundið, að höfn, ekki dýrari en hjer er farið fram á að byggja, mundi vel geta borið sig, og þyrfti því ekki að koma til þess, að ríkissjóður biði neinn halla af þátttöku í fyrirtækinu. Þess má og geta, að jörðin Ólafsvík er eign ríkissjóðs, og þeim mun frekari ástæða til, að hann leggi af mörkum fje til hafnargerðarinnar.

Landsstjórnin hefir látið fara fram rannsókn og mælingar á hafnarsvæðinu. Þessum mælingum er nú lokið, og hefir Kirk verkfræðingur búið til uppdrátt af þessari fyrirhuguðu höfn og áætlað, að hún muni kosta um 700 þúsund krónur. Verkfræðingurinn telur víst, að slík höfn mundi verða trygg fyrir þilskip, vjelbáta og smærri gufuskip, 4—500 tonna, en með því væri líka tilganginum náð, sem sje, að efla sjávarútveg á Snæfellsnesi og gera landsmönnum kleift að notfæra sjer þau auðæfi, sem sjórinn hefir að geyma á þessum stöðvum.

(A. XXVIII, 6).

Ed. **251. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hæstarjett.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

1. Við 24. gr. Orðin í 2. málsgrein: »sem mál er risið af« falli burt.
2. — 34. — Orðin: »þar sem ómerking á annars við« falli burt.
3. — 45. — Orðin í 3. málsgrein: »ef ágreiningur verður« falli burt.

(A. XXIX, 6).

Nd. **252. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Þau skip mega hafa íslenskan fána á Íslandi, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang eða vera og hafa 5 síðustu árin verið óslitið heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang eða búsetu.
3. Ef skipið er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang eða búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Greinargerð.

Stjórnarfrv. heimtar að eins, að skip skuli vera að $^2/_3$ eign manna, er hjer hafi haft eins árs heimilisfestu, og segir í aths., að þessi regla þyki »einföldust«. Í siglingalögum nr. 56, 30. nóv. 1914, 1. gr., er annaðhvort krafist ríkisborgararjettar eða búsetu, og um hlutafjelög, að meiri hluti stjórnarnefndarmanna skuli vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnarnefndarmanna framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna.

Það verður ekki hjá því komist að veita *öllum íslenskum ríkisborgurum* rjett til að mega láta skip sín sigla undir íslenskum fána, enda þótt þeir sje heimilisfastir utanlands. Kemur það af því, að annars geta þeir ef til vill hvergi fengið skip sín skrásett, því að annarsstaðar er rjettur til skráningar, og þar með rjetturinn til að sigla undir viðkomandi lands fána, bundinn við ríkisborgararjett þar eða langa heimilisfestu. Nú er hverju ríki skylt að vernda þegna sína, og því er ljóst, að eigi má neita þeim um þennan rjett.

Að þessu leyti fullnægir stj.frv. ekki þeirri skyldu, sem á ríkinu hvílir gagnvart þegnum sínum.

Á hinn bóginn fer stj.frv. of skamt í kröfum sínum, þar sem maður, hverrar þjóðar sem hann er, á samkvæmt því heimtingu á að fá skip sitt skrásett hjer og láta það sigla undir íslenskum fána, ef hann hefir verið hjer heimilisfastur *eitt einasta* ár. Það þarf eigi að lýsa því, hversu auðvelt er að fara kringum þetta ákvæði, nota leppa o. s. frv. Það stoðar lítt, þótt í aths. sje talað um »*búsetu í þrengri skilningi*«. Hvað er búseta »*í þrengri skilningi*«, og hvað er búseta »*í rýmri skilningi*«? Ef frv. verður óbreytt að lögum, yrði afleiðingin óhjákvæmilega sú, að fjöldi útlendinga, sem hjer hefði verið heimilisfastir að nafninu til eitt ár, gæti notað fána vorn og væntanlega þar með aflað sjer heimildar til að veiða í íslenskri landhelgi, því að eigi mun skipum, sem að nafninu til hafa rjett til að sigla undir fána vorum, verða meinaðar fiskveiðar hjer í landhelgi, framar en skipum sjálfra vor, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 35, 27. sept. 1901. Enn fremur sýnist það vitna um litla virðingu fyrir íslenskum fána, að leyfa það, að hver og einn útlendingur megi nota hann, ef maðurinn getur látið svo sýnast, sem hann hafi verið hjer búsettur *eitt* ár. Loks er hætt við því, að fáninn yrði lítil hlutleysisvörn skipum í ófriði, ef rjetturinn til þess að nota hann yrði jafnauðfenginn sem í stj.frv. er ákveðið, og því jafnan auðvelt að smeygja undir hann skipum þegna annara ríkja.

Hagurinn að því að setja skilyrðin svo væg, sem í stj.frv. greinir, er ósýnilegur. Ef hann á að vera í því fólginn, að geta sýnt það, hversu íslenskur skipastóll sje mikill, þá væri það blekking, því að hagskýrslur um það efni gæfu alls kostar ranga hugmynd um skipaeign Íslendinga. Ef það á að vera til þess að draga hingað útlendinga, þá er hagurinn að því út af fyrir sig meira en *tvísýnn*. Verkafólkseklan veldur því, auk ýmislegs annars. Ef það á að vera til þess að ná *sköttum* til ríkis eða sveitar af útlendingum, þá má ná því takmarki á annan hátt. Flestir þeir, er hjer stunda fiski við strendur landsins, þurfa til hafnar að leita og greiða þá hafnargjöld og vita. Þeir, er hjer stunda veiðar að staðaldri,

þurfa venjulega landsafnot, og er þá hægt að ákveða um gjaldskyldu þeirra með lögum, framar en nú ganga lög í landi, ef þörf þykir.

Önnur riki setja, að því er vitað er, miklu strangari skilyrði en stj.frv.

Danir hafa að efni til sömu skilyrði sem í brtt. segir. (Lög 1. apríl 1892 1. gr., sbr. Grundtvig Söret, Kbh. 1907, bls. 16—17).

Norðmenn heimta, ef einstakur maður eða einstakir menn eiga skip, að hann hafi eða þeir allir norskan ríkisborgararjett. Og ef hlutafjelag er, þá að aðalskrifstofa þess og heimili stjórnanda sje þar í ríkinu, og að stjórnendur sje norskir ríkisborgarar og hluthafar (Lov om sjöfarten 20. juli 1893, 1. gr. Kommentarutgave ved Gustav Blom og Viktor Haxthow, Kria 1910).

Svíar heimta, að sænskir þegnar eigi að minsta kosti $^2/_3$ í skipi, og um hlutafjelög gildir þar alveg sama sem í Noregi. (Sjölag 12. júní 1891, 1. gr., útg. með athugasemdum af I. Afzelius, Stockholm 1911).

Þýska ríkið setur þessi skilyrði:

Ef einstakur maður á skip eða fjelagar með fullri ábyrgð, verða þeir *allir* að vera þýskir ríkisborgarar.

Ef fjelag, þar sem sumir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, en sumir ekki, á skip, verða hinir fyrnefndu *allir* að vera þýskir ríkisborgarar.

Ef »juridisk persóna«, þar á meðal hlutafjelög, á skip, þá skal hún hafa heimili þar í ríki. (Das deutsche Seerecht, von Dr. Alfred Sieveking. Hamborg 1907, bls. 8).

Í *Bretaveldi* er reglan þessi: Ekkert skip verður breskt talið að lögum, nema það sje að öllu leyti eign bresk-fæddra breskra þegna eða manna, sem bresk þegnrjettindi hafa fengið (naturalized eða denizens) og unnið hafa Bretakonungi hollustueið, enda sje þeir annaðhvort heimilisfastir í löndum (dominions) Bretakonungs eða meðeigendur (partners) í firmum, er atvinnu reka í löndum (dominions) Bretakonungs, eða í fjelögum (bodies corporate), er stofnuð sje samkvæmt og háð lögum einhvers af löndum Bretakonungs, enda hafi þau aðalskrifstofu (principal place of business) í þeim löndum. Og bresk-fæddur breskur þegn, sem gerst hefir þegn annars ríkis, má ekki breskt skip eiga (ɔ: skipið er ekki lengur breskt), nema hann hafi síðan unnið Bretakonungi hollustueið og hann sje annaðhvort heimilisfastur í löndum Bretakonungs eða meðeigandi í firma, sem þar rekur atvinnu. (Joshua Williams Principles of the Law of Personal Property, London 1913, bls. 118—119).

Heimilisfang skips á Íslandi getur ekki verið skilyrði til að mega sigla undir *íslenskum fána*. *Skrásetning* skipsins veitir því heimilisrjettinn, og hún veitir þeim einnig fánarjettinn. Heimilisrjettur og fánarjettur eru *verkanir skrásetningarinnar*, sbr. 5. gr. laga nr. 31, 13. des. 1895. Það er auðsætt, enda ákveðið í nefndri lagagrein, að skipið fær alt af heimili í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er skrásett. Ef skip hefir verið skrásett hjer, þá er einsætt, að það á hjer líka heimili. Og ef það er hjer skrásett, þá hefir það líka fánarjettinn.

(B. XXXII, 3).

Nd. **253. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

Frá allsherjarnefnd.

Í greinargerð þessa frumvarps er tekið fram, að sýslunefnd Árnessýslu hafi á fundi 25. apríl til 3. maí síðastl. samþykt áskorun til þingm. sýslunnar um að koma fram með frumvarp á Alþingi í þá átt, er hjer ræðir um. Er sú áskorun eigi ófyrirsynju gerð, því að tekjur hreppa- og sýslusjóðs, eftir núgildandi lagaákvæðum, hrökkva hvergi nærri til að halda sæmilega við öllum vegum, sem á sýslunni hvíla. En hjer mun um hið sama að ræða í mörgum öðrum sýslum landsins: Hverju einstöku hreppsfjelagi þung byrði að leggja og annast þá hreppavegi, sem nauðsynlegir eru innan hrepps, og hin lögákveðnu hreppsvegagjöld af of skornum skamti. Sama gildir og um hvert sýslufjelag út af fyrir sig, að sýsluvegirnir krefjast meiri fjárframlaga en sýsluvegagjaldinu nemur, eigi þeir að geta talist vegfarendum færir. En tilfinnanlegast verður þó fyrir þau sýslufjelög, sem hafa á hendi til viðhalds langar og illa bygðar flutningabrautir á póstleið og fjölförnum þjóðleiðum, að hafa nægilegt fje til að standast svo mikinn kostnað, sem vegaviðhaldið útheimtir, svo sem er ástatt með Árnes- og Rangárvallasýslur o. fl.

Eftir vegalögunum frá 1907 og breytingu við þau 1911 er hreppsvegagjaldið kr. 1,25 fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, og hreppsnefndum heimiluð hækkun, alt að kr. 3,00. Af fyrirkomulagi þessu, sem nefnt frv. gerir enga breyting á, leiðir það nú að vísu, að hækkunin (alt að 9 kr.) kemur hart niður á fátækum mönnum, er búa á mannfrekum jörðum. En meðan hjeruðum landsins er þessi baggi bundinn, að annast viðhald þjóðvega eða flutningabrauta, og ekki fást önnur betri samgöngufæri, svo sem járnbrautir, verður ekki annað sjeð en að til þessara ráða verði að taka, svo sýslusjóðirnir standi ekki uppi í sömu fjárþröng og áður gagnvart vegunum.

Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.:

Fyrir »6 kr.« komi:
9 kr.

Alþingi, 1. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari.

Einar Jónsson, frams.m. Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen.

(A. XXVIII, 7).

Nd. **254. Frumvarp**

til laga um hæstarjett.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti, geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.

2. Heldur bækur hæstarjettar.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.

4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.

5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.

6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.

7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi geris t

2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.

4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.

6. Brjefabók.

7. Aukatekjubók.

8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje eða samband hans við aðilja sje slíkt sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu, meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í, samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um

skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn, eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir, um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjesf. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Akvæði 27. gr. skal hjer og gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettur, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tiðkast hefir, eftir því sem samrýmanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tiðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar sakar frá hæstarjetti, þá skal hann

skýra gagnaðilja frá því að minsta kosti 2 dögum áður en mál skal þingfesta, og skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—

Fyrir frest ..... 5 krónur
Fyrir dómkvaðning hvers manns ..... 5 —

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til lands-

yfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

(B. XLIV, 2).

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Aftan við 4. gr. laga nr. 30, 20. okt. 1905, bætist svo hljóðandi málsgrein: Sama gildir og þegar jörð eða jarðargögn, sem selja á, eru í sjálfsábúð.

(C. X, 3).

Nd. **256. Tillaga**

til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að útibú frá Landsbanka Íslands verði sett á stofn í Stykkishólmi.

(C. XV, 1).

Nd. **257. Tillaga**

til þingsályktunar um póstferðir á Vesturlandi.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Hákon Kristófersson og Sigurður Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um:

1. Að Vesturlandspósturinn verði látinn fara sömu leið úr Borgarnesi til Ísafjarðar, sem hann hefir farið mörg undanfarin ár.
2. Að pósturinn frá Ísafirði til Hesteyrar verði í hverri ferð látinn bíða eftir Aðalvíkurpóstinum.

(B. XXXIX, 4).

Nd. **258. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr.:

Í stað: »eða endurgjalda honum« og greinina á enda komi:

eða greiða honum 5 kr. fyrir hvern dag, sem hann er að heiman í þeirra erindum, og ferðakostnað að auki eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

(B. XLVIII, 2).

Ed. **259. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þingskj. 183).

Flutningsm.: Sigurjón Friðjónsson.

11. gr. orðist þannig:

Tekjuskattur skal lagður á tekjur skattþegns næsta almanaksár á undan framtalinu, þannig: Af hinum fyrstu þúsund krónum skattskyldum greiðist $^1/_4$ af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 1000 kr. og að 2000 kr., greiðist $^1/_2$ af hundraði; af því, sem tekjurnar eru yfir 2000 kr. og að 3000 kr., greiðist $^3/_4$ af hundraði o. s. frv., þannig, að skatturinn eykst um $^1/_4$ af hundraði með hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, að $2^1/_2$ af hundraði, sem greiðist af hinu tíunda skattskyldu þúsundi. En síðan eykst skatturinn um $^1/_2$ af hundraði með hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, að 35 af hundraði, sem greiðist af því, er tekjurnar eru yfir 74 þúsund krónur.

(A XXXIII, 15).

Nd. **260. Lög**

um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 4. ágúst).

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54 frá 11. júlí 1911 orðist þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
   Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra.
   Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í, kr. 4,00.
3. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
4. Af sódavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.
   Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^{3}/_{4}$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.
5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki, kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 8,00 af hverju kg.
   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af allskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.
11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.
12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1 – 4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundunum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^{3}/_{4}$ og þar yfir telst sem heil, $^{1}/_{4}$ alt að $^{3}/_{4}$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur

undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52 frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. VII, 3).

Nd. **261. Frumvarp**

til laga um landamerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í

land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ágreiningur um þátttöku í viðhaldi landamerkja sætir sömu reglum sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðinstíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni

í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítak í land, enda skifti merki máli um ítaksrjettinn, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum og má eigi minni vera en 8 krónur og eigi meiri en 14 krónur. Þó fer ferðakostnaður dómstjóra eftir gildandi ákvæðum.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru

þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á, enda sje svo til hagað, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í landamerkjabók.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til yfirdóms áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá

sama tíma. Yfirdómur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Yfirdómur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar malum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(B. XXVIII, 5).

Ed. **262. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum – seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(CXIII, 2).

Ed. **263. Tillaga**

til þingsályktunar um átvinnulöggjöf o. fl.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um:

1. Heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hjer, til þess að reka hjer hverskonar atvinnu, og um það, hve nær þeim verði úr landi vísað og hvaða ráðstafanir stjórnarvöld skuli gera í því skyni.
2. Rjett fjelaga til þess að reka hjer atvinnu, og
3. Önnur þau ákvæði, er ástæða þykir til að setja um rjettindi útlendra manna og skyldur.

(A. XXV, 7).

Nd. **264. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XIV, 5).

Nd. **265. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (þingskj. 215).

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 5. gr.

Orðin í fyrstu málsgrein: »þó aldrei af meiri — — — milli þeirra« falli burt.

Til vara:

fyrir »300 þús. kr.« komi:
900 þús. kr.

(A. XIV, 6).

Nd. **266. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (Þgskj. 215).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Tveir fyrstu málsliðir 4. gr. orðist svo:
   Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, aðstoðarfjehirði, og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. Á eftir »fjehirðir« á báðum stöðum í 2. málsgr. 4. gr. komi:
   eða aðstoðarfjehirðir.

3. 2. og 3. málsgr. 5. gr. orðist svo:

Bókari og fjehirðir hafa að árslaunum 5000 kr. hvor og aðstoðarfjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 1000 kr. í mistalningarfje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn ríkissjóðs.

(A. III, 12).

Nd. **267. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 8. gr. 6.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Við 30. Til brimbrjóts í Bolungarvík alt að . . . . kr. 3000,00.

(A. XIV, 7).

Nd. **268. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Matth. Ólafssyni, H. J. Kristóferssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Við 5. gr.:

Í stað: »300 þús. kr.« komi:

600 þús. kr.

(A. XIV, 8).

Nd. **269. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr.

Tveir fyrstu málsl. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara, fjehirði og gjaldkera bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fjehirðir tekur á móti öllu fje, sem greitt er inn í bankann, en gjaldkeri greiðir alt fje, sem greitt er út úr honum.

Fjehirðir og gjaldkeri bera hvor um sig ábyrgð á sínum sjóði.

Til vara:

Stjórnarráðið skipar bókara og gjaldkera bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Heimilt er bankastjórn og að skipa sjerstakan fjehirði í samráði við stjórnskipaða gjaldkerann, er ábyrgð ber á sjóði bankans, og ákveður bankastjórnin, hvernig samvinnu þeirra skuli fyrir komið, að fengnum tillögum stjórnarráðsins.

2. Við 4. gr. 2. málsgr.

Í stað »Fjehirðir bankans« komi:

Gjaldkeri bankans.

3. Við 5. gr. 1. málsgr.

Í stað »6000 krónur« komi:

8000 krónur.

4. Við 5. gr.

2. og 3. málsgr. gr. orðist svo:

Bókari og gjaldkeri hafa að launum 5000 krónur hvor, fjehirðir hafi að launum 4500 krónur, og gjaldkeri og fjehirðir auk þess 1000 krónur hvor í mistalningarfje.

Fjehirði og gjaldkera ber að setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

5. Við 8. gr.

a. 1. málsgr. gr. orðist svo:

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans og útibúa hans og ekkjum þeirra, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. og enn fremur $1^1/_2$% af nettó ársarði sínum í næstu 10 ár eftir að lög þessi öðlast gildi. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

b. Í stað seinustu málsgreinar gr. komi svo hljóðandi málsgrein:

Þessi grein tekur einnig til bankastjóranna.

(B. XXX, 6).

Nd. **270. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 235 við frv. til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsm.: Þorl. Jónsson og Pjetur Ottesen.

Fyrir orðin »eða telur fram til lausafjártíundar 1 hundrað« komi: og telur fram til tíundar fjenað, er nemur 1 hundraði.

(C. XVI, 1).

Nd. **271. Tillaga**

til þingsályktunar um loftskeytastöð í Grímsey.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta reisa loftskeytastöð, með móttöku- og senditækjum, í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, svo fljótt sem ástæður leyfa.

(B. XXI, 2).

Nd. **272. Nefndarálit**

um frv. til laga um bann gegn refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á þingi 1895 var samþykt tillaga til þingsályktunar um eyðing refa. Á umræðum um tillöguna verður ekki sjeð, að nokkrum hafi þá dottið í hug refaeldi hjer á landi. Var tillagan samþykt ágreiningslaust. Út af þessari áskorun þingsins lagði landshöfðingi, í brjefi dags. 28. des. s. á., fyrir sýslunefndir og amtsráð að láta í ljós álit sitt um málið. Amtsráð suðuramtsins áleit nauðsynlegt að setja almenn lög um eyðing refa, er trygði samvinnu milli sýslna. Sýslunefndir skyldi skipa menn til eftirlits. Vesturamtið áleit, að almenn lög kæmi ekki að tilætluðum notum. Norðuramtið fjellst á almenn lög. Kostnaður skyldi greiddur að hálfu úr sýslusjóði og hálfu úr jafnaðarsjóði. Mælt sjerstaklega með eitrun. Álit austuramtsins var á sömu leið og norðuramtsins.

Stjórnin lagði svo fyrir Alþingi 1897 frv. til laga um eyðing refa, en það var ekki samþykt.

Á áliti suðuramtsins sjest ljóst, að mistök hafa verið í amtinu á refaveiðunum. Því er talað um nauðsyn á samvinnu milli sýslna. En svo mun og hafa verið í hinum ömtunum, og svo er það enn í dag. Áhuginn er misjafn og árangurinn eftir því. Þarf ekki annað en benda á ákvæði um fjárframlög o. fl. í reglugerðum sýslnanna þessu til sönnunar.

Lög um reglugerðir og löggilding þeirra eru frá 22. mars 1890. Eftir þann tíma hafa reglugerðir um refaveiðar verið settar og samþyktar. Eru sumar allgamlar, en öðrum hefir verið breytt. Hjer skal drepið á nokkur atriði:

Húnavatnssýsla (reglugerð frá 1892). Fæði og daglaun skotmanns um sólarhring 2 kr. 60 a. til hvors, fyrir einn hest 50 a. á dag. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Fyrir hvert dýr á öðrum tímum 3 kr. Verðlaun handa byrjendum eru í fyrsta sinn 4 kr., annað sinn 5 kr., þriðja sinn 6 kr. Skotmanni ætluð 20 kr. verðlaun fyrir að vinna 50 dýr.

Mýrasýsla (reglugerð frá 1892). Borgun eftir sveitavenju og samningum til skotmanns og vökumanns. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a.

Norður-Þingeyjarsýsla (reglugerð frá 1894). Borgun eftir því, sem hreppsnefnd álítur hæfilegt.

Skagafjarðarsýsla (reglugerð frá 1894). Fyrir dýr á hverjum tíma árs sem er 3 kr. Enginn má ala yrðling, nema skotmaður til 15. júlí. 100 kr. sekt, ef út af er brugðið. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Daglaun skotmanns 4 kr. á sólarhring, en leggi sjer alt til: fæði, reiðskjóta, byssu, skotfæri og hvolpaboga.

Vestur-Skaftafellssýsla (reglugerð frá 1897). Skotmaður fær 5 ál. í daglaun um sólarhring, aðstoðarmaður 4 ál.; kosta sig alveg. Fyrir hvert dýr 3 kr., yrðling 25 a. Verðlaun fyrir að vinna bitvarg og fyrir afbragðs-dugnað ákveður hreppsnefnd.

Norður-Ísafjarðarsýsla (reglugerð frá 1906). Refum skal einkum eytt með eitri. 2 kr. borgun fyrir ref frá 1. maí til 1. okt. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 7 kr., yrðling 50 a. Skotmaður og vökumaður fá 3 kr. hvor á dag, en verða að fæða sig. Missi maður yrðling úr eldi, skal hann greiða 50 kr. sekt fyrir hvern.

Vestur-Barðastrandarsýsla (reglugerð frá 1906, breytt 1907). Engir mega ala yrðlinga nema skotmenn, sem hreppsnefnd hefir ráðið, þó ekki lengur en til júlíloka. Ef yrðlingur er alinn lengur og sleppur, liggur við 50 kr. sekt. Sýslumaður má veita undanþágu. Fyrir að finna gren 2 kr. Til skotmanns og vökumanns 3 kr. á dag; fæði sig sjálfir. Fyrir fyrra dýr á greni 5 kr., hitt 15 kr., yrðling 1 kr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla (reglugerð frá 1901). Skytta fær 2 kr. á sólarhring. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Fyrir að alvinna gren 5 kr. Skytta fæðir sig sjálf. Vökumaður fær 3 kr. á dag og fæðir sig.

Austur-Skaftafellssýsla (reglugerð frá 1909). Refir óhelgir. Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8 kr., yrðling 50 a. Fyrir dýr á öðrum tíma 4 kr. Skotmaður og vökumaður fá 2 kr. minst á dag hvor. Hver, sem elur dýr og missir, sæti minst 4 kr. sekt.

Árnessýsla vestan Hvítár og Ölfusár (reglugerð frá 1909). Dagkaup óákveðið handa skotmanni. Fyrir fyrra dýr á greni 2 kr., hitt 10 kr., yrðling 1 kr. Fyrir dýr á öðrum tíma 3 kr. Fyrir hvern ref, sem sleppur úr gæslu, 20—40 kr. sekt.

Eyjafjarðarsýsla (reglugerð frá 1910). Einn umsjónarmaður í hverjum hreppi. Skotmaður fær 5 ál., vökumaður 4 ál. Fyrir fullorðinn ref 3 kr., yrðling 25 a. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir dýr á öðrum tíma og fyrir bitvarg. Refaeldi ekki nefnt nje sektir.

Vestur-Ísafjarðarsýsla (reglugerð frá 1910). Skotmaður og vökumaður fá 3 kr. hvor um sólarhring. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 7 kr., yrðling 50 a. Fyrir hlauparefi 2 kr.

Dalasýsla (reglugerð frá 1912). Fyrir fyrra dýr á greni 8 kr., hitt 16 kr. Leyfi sýslumanns þarf til að mega ala yrðlinga. Hefir hreppstjóri eftirlit. Sekt 50—100 kr. fyrir yrðling, ef sleppur, ef leyfislaust er eldi, 50 kr.

Borgarfjarðarsýsla (reglugerð frá 1914). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 6 kr., yrðling 50 a. Fyrir önnur dýr frá 1. apr. til 31. okt. 3 kr. Fyrir hvern ref, er sleppur úr gæslu, er 20 kr. sekt. Hæfileg daglaun greiðist fyrir grenjavinslu.

Austur-Barðastrandarsýsla (reglugerð frá 1915). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8 kr., yrðling 50 a. Verðlaun fyrir bitvarg 20 kr. Skýrslu á að gefa um yrðlingaeldi. Sekt fyrir hvern, sem sleppur, 25 kr.

Þingeyjarsýsla, vesturhlutinn (reglugerð frá 1915). Fyrir öll fullorðin dýr 4 kr., síðara dýr á greni 7 kr., yrðlinga 1 kr. Verðlaun greiðist fyrir að vinna bitvarg. Sekt 5—20 kr. fyrir hvern ref, er sleppur úr haldi. Skotmaður hefir 3 kr. og vökumaður 2 kr. um sólarhring. Borgun að öðru leyti eftir mati hreppsnefndar.

Rangárvallasýsla (reglugerð frá 1915). Fyrir fyrra dýr á greni 2 kr., hitt 3 kr., yrðling 50 a. Engar sektir nje bann. Skotmaður hefir í kaup og fæði 2 kr. á dag og 1 kr. fyrir hest, vökumaður sama.

Árnessýsla (reglugerð frá 1914). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 12 kr., yrðling 1 kr. Fyrir hvert dýr á öðrum tíma 10 kr. Fyrir að sleppa ref úr gæslu er 20—40 kr. sekt.

Snæfellsnessýsla (reglugerð frá 1916). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8. kr., yrðlingar seljist við uppboð. Andvirðið skiftist jafnt milli skotmanns, vökumanns, ábúanda og sveitarsjóðs. Fyrir dýr á öðrum tíma 2 kr. Heimilt að ala yrðlinga. 50—200 sekt, ef slept er yrðling. Fyrir að finna gren 2 kr., nýtt 5 kr. Skotmaður fær 3 kr. kaup á dag og má fá meira.

Norður-Múlasýsla (reglugerð frá 1918). Yrðlingaeldi bannað, nema um grenjavinslutímann. 25 kr. sekt fyrir brot. Verðlaun fyrir hvern ref veiddan að vetrarlagi 8—10 kr. Fyrir fyrra dýr á greni 5 kr., hitt 10 kr., yrðling 4 kr. Borgun eftir samkomulagi til skotmanns og vökumanns.

Reglugerð Suður-Múlasýslu hefir ekki fundist.

Þingmaður Mýramanna hefir gert þennan útdrátt úr Stjórnartíðindunum og ber ábyrgð á, að hann sje rjettur.

Á þessu yfirliti sjest, að í 5 sýslum að eins er hreppsnefndum heimilað að semja um eða ákveða daglaun skotmanns og vökumanns, það er í Mýra-, N.-Þing.-, Árness.-, Borgarfj.- og N.-Múlasýslu. Í hinum flestum eru daglaun svo óhæfilega lágt ákveðin, eins og tímarnir eru nú breyttir, að engan nýtan mann

er hægt að fá fyrir slíkt kaup. Að vísu munu sveitarstjórnir verða að brjóta þessi ákvæði, þegar í nauðir rekur. En yfirleitt hljóta þau að leggja hömlur á framtakssemi í þessu máli. Sömuleiðis eru ætluð mikils til of lítil borgun fyrir unnin dýr í mörgum sýslum. Má segja, að mikið vanti á, að sýslunefndir hafi lagt nauðsynlega rækt við málið, þó að til sje heiðarlegar undantekningar.

Refaeldi er bannað í þrem sýslum, N.-Múl.,- Skagafj.- og Barðastr.-sýslum; undanþága þó heimiluð í Barðastrandarsýslu. Í nokkrum sýslum er ekki á þetta minst. Hefir sýnilega ekki þekst refauppeldi, þegar reglugerðir voru samþyktar. Aftur er refaeldi heimilað í fáeinum sýslum, að viðlögðum sektum, ef refir sleppa.

Í frv. því, er fyrir liggur, er refauppeldi alment bannað, nema um grenjavinslutímann. Nefndinni er ljóst, að það er alls ónóg til útrýmingar refum hjer á landi. En spor er það í áttina, ef refaveiðar eru alstaðar vel stundaðar árlega. Stutt er síðan einstakir menn fundu upp á því að ala upp refi, ná yrðlingum að vorinu og geyma þá í eyjum og víðar fram á veturinn, farga þeim síðan og hirða skinnin til að gera sjer peninga úr. Enn eru að eins fáir menn farnir að fást við þetta. Og alt af vofir yfir sú hætta, að refirnir sleppi, bæði þegar ísalög eru milli lands og eyja, og líka þótt þeir sje geymdir á meginlandi. Sauðfjenaður manna er engu óhultari fyrir því, þótt menn kynni að verða sektaðir. Færi nú refaeldi að tíðkast um land alt, margfaldaðist hættan. Vissa er þegar fyrir því, að refir hafa sloppið úr haldi, líklega meira en margan grunar, og einmitt síðan er refagengd meiri en nokkru sinni áður. Annaðhvort er því að banna refaeldi nú þegar, áður en fleiri fara að stunda það, og afstýra hættunni, eða láta reka á reiðanum. Fyrir landsmönnum hefir jafnan vakað að eyða refum, þó að það hafi illa gengið og mörg orðið mistökin. En það verður ekki lengur markmiðið, ef leyft er refaeldi, heldur hitt, að viðhalda refum.

Allir, sem þekkja, hversu sárt refurinn leikur sauðskepnuna og hvílíkt stórtjón hann vinnur landbúnaðinum, ætti að hefjast handa til að gereyða honum.

Nefndin íhugaði, hvort ráðlegt væri að breyta frumvarpinu og setja í það almenn ákvæði um eyðing refa, en hún komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegast mundi, að sýslunefndir og sveitarstjórnir hefðu málið í sínum höndum, eins og verið hefir. En af því að áhugi á málinu er hvergi nærri nógu almennur, og ýms úrelt ákvæði í reglugerðum sýslnanna um refaveiðar, sem tefja fyrir framkvæmdum, ætlar nefndin að koma fram með tillögu til þingsályktunar, þar sem skorað er á stjórnina að brýna fyrir sýslunefndaroddvitum að koma málinu í betra horf.

Eins og áður er sagt, telur nefndin frv. spor í rjetta átt. Hagsmuni almennings verður að meta hjer meira en fárra einstaklinga. Leggur nefndin því til, að frv. sje samþykt með þessum

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Refaeldi skal bannað bjer á landi.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
Frumvarp til laga um bann gegn refaeldi.

Alþingi, 4. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, form. Einar Árnason, fundaskrifari. Jón Jónsson, ritari.

Pjetur Þórðarson. Sigurður Sigurðsson.

(B. XXVI, 5).

Ed. **273. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðflutningsgjald af salti.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að frumvarpið sje rjettmætt og hafi við góð rök að styðjast, þar sem landsverslunin, og þá jafnframt ríkissjóður, verða fyrir miklum halla á verslun með þessa vöru.

Tap þetta verður ríkissjóður að fá endurgoldið á einhvern hátt, og verður þá ekki sjeð, að önnur leið en sú, er frumvarpið ræður til, sje betur til þess fallin eða hafi við jafnmikla sanngirni að styðjast.

Meiri hluti nefndarinnar mælir því með því, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. ágúst 1919.

Magnús Torfason, form. Með fyrirvara. Guðm. Ólafsson, ritari. H. Steinsson.

(A. XXXVII, 6).

Ed. **274. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir haft þetta mál til meðferðar, en hefir ekki orðið á eitt sátt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum, sem hjer skal gerð grein fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir, að síldartollurinn hækki um 50 aura á hverri tunnu til 1. jan. 1920. En auk þess liggur fyrir þinginu annað frumvarp, sem fer fram á að hækka þennan toll upp í 4 kr. á tunnuna frá 1. jan 1920.

Meiri hluti nefndarinnar lítur nú svo á, að eðlilegra og sanngjarnara sje að hækka síldartollinn fyrir þetta yfirstandandi ár meira en frv. gerir ráð fyrir, og það af þeirri ástæðu, að telja má nokkurn veginn víst, að síldveiði verði með mesta móti þetta ár og gott verð á síldinni.

Hins vegar er of langt farið að leggja 4 kr. toll á síldina á næstu árum, þar sem ófyrirsjáanlegt er, hvernig síldveiði þá hepnast, og ef svo fer, að hún bregst að meiru eða minnu leyti, getur svo hár tollur orðið til mikils hnekkis fyrir þennan útveg. Þess vegna er lagt til, að síldartollurinn verði ekki hærri en 3 krónur af hverri tunnu frá 1. jan. 1920.

Þá leggur nefndin til, að 15. liður frv. falli burt. Nefndin telur ekki rjett að leggja tiltölulega mikið hærri toll á ísvarinn fisk en annan fisk, er flyst frá landinu. Hins vegar þykir nefndinni eðlilegast, að sá fiskur falli undir 2. lið frv. og tollur af honum verði ákveðinn 20 aurar af hverjum 50 kg.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr. 1. 2. liður gr. orðist svo:

Af fiski, sem flyst út hálfhertur, saltaður, nýr eða ísvarinn, af hverjum 50 kg. 20 aurar.

2. 5. liður gr. orðist svo:

Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum, sem hún flyst, 2 krónur. Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920.

3. 15. liður gr. falli burt.

Alþingi, 5. ág. 1919.

H. Steinsson, ritari.

Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

Jeg hefi eigi orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um síldargjaldið, og skal hjer gerð nokkur grein fyrir því:

Útflutningsgjald á framleiðslu nauðsynja er viðrini, sem fer í bág við grundvallarreglur sæmilegrar skattalöggjafar. Þetta hefir hingað til verið viðurkent á þingi, og útflutningsgjald því samkvæmt ekki sett hærra en svo, að í framkvæmd hefir það orðið *almennur verslunarskattur*, án þess að íþyngja framleiðendum sjerstaklega, nema sjerstakar ástæður hafi verið fyrir hendi.

Með hinu gífurlega síldargjaldi, fyrst og fremst samkvæmt síldartolls-frv. svo heitna, og einnig með brtt. meiri hlutans, er þessari stefnu í fyrsta sinn algerlega afneitað hjer á þingi. En sjerstaklega brýtur þetta að fullu bág við þá stefnu hv. Ed., er svo bert kom fram á aukaþinginu 1916—1917, að leggja fyrir engan mun slíkt gjald á síldarframleiðslu hjerlendra manna, og skírskota jeg í þessu efni til umræðanna hjer í deild um frv. til laga um útflutningsgjald af síld og rökstuddrar dagskrár, er afleiddi það frv.

Gjald þetta er líka svo hátt, að það nær engum sanni.

Sje gengið út frá þurftarveiði, má gera ráð fyrir að tunna síldar frá skipi kosti sem næst 16 kr., og verður þá skatturinn 25% samkv. frv. neðri deildar, en $12^1/_2$% og $18^3/_4$% samkv. tillögum meiri hl.

Slíkt skattarán nær engri átt, nema vís stórgróði væri í hendi, en öðru nær er að svo sje.

Útflutningshæf síldartunna stendur framleiðanda nú í 60—70 kr., en alls óvíst um söluverð hennar, og jafnvel ekkert líklegra en að á sumu af henni verði stórtjón fyrir útgerðirnar, fyrst og fremst þær íslensku, sem flestar standa mun ver að vígi en þær útlendu.

Síldveiðar eru frámunalega stopull atvinnuvegur, og því ótækur gjaldstofn verulegs fastaskatts. Þarf því til sanns ekki lengur að rekja en ársins 1917, er hjer varð svo óskaplegur veiðibrestur, að allir biðu stórtjón af veiðinni, enda síðan enginn skynbær maður, þangað til nú, ympraði á slíkum skatti

Hins vegar rekur enginn nauður til að lögleiða slíkan ósóma.

Að því sleptu, að með örlitlum undirbúningi af hendi stjórnarinnar var í lófa lagið að ná nægilegum tekjuauka í landssjóð, án þess tiltölulega að íþyngja neinum gjaldanda frá því, sem orðið var, er óhætt að fullyrða, að skattaukar þessa þings, ef fer að sköpuðu, verða næsta fjárhagstímabil yfrið nógir til að standast öll útgjöld, þótt eigi sje síldarútveg íþyngt sjerstaklega.

Loks leggur það sig sjálft, að útflutningsgjald sje látið ganga jafnt yfir landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir, enda hefi fyrir satt, að góðir og gegnir bændur vilji fyrir engan mun viðurkenna, að landbúnað beri að skoða skyldu-framfæring sjávarútvegsins.

Samkvæmt ofangreindu ber jeg fram svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

1. Við 5. lið. Síðari málsgr. falli niður.
2. Á eftir 14. tölul. bætist:

   15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.) 60 aura.

16. Af hverjum 50 kg. af hvítri, þveginni vorull 100 aura.
17. Af hverjum 50 kg. af annari ull 50 aura.
18. Af hverjum 50 kg. af söltuðum sauðargærum 50 aura.
19. Af hverri lifandi sauðkind 20 aura.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm. á hæð, 5 kr.
21. Af öllum minni hrossum 2 kr. af hverju.
22. Af hverjum 50 kg. af æðardún 10 kr.
23. Af hverju selskinni, söltuðu eða hertu, 10 aura.
24. Af hverju tófuskinni 50 aura.

Alþingi, 4. ágúst 1919.

Magnús Torfason,
form.

(B. XXIV, 5).

Ed. **275. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Auk þessarar skoðunar, skal öll sú síld, sem flytjast á út til sölu á erlendan markað, endurmetin, eftir að hún hefir legið hæfilega lengi í salti, sje hún þá eigi þegar útflutt. Skal þá öll síldin nákvæmlega skoðuð og ákveðin vigt látin í hverja tunnu, sem þó aldrei má fara fram yfir 105 kg. í norskum og 110 kg. í skoskum tunnum, þegar um vigt síldar er að ræða, sem veidd er á tímabilinu júlí til október.

2. gr.

Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.

Skal í vottorðinu tekið fram, að síldin sje að eins frummetin og að vigt í hverri tunnu sje óákveðin.

Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.

Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

3. gr.

Skoðun þessa og endurmat skal framkvæma af matsmönnum, yfirmatsmönnum og undirmatsmönnum.

Með allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á

landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

5. gr.

Útgerðarmenn skulu, áður en síldarsöltun byrjar, tilkynna yfirmatsmanni, hverja tegund salts þeir ætli að nota til að salta síld sína með, og ákveður hann þá, hve mikið salt af hverri tegund skuli ætlað í hverja tunnu síldar.

6. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því hún er metin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

7. gr.

Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vel hirt sem skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun, ella greiðist hann af síldareiganda.

8. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir

til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

9. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

10. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaðar hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

11. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

12. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

13. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

(A. III, 13).

Ed. **276. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919, veitast 772522 kr. 16 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast 80166 kr. 67 a.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast 40400 kr.

1.	Við B. 6. Til landhelgisgæslu um síldveiðitímann	kr.	40000,00
2.	— B. 7. Uppbót á lögregluefitirlitsstarfi um síldveiðitímann ...	—	400,00
	Samtals	kr.	40400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 147140 kr. 34 a.

1.	Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	kr.	600,00
2.	Við 17. B. Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
3.	— 17. — Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
4.	— 17. — Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir nú notar	—	65000,00
5.	Við 18. c. Styrkur til sjúkraskýlagerðar:		
	Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði	—	2862,00
	Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði	—	12000,00
6.	— 18. e. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
7.	— 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps	—	5000,00
8.	— 18. k. Til sjúkrasamlagsins á Akranesi	—	200,00
9.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919	—	6000,00
	Samtals	kr.	147140,34

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) er veitt 272968 kr. 7 a.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
17.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
18.	Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga	—	5000,00
19.	Við C. II. 2. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði...	—	1000,00
20.	Við C. II. 11. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð .	—	600,00
21.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landssímans	—	5831,15
22.	Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landssímans	—	1200,00
23.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
24.	Til að reisa Straumnesvita	—	22000,00
25.	Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
26.	Til að reisa Selvogsvita	—	21000,00
	Samtals	kr.	272968,07

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 128989 kr. 12 a.

1.	Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda	kr.	1000,00
2.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
3.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918	—	1781,92
4.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
5.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
6.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
	Flyt	kr.	22176,50

	Flutt	kr.	22176,50
7.	Við B. VII. 2. Til að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
8.	- - - 3. - ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
9.	Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi	—	1500,00
10.	Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919	—	750,00
11.	Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918	—	20925,31
12.	Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
13.	Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919	—	500,00
14.	Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
15.	Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
	Samtals	kr.	128989,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 56300 kr.

1.	Við 3. c. Til húsgagnakaupa	kr.	1200,00
2.	Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk	—	600,00
3.	Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	—	1000,00
4.	Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
5.	Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
6.	Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar	—	20000,00
7.	Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms	—	2000,00
8.	Við 46. Til landmælinga á Íslandi	—	10000,00
9.	Styrkur til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar	—	11000,00
10.	Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
11.	Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda	—	5000,00
12.	Til utanfarar læknis á fund berklalækna	—	2500,00
13.	Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund	—	1200,00
	Samtals	kr.	56300,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 34247 kr. 60 a.

1.	Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2.	Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að .	—	5000,00
3.	Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918	—	895,60
4.	Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919	—	600,00
	Flyt	kr.	29247,60

	Flutt		29247,60
5.	Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík	kr.	800,00
6.	Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf i Strandasýslu og til verkfærakaupa	—	1200,00
7.	Við 30. Til brimbrjóts í Bolungarvík alt að	—	3000,00
	Samtals	kr	34247,60

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 1766 kr. 67 a.

1.	Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2.	Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3.	Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
4.	Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
5.	Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	500,00
6.	Eftirlaun til Eliesers Eirikssonar pósts 1919	—	200,00
	Samtals	kr.	1766,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 10543 kr. 69 a.

1.	Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar	kr.	9847,69
2.	Til Patrekshrepps til endurgreiðslu á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur	—	696,00
	Samtals	kr.	10543,69

11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(B. LXI, 1).

Ed. **277. Frumvarp**

til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir eitt eða fleiri sveitarfjelög í sameiningu um eftirlits- og fóðurbirgðafjelög fyrir einn eða fleiri hreppa sýslunnar.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað eiga eða hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skulu vera tekin fram öll þau aðalatriði, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands setur sem grundvallaratriði samþyktanna, svo sem um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þegar er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja lögum þess, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna áskorunar frá síðasta búnaðarþingi, þannig hljóðandi:

»Búnaðarþingið skorar á Alþingi að afgreiða á þingi því, er nú situr, samþyktarlög um fóðurbirgðafjelög eða fóðurbirgðasamþyktir, er smátt og smátt koma í stað forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913, að nokkru eða öllu leyti«.

Nefndinni, sem hafði þetta mál til meðferðar, farast þannig orð í áliti sínu:

»Þá hefir nefndin tekið til yfirvegunar, hver ráð verði vænlegust til þess að koma í veg fyrir, að fóðurskortur geti orðið að meini og valdið horfelli og tjóni á búpeningi manna að vorinu, eins og lengi hefir viljað brenna við á voru landi. Verður nefndin að vera eindregið þeirrar skoðunar, að frjáls samtök og fjelagsskapur bænda sje eini vegurinn til þess að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem hjer er um að ræða, en ströng lagafyrirmæli fái litlu áorkað til bóta, eða geti jafnvel verið skaðleg; en að sjálfsögðu beri stjórn og þingi að styðja og leiðbeina slíkum fjelagsskap, eftir því sem hagkvæmast þykir.

Fóðurbirgðafjelög eru þegar stofnuð í nokkrum sveitum, eða eru í aðsigi og hafa sett sjer lög. Þeir, sem einkum beitast fyrir þessum fjelagsskap, kvarta yfir því, að örðugt sje að fá einmitt þá mennina, sem mesta þörf hafa fjelagsskaparins, að vera með, og því hefir okkur hugkvæmst, að nauðsynlegt sje, að löggjafarvaldið rjetti hjer hjálpandi hönd og mæti á miðri leið, með því að gefa þessum fjelögum og samþyktum þeirra eða lögum meiri festu og gildi, með því að koma á almennum samþyktarlögum um fóðurbirgðasamþyktir eða fjelög, er tryggi menn gegn fóðurskorti og felli.

Nefndin vill því, að Alþingi semji og samþykki slík samþyktarlög, án þess þó að forðagæslulögin sjeu að svo stöddu úr gildi numin, fyr en samþyktir eða fóðurbirgðafjelög eru almenn orðin um alt land og hafa gert forðagæslulögin óþörf eða óviðeigandi; þegar svo er komið, falla þau af sjálfu sjer, enda má þá beinlínis fella þau úr gildi með lögum«.

. . . . . »Nefndin þykist þess fullviss, að hjer sje loksins leið fundin út úr fóðurskorts- eða horfellisvoðanum, ef menn fást til að fara hana.

Þyki nauðsynlegt að styðja þennan fjelagsskap með fjárframlögum, virðist liggja beinast við að nota til þess Bjargráðasjóðinn. Verður honum tæplega haganlegar varið samkvæmt tilgangi sínum«.

Frekari greinargerð virðist ekki þurfa að gera fyrir frumvarpi þessu.

(C. XVII, 1).

Nd. **278. Tillaga**

til þingsályktunar um vegamál.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. *að* láta gera rannsókn á því, hvort eigi sje rjettmætt að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar slík fjölgun ætti helst að verða;
2. *að* taka til athugunar, hvort ekki sje rjett að lögákveða framlög úr landssjóði til sýsluvega, er sje minst helmingur kostnaðar;
3. *að* athuga og gera tillögur um, hvort ekki sje rjett að taka lán til að flýta fyrir vegagerðum í landinu;
4. *að* gera tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en þá, sem nú eru.

Greinargerð

þykir nefndinni hlýða að láta fylgja sem hjer segir:

Eftir allmiklar umræður í nefndinni um efni það, er till. hljóðar um, afrjeð hún að fara þessa leið í málinu, þar sem hún vill á engan hátt hrapa að því, en telur brýna nauðsyn bera til, að sem fyrst sje það rækilega athugað. Þess skal getið, að beint tilefni til 1. liðs till. gáfu tvær málaleitanir, önnur frá þm. N.-Múl. og þm. N.-Þing. um, að tekin yrði í tölu þjóðvega aukapóstleiðin frá Húsavík í Þingeyjarsýslu, um Jökulsárbrú til Vopnafjarðar, þaðan Hellisheiði til Fossvalla í Fljótsdalshjeraði; hin frá þm. Gullbr. og Kjós. um sama, að því er snertir vegarkaflann milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur í Gullbringusýslu. Nefndin gengur að því vísu, ef till. þessi nær samþykki þingsins, að þessar leiðir verði fyrsta rannsóknarefnið.

(A. XIV, 9).

Nd. **279. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Hákoni Kristóferssyni, Benedikt Sveinssyni, Pjetri Ottesen, Birni Stefánssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, sem hafa handbært fje, er þau setja á vöxtu, eru skyld til að geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, ef staðhættir leyfa. Enn fremur eru starfsmenn ríkisins skyldir til að geyma þar alla þá peninga, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkið eða vegna embættisins, undir sömu skilyrðum.

Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn heimild til að taka við tryggingar-geymslufje (depositum).

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

(C. XVIII, 1).

Nd. **280. Tillaga**

til þingsályktunar um eyðing refa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir sýslunefndaroddvitum að hlutast til um, að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á reglugerðum sýslnanna um alt, er lýtur að eyðing refa, svo sem

að ætla mönnum sæmilega borgun fyrir grenjavinslu,

að ákveða rífleg verðlaun fyrir eyðing refa,

að verðlauna þá menn sjerstaklega, er skara fram úr og vinna vissa tölu refa árlega.

(B. IX, 2).

Nd. **281. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr:

Greinin orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf leyfi til leigu á eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára eða með uppsögn með eigi lengri en $^1/_2$ árs uppsagnarfresti.

Hverskonar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur, námurjettur, rjettur til að hagnýta vatnorku og því um líkt, er talinn notkunarrjettur í lögum þessum.

2. Við 2. grein:

Greinin orðist svo:

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. Við 3. grein:

a. Á eftir »þinglýsingar« komi:
eða innritunar fyrirfram.

b. Í stað »neita um þinglýsinguna« komi:
skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. Við 4. gr.:

Greinin orðist svo:

Nú hefir skjal, slíkt sem segir í 3. gr., verið fyrirfram innritað eða þinglesið, eða einhver, sem hefir fengið rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. og fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi hennar eða afnotahafi, og skal ráðherra þá, þegar hann er orðinn þessa vitandi, setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal setja frá þinglýsingardegi.

5. Við 5. gr.:

Í stað »stjórnarráðið« komi:

ráðherra.

6. Við 6. gr.:

Aftan við greinina bætist:

ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. Við 7. gr.:

Fyrir »Þá skal . . . . . aðvart« komi:

skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart.

8. Við 8. gr.:

Greinin orðist svo:

Nú verður sú breyting á, að einhver sá, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. leyfislaust, missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. Við 9. gr.

Orðin »þeim bæ eða . . . . . ráðstöfunum« falli burt, en í stað þeirra komi:

þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum.

10. Aftan við frv. komi 3 nýjar greinar (10.—12. gr.), svo hljóðandi:

10. gr.

Nú hefir einhver sá öðlast rjettindi samkv. 1. gr. yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, er eigi fullnægir skilyrðum þeirrar gr., og skal honum þá veittur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.

3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

11. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(B. IX, 3).

Nd. **282. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á, að rjett sje að setja ákvæði í lög um heimild útlendra manna til að öðlast hjer rjettindi yfir fasteignum, bæði eignarrjett og takmörkuð rjettindi.

Eigi verður sjeð, að ákvæði frumvarpsins muni á nokkurn hátt brjóta í bága við samninga milli Íslands og annara ríkja. Um samningana milli Íslands og Danmerkur skal það sjerstaklega tekið fram, að ákvæði frv. geta ekki komið í bága við ákvæði þeirra, með því að Dönum og Íslendingum er gert jafnhátt undir höfði, þar sem hvorirtveggja þurfa að vera hjer búsettir. Danir hafa jafnrjetti við Íslendinga, samkv. 6. gr. sambandslaganna, en eigi meiri rjett.

Í athugasemdum við frumvarp stjórnarinnar 1901 er nokkuð út í það farið, hvort slik ákvæði, sem hjer greinir, muni á nokkurn hátt brjóta í bága við þjóðarrjett eða þjóðarsamninga, er Danir höfðu þá gert, og hefir stjórnin rjettilega komist að þeirri niðurstöðu, að ákvæði frumvarpsins, sem að efni til eru hin sömu sem þessa frv., komi hvergi í bága við þjóðarrjett nje þjóðarsamninga Dana, er þeir höfðu þá gert, og líka áttu að ná til Íslands (Alþt. 1901 C. bls. 131).

Eins og tekið hefir verið fram, er jafnrjetti það, sem ákveðið er í 6. gr. sambandslaganna, víðtækara en jafnrjettisákvæði í nokkrum þjóðarsamningi, er Ísland varðar. Nú er áður sýnt, að ákvæði þessa frumvarps fara ekki í bága við sambandslögin, og því fara þau ekki heldur í bága við almenn fyrirmæli þjóðarjettarins nje heldur milliríkjasamninga, sem Ísland varða.

Breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 281 eru flestar gerðar í því skyni að kveða skýrar á um ýms atriði, svo sem breytingartillagan við 1. gr., þar sem rjett þykir að kveða nánar á um heimild fjelaga og stofnana en gert er í frumvarpinu.

Nefndinni virðist alveg vanta ákvæði í frv. um það, hvernig fara skuli um þá, er nú hafa eignast rjettindi yfir fasteign, en eigi fullnægja skilyrðum laganna, og hefir hún gert uppástungu um slikt ákvæði í brtt. 10. *a.* (10. gr.). Nefndinni hefir þótt rjett að taka fram, að frumvarpið næði ekki til þeirra, er í brtt. 10 *b.* (11. gr.) segir. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir breytingartillögunum í umræðum málsins.

Alþingi, 5. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, form., frsm. Magnús Guðmundsson, skrifari. Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson. Pjetur Ottesen.

(B. LXII, 1).

Nd. **283. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

Flutningsmaður: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Mýrhreppinga, og er aðalástæðan fyrir því, að það er nú fram komið, sú, að þar í hreppnum hefir nú nýlega verið stofnað kaupfjelag, sem mun eiga að hafa aðsetur á þessum stað.

Frekari grein fyrir frumvarpinu mun gerð við framsöguna.

(B. XXX, 7).

Nd. **284. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Einar Arnórsson.

Fyrir »50 krónur« komi:
90 krónur.

(A. IX, 2).

Nd. **285. Nefndarálit**

um frv. til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir tekið frv. þetta til all-ítarlegrar meðferðar, en hefir eigi getað orðið sammála. Vill meiri hlutinn fella frv. eða vísa því til stjórnarinnar, en minni hlutinn ræður hv. deild til að samþykkja það óbreytt að kalla. Ástæðan til þess, að meiri hlutinn legst á móti frv., er sú, að stjórn Landsbankans er því fráhverf, telur það muni verða ríkissjóði til tjóns, ef það yrði samþykt, bæði í fjárhagslegum efnum og vegna þess, að með breytingu þeirri, sem ráðgerð er á bankaráðinu, missi ríkið þau tök á Íslandsbanka, sem það hafi með bankaráðinu. En á hvorugt þetta getur minni hlutinn fallist. Hann lítur svo á, að í skýrslu þeirra 3 manna, sem áttu í samningum við Íslandsbanka, sje sýnt fram á með varlegum áætlunum, að engar líkur sje á, að um fjártjón geti verið að ræða, þegar þess er gætt, að á sama má standa hvort ágóði af seðlaútgáfunni rennur í ríkissjóð eða til Landsbankans, sem er eign ríkissjóðs, því að ríkissjóði er jafnan innan handar að skatta bankann sem því svarar, er hann hagnast af seðlaútgáfunni. Um bankaráðið er þess að geta, að minni hlutinn undrast það mjög, að meiri hlutinn skuli telja sjer fært að setja traust sitt til þess, eftir undangenginni reynslu, og verður minni hlutinn þvert á móti að álíta, að eftirlit með bankanum sje betur trygt eftir ákvæðum frv. en hingað til hefir verið. Meiri hlutinn virðist og eigi líta neitt á það, að seðlaútgáfurjetturinn ætti, ef alt er með feldu, að vera betur kominn hjá ríkisstofnun en erlendu hlutafjelagi, svo að þótt svo gæti farið, að um einhvern halla væri að ræða, ætti hann að geta unnist upp margfaldlega á annan hátt, ef rjett er á haldið. Enn fremur sjest eigi, að meiri hlutinn taki nægilegt tillit til, að ef þessu frv. verður hafnað, þarf að taka til nýrra samninga við seðlabankann, en til þess er lítill tími og engar líkur fyrir hagkvæmari samningi en nú er völ á.

Þess er rjett að geta, að á nýafstöðnum aðalfundum fulltrúaráðs og hluthafa Íslandsbanka hafa verið samþyktar ályktanir, er sýna, að bæði fulltrúaráðið og mikill meiri hluti mættra hluthafa hafa fallist á það fyrirkomulag, sem hjer er gert ráð fyrir. Það virðist því mega telja það nokkurn veginn víst, að ef Alþingi samþykkir þau frv., er hjer að lúta, takast samningar um þetta mál, og það er þá með þessu til lykta leitt og ætti eigi að þurfa frekari samninga það sem eftir er leyfistímans.

Að þar til gefnu tilefni af hálfu Íslandsbanka skal það tekið fram, að minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að skilja beri orðin »eftir föngum« í byrjun 2. málsgreinar 6. gr. frv. þannig, að Landsbankanum sje skylt að gera sitt ítrasta til þess, að hann geti jafnan látið útibú Íslandsbanka fá seðla á stöðum, þar sem Landsbankinn hefir einnig útibú, en af þessu leiðir, að Landsbankanum er skylt að hafa jafnan hæfilegar birgðir af seðlum á slíkum stöðum, og þegar þær birgðir þrjóta eða minka svo, að vænta má, að þær sjeu eigi nægar, að senda þangað *með næstu ferð* nýjar birgðir eða viðbót.

Um 9. gr. frv. vill minni hlutinn láta þess getið, að ætlast er til, að landsstjórnin og báðir bankarnir setji, ef til kemur, fastar reglur um breytingu þá á seðlaútgáfurjettinum, sem ræðir um í frv., þannig, að reglum þessum geti eigi orðið breytt nema með samþykki beggja bankanna. Er þetta í raun og veru ekki nema sjálfsagður hlutur, því að auðsætt er, að báðum bönkunum er nauðsyn á þessu, Íslandsbanka vegna þess, að hann þarf að vita með töluverðum fyrirvara, hversu mikið honum ber að hafa kallað inn af seðlum á ákveðnum tíma, og Landsbankinn þarf einnig að vita með fyrirvara, t. d. vegna gulltryggingar sinnar, hversu mikillar seðlaútgáfu hann megi vænta, en gulltryggingin stendur að sjálfsögðu í nánu sambandi við seðlainnköllun Íslandsbanka. Að öðru leyti verður að fela landsstjórninni að kveða nánar á um fyrirkomulagið, enda ætti það eigi að valda neinum sjerstökum erfiðleikum.

Vegna hinnar ráðgerðu breytingar á kosningu í fulltrúaráð Íslandsbanka verður að gera ráð fyrir, að eftirlit það, sem hingað til hefir átt að vera af hálfu fulltrúaráðsins fyrir hönd hins opinbera, hverfi, er hluthafar velja alt fulltrúaráðið. Með því að það þykir eigi rjett, að ekkert opinbert eftirlit komi í stað hinna þingkosnu fulltrúa og ráðherra þess, sem á þar forsæti, þykir rjett, að eitthvert eftirlit sje sett í þess stað með bankanum, með sjerstöku tilliti til, að hann hefir seðlaútgáfurjett. Svipað eftirlit virðist eiga að vera með Landsbankanum, þar sem hans seðlaútgáfurjettur takmarkast af viðskiftaþörfinni, og getur oftið á miklu, að seðlar sjeu eigi settir í umferð umfram beina þörf. Að öllu athuguðu virðist mega fallast á eftirlitsákvæði frv.

Minni hlutinn stingur upp á, að ein breyting verði gerð á frv., og er það eftir ósk Íslandsbanka. Breyting þessi er þess efnis, að skylda Landsbankans til að láta Íslandsbanka fá seðla án sjerstakra ómakslauna skuli einnig ná til seðla, sem afhentir eru á stöðum, þar sem báðir bankarnir hafa útibú, gegn greiðslu í seðlum í Reykjavík. Þessi breyting skiftir litlu fyrir Landsbankann, og meðundirritaður formaður nefndarinnar, sem einnig átti sæti í samninganefndinni við Íslandsbanka, hefir skýrt fjárhagsnefndinni frá, að tilætlunin hafi verið, að orðalagið væri svipað og hjer er ráðgert.

Samkvæmt þessu ræður minni hlutinn hv. deild til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. málsgrein 6. gr bætist:

Hið sama er um seðla, sem Íslandsbanki afhendir á þessum stöðum gegn seðlum í Reykjavík.

Alþingi, 5. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson,
form., framsögum. minni hl.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

(A. XI, 2).

Nd. **286. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Þetta frv. stendur í svo nánu sambandi við frv. um seðlaútgáfurjett Landsbankans, að hvorugt getur gengið fram, nema hitt verði að lögum. Eftir afstöðu nefndarinnar til seðlaútgáfurjettarfrv. hlaut hún því einnig að klofna út af þessu frv., og leggur minni hlutinn til, að frv. sje samþykt óbreytt, en vísar að öðru leyti til álits síns um seðlaútgáfurjettarfrv. á þgskj. 285.

Alþingi, 5. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson,
form., framsögum. minni hl.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

(B. XXV, 3).

Ed. **287. Lög**

um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

(Afgreidd frá Ed. 6. ágúst).

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðru leyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

(A. XXXII, 5).

Ed. **288. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 6. ágúst).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXIV, 3).

Nd. **289. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

(A. XV, 3).

Ed. **290. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar að hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknislyfjum, neytsluefnum eða nautnar.

Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmíð, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í ríki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.) eða höfð til sýnis þeim er sjá vildu, að þeir er vit hafa á, geta framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Uppgötvari einn hefir rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu,

uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 5 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbrjefsins. Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið frá lokum næsta tímabils á undan.

Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja að eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð;
2. eða að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gert hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar.

Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þessa vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 króna gjald til ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun einkaleyfis skal greiða 300 króna gjald, en 600 króna gjald, ef endurnýjað er í annað sinn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rjett til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 3 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu

leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðherra atvinnumálanna sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðherrans má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er bygður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði atvinnumálaráðherrans, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Það á undir atvinnumálaráðherrann að gera út um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. enn fremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;
4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en leyfi sje veitt ber umsækjanda, auk þessa, að færa sönnur á,

að skilyrðum þeim sje fullnægt, er sett eru í 1., 2. eða 4. gr. laga þessara. Ráðuneytið ákveður, hver skírteini sje nauðsynleg í því efni, og getur það tekið gilda úrskurði stjórnarvalda, er fara með einkaleyfismálefni í ríkjum, þar sem einkaleyfi eru veitt að undangenginni rannsókn.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi, eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi, í ábyrgðarbrjefi, er sent sje atvinnumálaráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgigögnum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið

tiltekur. Beiðandi á heimting á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem nú mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bág við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðaletni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkáleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því heíði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi, einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því bíður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sjer stað.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánáða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því

tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því, er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og

2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vigi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, svo og um annað, er með þarf til að koma lögunum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. XLIX, 2).

Ed. **291. Frumvarp**

til laga um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir:

Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauðá í Sauðárgili, að sunnan bein lína úr Sauðárgili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

(A. VII, 4).

Ed. **292. Frumvarp**

til laga um landamerki o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ágreiningur um þátttöku í viðhaldi landamerkja sætir sömu reglum sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítak í land, enda skifti merki máli um ítaksrjettinn, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum og má eigi minni vera en 8 krónur og eigi meiri en 14 krónur. Þó fer ferðakostnaður dómstjóra eftir gildandi ákvæðum.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á, enda sje svo til hagað, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum.

Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í landamerkjabók.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til yfirdóms áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Yfirdómur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Yfirdómur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dóms-

ins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(B. L, 2).

Ed. **293. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við Gunnlaugsvík, sunnan megin Hvammsfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(B. XXX, 8).

Ed. **294. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í 4. gr. í lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., komi fyrir »10 kr.«
50 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. XXV, 8).

Ed. **295. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XVI, 3).

Ed. **296. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum.

Verslunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýtá norðan fjarðarins með sjó fram kringum fjörðinn að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hann er oddviti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra í stað bæjarfógeta til 6 ára í senn, ef kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja það með $^2/_3$ greiddra atkvæða. Hann skal launaður úr bæjarsjóði.

3. gr.

Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi.

4. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn nje foreldrar og börn.

Innan 60 ára aldurs er hver kjörgengur maður skyldur að taka við kosningu, hafi hann eigi gildar ástæður til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur til að takast á hendur þá sýslu aftur jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi. Konur hafa jafnan heimild til að skorast undan kosningu.

5. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Þeir bæj-

arfulltrúar, sem nú eru í bæjarstjórn, skulu sitja í henni kjörtímabil sitt, samkvæmt eldri bæjarstjórnarlögum. Skal í fyrsta sinni kjósa eftir lögum þessum 5 fulltrúa í ársbyrjun 1920, og ganga tveir þeirra úr bæjarstjórn eftir hlutkesti, annar í árslok 1920, en hinn í árslok 1921. Fari fulltrúi frá á kjörtímabili sínu, skal þegar kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

6. gr.

Almennar fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár.

Í kjörstjórn eru oddviti bæjarstjórnar og 2 fulltrúar, er bæjarstjórn kýs. Kjörstjórn skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir.

Kjörskrá skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi.

Kærur gegn kjörskrá verða ekki teknar til greina, sjeu þær eigi bornar upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og skal hún þá leggja úrskurð sinn á þær.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en vikufresti og á þann hátt, er kjörþing er vant að boða.

8. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á fram komnar kærur.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

9. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur til sem bæjarfulltrúi (sjá 12. gr.). Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

10. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarfulltrúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir.

Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

11. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt, sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

12. gr.

Með samþykt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstök bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 17. gr.

13. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

14. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjar-

fógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

15. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

16. gr.

Af öllum útmældum byggingarlóðum í bænum, bygðum og óbygðum, svo og grunnum þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðu, skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald, og nemi 1—2 krónum af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd — sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915.

Ef lóðir eru mældar út að nýju milli tveggja reglulegra fasteignamata, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af fasteignanefnd bæjarins. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglulega fasteignamati. Fasteignanefnd bæjarins metur einnig verð grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðum. Þar sem svo hagar til, að byggingarlóð og tún er metið í einu lagi af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd, ákveður fasteignanefnd bæjarins, hve mikið af verði lóðarinnar skuli talið til túnsins. Mati fasteignanefndar bæjarins má skjóta til bæjarstjórnarinnar innan 3 mánaða, er leggur úrskurð sinn á matið.

17. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða þilbátaútgerð, má gjald leggja, þótt ekk[1]

sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á síldveiði og síldarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í septembermánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina, einnig um ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn samtímis sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Hver sá, er verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár.

Niðurjöfnunarnefndin kýs formann úr sínum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept.

Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega innan 15 daga frá því að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja sitt álit um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða

gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

19. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram í síðari hluta ágústmánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis viku tíma á sama hátt og fyr greinir.

20. gr.

Verði ágreiningur á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfjelags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver eigi vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

21. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig úr bænum alfarinn fyrir nýár, þá fellur alt það gjald burtu, sem lagt er á hann sjálfan fyrir það ár, sem í hönd fer.

Sá, sem flytur sig úr bænum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

22. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

23. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

24. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði og varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

25. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand.

26. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

27. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru 2, kosnir til 3 ára í senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

28. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

29. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur

um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, frá 8. maí 1894, og lög um breytingar á sömu lögum frá 11. nóvember 1899.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. V, 6).

Nd. **297. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsmenn: Gísli Sveinsson, Þórarinn Jónsson, Pjetur Ottesen, Björn Stefánsson og Þorsteinn Jónsson.

Við 76. gr.

Aftan við 2. málsgr. bætist:

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

(C. XIV, 2).

Nd. **298. Þingsályktun**

um mat á fóðurbæti.

(Samþykt í Nd. 6. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, og leggja fyrir næsta Alþingi, frumvarp til laga um mat á fóðurbæti eða kjarnfóðri, er gengur kaupum og sölum í landinu, eða um aðra tryggingu gegn því, að sú vara seljist skemd eða ónýt.

(B. XXXIX, 5).

Nd. **299. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Dýralæknar skulu vera sjö á landinu, einn í Reykjavík og nágrenni (Gullbringu- og Kjósarsýslu), annar í Borgarfjarðarhjeraðinu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, þriðji á Vestfjörðum (Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslum og tveimur nyrstu hreppunum í Strandasýslu), fjórði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og Strandasýslu (að Kaldrananesshreppi), fimti í Eyjafjarðarsýslu, ásamt Akureyri og Þingeyjarsýslunum, sjötti í Múlasýslunum og Austur-Skaftafellssýslu, og sjöundi á Suðurlandsundirlendinu (Árnes- og Rangárvallasýslu) ásamt Vestur-Skaftafellssýslu.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarráðsins í heilbrigðismálum búpenings, og hafa fyrir þess hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna. Svo skal hann og, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, halda uppi 1—2 mánaða námsskeiði á vori hverju fyrir þá, er vilja kynna sjer meðferð algengustu alidýrasjúkdóma eða meiðsla. Kostnaður við húsnæði og áhöld, er námsskeiðið þarfnast, greiðist úr ríkissjóði.

Takmörkum hjeraðanna má stjórnarráðið breyta með ráði landsdýralæknis.

2. gr.

Laun landsdýralæknis og hjeraðsdýralækna skulu ákveðin í lögum um laun embættismanna.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 5 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. s. frv.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða greiða honum 5 kr. fyrir hvern dag, sem hann er að heiman í þeirra erindum, og ferðakostnað að auki eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur landsdýralækni og hjeraðsdýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfssvið þeirra, þar á meðal það, að skylt sje dýralæknum árlega, eftir nánara tilteknu fyrirkomulagi, að senda landsdýralækni skýrslur um alidýrasjúkdóma, hverjum úr sínu umdæmi, og semur hann úr þeim aðalskýrslu, er birt sje árlega á kostnað þess opinbera.

6. gr.

Lög um dýralækna, 3. nóv. 1915, eru hjer með úr gildi numin.

(C. XVII, 2).

Nd. 300. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um vegamál á þingskj. 278.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Pjetur Þórðarson.

Aftan við tillöguna bætist nýr liður, sem verður 5. liður, svo hljóðandi:

að íhuga, hvort eigi sje rjettast, að viðhaldi flutningabrauta verði ljett af sýslusjóðunum og kostað af landssjóði.

(C. III, 3).

Nd. 301. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn á Vopnafirði útibú frá Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að þegar um stofnun útibúa frá bankanum er að ræða, þá sje það sjerstaklega þetta, sem koma verði til athugunar: Hve margir íbúar eru þar, sem útibúið er sett niður; hvernig staðháttum þess hjeraðs er varið til viðskiftasambanda við nálæg hjeruð; hve mikið verslunarmagn hjeraðið hafi haft, og hvað líklegt sje, að það muni verða í framtíðinni, o. s. frv.

Eftir því, er nefndinni er kunnugt, þá mun sparisjóður hafa verið stofnaður á Vopnafirði um eða fyrir 1890. Eftir þeim upplýsingum, er nefndin hefir getað aflað sjer, mun sá sjóður ekki vera starfandi nú, og mun hann, eftir því, er næst verður komist, hafa verið lagður niður árið 1906, því að eftir það ár sjest hann ekki meðal sparisjóða, sem þá eru taldir. Það, að sjóður

þessi legst niður, bendir ekki á það, að veruleg peningastofnun gæti þrifist á Vopnafirði, nema þá ef eitthvað það kæmi fyrir, sem nú er tæplega hægt að gera ráð fyrir, er yrði til þess að styðja að vexti og viðskiftalífi hjeraðs þessa, frekar en verið hefir.

Íbúatala Vopnafjarðarverslunarstaðar er árið 1917 talin að vera 211. Íbúatala beggja prestakallanna, Hofs og Vopnafjarðar, það sama ár, er talin að vera 741. Sennilega virðist mega gera ráð fyrir því, að meiri hluti viðskiftamagnsins, ef útibúið yrði sett á stofn á Vopnafirði, væri frá þessum hjeraðsbúum. Auk þess mætti telja líklegt, að hjeraðsbúar frá Langanesi, austur undir Jökulsá, mundu hafa peningaviðskifti sín við útibúið. Þó nú svo yrði, þá er það álit kunnugra manna, að vart væri að búast við meiri viðskiftum við útibúið en frá hjeruðum, er hefðu öll til samans um 15 hundruð íbúa jafnaðarlega. En þar eð búast má við, að eitthvað af sjómönnum sje á þessum slóðum að sumrinu, mætti gera ráð fyrir 2000 manns í hjeruðum þessum, eða vel það, yfir þann tíma ársins.

Að verslunarmagni var Vopnafjörður árið 1915 sá 21. í röðinni af kaup- og verslunarstöðum landsins. Verslunin var þar það ár, út og inn, 359 þúsundir króna.

Nefndin lætur þess getið, að hún hefir borið þetta mál undir álit Landsbankastjórnarinnar, og leyfir hún sjer að skýra hjer frá kafla úr brjefi því, er hún sendi nefndinni, dagsettu 29. f. m.:

»Bankastjórnin getur ekki mælt með því að svo stöddu, að stofnað verði útbú frá Landsbankanum á Vopnafirði, sakir þess, að vjer ætlum, að viðskifti yrði þar svo lítil, að ekki gæti svarað kostnaði að ráðast í slíkt, og aðrir staðir, sem að voru áliti mundu eiga að ganga fyrir.

Húsavík virðist oss líklegri til þess, að þar gæti þrifist útbú, en teljum þó ekki ráðlegt að gera ráðstafanir til þess í bráð, þar sem bankinn meðal annars á eftir að koma í framkvæmd stofnun útbús á Siglufirði, sem nú er í undirbúningi«.

Að öllum málavöxtum yfirveguðum hefir fjárhagsnefndin komist að þeirri niðurstöðu, að leggja það til við háttvirta deild, að þessi tillaga nái ekki fram að ganga. Nefndin vill jafnframt láta þess getið, að hún telur að óhætt muni að vænta þess, að stjórn Landsbankans geri sitt til þess, að bankinn komi, svo fljótt sem hagur hans leyfir, útibúum á í sem flestum stöðum úti um land, og að þá verði þau jafnaðarlega sett þar niður, er brýnust virðist þörf fyrir slíkt í það og það skiftið.

Alþingi, 6. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður.

Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. (Með fyrirvara).

Hákon J. Kristófersson, framsögumaður.

Einar Árnason.

Sigurður Sigurðsson.

(C. XVIII, 2).

Nd. **302. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um eyðing refa.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Einar Arnórsson, Magnús Guðmundsson, Matth. Ólafsson og Magnús Pjetursson.

Aftan við tillöguna komi nýr liður, svo hljóðandi:
að setja strangar varúðarreglur gegn því, að refir sleppi úr eldi, og ákveða háar sektir við því.

(C. XIX, 1).

Nd. **303. Tillaga**

til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni, vegna skemda þeirra og tjóns, sem Kötlugosið 1918 hefir valdið:

1. Að veita öllum leiguliðum á opinberum jörðum (þjóðeignum og kirkjujörðum) í Vestur-Skaftafellssýslu eftirgjöf á jarðareftirgjaldi fyrir fardagaárið 1918—19.
2. Að verja úr ríkissjóði nauðsynlegri fjárhæð til þess að ljetta undir með búendum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis fyrir næsta vetur, eftir samráði við sýslumann Skaftafellssýslu og forseta Búnaðarfjelags Íslands.

(A. XXXVII, 7).

Ed. **304. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 274.

Frá M. J. Kristjánssyni.

Við tölulið 2. Orðin: »Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920« falli burt.

(B. XXXIX, 6).

Nd. **305. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um dýralækna (þgskj. 299).

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr.:

Breyting sú á skipun dýralæknaumdæmanna, er ræðir um í 1. gr., kemur til framkvæmda jafnóðum og menn verða skipaðir í hin nýju embætti.

(B. LVIII, 2).

Nd. **306. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um brúargerðir.

Frá Pjetri Þórðarsyni og Pjetri Ottesen.

Við 2. gr. VI.

Niðurlag VI. liðs orðist svo:

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr ríkissjóði.

(B. LVIII, 3).

Nd. **307. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 2. gr. B.

Upphæðin »15000 krónum« verði:

20000 krónum.

(B. LVIII, 4).

Nd. **308. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um brúargerðir.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

Við 2. gr.

Liður VII, b. orðist svo:

Brýr á sýsluvegum má kosta að $^{3}/_{4}$ hlutum af ríkissjóði, gegn $^{1}/_{4}$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 30–50 þús. kr., nema $^{4}/_{5}$ hlutum, gegn $^{1}/_{5}$ annarsstaðar frá, og til brúa, er kosta yfir 50 þús. kr., $^{5}/_{6}$ hlutum, gegn $^{1}/_{6}$ annarsstaðar frá.

(B. LVIII, 5).

Nd. **309. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerðir.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 2. gr. VII.

Fyrir »50000 kr.« komi:
80000 kr.

Við 2. gr. B. Fyrir »15000 kr.« komi:
22000 kr.

(B. IX, 4).

Nd. **310. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 281 við frv. til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi.

Frá Sv. Ólafssyni.

Við 1. lið (við 1. gr.):

Í 6. málsgr. bætist á eftir orðunum »ef ástæða þykir til« þessi setning:

Þó skal um leyfi til að nota vatnsorku fara eftir því, sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum.

(B. LVII, 2).

Nd. **311. Breytingartillaga**

við frv. til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar (þgskj. 223).

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr.
Í stað »60000 kr.« komi:
50000 kr.

(A. XXVIII, 8).

Nd. **312. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hæstarjett (þgskj. 254).

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

1. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því, og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.
2. Við 48. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.

(B. XXXI, 6).

Nd. **313. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða (þgskj. 218).

Frá Pjetri Ottesen og Einari Arnórssyni.

Setningin: »Þó getur stjórnarráðið« og til enda falli burt.

(A. XXXIX, 5).

Nd. **314. Lög**

um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 8. ágúst).

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskírteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skírteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

(B. LVIII, 6).

Nd. **315. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 2. gr. A. I., 24. lið.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

25. Reykjadalsá.

Liðatalan breytist eftir því.

(B. XVI, 4).

Nd. **316. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum.

Verslunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýtá norðan fjarðarins með sjó fram kringum fjörðinn að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hann er oddviti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra í stað bæjarfógeta til 6 ára í senn, ef kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja það með $^2/_3$ greiddra atkvæða. Hann skal launaður úr bæjarsjóði.

3. gr.

Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi.

4. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn nje foreldrar og börn.

Innan 60 ára aldurs er hver kjörgengur maður skyldur að taka við kosningu, hafi hann eigi gildar ástæður til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur til að takast á hendur þá sýslu aftur jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi. Konur hafa jafnan heimild til að skorast undan kosningu.

5. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Þeir bæj-

arfulltrúar, sem nú eru í bæjarstjórn, skulu sitja í henni kjörtímabil sitt, samkvæmt eldri bæjarstjórnarlögum. Skal í fyrsta sinni kjósa eftir lögum þessum 5 fulltrúa í ársbyrjun 1920, og ganga tveir þeirra úr bæjarstjórn eftir hlutkesti, annar í árslok 1920, en hinn í árslok 1921. Fari fulltrúi frá á kjörtímabili sínu, skal þegar kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

6. gr.

Almennar fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár.

Í kjörstjórn eru oddviti bæjarstjórnar og 2 fulltrúar, er bæjarstjórn kýs. Kjörstjórn skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir.

Kjörskrá skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi.

Kærur gegn kjörskrá verða ekki teknar til greina, sjeu þær eigi bornar upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og skal hún þá leggja úrskurð sinn á þær.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en vikufresti og á þann hátt, er kjörþing er vant að boða.

8. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á fram komnar kærur.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

9. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur til sem bæjarfulltrúi (sjá 12. gr.). Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

10. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarfulltrúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir.

Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

11. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt, sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

12. gr.

Með samþykt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstök bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 17. gr.

13. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

14. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjar-

fógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

15. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

16. gr.

Af öllum útmældum byggingarlóðum í bænum, bygðum og óbygðum, svo og grunnum þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðu, skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald, og nemi 1—2 krónum af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd — sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915.

Ef lóðir eru mældar út að nýju milli tveggja reglulegra fasteignamata, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af fasteignanefnd bæjarins. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglulega fasteignamati. Fasteignanefnd bæjarins metur einnig verð grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðum. Þar sem svo hagar til, að byggingarlóð og tún er metið í einu lagi af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd, ákveður fasteignanefnd bæjarins, hve mikið af verði lóðarinnar skuli talið til túnsins. Mati fasteignanefndar bæjarins má skjóta til bæjarstjórnarinnar innan 3 mánaða, er leggur úrskurð sinn á matið.

17. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða þilbátaútgerð, má gjald leggja, þótt ekki

sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á síldveiði og síldarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í septembermánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina, einnig um ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn samtímis sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Hver sá, er verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár.

Niðurjöfnunarnefndin kýs formann úr sínum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept.

Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega innan 15 daga frá því að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja sitt álit um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða

gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

19. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram í síðari hluta ágústmánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis viku tíma á sama hátt og fyr greinir.

20. gr.

Verði ágreiningur á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfjelags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver eigi vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

21. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig úr bænum alfarinn fyrir nýár, þá fellur alt það gjald burtu, sem lagt er á hann sjálfan fyrir það ár, sem í hönd fer.

Sá, sem flytur sig úr bænum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

22. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

23. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

24. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði og varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

25. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand.

26. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

27. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru 2, kosnir til 3 ára í senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

28. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

29. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur

um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, frá 8. maí 1894, og lög um breytingar á sömu lögum frá 11. nóvember 1899.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. XXVI, 6).

Ed. **317. Lög**

um aðflutningsgjald af salti.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Af hverri smálest salts, sem flutt er til landsins, skal greiða 8 kr. gjald í ríkissjóð. Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan lögin gilda fellur niður vörutollur sá, sem nú er á salti.

(A. XXVIII, 9).

Nd. **318. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hæstarjett.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 57. gr. fyrstu málsgr.:
Fyrir »1. jan. 1920« komi:
1. jan. 1922.

(B. XXXII, 4).

Nd. **319. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag 3 krónur fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Hreppsvegagjald er 2 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði fyrsta og annars málsliðs í 20. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og fyrri málsgr. 3. gr. laga nr. 41, 11. júlí 1911.

(B. XXXIX, 7).

Ed. **320. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Dýralæknar skulu vera sjö á landinu, einn í Reykjavík og nágrenni (Gullbringu- og Kjósarsýslu), annar í Borgarfjarðarhjeraðinu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, þriðji á Vestfjörðum (Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslum og tveimur nyrstu hreppunum í Strandasýslu), fjórði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og Strandasýslu (að Kaldrananesshreppi), fimti í Eyjafjarðarsýslu, ásamt Akureyri og Þingeyjarsýslunum, sjötti í Múlasýslunum og Austur-Skaftafellssýslu, og sjöundi á Suðurlandsundirlendinu (Árnes- og Rangárvallasýslu) ásamt Vestur-Skaftafellssýslu.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarráðsins í heilbrigðismálum búpenings, og hafa fyrir þess hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna. Svo skal hann og, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, halda uppi 1—2 mánaða námsskeiði á vori hverju fyrir þá, er vilja kynna sjer meðferð algengustu alidýrasjúkdóma eða meiðsla. Kostnaður við húsnæði og áhöld, er námsskeiðið þarfnast, greiðist úr ríkissjóði.

Takmörkum hjeraðanna má stjórnarráðið breyta með ráði landsdýralæknis.

2. gr.

Laun landsdýralæknis og hjeraðsdýralækna skulu ákveðin í lögum um laun embættismanna.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 5 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. s. frv.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða greiða honum 75 kr. fyrir hvern dag, sem hann er að heiman í þeirra erindum, og ferðakostnað að auki eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur landsdýralækni og hjeraðsdýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfssvið þeirra, þar á meðal það, að skylt sje dýralæknum árlega, eftir nánara tilteknu fyrirkomulagi, að senda landsdýralækni skýrslur um alidýrasjúkdóma, hverjum úr sínu umdæmi, og semur hann úr þeim aðalskýrslu, er birt sje árlega á kostnað þess opinbera.

6. gr.

Breyting sú á skipun dýralæknaumdæmanna, er ræðir um í 1. gr., kemur til framkvæmda jafnóðum og menn verða skipaðir í hin nýju embætti.

7. gr.

Lög um dýralækna, 3. nóv. 1915, eru hjer með úr gildi numin.

(B. XXVI, 7).

Ed. **321. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald af salti.

Flutningsm.: Karl Einarsson og Magnús Torfason.

Við 1. gr.

Fyrir orðin: »8 kr.« komi:
5 kr.

Við 3. gr.

Í stað orðanna »við næstu áramót eftir það að« komi:
þegar.

(C. XV, 2).

Nd. **322. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 8. ágúst.

Flutningsm.: Magnús Pjetursson.

(Till. til þingsályktunar um póstferðir á Vesturlandi á þgskj. 257).

Að undanförnu hefir það verið eitt af störfum póstmeistara og landsstjórnarinnar að ákveða póstgöngur hjer á landi, og í því trausti, að þau framvegis, eins og að undanförnu, hagi þeim sem haganlegast fyrir landsmenn og ríkissjóð, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(B. XXI, 3).

Nd. **323. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um bann gegn refarækt.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Magnús Pjetursson.

1. Við 1. gr. Fyrir 1. gr. komi svo hljóðandi grein:
Ef sýslunefnd leyfir, er heimilt að ala refayrðlinga á tímabilinu frá 15. maí til 15. febrúar, en drepnir skulu þeir fyrir lok febrúarmánaðar.

2. — 2. — Greinin orðist svo:
Sá, sem refi vill ala, skal kveðja hreppsstjórn til að skoða hús þau og girðingar, er hann ætlar til geymslu refanna; telji hreppstjóri geymsluna örugga, er eldið heimilt.

3. — 3. — Greinin orðist þannig:
Fyrir lok júlímánaðar skal sá, er refi elur, skýra hreppstjóra frá tölu eldisrefa. Er hann hefir lógað refunum, skal hann sýna hreppstjóra belgina. Fyrir hvern ref, er þá vantar á refatöluna, skal hann útlægur um 200 kr., nema hann sanni fyrir hreppstjórn, að ekki hafi refur sá úr eldi sloppið.

4. — 4. — Framan við greinina bætist:
Nú gefur sá, er refi elur, hreppstjórn ranga skýrslu, og varðar það 500 kr. sektum.

5. Ný grein, 5. gr., svo hljóðandi:
Heimilt er refaeldi í eyjum og hólmum í sjó úti, ef sýslunefnd leyfir.

6. Ný grein, 6. gr., svo hljóðandi:
Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

7. 5. grein verði 7. grein.

8. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um refaeldi.

(A. XIV, 10).

Nd. **324. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Hákoni J. Kristóferssyni, Pjetri Ottesen, Benedikt Sveinssyni, Birni R. Stefánssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum og útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingar-geymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum, og enn fremur getur stjórnarráðið veitt sparisjóðum rjettindi þau, er ræðir um í þessari grein.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Breytingartillagan á þingskjali 279 er hjer með tekin aftur.

(A. XV, 4).

Nd. **325. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar að hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknislyfjum, neytsluefnum eða nautnar.

Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmíð, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í ríki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.) eða höfð til sýnis þeim er sjá vildu, að þeir er vit hafa á, geta framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Uppgötvari einn hefir rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 5 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbrjefsins. Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið frá lokum næsta tímabils á undan.

Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja að eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð;
2. eða að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gert hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar.

Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þessa vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 króna gjald til ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun einkaleyfis skal greiða 300 króna gjald, en 600 króna gjald, ef endurnýjað er í annað sinn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rjett til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 3 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðherra atvinnumálanna sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðherrans má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er bygður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði atvinnumálaráðherrans, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Það á undir atvinnumálaráðherrann að gera út um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. enn fremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;
4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en leyfi sje veitt ber umsækjanda, auk þessa, að færa sönnur á, að skilyrðum þeim sje fullnægt, er sett eru í 1., 2. eða 4. gr. laga þessara. Ráðuneytið ákveður, hver skírteini sje nauðsynleg í því efni, og getur það tekið gilda úrskurði stjórnarvalda, er fara með einkaleyfismálefni í ríkjum, þar sem einkaleyfi eru veitt að undangenginni rannsókn.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfast-

ur hjer á landi, eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi, í ábyrgðarbrjefi, er sent sje atvinnumálaráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgigögnum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimting á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem nú mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bág við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því heíði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi, einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í riki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sjer stað.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því, er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og

2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, svo og um annað, er með þarf til að koma lögunum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(C. XVII, 3).

Ed. **326. Tillaga**

til þingsályktunar um vegamál.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. *að* láta gera rannsókn á því, hvort eigi sje rjettmætt að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar slík fjölgun ætti helst að verða;

2. *að* taka til athugunar, hvort ekki sje rjett að lögákveða framlög úr landssjóði til sýsluvega, er sje minst helmingur kostnaðar;

3. *að* athuga og gera tillögur um, hvort ekki sje rjett að taka lán til að flýta fyrir vegagerðum í landinu;

4. *að* gera tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en þá, sem nú eru.

(A. XIV, 11).

Nd. **327. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 324 (við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.).

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

Í annari málsgrein: Í stað orðanna: »og enn fremur . . . í þessari grein« komi:

Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

(B. LVIII, 7).

Nd. **328. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um brúargerðir.

Flutningsm.: Björn R. Stefánsson.

Við 2. gr. A. I, 24. lið.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

25. Eskifjarðará.

Liðatalan breytist eftir því.

(B. LVIII, 8).

Nd. **329. Álit**

um frv. til laga um brúargerðir á þgskj. 248.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frumvarpið og getur lýst því yfir, að hún hefir ekkert að athuga við, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Pjetur Jónsson.

Magnús Pjetursson.

(A. IX, 3).

Nd. **330. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir ekki getað orðið sammála um frumvarp þetta. Álítur meiri hlutinn, að ekki sje rjett að samþykkja frumvarpið á þessu þingi.

Skulu hjer greindar nokkrar af þeim ástæðum, er meiri hlutinn færir fyrir því áliti sínu. Kemur þar einkum til athugunar:

1. Hefir ríkissjóður hag af breytingunni?
2. Hefir Landsbankinn hag af breytingunni? Og er hann viðbúinn, eins og nú er ástatt, að taka á sig skuldbindingar þær og áhættur, sem af henni leiðir?

Að því er fyrra atriðið snertir, þá er engin deila um það, að ríkissjóður muni að líkindum tapa á breytingunni, og meiri hlutinn álítur, að það tap muni geta orðið allmikið meira en nefndin, sem hafði með höndum samningana við Íslandsbanka, gerir ráð fyrir. Nú rennur $^1/_{10}$ hluti ágóðans, eftir að hluthafar hafa fengið 4%, í ríkissjóð; verður þetta því meira, sem höfuðstóll og varasjóður bankans vex, þótt hluthafar fái sama hundraðsgjald í ágóða.

Í staðinn fyrir þetta kemur, eftir frumvarpinu, fast gjald, 40 þús. kr. á ári, og að eins 2% af árlegum arði bankans, þá fyrst eftir að hluthafar hafa fengið 6% arð af hlutafje sínu. Er þá augljóst, að Íslandsbanki greiðir tiltölulega minna gjald í ríkissjóð, því meir sem hann eykur hlutafje sitt eða starfsfje, og er einmitt líklegt, að slík aukning vaki fyrir bankanum, er hann vill haga gjaldinu á þennan veg. Ef nú Íslandsbanki hækkaði hlutafje sitt um helming og fengi þá 1600 þús. kr. arð, þá ætti hann eftir gildandi lögum að greiða í ríkissjóð 124 þús. kr., en eftir frv. rúmlega 61 þús.

Þá kemur til álíta, hvort Landsbankinn mundi græða á þessari breytingu peningalega og hvort eigi sje þeir annmarkar á, er kunni að nema burtu hagnað þann, er á kunni að virðast, eða hvort hagur þessi sje meiri en tekjur ríkissjóðs eru nú, eða kynnu að verða, af Íslandsbanka.

Jafnvel þótt ólíklegt sje, að seðlaþörf landsins fari niður úr því meðaltali, sem nefndarálit samninganefndarinnar greinir, þá virðist sem nefndin hafi ekki tekið það nægilega til greina, að seðlaþörfin er mjög mismunandi eftir mánuðum, og naumast er ábyggilegt að reikna með meðaltali seðla þeirra, sem úti eru síðustu dagana í hverjum mánuði. Það meðaltal mundi verða allmikið of hátt, og tekjur bankans af því þess vegna áætlaðar of hátt. Þar við bætist, að engar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um það, hve mikill prentunarkostnaður seðlanna muni verða. Að sjálfsögðu verður hann ekki minni en samninganefndin gerir ráð fyrir, og mjög miklar líkur til að hann verði hærri.

Þar sem nú að lítill vafi er á því, að ríkissjóður muni tapa allmiklu fje á breytingunni, en peningalegur gróði Landsbankans aftur á móti mjög tvísýnn, þá virðist ekki aðgengilegt fyrir þingið að samþykkja þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir.

Hins vegar mætti það vera, að landið og bankinn hefði svo mikinn óbeinan hagnað af þessum skiftum nú, að þau væru rjettmæt, þó að peningalegur hagnaður yrði lítill eða enginn, og að hann gæti betur staðist samkepni Íslandsbanka. En hjer eru ýmsir þeir agnúar á og þau skilyrði sett, sem meiri hluta fjárhagsnefndarinnar virðist mjög varhugaverð.

Fyrsta skilyrðið er, að flutningur fjárhæða fyrir Íslandsbanka milli Danmerkur og Íslands skuli Landsbankinn annast án sjerstakra ómakslauna, eftir því sem innstæða hans leyfir. Þetta getur orðið til mikils baga fyrir Landsbankann, ef svo skyldi fara, að íslensk og dönsk mynt breytti verðhlutfalli, því þá gæti Landsbankinn tapað til muna á því að flytja fjárhæðir frá því landi, þar sem krónan væri verðmeiri, yfir í hitt, þar sem hún væri verðminni, Íslandsbanka að kostnaðarlausu. Þó að ef til vill megi segja, að slíkar yfirfærslur væru annars án kostnaðar fyrir Landsbankann, þá er þó ekki hægt að neita því, að hann

missir þarna nokkra tekjulind, þar sem bankarnir venjulega taka $^2/_5$ % fyrir yfirfærslur; og ef Íslandsbanki fengi ekki yfirfærslurnar, gæti Landsbankinn selt einstökum mönnum peningana. Ákvæðið um, að Íslandsbanki megi leggja inn seðla sína í viðskiftareikning Landsbankans, er óeðlilegt, og mun ekki þekkjast annarsstaðar, þar sem fleiri seðlabankar eru í sama landi; enda er þetta ákvæði einungis Íslandsbanka í hag, og eru hlunnindi, sem Landsbankinn hefir aldrei notið hjá Íslandsbanka.

Leyfið til handa Íslandsbanka um takmarkalausa aukningu hlutafjár getur orðið Landsbankanum beinlínis hættulegt, þar sem Íslandsbanka er með því veitt aðstaða til þess að verða margfaldur ofjarl Landsbankans að fjármagni, og er ekki ólíklegt, að það sje tilgangurinn, þar sem Íslandsbanki fer fram á að fá slíkt leyfi.

Loks er sú uppgjöf, að ríkið hafi ekki lengur rjett til að skipa menn í bankaráðsstöðurnar, mjög varhugaverð. Þótt bankaráðsstöðurnar hafi oft verið skipaðar mönnum, sem ekki hafa getað skift sjer neitt verulega af rekstri bankans, þá er þó ekki hægt að neita því, að með þessari skipunarheimild getur landsstjórnin haft mjög víðtækan íhlutunarrjett um rekstur bankans, enda er þessi íhlutunarrjettur mjög eðlilegur, þar sem þetta er langstærsta peningastofnunin í landinu, hefir seðlaútgáfurjett og keppir við banka ríkisins. Væri miklu nær að skipa framvegis þá menn í þessar stöður, er fylgt gætu með rekstri bankans og haft fult eftirlit með honum, eins og lög bankans frekast leyfa.

Þessi aukaskilyrði af Íslandsbanka hálfu, er nú hafa verið talin, og öll eru í hans þágu, og ýmist til beins tjóns fyrir Landsbankann og landið í sameiningu, eða landið eitt, eru að áliti meiri hlutans svo mikilvæg, að ef Íslandsbanki fengi þau, væri auðsætt tjón á breytingu bankamálanna.

Þá er enn ótalið það atriði, að eftir þessu frumvarpi er ákveðið, að ráðuneytið, í samráði við báða bankana, ákveði, hvernig breytingunni á seðlaútgáfurjettinum skuli fyrir komið.

Eins og nú er ástatt í heiminum, myndi Landsbankinn ekki geta tekið við seðlaútgáfu, gegn því að innleysa seðlana í mótuðu gulli fyr en eftir óákveðinn tíma. En jafnvel þó að Landsbankinn yrði leystur undan innlausnarskyldu fyrst um sinn, ber athugasemdin við 9. gr. frv. með sjer, að breytingin á seðlaútgáfunni eigi að fara fram smátt og smátt. Um leið er það ljóst, að Landsbankinn tekur sjer á herðar ýmsar skyldur, og ríkið missir ýmiskonar íhlutunarrjett gagnvart Íslandsbanka þegar í stað, en *fullur* aukinn seðlaútgáfurjettur, sem ætti að koma í þess stað, kemur ekki fyr en seint og síðar meir.

Þá vill meiri hlutinn ekki undan fella að geta þess, að fjárhagsnefndin hefir rætt þetta mál við stjórn Landsbankans á tveim fundum. Bankastjórnin ljet í ljósi það álit á nefndarfundunum, að sjálfsagt væri að allur seðlaútgáfurjetturinn kæmist í hendur Landsbankans á sínum tíma, og er það í fullu samræmi við skoðun bæði meiri og minni hluta fjárhagsnefndar, en hins vegar taldi bankastjórnin, að heimild sú til aukinnar seðlaútgáfu, sem í frv. felst, sje svo dýru verði keypt fyrir landið, á móts við það, sem kemur í aðra hönd, og að þessi ráðgerða breyting á seðlaútgáfunni sje svo varhugaverð, að hún geti ekki mælt með því, að frumvarpið nái fram að ganga. Hún taldi hagkvæmara, eins og tímarnir eru nú, að bíða og sjá, hvort ekki fengjust betri samningar seinna, eða þá

að bíða allan tímann og taka við allri seðlaútgáfunni endurgjaldslaust og kvaðalaust af hálfu Íslandsbanka.

Er þessi umsögn bankastjórnarinnar ekki óverulegasta atriðið í þeim ástæðum, er fram eru færðar gegn þessu frumvarpi, og leggur meiri hlutinn áherslu á það, að sjálfsagt sje að taka fult tillit til þessarar yfirlýsingar.

Að lokum vill meiri hlutinn taka það fram, að þótt þeir ókostir, sem hjer hefir verið drepið á, sje út af fyrir sig nægir til þess, að frv. þetta verði ekki látið ganga fram nú, er þó eitt atriði enn, sem að áliti meiri hlutans sker úr til fullnustu um það mál, og eitt út af fyrir sig er nægilegt til þess, að slík ákvörðun verði eigi tekin að þessu sinni. Íslandsbanki hefir, eins og aðrir seðlabankar, grætt allmikið undanfarin stríðsár og aukið varasjóð sinn stórum, einmitt með tilliti til þess, að viðskiftakreppa kunni að koma eftir stríðið. Er því mjög óeðlilegt að láta bankann, sem hefir haft hagnaðinn af stríðsárunum, sleppa undan þeirri ábyrgð, sem því fylgir að leiða viðskifti þjóðarinnar gegn um þá óróatíma, sem nú standa yfir og í vændum eru. Fyrir Landsbankann mundi slíkur óvissutími vera hinn hættulegasti til að auka viðskifti nú í stórum stíl og takast á hendur stjórn peningamálanna.

Með skírskotun til þess, sem hjer er sagt að framan, og sjerstaklega með tilliti til þess, hversu alt útlit í viðskiftaheiminum er óskyggilegt, verður meiri hlutinn að leggja á móti því, að frumvarp þetta verði samþykt, en leyfir sjer að mæla með því, að það verði afgreitt með svo hljóðandi:

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með tilliti til ýmiskonar annmarka á þeim breytingum á bankafyrirkomulagi í landinu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og sakir óvissu þeirrar, sem nú er um öll viðskiftamál, telur deildin eigi fært að samþykkja frumvarp það, sem fyrir liggur, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Einar Árnason, ritari og frms.m. meiri hl. H. J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XI, 3).

Nd. **331. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp er svo nátengt frv. um seðlaútgáfurjett Landsbankans, að annaðhvort verða þau bæði að ganga fram eða hvorugt. Samkvæmt afstöðu meiri

hlutans til seðlaútgáfurjettarfrv. leggur hann til, að þetta frumvarp verði ekki látið ganga fram, en vísar að öðru leyti til álits síns um seðlaútgáfurjettarfrv. á þgskj. 330.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Einar Árnason, ritari. H. J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(B. XXXII, 5).

Ed. **332. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag 3 krónur fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Hreppsvegagjald er 2 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði fyrsta og annars málsliðs í 20. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og fyrri málsgr. 3. gr. laga nr. 41, 11. júlí 1911.

(B. LVII, 3.)

Ed. **333. Frumvarp**

til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfje 60000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1919.

(B. XLII, 3).

Ed. **334. Lög**

um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

1. gr.

Við Syðstabæ í Hrísey skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. XXX, 2).

Ed. **335. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og finnur ekkert sjerstakt að athuga við það. Nefndin hefir samtímis haft til athugunar frv. til laga um skrásetning skipa,

og áleit hún rjett að láta þetta frv. bíða þar til nefndin hafði komið sjer niður á, hvaða breytingar hún leggur til að gerðar verði á því frv. Nú er störfum nefndarinnar lokið í því máli, og eftir tillögum hennar um það er ekki ástæða til að gera breytingar á þessu frv. Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 11. ágúst 1919.

Karl Einarsson, form. og ritari. M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson.

(A. XIV, 12).

Ed. **336. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrír bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, aðstoðarfjehirði, og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir eða aðstoðarfjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans eða aðstoðarfjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af ársarði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og aðstoðarfjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 1000 kr. í mistalningarfje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn ríkissjóðs.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á

sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingargeymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

9. gr.

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(B. XXVII, 4).

Ed. **337. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir haft frv. til umræðu og borið það saman við póstlögin.

Á stjórn póstmála gerir frv. þá breytingu, að í stað póstmeistara komi aðalpóstmeistari, sem stjórni póstmálum og hafi umsjón með rekstri póststarfa, og standi hann, án milliliða, undir ráðherra þeim, er póstmálin heyra undir.

Þá sjeu og skipaðir póstmeistarar í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, en samsvarandi starfsmenn á þessum stöðum eru póstafgreiðslumenn nú.

Burðargjald og ábyrgðargjald með landpóstum og skipum er hækkað nokkuð. Sama er að segja um aukagjald fyrir böggla.

Þó er burðargjald fyrir brjef og bögla sett að mun lægra í frumvarpinu en það er nú samkv. lögum nr. 40, 26. okt. 1917.

Nýmæli er það, að gert er ráð fyrir, að póststjórnin geti ákveðið sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Benda vill nefndin á, að henni þykir nýyrðið »aðalpóstmeistari« illa valið; telur að betur hefði farið á að setja í þess stað »póstmálastjóri« eða »landspóstmeistari«.

Nefndarmenn eru á einu máli um frumvarpið og ráða háttv. deild til að samþykkja það.

Alþingi, 11. ágúst 1919.

Magnús Torfason, form.	Guðm. Ólafsson, ritari.	H. Steinsson.

(A. XXXVII, 8).

Ed. **338. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður, nýr eða ísvarinn, af hverjum 50 kg. 20 aurar.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 2 krónur. Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.

10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.) 60 aura.
16. Af hverjum 50 kg. af hvítri, þveginni vorull 100 aura.
17. Af hverjum 50 kg. af annari ull 50 aura.
18. Af hverjum 50 kg. af söltuðum sauðargærum 50 aura.
19. Af hverri lifandi sauðkind 20 aura.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm. á hæð, 5 kr.
21. Af öllum minni hrossum 2 kr. af hverju.
22. Af hverjum 50 kg. af æðardún 10 kr.
23. Af hverju selskinni, söltuðu eða hertu, 10 aura.
24. Af hverju tófuskinni 50 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 22. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXV, 9).

Ed. 339. Framhalds-nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Nd. hefir gert þær breytingar á frv. þessu, *að* hún hefir fært sektahámarkið aftur upp í 1000 krónur, eins og það var sett í stjórnarfrv., *og* kveðið

skýrara á um, að hagnaður sökunauts af broti á lögreglusamþykt, sem enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli í *refsiskyni* upptækur ger og renna í bæjarsjóð.

Síðarnefndu breytinguna telur nefndin til bóta.

Fyrri breytinguna getur hún hins vegar ekki fallist á af ástæðu þeirri, sem talin er í áliti hennar á þgskj. 85 og allsherjarnefnd Nd. hefir látið óhrakta í nefndaráliti sínu á þgskj. 219. Leyfir nefndin sjer því að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir með þeirri einni

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr.:
Í stað orðanna: »alt að 1000 krónum« komi:
alt að 500 krónum.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form. | Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari og ritari. | Magnús Torfason.

(C. XIII, 3).

Ed. **340. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um atvinnulöggjöf o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa og ekki fundið neitt við hana að athuga. Ræður því hv. efri deild til þess að samþykkja tillöguna óbreytta.

Alþingi, 11. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
form. og framsögum.

Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari. | Magnús Torfason.

(A. XXVIII, 10).

Nd. **341. Frumvarp**

til laga um hæstarjett.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eðaí ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti, geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.
2. Heldur bækur hæstarjettar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Brjefabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hfir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á

eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje eða samband hans við aðilja sje slíkt sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt end-

urgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu, meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest.

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í, samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn, eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir, um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn

fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer og gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettur, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tíðkast hefir, eftir því sem samrýmanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðning hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöfd.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þann-

ig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjun-

arleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

(A. XXXVII, 9).

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður, nýr eða ísvarinn, af hverjum 50 kg. 20 aurar.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 2 krónur. Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.) 60 aura.
16. Af hverjum 50 kg. af hvítri, þveginni vorull 100 aura.
17. Af hverjum 50 kg. af annari ull 50 aura.
18. Af hverjum 50 kg. af söltuðum sauðargærum 50 aura.
19. Af hverri lifandi sauðkind 20 aura.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm. á hæð, 5 kr.
21. Af öllum minni hrossum 2 kr. af hverju.

22. Af hverjum 50 kg. af æðardún 10 kr.
23. Af hverju selskinni, söltuðu eða hertu, 10 aura.
24. Af hverju tófuskinni 50 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 22. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. II, 2).

Nd. **343. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. og borið það saman við aths. yfirskoðunarmanna LR., svör stjórnarinnar og tillögur yfirskoðunarmanna, og hefir komist að raun um, að aukafjárveitingar er leitað alstaðar þar, sem yfirskoðunarmenn og stjórn eru samdóma um, að aukafjárveitingar sje þörf. Hins vegar er í örfáum tilfellum ágreiningur milli stjórnar og yfirskoðunarmanna, og er þá eigi leitað aukafjárveitingar. Þessi tilfelli, sem lítið eitt mun verða drepið á í framsögu, eru þannig vaxin, að nefndinni þykir eigi ástæða til að gera brtt. um aukafjárveitingu og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 11. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Einar Árnason. H. J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(A. IV, 2).

d. **344. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir farið yfir frv. og borið það saman við LR. fyrir árin 1916 og 1917 og hefir eigi orðið annars vör, en að frv. sje rjett tekið eftir þeim reikningum, og með því að yfirskoðunarmenn telja LR. fyrir þessi ár reikningslega rjettan, ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frv. þetta óbreytt.

Á sjerstöku þingskjali kemur nefndin með þær tillögur, sem hún vill ráða hv. deild til að samþykkja út af LR. og lúta að síðari tímum, en í áliti þessu mun verða drepið á nokkur atriði, sem nefndinni þykir ekki ástæða til, að deildin geri ályktun um, en tillögur yfirskoðunarmanna gefa tilefni til að hreyfa.

1916.

I. Tekjubálkurinn.

9.

Það virðist mega líta svo á, samkvæmt till. um 6. aths. 1917, að yfirskoðunarmenn hafi fallið frá till. sinni.

II. Útgjaldabálkurinn.

43.

Eftir þeirri reglu, sem yfirleitt hefir verið fylgt, verður nefndin að vera stjórninni samdóma um, að hjer þurfi eigi aukafjárveitingar.

58.

Meðan áætlun um tekjur og gjöld bæjarsíma Reykjavíkur er ekki tekin upp í fjárlögin, getur eigi verið tilætlunin, að tekjur hans og gjöld sjeu tekin upp í LR.

82.

Nefndinni virðist, að styrkur til verklegs náms eigi ekki að falla niður.

85.

Það sýnist ekki ástæða til aukafjárveitingar fyrir þessum 18 kr. 52 au.

91.

Nefndin getur eigi fallist á skoðun yfirskoðunarmanna.

92.—98.

Það sjest eigi, að nauðsyn sje á aukafjárveitingum út af þessum aths. Að öðru leyti vísast til áðurnefndra tillagna nefndarinnar.

122.

Nefndin fellst á aðgreining ríkissjóðs og viðlagasjóðs.

1917.

I. Tekjubálkurinn.

1.

Eftirstöðvarnar eru fyrir löngu innheimtar.

2.

Því virðist svarað á fullnægjandi hátt, sem um er spurt, og fær nefndin því eigi skilið forsendur till. yfirskoðunarmanna.

4.

Hjeðan af mun naumast hægt að segja leigunni upp, og virðist því verða að standa við svo búið.

6.

Nefndin er yfirskoðunarmönnum sammála.

10.

Sömuleiðis.

II. Útgjaldabálkurinn.

21.

Að athuguðum öllum ástæðum sjer nefndin ekki ástæðu til, að Alþingi geri ályktun út af þessari aths.

25.

Vísast til þess, sem sagt er um aths. 58 1916.

28.

Vísast til aths. 92—98 1916.

29.

Það mun eigi vera venja yfirskoðunarmanna að fá fylgiskjöl með öllum reikningum, en þess er að vænta, að þeir fái þau skjöl ætíð er þeir óska.

Að því leyti, sem nauðsyn þykir til bera, mun verða gerð nánari grein fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 11. ág. 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

H. J. Kristófersson. Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.

(C. XX, 1).

Nd. **345. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að halda frá byrjun næsta fjárhagstímabils algerlega aðskildum reikningum ríkissjóðs og viðlagasjóðs.
2. Að brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr ríkissjóði, að nota það í þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið.
3. Að sjá um, að endurgreitt verði í ríkissjóð við hver áramót það, sem óeytt kann að vera af því fje, sem ávísað hefir verið á árinu til forstöðumanna skóla og annara stofnana, nema um óverulegar fjárhæðir sje að ræða.

(C. XXI, 1).

Nd. **346. Tillaga**

til þingsályktunar um fóðurbætiskaup.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að útvega síld til skepnufóðurs eða annan fóðurbæti, og selja þá vöru almenningi, einkum í þeim hjeruðum landsins, er harðast verða úti vegna óhagstæðrar veðráttu um heyskapartímann.

Er stjórninni heimilt að verja nauðsynlegu fje til ráðstafana, er að þessu lúta.

(A. XXIX, 7).

Nd. **347. Framhalds-nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað breytingartillögu þá á þgskj. 252, sem fram hefir komið við frv. þetta frá háttv. 2. þm. Árn., Einari Arnórssyni. Nefndin getur að mestu leyti fallist á tillöguna og leggur til að hún verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. lið.

Fyrir: »eða vera og hafa —« til enda liðsins, komi:
og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.

Alþingi, 12. ág. 1919.

Björn Kristjánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Sveinn Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XXXVII, 10).

Nd. **348. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Af ástæðum, sem grein verður gerð fyrir í framsögu, telur nefndin sjer eigi fært að leggjast á móti frv., og þykist því tilneydd að leggja það til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. ág. 1919.

Magnús Guðmundsson, form. og framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

H. J. Kristófersson. Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXXVII, 11).

Nd. **349. Lög**

um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. ágúst).

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður, nýr eða ísvarinn, af hverjum 50 kg. 20 aurar.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 2 krónur. Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.) 60 aura.
16. Af hverjum 50 kg. af hvítri, þveginni vorull 100 aura.
17. Af hverjum 50 kg. af annari ull 50 aura.
18. Af hverjum 50 kg. af söltuðum sauðargærum 50 aura.
19. Af hverri lifandi sauðkind 20 aura.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm. á hæð, 5 kr.
21. Af öllum minni hrossum 2 kr. af hverju.
22. Af hverjum 50 kg. af æðardún 10 kr.
23. Af hverju selskinni, söltuðu eða hertu, 10 aura.
24. Af hverju tófuskinni 50 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 22. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. III, 14).

Ed. **350. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Ofangreindu frv. vísaði háttv. efri deild til vor, eins og lög gera ráð fyrir, til athugunar. Síðan er ekki liðinn nema einn sólarhringur, þar til nú að vjer látum frv. aftur frá oss fara. Væntum vjer, að engum dyljist að hjer er um fljóta afgreiðslu að ræða. En að afgreiðslan er og getur verið svona fljót frá vorri hlið, stafar vitanlega af því, að vjer vorum að miklu leyti við sendingunni búnir. Sakir þess viðbúnaðar getum vjer svo að segja að vörmu spori lagt frv. aftur fram fyrir deildina með þeim athugasemdum, sem vjer viljum við það gera.

Vjer sjáum ekki ástæðu til að gera margar breytingar á þeim gjaldliðum frv., sem háttv. neðri deild hefir fallist á. Að eins teljum vjer nauðsyn bera til að hækka tvo liði, 9. lið 7. greinar (styrkinn til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar) og 7. lið 8. greinar (styrkinn til brimbrjótsins í Bolungarvík). Hækkunin, sem vjer leggjum til að gerð sje á hinum fyrnefnda lið, stafar aðallega af fyrirhugaðri breytingu á útgáfuaðferðinni, er vjer teljum horfa til mikilla bóta og munum gera grein fyrir í framsögunni.

Að því er síðari liðinn snertir, þá byggist sú hækkun, sem vjer þar förum fram á, á tillögum vitamálastjóra. Í viðtali, sem hann átti við nefndina, sýndi hann fram á nauðsynina á því, að þessi liður yrði hækkaður upp í 8 þús. krónur, til þess að unt væri að ganga vel og rækilega frá því, sem gert yrði í ár, og ekki þyrfti að eiga á hættu, að sjórinn skemdi aftur það, sem komið væri. Ef þannig væri að farið, taldi hann að fjárveiting sú, sem stjórnin hefir tekið upp í sjálft fjárlagafrumvarpið, ekki að eins mætti heldur einnig *ætti* að falla niður, þar eð eðlilegast væri, að farið yrði hjer eftir með þennan lendingarstað eins og

aðra, eftir ráði og tillögum þess hafnarverkfræðings, sem falið hefir verið að skoða hina ýmsu lendingarstaði og hafnarstaði á landinu.

En þótt eigi sjeu fleiri breytingarnar, sem vjer leggjum til að gerðar verði á þeim útgjaldaliðum frv., sem háttv. neðri deild hefir fallist á, þá sjáum vjer oss hins vegar til neydda að koma með nokkrar nýjar tillögur til aukinna útgjalda, og skal hjer lítillega grein fyrir þeim gerð.

Vegamálastjóri hefir með brjefi, dags. 1. þ. m., farið þess á leit við fjárveitinganefndir, að þær tækju upp í fjáraukalagafrumvarpið 1918—1919 viðbótarfjárveitingu til akfærra sýsluvega, er hann ætlast til að deilist á þessa 5 sýsluvegi þannig:

1.	Til Hafnavega í Gullbringusýslu	kr. 14106,14
2.	Til Mosfellsvegar í Kjósarsýslu	— 2000,00
3.	Til Skilmannahreppsvegar í Borgarfjarðarsýslu	— 2000,00
4.	Innra-Akranessvegar í Borgarfjarðarsýslu	— 3000,00
5.	Til Svínvetningabrautar í Húnavatnssýslu	— 1000,00
	Samtals...	kr. 22106,14

Um alla þessa vegi er svo ástatt, að annaðhvort er búið eða verið að vinna að þeim fyrir þessar fjárhæðir, er hlutaðeigendur gera sjer, samkvæmt ríkjandi reglu, fastlega vonir um að fá greiddar úr ríkissjóði, eftir að þeir hafa lagt fram og látið vinna fyrir það helmings tillag, sem þeim ber að inna af höndum. Og þegar þess er gætt, sem og hins, að fæstir, og sennilega engir, þessara vegakafla koma að nokkrum verulegum notum fyr en þeim er lokið, þá virðist svo sem allur dráttur á óhjákvæmilegri greiðslu ríkissjóðstillagsins sje algerlega tilgangslaus og miði eigi til annars en að gera hlutaðeigendum óþarfa baga.

Um þær viðaukatillögur vorar, er fara fram á fjárveitingu til að leggja nú í haust tvær símalínur, aðra frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi og hina frá Ofanleiti að Stórhöfða í Vestmannaeyjum, höfum vjer átt tal við landssímastjóra. Telur hann, enda þótt hann sjálfur vilji ekki beitast fyrir því, að álmur þessar verði nú þegar lagðar, ekkert því til fyrirstöðu að svo verði gert. En hvað áhrærir nauðsyn þessara símaspotta, þá mun hún öllum auðsæ, sjerstaklega símalínunnar frá Ofanleiti að Stórhöfða, þar eð símasamband á milli vitastöðvarinnar Stórhöfða og kaupstaðarins miðar beint til þess að greiða fyrir björgun báta, sem í sjávarháska kunna að vera staddir.

Sú tillaga vor að veita 2 þús. krónur til launaviðbótar 1919 handa þeim vitavörðum, sem ekki hafa fengið dýrtíðaruppbót samkvæmt dýrtíðarlögum, er fram komin í samráði við vitamálastjóra. Í brjefi, dags. 14. jan. 1919, hafði hann tekið það fram, að yrði þessi launaviðbót ekki veitt, þá mundi ekki verða hjá því komist að leggja niður suma af vitunum, af því að þeir, sem gæta þeirra nú, mundu segja starfanum upp. Og í viðtali því, sem hann átti við nefndina, ítrekaði hann þessi ummæli sín. Og þar sem svo hagar til með marga af vitunum, að þeir verða naumast starfræktir nema af þeim, sem búa þeim næst, og þeim þess vegna svo að segja í lófa lagið að setja stólinn fyrir dyrnar, ef ekki helst samkomulag, þá lítum vjer svo á, að ekki yrði hjá því komist að sinna þessari kröfu.

Inn í 7. greinina leggjum vjer til að bætt sje tveimur styrkveitingum. Er önnur þeirra 1200 kr. námsstyrkur til Trausta Ólafssonar efnafræðinema. Maður

þessi hefir nú stundað efnafræði við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn í 4 ár. Hefir hann á þessu tímabili notið, eins og venja er til, Garðsstyrksins. En þar sem tími sá, er hann fær hans notið, er útrunninn í haust, þá sækir hann nú um styrk til þingsins (3500 kr.) til þess að geta haldið námi sínu viðstöðulaust áfram, enda gerir þá ráð fyrir, fái hann þennan styrk, að geta lokið því að hálfu öðru ári liðnu hjer frá. En það, sem frá voru sjónarmiði mælir sjerstaklega með því, að þessari styrkbeiðni sje sint, er á aðra hliðina það, að hjer virðist vera um mjög efnilegan námsmann að ræða, þar sem hann hefir lokið fyrri hluta verkfræðiprófsins með ágætiseinkunn, og á hina hliðina það, að landið hefir brýna þörf á að fá sem fyrst fullkominn efnafræðing til þess að veita rannsóknarstofu þess forstöðu.

Hin styrkveitingin, sem vjer viljum mæla með, er utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar. Hann hefir í erindi, dags. 15. f. m., farið þess á leit, að hann fengi 3000 króna styrk til utanfarar og dvalar í Leipzig næstkomandi vetur, í þeim erindum að nema til nokkurrar hlítar organslátt, kynnast söngment, og þá einkum kirkjusöngnum í Þýskalandi, og loks til þess að undirbúa útgáfu íslenskra úrvals sönglaga erlendis. Og þar sem oss dylst ekki, að hjer sje um einkar þarft og mikilvægt verkefni að ræða, sjerstaklega fyrir mann, er aðallega hefir verið falið að efla og útbreiða söngkunnáttu hjer á landi og stjórna söng í stærstu kirkju landsins, þá teljum vjer ekki nema eðlilegt og skylt, að Alþingi verði við þessari styrkbeiðni. Og því fremur ætti því að vera ljúft að snúast vel við henni, sem fortíð þessa manns gefur tryggingu fyrir því, að honum muni auðnast, ef líf og heilsa endist, að gera þær krónur, sem til þessara útgjalda ganga, fullkomlega arðberandi fyrir þjóðfjelagið.

Tillögu vorri um að veita ekkju Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðríði Þorvaldsdóttur, styrk í líkingu við styrk þann, sem hinum öðrum ekkjum, sem í 9. gr. standa, er veittur, hyggjum vjer að vjer þurfum ekki sjerstaklega að mæla með. Að styrkur til hennar hefir ekki verið tekinn upp í 9. gr., eins og styrkur til þeirra ekkna, sem þar eru nefndar, ætlum vjer að stafi að eins af vangá.

Að síðustu viljum vjer láta þess getið, að vjer erum ekki sammála háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar, þar sem hún í sambandi við 4. lið 8. gr. tekur það fram, að hún telji rjett, að stjórnarráðið innheimti hjá fiskkaupmönnum þær 600 kr., sem þar ræðir um. Vjer lítum svo á, að hjer sje á aðra hlið að ræða um þá eina fjárupphæð, sem litlu um munar, og að á hina hliðina sje það jafnóviðfeldið og óviðeigandi, að fiskkaupmennirnir sjeu látnir borga sjerstaklega yfirfiskimatsmanninum, þótt sú krókaleið sje til þess farin, sem hjer er bent á.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, ritari.

M. J. Kristjánsson. Karl Einarsson. Hjörtur Snorrason.

(A. III, 15.)

Ed. **351. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 5. gr.

a. Í staðinn fyrir orðin »er veitt« í fyrstu línu komi:
veitast.

b. Við 18. Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Við B. VI. Til akfærra sýsluvega ..... kr. 22106,14

c. Við 20. Á eftir þeim lið komi nýr liður, þannig hljóðandi:
Til að leggja símalínu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi ..... — 13600,00

Allan flutning frá Eyrarbakka út á símaleiðina (staura og annað efni, tjöld, farangur vinnumanna o. fl.) kostar hlutaðeigandi hjerað, sem enn fremur tekur að sjer að útvega alt að 10 duglega vinnumenn fyrir ekki hærra dagkaup en 7 kr.

d. Á eftir þeim lið komi annar nýr liður, svo hljóðandi:
Til að leggja talsímalínu frá Ofanleiti að Stórhöfðavita í Vestmannaeyjum ..... — 2450,00

e. Við 23. Á eftir þeim lið komi svo hljóðandi nýr liður:
Við E. II. Launaviðbót handa vitavörðum 1919 ..... — 2000,00

2. — 7. —

a. Við 7. Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til Trausta Ólafssonar til efnafræðináms ..... — 1200,00

b. Við 9. Í staðinn fyrir »11000,00« komi:
15000,00

c. Við 13. Á eftir þeim lið komi svo hljóðandi nýr liður:
Utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar — 3000,00

3. — 8. —

Við 7. Í staðinn fyrir »3000,00« komi:
8000,00

4. — 9. —

Við 2. Á eftir þeim lið komi nýr liður, þannig:
Styrkur handa ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðríði Þorvaldsdóttur, og 3 börnum þeirra ... — 600,00

Liðatala og samlagningartala hverrar einstakrar greinar, sem og aðalupphæðin í 1. gr., breytist samkvæmt því, sem samþykt verður.

(B. LVIII, 9).

Nd. **352. Frumvarp**

til laga um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vegamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rjett.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hjer greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengra:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

1. Ártúnsá á Kjalarnesi.
2. Kiðafellsá.
3. Laxá í Kjós.
4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.
7. Bjarnadalsá í Borgarfirði.
8. Sanddalsá í Borgarfirði.
9. Laxá í Hnappadalssýslu.
10. Núpá - — —
11. Bakkaá í Snæfellsnessýslu.
12. Glerá í Dalasýslu.
13. Geiradalsá.
14. Hvalsá í Strandasýslu.
15. Krossá í Strandasýslu.
16. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.
17. Víðidalsá - — —
18. Gljúfurá - — —
19. Auðólfsstaðaá í Langadal.
20. Hjeraðsvötn.
21. Svartá.
22. Norðurá í Skagafirði.
23. Eyjafjarðará.

24. Djúpá í Suður-Þingeyjarsýslu.
25. Reykjadalsá.
26. Eskifjarðará.
27. Kolgríma.
28. Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu.
29. Ásakvíslar.
30. Jökulsá á Sólheimasandi.
31. Bakkakotsá undir Eyjafjöllum.

II. Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum:

1. Leirvogsá.
2. Flóka.
3. Tunguá í Miðdölum.
4. Haukadalsá.
5. Laxá í Dalasýslu.
6. Laxá í Strandasýslu.
7. Kotá.
8. Valagilsá.
9. Glerá í Eyjafirði.
10. Skjálfandafljót.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.
14. Jökulsá í Jökuldal.
15. Eyvindará.
16. Skaftá.
17. Ásavatn.
18. Hólmsá á Mýrdalssandi.
19. Brúará.
20. Kópavogslækur.

III. Nýjar brýr á flutningabrautum:

1. Reynistaðará á Skagafjarðarbraut.
2. Grófargilsá á — —
3. Brúará á Grímsnesbraut.
4. Bakkakotsá í Ölfusi, á Suðurlandsbraut.
5. Gljúfurholtsá í Ölfusi, á — —

IV. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á ríkissjóði:

1. Elliðaár á Suðurlandsbraut.
2. Hólmsá - — —
3. Torfdalslækur á Þingvallabraut.

V. Endurbygging trjebrúa á öðrum vegum, sem kostað er viðhald á úr ríkissjóði:

1. Tungufljót á Gullfossvegi.
2. Hvítá á Brúarhlöðum.

VI. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum:

1. Álftá á Mýrum.
2. Hítará á Mýrum.
3. Grísholsá í Helgafellssveit.
4. Gufuá á Borgarfjarðarbraut.
5. Skarðslækur á Borgarfjarðarbraut.
6. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
7. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
8. Þverá á Fagradalsbraut.
9. Rauðilækur í Holtum.

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr ríkissjóði.

VII. Til nýrra brúa og endurbyggingar trjebrúa á öðrum vegum en þjóðvegum og flutningabrautum má verja árlega alt að 50000 kr. úr ríkissjóði.

Um greiðslu kostnaðar brúargerða, sem teljast á þessum lið, fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Brýr á fjallvegum gerast að öllu fyrir fje úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $^2/_3$ hlutum af ríkissjóði, gegn $^1/_3$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, nema $^3/_4$ hlutum gegn $^1/_4$ annarsstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, alt að 10 metra:

Til þess að gera nýjar brýr slíkar, eða endurbyggja gamlar trjebrýr, má verja árlega alt að 20000 krónum, og skulu þær brýr kostaðar að öllu úr ríkissjóði á þeim vegum, er ríkissjóður heldur við, að $^2/_3$ hlutum á flutningabrautum þeim og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, og til helmings móts við tillag annarsstaðar frá á öðrum vegum. Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf:
   a. Á vegum, er ríkissjóður heldur við eða gerðir eru að öllu eða einhverju leyti á kostnað ríkissjóðs, telst kostnaður við slíkar brýr með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.
   b. Á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, greiðist kostnaður við endurbyggingu slíkra smátrjebrúa að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., A, B og C, b, og til annara mannvirkja, er þar að lúta, þar með talin kaup á nokkrum vjelum, til fullkomnunar brúarsmiðju ríkissjóðs, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborgun af láni þessu eða lánum skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(C. XXII, 1).

Nd. **353. Tillaga**

til þingsályktunar um prentsmiðju fyrir landið.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að afla ábyggilegra upplýsinga um:

1. Hvort eigi væri hagkvæmt, að landið ætti prentsmiðju sjálft til eigin nota.
2. Hvað fullkomin og hæfilega stór prentsmiðja með húsum og öllum útbúnaði mundi kosta.
3. Hverjar horfur væri að öðru leyti á því, að slíku fyrirtæki yrði komið á með góðum starfskröftum og forstöðu.
4. Að legg a árangurinn af þessari rannsókn fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er fer prentun fyrir ríkið (landið) stöðugt vaxandi, ekki einungis að krónutali sökum dýrtíðar, heldur og að umfangi. Má benda á Alþingi, stjórnarráð, pósthús, landssíma, hagstofu o. fl. Fer prentun fyrir þessar

stofnanir sívaxandi nú og framvegis, og eftir lauslegri athugun nefndarinnar mun kostnaðurinn, að pappír meðtöldum, vera kominn yfir 150 þúsund kr. á ári, og er þó ýmisleg prentun fyrir opinberar stofnanir þarna að auki.

Margra álit er, að þessi kostnaður mundi verða nokkuð mikið ljettari, ef landið hefði sína eigin prentsmiðju, og eru flestir í fjárveitinganefndinni þeirrar skoðunar, svo framarlega sem slíkt fyrirtæki væri hyggilega stofnað og því vel stjórnað.

Nefndinni virðist því nauðsynlegt, að mál þetta sje gaumgæft og rannsakað rækilega sem fyrst, enda hafa henni borist ýmsar hvatningar í þá átt.

(B. LXIII, 1).

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþyktar og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd ákveða í reglugerð, að veita megi úr sýslusjóði verðlaun fyrir framúrskarandi dugnað við eyðing refa.

3. gr.

Skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers fyrir sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og sendar sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs.

Eftir að sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir átt kost á að athuga skýrslur þessar og leiðrjetta þær, ef þurfa þykir, skulu þær sendar stjórnarráðinu, er síðan annast um, að þær verði birtar á sama hátt og aðrar skýrslur um landshagi.

4. gr.

Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur, og má tiltaka, að uppljóstrarmaður eða uppljóstrar-

menn skuli hljóta alt að helmingi sektarfjárins. Sektir renna að öðru leyti í sveitarsjóð, þar er brot er framið. Alt að 2 króna dagsektum má beita fyrir hvern þann, er tregðast við að gefa skýrslu samkvæmt 3. gr., og renna dagsektir í viðkomandi sýslusjóð eða bæjarsjóð.

5. gr.

Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, úr gildi numin.

Greinargerð.

Þá er nefndin hafði til athugunar frv. til laga um bann gegn refarækt, tók hún til ítarlegrar yfirvegunar spurninguna um það, hvort almenn lög um eyðing refa myndu að haldi koma, og á þingskjali 272 er skýrt frá niðurstöðu nefndarinnar um þetta atriði.

En við þessa yfirvegun kom það í ljós, að nokkra nauðsyn bæri til að endurnýja lög nr. 11, 22. mars 1890, um löggiltar reglugerðir sýslunefnda og fella úr gildi lög um breyting á þeim lögum, þ. e. lög nr. 36, 24. nóv. 1893. Nefndin taldi einnig æskilegt, að í heimildarlög um löggiltar reglugerðir um eyðing refa væri sett ákvæði um skýrslur um þetta efni, þannig, að þær í framtíðinni gætu gefið nokkurn veginn glögt yfirlit yfir það, hvort framkvæmdir í þessu nauðsynjamáli miði að því um land alt, að æskilegu takmarki verði náð.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að flytja þetta litla frumvarp, og í þeirri von, að háttv. deild geti — án þess að eyða nema örlitlu af tíma sínum — fallist á, að það sje til verulegra bóta, og veitt því fylgi sitt.

Hjer skal svo ger nokkuð ítarlegri grein fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Við 1. gr.

Tilvitnanir og orðalag 1. gr. laganna frá 1890 er orðið úrelt mjög, meðal annars er skírskotað til tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, sem fyrir nálega 14 árum er úr gildi gengin. Aðalefni 1. gr. frv. er þó hið sama og í 1. gr. laganna, að eins vitnað í nýrri heimildir og sett í samband við núverandi stjórnskipulag ríkisins.

Við 2. gr.

3. gr. laganna 1890 ákveður, að kostnað við eyðing refa skuli greiða úr sveitarsjóði, en með lögum 24. nóv. 1893 er þessi grein numin úr gildi. Tilætlun þeirra, sem gerðu þessa lagabreytingu, var sú, að kostnað við eyðing refa í öðrum afrjettarlöndum en þeim, sem eru eign sveitarfjelags, skyldi eigi greiða úr sveitarsjóði. Það er fágætt mjög, að þessu lagaákvæði hafi verið fylgt í framkvæmdinni, enda langt frá því að vera sanngjarnt, að einstakir menn greiði slík-

an kostnað. Auk þess hafa afrjettarlönd gengið mjög í eign sveitarfjelaga víða um landið síðan lög þessi voru sett.

Væntanlega verða nú ekki skiftar skoðanir um það, að kostnaður við eyðing refa greiðist svo, sem fyrir er mælt í greininni.

Við 3. gr.

Í löggiltum reglugerðum sýslunefnda um eyðing refa er í ýmsum hjeruðum landsins ákveðið, að skýrslur slíkar, sem nefndar eru í greininni, skuli samdar og sendar oddvitum sýslunefnda. Rjett þykir að setja í lögin almenn ákvæði um þetta, og að skýrslunum sje safnað á einn stað, í þeim tilgangi, sem nánar er getið hjer að framan.

Við 4. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er tekin orðrjett upp úr lögunum 1890 (2. gr.), nema hvað upphæð sekta er færð nær samræmi við nútíðarverðgildi peninga.

5. og 6. gr.

þarfnast ekki skýringa.

(C. XIII, 4).

Ed. **355. Þingsályktun**

um atvinnulöggjöf o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 13. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um:

1. Heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hjer, til þess að reka hjer hverskonar atvinnu, og um það, hve nær þeim verði úr landi vísað og hvaða ráðstafanir stjórnarvöld skuli gera í því skyni.
2. Rjett fjelaga til þess að reka hjer atvinnu, og
3. Önnur þau ákvæði, er ástæða þykir til að setja um rjettindi útlendra manna og skyldur.

(C. XVII, 4).

Ed. **356. Þingsályktun**

um vegamál.

(Afgreidd frá Ed. 13. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. *að* láta gera rannsókn á því, hvort eigi sje rjettmætt að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar slík fjölgun ætti helst að verða;

2. *að* taka til athugunar, hvort ekki sje rjett að lögákveða framlög úr landssjóði til sýsluvega, er sje minst helmingur kostnaðar;

3. *að* athuga og gera tillögur um, hvort ekki sje rjett að taka lán til að flýta fyrir vegagerðum í landinu;

4. *að* gera tillögur um gjaldstofna sýslusjóða vegna vegagerða, aðra eða fleiri en þá, sem nú eru.

(A. III, 16).

Ed. **357. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Flutningsmaður: H. Steinsson.

Við 8. gr. 1.

Á undan þeim lið komi svo hljóðandi liður:

Dýrtíðaruppbót af aukatekjum dýralækna árið 1919 kr. 1500,00.

(B. IX, 5).

Nd. **358. Frumvarp**

til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Þó skal um leyfi til að nota vatnorku fara eftir því, sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum. Eigi þarf leyfi til leigu á eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára eða með uppsögn með eigi lengri en $^1/_2$ árs uppsagnarfresti.

Hverskonar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur, námurjettur, rjettur til að hagnýta vatnorku og því um líkt, er talinn notkunarrjettur í lögum þessum.

2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefir skjal, slíkt sem segir í 3. gr., verið fyrirfram innritað eða þinglesið, eða einhver, sem hefir fengið rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. og full-

nægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi hennar eða afnotahafi, og skal ráðherra þá, þegar hann er orðinn þessa vitandi, setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal setja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi. Skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart, og fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að einhver sá, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. leyfislaust, missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti

nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefir einhver sá öðlast rjettindi samkv. 1. gr. yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, er eigi fullnægir skilyrðum þeirrar greinar, og skal honum þá veittur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. XVIII, 2).

Ed. **359. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þegar lög voru sett um fasteignamat 1915, mun það einkum hafa verið gert í því skyni að fá með því grundvöll undir fasteignaskatt. En síðan frjettir tóku að berast af matinu, hefir víða orðið vart við efa um, að það hafi tekist eins vel og þurft hefði að vera. Þegar landbúnaðarnefnd fjekk til athugunar frumvarp það, sem nefnt er hjer að ofan, vaknaði hjá henni sú hugsun, að rjett mundi vera að auka frumvarpið með fyrirmælum um skipun fasteignamatsnefndar fyrir land alt, sem það starf væri ætlað að athuga og samræma matið yfirleitt. Landbúnaðarnefndin hefir nú athugað fasteignamatsbækur sýslnanna lítils háttar, þær sem komnar eru til stjórnarráðsins, og hefir styrkst við það sú skoðun hennar, að skipun yfirmatsnefndar fyrir alt landið sje nauðsynleg.

Við athugun fasteignamatsbókanna kemur það fljótt í ljós, að mjög misjafnlega hefir verið til þeirra vandað. Þannig eru t. d. svo greinilegar lýsingar á húsum og jörðum í fasteignamatsbók Dalasýslu, að auðvelt virðist vera að framkvæma mat eftir þeim, hvar sem vera skal. Á hinn bóginn er það víða, að lýsingar á jörðum og húsum eru mjög ófullkomnar. Það verður heldur ekki sjeð á bókunum, hverskonar verðmælikvarða nefndirnar hafa einkum notað. En fljótsjeð er þó, að verðlagið er miklu hærra í sumum hjeruðum en öðrum. Minna munu verðhlutföllin hafa raskast innbyrðis í hjeruðunum, en þó töluvert, miðað við það, sem áður var. Yfirleitt hafa jarðirnar hækkað í verði, en að því er virðist, smærri jarðirnar tiltölulega meira en þær stærri, sem líklega stendur í sambandi við það, að gæði stærri jarðanna sje nú miður notuð hlutfallslega, vegna hinnar sívaxandi verkafólkseklu í sveitunum. Mat jarðanna virðist einkum hafa verið bygt á lýsingum ábúenda og lýsingarnar vera meir miðaðar við afrakstur, sem af jörðunum hefir fengist í seinni tíð, en það hvað þær geta af sjer gefið. Auk þess munu hafa komið fram í lýsingunum mismunandi tilhneigingar til að lækka jarðir, eða hækka, í verði. Til þess að koma í veg fyrir, að þetta hefði mikil áhrif á jarðamatið, hefði þurft meiri kunnleika en við er að búast, að 3 menn hafi á jörðum í heilli sýslu; enda einkennilegt og óheppilegt, að því er virðist, að hafa 2 matsnefndir, undirmatsnefnd og yfirmatsnefnd, fyrir sama svæði. Virðist auðsætt, að kunnleikans vegna, að minsta kosti, hefði verið heppilegra að hafa undirmatsnefndirnar fleiri, t. d. sína í hverjum hreppi, og ætla svo yfirmatsnefndunum að samræma og lagfæra matsgerðir undirnefnda.

Vonlaust má telja, að yfirmatsnefnd, landsnefnd, geti lagað allar þær misfellur, sem orðið hafa á fasteignamatinu; en aðalannmarka þess, verðlagsmismun hjeraðanna, ætti slík nefnd að geta lagfært töluvert. Líklegt er líka, að hún gæti, eftir ítarlega athugun matsins, gefið mikilsverðar leiðbeiningar um fasteignamat yfirleitt, svo að betur yrði komist hjá þeim skerjum eftirleiðis, sem þetta mat hefir rekist á. Leggur því landbúnaðarnefndin eindregið til, að slík nefnd verði skipuð, og að henni verði veitt vald til að ná í þær frekari upplýsingar frá undirnefndanna hálfu, sem henni kunna að þykja nauðsynlegar.

Til tals kom það í nefndinni, að oflítið mundi lagt í hundrað (á landsvísu) eftir lögunum frá 1915, eins og verðlagi nú er háttað. En þar sem vafasamt er enn, að það atriði fái beina þýðingu, og rjettara virðist að draga gagngerða endurskoðun á lögunum, þá gerir hún enga tillögu um það efni.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurjón Friðjónsson, skrifari og framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XVIII, 3).

Ed. **360. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Eftir 2. gr. komi tvær greinar, svo hljóðandi:

3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

2. 3. gr. verður 5. gr.

(B. LXV, 1).

Nd. **361. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Framan af annari málsgrein 2. gr. falli »valir«.

2. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu alfriðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar og teljast þá undir 2. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

4. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:

500 kr. sekt.

Greinargerð.

Konungur fuglanna, örninn, er nær aldauða hjer á landi, og valurinn orðinn fágætur í mörgum hjeruðum.

Hvortveggi þessara fugla eru nú ófriðaðir og eftirsóttir mjög af þeim, sem fuglahömum safna.

Þótt báðir sje þeir ránfuglar, þá er »rán« þeirra búöndum eigi sjerlega bagalegt. Þeir lifa mestmegnis af sjófangi og rjúpum.

Fuglategundir þessar eru einkennilegar fyrir Ísland og að nokkru leyti prýði þess, einkum valurinn, sem skreytt hefir skjaldarmerki vort um langan tíma og er að fornu frægasta konungsgersemi. Virðist dýralíf landsins eigi svo auðugt, að rjett sje að leyfa drápgirni mannanna að eyða þessum frægu, háfleygu og harðvítugu fuglum.

(B. XXX, 9.)

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með svo feldri

BREYTINGU:

1. gr. hljóði svo:

Í stað orðanna »en aðrir gjaldi 10 kr.« í 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., komi:

Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, ef hundsins, að þeirra áliti, er sjerstök þörf til verndar grasrækt, fært gjaldið niður í 10 kr.

Alþingi, 13. ág. 1919.

Magnús Torfason, formaður.	H. Steinsson, ritari.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XXXVI, 3).

Ed. **363. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Í lögum nr. 32, 26. okt. 1917, er fyrirskipun um að þau, m. m., skuli feld inn í texta laga nr. 39, 11. júlí 1911, en farist hefir fyrir að fullnægja henni. Er því ástæða til í þessum lögum að ítreka þetta, og ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumvarpið með svo feldri

BREYTINGU.

Á eftir 2. gr. komi svo feld

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög, nr. 39, 11. júlí 1911, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

Alþingi, 13. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.	Magnús Torfason, ritari.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.

(B. LXVI, 1).

Nd. **364. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal um Ás, með stöð í Vallanesi; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi.

Greinargerð.

Um hana er vísað til nefndarálits á þingskj. 365.

(B. XVIII, 4; XIX, 2; LI, 2; LIX, 2.)

Nd. **365. Nefndarálit**

um frumvörp til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Til nefndarinnar hefir verið vísað 4 frumvörpum um viðauka við og breytingar á ritsímalögunum frá 1917. Frumvörp þessi eru í þingskj. 66, 67, 201 og 249.

Sömuleiðis hafa komið fram breytingartillaga, á þingskjali 89, við frumvarpið á þingskjali 66, og viðaukatillaga við þá breytingartillögu, á þingskjali 211.

Nefndin hefir leyft sjer til hægðarauka að taka frumvörp þessi öll upp í eitt frv., á þgskj. 364, þar sem einnig er tekin til greina áður nefnd breytingar- og viðaukatillaga, og enn fremur bætt við nýjum atriðum. Þó er þetta gert með nokkrum breytingum, og eru þær allar gerðar í samráði við landssímastjóra. Skal þeirra getið í stuttu máli.

Við frumv. á þgskj. 66 er sú breyting ger, að línan frá Silfrastöðum að Vatnsleysu er feld úr, en í þess stað sett með stöð á Stóru-Ökrum. Þessi lína er löng og yrði dýr, og myndi naumast verða á henni nema 1 stöð, þar sem nú er símastöð á Vatnsleysu. Hitt mikið ódýrara og ætti að verða að fullum notum, að taka á hentugum stað álmu úr aðallínunni yfir að Stóru-Ökrum, eða að lína yrði frá Silfrastöðum að Ökrum. En þetta vill nefndin láta óákveðið, eftir ósk landssímastjóra, og telur rjett, að hann ákveði það sjálfur, eftir því sem best við á.

Hvað snertir frv. á þgskj. 67, þá leggur nefndin til nokkrar breytingar á því. Þar er ákveðið, að línan liggi frá Egilsstöðum, sunnan megin Lagarfljóts, að Vallanesi, þaðan yfir fljótið að Ási og upp að læknissetrinu Brekku. Nefndin leggur aftur til, að línan liggi af aðallínunni norðan megin fljótsins, að læknissetrinu Brekku, um Ás, með hliðarlínu að Vallanesi. Þessi breyting styðst við það, að þar sem sæsími þarf að liggja yfir fljótið, er hættara við, að hann bili, og gæti tekið nokkurn tíma að fá viðgerð á honum; en þegar svo stæði á, misti læknissetrið símasamband, sem verður að teljast mjög óheppilegt, þegar hægt er að komast hjá því, og fullnægja þó kröfum þeim, sem frumv. fer fram á.

Frv. á þgskj. 201 og 249 eru óbreytt tekin upp, enda er sú breyting, sem þau gera á núverandi símalínuákvörðun, bæði til mikils sparnaðar og gerð eftir tillögum landssímastjóra, eins og greinargerð ber með sjer.

Breytingartillöguna á þgskj. 89 vill nefndin taka til greina að því leyti, að taka upp línu, með stöð í Glæsibæjarhreppi og í Skriðuhreppi, og aðra frá Akureyri, um Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. En línan yfir Öxnadalsheiði til Akureyrar á ekki við í þessari grein laganna, þar sem þar er um sambandslínu að ræða, er liggur undir ákvörðun símastjórnar.

Viðaukatillöguna á þgskj. 211 hefir nefndin tekið til greina.

Að lokum skal þess getið, að nefndin hefir tekið upp línu til Skógarness, sem óákveðið er hvar tekin yrði úr aðallínunni og er á valdi landssímastjóra.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson,
form. Nd.nefnd. og samvinnun. og ritari.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.nefnd. og samv.n.

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason. Björn R. Stefánsson. Þorsteinn Jónsson.

H. Steinsson,
form. Ed.nefndar og frsm.

Benedikt Sveinsson. Sigurjón Friðjónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Kristinn Daníelsson. Björn Kristjánsson.

(C. XXIII, 1).

Nd. **366. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Til fullnaðar aðalsímaleiðin sunnanlands milli Víkur og Hornafjarðar.
2. Hin fyrirhugaða símaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.
   Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
3. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfljótsvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
4. Leiðin milli Þórshafnar og Skála á Langanesi.
5. Hvar heppilegast muni að leggja síma frá Tálknafirði til Hvestu í Dalahreppi og Selárdals í sama hreppi.
6. Leiðin að Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum svo fljótt sem unt er.

(B. XLV, 2).

Nd. **367. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og fallist á, að rjettmætt sje að það gangi fram með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
   Fyrir »sýslunnar« komi:
   sýslu.
2. — 2. — Fyrir orðið »eftir« í annari línu greinarinnar komi:
   samkvæmt.

3. Við 5. gr.

a. Fyrir orðin »vegagjöld og eru þau ekki« komi: hreppsvegagjöld, er eigi skulu.

b. Á eftir orðinu »lausafjáreign« í síðustu línu komi: eða.

4. — 7. —

Fyrir orðin »og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál« komi: og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Alþingi, 7. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, form. Nd.-nefnd. og samv.-nefnd. og frsm. Nd.-nefnd.

Gísli Sveinsson, skrifari Nd.-nefnd. og samv.-n.

H. Steinsson, form. Ed.-nefndar.

Guðjón Guðlaugsson, framsm. Ed.-nefnd.

Sigurjón Friðjónsson, (með fyrirvara).

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason. Björn R. Stefánsson. Þorsteinn Jónsson.

Benedikt Sveinsson. Kristinn Daníelsson. Björn Kristjánsson.

(B. XXXV, 2).

Nd. **368. Álit**

um frv. til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir eigi með öllu getað orðið samferða í þessu máli. En meiri hlutinn hefir nú fyrir sitt leyti athugað frumvarp þetta, sem fer fram á að lögákveða hvíldartíma fyrir lítinn hluta manna, sem gera sjer fiskveiðar að atvinnuvegi.

Eins og kunnugt er, hefir sjávarútvegur verið rekinn um langan aldur, og er hann annar aðal-atvinnuvegur landsmanna. En eins og hagar til hjer á landi bæði með veðuráttu og fiskgöngur, má telja mjög varhugavert að setja formönnum á fiskiskipum, hvort sem þau eru stærri eða smærri, lög um það, hvernig þeir eigi að haga fiskveiðum sínum. Og það er því fremur varhugavert, sem telja má, að eigi sje nema svo sem hálft árið, sem menn geta verulega notið sín við veiðar og aðra atvinnu hjer á landi.

Það er ekki hægt að líta á fiskveiðar eins og reglubundna og tilbreytingalausa verksmiðju- eða námuvinnu, þar sem veður getur aldrei hamlað störfum og verkefnið er alt af fyrir hendi. Sjómaðurinn verður ávalt að sæta lagi að fiska þegar veður leyfir og þegar fisk er að fá. Og þar sem góðveður eru svo stopul hjer á landi, og fiskgöngur ekki síður stopular, þá er það ekki nema

eðlilegt, að sjómaðurinn hljóti að neyta allrar orku til að afla þegar tækifærið býðst, enda hafa sjómenn alt af gert það, mann fram af manni. En þetta hefir líka skapað okkar dugmiklu sjómannastjett

Meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að ef það fyr eða síðar yrði talið nauðsynlegt, að löggjöfin færi að kveða á um hvíldartíma við störf hjer á landi, þá hlytu þau ákvæði að ná til miklu fleiri atvinnugreina en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Það er kunnugt, að menn vaka og »ofþreyta sig«, sem kallað er, við miklu fleiri störf en sjómensku á botnvörpuskipum; þannig er nefndinni kunnugt um, að menn t. d. þreyta sig ekki öllu minna við fiskveiðar á seglskútum og mótorbátum, er veður leyfir og afli býðst. Enn fremur er það kunnugt, að menn vaka og vinna látlaust við síldarvinnu, þegar mikill afli berst að landi. Menn vinna á meðan þeir geta, er brýn þörf er á.

Þá er það upplýst í nefndinni, að áhuginn fyrir því að afla á botnvörpuskipum og öðrum skipum og að leggja á sig vökur, ef þarf, sje engu minni hjá hásetunum en skipstjórum, því að eins og kunnugt er, bera hásetar einnig eftir því meira úr býtum, sem meira aflast.

Það mun mjög sjaldan koma fyrir, að skipstjórar þröngvi hásetum sínum til að vaka óhæfilega lengi; það kvað hafa komið fyrir fyrir nokkrum árum. Þótt slíkt hafi komið fyrir, og ef til vill verið nokkuð algengt áður, þá má eftir upplýsingum þeim, sem nefndin hefir aflað sjer, álíta, að þess sje nú mjög fá eða engin dæmi, með því að útgerðarmenn hafa sannfærst um, að það borgi sig ekki að láta skipshöfnina fara á mis við nauðsynlega hvíld.

Meiri hlutinn hefir og fengið ábyggilegar upplýsingar um, að hugsunarháttur sjómanna sje nú orðinn þannig, að ef skipstjóri væri þektur að því að þröngva hásetum sínum til alt of mikillar vinnu, þá mundi hann alls ekki fá neinn háseta. Þetta er líka mjög eðlilegt, því að hásetinn er frjáls að því að setja upp, er hann ræður sig, að ekki sje yfirdrifin vinna af honum heimtuð eða óhæfilega miklar vökur.

Meiri hlutinn hyggur því, að hollast sje að halda gömlu reglunni, að útgerðarmenn og hásetar fái áfram að semja frjálst um atvinnu á botnvörpuskipum, eins og gerist um allar aðrar atvinnugreinir landsins, sem háðar eru veðuráttunni og öðrum óviðráðanlegum kringumstæðum.

Þess vegna ræður meiri hluti nefndarinnar háttvirtri deild til af afgreiða málið með svo hljóðandi

DAGSKRÁ.

Með því að eigi virðist ráðlegt að fastákveða með lögum hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, nje við annan veiðiskap, telur deildin ekki gerlegt að fallast á frumvarpið, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. ágúst 1919.

Björn Kristjánsson, form. og ritari.	Pjetur Ottesen, fundaskrifari.	Matth. Ólafsson, framsögum.

Björn R. Stefánsson.

(B. XLVI, 2).

Nd. **369. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í frv. þetta eru tekin upp gildandi forkaupsrjettarlög, en þeim ákvæðum skotið inn í þau, að sje jörð í sjálfsábúð til sölu, þá skuli sá jafnan sitja fyrir kaupum, sem tekur jörðina til ábúðar, og afsali hann sjer þeim rjetti, þá öðlist sveitarfjelag það rjettinn, sem jörð eða jarðargögn liggja í.

Að forkaupsrjetturinn falli til þess manns, er tekur jörð til ábúðar, svo á þeim jörðum, er verið hafa í sjálfsábúð, sem leigujörðum, virðist nefndinni mjög eðlilegt og sjer ekki, að með því sje að nokkru leyti þröngvað kosti seljanda, þar sem viðtakandi fær því að eins að njóta þessa rjettar, að hann gangi að öllum hinum sömu greiðsluskilyrðum og aðrir bjóða.

Enn fremur lítur nefndin svo á, að eðlilegast sje, að neyti ekki viðtakandi forkaupsrjettar síns, þá hafi sveitarfjelagið rjett til kaupanna, með öðrum orðum, að um þessar jarðir gildi hin sömu forkaupsrjettarákvæði og á leigujörðum. Þessi útfærsla forkaupsrjettarins virðist ekki að neinu leyti stuðla til þess, að nákominn ættingi sjálfseignarbónda eða hver annar, er hann mundi óska, gæti ekki náð forkaupsrjetti á jarðeigninni, vilji seljandi láta hann sitja fyrir kaupum, því til þess þarf hann að eins að láta væntanlegan kaupanda fá byggingu fyrir jörðinni.

Ákvæði þetta er af flutningsmönnum frv. sýnilega sett inn í lögin til þess að koma í veg fyrir að þessar jarðir, eigi fremur en leigujarðir, lendi í höndum jarðabraskara eður annara þeirra manna, er ekki búast við eða hafa nokkurn hug á því að taka þær til ábúðar, heldur kaupa þær að eins í fjárgróðaskyni, án alls tillits til þess, hvort þau kaup miða jarðeigninni og sveitarfjelaginu til hagnaðar eða tjóns.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, fellst nefndin á, að tilgangur flutningsmanna með þessari breytingu á lögunum sje mjög eðlilegur og í fullu samræmi við þá hugsun, sem lögin um forkaupsrjett eru bygð á, en vill þó leyfa sjer, til þess að gera þetta ákvæði ljósara, að koma fram með svo felda

BREYTINGARTILLÖGU.

1. Við 6. og 7. gr.:

Í stað þessara greina komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, enda eigi enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett, og skal þá jafnan bjóða hana hreppnum, sem hún liggur í, til kaups, þó svo að hreppurinn greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sjeu honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. Við 9. gr., er verður 8. gr.:
Í stað »1.—8. gr.« komi:
1.—7. gr.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, form. og framsögumaður. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXV, 10).

Nd. **370. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 500 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LVIII, 10).

Ed. **371. Frumvarp**

til laga um brúargerðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vegamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rjett.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hjer greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengra:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

1. Ártúnsá á Kjalarnesi.
2. Kiðafellsá.
3. Laxá í Kjós.
4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.
7. Bjarnadalsá í Borgarfirði.
8. Sanddalsá í Borgarfirði.
9. Laxá í Hnappadalssýslu.
10. Núpá - — —
11. Bakkaá í Snæfellsnessýslu.
12. Glerá í Dalasýslu.
13. Geiradalsá.
14. Hvalsá í Strandasýslu.
15. Krossá í Strandasýslu.
16. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.

17. Víðidalsá í Húnavatnssýslu
18. Gljúfurá - — —
19. Auðólfsstaðaá í Langadal.
20. Hjeraðsvötn.
21. Svartá.
22. Norðurá í Skagafirði.
23. Eyjafjarðará.
24. Djúpá í Suður-Þingeyjarsýslu.
25. Reykjadalsá.
26. Eskifjarðará.
27. Kolgríma.
28. Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu.
29. Ásakvíslar.
30. Jökulsá á Sólheimasandi.
31. Bakkakotsá undir Eyjafjöllum.

II. Endurbygging trjebrúa á **þjóðvegum:**

1. Leirvogsá.
2. Flóka.
3. Tunguá í Miðdölum.
4. Haukadalsá.
5. Laxá í Dalasýslu.
6. Laxá í Strandasýslu.
7. Kotá.
8. Valagilsá.
9. Glerá í Eyjafirði.
10. Skjálfandafljót.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.
14. Jökulsá í Jökuldal.
15. Eyvindará.
16. Skaftá.
17. Ásavatn.
18. Hólmsá á Mýrdalssandi.
19. Brúará.
20. Kópavogslækur.

III. Nýjar brýr á **flutningabrautum:**

1. Reynistaðará á Skagafjarðarbraut.
2. Grófargilsá á — —
3. Brúará á Grímsnesbraut.
4. Bakkakotsá í Ölfusi, á Suðurlandsbraut.
5. Gljúfurholtsá í Ölfusi, á — —

IV. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á ríkissjóði:

1. Elliðaár á Suðurlandsbraut.
2. Hólmsá - — —
3. Torfdalslækur á Þingvallabraut.

V. Endurbygging trjebrúa á öðrum vegum, sem kostað er viðhald á úr ríkissjóði:

1. Tungufljót á Gullfossvegi.
2. Hvítá á Brúarhlöðum.

VI. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum:

1. Álftá á Mýrum.
2. Hítará á Mýrum.
3. Grísholsá í Helgafellssveit.
4. Gufuá á Borgarfjarðarbraut.
5. Skarðslækur á Borgarfjarðarbraut.
6. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
7. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
8. Þverá á Fagradalsbraut.
9. Rauðilækur í Holtum.

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr ríkissjóði.

VII. Til nýrra brúa og endurbyggingar trjebrúa á öðrum vegum en þjóðvegum og flutningabrautum má verja árlega alt að 50000 kr. úr ríkissjóði.

Um greiðslu kostnaðar brúargerða, sem teljast á þessum lið, fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Brýr á fjallvegum gerast að öllu fyrir fje úr ríkissjóði.
b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $^2/_3$ hlutum af ríkissjóði, gegn $^1/_3$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, nema $^3/_4$ hlutum gegn $^1/_4$ annarsstaðar frá.
c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, alt að 10 metra:

Til þess að gera nýjar brýr slíkar, eða endurbyggja gamlar trjebrýr, má verja árlega alt að 20000 krónum, og skulu þær brýr kostaðar að öllu úr ríkissjóði á þeim vegum, er ríkissjóður heldur við, að $^2/_3$ hlutum á flutningabrautum þeim og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, og til helmings móts við tillag annarsstaðar frá á öðrum vegum. Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf:

a. Á vegum, er ríkissjóður heldur við eða gerðir eru að öllu eða einhverju leyti á kostnað ríkissjóðs, telst kostnaður við slíkar brýr með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

b. Á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, greiðist kostnaður við endurbyggingu slíkra smátrjebrúa að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., A, B og C, b, [og til annara mannvirkja, er þar að lúta, þar með talin kaup á nokkrum vjelum, til fullkomnunar brúarsmiðju ríkissjóðs, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti [og] afborgun af láni þessu eða lánum skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XXVIII, 11).

Ed. **372. Frumvarp**

til laga um hæstarjett.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti, geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.

2. Heldur bækur hæstarjettar.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.

4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.

5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.

6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.

7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.

2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.

4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.

6. Brjefabók.

7. Aukatekjubók.

8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á

eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje, eða samband hans við aðilja sje slíkt, sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt end-

urgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það, að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn

fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer og gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tiðkast hefir, eftir því sem samrímanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tiðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðning hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þann-

ig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjun-

arleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

(B. XXXV, 3).

Nd. **373. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Jeg undirritaður hefi eigi getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um meðferð frumvarpsins. Hygg jeg ekkert óhapp geti af löglæiðingu þess stafað, en miklu fremur sátt og samlyndi milli útgerðarmanna og háseta.

Út af fyrir sig getur það ekki mælt á móti frv., þótt víðar kunni að vera þörf á líkri lagasetningu eða þótt síðar kunni að verða nauðsynlegt að skipa vinnubrögðum almennar með lögum. Ekki er það heldur næg ástæða til að hafna frv., þótt oftast megi ná tilgangi þess með samningum. Ákvæðin eru þeirra vegna, sem ekki hafa tök á því.

Aðalspurningin í þessu máli verður ekki um þörfina á löghelguðum hvíldartíma. Um hana má að vísu deila, en alment verður að líta svo á, að þörfin á hvíld sje jafnbrýn og þörfin á viðurværi. En auk þess er hjer að ræða um margítrekaða ósk sjómanna um lögákveðna hvíld, og bendir hún til þess, að hjer sje aðkallandi þörf, því að sá veit þó jafnan best hvar skórinn kreppir, sem ber hann á fæti. Ýmsir aldraðir og heilsulinir sjómenn kenna kappvökum við togaraveiði um heilsubrest sinn, og óneitanlega eru kappvökur einhver allra versta sóun á mannlegum lífsþrótti.

Siglingalögin ákveða einhliða um vald og rjettindi skipstjóra, þegar skip er í förum, og tryggja þau hásetum enga ákveðna hvíld eða undanþágu frá því, sem skipstjóri kann að bjóða í þarfir skips og ferðar. Þetta er eðlilegt meðan skip er á ferð, eða við nauðsynjaverk í þarfir skips, því til bjargar eða öryggis, en þennan fortakslausa skipunarrjett skipstjóra má eðlilega misbrúka og færa hann yfir á svið annara starfa, svo sem veiðiskaparins, og er eðlilegt, að þeir kvarti, sem fyrir því verða, einkum ef aðstaða þeirra til samninga meinar þeim að tryggja sjer samningslega nauðsynlega hvíld.

Hjúalög og vinnulöggjöf hvarvetna lýtur að því, meira eða minna, að tryggja rjett þess — hvort heldur vinnuþiggjanda eða veitanda — sem eigi getur samningslega trygt hann. Að þessu stefnir frv., og er það því í samræmi við eldri lög, t. d. hjúalögin, sem meðal annars skylda húsbónda til að veita hjúi nægilega hvíld og aðhlynningu og bjóða varnað á að skipa hjúum hættuleg verk.

Frumvarp þetta þarf eigi að loka leiðum til samninga milli skipstjóra og háseta um auknar vökur eða verk, þegar þörf krefur, nje heldur á það að stofna hagsmunum útgerðarmanna í hættu. Lágmark hvíldartímans verður að vera sett, þar sem óhjákvæmileg nauðsyn heimtar, ef starfsþoli og heilsu manna á eigi að vera misboðið.

Þegar vel veiðist og hagsmunir háseta eru tengdir við hagnýtingu fengsins, verður að gera ráð fyrir því, að þeir liggi ekki á liði sínu eða neiti skipstjóra um nauðsynlega vinnu, jafnvel ekki á sjálfum hvíldartímanum. Hins vegar varna ákvæði frv. því, að heimtaðar verði með sjálfskyldu af þróttlitlum vinnuþiggjendum þær vökur og erfiði, sem heilsu þeirra stafar hætta af.

Mjer þykir meiri von til þess, að ákvæði frumvarpsins um lögtrygðan hvíldartíma skapi þá mennilegu hugsun hjá hásetunum, að rækja skyldustörfin vel, en að þau skapi mótþróa og tómlæti, og byggist sú skoðun á því, að rjettlæti skapi rjettlætishugsun hjá þeim, sem þess fá að njóta. Hitt er aftur sennilegt, að alger daufheyrsla við krófum háseta um rjettingu mála þeirra í þessu efni geti leitt til frekari ágreinings, eða jafnvel óbilgirni af hendi þeirra, sem álíta sig bera skarðan hlut frá borði.

Jeg tel því rjett að leita hjer miðlunar, og ræð háttvirtri deild til að samþykkja frv. með svo feldum

BREYTINGUM.

a. 1. gr. orðist svo:

Skylt er eigendum og útgerðarmönnum íslenskra botnvörpuskipa að veita hásetum sínum að minsta kosti 6 stunda hvíldartíma á sólarhring hverjum, þegar skip er að veiðum, nema annan veg sje um samið.

b. 4. gr. falli burt.

Alþingi, 13. ágúst 1919.

Sveinn Ólafsson.

(A. XXVII, 2).

Ed. **374. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað: »með skrásetning hjer í ríkinu« komi:
orðið skrásett á Íslandi og.
2. — 1. gr. Á undan »hjer« seinast í gr. komi:
vera.
3. — 1. gr. Á eftir gr. komi ný málsgrein:
Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.
4. — 2. gr. Í stað: »skipsins . . . spurt« komi:
og rjett nafn.
5. — 2. gr. Í stað: »skal hlutaðeigandi . . . fái« komi:
skulu þau fá.
6. — 3. gr. Í stað: »í aftari . . . stórlúkunni« komi:
við aðallestaropið að aftanverðu.
7. — 3. gr. Í stað: »verður skip það, sem í hlut á« komi:
á skipi, verður það.
8. — 4. gr. Í stað: »heyra undir« komi:
liggja undir.
9. — 4. gr. Í stað: »Í Reykjavík« til enda greinarinnar komi:
og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.
10. — 5. gr. Í stað: »alt af . . . sem í hlut á« komi:
skulu þær vera geymdar á skrifstofu skráningarstjóra.
11. — 6. gr. Orðin: »og haldin er í Reykjavík« falli burt.
12. — 7. gr. Í stað: »tilgreint« á þrem stöðum komi:
greint.
13. — 8. gr. Í stað: »áðitið . . . komið undir« komi:
talið íslenskt skip eða að það sje flutt í.
14. — 9. gr. Greinin orðist svo:
Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því, að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því, að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

15. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að lögskrá skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

16. — 11. gr. Tveir fyrstu málsliðir orðist svo:

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis-

og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri.

17. Við 11. gr. Orðin: »það, sem í hlut á« falli burt.

18. — 11. gr. Fyrir: »skrásetningin« komi:
skrásetning.

19. — 11. gr. Fyrir: »í því umdæmi, er« komi:
í umdæmi, þar sem.

20. — 11. gr. Fyrir: »hinu síðarnefnda« komi:
því.

21. — 12. gr. Fyrir: »verslunarfulltrúa« á tveim stöðum komi:
ræðismanni.

22. — 12. gr. Fyrir: »vegna« á tveim stöðum komi:
fyrir hönd.

23. — 13. gr. Greinin orðist svo:

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis-

og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

24. Við 14. gr. Fyrir: »Á sjerhverju . . . auga á það« komi:
Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það.

25. — 14. gr. Fyrir: »sem kringumstæðurnar leyfa« komi:
sem unt er.

26. — 14. gr. Fyrir: »forðast að fjandmennirnir taki það« komi:
forða því frá hættu.

27. — 15. gr. Greinin orðist svo:

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið úti nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

28. — 16. gr. Greinin orðist svo:

Þegar skrásett skip ferst, er höggið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

29. — 17. gr. Fyrir »skilmálunum« komi:
skilyrðunum.

30. — 17. gr. Fyrir »á sá« komi:
skal sá,
og »að« fellur burt á undan »skýra«.

31. — 17. gr. Fyrir: »væri fullgerð« komi:
hafi farið fram.

32. — 17. gr. Fyrir: »skrifstofu þeirri« komi:
skrifstofunni.

33. Við 17. gr. Fyrir: »verslunarfulltrúanum« og »verslunarfulltrúi« á tveim stöðum komi:
ræðismanninum og ræðismaður.
Og fyrir: »vegna« á þrem stöðum komi:
fyrir hönd.

34. — 17. gr. Fyrir: »á hann að senda« komi:
sendir hann.

35. — 17. gr. Fyrir: »skrásetningarskrifstofunni í Reykjavík« á tveim stöðum komi:
stjórnarráðinu.

36. — 17. gr. Fyrir: »verður sá« komi:
skal sá,
og »að« fellur burt á undan »útvega«.

37. — 17. gr. Fyrir: »sönnun staðfesta« komi:
vottorð staðfest.

38. — 17. gr. Fyrir: »útlends manns« komi:
manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett.

39. — 17. gr. Fyrir: »á rjettarþjónn« komi:
skal embættismaður,
og »að« fellur burt á undan »sjá um«.

40. — 17. gr. Orðið »þá« á undan »næsti« falli burt.

41. — 17. gr. Fyrir: »þau tilfelli, er« komi:
þegar.

42. — 17. gr. Fyrir: »heima á Íslandi, verður« komi:
á heima á Íslandi, er.

43. — 18. gr. Fyrir upphafið: »Verði nokkur . . . leiðrjett eftir því« komi:
Verði eigandaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki til þess að skráin verði leiðrjett eftir því.

44. — 18. gr. Fyrir: »verslunarfulltrúi« og »vegna« á tveim stöðum komi:
ræðismaður og fyrir hönd.

45. — 18. gr. Fyrir: »rita á« komi:
rita þær á.

46. — 18. gr. *a.* Fyrir: »skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á« komi:
skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett.
b. Orðin: »það sem með þarf þar um« falli burt.

47. — 18. gr. Fyrir: »aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík« komi:
stjórnarráðinu.

48. — 19. gr. Fyrir: »beiðast þess . . . skrásett á« komi:
senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett.

49. — 19. gr. Fyrir: »Þegar svo er, skal« komi:
Skal þá

50. Við 20. gr. Fyrir: »af« í fyrstu línu komi:
úr.
51. — 20. gr. Fyrir: »á aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík« komi:
hjá stjórnarráðinu.
52. — 21. gr. Fyrir: »hjer í ríkinu« komi:
á Íslandi.
53. — 21. gr. Fyrir: »aðalskrásetningarskrifstofan í Reykjavík« komi:
stjórnarráðið.
54. — 21. gr. Orðin: »ef þess er farið á leit« falli burt.
55. — 21. gr. Fyrir: »innan tjeðra takmarka« komi:
hjer við land.
56. — 21. gr. Fyrir: »skrásetningarskrifstofan« komi:
stjórnarráðið.
57. — 21. gr. Fyrir: »skrásetningarskjöl skipsins hafa borist henni, en« komi:
það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og.
58. — 21. gr. Fyrir: »strax fram« komi:
þegar fram.
59. — 21. gr. Fyrir: »svo að« komi:
til þess að.
60. — 21. gr. Fyrir: »undir 13. gr.« komi:
í 13. gr.
61. — 21. gr. Orðið »nettó« falli burt.
62. — 22. gr. Fyrir: »2 kr.« komi:
5 kr.
63. — 23. gr. Fyrir: »búið er . . . skrásetningarskírteini« komi:
þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og afhent.
64. — 23. gr. Fyrir: »4 kr.« komi:
10 kr.
65. — 23. gr. Orðið »þau« falli burt.
66. — 23. gr. Fyrir: »Því skal . . . auglýsingu« komi:
Skal gefin út um það opinber auglýsing.
67. — 23. gr. Fyrir: »gert upptækt . . . verður« komi:
þegar gert upptækt.
68. — 24. gr. Fyrir: »50 kr.« komi:
100 kr.
69. — 24. gr. Fyrir: »Láti maður . . . það er« komi:
og sje þetta.
70. — 24. gr. Fyrir: »4 kr.« komi:
10 kr.
71. — 25. gr. Fyrir: »komið . . . ástæðu« komi:
færð verði nein gild ástæða.
72. — 25. gr. Fyrir: »Skal þá . . . sje ógilt« komi:
Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.
73. — 26. gr. Fyrir: »20 kr.« komi:
50 kr.
74. — 26. gr. Orðin: »og í samhljóðan við þau« falli burt.

75. Við 27. gr. Fyrir: »og sje þeir . . . einn maður« komi:
í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

76. — 27. gr. Fyrir: »Að því er snertir hlutafjelög« komi:
Ef skipið er eign hlutafjelags.

(A. XXVII, 3).

Ed. **375. Nefndarálit**

um frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir nú á mörgum fundum, og svo ítarlega sem föng voru á, athugað frv. þetta, og komist að þeirri aðalniðurstöðu að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það í meginatriðum þess.

Hins vegar hafa nefndarmenn orðið sammála um að ráða til að gera breytingu sjerstaklega á einu atriði frv., ákvæðinu í 4. gr., um að setja á stofn aðalskrásetningarskrifstofu í Reykjavík. Vill nefndin um það atriði athuga það, sem hjer segir.

Í athugasemdum stjórnarinnar um 4. gr. segir, að skrásetning á skipum muni ekki í eins góðu lagi og æskilegt væri, og skal ekki á móti því borið. Nefndin getur hins vegar ekki verið á þeirri skoðun, að úr þessu verði bætt með því, að taka skrásetning skipa undan yfirráðum stjórnarinnar og setja á stofn sjerstaka skrifstofu í þeim tilgangi. Hingað til hefir skrásetning skipa heyrt undir aðalskrásetningarstofuna í Kaupmannahöfn, og er þeirri skrifstofu áreiðanlega ekki um að kenna, ef skrásetning skipa er ekki í svo góðu lagi sem ætti að vera, og ekki heldur þeirri deild stjórnarráðs, sem hefir verið milliliður milli skrásetningarskrifstofunnar og skráningarstjóranna í hinum einstöku umdæmum. Aðalgallinn á skrásetningu skipa hjer er áreiðanlega sá, að skráningarstjórarnir (sýslumenn og bæjarfógetar) hafa ekki átt kost á að fá þá aðstoð, sem þurfti, við mælingar skipa, enda ætíð verið mjög af skornum skamti það fje, sem til þess hefir verið ætlað, en þeir sjálfir ekki mælingafróðir. Þessi nýja skrifstofa, sem stjórnin leggur til að sett sje á stofn hjer í Reykjavík, bætir á engan hátt úr þessari vöntun á mælingafróðum mönnum, og er nær að verja nokkru af því fje, sem til hennar er ætlað, til þess að útvega skráningarstjórum hinna einstöku umdæma mælingarfróða aðstoðarmenn, sem væru skyldir, gegn einhverri árlegri þóknun, að mæla skip, er þess þarf, og reikna út mælinguna. Hjer í Reykjavík þarf auðvitað að hafa endurskoðanda mælingarbrjefanna, og þyrfti hans jafnt hvort sem skrifstofa þessi, sem um ræðir í 4. gr. frv., væri sett á stofn eða ekki. Það, sem nú er eftir, er endurskoðandi hefir yfirfarið mælingarbrjef og önnur skjöl skips þess, er skrásetja skal, er að eins að færa skrána, gefa út skírteinið og senda það skráningarstjóra ásamt mælingar- og skrásetningarskjölunum. Nefndin getur nú ekki sjeð, að þetta yrði neitt verulegt starf fyrir dýra skrifstofu, eink-

um þar sem hún telur ekki rjett, að slík skrifstofa hefði neitt úrskurðarvald, ef eitthvað bæri á milli skráningarstjóra og þeirra, er biðja um skrásetning, og telur sjálfsagt, að slíkt heyri undir landsstjórnina, með aðgangi til dómstólanna, ef svo sýnist.

Með skírskotun til þess, sem hjer er tekið fram um aðstoð handa skráningarstjórum, vill nefndin benda stjórninni á, að hún þarf að fá sjer heimild í fjárlögum til þess að verja fje til þessa, eftir því sem hún álítur að nauðsyn krefji.

Þá hefir nefndinni þótt, eftir atvikum, rjett að leggja til, að sektarákvæðin í 22.—25. gr. sjeu hækkuð nokkuð, bæði vegna breytts peningaverðs og vegna þess, að sektarákvæðin svari ekki til þeirra yfirsjóna, sem um er að ræða

Við 1. gr. frv. hefir nefndinni þótt sjálfsagt að bæta sama undanþáguákvæði fyrir skip, sem löglega hafa verið tekin í skipaskrá fyrir 1. desember 1918, sem hún hefir áður ráðið til í frumvarpinu um siglingalögin og háttv. deild samþykt.

Loks hefir nefndin ekki þótst komast hjá að ráða til allmikilla breytinga á búningi og máli frv. Frv. það, sem fyrir liggur, er að mestu samhljóða hinum eldri lögum, sem á sínum tíma hafa verið að miklu miður vönduð þýðing á útlendum lögum. Hefir nefndin því mátt til að orða sumar greinar frv. um að mestu eða öllu leyti, og kann þó, vegna annríkis og tímaskorts, að vera miður vandlega gert en vera þyrfti.

Á fleiri atriðum telur nefndin ekki þörf að vekja athygli háttv. deildar, fyr en við umræðu málsins.

Samkvæmt framanrituðu ræður hún til að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem lagt er til á þingskjali 374.

Efri deild Alþingis, 13. ágúst 1919.

Karl Einarsson,
form.

Kristinn Daníelsson, ritari. M. J. Kristjánsson.

(B. IX, 6).

Nd. **376. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.

Fyrir málsgr.: »Nú eru skilyrði þau . . . . notkunarrjettur í lögum þessum« komi:

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölul. segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára, eða með uppsögn með eigi lengri en $^1/_2$ árs uppsagnarfresti.

Hvers konar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur, tilkall til vatnorku og rjettur til að hagnýta hana, að því leyti sem eigi verður ákveðið í sjerleyfislögum, er talinn notkunarrjettur í lögum þessum.

Lög þessi taka eigi til námurjettinda, eða hagnýtingar vatns eða vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu.

2. Við 10. gr.

Á eftir: »með þeim hætti« komi;
að öðru leyti.

(B. XXXIV, 4).

Nd. **377. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá hv. Ed. Nefndarálit efri deildar á þingskj. 224 fer að mestu leyti í þá átt, að sýna fram á, að jarðir þessar sjeu alt of lágt metnar (10000 kr.), og meðal annars vegna nálægðar við kauptúnið Stykkishólm »og vaxandi þarfir þess fyrir landsnytjar á þessum stað, virðist tæplega geta komið til mála, að selja jarðirnar fyrir öllu minna en 20 þúsund krónur« og fellst nefndin á það.

Mál þetta er rækilega undirbúið. Með ítarlegu erindi til Alþingis frá kaupbeiðanda, oddvita Stykkishólmshrepps fyrir hönd hreppsfjelagsins, eru 8 fylgiskjöl um málið, þar á meðal matsgerð dómkvaddra manna ásamt allnákvæmri lýsing jarðanna, sem síðan 1911 hafa verið sameinaðar í eitt býli. Nefndin hefir rækilega athugað skjölin og auk þess haft tal af nákunnugum og skilríkum manni, og ber frásögn hans um kosti og galla jarðarinnar vel heim við það, er skjölin bera með sjer. Það dylst ekki, að þjóðeign þessari, er skoða má nú sem eina heild, hefir um nokkuð langt tímabil farið heldur hnignandi og að það er rjett, er segir í erindi kaupbeiðanda, »að verðgildi hennar byggist mestmegnis á landsnytjaþörf Stykkishólms«. Þær landsnytjar, er sjerstaklega koma hjer til greina, eru gott og varanlegt mótak og allmikið beitarland, hentugra þó fyrir sauðfje en stórgripi.

Til annara almenningsnota nje embættisbústaðar virðist jörðin eigi vel fallin; þó leyfir nefndin sjer að vekja athygli hæstvirtrar landsstjórnar á því, hvort eigi mundi tiltækilegt, þegar um kaupin verður samið, að dýralækni, bú-

settum í Stykkishólmi, væri trygð grasnyt af Sellóni gegn sömu leigu og aðrir bjóða.

Nefndin mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 14. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson, ritari. Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

(B. XLIII, 3).

Nd. **378. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að breyting sú, sem frv. þetta fer fram á að gerð sje á 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 48, 3. nóv. 1915, um að bæta inn í greinina orðinu »slægjuafnot«, sje í eðli sínu frekar skýring en efnisbreyting.

Undir orðin »leiguliðanot af jörð þótt engin ábúð fylgi« heyra að sjálfsögðu öll jarðarafnot, en þar sem ágreiningur hefir af því risið, hvort þetta ákvæði næði til slægjuafnota í venjulegum skilningi, er ekki nema sjálfsagt að kveða svo skýrt á um þetta, að eigi verði um deilt.

Í 2. málsgr. 1. gr. laga 1914 er svo fyrir mælt, að þegar um atvinnu er að ræða, sem er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá sje heimilt að leggja útsvar á þennan atvinnurekstur, ef hann er rekinn 8 vikur eða lengur.

Nefndinni þykir rjett að breyta þessu þannig, að færa þetta tímatakmark niður í 4 vikur.

Sú breyting er í fullu samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 33, 1914, þar sem útvegur opinna báta, sem rekinn er í öðrum hreppum, er útsvarsskyldur eftir 4 vikur.

Þetta 4 vikna takmark hefir staðið óhaggað síðan 1905, og sjer nefndin ekki ástæðu til annars en að hjer gildi hið sama um hvorutveggja útveginn, opnu bátana og þilbátana.

Eins er það þegar um sjerstaklega arðsama verslun eða kaupskap er að ræða, sem rekin er um stundarsakir af utanhreppsmönnum, þá virðist ekki ástæða til að gera þeim, sem þá atvinnu stunda, hærra undir höfði en t. d. útvegsmönnum, hvað gjaldskyldu af atvinnurekstrinum snertir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. 2. málsgr.

1. Í stað »8 vikur« komi:
   4 vikur.
2. Í stað orðanna »leiguliðanot af jörð — — — slægjuafnot« komi:
   leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi.
3. Fyrir »36. gr. orðist svo« komi:
   1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, orðist svo.
4. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

Alþingi, 12. ág. 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari. Pjetur Ottesen, framsögumaður.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

(B. XLI, 2).

Nd. **379. Nefndarálit**

um frv. til laga um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir ekki öll orðið á einu máli um þá aðalbreytingu á ullarmatslögunum, að einum manni verði falið yfirullarmatsstarfið um land alt.

Vill sá nefndarmanna, sem er annar flutningsmaður frumvarpsins, halda fast við það, að þau fyrirmæli frumvarpsins sjeu heppileg breyting á lögunum um ullarmat, en meiri hlutinn lítur svo á, að hún geti ekki miðað til þess að matið verði framkvæmt af meiri vandvirkni eða nákvæmara eftirliti af hendi yfirmatsmanns en nú er, nema síður væri, sem byggist á því, að eins og í frv. segir, mundi hann ekki koma á hvern ullarmóttökustað nema þriðja hvert ár, og gæti því hvorki leiðbeint ullarmatsmönnum nægilega í starfi sínu eða haft það eftirlit, sem verður að krefjast af honum sem yfirullarmatsmanni. Það virðist því auðsætt, að eftirlit þessa eina manns mundi hvorki auka vöruvöndunina eða samræmi í matinu fremur en hægt er að krefjast af þeim fjórum yfirullarmatsmönnum, sem lögin nú gera ráð fyrir og gert er að skyldu að ferðast árlega yfir alt sitt umdæmi til eftirlits, en ósamræmið í matinu er það, sem flutningsmenn sjerstaklega ætla að ráða bót á með frumvarpinu.

Nú hefir stjórnarráðið lagt fyrir yfirullarmatsmenn að vanda sjerstaklega vel til matsins, og hafi menn ekki trú á því, að þeir, hver í sínu umdæmi, geti að nokkru ráðið um þetta með því að koma á alla ullarmatsstaði árlega einmitt á þeim tíma, sem mat fer fram, þá verður að álíta, að sá maður, sem aðeins gæti verið á tiltölulega fáum stöðum á þessum tíma, hafi enn minni tök á

að sjá um, að vandlega sje að matinu unnið. Auk þessa er engin trygging fyrir því, að þessi eini yfirullarmatsmaður sje öllum öðrum betur fallinn til starfans.

Þá leyfir meiri hlutinn sjer að stinga upp á þeirri nýbreytni, að ull hvers umdæmis fyrir sig hafi sitt sjerstaka merki eða bókstaf sem fjórðungsmerki, og álítur, að með því verði fyrst og fremst það unnið, að samkepni vakni milli landshlutanna og þá einnig matsmanna á verkun ullarinnar, og í annan stað að einn landsfjórðungurinn hvorki njóti eða gjaldi hinna, hvernig sem um söluna fer á erlendum markaði.

Samkvæmt framansögðu vill meiri hluti nefndarinnar ráða háttv. deild til þess að samþykkja eftir farandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir »ullarmatsmönnum« í fyrsta málslið komi:
undir umsjón yfirullarmatsmanna.
Fyrir »ullarmatsmanns« í þriðja málslið komi:
ullarmatsmanna.

2. — 2. — Á eftir orðinu »Ísland« komi:
og bókstöfunum:
S fyrir Suðurland (Frá Vík til Borgarness með Vestmannaeyjum),
V fyrir Vesturland (Frá Búðum til Hvammstanga),
N fyrir Norðurland (Frá Blönduósi til Þórshafnar) og
A fyrir Austurland (Frá Bakkafirði til Hornafjarðar).

3. — 3. — Fyrir »yfirullarmatsmanns« komi:
yfirullarmatsmanna.

4. — 4. — Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir með áreiðanlegum vottorðum sanna, að þeir hafi þekkingu á ullarmati og meðferð ullar. Skulu þeir ferðast um meðal ullarmatsmanna um ullartökutímann til að leiðbeina þeim og líta eftir starfi þeirra og leitast við að koma á samræmi í ullarmati í landinu, eftir því er stjórnin nánar ákveður. Ber þeim að finna alla ullarmatsmenn í umdæmum sínum og líta eftir störfum þeirra. Hafa þeir rjett til að skoða metna ull, hvar sem er í umdæmum þeirra.

Yfirullarmatsmenn skulu vera 4, hver í sínu umdæmi.

Umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. — 6. — Í stað »yfirullarmatsmaður« komi:
yfirullarmatsmenn.

6. — 7. — a. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði.

b. Önnur málsgrein orðist svo:
Ferðakostnað sinn fá yfirullarmatsmenn greiddan úr landssjóði, eftir sanngjörnum reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar.
c. Fyrir »yfirullarmatsmaður« í þriðju málsgrein komi: yfirullarmatsmenn.

7. Við 8. gr. Fyrir »yfirullarmatsmanns« komi: yfirullarmatsmanna.

Alþingi, 15. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, form. og framsögum. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Jón Jónsson.

Ósamþykkur meiri hluta nefndarinnar, og ræð til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Sigurður Sigurðsson.

(B. XLIX, 3).

Ed. 380. **Lög**

um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Ed 15. ágúst).

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir: Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauðá í Sauðárgili, að sunnan bein lína úr Sauðárgili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

(B. L, 3).

Ed. **381. Lög**

um löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík.

(Afgreidd frá Ed. 15. ágúst).

1. gr.

Við Gunnlaugsvík, sunnan megin Hvammsfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. III, 17).

Ed. **382. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919, veitast 826478 kr. 30 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast 80166 kr. 67 a.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast 40400 kr.

1.	Við B. 6. Til landhelgisgæslu um síldveiðitímann	kr.	40000,00
2.	— B. 7. Uppbót á lögregluefitirlitsstarfi um síldveiðitímann ...	—	400,00
	Samtals	kr.	40400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 147140 kr. 34 a.

1.	Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	kr.	600,00
2.	Við 17. B. Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
3.	— 17. — Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
4.	— 17. — Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir nú notar	—	65000,00
5.	Við 18. c. Styrkur til sjúkraskýlagerðar:		
	Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði	—	2862,00
	Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði	—	12000,00
6.	— 18. e. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
7.	— 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps	—	5000,00
8.	— 18. k. Til sjúkrasamlagsins á Akranesi	—	200,00
9.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919	—	6000,00
	Samtals	kr.	147140,34

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 313124 kr. 21 e.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
17.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
18.	Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga	—	5000,00
19.	Við B. VI. Til akfærra sýsluvega	—	22106,14
20.	Við C. II. 2. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði...	—	1000,00
21.	Við C. II. 11. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð .	—	600,00
22.	Til að leggja símalínu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi ...	—	13600,00
	Allan flutning frá Eyrarbakka út á símaleiðina (staura og annað efni, tjöld, farangur vinnumanna o. fl.) kostar hlutaðeigandi hjerað, sem enn fremur tekur að sjer að útvega alt að 10 duglega vinnumenn fyrir ekki hærra dagkaup en 7 kr.		
23.	Til að leggja talsímalínu frá Ofanleiti að Stórhöfðavita í Vestmannaeyjum	—	2450,00
24.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landssímans	—	5831,15
25.	Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landssímans	—	1200,00
26.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
27.	Við E. II. Launaviðbót handa vitavörðum 1919	—	2000,00
28.	Til að reisa Straumnesvita	—	22000,00
29.	Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
30.	Til að reisa Selvogsvita	—	21000,00
	Samtals	kr.	313124,21

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 128989 kr. 12 a.

1.	Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda	kr.	1000,00
2.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
3.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918	—	1781,92
4.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
5.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
6.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
7.	Við B. VII. 2. Til að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
8.	- - - 3. - ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
9.	Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi	—	1500,00
10.	Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919	—	750,00
11.	Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918	—	20925,31
12.	Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
13.	Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919	—	500,00
14.	Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
15.	Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
	Samtals	kr.	128989,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 64500 kr.

1.	Við 3. c. Til húsgagnakaupa	kr.	1200,00
2.	Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk	—	600,00
3.	Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	—	1000,00
4.	Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
5.	Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
6.	Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar	—	20000,00
7.	Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms	—	2000,00
8.	Til Trausta Ólafssonar til efnafræðináms	—	1200,00
9.	Við 46. Til landmælinga á Íslandi	—	10000,00
10.	Styrkur til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar	—	15000,00
11.	Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
12.	Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda	—	5000,00
13.	Til utanfarar læknis á fund berklalækna	—	2500,00
14.	Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund	—	1200,00
15.	Utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar	—	3000,00
	Samtals	kr.	64500,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 39247 kr. 60 a.

1.	Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2.	Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að	--	5000,00
3.	Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918	—	895,60
4.	Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919	—	600,00
5.	Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík	kr.	800,00
6.	Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf í Strandasýslu og til verkfærakaupa	—	1200,00
7.	Við 40. Til brimbrjóts í Bolungarvík, alt að	—	8000,00
	Samtals	kr.	39247,60

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 2366 kr. 67 a.

1.	Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2.	Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3.	Styrkur handa ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðríði Þorvaldsdóttur, og 3 börnum þeirra	—	600,00
4.	Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
5.	Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
6.	Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	500,00
7.	Eftirlaun til Eliesers Eirikssonar pósts 1919	—	200,00
	Samtals	kr.	2366,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 10543 kr. 69 a.

1.	Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar	kr.	9847,69
2.	Til Patrekshrepps til endurgreiðslu á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur	—	696,00
	Samtals	kr.	10543,69

11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(A. XXIX, 8).

Nd. **383. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána á Íslandi, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^{2}/_{3}$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skipið er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXI, 2.)

Ed. **384. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fóðurbirgðamálið hefir lengi verið áhyggjuefni margra góðra manna, og margar tilraunir hafa verið gerðar af hálfu löggjafarvaldsins til að ráða bót á ásetningsvenjum almennings. En flestum þykir, sem af þeim tilraunum hafi orðið lítill árangur. Og það mun líka vera sannleikur, að annað ráði meiru um fóðurbirgðir og fóðrun fjenaðar en lagafyrirmæli. Það er að vísu svo, að enn er mjög ábótavant ásetningi og fóðrun fjenaðar hjá almenningi; en þó er vafalaust, að miklar framfarir hafa orðið á því sviði, og eru að verða. Fyr á tímum var það altítt að nautpeningur fjelli af hor; en í seinni tíð munu þess fá eða engin dæmi. Þessi breyting virðist standa í nánu sambandi við vaxandi verðgildi mjólkurinnar. Því meira sem mjólkin hækkar í verði, þess meiri þýðingu fær það, að fóðra kýrnar vel og ætla þeim nægilegt fóður. Á sama hátt hefir vaxandi verðgildi sauðakjöts haft talsverð áhrif, í þá átt að bæta meðferð sauðfjárins og fóðurtryggingar, þó breytingin til batnaðar sje þar minni. Þó að enn sje oft talað um, að sauðfje skorti fóður á vorin, þá mun það venjulegra, að það sje mikið betur fóðrað að vetrinum en áður var, sje því í betri holdum í vetrarlok og þoli betur vorharðindi. Og í sömu átt hlýtur að færast með hrossin, þegar þau hækka í verði, þó að enn sje komið skemst á veg með fóðrun þeirra og fóðurbirgðir. En þó að færa megi rök að því, að vaxandi verðgildi búpeningsafurðanna sje, jafnframt vaxandi menningu, sá sterkasti, knýjandi kraftur til umbóta ásetnings og fóðrunar, þá er eigi þar með sagt, að löggjafarvaldið geti ekki rjett þessu máli hjálparhönd. Lög um horfelli munu hafa reynst þýðingarlítil, og forðagæslulögin hafa fengið ómilda dóma. En því verður þó eigi neitað, að þau hafa sumstaðar orðið að nokkru gagni og geta orðið það alstaðar, þar sem góður vilji er til að beita þeim. En sá ágalli hefir þótt á forðagæslulögunum, að þau veiti eigi forðagæslumönnum, nje sveitarstjórnum, nauðsynlegt vald til að framfylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum. Frumvarp það, sem hjer er til umræðu, stefnir að því að veita sveitarfjelögunum þetta vald, og vill nefndin gefa því meðmæli sín, að það fái lagagildi.

Við frumvarpið gerir nefndin þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 5. gr.
   a. Orðið »öll« í fyrri málslið falli niður.

b. Á eftir orðunum: »frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum« komi: er útbýtt sje til sveitarstjórna og stjórnarráðið hefir o. s. frv.

2. Við 8. gr.

Í staðinn fyrir orðin »að fullnægja lögum þess« komi:
að fullnægja henni.

Alþingi, 14. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurjón Friðjónsson, skrifari og framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. I, 2).

Nd. **385. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. a. í 10. lið:
Fyrir »150000—150000« komi:
550000—550000.

b. í 11. lið:
Fyrir »50000—50000« komi:
100000—100000.

c. í 12. lið: Fyrir »300000—300000« komi:
400000—400000.

d. í 15. lið: Fyrir »50000—50000« komi:
60000—60000.

(B. IX, 7).

Nd. **386. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 376.

Frá Sveini Ólafssyni.

Önnur og þriðja málsgrein orðist svo:

Nú eru skilyrði þau eigi uppfylt, er í 1.—4. tölul. getur, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Þó skal um leyfi til að nota vatnorku fara eftir því, sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum. Eigi þarf leyfi til leigu á eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára eða með uppsögn með eigi lengri en $^1/_2$ árs uppsagnarfresti.

Hverskonar rjettur til afnota fasteigna, þar með veiðirjettur og vatnorkunot, er talið notkunarrjettur í lögum þessum.

(A. XXI, 2).

Nd. **387. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Frumvarp þetta er að stefnunni til sama efnis sem frumvarp það, er milliþinganefndin í launamálinu frá 1914 samdi um »landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands«, og fer í þá átt, að sami sje yfirmaður beggja safnanna (sjá skýrslu nefndarinnar bls. 272). Í athugasemdum við stjórnarfrumvarpið er og tekin upp rökstuðning milliþinganefndarinnar, og eru þau ein rök tilfærð á báðum stöðunum, að »*fjársparnaður nokkur*« verði að sameiningunni, og getur milliþinganefndin þess enn fremur, að hún sjái ekki, að nein ástæða sje til að tvískifta þessu starfi framvegis, með því að sami maður muni geta haft hvorutveggja störfin á hendi, svo að í lagi verði. (Skýrsla nefndarinnar bls. 218).

Í þessu máli koma tvö atriði til greina, sem mestu verða að ráða um það, hvort rjett sje að frumvarp þetta verði að lögum eða ekki.

1. Hvort heppilegt muni vera safnanna vegna að fela forstöðu þeirra sama manni.
2. Hvort nokkur fjársparnaður verði að þeirri ráðabreytni.

Um 1.

Þetta atriði skiftir mestu og jafnvel öllu máli um það, hvort rjett sje að gera frumvarpið að lögum eða ekki.

Þess skal þegar getið, að með lögum nr. 56, 22. nóvember 1907, var skipað fyrir um stjórn landsbókasafnsins, og með lögum nr. 39, 3. nóv. 1915, um þjóðskjalasafnið, og er ekki kunnugt, að löggjafarvaldinu hafi þá komið til hugar að sameina söfn þessi undir stjórn sama manns. Hitt er eftirtektarvert, að síðarnefndu lögin eru einmitt seit meðan milliþinganefndin sat að störfum sínum. Er því fjarri, að löggjafarvaldið hafi þá veitt nefndinni nokkurt tilefni til að ætla, að það væri þess vilji, að slík breyting yrði gerð.

Það sjest ekki, að milliþinganefnd hafi leitað álits þeirra manna, er kunnast mátti vera um það, hvort breyting sú á stjórn safnanna, er frumvarpið hefir að geyma, sje heppileg eða ekki. Mentamálanefnd þótti sjálfsagt og jafnvel óhjákvæmilegt að leita umsagna þeirra tveggja manna, er fyrir söfnum þessum standa, þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar. Í áliti þjóðskjalavarðar segir meðal annars svo:

»En ástæður móti frumvarpi þessu sýnast mjer margar vera og miklar.

Í fyrsta lagi þarf alt aðra og ólíka þekking til hvors um sig, að vera skjalavörður og bókavörður, og hvort um sig er ærið viðfangsefni fyrir hvern mann, ef í lagi á að láta.

Bókasafni og skjalasafni er skipað hvoru um sig eftir alveg ólíkum reglum á margan hátt.

Skjalavörður þarf að þekkja frá grunnum sögu þess lands eða þeirrar borgar, sem hann er skjalavörður fyrir, jafnvel oft í því smæsta.

Bókavörður þarf að hafa grundvallaða þekking á bókfræði síns eigin lands og svo almenna bókfræðaþekkingu.

Góðan skjalavörð getur skort mikið til þess að vera hæfur bókavörður, og einkum getur maður verið óhæfur skjalavörður, þó hann hafi góða, almenna bókfræðaþekkingu og geti verið nýtur bókavörður.

Skjalasafn vort er nú orðið stórt og umfangsmikið, og vex unnvörpum og verður æ margbreyttara með nýjum stofnunum, nýjum atvinnuvegum og opinberum fyrirtækjum, svo að enginn sjer fyrir, hvar það nemur staðar. Það er að mörgu leyti orðið, og er að verða, svo sem eins margbrotið og skjalasöfn annara landa um flest borgaraleg efni, þótt löndin sjeu fólksfleiri. Og við það þarf alveg samskonar þekking sem við önnur slík skjalasöfn.

Í landsbókasafninu eru nú orðin um 100000 bindi. Það er því orðið eins margbrotið og bókasöfn upp á 500000 bindi, og þar þarf á allri sömu þekking að halda, sem við stærri og jafnvel stærstu bókasöfn.

Þó að mjer hafi á árabilinu 1899—1910, eftir hjerumbil 11 ára starf, tekist að mestu að safna saman í eina heild öllum eldri skjalasöfnum vorum og koma öllu skjalasafninu í það lag, að það sje nothæft í öllum greinum í öllum höfuðatriðum, eru þar enn mannsaldra verk óunnin, fjölmörgu að raða í því smáa, sem ekki vinst nema með löngum tíma, ótal margt að skrásetja einstakra skjala og skjalaflokka, sem nokkuð er að vísu byrjað á, enda aldrei þrot á því, sem vinna þarf við slík söfn á óteljandi hátt, ef vel skal vera.

Slíkt hið sama ætla jeg að og sje um landsbókasafnið. Jeg hugsa að þar sje enn ærið að starfa fyrir fleiri en einn eða tvo í langa tíma, á marga lund til skipulags safninu, skrásetningar og annars fleira.

Störf við bæði söfnin margfaldast að sama skapi sem söfnin sjálf margfaldast. Og á þjóðskjalasafninu hvílir sú skylda, að vaka altaf yfir því, að skilað sje ár eftir ár, mannsaldur eftir mannsaldur, úr öllu landinu, jafnóðum og fyrir fellur, skjölum og embættabókum, frá því smæsta til þess stærsta, samkvæmt lagafyrirmælum.

Húsrúmsleysi fer þegar að þrengja að skjalasafninu, og landsbókasafnið er nú þegar svo þrotið að húsrúmi, að það hefir orðið að leigja húsrúm úti í bæ fyrir allmikið af bókum sínum. Það er því fyrirsjáanlegt, að annaðhvort safnið hlýtur með tímanum að flytjast úr safnahúsinu.

Ekkert af því, sem talið hefir nú verið, sýnist mjer mæla með því, að þessi tvö söfn sje sett undir yfirstjórn eins manns.

Reynsla um afskifti landsbókasafnsins af opinberum skjölum vorum, sú sem fengin er hingað til, sýnist mjer ekki heldur mæla með þessu frumvarpi. Skjalasafnið var stofnað á pappírnum með auglýsingu landshöfðingja 3. apríl 1882, og var ætlast til, að þangað söfnuðust embættaskjalasöfn landsins og að safn þetta skyldi vera undir umsjón ritara landshöfðingjans. Þetta eftirlit varð og hlaut að verða lítið, enda ekkert afl í því að hafa hin dreifðu skjalasöfn saman. Og svo stóð fram til 1899, að jeg var skipaður fyrir safnið. Á þessu tímabili höfðu einstöku menn verið látnir skrásetja litla hluta einstakra deilda safnsins, og um hríð hafði þá elsti hluti biskupsskjalasafnsins verið látinn í geymslu hjá landsbókasafninu, og var þá vel dyttað, á alveg bókbandslegan hátt, að nokkrum hluta þess af nötnum þrifamanni, sem þá var aðstoðarmaður við bókasafnið. En að öðru leyti voru afskifti bókasafnsins af opinberum skjölum vorum óheppileg,

skilningslítil og skeytingarlítil. Á þessu tímabili tók bókasafnið þann upp að fara að auglýsa eftir opinberum skjölum. En hvernig fór með það, sem því barst af því tægi á þessum árum og áður? Það var látið lenda þar í bókasafninu, sem hendingin bar það að landi, sett inn í safnið á víð og dreif á tætingi, svo að það var ófinnanlegt, nema með stökustu fyrirhöfn; fyrri partur sömu skjalabókarinnar stundum á einum stað og síðari hlutinn fjarri á öðrum, áríðandi og merkileg eignaskjöl kirkna stundum bundin inn með ónýtu rusli, sem engum datt í hug að skoða. Mjer varð því stundum leit úr slíkum skjölum, og var oftsinnis búinn að margkrefja klerkana um þvílík skjöl, sem jeg vissi, að höfðu fylgt kirkjunum, og engin skil getað fengið, áður jeg svo fyndi þau í þessum sambandshaugum bókasafnsins. Part vantaði í brjefabók Guðbrands biskups í skjalasafninu, sem mjer var grunur á, að borist hefði inn í bókasafnið (1898) með handritum úr dánarbúi manns eins hjer í bæ. Nokkru eftir aldamótin síðustu fann jeg svo bókarpart þenna af hendingu, nýbundinn inn með sálmarusli og öðrum þvættingi í bókasafninu, þar sem engum gat til hugar komið að leita jafnmerkilegra hluta. Það, sem hjer hefir verið talið, er að eins tekið fram sem dæmi, en það skiftir hundruðum, sem búið var að rugla inn í bókasafnið á svipaðan hátt og tína varð saman og koma á rjettan stað í skjalasafninu, þar sem það er oftast auðfundið með einu handarviki. Og þessu starfi er engan veg enn til hlítar lokið, þótt stórstefin sje nú úrfeld. Þess skal getið, að nú hin síðari árin hefir núverandi landsbókavörður stundum bent mjer til gagns á slíka hluti, sem borist hafa bókasafninu, en eiga heima í skjalasafninu, og verið greiður á að láta þá af höndum, enda hefir skjalasafnið gamla landsstjórnarúrskurði fyrir sjer, til að fá slíka hluti sjer afhenta. Þá var litið svo á, að söfnin skyldi vera gersamlega aðskilin.

En blindni bókasafnsins um opinber gögn hefir þó stundum verið enn lakari en þetta, sem nú hefir verið talið, og jeg get ógerla vitað, hve mikið skaðræði hefir verið því samfara. Bókasafnið var of hirðulaust að sjá við glötun merkilegra hluta, er því bárust. Laust eftir síðustu aldamót fann jeg af tilviljun í kassa þeim, er bókaverðir köstuðu í blaðarusli, sem bera skyldi á haug eða brenna, í annað skiftið part af veðmálabók Alþingis hins forna og í hitt skiftið dómabók yfirrjettarins gamla við Öxará, og var hvorutveggja ætlað á hauginn eða í eldinn að fara. Hvorttveggja þetta ætla jeg, að til bókasafnsins hafi borist (1898) með dánarbúi því, er jeg nefndi fyr. Ekki verður sagt, hvort annað eða hve margt kann að hafa farið þá för af merkum hlutum í bókasafninu á þeim árum.

Jeg hefi ekki fjölyrt um þetta af löngun til að gera mönnum hneysu, en jeg hefi neyðst til að koma við þetta efni til þess að sýna fram á, að reynslan mælir ekki með því, að skjalasafnið hefði nokkurn tíma verið, nje verði nokkru sinni, sett undir sameiginlega stjórn með bókasafninu.

Á þinginu 1899 var mál það til meðferðar að setja fastan skjalavörð við skjalasafnið og veita nokkurt fje til þess. Stakk þá einn maður í fjárlaganefndinni, sem þá var einnig í stjórnarnefnd landsbókasafnsins, upp á því, og sótti það fast, að skjalasafnið væri lagt undir bókasafnsnefndina. En það fór svo, að þetta var virt þeim manni til hjegómagirni, og var að engu haft í þinginu, svo sem fásinna. Svo mikil fjarstæða þótti það þá, að skjalasafnið og bókasafnið væri undir einni stjórn.

Þegar verið var að gera undirbúning að byggingu Safnahússins 1905

kom það til álita, hvað hugsast kynni sameiginlegt um það efni með bókasafninu og skjalasafninu. Varð niðurstaðan þá sú í fyrirkomulagi hússins, að með söfnum þessum gæti ekkert sameiginlegt verið, annað en fatageymsla handa þeim, er kæmu til að nota þau. Legg jeg hjer með þessu brjefi tvö skjöl þar að lútandi, hinni háttvirtu nefnd til athugunar. — — — Með frumvarpi þessu er farið alveg í öfuga átt við það, sem aðrir gera. Árið 1886 — jeg ætla jeg fari með rjett ártal — gerðu Danir stjórnarráðstöfun um það, að öll opinber skjöl og embættabækur, er borist hafði smámsaman hinni gömlu, miklu bókhlöðu konungs, skyldi tekin úr vörslum bókasafnsins og undan stjórn þess og flutt í ríkisskjalasafnið og undir stjórn þess. Er mjer þetta gerkunnugt, því að jeg horfði sjálfur á, þegar nokkuð af þeirri afhendingu fór fram. Svo láta þeir, sem vit hafa á, sjer ant um að aðskilja bókasöfn og skjalasöfn.

Geta má þess, að væri það glappaskot gert nú að leggja skjalasafn vort undir yfirstjórn landsbókavarðar, yrði handritasafn það, sem undir eftirliti hans lægi, — með því, sem bókasafnið á nú þegar fyrir, — margfalt að stærð við handritasöfn þau, sem nú fylgja nokkru bókasafni, að minsta kosti á Norðurlöndum. Auk þess vaxa skjalasöfn árlega margfalt á við önnur handritasöfn, og þurfa alt aðra meðferð.

Að *skjal* skuli eftirleiðis heita *bók* og *skjalasafn* heita *bókasafn*, sýnist mjer tæplega svo áríðandi breyting á tungu vorri, að það geti verið nein veruleg meðmæli með þessu frumvarpi. Ekki sýnist mjer heldur sú málsnild felast í heiti því »*Lands*bókasafn *Íslands*«, að það borgi sig málfegurðar vegna að leggja niður »Þjóðskjalasafn Íslands« til þess að koma því undir þetta »*Lands*bókasafns *Íslands*«-heiti.

Og þó að einhverjum kynni að þykja það skemtilegt og ánægjulegt að láta menn vita það afdráttarlaust, að landið eigi ekkert skjalasafn sögu sinnar nú, þegar það er orðið fullvalda ríki, í orði kveðnu að minsta kosti, sýnist mjer það þó varla svo mikils virði, að vert sje að eyða í það eitt löngum degi, dýrum pappír og háum launum, að afmá nafn Þjóðskjalasafns landsins. Ef allsherjarskjalasafn landsins hefði ekki enn verið komið hjer á fót sem sjerstök stofnan, býst jeg við, að flestir skynbærir menn hefði litið svo á, að þá hefði einmitt nú átt að koma þeirri stofnun á, jafnhliða fenginni viðurkenningu um fullveldi vort.

Það er afturför að frumvarpi þessu, hvernig sem á það er litið. *Lands*bókavarðar embætti *Íslands* það yfir báðum söfnunum, sem með því á að stofna, hlýtur að verða blátt áfram skaðlegt. Það verður nokkurskonar aðgerðalítil og hjegómleg kollhúfustaða, til að sýnast, en ekki vera, ónýt og skaðleg báðum söfnunum, og því, sem á að launa hana með, verður því varpað út í eyðslu til ónýtis og skaðræðis, því að eftirlit og umsjón verður verri en ella beggja megin. Uppástunga þessi er auk þess ekki sem rjettlátust. Mjer sýnist ekki, að launa eigi fyrir það að sýnast en ekki vera. Það á að launa þeim, sem verkin vinna, en ekki hinum. Verður er verkamaðurinn launanna.

Í hið nýja fyrirhugaða embætti mundu auðvitað fást nógu margir óhæfir, en enginn, sem hæfur sje.

Ef það slys eða glappaskot hefði viljað til, að þessi tvö söfn, þjóðskjalasafnið og landsbókasafnið, hefðu verið sameinuð undir eins manns yfirstjórn áður, þá hefði einmitt þurft að aðskilja þau nú.

Ef það glappaskot væri nú gert, að sameina þau, þá mundi innan skamms verða að aðskilja þau aftur.

Söfnin eiga að vera alveg aðskilin, og hvort þeirra á um sig að hafa sinn sjerstaka yfirmann«.

Og í áliti landsbókavarðar segir svo:

»Vel má vera, að sú sameining safnanna, sem var ósjálfrátt að myndast á næstsíðasta tug 19. aldar, hefði orðið notadrjúg til frambúðar, en nú eru bráðum 20 ár síðan Landsskjalasafnið var stofnað, og á þessum árum hefir Landsbókasafnið því nær tvöfaldast og Lands- (Þjóð)skjalasafnið margfaldast undir stjórn hins ötula og sjerfróða formanns þess, og hvort hefir gengið sína götu, að mestu afskiftalaust hvort af öðru, svo að mál þetta horfir nú nokkuð öðruvísi við en það gerði í upphafi. Menn, sem hafa vanist skjalastörfum, og reynst þar ágætlega, eru þar með ekki sjálfsagðir að vera góðir bókaverðir, með því að störfin eru mjög sitt með hvorum hætti, eins og leiknir bókaverðir geta orðið ljelegir skjalaverðir. Annað starfið er einhæft, og til þess útheimtist sjerstakur fróðleikur og sjerstakir hæfileikar, hitt svo marghæft, að í stórsöfnum erlendis eru margir sjerstakir menn fyrir margar sjerstakar deildir, sem þeir hafa eingöngu til starfrækslu, og reynir því mjög á fjölhæfni manna í smærri söfnum, sem hafa fáum mönnum á að skipa, svo að ekki er hægt að sundurliða störfin. Að vísu er gert ráð fyrir því í athugasemdum við frumvarpið, að skjalavarðarembætti verði skipað þeim einum, sem geti bætt úr sjerþekkingarskorti landsbókavarðar, og er það að vísu mikil bót í máli, en þó er það jafnan varúðarvert og mörgum hvimleitt að þurfa að sjá með annara augum og skera úr málum eftir annara sögusögn í stað eigin reyndar. Hins vegar er það stór kostur við frumvarp þetta, að því er Landsbókasafnið snertir, að starfræksla þess út á við mundi eftir því geta orðið miklu betri og fullkomnari en nú er kostur á, því að mjer skilst svo, að auk yfirumsjónar við söfnin og reikningshalds við þau, muni aðalstarf landsbókavarðar verða brjefaviðskifti safnanna utanlands og innan, en þau störf, einkum hin útlendu brjefaviðskifti Landsbókasafnsins, munu fara sívaxandi og áríðandi að þau sjeu vel af hendi leyst. Aftur á móti mundi hann losna við ýmisleg bein vinnustörf inni fyrir í safninu, sem landsbókavörður hefir hingað til haft á hendi, svo sem að halda innritunarbókina (accessions-bók), semja ritaukaskrá, annast prentsmiðjuskil, bókapantanir o. fl.

Sá maður, sem tækist þenna starfa á hendur, þyrfti að vera vanur safnamaður með góðri bókfræðilegri þekkingu, hafa notið góðrar skólamentunar, meðal annars í latínu og grísku, vera vel að sjer í dönsku, ensku, þýsku og frönsku, ritfær bæði á dönsku, ensku og þýsku (helst einnig frönsku) og auk þess *vel talfær* í dönsku og einhverju af aðalmenningarmálum álfunnar, helst ensku, því hana skilja flestir þeirra útlendinga, er heimsækja söfnin, og síðast en ekki síst hagsýnn maður, með skynbragði á viðskiftalífi. Jeg legg áherslu á hagsýnina, því kaupstörf safnanna koma til þessa manns kasta, og um málaþekkinguna er það að segja, að hún er fáum nauðsynlegri en manni í þeirri stöðu, sem fjallar um bækur á mörgum tungum, hefir brjefaviðskifti við útlönd, tekur á móti erlendum gestum og getur verið kallaður til að koma fram fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum bókasafnafundum í útlöndum, því að þar að mun reka, að gerðar verða einhverjar alþjóðlegar samþyktir um ýmisleg vandasöm atriði í þeim greinum, ef til vill fyr en varir.

Eftir talsverða umhugsun um þetta efni hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að svo sje mikils um vert um val á manni í þessa stöðu, að undir því sje að miklu eða mestu komið, hvernig frumvarp þetta mundi reynast í framkvæmdinni, og mishepnist valið, eða ekki sje til hentugur maður í stöðuna, þá verði »ver farið en heima setið«.«

Af því, sem tilfært er úr áliti þjóðskjalavarðar, verður ekki um vilst, að hann telur alt móti því, að frumvarpið verði gert að lögum, og þó að landsbókavörður vilji í áliti sínu sýnilega hliðra sjer við að veita bein svör við spurningu þeirri, er fyrir hann var lögð, þá verður þó ekki heldur um það vilst, að hann telur mörg og mikilsverð tormerki á því að fela sama manni stjórn safnanna beggja. Það skín og út úr orðum hans, að torfundinn muni vera maður, hæfur til að standa fyrir söfnunum hvorutveggja, þar sem sami maður geti verið góður bókavörður, þótt hann mundi ljelegur skjalavörður, og ljelegur bókavörður, þótt hann mundi vera góður skjalavörður. Svo mundi það og verða, ef sama manni væri falið hvorttveggja starfið, að honum mundi verða torvelt að þjóna tveim jafnólíkum herrum. Hann mundi eðlilega lítið vit hafa á nema störfum þeim, er annaðhvort safnið varða, og hitt safnið mundi hann afrækja og verða að sjá flest með annara augum. Nefndin telur það að sjálfsögðu mjög mikils virði, að hvoru þessu safni um sig sje vel stjórnað. Og eflaust mætti gera landsbókasafninu margt annað þarfara en sameina það undir sama forstöðumann sem þjóðskjalasafnið. Ræður nefndin það af erindi þriggja bókakaupa-ráðuneytisnefndarmanna til stjórnarinnar, dags. 10. apríl þ. á., að ýmsu sje ábótavant um stjórn og meðferð landsbókasafnsins, er nauðsynlegt sje að kippa í lag sem fyrst, bæði því, er saka má að líkindum forstöðumann safnsins um, og því, sem honum verður ekki sök á gefin, að svo miklu leyti sem þess er kostur. En til þess þarf vafalaust mann, er kunnugur sje skipulagi safna og sje vel vinnufær og hirðusamur, en eins og báðir forstöðumenn safnanna taka fram og nefndin fellst á, mundi torfundinn sá maður, er bæði fullnægði þeim kröfum, sem gerðar eru til forstöðumanns landsbókasafnsins, og þeim kröfum, er gera verður til forstöðumanns þjóðskjalasafnsins. Af þessum rökum, sem nú hafa rakin verið, virðist nefndinni mjög óráðlegt, að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Um 2

Enda þótt nefndin telji sameining forstöðunnar fyrir söfnunum allskostar óráðlega samkvæmt því, sem áður er sagt, skal þó fjárhagsatriði málsins rakið nokkuð, með því að nefndin telur ekki ólíklegt, að það mundi vega nokkuð í augum ýmsra, ef það væri óvjefengjanlegt, að fjársparnað að mun mundi leiða af því, ef frumvarp þetta yrði gert að lögum.

Ef nú tekin er mannaskipun sú við söfnin, er verða mundi og verða hlyti, ef frumvarpið verður samþykt, yrði útkoman árlega þessi (og eru launaupphæðirnar taldar samkvæmt 32. gr. launafrv. stjórnarinnar, því er nú liggur fyrir þinginu):

1. Landsbókav. (forstöðum. beggja safnanna)	árslaun 4400—6000,			meðaltalsl.	5200 kr.
2. Skjalav. og bókav.	ársl. 3000—4000 hver,			meðaltalsl. 3500 hver,	— 7000 —
3. Þrír aðstoðarbókav.	ársl. 2000—3000 hver,	—	2500 —	—	7500 —
4. Aðstoðarskjalav.	ársl. 2000—3000	—	2500	—	2500 —
				Meðaltalslauna-upphæðin á ári yrði því	22200 kr.

Ef mannaskipunþeirri, er nú er, verður haldið, mundi útkoman verða þessi:

1. Landsbókavörður 4500—5500,	.....	meðaltalslaun	5000 kr.
2. Þrír bókaverðir 2000—3000, meðaltalsl. 2500	.....	—	7500 —
3. Þjóðskjalavörður 4500—5500,	.....	—	5000 —
4. Aðstoðarskjalav. 2000—3000,	.....	—	2500 —
		Laun alls	20000 kr.

Um laun landsbókavarðar og landsskjalavarðar skal þess getið, að nefndin hefir farið eftir því, er hún ætlar að verða muni um tillögur þær, er fram munu bráðlega koma um laun þessara tveggja starfsmanna frá launamálanefndinni. Launaupphæðin eftir frumv. yrði 2200 kr. hærri á ári en hún verður með því skipulagi, sem nú er við söfnin, og fer því svo fjarri, að landssjóði sparist gjöld, ef frumvarpið verður að lögum, heldur verður skipulag það, er þá yrði lögleitt, ofurlítið dýrara en núverandi skipulag.

Ef til vill kynni einhver að halda, að eigi þyrfti allan þann mannafla við söfnin, sem nefndin gerir ráð fyrir, ef frv. yrði samþykt.

Lítum þá fyrst á landsbókasafnið:

Bókavörður mundi hafa á hendi aðal-eftirlit safnsins og umsjón með starfsmönnum þess, samning ritaukaskrár o. s. frv. Gæslu og lán bóka á lestrarsal eða útlán mundi hann ekki sjálfur annast. Á útlánssalinn og til þess að annast bókaheimtu og bókaröðun mundi að minsta kosti þurfa einn mann, eins og nú er, og annan þyrfti stöðugt til afgreiðslu og gæslu á lestrarsal, eins og nú er. Þriðja fastan mann við safnið myndi enn fremur þurfa til gæslu á lestrarsal og til að annast störf þau, er vinna þyrfti daglega og hinir geta ekki komist yfir. Kvarta bókaverðir á safninu nú mjög um vöntun á starfskröftum við safnið, eins og líka má sjá af umsögn landsbókavarðar um kæru áðurnefndrar ráðuneytisnefndar um bókakaup. Telja þeir sjer ógerning að komast yfir þau verk, sem daglega þarf þar að vinna, með þeim starfskröftum, sem þar er á að skipa.

Og kemur þá að þjóðskjalasafninu:

Það virðist varla þurfa að taka það fram, að skjalavörður þar mundi, ef frv. verður að lögum, að eins rækja þau störf, sem þjóðskjalavörður innir nú af hendi. Til aðstoðar á því safni þyrfti annan mann eftir sem áður, sem undir umsjón skjalavarðar annaðist röðun og umbúnað skjalanna, afgreiddi þá, er nota þurfa safnið, leitaði í skjölum þess að upplýsingum, er einstakir menn eða hið opinbera þarf að fá um ýms málefni, svo sem skírnarvottorð, upplýsingar um verustaði þurfalinga, er oft kosta miklar leitir, upplýsingar um landamerki, jarðagögn o. s. frv., er langa leit verður oft að gera að og mikinn tíma tekur. Ef starfsmenn væru færri með nýja fyrirkomulaginu en hjer hefir verið talið, mundi fyrst og fremst alls ekki verða úr því bætt, er mörgum þykir á skorta um hirðu og annað skipulag landsbókasafnsins. Og í annan stað mundi Þjóðskjalasafnið bráðlega komast í vanhirðu, sem landinu yrði til vansa og gerði almenningi ókleift að hafa þau not af því, sem hann á heimtingu á og vera þarf.

Þar sem frv., eins og áður er sagt, hefir í för með sjer að áliti nefndar-

innar gagngerða ókosti og það mundi auka launagjöld landssjóðs, telur nefndin einsætt að ráða háttv. deild frá að samþykkja það.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður og framsögumaður. Stefán Stefánsson, fundaskrifari. Pjetur Þórðarson.

Jörundur Brynjólfsson. Einar Jónsson.

(B. LXVII, 1).

Ed. **388. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar frá 10. nóv. 1913, voru veittar til hafnargerðar í Vestmannaeyjum 90 þús. krónur og landsstjórninni veitt heimild til að ábyrgjast 270 þús. kr. lán til hafnargerðar þar.

Fyrir þinginu 1915 lá tilboð frá N. C. Monberg um að byggja hina fyrirhuguðu höfn fyrir þessar upphæðir eða öllu meira; en er sýslunefnd hafði samþykt tilboð þetta, eftir heimild í nefndum lögum, gat N. C. Monberg ekki gert samning á þeim grundvelli, þar sem alt efni hafði stigið í verði og vinnulaun hækkað, enda tekið fyrirvara í tilboðinu um það. Vinnu við byggingu hafnar-

garðanna (bylgjubrjótanna) var haldið áfram eftir eldri samning, og, eftir þeirri reynslu, sem fjekst meðan á byggingunni stóð, var ákveðið að byggja þá mjög miklu sterkari en upprunalega var ætlast til. Syðri garðurinn (á Hringskeri) var nær fullger haustið 1916, en skemdist talsvert í nóv. það ár. Nyrðri garðinn (á Hörgseyri) var byrjað að byggja 1916, og hefir hann tiltölulega lítið skemst, eða það sem komið er af honum, en er þó, að áliti verkfræðinga þeirra, sem hafa verið látnir athuga hann, og að áliti sýslunefndar og hafnarnefndar, ekki að treysta til frambúðar. Árið 1917 var gert við garðinn á Hringskeri til að verja hann frekari skemdum, og svo að báðum göðunum gert árið 1918 eftir tillögum Jóns H. Ísleifssonar. Sú aðgerð hefir staðið í vetur sem leið, en bæði eftir áliti hans og að áliti N. P. Kirks verkfræðings þarf að styrkja og hækka þessa brimbrjóta og byggja endana á þeim á alt annan hátt en ætlað var í fyrstu. Árið 1918 var því látið nægja ofangreind nauðsynleg aðgerð, en vegna örðugleika á því að fá efni og afskaplegrar dýrtíðar ekki ráðist í að framkvæma frekara að hafnargerðinni.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja fól svo í vor, eftir tillögu hafnarnefndar, N. P. Kirk að gera áætlun og tillögur um byggingu garðanna og hafnarinnar. Sú áætlun liggur nú fyrir og var samþykt á fundum hafnarnefndar og bæjarstjórnar nýlega, sbr. fylgiskjal II og III, sem jeg leyfi mjer að vísa til.

Um hafnarvirki þau, sem gera þarf, skal jeg leyfa mjer að vísa í fylgiskjal I, lýsingu frá N. P. Kirk, en kortið mun standa til boða væntanl. nefnd í málinu og önnur gögn, sem til eru. Nákvæmar teikningar og lýsingar (Detailplaner og Beskrivelser) eru ekki enn tilbúnar að fullu, en N. P. Kirk mun fúslega gefa nefndinni allar þær upplýsingar, sem hún kynni að óska.

Um þörfina á hafnarbyggingu í Vestmannaeyjum er víst enginn í vafa, sem hugsað hefir nokkuð um málið og til þekkir, enda skal ekki fjölyrt um það. En það er alveg víst, að það er lífsatriði ekki að eins fyrir framþróun fiskveiða við Vestmannaeyjar, heldur og fyrir Eyjamenn sjálfa eða öllu heldur sjómenn þar.

Ætlast er til, að bygging hafnarinnar verði lokið á 3 árum og byrji seint næsta vetur (mars—apríl), og eru þá tillög ríkissjóðs að eins 100 þús. krónur á ári, þar sem nú er greitt þegar milli 40 og 50 þús. krónur.

Þegar nú þess er gætt, að fyrir ófriðinn hafði ríkissjóður á annað hundrað þús. kr. tekjur frá Vestmannaeyjum, og að síðan hefir framleiðsla aukist mjög og skattar hækkað og nýir verið lagðir á, þá er auðsætt, að þetta tillag, sem fellur niður eftir 3 ár, er ekki nema nokkur hluti af þeim arði, er ríkissjóður hefir frá Eyjabúum.

Að endingu skal tekið fram, að Eyjamenn bera alla byrði af hafnargerðinni, og eru þeir, eins og sjest af áætluninni um tekjur hafnarinnar, fúsir að leggja á sig þungar byrðar, enda vita þeir best, hvar skórinn kreppir.

Fylgiskjal I.

Reykjavik Juli 1919.

Til Havneudvalget, Vestmanö.

I Henhold til min ærb. Skrivelse af 4. Juni tillader jeg mig herved at tilstille det höjstærede Havneudvalg en Plan, paa hvilken er vist de Havneværker, der foreslaas bragt til Udförelse, for at der paa Vestmanö kan blive en betryg-

gende Fiskerihavn for Motorbaade, og saaledes at Trawlere og Kystfartöjer ligeledes kunne anlöbe og finde Læ samt losse deres Fangst og Last.

Da der allerede nu er fölelig Trang til mere Ankerplads i Havnen for Motorbaadflaaden, er der taget Hensyn dertil ved at foreslaa en betydelig Uddybning dækket af Hörgeyrimolen, hvorved der bliver Plads for det dobbelte af det nuværende Antal Motorbaade. Hvis der senere skulde vise sig Trang til mere Plads i Havnen end ved de Arbejder, som nu foreslaas, er der Plads for betydelige Udvidelser og Havneværker i Bunden af Havnen.

Da der derfor nu stilles betydelig större Fordringer til Havnen, end da det forrige Projekt blev udarbejdet, medförer dette, at man har maattet forandre Indsejlingen til Havnen noget for at göre den bekvemmere, samt at man maa bygge en ny Mole lige overfor Hörgeyrimolen for at skaffe fornöden Ro i Havnebassinet, saa Skibene kunne ligge ved Broerne.

Da det ligeledes maa anses for en Nödvendighed at skaffe mere Plads for Losning af Motorbaadene, og da det endvidere er nödvendigt at kunne losse Trawlere og mindre Fragt- og Ruteskibe, foreslaas den nuværende Sysselbro udbedret og forlænget, og i Forlængelsen deraf bygget en Dampskibsbro; ligeledes foreslaas den indvendige Side af den nye Mole ud for Brydes Plads indrettet til Anlæg for Motorbaade paa den inderste Del, medens den yderste Del indrettes saaledes, at Skibe kunne have Anlægsplads.

For at skaffe Pladser langs Havnen til Pakhuse og Fiskevaskehuse foreslaas en Opfyldning langs Kysten saaledes som vist paa Tegningen fra Skansen og ind til Tangen.

Paa Planen er endvidere vist de Arealer af Havnen, som det er nödvendigt at uddybe for at faa passende Vanddybde for de Skibe, der vil trafikere Havnen; idet bemærkes, at de angivne Dybder og Höjder er angivne i Forhold til dagl. Lavvande.

De paa Planen angivne Dybdekurver er indtegnede efter en i Juni—Juli 1919 foretaget Pejling.

De ny Havneværker, der er indlagt med rödt paa Planen, vil kunne udföres i et Tidsrum af $2^1/_2$ á 3 Aar, og bestaar af följende:

1) Forlængelse og Forstærkning af Hörgeyrimolen:

Den nuværende Del af Molen forsynes paa begge Sider med en Stenkastning, og Molekronen forhöjes 1 á $1^1/_2$ m. med en Række Betonblokke. Med et forstærket Tværsnit föres Molen 35 Meter ud i samme Retning, hvorefter den böjes mod Öst, som vist paa Planen, og föres udover Eyret til Molehovedet, der bestaar af en rund Jernbetonsænkekasse med 10 m's Diameter.

Molens Stenskraaninger afsluttes med to Jernbetonsænkekasser.

2) Forstærkning af Hringskærmolen:

Den udvendige Skraaning forstærkes med en Række Betonblokke.

Langs den indvendige Side udvides Tværprofilet med en Stenkastning af 3 til 10 m's Bredde afdækket med Beton.

Molen forhöjes med en Række Betonblokke af 1 á 2 m's Höjde.

Molen afsluttes med Jernbetonsænkekasse som ved Hörgeyrimolen.

3) Molen ved Brydes Plads:

Umiddelbart öst for Brydes Butik föres en Mole 78 m ud i Retning af Hörgeyrimolens Molehoved.

Molens östre Indfatning bestaar af en Stenkastning med Anlæg 1 : 1.

Molens vestre Side er indfattet af en tæt Væg, der giver Anlæg for Motorbaade paa de inderste 48 m, medens der ved de yderste 30 m er Anlægsplads for större Skibe.

Molekronen er 7 m bred og er forsynet med en 1 m höj Bölgeskærm.

Molen, der er sandfyldt, afsluttes af en Jernbetonsænkekasse.

4) Byens Bro:

Den nuværende Bro udvides, repareres og forlænges c. 30 m, saaledes at der paa begge Sider bliver hældende Broer for Anlæg og Losning af Motorbaade, medens den midterste 8 m bred del af Broen kan benyttes til Transport ud til den 50 m lange og 10 m brede Dampskibsbro, hvis Sider indfattes af Spunsvægge.

Dampskibsbroens Dæk ligger 3,5 m over dagl. Lavvande.

5) Opfyldning:

Fra Skansen og til den nye Mole ved Brydes Plads foretages en Opfyldning til Kote + 4,0 m.

Opfyldningen begrænses mod Söen af en Stenkastning med Anlæg 1 : 1.

Fra Molen ved Brydes Bro og ind til Tangen foretages ligeledes en Opfyldning; denne begrænses mod Havnen dels af en Mur af tört Murværk og dels af en Stenkastning med Anlæg $^3/_4$: 1.

Opfyldningshöjden er her 3,5 m.

Opfyldningen slutter sig overalt til det tilstödende Land med passende Overgangsskraaninger.

6) Uddybning:

I Indsejlingen og den trafikerede Del af Havnen samt ved Dampskibsbroerne uddybes til 4 m; ved Motorbaadsbroerne og paa Ankerpladsen uddybes til 2 Meters Dybde alt under dagl. Lavvande.

Idet man gaar ud fra följende Priser for Indköb af Materialer nemlig:

25 Kr. for Td. Cement.
600 — pr. ts. Jern.
200 — — ts. Kul.
150 — — m³ Rundtömmer.
200 — — — hugget Tömmer.
250 — — — Planker.

og med en Arbejdslön af 110 Öre pr. normal Arbejdstime, vil ovennævte Arbejder kunne udföres for följende Summer:

1) Hörgeyrimolen	178,860	Kr.
2) Hringskærmolen	245,945	—
3) Brydes Bro	95,420	—
4) Byens Bro	146,955	—
5) Opfyldning	229,050	—
6) Uddybning	219,000	—

eller en samlet Sum af 1,115,230 Kroner.

N. P. Kirk.

Fylgiskjal II.

Útskrift
úr Gjörðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1919, miðvikudaginn 30. júlí, var á fundi í hafnarnefnd Vestmannaeyja fyrir tekið:

1. Lagt fram brjef frá N. P. Kirk, dags. 28. f. m., með fylgjandi áætlun og korti yfir hafnargerð í Vestmannaeyjum.

Fullgerð höfn samkvæmt teikningunni, ásamt bryggjum, uppfylling og dýpkun, er áætlað að kosti 1,115,230 krónur, auk þess sem nú þegar hefir verið varið til hafnargerðarinnar.

Samkvæmt þessu ætti höfnin að kosta, að meðtöldu rentutapi o. fl., alt að 1,400,000 krónur.

Hafnarnefndin gerði áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar, með þessum kostnaði fyrir augum, og að landssjóður leggi til 1/4 kostnaðar, eða 350 þúsund krónur.

Áætlun.

I. Tekjur:

1.	Lestargjald	kr. 22,000,00	
2.	Vitagjald	— 5,500,00	
3.	Festargjald	— 24,500,00	
4.	Vörugjald	— 40,000,00	
5.	Bryggjugjald	— 5,500,00	
6.	Leiga	— 10,000,00	kr. 107,500,00

II. Gjöld:

1.	Afborgun og vextir	kr. 73,500,00	
2.	Hafnarverðir	— 6,000,00	
3.	Viðhald	— 14,000,00	
4.	Ýmislegt	— 5,000,00	
5.	Kostnaður við innheimtu	— 5,375,00	
6.	Tekjuafgangur	— 3,625,00	kr. 107,500,00

Með hliðsjón af þessu og þeirri brýnu þörf, sem er á því að hjer verði fullgerð höfn nú þegar, vegna útgerðarinnar hjer, þá leggur nefndin til, að bæjarstjórn ráðist í hafnargerð þessa og geri nú þegar ráðstöfun til að fá heimild hjá löggjafarvaldinu til að byggja höfnina.

2. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin skori á Alþingi að veita 350 þúsund krónur til hafnargerðar þessarar og heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 1050 þúsund króna lán í sama skyni.

— —

Rjett eftirrit staðfestir

Karl Einarsson.

Fylgiskjal III.

Útskrift
úr Gjörðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1919, fimtudaginn 31. júlí, var á almennum fundi í bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir tekið:

— —

3. 9. mál á dagskrá:

Lögð fram fundargjörð hafnarnefndar 30. júlí 1919. Nr. 1 og 2 samþykt í einu hljóði.

Þá kom fram svo hljóðandi tillaga:

Bæjarstjórnin skorar á Alþingi að veita úr ríkissjóði 350 þúsund krónur til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, að meðtöldu því, sem þegar er veitt, og heimila landsstjórninni að ábyrgjast alt að 1050 þúsund króna lán í sama skyni vegna ríkissjóðs, að meðtöldu því láni, sem þegar er tekið.

Tillagan var borin upp og samþykt með öllum atkvæðum.

— —

Rjett eftirrit staðfestir

Karl Einarsson.

(B. XXVIII, 6).

Ed. **389. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Frá fjárhagsnefnd.

Af innlendri vindlagerð hefir gjald verið greitt í landssjóð eftir lögum nr. 41, 16. maí 1907, en hjer er ætlast til, að einnig sje lagt gjald á tilbúning á konfekt og brjóstsykri.

Fjárhagsnefnd telur sanngjarnt, að nokkurt gjald sje greitt af framleiðslu þessara vörutegunda, og álítur, að það sje sett hæfilega hátt í frumvarpinu, er miðað er við innflutningstoll á samskonar vörum frá útlöndum.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykt með þeirri

BREYTINGU,

að í staðinn fyrir »landssjóð« í 2. og 7. gr. komi: ríkissjóð.

Alþingi, 15. ágúst 1919.

Magnús Torfason, form. Guðm. Ólafsson, ritari. H. Steinsson.

(A. VIII, 7).

Ed. **390. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrir rúmum 10 árum síðan mátti heita, að verkun á kindakjöti til útflutnings væri svo bágborin hjer á landi, að óhugsandi var, að viðunandi verð fengist fyrir þá vöru á útlendum markaði, nema eitthvað væri að gert. Og eftir því, sem framleiðsla sauðfjár varð dýrari, varð mönnum ljósari nauðsynin á því, að kjötið hækkaði í verði og að eina ráðið til þess væri betri verkun, mat og flokkun. Leiddi þetta til þess, að samvinnufjelögum var komið á fót víðs vegar á landinu, er reistu sláturhús á hentugum stöðum, nægilega stór og að öðru leyti svo úr garði gerð, að í þeim má slátra nær því öllu sláturfje úr hjeruðum þeim, er að þeim liggja. Samvinnufjelögin hafa líka látið sjer mjög umhugað um að útvega sjer menn, er numið hafa sláturiðn erlendis, til að sjá um slátrun, niðursöltun kjötsins og aðra meðferð þess. Sömuleiðis hefir Búnaðarfjel. Ísl. um nokkur ár veitt ungum mönnum styrk nokkurn til að nema sláturiðn hjá Sláturfjel. Suðurlands. Menn þessir hafa svo dreifst út um landið og orðið umsjónarmenn hjá sláturfjelögum, kaupfjelögum og kaupmönnum. Kom það brátt greinilega í ljós, að tjeðar umbætur leiddu af sjer mjög svo mikla breyting til hins betra á kjötverkun í landinu yfirleitt, en þó einkum á svæðum þeim, er sláturfjelög og kaupfjelög þau, er slátrun hafa, ná yfir. Þetta hefir aftur orðið til þess að ávinna saltkjötinu töluvert álit á útlendum markaði, miðað við það, sem áður var, og að verðið þar af leiðandi hækkaði að góðum mun, og það jafnvel undir eins og byrjað var á umbótunum. Læknisskoðun og merking á kjöti samkvæmt lögum nr. 7, 13. nóvember 1912, hefir sömuleiðis átt góðan þátt í því að bæta verkun á saltkjötinu.

En þrátt fyrir það, að umræddar framfarir í saltkjötsverkun hafa átt sjer stað, þá er þó enn þá pottur brotinn í þessum efnum víðs vegar á landinu. Í mörgum kauptúnum er enn þá ekkert viðunanlegt sláturhús, og slátrun fer því fram á blóðvelli, með líkri aðferð og fyr, undir beru lofti, og eftirlit sama og

ekkert. Þarf ekki því að lýsa, að þar sem svo er ástatt, getur naumast hjá því farið, að kjötið skemmist í meðferðinni, og geti þar af leiðandi alls ekki orðið sæmileg verslunarvara, einkum þá þar við bætist, að læknisskoðun á kjötinu fer ekki fram, og það heldur ekki flokkað eftir gæðum. Það er deginum ljósara, að kjöt, sem þannig er illa umvandað, hlýtur að spilla mjög mikið fyrir áliti og sölu á kjöti hjeðan af landi á erlendum markaði, enda hefir það komið berlega fram.

Frumvarp það um mat á saltkjöti til útflutnings, er hjer liggur fyrir, er borið fram í því skyni að koma í veg fyrir það, að *gamla lagið* á meðferð kjötsins haldist áfram, en fullkomið samræmi í verkun þess og mati náist um land alt, hliðstætt því, er á sjer stað með ýmsar aðrar útflutningsvörur, svo sem ull, síld og saltfisk. Vjer nefndarmenn verðum því að álíta frumvarpið rjettmætt og mikilsvert, og leyfum oss að mæla sem best með því, að það nái fram að ganga. Vjer leyfum oss að koma fram með eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið, er vjer vonum að sjeu til bóta og spilli ekki fyrir framgangi þess.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 6. gr.
   a. Aftan við 1. málsgrein bætist:
   og forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfjelaga.
   b. Í stað orðanna í 3. málsgr.: »Ákveður stjórnarráðið með ráði hlutaðeigandi yfirmatsmanns« komi:
   ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir o. s. frv.
2. Við 7. gr.
   »Þar skal og tiltekið um kaup þeirra« falli burt.
3. Við 9. gr.
   Í staðinn fyrir »eigi hæfilegt húsrúm til slátrunar, en eigi kleift að reka sláturfjeð til annars sláturhúss« komi:
   eigi kleift að reka sláturfje til sláturhúss, og getur o. s. frv.
4. Við 10. gr.
   Í stað »200—2000 kr.« komi:
   1000—3000 kr.

Alþingi, 15. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður og ritari.	Sigurjón Friðjónsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(C. X, 4).

Nd. **391. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin, sem haft hefir tillögu þessa til meðferðar, hefir leitað álits landsbankastjórnarinnar um hana, og hefir hún látið það álit sitt uppi, að útibú myndi mæta vel geta þrifist á þessum stað, og hefir því fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 15. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður.

Þórarinn Jónsson, fundaskr. og frams.m.

Einar Árnason.

Sigurður Sigurðsson.

H. J. Kristófersson.

(B. LXVI, 2.)

Nd. **392. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Magnús Guðmundsson.

Á eftir »Stóru-Ökrum« komi:
og í Lýtingsstaðahreppi.

(B. IX, 8.)

Nd. **393. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 376.

Frá allsherjarnefnd.

2. og 3. málsgr. brtt. á þingskj. 376 orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að því leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, eru undanþegin ákvæðum laga þessara.

(B. XXXVI, 4).

Nd. **394. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stafliður c í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.

Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:

10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög, nr. 39, 11. júlí 1911, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

(A. XXX, 3).

Nd. **395. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17 frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. í lögunum frá 8. júlí 1902 orðist þannig:

Með konunglegri tilskipun má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskveiðaskírteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland og samkvæmt gildandi skrásetningarlögum hafa rjett til þess að hafa íslenskan fána, svo og um tölusetningu og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda á góðri reglu við fiskveiðar á tjeðu svæði og koma í veg fyrir spell og skemdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir um eftirlit með því, að fylgt sje ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXVII, 5).

Ed. **396. Lög**

um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

(Afgreidd frá Ed. 16. ágúst).

1. gr.

Í stað 1. gr. komi:

a) Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefir umsjón með rekstri póststarfanna.

Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða.

b) Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.

c) Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

2. gr.

Í stað 2. gr. c, 2. málsgr. komi:

Undir fylgibrjef með bögglum má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

3. gr.

Í stað 7.—9. málsgr. 9. gr. komi:

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

4. gr.

Í stað 11. gr. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a) *Fyrir laus brjef:*

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,
   ef þau vega 20 grömm eða minna ..... 15 aurar
   ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum ..... 30 —
   ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum ..... 45 —

   Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa utanríkis, sem er:

   Fyrir hin fyrstu 20 grömm 20 aurar, og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

   Spjaldbrjef ..... 10 aurar
   Spjaldbrjef með borguðu svari ..... 20 —

   Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 10 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.
2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 5 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

   Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en 2. gr. póstlaga 16. nóv. 1907 ákveður, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.
3. 15 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b) *Fyrir peningabrjef:*

10 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 30 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það

er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:
Fyrir 500 kr. upphæð eða minna ..... 10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er .. ... 5 —
Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. *Fyrir böggla:*

20 aurar fyrir hvern böggul og að auki 10 aurar fyrir hvert ½ kílógramm eða minni þunga.

Eigi að senda bögglana með landpóstum, skal þar að auki greiða:
Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kilógramm eða minni þunga ..... 40 aura
Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga ..... 40 —

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið, skal borgað alt að 100 % meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal enn fremur greiða ábyrgðargjald það, sem ákveðið er í staflið b.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrjef segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d) *Fyrir póstávísanir:*

25 kr. eða minni upphæð ..... 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ..... 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð að því, sem fram yfir er.

e) *Fyrir póstkröfur*

greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 10 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f) *Fyrir blöð og tímarit:*

Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga ..... 25 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga ..... 50 aurar.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 5 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Borgun sú, sem ákveðin er í 4. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrjef.
3. Böggla.
4. Póstávísanir.
5. Póstkröfur.
6. Móttökukvittanir.
7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkv. 4. gr. f. þessara laga.
8. Sendingar til konungs og konungsættingja.
9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær að eins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.
10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórninni.

6. gr.

Í stað síðustu málsgr. í 13. gr. komi:

Frímerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frímerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávísanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

7. gr.

Í stað »20« í 21. gr. komi: 200.

8. gr.

Í stað »stjórnarráð« í 27. gr. komi: póststjórn.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. XVIII, 4).

Ed. **397. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919, og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXX, 10).

Ed. **398. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna »en aðrir gjaldi 10 kr.« í 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., komi:

Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, ef hundsins, að þeirra áliti, er sjerstök þörf til verndar grasrækt, fært gjaldið niður í 10 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XXX, 11).

Ed. **399. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. 1. gr. hljóði svo:

   Í staðinn fyrir 1. málslið 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira, komi:

   Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 4 kr. ár hvert. Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sje að hennar áliti sjerstök þörf fyrir hundinn, fært gjaldið niður í 10 kr.
2. Fyrirsögn frumvarpsins hljóði svo:

   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

(B. LXIV, 1).

Nd. **400. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

Skattskylda.

1. gr.

Tekjuskatt skal greiða í bæjarsjóð samkvæmt äkvæðum þeim, er hjer fara á eftir:

Af	tekjum	frá	og	með	500	kr.	að	800	kr.	1%
—	—	—	—	—	800	—	—	1100	—	1½%
—	—	—	—	—	1100	—	—	1400	—	2%
—	—	—	—	—	1400	—	—	1700	—	2½%
—	—	—	—	—	1700	—	—	2100	—	3%
—	—	—	—	—	2100	—	—	2600	—	3½%
—	—	—	—	—	2600	—	—	3100	—	4%
—	—	—	—	—	3100	—	—	3700	—	4½%
—	—	—	—	—	3700	—	—	4300	—	5%
—	—	—	—	—	4300	—	—	5000	—	5½%
—	—	—	—	—	5000	—	—	6000	—	6%
—	—	—	—	—	6000	—	—	10000	—	6½%
—	—	—	—	—	10000	—	—	15000	—	7%
—	—	—	—	—	15000	—	—	22000	—	7½%
—	—	—	—	—	22000	—	—	30000	—	8%
—	—	—	—	—	30000	—	—	40000	—	8½%
—	—	—	—	—	40000	—	—	50000	—	9%

Af því sem yfir er 50000 kr. greiðist 10%.

2. gr.

Ef þörf gerist, til þess að ná samræmi milli tekjuskattsupphæðar þeirrar, er greiða skal eitthvert ár, og tekjuskattsupphæðar þeirrar, er bæjarstjórn hefir áætlað á fjárhagsáætlun fyrir það ár, má lækka eða hækka hundraðstölur þær, sem ákveðnar eru í 1. gr., með því að margfalda þær allar, hverja fyrir sig, með sömu hreyfitölu. Hreyfitala þessi má aldrei vera lægri en 0,60 og aldrei hærri en 1,40, nema ⅔ hlutar bæjarstjórnar samþykki og stjórnarráðið staðfesti.

3. gr.

Skattinn greiða:

1. Allir þeir, sem búsettir eru í Reykjavík, og það eins þótt þeir dvelji um stundarsakir utanbæjar, hjer á landi eða í útlöndum, án þess að flytja sig búferlum úr bænum.

2. Sjerhver sá einstaklingur, fjelag eða stofnun, sem rekur arðsama atvinnu eða á hlutdeild í slíkri atvinnu eða starfrækslu í bænum 4 mánuði ársins eða lengur, þótt ekki eigi heimili í bænum.

3. Öll hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, sem heimilisfang eiga í bænum, nema tekjuafgangi sje einungis varið til velgerðar- eða mannúðarfyrirtækja. Enn fremur framleiðslufjelög, samvinnufjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög með heimilisfangi í bænum, sem hafa þann tilgang að starfa til efnahagsmuna fyrir fjelagana, og það eins þótt afrakstur sá, sem verða kann af starfseminni, sje eigi allur, eða að hluta, talinn fjelaginu sem slíku til tekna, samkvæmt fyrirkomulagi því, sem er á starfsemi þess og reikningsfærslu. Stofnanir þær, er hjer voru nefndar, en ekki eru heimilisfastar hjer í bænum, greiða skatt, ef þær ástæður eru fyrir hendi, sem getið er í 2. lið. Umboðsmenn utanbæjarfjelaga bera einnig ábyrgð á skattgreiðslunni.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu eru þeir menn, fjelög eða stofnanir, sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga eru sjerstaklega undanþegnir skattskyldu til bæjarins.

5. gr.

Með þeim undantekningum og takmörkunum, sem síðar greinir, teljast allar árstekjur skattgreiðanda til skattskyldra tekna hans, hvort sem þær eru fengnar í bænum eða ekki og hvort sem um er að ræða peninga eða fjármuni, sem metnar verða til peninga, svo sem tekjur:

a. Af sjávarútveg, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, iðnaði, handiðn, jarðrækt eða sjerhverri annari atvinnu eða starfsemi; enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta, eða fyrir vinnu, greiða eða aðstoð, hvernig sem henni kann að vera varið.

b. Af hverskonar leigu af fasteign eða lausafje, eða rjetti til að nota fasteign eða lausafje annara án endurgjalds. Húsnæði það, sem eigandinn býr sjálfur í, telst honum til tekna eftir þeirri leigu, sem hann hefði getað fengið fyrir það, ef hann hefði leigt það öðrum.

c. Af embætti eða stöðu, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 7. gr. b. að því er snertir skrifstofukostnað embættismanna), enn fremur af eftirlaunum, biðlaunum, gjöfum, styrkveitingum, lífeyri, hverju nafni sem nefnist, próventu og öðru slíku.

d. Af vöxtum eða arði af hverskonar skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum, af kröfum manna á hendur

öðrum og af fje er maður hefir lánað öðrum utanlands eða innan, hvort sem er gegn veði eða skriflegri skuldbindingu eða ekki.

e. Af happdrætti eða öðrum spilum og veðfje.

Að því er snertir utanbæjarfjelög og þá skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr. 2. lið, koma að eins þær tekjur til greina, sem nefndar eru í þeim lið.

6. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, heldur eigi tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (þar með talin verðbrjef), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignasala sem atvinnurekstur, eða salan fer fram í gróðavonarskyni (spekulationsskyni); þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, og eins getur tap á sölunni komið til frádráttar tekjum skattgreiðanda.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af giftingu, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.

d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, hvorttveggja við vinnu í þarfir hins opinbera, sem er þess eðlis, að skattgreiðandi verður að dvelja utan bæjarins.

Eignaauki sá, sem um ræðir í a) og b), og eignarýrnun sú, sem verðrýrnun fjármuna leiðir af sjer, kemur þess vegna að eins til greina að svo miklu leyti, sem arður sá, er eignirnar gefa, hefir aukist eða minkað, og þá að eins upphæð sú, sem arðsaukinn eða arðsrýrnunin nemur.

7. gr.

Þegar reikna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarskostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af þinglýstum veðskuldum.

b. Frá embættistekjum þann skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér.

c. Að því er snertir þau fjelög, sem heima eiga í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, ber að draga frá tekjunum 4 % af innborguðu hlutafje eða stofnfje.

Ákveða má samkvæmt reglugerð þeirri, sem nefnd er í 35. gr., hvort og að hve miklu leyti ber að taka tillit til endurtryggingar, þegar ákveða skal skattskyldar tekjur útlendra ábyrgðarfjelaga.

Tekjur framleiðslufjelaga, samvinnufjelaga, pöntunarfjelaga og annara slíkra fjelaga, sbr. 3. gr. 3., 2. málsgrein, ákveður skattaráð þannig, að fjelaginu sje gert sem hreinar tekjur sá hundraðshluti af viðskiftaveltu fjelagsins það ár, sem skatturinn er miðaður við, sem telja má að samsvari hagnaði þeim, er fjelagsmenn hafa haft af starfsemi fjelagsins. Þessi hundraðshluti skal ákveðinn að fengnum upplýsingum stjórnenda fjelagsins um viðskiftaveltuna

og þau önnur atriði, sem stjórnendurnir óska að gefa upplýsingar um, og má hann aldrei fara fram úr 10% af viðskiftaveltunni.

Tekjur þær, sem samkvæmt framanskráðu koma til greina við ákvörðun skatts, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, þar af leiðandi jafnt hvort sem skattgreiðandi ver þeim sjer eða heimili sínu til viðurværis, til hjúahalds, til nytsemdar eða munaðar, til að afla sjer fjár, til umbóta á eignum sínum, færa út atvinnu sína eða arðsöm fyrirtæki, til gjafa eða á annan hátt, þar á meðal til lífsábyrgðar eða annarar persónutryggingar.

8. gr.

Húsráðanda ber að greiða skatt af tekjum alls sifjaliðs síns; til sifjaliðs telst kona, sem er að samvistum með manni sínum, þótt hún eigi sjereign, og börn þau, sem húsráðandi elur önn fyrir — þar með talin fósturbörn og kjörbörn — nema þau hafi heimili út af fyrir sig, en hins vegar ekki aðrir ættingjar manns, sem hann hefir tekið á heimili sitt, nje heldur hjú eða annað aðstoðarfólk, sem ráðið er gegn kaupi eða öðru endurgjaldi.

Hafi konan tekjur eða eigi hún sjereign, má ef þörf gerist krefjast þess, að hún greiði af sínu fje þann hluta skattsins, sem samsvarar tekjum hennar. Hafi bóndi greitt hennar hlut af skattinum, getur hann krafist endurgreiðslu hjá konunni.

Konu, sem slitið hefir samvistum við mann sinn, ber að telja sjálfstæðan skattgreiðanda.

9. gr.

Fyrir hvert barn, sem í byrjun þess almanaksárs, þegar skatturinn er lagður á, er yngra en 14 ára, ber að draga frá tekjunum kr. 150.00, ef börnin eru 1 eða 2, en 200 kr. fyrir hvert barn, sem er umfram tvö. — Af lægri tekjum skattskyldum en 500 krónum greiðist enginn skattur.

Af öllum tekjum ber að sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50.

Hundraðsgjald það, sem greiða ber í skatt samkvæmt 1. gr., skal miða við tekjurnar, eftir að það, sem talið er í þessari grein, er dregið frá þeim.

10. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann gefi sjálfur upp tekjur sínar og sýni jafnframt, að hann noti annað reikningár en almanaksárið. Þegar þannig er ástatt, getur skattaráðið látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

Niðurjöfnun skattsins.

11. gr.

Skattaráðið skal jafna niður tekjuskatti. Í ráðinu skulu vera 7 menn, formaður og sex menn aðrir. Formaður skal skipaður af stjórnarráðinu, að

fengnum tillögum bæjarstjórnar, og nefnist hann skattstjóri. Skal hann hafa að árslaunum 4000 kr. Hann annast allan undirbúning undir störf ráðsins og framkvæmdir fyrir þess hönd. Hann skal og skyldur til að annast önnur störf, sem snerta skattamál bæjarins, þau er fyrir hann kunna að vera lögð með lögum og reglugerðum. Skrifstofukostnað fær hann greiddan samkvæmt reikningi.

Af hinum 6 skattaráðsmönnum kýs bæjarstjórnin 2 til 6 ára og 2 varamenn, sem taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna. Fer kosning þessara manna fram í nóvembermánuði, og gildir til 6 ára í senn, þannig, að annar fer frá 3. hvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvor frá skuli fara.

Hinir 4 skattaráðsmennirnir og 4 varamenn skulu kosnir almennum kosningum til 6 ára í senn, þannig, að 2 fari frá 3. hvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti hverjir fara frá. Þessir skattaráðsmenn skulu og kosnir í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til skattaráðsins hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosning til bæjarstjórnar.

Varamenn eru þeir, sem næstan atkvæðafjölda fá þeim, sem kjörnir eru, og skal sú atkvæðatala ákveðin eftir sömu reglum sem atkvæðatala hinna kjörnu aðalmanna.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í skattaráð, og eru þeir einir undanþegnir þeirri skyldu, sem eru bæjarfulltrúar og þeir, sem eru undanþegnir skyldu til að taka við kosningu í bæjarstjórn. Sá, sem hefir setið í skattaráði 6 ár, er eigi skyldur að taka við kosningu á ný, uns sex ár eru liðin frá því að hann gekk úr ráðinu.

Aðalmenn í skattaráði, utan skattstjóra, skulu fá 300 kr. þóknun árlega fyrir starfa sinn. Varamenn skulu fá 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir eru að störfum í skattaráðinu.

Kostnaður við skattaráðið greiðist úr bæjarsjóði.

Formaður ákveður dag og stund fyrir fundi skattaráðsins. Til þess að skattaráð geti lagt á skatt, eða kveðið upp úrskurð, svo að gilt sje, verður meira en helmingur skattaráðsmanna að vera viðstaddur.

Í skattaráðinu ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

12. gr.

Í yfirskattaráði eiga sæti 5 menn. Einn skal skipaður af stjórnarráðinu; skal hann hafa lögfræðipróf það, er gefur rjett til embætta hjer á landi; er hann formaður ráðsins. Hina 4 skipar bæjarstjórnin með hlutfallskosningu, 2 úr flokki bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Einn varaformaður og 4 varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og taka þeir sæti í ráðinu í forföllum hinna. Skipun yfirskattaráðsmanna og varamanna fer fram í nóvember, og gildir til 6 ára í senn. Nú gengur bæjarfulltrúi, sem er í yfirskattaráði, úr bæjarstjórn, og kýs þá bæjarstjórnin annan bæjarfulltrúa í hans stað, fyrir það sem eftir er kjörtímabilsins. Sami maður getur eigi átt sæti í skattaráði og yfirskattaráði á sama tíma.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í yfirskattaráð, og eru

þeir einir undanþegnir þeirri skyldu, sem eru undanþegnir skyldu til að taka við kosningu í bæjarstjórn. Sá, sem setið hefir í yfirskattaráði 6 ár, er eigi skyldur að taka við kosningu á ný, uns 6 ár eru liðin frá því að hann gekk úr ráðinu.

Yfirskattaráðsmenn, aðalmenn og varamenn, skulu fá 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir eru að störfum. Kostnaður við skriftir og brjefasendingar greiðist eftir reikningi. Öll útgjöld greiðast úr bæjarsjóði.

Formaður ákveður dag og stund fyrir fundi yfirskattaráðs. Til þess að yfirskattaráð geti kveðið upp úrskurð, svo að gilt sje, verður meira en helmingur yfirskattaráðsmanna að vera viðstaddur.

Í yfirskattaráði ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

13. gr.

Jafnframt skýrslum þeim, er um ræðir í l. 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík, skal hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur, að viðlagðri alt að 500 króna sekt, er rennur í bæjarsjóð, skýrslu um alla þá einstaklinga, stofnanir, fjelög, verslanir, atvinnufyrirtæki o. s. frv., er í húsinu eru, með þeim upplýsingum, sem ákveðið verður í sjerstakri reglugerð, sem bæjarstjórnin setur en stjórnarráðið staðfestir, á þar til búin eyðublöð, sem skattaráðið lætur útbýta. Skal húseigandi eða húsráðandi sjálfur eða umboðsmaður hans undirrita skýrsluna, og afhendist hún um leið og hin venjulega manntalsskýrsla.

Samskonar skýrslu um þá, sem flytja kunna í húsið eftir afhending eyðublaðsins, skal sá húseigandi eða húsráðandi, er lætur hlutaðeiganda í tje húsnæðið afhenda skattstjóra innan 8 daga eftir að sá, er um ræðir, flutti í húsið. Á sama hátt skal tilkynna, er einhver flytur úr húsinu.

14. gr.

Að fengnum þessum skýrslum sjer skattstjóri um, að gerð sje skrá yfir þá menn, stofnanir og fjelög, sem skattskyld eru. Skrá þessi skal samin eftir fyrirmynd, er bæjarstjórnin ákveður, og skal lokið samningu hennar fyrir 31. des. næstan á eftir.

15. gr.

Skattaráðið sjer því næst um, að öllum þeim, sem álítast verða skattskyldir samkvæmt 13. gr., sje fyrir 15. janúar ár hvert send eyðublöð undir skýrslu um tekjur sínar eða viðskiftaveltu, sbr. 3. gr. 3, 2. málsgr.; eyðublöð þessi skulu samin eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið samþykkir. Skýrslur þessar skulu því næst sendar skattstjóra undirskrifaðar fyrir 1. febrúar næst á eftir. Þó eiga þeir, sem lögum samkvæmt eru skyldir að halda verslunarbækur, rjett á að fresta því að afhenda skattskýrslu sína til loka febrúarmán.

Enn fremur getur skattaráðið, samkvæmt umsókn, í sjerstökum tilfellum gefið skattgreiðendum enn frekari frest, ef þeir sanna, að þeir vegna alveg sjerstakra ástæðna við reikningsfærslu sína geti ekki gefið nákvæma skýrslu um tekjur sínar áður en greindir frestir eru liðnir.

Skýrslur þær, er um ræðir í grein þessari, skulu undirritaðar með

eigin hendi skattgreiðenda. Lögráðamaður ólögráða manns skal undirrita skýrsluna fyrir hönd skjólstæðings síns.

16. gr.

Auk þess, sem segir í 15. gr., skal skattstjóri sjá um, að auglýst sje í tveim víðlesnum blöðum í Reykjavík, eigi seinna en viku fyrir 1. febrúar ár hvert, að skattaráðið byrji ákvörðun tekna gjaldenda 1. febrúar, og jafnframt skora á menn að senda skattaráðinu skýrslu um tekjur sínar.

17. gr.

1. febrúar ár hvert, eða næsta virkan dag þar á eftir, ef 1. febrúar er helgur dagur, byrjar skattaráðið ákvörðun skattskyldra tekna gjaldenda.

Fyrst skal ákveða tekjur skattaráðsmanna sjálfra, og ber hlutaðeiganda að víkja frá á meðan sú ákvörðun fer fram. Eigi mega skattaráðsmenn heldur taka þátt í skattmati fyrir ættingja sína í beinum ættlegg upp á við eða niður á við, maka sinn eða systkini.

Því næst eru rannsakaðar þær skýrslur skattgreiðenda, er komið hafa. Ef ætla má, að slík skýrsla sje of lág, skal bjóða hlutaðeiganda að mæta á fundi ráðsins til að láta því í tje upplýsingar eða sannanir, og ákveður ráðið því næst tekjur hans, hvort sem hann hefir mætt eða ekki. Dvelji hann utanbæjar, eða ef eigi er kunnugt um dvalarstað hans, og hafi hann ekki umboðsmann hjer í bænum, sem ráðinu er kunnugt um, má hækka skattstofn hans, án þess að skylt sje að skora á hann að láta í tje frekari skýringar eða upplýsingar.

Því næst eru ákveðnar tekjur annara skattgreiðenda, og skal, ef fullnægjandi upplýsingar og skilríki fyrir tekjum einstakra skattgreiðenda eru ekki fyrir hendi, styðjast við, hvað ætla má að framfærslu hans sjálfs og heimilis hans muni kosta, miðað við stærð þess og lifnaðarháttu og annað, sem kunnugt er um fjárhagsástæður hans, og hversu atvinnurekstur hans er arðsamur og yfirgripsmikill.

Ef skattaráðsmaður er ósamþykkur ákvörðun tekna einhvers eða þeim grundvallarreglum, sem skattaráðið hefir farið eftir, getur hann bókað mótmæli sín í gerðabókina.

Þegar sjerstakar ástæður, svo sem veikindi, mannslát, erfiðar heimilisástæður og því um líkt, mælir með því að skattgreiðanda sjeu ekki taldar til skatts allar skattskyldar tekjur hans, getur skattaráðið samkvæmt umsókn ákveðið hæfilegan frádrátt á skattskyldum tekjum hans. Slíkar ákvarðanir skulu jafnan tilkyntar bæjarstjórn.

18. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er opinber störf hafa á hendi, sömuleiðis stjórnendur banka, vátryggingarfjelaga, hlutafjelaga, lánsfjelaga, sparisjóða og annara slíkra stofnana, eru skyldir að gefa, í fyrirskipuðu, stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í tje látið og mega verða skattaráðinu til leiðbeiningar við starf þess, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabrjef, þinglesin veðskuldabrjef, sparisjóðsinnieign, veðvottorð, fje ómyndugra o. s. frv.

Skorist nokkur undan að gefa þær skýrslur, er krafist er af honum,

sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, uns skýrslurnar eru gefnar.

19. gr.

Ákvörðun tekna skal lokið fyrir 10. mars, og skal þá jafnframt lokið útreikningi skattsins fyrir hvern gjaldanda, eins og hann mundi verða samkvæmt ákvæðum 1. gr., og samlagningu skattupphæðar allra skattgreiðenda. Skal skattaráðið síðan ákveða hreyfitölu þá, er nota skal samkvæmt ákvæðum 2. gr., þannig, að samtöluupphæðin á skatti allra skattgreiðenda verði 5—10% hærri en skatturinn allur er áætlaður af bæjarstjórn á fjárhagsáætlun þeirri, er gildir fyrir yfirstandandi skattár. Skal síðan gerður fullnaðarútreikningur á skattinum og tekjuskattskráin samin í samræmi við þetta, samkvæmt fyrirmynd, er bæjarstjórn setur, og skal því lokið fyrir 15. mars. Þann dag skal leggja fram samkvæmt auglýsingu, sem áður hefir verið birt, skrá yfir ákvörðun tekna þeirra skattgreiðenda, sem ekki hafa gefið skýrslu sjálfir eða ekki sent slíka skýrslu í tæka tíð. Skrá þessi skal liggja frammi á hentugum stað bæjarbúum til sýnis. Á þessa skrá ber einnig að taka þá, sem skattskyldir eru samkvæmt 3. gr. 3. lið, án tillits til hvort þeir hafa sent skýrslu eða ekki. Samtímis ber að senda þeim, er sent hafa skýrslu, sem ekki hefir verið tekin til greina, sjerstaka tilkynningu þar að lútandi, og skal þess jafnframt getið, hversu miklar tekjur þeim hafa verið gerðar. Ekki má birta skrá þessa nje hluta af henni í blöðum eða á annan hátt.

Í síðasta lagi 23. mars skal skattaráðið senda borgarstjóra staðfest afrit af tekjuskattskránni til notkunar við innheimtu skattsins.

Frá 15.—31. mars er þeim, sem teknir hafa verið á þessar skrár, heimilt að bera fram kærur sínar viðvíkjandi þeim ákvörðunum, sem snerta þá sjálfa. Á sama tíma er sjerhverjum heimilt að kæra það, ef skattskyldum manni hefir verið slept af skránni eða tekjur hans metnar of lágt, svo og hver önnur atriði, sem að einhverju leyti snerta ákvörðun skattsins.

Kærur skal senda skattaráðinu skriflega, og getur hlutaðeigandi krafist þess, að honum verði veitt tækifæri til að gefa munnlega frekari skýringar, sem hann kann að vilja láta í tje. Ber þá að taka slíka kröfu til greina.

20. gr.

1. apríl, eða næsta virkan dag, svo og næstu daga heldur skattaráðið, ef með þarf, fund, einn eða fleiri, til að rannsaka kærur þær, sem fram hafa komið. Á fund þennan skal boða þá, sem óskað hafa að bera fram frekari skýringar og upplýsingar, sem þeim kann að þykja ástæða til. Hafi komið fram umkvörtun um, að skattskyldum manni hafi verið slept eða tekjur hans taldar of lágt, ber bæði að skýra skattgreiðanda og þeim, sem kært hefir, frá, hve nær þeir skuli mæta fyrir skattaráðinu í tilefni af þessu, ef þeir óska þess.

Þegar skattaráðið hefir rannsakað kærur þær, sem fram hafa komið, ákveður það, hvaða breytingar gera skuli á ákvörðun tekna.

Það sendir þeim, sem skattur hefir verið lagður á eða hann hækkaður á, og þeim, sem sent hafa kærur, sem ekki hafa verið teknar til greina að öllu leyti, skriflega tilkynningu þar að lútandi; einnig skýrir það þeim frá, að þeim sje heimilt, ef þeim sýnist svo, að kæra til yfirskattaráðs, að sú kæra

verði að vera skrifleg og að hana verði að senda til yfirskattaráðs innan 14 daga. Skýrsla um úrskurði skattaráðsins á kærum skal jafnframt send borgarstjóra. Því, sem um ræðir í grein þessari, skal skattaráðið hafa lokið fyrir 1. maí.

21. gr.

Ef einhver skattgreiðandi vill ekki hlíta úrskurði skattaráðs um kæru sína, getur hann áfrýjað úrskurðinum til yfirskattaráðs, ef hann gerið það innan 14 daga frá því að skattaráðið hefir sent honum tilkynningu um úrskurð sinn á kæru hans. Enn fremur getur bæjarstjórn áfrýjað úrskurði skattaráðsins til yfirskattaráðsins, ef hún gerir það innan 14 daga frá því að henni barst skýrsla skattaráðs um úrskurð þess á kærum.

22. gr.

Yfirskattaráðið gefur úrskurð um áfrýjunarkærur þær, er fram hafa komið á rjettum tíma. Áfrýjunarkæran skal vera skrifleg og rökstudd, afrit af úrskurði skattaráðsins skal fylgja kærunni, svo og önnur málsskjöl, er skýrt geta málið.

Að því leyti, sem skattmatið ekki byggist á staðreyndum, sem ekki verður um vilst, eða rjettum skilningi laganna, heldur á áliti skattaráðsins, verður látið sitja við það álit, svo framarlega sem kærandi ekki lýsir því yfir, að hann muni koma fram með upplýsingar, er geri yfirskattaráðinu mögulegt að mynda sjer sjálfstæða skoðun.

Óski gjaldandi, er kærir, að mæta sjálfur fyrir yfirskattaráðinu, til þess að gefa munnlega skýringu, á hann að gefa það til kynna í sjálfri kærunni, og skal þá taka kröfuna til greina. Þegar yfirskattaráð álítur nauðsynlegt, getur það kvatt á sinn fund formann skattaráðs, eða, hafi hann forföll, einhvern annan meðlim ráðsins; við rannsókn mála, er fram koma frá bæjarstjórn, skal ráðið kveðja til fundar formann skattaráðs.

Ef yfirskattaráðsmaður hefir sjálfur áfrýjað kæru, ber honum að víkja frá meðan ákvörðuð er tekin um þá kæru. Yfirskattaráðsmenn mega heldur eigi taka þátt í úrskurði á kærum útaf skattmati fyrir ættingja þeirra sjálfra í beinum ættlegg upp á við eða niður á við, maka þeirra eða systkini.

23. gr.

Úrskurður yfirskattaráðs, um atriði þau er gjaldendur hafa kært, er fullnaðarúrskurður.

Frá úrskurði yfirskattaráðs skal skýra bæði kæranda og skattaráði. Skattaráðið skal leiðrjetta skattskrána og gefa skattheimtumanni bæjarins nauðsynlegar skýrslur um það.

Fjölgun og burtför gjaldenda.

24. gr.

Ef einhverjum gjaldanda hefir verið slept við hið almenna skattmat, skal gera sjerstakt skattmat fyrir hann samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Bætist að öðru leyti nýir gjaldendur við — svo sem við innflutning til bæjarins, eða persónur, er áður hafa verið í gjaldskyldu annars, verði sjálfstæðir gjaldendur — á tímanum frá byrjun skattmatsins til 1. október, skal gera skattmat fyrir þá samkvæmt lögum þessum.

Ef kona, sem lagður er á skattur samkvæmt lögum þessum, giftist á tímabilinu milli tveggja skattmata, hvílir skatturinn á henni til loka skattársins.

25. gr.

Ef skattskyld persóna deyr á skattárinu eða flytur búferlum af landi burt, eða skattskylt hlutafjelag eða því um líkt (3. gr. 3. liður) er rofið eða hættir að eiga skattskyldar eignir í bænum, fellur skattskyldan burt með lokum þess skattmissiris, er atburðurinn hefir gerst á. Skattmissiri telst frá 1. janúar til 30. júní og frá 1. júlí til 31. desember.

Dánarbú og þrotabú gjalda þann skatt, er hinn látni eða þrotamaðurinn átti að gjalda fyrir það skattmissiri, er hann ljetst á eða þrotabúsmeðferðin byrjaði.

Ef persóna, eftir að hafa flutt búferlum úr bænum, er skattskyld samkvæmt ákvæðum í 3. gr. 3. lið, skal skattaráð, ef þörf gerist, reikna út skatt hans að nýju, bygðan á upplýsingum þeim, er fram hafa komið við hið upprunalega skattmat.

26. gr.

Bæjarstjórninni skal heimilt að lækka eða gefa alveg eftir skatt þann, er lagður er á gjaldanda samkvæmt lögum þessum, ef vitneskja fæst um, að atvik þau, sem gert er ráð fyrir í síðasta kafla 17. greinar, hafi komið fyrir eftir að skattmatið fór fram.

Innheimta skattsins.

27. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. október, og skal í hvert sinn greiða helming skattsins. Bæjargjaldkerinn sjer um innheimtu skattsins.

Það, sem gjaldendur hafa eigi greitt innan loka þess mánaðar, er fer næst á eftir þeim, er gjalda skal skattinn í — þ. e. a. s. innan 31. mai og 30. nóvember — skal innheimta með lögtaki.

Enginn gjaldandi getur, með því að kæra skattmatið, komist hjá þeirri skyldu að greiða á rjettum tíma þann hluta skattsins, er þegar er fallinn í gjalddaga, nema yfirskattaráð hafi áður gefið úrskurð um að lækka skuli skattinn.

Þegar yfirskattaráð hefir breytt skattmatinu skal leiðrjetta upphæðina, sem hinn einstaki gjaldandi skal greiða, með því að auka við eða draga frá skattinum fyrir næsta skattgjaldstímabil, og einnig, ef þörf gerist, með því að endurgreiða það, sem þegar er greitt, eða hluta af því.

28. gr.

Flytji skattskyldur maður búferlum úr bænum, skal hann þó greiða til bæjarsjóðs skatt þann, er á hann er lagður til loka yfirstandandi skattmissiris.

Refsiákvæði.

29. gr.

Hver sá, er vanrækir að telja fram tekjur sínar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, missir rjettinn til að kæra yfir mati þeirra til skatts, nema hann sanni, að skattmatið sje meira en 25% hærra en hinar rjettu tekjur. Sje mismunurinn meiri en 25%, skal hann greiða skatt af hinum rjettu tekjum, að viðbættum 15%.

Þessum ákvæðum, og öðrum í lögum þessum um afleiðingar þess að vanrækja framtal, þarf þó eigi að beita, ef skattaráð álítur að sá, er í hlut á, hafi fært gildar afsakanir fyrir aðferð sinni.

30. gr.

Sá, er móti betri vitund gefur einhverjum af skattmatsvaldhöfum rangar skýrslur um tekjur sínar eða gjöld eða annað, er getur haft áhrif á tekjuskattinn, skal sæta sekt, er nemi alt að tífaldri skattupphæð þeirri, er undan var dregin, nema sæst sje á málið með samþykki bæjarstjórnarinnar. Sektina ákveður stjórnarráðið, nema annaðhvort bæjarstjórn eða hinn seki óski að málið komi fyrir dómstólana, og skal þá farið með það sem opinbert lögreglumál.

Verði slíkt upplýst við meðferð dánarbús, skal búið eða erfingjarnir greiða tvöfalda upphæð, þá er á vantar. Proklama, er gefin hefir verið út í búinu, getur ekki raskað þessari skyldu.

Skiftarjettur og executores testamenti eru skyldugir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum búsins, að gefa skattaráði skýrslu um fjármuni þá, er hinn látni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minnu en 3000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir, uns henni er fullnægt.

31. gr.

Meðlimir skattaráðs og yfirskattaráðs, sömuleiðis aðstoðarmenn þeirra, skattheimtumaður og aðstoðarmenn hans, svo og borgarstjóri, aðstoðarmenn hans og bæjarfulltrúar, eru, að viðlagðri ábyrgð eftir hegningarlögunum 25. júní 1869, 140. gr., sbr. 145. gr., bundnir órjúfandi þagnarskyldu út í frá, um upplýsingar þær um efnahag gjaldenda, er þeir fá sökum starfa síns.

32. gr.

Ef skattaráð eða yfirskattaráð hefir ekki innan tímatakmarka þeirra, er ákveðin eru, framkvæmt það, er þeim ber eftir ákvæðum laga þessara, getur stjórnarráðið skyldað þau til þess, að viðlögðum sektum fyrir hvern einstakan mann í ráðinu, er ekki getur fært fram fullgildar afsakanir.

33. gr.

Ef birt er nokkuð það, er samkvæmt lögum þessum ekki má birta, þá varðar það sektum, alt að 1000 kr.

Málin skal fara með sem opinber lögreglumál. Málssókn má hefja eftir kröfu gjaldanda, skattaráðs, yfirskattaráðs, bæjarstjórnar eða stjórnarráðsins.

34. gr.

Hver sá, sem samkvæmt 18. gr. í lögum þessum er látinn sæta sekt, getur innan fjórtán daga frá því er honum var tilkynt það, krafist þess að málið verði látið ganga fyrir rjett. Með málin skal fara sem opinber lögreglumál.

Þar, sem ekki er öðruvísi ákveðið, renna sektir samkvæmt lögum þessum í bæjarsjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

II. KAFLI.

Um lóðargjald.

35. gr.

Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurkaupstaðar (sbr. þó 38. og 39. gr.) skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald og nemi einni krónu af hverjum hundrað krónum af virðingarverði lóðarinnar.

Um næstu fimm ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda greiðist að eins þriðjungur framangreinds gjalds af lóðum eða lóðahlutum, sem eigandi sannar, að teknar hafi verið til afnota sem matjurtagarðar eða fiskverkunarreitir fyrir 1. janúar 1918, á meðan þær eru notaðar á sama hátt. Bæjarstjórnin getur framlengt frest þennan um önnur 5 ár, svo og ákveðið, að gjaldákvæði þetta skuli einnig ná til lóða eða lóðahluta, sem síðar hafa verið teknar til matjurtaræktunar, þó svo, að ákvæðið gildi aldrei lengur en til loka timabila þeirra, sem tiltekin eru í grein þessari.

36. gr.

Lóðargjaldið greiðist af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar, án mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á lóðinni.

37. gr.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. nú lög nr. 22, 3. nóv. 1915. Ef lóðir myndast milli tveggja reglulegra fasteignamata, 10. hvert ár, t. d. með því að erfðafestulandi sje breytt í byggingarlóð, skal verð lóðarinnar ákveðið til bráðabirgða með mati samkvæmt lögum nr. 59, 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglulega fasteignamati.

38. gr.

Undanþegnar lóðargjaldi eru: allar lóðir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs, lóðin undir dómkirkjunni og kirkjugarðar. Af lóðum þeim, sem sú kvöð hefir verið lögð á eða kann að verða lögð á, að eigi megi nota þær allar sem

byggingarlóðir, skal að eins greiða lóðargjald af svo miklu af lóðinni, sem leyft er að nota sem byggingarlóð.

39. gr.

Af erfðafestulöndum greiðist lóðargjald eftir reglum þeim, sem hjer fara á eftir:

1. Undanþegin lóðargjaldi eru erfðafestulönd, sem látin hafa verið á erfðafestu með þeim skilmálum, að notanda sje skylt að láta af hendi erfðafesturjett sinn að nokkru af landinu eða því öllu gegn fyrirfram ákveðinni borgun, hve nær sem bæjarstjórnin þarfnast þess handa bænum eða öðrum.

2. Af öðrum erfðafestulöndum greiðist lóðargjald af þeim hluta, sem er byggingarhæfur, þ. e. af þeim hluta erfðafestulandsins, sem bæjarstjórnin hefir ákveðið eða ákveður, að nota megi sem byggingarlóð; skal gjaldið talið frá næstu áramótum á eftir þeirri ákvörðun, og fer þá um mat samkvæmt 38. grein. Fellur erfðafestugjaldið niður frá sama tíma að telja.

Lóðargjaldið reiknast að eins af $^4/_5$ hlutum verðmætis hins byggingarhæfa lands, uns gjalddagi er kominn á þeim $^1/_5$ hluta, sem greiða ber í bæjarsjóð.

40. gr.

Gjalddagi lóðargjaldsins er 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur gjaldsins í hvert sinn.

41. gr.

Fyrir lóðargjaldi má gera fjárnám í hinni gjaldskyldu lóð samkvæmt 15. gr. laga 16. des. 1885, og hefir það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum.

III. KAFLI.

Ýms ákvæði.

42. gr.

Stjórnarráðið getur, eftir tillögum bæjarstjórnar, sett reglugerð með leiðbeiningu um rjettan skilning á lögum þessum, til nánari ákvarðana á tekjum þeim, er greiða skal skatt af, fram yfir þau grundvallaratriði, er tekin eru fram í lögunum, og um það, hvernig skattaráð og yfirskattaráð skuli framkvæma störf sín samkvæmt lögunum.

43. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1920.

Tekjuskattsmat samkvæmt lögunum skal fara fram í fyrsta skifti 1. febrúar 1921 og tekjuskattur og lóðargjald greiðast samkvæmt þeim í fyrsta skifti 1. apríl 1921.

44. gr.

Þegar tekjuskattur er lagður á í fyrsta skifti samkvæmt lögum þessum er skattaráðið eigi bundið við takmörkun þá á hreyfitölu hundraðstalna þeirra, er 1. gr. ræðir um, sem um getur í 2. gr.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lagaákvæði, er hjer segir:

7., 8. og 9. gr. l. nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

21., 22. og 23. gr. í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Lög 19. okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað,

svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin samþykti á fundi sínum 7. ágúst að æskja þess, að þingmenn bæjarins flyttu þetta frumvarp nú á þessu þingi og fengju það afgreitt. Er það álit bæjarstjórnarinnar, að niðurjöfnunarfyrirkomulagið sje algerlega ófullnægjandi í jafnstórri borg sem Reykjavík er orðin. Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir þessu frumvarpi í Alþingistíðindum árið 1918 A, þingskjal 12.

(B. XXX, 12.)

Ed. **401. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 399.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. Fyrir »4 kr.« komi:
   3 kr.
2. Fyrir »50 kr.« komi:
   30 kr.

(C. VIII, 2).

Nd. **402. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nú á síðari árum hefir bæði verið rætt og ritað um það, hve mikil nauðsyn á því væri, að sjerstök lánsstofnun væri sett á fót fyrir landbúnaðinn; hefir tilfinningin fyrir þessari þörf orðið því ljósari, sem sjávarútvegurinn hefir aukist og orðið arðvænlegri og getað kept við landbúnaðinn með hækkuðu kaupgjaldi og þannig dregið til sín fjöldann af vinnuþiggjendum í landinu, landbúnaðinum til stórtjóns.

Vegna þessarar sívaxandi samkepni milli tveggja aðalatvinnuvega landsbúa um vinnukraft virðist auðsætt, að annað tveggja liggi fyrir hendi, að breyta mjög um búnaðarháttu, að því er snertir framsókn og efling landbúnaðarins, eða hann liggur í rústum eftir nokkurt árabil. En hið fyrsta til verulegra umbóta, og það, sem þær hljóta að grundvallast á, er lánsstofnun, sem hvorttveggja veitti í senn lán til langs tíma með lágum vöxtum og vægum afborgunarkjörum.

Mundu slík lán aðallega þrennskonar:

1. Jarðakaupalán (eignarlán), sem hvíldu á jörðinni til all-langs tíma, þannig að vextir yrðu greiddir og lítil afborgun árlega.

   Þessi lán mundu einkum stafa frá jarðakaupum. arfaskiftum o. fl., og svarar því ekki til þeirra nein aukning á framleiðslu jarðarinnar, og verða því að skoðast sem einhliða vaxtabyrði á búnaðarafurðum. Enn fremur virðist nefndinni rjett að beina því til stjórnarinnar, að mikil nauðsyn væri á, að þessi lánsstofnun veitti hagfeld lán til húsagerðar.

2. Jarðabótalán, sem veitt eru út á jörðina til þess að gera umbætur á henni, svo sem áveitur, uppþurkun, girðingar, nýrækt o. fl., er geta borgað sig að fullu eftir tiltölulega skamman tíma. Sjerkennilegt fyrir þessi lán er það, að til vaxtabyrðarinnar svarar aukin framleiðsla á jörðinni. Álit á því, hvort slíkt lán beri að veita, verður að byggjast á því, hvort hreinn ágóði af jarðabótinni megnar að greiða vexti og afborgun af láninu, með öðrum orðum, hvort jörðin hækkar eins mikið eða meira í verði við jarðabótina en láninu nemur. Jarðabótalán hljóta því venjulegast að veitast til skemmri tíma en jarðakaupalán, og það líka meðfram vegna þess, að eðli flestra jarðabóta er þannig, að þær ganga úr sjer meira og minna er frá liður.

   Þessi lán álítur nefndin mjög nauðsynleg og í alla staði heilbrigð, ef sæmilegrar fyrirhyggju er gætt. Það helsta, sem kemur til athugunar við þessi lán, er afstaða þeirra til skulda, er kunna að hvíla á jörðinni áður.

3. Rekstrarlán, eða lán til greiðslu á vinnukaupi, kaupa á vjelum, áburði, smærri jarðabótum, til kaupa á búpeningi, aðgerða á húsum o. s. frv. Slík lán mundu frumbýlingum og fátækum bændum einkar nauðsynleg, en fremur virðist sem þau lán ættu að hvíla á bóndanum, og þá frekari gagnkvæmilegri (solidiskri) ábyrgð, en á jörðinni. Það er sameiginlegt með rekstrarlánum og jarðabótalánum, að til byrðanna af láninu svarar aukin framleiðsla á jörðinni, enda getur rekstrarlán jafnvel verið skilyrði fyrir því, að hægt sje

að framleiða, og endurgreiðslufrestur að miðast að nokkru við, til hvers þau eru sjerstaklega notuð.

Úr þessari fárra ára lánsþörf bænda mundu sparisjóðirnir geta að einhverju leyti bætt, og það því fremur, sem þess má vænta, að þeir eflist, en samt sem áður er það lítt hugsanlegt, að þeir geti á nokkurn hátt fullnægt þessu mikla verkefni, ef í stórfeldar umbætur á búnaðinum væri ráðist. Landbændur þyrftu því einnig að þessu leyti að geta notið þar hagfeldrar lánsstofnunar, er ríkið styddi með nægilegu fjármagni.

Nauðsynin fyrir þessum lánum mun viðurkend í flestum menningarlöndum, og það þótt auðug sjeu, en sjerstaklega virðist þörfin fyrir þau mikil í auðlitlu og lítt ræktuðu landi. Og þegar litið er til þess, hve kostnaðurinn við landbúnaðarframleiðsluna hefir hækkað hin umliðnu ófriðarár, og að hinu leyti að búast má við, að ýmsar búsafurðir falli í verði, þá er ekki ólíklegt, að horfi til frekari landauðna í sveitum og einyrkjabúskapar, takist ekki að gerbreyta búnaðarháttum nokkuð í líkingu við það, sem er í öðrum löndum. En til slíkrar nýbreytni þarf mikið fjármagn, enda þótt hún gerðist á mörgum árum. Þetta fjármagn til jarðabóta, bygginga, verkfærakaupa o. s. frv., verður landbúnaðurinn sennilega, að meira eða minna leyti, að fá að sem lán. En óneitanlega mundi affarasælast fyrir þjóðfjelagið sem slíkt að geta í þessu sem öðru staðið sem mest á eigin fótum, og vill nefndin því leyfa sjer að benda á hinar helstu stoðir, er bæði hefir verið drepið á í þessu falli og hún verður að telja heppilegt að renni saman, til þess að koma upp þeirri lánsstofnun fyrir búnaðinn, sem nú hefir verið minst á, sem sje:

Ræktunarsjóður, að upphæð í árslok 1917	kr.	771260,21
Kirkjujarðasjóður, — — - — —.	—	815430,30
Viðlagasjóður, — — - — —.	—	1730000,00
Varasjóður veðdeildanna (samanlagður ársgróði »serianna«) . .	—	316118.31

Um þá viðbót, sem þá væri nauðsynleg, virðist einkum vera um tvent að velja, annaðhvort að hugsa sjer veðdeild starfandi áfram með nýjum flokkum (serium) eða útvega útlent fje á ábyrgð ríkisins. Ef hið fyrra verður ekki gert, ættu varasjóðir veðdeildarflokka þeirra, sem út hafa verið gefnir, að geta komið að liði til útláns að meira eða minna leyti.

Þar sem mál þetta þarf marghliða og ítarlegan undirbúning, treystist nefndin ekki til að koma fram með beina tillögu um fyrirkomulag eða rekstur lánsstofnunar fyrir landbúnaðinn, en leyfir sjer, með skírskotun til þess, sem að ofan er sagt, að leggja til, að tillagan verði samþykt og skorað á stjórnina að vinda bráðan bug að því að láta undirbúa málið og koma fram með tillögur um það sem allra fyrst.

Alþingi, 18. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, form. og framsögum. Einar Árnason, fundaskrifari.

Jón Jónsson. Pjetur Þórðarson. Sigurður Sigurðsson.

(A. VII, 5).

Ed. **403. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að frv. þetta sje fallið til að ná samþykki þingsins, þar sem í því eru nauðsynlegar umbætur á núgildandi landamerkjalögum og auk þess] ákvæði um áreiðarmál og vettvangs færð saman í eina heild og þau bætt.

Hins vegar virðist frv. ganga fulllangt í því að skylda hjeraðsdómara til að taka upp þrætur manna um merki, og leggur nefndin því til, að nokkuð verði úr því dregið.

Nokkrar breytingar eru gerðar til skýringar og samræmis, og verður fyrir þeim gerð grein í framsögu málsins.

Samkvæmt því ber nefndin fram svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
en greini þá á, nefnir ráðherra oddamann.

2. — 2. — fyrri málsgr.
Á eftir orðunum »afhent hreppstjóra« komi:
ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.

3. — 3. —
Síðari málsgrein orðist svo:
Verði ágreiningur um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. — 7. —
Á eftir »og 6. gr. 1. málsgr.« komi:
á báðum stöðum 2. málsl.

5. — 8. —
a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítaks, enda telji hann það máli skifta, eða merkjaskrá o. s. frv.
b. Við fyrri málsgr. bætist:
Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

6. — 9. — Í stað orðanna »og má eigi« til enda greinarinnar komi:
og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

7. — 10. —
Fyrir orðin »enda sje svo til hagað« komi:
skal jafnan svo til haga.

8. Við 12. gr.
Fyrir »landamerkjabók« í fyrri málsgr. komi:
fasteignaskrá.

9. — 15. —
a. fyrir »yfirdóms« komi:
hæstarjettar.
b. fyrir »yfirdómur« á 2 stöðum komi:
hæstirjettur.
c. á milli orðanna »úr gildi« og »og skal« komi:
sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr.

Alþingi, 17. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.
Magnús Torfason, ritari.

(A. XXV, 11).

Nd. **404. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur ekki ástæðu til að lækka sektahámarkið úr 1000 krónum, eins og í stjórnarfrumvarpinu stóð og Nd. ssmþykti, og leggur því til, að háttv. deild samþykki það með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. 2. málsgr.:
Í stað »500« komi:
1000.

Alþingi, 17. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, form., framsögum.
Magnús Guðmundsson, skrifari.

Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen. Einar Jónsson.

(A. XVIII, 5).

Nd. **405. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919, og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XXVIII, 12).

Ed. **406. Lög**

um hæstarjett.

(Afgreidd frá Ed. 18. ágúst).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í hjeraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi.

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kennari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessu skilyrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

9. gr.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.
2. Heldur bækur hæstarjettar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í tje eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hve nær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Brjefabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli.

Um málflutningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á

eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.

3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflutningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflutningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflutningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skylt er hæstarjettarmálflutningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

18. gr.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls sins maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje, eða samband hans við aðilja sje slíkt, sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt end-

urgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það, að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V. kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms.

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfjelagsrjett manns eða þjóðfjelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en í 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sjerákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn

fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer og gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði laga þessara um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarefnis, svo sem tíðkast hefir, eftir því sem samrímanlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ny málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn eða eftirrit af þeim og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og bygðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðning hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13. gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þann-

ig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

54. gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómsgerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá áðurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málflutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málflutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þrír hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara, er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14, allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfresti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18., 21. og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjun-

arleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr.

Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

(A. II, 3).

Ed. **407. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1916 og 1917, veitast kr. 1062004,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 89155,94.

Við tölulið		2.	Utanferðir ráðherra	... ...	1917	kr.	3012,75		
—	—	5.	Skrifstofukostnaður	... ...	1916	—	4979,25		
—	—	—	—	... ...	1917	—	18578,86		
—	—	6.	Landsfjehirðisstörf	... ...	1917	—	783,61		
—	—	7.	Umbætur og viðhald	... ...	1916	—	138,14		
—	—	—	—	... ...	1917	—	61663,33	kr.	89155,94

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 91726,68.

Við tölul.	A	3.	Hegningarhús	... ...	1916	kr.	1888,99		
—	—	B	1. b.	Pappír og prentun	... ...	1916	—	5061,08	
—	—	B	1. d.	Efnisyfirlit	... ...	1916	—	300,00	
—	—	B	2. c.	Hagskýrslur	... ...	1917	—	2663,25	
—	—	B	2. d.	Eyðublöð	... ...	1917	—	683,94	
—	—	B	2. e.	Húsaleiga m. m.	... ...	1916	—	114,79	
—	—	—	—	—	... ..	1917	—	1266,10	
—	—	B	2. f.	Aðstoð o. fl.	... ...	1916	—	1375,30	
—	—	—	—	—	... ...	1917	—	1402,25	
—	—	B	3. a.	Burðareyrir	... ...	1916	—	3020,27	
—	—	—	—	—	... ...	1917	—	5783,73	
—	—	B	3. b.	Símskeyti	... ...	1916	—	10561,08	
—	—	—	—	—	... ...	1917	—	57511,40	
—	—	B	11.	Til að kaupa peningaskápa		1916	—	94,50	kr. 91726,68

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 167557,63.

Við tölul.	10.	Holdsveikraspítalinn	1916	kr.	7475,07		
—	—	— —	1917	—	51310,76		
—	—	11. Hælið á Kleppi	1916	—	16200,23		
—	—	— —	1917	—	38149,37		
—	—	13. Vífilstaðahælið	1916	—	11094,26		
—	—	— —	1917	—	24325,94		
—	—	14. Fjós- og hlöðubygging ...	1916	—	19002,00	kr.	167557,63

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 367229,30.

A. Póstmál:

Við tölul.	2.	Póstflutningur	1916	kr.	1557,88		
—	—	— —	1917	—	10098,19		
—	—	3. a. Skrifstofukostnaður	1916	·	1905,10		
—	—	— —	1917	—	6090,90		
—	—	3. d. Önnur gjöld...	1916	—	2441,58		
—	—	— —	1917	—	6956,81	kr.	29050,46

B. Vegamál.

Við tölul.	II. 1.	Borgarfjarðarbraut	1916	kr.	1329,88		
—	—	II. 2. Húnvetningabraut	1916	—	1570,08		
—	—	II. 5. Reykjadalsbraut	1916	—	3333,76		
—	—	II. 9. Viðhald flutningabrauta...	1917	—	3937,95		
—	—	III. 4. Langadalsbraut	1916	—	419,43		
—	—	III. 8. Hróarstunguvegur	1917	—	1000,00		
—	—	V. Áhöld...	1917	—	65038,52	kr.	76629,62

C. Samgöngumál á sjó.

Við tölul.	I.	Strandferðir	1916	kr.	3039,20		
—	—	— —	1917	—	17231,80		
—	—	III. 1. Faxaflóabátur	1917	—	2000,00	kr.	22271,00

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við tölul.	II.	Rannsókn símaleiða ...	1916	kr.	6760,61		
—	—	— —— ...	1917	—	7513,28		
—	—	IV. 3. Aðstoð og annar kostnaður	1916	—	658,37		
—	—	— —	1917	—	2000,61		
—	—	IV. 4. Ritsímastöðin í Reykjavík	1916	—	1497,33		
—	—	IV. 4. —	1917	—	13680,88		
			Flyt	kr.	32111,08	kr.	127951,08

				Fluttar	kr.	32111,08	kr.	127951,08
Við tölul.	IV. 5.	Ritsímastöðin á Akureyri		1916	—	431,16		
—	—	—	—	1917	—	3094,13		
—	—	IV. 6.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	1917	—	1555,52		
—	—	IV. 7.	— á Ísafirði	1916	—	607,15		
—	—	—	— —	1917	—	2998,32		
—	—	IV. 8.	— á Borðeyri	1916	—	776,77		
—	—	—	— —	1917	—	699,91		
—	—	IV. 9.	— í Hafnarf.	1916	—	128,08		
—	—	—	— —	1917	—	383,52		
—	—	IV. 10.	— í Vestm.eyj.	1916	—	57,95		
—	—	—	— —	1917	—	497,64		
—	—	IV. 11.	Eftirlitsstöðvar o. fl. ...	1916	—	4289,46		
—	—	—	— ...	1917	—	7202,55		
—	—	IV. 12.	Viðgerð á bæjarsíma Ak.	1916	—	5679,58		
—	—	V.	Eyðublaðaprentun m. m.	1916	—	10885,93		
—	—	—	—	1917	—	16226,32		
—	—	VI.	Viðbót og viðhald	1916	—	2795,96		
—	—	—	—	1917	—	6184,22		
—	—	VII.	Ferðalög	1916	—	958,45		
—	—	—	—	1917	—	3883,92		
—	—	VIII.	Viðhald landsímanna ...	1916	—	15347,75		
—	—	—	— ...	1917	—	36180,52	kr.	152975,89

E. Vitamál.

Við tölul.	I. c.	Skrifstofuhald		1917	kr.	484,93		
—	—	I. d.	Ferðakostnaður...	1917	—	714,85		
—	—	II.	Rekstrarkostnaður vita ...	1916	—	7805,80		
—	—	—	— ...	1917	—	13237,18		
—	—	III.	Nýir vitar, sjómerki o. fl.	1916	—	28973,54		
—	—	—	—	1917	—	25805,72		
—	—	IV.	Sjómerki	1917	—	841,15		
—	—	V.	Ýmislegt	1917	—	8439,16	kr.	86302,33
				Samtals A—E			kr.	367229,30

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 75325,17.

B. I. Háskólinn.

Við tölul	c. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna		1916	kr.	1200,00		
—	—	—	— —	1917	—	150,00		
—	—	g.	Til starfrækslu Röntgensáhalda	1916	—	2094,41		
—	—	—	— —	1917	—	2263,27		
—	—	h.	Eldiviður o. fl.	1916	—	1783,19		
—	—	—	—	1917	—	3839,16		
				Flyt	kr.	11330,03	kr.	11330,03

					Fluttar	kr.	11330,03	kr.	11330,03
Við tölul.	i. 3.	Ýmisleg gjöld	.. ..	1916	—	1346,32			
— —	—	—	... ...	1917	—	660,26	kr.	13336,61

B. II. Mentaskólinn almenni.

Við tölul.	d. 2.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2481,29			
— —	—	—	... ...	1917	—	7232,05			
— —	d. 5.	Tímakensla o. fl.	... ...	1916	—	547,40			
— —	—	—	... ...	1917	—	630,70	kr.	10891,44

B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við tölul.	b. 4.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2135,11			
— —	—	—	... ...	1917	—	1345,84			
— —	b. 7.	Til skólahússins utan og innan		1917	—	604,41			
— —	b. 8.	Ýmisleg útgjöld	... ...	1916	—	371,50			
— —	—	—	... ...	1917	—	66,81	kr.	4523,67

B. IV. Kennaraskólinn.

Við tölul.	b. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	865,56			
— —	—	—	... ...	1917	—	450,00			
— —	b. 8.	Vatnssalerni	... ...	1916	—	300,00	kr.	1615,56

B. V. Stýrimannaskólinn.

Við tölul.	b. 1.	Tímakensla...	... ...	1916	kr.	998,40			
— —	—	—	... ...	1917	—	476,80			
— —	b. 4.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	—	690,47			
— —	—	—	... ...	1917	—	5879,29			
— —	b. 5.	Ýmisleg gjöld	... ...	1916	—	453,28			
— —	—	—	... ...	1917	—	563,07	kr.	9061,31

B. VI. 1. Hólaskóli.

Við tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	2739,69			
— —	—	—	... ...	1917	—	2205,84			
— —	d. 4.	Ýmisleg gjöld	... ...	1916	—	499,09	kr.	5444,62

B. VI. 2. Hvanneyrarskóli.

Við tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	... ...	1916	kr.	1400,00			
— —	—	—	... ...	1917	—	3000,00	kr.	4400,00

B. X. Yfirsetukvennaskólinn.

Við tölul.	2. b.	Annar kostnaður	... ...	1916	kr.	138,61			
— —	3.	Styrkur námskvenna...	...	1916	—	2320,00			
— —	—	—	... ...	1917	—	1970,00	kr.	4428,61

B. XII. Barnafræðsla.

Við tölul.	2. b.	Til að reisa barnaskóla ...		1917	kr.	13379,87			
— —	4.	Til prófdómenda	... ...	1916	—	505,13	kr.	13885,00
				Flyt:	kr.	13885,00	kr.	67586,82

			Fluttar kr.	13885,00	kr.	67586,82
		B. XV. Daufdumbrakensla.				
		Til kenslu o. fl....	1916 kr.	2615,73		
		— —	1917 —	5123,62	—	7739,35
					kr.	75326,17

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. veitast kr. 16452,07.

Við	tölul.	6. a.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	1755,11		
—	—	-	—	1917	—	1099,81		
—	—	6. c.	Áhöld o. fl.	1916	—	879,63		
—	—	—	—	1917	—	1548,91		
—	—	17.	Dómasafn	1916	—	30,00		
—	—	—	—	1917	—	990,00		
—	—	22.	Listasafnshús Einars Jónsson.	1916	—	10148,61	kr.	16452,07

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. veitast kr. 4573,37.

Við	tölul.	8. d.	Eldiviður o. fl....	1917	kr.	121,61		
—	—	11. b.	Ferðakostnaður	1917	—	246,00		
—	—	18. b.	Ferðakostnaður	1916	—	102,13		
—	—	19. d.	Ferðakostnaður	1916	—	429,35		
—	—	—	—	1917	—	392,80		
—	—	37.	Innsigling til Borgarness og Skógarness	1917	—	3281,48	kr.	4573,37

9. gr.

Sem viðbót við 19. gr. veitast kr. 249983,69.

Óviss útgjöld	1916	16312,76		
— —	1917	225025,25		
Greiðslur samkv. landsreikningi 1917 upp á væntanlega aukafjárveitingu		8645,68	kr.	249983,69

(A. IV, 3).

Ed. **408. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	108000	199476,33
2. Húsaskattur	28000	32242,25
3. Tekjuskattur	64000	193874,00
4. Aukatekjur	150000	176704,08
5. Erfðafjárskattur	9000	29029,18
6. Vitagjald	100000	66788,64
7. Leyfisbrjefagjöld	13000	21001,04
8. Útflutningsgjald	300000	292545,39
9. Vínfangatollur	50000	107625,92
10. Tóbakstollur	420000	532326,10
11. Kaffi- og sykurtollur	1000000	1323436,18
12. Vörutollur	700000	555755,72
13. Annað aðflutningsgjald	64000	137779,60
14. Pósttekjur	250000	249438,98
15. Símatekjur	400000	885681,14
16. Tekjur af bönkum	37000	123604,56
17. Óvissar tekjur	40000	52121,92
18. Verðhækkunartollur	... ...	765323,73
19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs	30000	56175,56
20. Tekjur af kirkjum	200	174,67
21. Tekjur af silfurbergsnámum	6000	
22. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	30387,42
23. Viðlagasjóðstekjur	283400	413310,75
24. Árgjald af brauðum	3600	6198,02
25. Endurgreidd skyndilán embættismanna	2000	1692,82
26. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	10000	2018,00
27. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	120000,00
28. Vextir frá Landsverslun, eimskipum, bönkum o. fl.	.. ..	253159,59
29. Lán tekin	... ...	11282533,35
Samtals ...	4208200	17910404,94

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
II. Útgjöld:		
1. Vextir og afborganir af lánum landssjóðs	491221,12	751291,22
2. Útgjöld við hina æðstu stjórn landsins	117000	242349,63
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	78600	203584,91
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173990	176865,28
B. Ýmisleg útgjöld	128350	239027,88
5. Útgjöld við læknaskipunina	446155,80	602706,95
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	272840	274151,29
B. Vegabætur	301400	359167,48
C. Samgöngur á sjó...	311400	331672,92
D. Ritsími og talsími	384460	579809,87
E. Vitamál	138800	211006,87
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	115050	103285,37
B. Kenslumál	617240	678655,63
8. Vísindi og bókmentir	214552,50	213325,37
9. Til verklegra fyrirtækja	501910	411520,08
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	12275,14
11. Eftirlaun og styrktarfje	167000	182242,22
12. Óviss útgjöld	30000	301338,01
13. Útgjöld viðlagasjóðs	... ...	1714,63
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	11106547,26
15. Tekjuafgangur	... ...	927866,93
Samtals ...	4496169,42	17910404,94

(B. LXII, 2).

Ed. **409. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(C. XX, 2).

Ed. **410. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að halda frá byrjun næsta fjárhagstímabils algerlega aðskildum reikningum ríkissjóðs og viðlagasjóðs.
2. Að brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr ríkissjóði, að nota það í þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið.
3. Að sjá um, að endurgreitt verði í ríkissjóð við hver áramót það, sem óeytt kann að vera af því fje, sem ávísað hefir verið á árinu til forstöðumanna skóla og annara stofnana, nema um óverulegar fjárhæðir sje að ræða.

(B. XXX, 13).

Nd. **411. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í staðinn fyrir 1. málslið 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira, komi:

Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 4 kr. ár hvert. Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sje að hennar áliti sjerstök þörf fyrir hundinn, fært gjaldið niður í 10 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXI, 2).

Ed. **412. Frumvarp**

til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir eitt eða fleiri sveitarfjelög í sameiningu um eftirlits- og fóðurbirgðafjelög fyrir einn eða fleiri hreppa sýslunnar.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað eiga eða hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skulu vera tekin fram þau aðalatriði, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands setur sem grundvallaratriði samþyktanna, svo sem um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þegar er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

(B. LXVIII, 1).

Nd. **413. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Aðalkennari (prófessor) skal sá aukakennari (dósent) vera, sem segir í 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, að kenni íslenska sagnfræði.

2. gr.

Hafa skal hann sömu rjettindi og sömu skyldur, sem aðrir aðalkennarar (prófessorar), en telja skal núverandi aukakennara (dósent) þann tíma til launahækkunar, er hann hefir verið kennari, sem hann hefði verið aðalkennari allan tímann.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Kennarinn hefir farið þess á leit við háskólaráðið, með brjefi dags. 17. júní 1919, að aukakennaraembætti hans verði gert að aðalkennaraembætti. Heimspekideildin leggur fastlega með þessu á fundi sínum 2. júlí 1919, og slíkt hið sama háskólaráðið, og telur þessa málaleitun á fullum rökum bygða. Skjöl þessi liggja öll í lestrarsal þingsins.

Frekari grein verður gerð í framsögu.

(B. LVII, 4).

Ed. **414. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin fellst á ofangreint frumvarp og leggur til, að deildin samþykki það óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1919.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, ritari.

M. J. Kristjánsson. Hjörtur Snorrason. Karl Einarsson.

(B. LXI, 4).

Ed. **415. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Flutningsm.: Sigurjón Friðjónsson.

Við 2. gr.

Orðin »eiga eða« í síðari hluta greinarinnar falli burt.

(B. LVIII, 11).

Ed. **416. Breytingartillögur**

við frv. til laga um brúargerðir.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. Við 2. gr. A, III, 4. Í staðinn fyrir: »Bakkakotsá« komi: Bakkarholtsá.
2. — 2. — - — 5. Á eftir »Gljúfurholtsá í Ölfusi á Suðurlandsbraut« komi: 6. Strandarsýki á Rangárvöllum.

(A. XXIX, 9).

Ed. **417. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum nr. 56 frá 30. nóv. 1914 orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána á Íslandi, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skipið er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin

áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. IX, 9).

Ed. **418. Frumvarp**

til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á

eða rjettinda yfir fasteign til 3 ára eða með uppsögn með eigi lengri en ½ árs uppsagnarfresti.

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að því leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, eru undanþegin ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefir skjal, slíkt sem segir í 3. gr., verið fyrirfram innritað eða þinglesið, eða einhver, sem hefir fengið rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. og fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi hennar eða afnotahafi, og skal ráðherra þá, þegar hann er orðinn þessa vitandi, setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal setja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi. Skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart, og fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að einhver sá, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign samkv. 1. gr. leyfislaust, missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefir einhver sá öðlast rjettindi samkv. 1. gr. yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, er eigi fullnægir skilyrðum þeirrar greinar, og skal honum þá veittur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við millirikjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(C. XIX, 2).

Nd. **419. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í tillögunni er farið fram á eftirgjöf jarðarafgjalds á opinberum jörðum í Vestur-Skaftafellssýslu fyrir fardagaárið 1918—1919 og að verja megi úr ríkissjóði nauðsynlegri fjárhæð til að ljetta undir með búendum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis fyrir næsta vetur. Miðar þetta til að bæta úr brýnustu örðugleikum í svip. Verður ekki annað sagt en að það sje í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið geri eitthvað til að bæta úr hinu mikla tjóni, er menn urðu fyrir á gossvæðinu, og stuðli til, að mönnum verði mögulegt að lifa og bjargast þar áfram. Ríður auðvitað á þessu mest fyrst í stað, meðan jarðirnar eru að ná sjer eftir öskufallið, flóðin og umrótið, og bændur að jafna sig eftir hörmungarnar, sem yfir þá dundu. Getur tillaga þessi orðið að góðu liði, komist hún í framkvæmd, og er þó málaleitunin mjög hófleg.

Um fyrra liðinn er það að segja, að ekki er nema sjálfsögð nærgætni af ríkinu við landseta sína að gefa þeim eftir landskuld fyrir yfirstandandi ár undir slíkum kringumstæðum. Opinberar jarðir eru ekki margar í sýslunni. Nemur eftirgjaldið fyrir árið um 4000 kr. Og þó að þessar jarðir hafi orðið fyrir nokkuð mismunandi skemdum, þá hafa þær spilst yfirleitt, sem sjá má af skýrslu þeirri um Kötlugosið eftir sýslumann Vestur-Skaftfellinga, sem nú hefir verið útbýtt. Er því best, að þetta gangi jafnt yfir alla leiguliðana.

Um síðara lið tillögunnar er að eins spurningin, að hve miklu leyti ríkissjóður á að ljetta alment undir með bændum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis. Flutningsmaður hefir átt tal við nefndina um þetta atriði og getið þess, að minst mundi þurfa 1000 strokka eða 500—600 olífuöt af síld, eða jafngildi þess af öðrum fóðurbæti. Vildi hann, að stjórnin útvegaði síldina eða fóðurbætinn, annaðist um flutning á honum til Víkur í Mýrdal og greiddi auk þess einhvern hluta kostnaðarins úr ríkissjóðj, svo sem aðallega flutningsgjald, er væri ekki minna en 10 kr. fyrir hvert fat eða 5—6 kr. fyrir hvern strokk. Yrði kostnaður ríkissjóðs þá, með eftirgjöf á landsskuldum, líklega ekki mikið yfir 10000 kr. Álítur nefndin þetta sanngjarnt og mælir með því, að ívilnanir af hálfu stjórnarinnar verði ekki minni en hjer er stungið upp á.

Landsmönnum er það víst alment ljóst, hvílíkt voðatjón og hnekki íbúar Vestur-Skaftafellssýslu hafa beðið og bíða við gosið. Því miður hefir almenn hjálp ekki enn komið frá landsmönnum. Eimskipafjelag Íslands hefir hlaupið vel undir bagga með 15 þús. kr., einnig nokkur kaupfjelög og fleiri aðrir. Má þetta að vísu heita af almannafje. En hjálpfýsi landsmanna hefði átt að koma miklu skýrar í ljós en þetta, og vonandi gerir hún það nú með haustinu.

Talið er, að gripir hafi beint farist í gosinu (eða hlaupinu) og tapast sem hjer segir: 37 hross og nálægt 600 sauðfjár. Sje hross metið á 300 kr. og

hver kind á 35 kr., er tjónið 32100 kr. En þó veldur förgun búpenings, missir síðastliðinn vetur og örðugleikar á að fjölga aftur fjenaði, meðan landið er að ná sjer eftir gosið, vafalaust margfalt meira tjóni og atvinnuhnekki, sem ekki verður metið til peninga. Þær búsifjar verða ekki tölum taldar.

Samkvæmt þessu áliti mælir nefndin hið besta með tillögunni.

Alþingi, 16. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari. Jón Jónsson, ritari.

Pjetur Þórðarson. Sigurður Sigurðsson.

Fjárveitinganefndin hefir ekki fjárhagslega neitt að athuga við umrædda þingsályktunartillögu.

Pjetur Jónsson.

Magnús Pjetursson.

(B. XLI, 3).

Nd. **420. Frumvarp**

til laga um ullarmat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll ull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og vorullin flokkuð, eftir gæðum, af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Þeir skulu einnig hafa umsjón með geymslu ullarinnar, meðan hún bíður útflutnings, útskipun, hversu um hana fer í flutningaskipum, og uppskipun ullarsendinga innanlands. Er öllum, sem útflutningsull hafa undir höndum eða út flytja ull, skylt að kveðja ullarmatsmenn til, þá er breyta á um geymslustað ullarinnar, skipa henni upp hjer við land eða út til flutnings úr landi, og hlýða fyrirmælum ullar-

matsmanna um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanna um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þessa annan hæfan mann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland« og bókstöfunum:

S fyrir Suðurland (frá Vík til Borgarness með Vestmannaeyjum),
V fyrir Vesturland (frá Búðum til Hvammstanga).
N fyrir Norðurland (frá Blönduósi til Þórshafnar) og
A fyrir Austurland (frá Bakkafirði til Hornafjarðar).

Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Enn fremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir með áreiðanlegum vottorðum sanna, að þeir hafi þekkingu á ullarmati og meðferð ullar. Skulu þeir ferðast um meðal ullarmatsmanna um ullartökutímann til að leiðbeina þeim og líta eftir starfi þeirra og leitast við að koma á samræmi í ullarmati í landinu, eftir því sem stjórnin nánar ákveður. Ber þeim að finna alla ullarmatsmenn í umdæmum sínum og líta eftir störfum þeirra. Hafa þeir rjett til að skoða metna ull, hvar sem er í umdæmum þeirra.

Yfirullarmatsmenn skulu vera 4, hver í sínu umdæmi.

Umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði.

Ferðakostnað sinn fá yfirullarmatsmenn greiddan úr landssjóði, eftir sanngjörnum reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45, 3. nóv. 1915, um ullarmat.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(A. III, 18).

Nd. **421. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919, veitast 826478 kr. 30 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast 80166 kr. 67 a.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3.	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast 40400 kr.

1.	Við B. 6. Til landhelgisgæslu um síldveiðitímann	kr.	40000,00
2.	— B. 7. Uppbót á lögreglueftirlitsstarfi um síldveiðitímann ...	—	400,00
	Samtals	kr.	40400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 147140 kr. 34 a.

1.	Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	kr.	600,00
2.	Við 17. B. Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
3.	— 17. — Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
4.	— 17. — Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir nú notar	—	65000,00
5.	Við 18. c. Styrkur til sjúkraskýlagerðar:		
	Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði	—	2862,00
	Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði	—	12000,00
6.	— 18. e. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
7.	— 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps	—	5000,00
8.	— 18. k. Til sjúkrasamlagsins á Akranesi	—	200,00
9.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919	—	6000,00
	Samtals	**kr.**	**147140,34**

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 313124 kr. 21 e.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
17.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
18.	Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga	—	5000,00
19.	Við B. VI. Til akfærra sýsluvega	—	22106,14
20.	Við C. II. 2. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði	—	1000,00
21.	Við C. II. 11. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð .	—	600,00
22.	Til að leggja símalínu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi ...	—	13600,00
	Allan flutning frá Eyrarbakka út á símaleiðina (staura og annað efni, tjöld, farangur vinnumanna o. fl.) kostar hlutaðeigandi hjerað, sem enn fremur tekur að sjer að útvega alt að 10 duglega vinnumenn fyrir ekki hærra dagkaup en 7 kr.		
23.	Til að leggja talsímalínu frá Ofanleiti að Stórhöfðavita í Vestmannaeyjum	—	2450,00
24.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landssímans	—	5831,15
25.	Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landssímans	—	1200,00
26.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
27.	Við E. II. Launaviðbót handa vitavörðum 1919	—	2000,00
28.	Til að reisa Straumnesvita	—	22000,00
29.	Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
30.	Til að reisa Selvogsvita	—	21000,00
	Samtals	kr.	313124,21

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 128989 kr. 12 a.

1.	Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda	kr.	1000,00
2.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
3.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918	—	1781,92
4.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
5.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
6.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
7.	Við B. VII. 2. Til að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
8.	- - - 3. - ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
9.	Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi	—	1500,00
10.	Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919	—	750,00
11.	Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918	—	20925,31
12.	Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
13.	Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919	—	500,00
14.	Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
15.	Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
	Samtals	kr.	128989,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 64500 kr.

1.	Við 3. c. Til húsgagnakaupa	kr.	1200,00
2.	Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk	—	600,00
3.	Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	—	1000,00
4.	Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
5.	Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
6.	Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar	—	20000,00
7.	Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms	—	2000,00
8.	Til Trausta Ólafssonar til efnafræðináms	—	1200,00
9.	Við 46. Til landmælinga á Íslandi	—	10000,00
10.	Styrkur til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar	—	15000,00
11.	Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
12.	Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda	—	5000,00
13.	Til utanfarar læknis á fund berklalækna	—	2500,00
14.	Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund	—	1200,00
15.	Utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar	—	3000,00
	Samtals	kr.	64500,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 39247 kr. 60 a.

1.	Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2.	Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að	--	5000,00
3.	Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918	—	895,60
4.	Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919	—	600,00
5.	Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík	kr.	800,00
6.	Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf í Strandasýslu og til verkfærakaupa	—	1200,00
7.	Við 40. Til brimbrjóts í Bolungarvík, alt að	—	8000,00
	Samtals	kr	39247,60

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 2366 kr. 67 a.

1.	Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2.	Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3.	Styrkur handa ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðríði Þorvaldsdóttur, og 3 börnum þeirra	—	600,00
4.	Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
5.	Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
6.	Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	500,00
7.	Eftirlaun til Elíesers Eiríkssonar pósts 1919	—	200,00
	Samtals	kr.	2366,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 10543 kr. 69 a.

1.	Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar	kr.	9847,69
2.	Til Patrekshrepps til endurgreiðslu á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur	—	696,00
	Samtals	kr.	10543,69

11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(B. XLIII, 4).

Nd. **422. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

(B. XLV, 3).

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnarfundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu, hreppsvegagjöld, er eigi skulu bundin við hámark vegalaganna, og framlög frá einstökum mönnum, sem heimilt er að áskilja eftir jarðardýrleika á samþyktarsvæðinu eða lausafjáreign eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

(B. XLVI, 3.)

Nd. **424. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afrjettalönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfjelag það, eða sveitarfjelög þau, sem land það liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, enda eigi enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett, og skal þá jafnan bjóða hana hreppnum, sem hún liggur í, til kaups, þó svo, að hreppurinn greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sjeu honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

7. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

8. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(A. X, 5).

Ed. **425. Lög**

um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gert, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin, og ákveða leigu-upphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. XXIII, 2).

Nd. **426. Þingsályktun**

um rannsókn símaleiða.

(Samþykt í neðri deild 19. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Til fullnaðar aðalsímaleiðin sunnanlands milli Víkur og Hornafjarðar.
2. Hin fyrirhugaða símaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.
   Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
3. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfljótsvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
4. Leiðin milli Þórshafnar og Skála á Langanesi.
5. Hvar heppilegast muni að leggja síma frá Tálknafirði til Hvestu í Dalahreppi og Selárdals í sama hreppi.
6. Leiðin að Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum svo fljótt sem unt er.

(A. III, 19).

Nd. **427. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson.

Við 8. gr. 1. Á undan þeim lið komi svo hljóðandi liður:
Dýrtíðaruppbót af aukatekjum dýralækna fyrir árið 1919 kr. 1600,00.
Til vara fyrir kr. 1600,00 komi:
— 1200,00.

(B. LXVI, 3).

Nd. **428. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Orðin »um Ás með stöð í Vallanesi« falli burtu.

(B. XXXIV, 5).

Nd. **429. Lög**

um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

(B. XXXVI, 5).

Nd. **430. Lög**

um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Nd. 20. ágúst).

1. gr.

Stafliður c í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.

Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:

10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög, nr. 39, 11. júlí 1911, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

(A. XXV, 12).

Sþ. **431. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. VIII, 8).

Ed. **432. Frumvarp**

til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokks-

merkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi og forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfjelaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á

tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfje til sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

(B. XXVIII, 7).

Ed. **433. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lög-

reglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvipund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvipund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum — seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera löglak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(B. LXI, 5).

Nd. **434. Frumvarp**

til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir eitt eða fleiri sveitarfjelög í sameiningu um eftirlits- og fóðurbirgðafjelög fyrir einn eða fleiri hreppa sýslunnar.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á

frumvarpið óbreytt með ²/₃ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með ²/₃ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með ²/₃ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð ²/₃ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skulu vera tekin fram þau aðalatriði, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands setur sem grundvallaratriði samþyktanna, svo sem um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þegar er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

(B. XXI, 4).

Nd. **435. Frumvarp**

til laga um bann gegn refaeldi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Refaeldi skal bannað hjer á landi.

2. gr.

Yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum, má enginn ala nema meðan á grenjavinslu stendur, þó ekki lengur en til 30. júní. Refi, sem nást kynnu lifandi á annan hátt, á hvaða tíma sem er, skal tafarlaust drepa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—200 kr. sektum og auk þess 500 kr. fyrir hvern ref, sem sleppa kynni lifandi úr gæslu. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. mars 1920.

(B. VII, 2).

Nd. **436. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála um þetta frv. Vill meiri hlutinn samþykkja frv., en minni hlutinn vill veita Hólshreppi styrk nokkurn til að launa lækni. Nefndina skilur því eigi á um nauðsynina til að hafa lækni í Bolungarvík, heldur um hversu mikið ríkið skuli leggja fram til að launa honum. Vill meiri

hlutinn taka að fullu afleiðingunum af viðurkenningu þess, að þarnasje þörf á lækni, og launa hann að fullu eins og annarsstaðar, þar sem slík þörf er viðurkend, enda hafa hjeraðsbúar sjálfir sýnt þörfina í verkinu á hinn átakanlegasta hátt, með því að ráða sjer lækni á eigin kostnað.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, skrifari, framsögum. meiri hl.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.

(C. XVIII, 3).

Ed. **437. Tillaga**

til þingsályktunar um eyðing refa.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir sýslunefndaroddvitum að hlutast til um, að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á reglugerðum sýslnanna um alt, er lýtur að eyðing refa, svo sem

að ætla mönnum sæmilega borgun fyrir grenjavinslu,

að ákveða rífleg verðlaun fyrir eyðing refa,

að verðlauna þá menn sjerstaklega, er skara fram úr og vinna vissa tölu refa árlega.

(C. III, 4).

Nd. 438. **Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 20. ágúst.

Flutningsmaður: Þorsteinn Metúsalem Jónsson.

(Till. til þingsál. um, að sett verði á stofn á Vopnafirði útibú frá Landsbanka Íslands, á þgskj. 68).

Í trausti þess, að stjórnin athugi, hvort nægilegt verkefni sje fyrir útibúum frá Landsbankanum á Vopnafirði og Húsavík, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(A. XXVI, 2).

Nd. **439. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefndinni í launamálum.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »ókeypis húsnæði« komi:
í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera.
2. — 8. — Í stað orðanna í 2. málsgr.: »Engu síður . . . greitt til sjóðsins« komi:
En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna.
3. — 8. — Aftan við greinina komi:
Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.
4. — 9. — Í stað »500« í 2. málsgr. komi:
1000.
5. — 10. — Í stað greinarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:
Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.
Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.
6. — 11. — Tvær fyrstu línur 2. málsgreinar orðist svo:
Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar.
7. — 11. — Úr 3. málsgrein falli:
Dala- og Strandasýslu.
8. — 11. — Á undan »Barðastrandarsýslu« falli burt orðið: »og«, en á eftir komi:
Dalasýslu og Strandasýslu.
9. — 11. — Síðasta málsgrein orðist svo:
Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.
10. — 11. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.
11. — 12. — Í fyrstu málsgrein breytast þessar tölur:
»5000« í 6000, »6000« í 7000 og »1000« í 1500.

12. Við 12. gr. Í staðinn fyrir 2. og 3. málsgrein komi:

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Síðu, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Axarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500 kr.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækkar á sama hátt upp í 3500 kr.

13. — 12. — Fyrir orðin í síðustu málsgr.: »er ráðherra . . . landlæknis« komi: þeirri, er nú gildir.

14. — 13. — Aftan við síðari málsgrein bætist:

Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

15. — 14. — Greinin orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

16. — 15. — Í stað »þriggja« í 3., 4, og 5. málsgrein komi:

tveggja.

17. — 15. — Í stað »2000« í 4. málsgrein komi:

2400.

18. — 15. — Í stað »1200« í síðustu málsgrein komi:

1600

og í stað »2000« komi:

2400.

19. — 15. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Póstmaður sá, sem er gjaldkeri í brjefapóststofunni í Reykjavík, hefir auk launa sinna $^1/_5$ ‰, alt að 500 kr. á ári, af póstávísanafje því, er hann tekur við og greiðir.

20. — 16. — Úr 2. málsgrein falli »og stöðvarstjóri«,

en á eftir málsgreininni komi ný málsgrein:

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

21. — 16. — Í stað »3 ára« og »3 ár« í *öllum málsgreinum hjer á eftir* komi:

2 ára og 2 ár.

22. Við 16. gr. Á eftir orðinu: »Akureyri« í 3. málsgr. komi:
og fulltrúi stöðvarstjórans á Seyðisfirði.

23. — 16. — Aftan við sömu málsgrein komi:
Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

24. — 16. — Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein:
Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

25. — 16. — Í stað »talsímameyjar« í síðustu málsgrein komi:
Talsímakonur
og í stað »100« og »1300« komi:
200 og 1500.

26. — 16. — Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

27. — 17. — Í stað: »Vegamálastjóri og vitamálastjóri« komi:
Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari.

28. — 22. — Fyrri málsgrein orðist svo:
Biskup hefir að byrjunarlaunum 6500 kr., sem hækkar eftir 5 ár upp í 7000 kr.

29. — 22. — Fyrir »fimm« í síðari málsgr. komi:
þrjú.

30. — 22. — Við greinina bætist ný málsgrein:
Prófastar hafi í laun: 400 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 700 kr., þeir, sem nú hafa 200 kr.

31. — 23. — Fyrir »4500« í fyrri málsgrein komi:
5000
og síðari hluti málsgreinarinnar orðist svo:
en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 6000 kr.

32. — 23. — Síðari málsgrein orðist svo:
Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

33. — 24. — Fyrir 2. og 3. málsgr. komi:
Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.
Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

34. — 26. — Í stað »2200« komi:
2600
og í stað »1600« komi:
2000.

35. Við 27. gr. Fyrir »23.—25.« komi:
24. og 25.

36. — 29. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

37. — 32. — Greinin orðist svo:
Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.
Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.
Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.
Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.
Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.
Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 4500 kr.
Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

38. — 33. — Orðin »í Reykjavík« á tveim stöðum falli burt.

39. — 33. — Fyrir orðin: »næsta haust á undan striðinu« komi:
haustið 1914.

40. — 33. — Fyrir orðin: »á sama hátt« í næstneðstu línu fyrri málsgr. komi:
á þennan hátt.

41. — 33. — Á eftir: »hafi numið« í síðari málsgr. komi:
þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru.

42. — 33. — Síðasti málsliður greinarinnar: »Launauppbót presta« til enda greinarinnar falli burt.

43. — 34. — Á eftir henni komi ný 35. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(A. XXVI, 3.)

Nd. **440. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefndinni í launamálum.

Á öndverðu þingi var í hvorri deild Alþingis um sig kosin nefnd til að íhuga frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir Alþingi, um laun embættismanna, og gengu nefndirnar þegar frá upphafi saman í eina samvinnunefnd, og hafa síðan unnið að málinu að jafnaði á hverjum degi.

Að vísu hafa skoðanir nefndarmanna orðið allmjög skiftar, eins og vænta mátti, þar sem mál þetta er svo vaxið, að annars vegar er að ræða um mjög veruleg fjárframlög úr ríkissjóði og hins vegar ýms atriði, sem hljóta að vera álitamál, svo sem hlutfallið milli launaupphæðar einstakra embættis- og starfsmanna og starfsmannaflokka o. fl., en þó hefir nefndarmönnum komið svo ásamt um meginatriði málsins, að þeir geta í sameiningu látið uppi í stuttu máli eftirfarandi álit og tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpi stjórnarinnar, en áskilja sjer þó í ýmsum einstökum atriðum að hafa óbundnar hendur um atkvæði sín.

Um málið í heild og tildrög þess getur nefndin vísað til og viðurkent þær ástæður, er teknar eru fram í athugasemdum stjórnarinnar um frumvarpið.

Því verður ekki neitað, að launakjör embættis- og starfsmanna ríkisins eru, eftir því sem verðgildi peninga nú horfir við, ekki lengur samsvarandi, hvorki þörfum starfsmannanna nje þeim kröfum, sem fullnægja verður, til þess að vænta megi, að yfirleitt nýtari eða nýtustu menn veljist til opinberra starfa, sem skifta hlýtur miklu máli fyrir þjóðfjelagið.

Þetta hefir Alþingi viðurkent á ýmsan hátt á undanförnum þingum og gert ráð fyrir, að ekki gæti til langframa dregist að taka launamálið fyrir í heild, þótt það alt til þessa hafi orðið að farast fyrir, þar sem ekkert frumvarp um það hefir verið lagt fram af stjórninni, en eðlilega ókleift fyrir þingið að eiga frumkvæði að slíku máli eða fara með það án undirbúnings af hálfu stjórnarinnar, hvort sem það að meira eða minna leyti kann að komast að sömu eða líkri niðurstöðu um úrslit málsins í heild eða einstökum atriðum.

Nú, er stjórnin hefir lagt þetta frumvarp fyrir þingið, hefir nefndin orðið sammála um það, að ekki verði hjá komist að ráða málinu til lykta.

Á undanförnum þingum hafa embættismenn eða embættismannaflokkar alloft sent til þingsins málaleitanir um bætur á launakjörum sínum, og hafa að vísu nokkrar bráðabirgðabætur verið gerðar á kjörum einstakra manna, en yfirleitt þó verið talið ótiltækilegt að verða við þeim málaleitunum fyr en launamálið væri tekið fyrir í heild og endurskoðuð laun allra embættis- og starfsmanna. En á þessum síðustu dýrtíðarárum, er peningar hafa fallið svo mjög í verði, hefir verið gripið til hins, að veita þessum starfsmönnum svo nefnda dýrtíðaruppbót á launum, sem ekki verður neitað að hefir þó verið ófullnægjandi, ef viðunandi rjettlætis ætti að vera gætt.

Hafa nú þessir starfsmenn, annars vegar læknar í fjelagi og hins vegar allir aðrir embættis- og starfsmannaflokkar, gert með sjer samband um að fara allir í sameiningu fram á bætur á launum sínum, og í því skyni sent stjórn og þingi tillögur sínar og tilmæli, og hefir nefndinni þótt sjálfsagt að íhuga þær tillögur, og meiri hluti að miklu leyti getað tekið þær til greina.

En þó að nú verði að því undið að ákveða laun embættismanna að nýju og hækka þau svo, að svari svo nálægt, sem komist verður, til þess verðgildis, er vænta má að peningar fái, er jafnvægi kemst aftur á eftir ófriðinn, þá getur þó ekki komið til mála að hækka þau svo, að það bæti upp þá verðrýrnun, sem fyrirsjáanlegt er að haldast muni fyrst um sinn á peningum, og ef til vill um alllanga hríð.

Fyrir því verður ekki komist hjá, þótt reynt sje að tiltaka þá upphæð sjálfra launanna, sem vænta má að hæfileg gætu talist til nokkurrar frambúðar, að bæta upp launin þar að auki fyrst um sinn í nokkru hlutfalli við verð á þeim vöruflokkum, sem fyrir alla eru sjálfsögðustu nauðsynjar.

Í frumvarpinu felast þá einnig þessi tvö meginatriði, og hefir nefndin tekið þau hvort um sig til íhugunar.

Það, sem nefndin tók fyrst til athugunar, var það, hvort laun þau, sem stjórnarfrumvarpið ákvæði, væru hæfilega sett, hæfilega há, miðað við það, að verðlag á nauðsynjavöru muni ekki lækka niður fyrir það, að verða 25% hærra en fyrir stríðið, og við það er launahækkun stjórnarinnar miðuð, að hún er sem næst 25% hærri en launin voru 1914. Þó eru einstakir liðir í launaflokkunum, sem stjórnin hækkar æði mikið meira, svo sem til kirkjumála, sem fer upp undir 66% og síðar verður drepið á. Þó að nefndin eða meiri hluti hennar telji, að rjett sje að taka tillit til þessa atriðis, þá er með því ekki gerð full grein fyrir því, að launin sjeu hæfilega sett, því að með því getur ekki verið viðurkent, að launin 1914 hafi verið hæfileg. Vill nefndin líta á þetta í örfáum drátturn.

Það verður að líta svo á, að með lögum nr. 14, 15. okt. 1875, hafi laun ýmsra embættismanna verið fullhátt sett, því að ýms af þeim eru lækkuð með lögum nr. 23, 9. des. 1889. En með lögum nr. 24, 14. des. 1877, eru laun sýslumanna og bæjarfógeta sett. Verður því að miða við lögin frá 1877 og 1889, til þess að fá samanburð á þessum eldri embættislaunum við árið 1914.

Skulu hjer sýnd nokkur dæmi:

Embætti.	Laun sett 1877.	Laun sett 1889.	Laun 1914.
Biskup		5000 kr.	5000 kr.
Forstj. landsyfirrjettar		4800 —	4800 —
Aðrir dómarar		3500 —	3500 —
Forstöðum. prestask.		4000 —	3900 —
Rektor lærða skólans		3600 —	3600 —
Yfirk. lærða skólans		3200 —	3200 —
Sýslumenn í I. fl.	3500 kr.		3500 —
— í II. fl.	3000 —		3000 —
— í III. fl.	2500 —		2500 —
— í IV. fl.	2000 —		2000 —

Af þessum dæmum sjest, að launin hafa staðið í stað, eða með öðrum orðum verið annaðhvort alveg óbreytt eða lækkuð frá 1877 og 1889. Og sjeu tekin launin frá 1875, verður lækkunin þessi, t. d.:

	1875.	1914.
Biskup	7000 kr.	5000 kr.
Forstjóri landsyfirrjettar	5800 —	4800 —
Forstöðum. prestaskólans	4600 —	3900 —
Rektor lærða skólans	4200 —	3600 —

Þegar litið er til þess, að á þessum 39 árum hafa launin annaðhvort staðið í stað eða lækkað, þá yrði að dæma þar af annaðhvort kyrstöðu þjóðarinnar í atvinnuvegum eða afturför. En þó að framförin hafi verið smástig á þessum árum, þá hefir það þó stöðugt verið í áttina. Verkakaup á öllum sviðum hefir hækkað, sumstaðar tvöfaldast. Alt bendir því til þess, að launin hefðu átt að vera hærri 1914 en þau voru sett 1877 eða 1889, nema þau hefðu þá enn verið sett of há, eins og 1875. Má vera að svo sje, en ekki getur nefndin fallist á, að þau hafi verið það hærra sett þá en nemur því, er þau hefðu átt að hækka til 1914.

Af þessum ástæðum verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að launahæð sú, sem stjórnin ákveður, sje ekki ofhátt sett.

Að því er snertir þau laun, er síðar hafa verið sett, svo sem laun lækna og presta, þá má hið sama segja, að þau munu síst verða talin hafa verið of há á þeim tíma, er þau voru sett. En um þessi laun kemur alveg sjerstakt til greina, þar sem hjá hvorumtveggja þessum embættismannaflokki er meira og minna af embættistekjunum borgun fyrir verk eða aukatekjur. Þar er því talsvert erfiðara að ákveða hæfilega föst laun, og hver sá embættismaður, sem nokkurs missir í af áætluðum aukatekjum, er fyrir það ver farinn en aðrir. Á þetta sjer sjerstaklega stað um lækna. Læknahjeruðin eru mjög misjöfn, ýms útkjálkahjeruð mannfá og erfið, og því lítil von um aukatekjur að mun. Má því vænta, að þessi hjeruð verði læknislaus með þeim launaákvæðum, sem nú gilda, nema þá fyrir tilverknað sjálfra hjeraðanna, er þau leggja á sig gjöld til þess að halda lækni.

Að því er nú snertir laun þessara tveggja flokka, þá er það um laun presta að segja, að þau hafa jafnan verið svo lág, að ekki hafa getað komið til samanburðar við laun neinna annara embættismanna. Má ætla, að fjöldi embættismannanna í þeirri stjett, og af því stafandi tiltölumikill kostnaðarauki við hækkun launanna, hafi valdið seinlætinu í því að láta þá njóta slíks samanburðar við aðra. Nú hefir því þótt rjett í frumvarpinu að bæta úr því misrjetti, og launin í þessum flokki, eins og áður er bent á, verið hækkuð að mun hærri tiltölu en aðrir flokkar, og hefir nefndin að meiri hluta fallist á það.

Aftur á móti hefir stjórnin í frumvarpinu hækkað laun lækna að eins að tiltölulega litlum mun, en ætlast til, að launahækkunin sje aðallega fólgin í auknum aukatekjum með hækkuðum læknataxta. Hins vegar barst nefndinni frá fjelagi lækna málaleitun um að hækka launin að verulegum mun, en halda óbreyttum taxta þeim, sem nú er, og jafnframt að flokka læknishjeruðin eftir mannfjölda og hafa launin mismunandi samkvæmt því, lægri í hinum fjölmennari, þar sem von er meiri aukatekna. Um þetta urðu nú allmjög skiftar skoðanir í nefndinni. Annars vegar var því haldið fram, að eðlilegt sje, að læknar taki laun sín að allmiklu leyti í borgun fyrir verk sín, núverandi læknataxti í einstökum atriðum

óhæfilega lágr og sanngjarnt, að þeir, sem njóta hjálpar læknanna, beri meiri kostnað af því en nú á sjer stað. Hins vegar var því haldið fram, að það sje eðlileg skylda hins opinbera að sjá einstaklingunum fyrir sem ódýrastri læknishjálp, að með hækkun á taxta sje aukið á misrjetti milli einstakra hjeraða, þar sem menn verða í strjálbygð og vegleysum að leggja á sig margfaldan skatt á við hina, sem búa í margmenni og umferðahægð, og að hækka borgun fyrir verk lækna í því skyni að lækka svo að um muni laun þeirra, sje í raun og veru að leggja skatt á sjúkdóma manna, sem sjeu illa til þess fallnir.

Fjekk þessi síðarnefnda skoðun nokkru meira fylgi í nefndinni, og fyrir því kemur það fram sem tillaga hennar að fallast á málaleitun læknafjelagsins um hækkun launanna, en láta taxta óbreyttan.

Að öðru leyti munu einstakir nefndarmenn tala fyrir og halda fram skoðun sinni, eftir því sem tilefni verður til í framhaldsmeðferð málsins.

Samkvæmt framanrituðu hefir nefndin í öllum aðalatriðum fallist á launaákvæði frumvarpsins, um leið og hún að mestu leyti hefir getað tekið til greina tillögur, er henni höfðu borist frá sambandi embættis- og starfsmanna, en þeir höfðu og í flestum atriðum sætt sig við ákvæði frumvarpsins. Þó hefir samtalsupphæð launanna í meðferð nefndarinnar hækkað um nál. 140 þúsundir.

Felst sá mismunur aðallega í hækkun á launum lækna, ca. 80 þús., kostnaði við flutning hæstarjettar inn í landið, ca. 20 þús., og ýmsum smærri upphæðum, sem sumar hafa fallið af vangá úr frumvarpinu, svo sem laun prófasta, sumar verið teknar eftir tillögum starfsmannasambandsins, eða nefndinni af öðrum sökum þótt ástæða til að breyta.

Um leið og vísað er til tillagnanna um einstakar breytingar skal hjer sett yfirlit yfir, hvernig þessi hækkun kemur niður á einstaka flokka:

I.	Stjórnarráðið o. fl.	kr.	500
II.	Dómgæsla o. fl.	—	29000
III	Læknaskipun	—	85500
IV.	Póstmál	—	3100
V.	Landssíminn	—	6000
VI.	Andlega stjettin	—	8750
VII.	Kenslumál	—	7500
VIII.	Bókmentir	—	550
		Samtals kr.	140900

Til glöggvunar á því, hver kostnaðarauki ríkissjóði stafar samtals af þeirri launabreytingu, sem hjer er farið fram á, skal hjer einnig sett yfirlitstafla, er sýn-

ir, hver laun nú eru goldin embættis- og starfsmönnum, og hver launin yrðu eftir frumvarpinu og eftir tillögum nefndarinnar:

	Laun nú.	Eftir frv.	Eftir till. nefndar.
I. Stjórnarráðið o. fl. ...	52500	60094	60594
II. Dómgæsla o. fl.	75800	109124	138124
III. Læknaskipun	94700	100635	186135
IV. Póstmál	29700	39624	42724
V. Landssíminn	134700	162848	168848
VI. Vega- og vitamál	17500	22296	22296
VII. Skógrækt	6000	6380	6380
VIII. Fiskimat	8600	12000	12000
IX. Löggildingarstofan ...	2500	3980	3980
X. Andlega stjettin	182600	300300	305350
XI. Kenslumál	117100	173402	180902
XII. Bókmentir	14400	17663	18213
	736100	1008346	1145046

Samkvæmt þessu mundu launin í heild hækka um rúm 400 þús. kr. frá því sem nú er. Skal tekið fram, að í launadálkunum eftir frumvarpinu og tillögum nefndarinnar eru talin meðallaun, þar sem launin eiga að hækka eftir embættisaldri, en svo er um flestöll launin, og hefir nefndin fallist á það og telur það rjett og sanngjarnt.

Hið annað meginatriði frumvarpsins er dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna, og eru um það atriði ákvæði í 33. gr. frumvarpsins.

Eins og áður er bent á, er sú hækkun á launununum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðuð við verðlag á helstu þurftarvörum, sem áætlað er að verða muni alment verð, þegar jafnvægi yfirleitt tekur að komast á eftir heimsstyrjöldina. En þar sem enn er fjarri því að votta fyrir slíku jafnvægi, og verð enn þá mjög miklu hærra en sú verðlagsáætlun, og fyrirsjáanlegt, að svo muni verða um hríð í meiri eða minni mæli, þá verður ekki komist hjá að bæta það upp í sanngjörnu hlutfalli við það, sem sá mismunur verður á hverjum tíma, eða næstu ár hjer á eftir. En þar sem ætla verður, að hann muni smám saman breytast, og ef til vill minka að nokkrum verulegum mun áður en langt líður, þá hefir þótt hentugra að ákveða aðferð til þess að fara sem næst um verðmuninn á hverju ári og geta eftir því fundið það hundraðshlutfall, sem bæta ætti launin eftir, til þess að ekki þurfi á hverju þingi að verja tíma og fyrirhöfn til að meta það og metast um.

Er ráðgert, að þetta verði með því, að samin sje á hverju ári verðskrá yfir ýmsar helstu þurftarvörur, eða, eins og ákveðið er í 33. gr. frumvarpsins, yfir þær aðalfæðutegundir, sem allir nota í svipuðum hlutföllum, og finna með því meðalhlutfallið milli þess verðs, er var á þeim vörum fyrir ófriðinn, og þess, er verður á hverjum tíma, sem verðskráin er samin fyrir. Nægir að öðru leyti um aðferðina að vísa til frumvarpsins og fylgiskjala með því. Að eins skal vakin athygli á því, að þar sem launin sjálf eru hækkuð, er ætlast til, að uppbótin

minki tilsvarandi á þann hátt, að verðlagið í ófriðarbyrjun sje sett 25% hærra en það var, og minkar þá að sama skapi hlutfallið við verðlag hvers árs og um leið uppbótin, sem eftir því er reiknuð. Og þar sem gera má ráð fyrir, að matvæli, sem frumvarpið leggur til grundvallar verðlaginu, hafi stigið í verði tiltölulega meira en aðrar nauðsynjar, svo að munað geti alt að þriðjungi, en þó sennilega trauðla svo miklu, þá sje uppbót talin að eins af $^2/_3$ launanna, verðstuðlinum beitt að eins við þann hluta, þó aldrei meira en 3000 kr., þannig að af hærri upphæð en 4500 kr., þótt laun sjeu hærri, sje þó ekki uppbót reiknuð.

Einnig skal leidd athygli að því, að eftir hlutfallinu, sem hagstofan hefir fundið milli verðlagsstuðlanna 1914 og 1918, og reglum 33. greinar, yrði uppbótin sem næst 150% af $^2/_3$ launanna eða sama sem 100% af allri launaupphæðinni, þó aldrei meiri en 4500.

Og enn skal það tekið fram, að ætlast er til, að uppbót sveitapresta fari aldrei fram úr 500 kr.

Um þessa grein frumvarpsins hafa nú að vísu ekki orðið síður skiftar skoðanir en um launaatriðið sjálft, en þó hefir það fengið meiri hluta fylgi í nefndinni að hallast í flestum aðalatriðum að ákvæðum frumvarpsins.

Skal hjer stuttlega drepið á þau atriði, er ofan á hafa orðið í nefndinni að gera nokkrar breytingar á, og ástæður fyrir því.

Orðin »í Reykjavík« vill meiri hluti nefndarinnar fella burt; þykir rjettara, að miðað sje einnig við verð í stærstu verslunum úti um land, en ekki í Reykjavík einni, þar sem þó nokkur munur getur verið á því.

Í staðinn fyrir »næsta haust á undan stríðinu« þykir rjettara, að miðað sje við haustið 1914, með því að vitneskja er að mestu þegar til fyrir verði þá, og því að vísu að ganga, en hins vegar naumast verulegur munur á því, sem var haustið fyrir.

Þá þykir og meiri hluta nefndarmanna rjett að ákveða hámark, sem laun og uppbót samanlagt yfirstígi ekki, og sje nærri hæfi að ákveða það 9500 kr., þar sem með því má telja, að upp bætt sjeu laun að því leyti, sem alment og viðunandi má komast af með til framfærslu fjölskyldu, en ríkissjóði þykir um megn að bæta upp þann hluta launa, sem ætla má að sje þar fram yfir.

Þá telur meiri hluti rjett að fella burtu síðasta málslið greinarinnar um launauppbót presta, með því að ekki geti talist rjettlátt að skerða svo uppbótartilkall þeirra einna allra embættismanna, síst í svo miklum mæli, sem gert væri með ákvæði greinarinnar.

Enn skal þess getið, að embættis- og starfsmannasambandið hefir farið fram á, að lögin gildi frá 1. jan. 1919. Fyrir því vanst ekki meiri hluti í nefndinni að láta þau gilda fyrir liðinn tíma, en til miðlunar þótti tiltækilegt, að launauppbót teljist eftir reglum þeirra frá 1. júlí, og er í því skyni ætlast til, að bætt sje við nýrri grein.

Að lokum skal litið yfir, hver kostnaðarauki ríkissjóði verður að dýrtíðaruppbótinni samkvæmt því, sem að framan hefir verið gerð grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Að framan er sýnt, að öll launaupphæðin er kr. 1145000. Uppbót er gert ráð fyrir að verði nú nálægt 150% af $^2/_3$ hlutum launa, sama sem 100% af allri launaupphæð, eða launin tvöfölduð, en þó engin uppbót greidd af þeim hluta hinna hærri launa, sem stigur yfir 4500. Sá hluti launanna, sem engin

uppbót þannig greiðist af, að við lögðu því, sem sparast við hámarkið, 9500, á launum og uppbót samtals, nemur alls ca. kr. 77000, og sje sú upphæð dregin frá allri launaupphæðinni, kemur út kr. 1068000, sem þá verður dýrtíðaruppbótin samanlögð.

Eftir núgildandi lögum nemur dýrtíðaruppbótin samtals fyrir starfandi embættismenn ca. 600000 kr., og kostnaðarauki því samkvæmt þessu frumvarpi 468000, og að við bættri þeirri hækkun á laununum, sem áður er sýnd, 400 þús., yrði kostnaðaraukinn allur af lögum þessum um 868 þús.

Dylst nefndinni ekki að vísu, að þetta er mjög tilfinnanlegur byrðarauki fyrir ríkissjóð, og getur hún búist við, að í meðferð málsins komi fram tilraunir til þess að takmarka það nokkuð, og ýmsir nefndarmenn munu fylgja þeim tilraunum meira og minna og gera sjálfir breytingartillögur um atriði, sem þeir hafa verið ósammála meiri hluta um.

En jafnlítið getur henni dulist, að hjá slíkum byrðarauka er ekki unt að komast, og þótt úr honum yrði dregið að einhverju frá því, sem nefndin samkvæmt framanskráðu hefir að svo stöddu getað áætlað, má tæpast ætla, að það geti orðið svo mikið, að ríkissjóði væri með því að borgnara að verulegum mun, og getur hún ekki lagt til, að það verði gert svo, að með því sje gengið of nærri sanngirni og rjettlæti.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Kristinn Daníelsson,
ritari samvinnun. og skrifari Ed.-nefnd.

Þórarinn Jónsson,
ritari samvinnun. og skrifari Nd.-nefndar.

Hákon J. Kristófersson.

Þorsteinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Eggert Pálsson.

Guðm. Ólafsson.

H. Steinsson,
form. Ed.-nefndar.

Hjörtur Snorrason.

Jón Jónsson.

Matth. Ólafsson.

(A. I, 4).

Nd. **441. Nefndarálit**

um tekjubálk frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði á tekjubálkinum, eru á þgskj. 385, og eru þær allar vegna breytinga á tekjulögum, sem samþyktar hafa verið á þessu þingi. Hins vegar hefir nefndin eigi fundið ástæðu til að fara að öðru leyti fram á breytingar á tekjuáætlun stjórnarinnar, sem virðist mega telja varlega, enda er nefndin á þeirri eindregnu skoðun, að sjálfsagt sje að halda þeirri reglu, sem áður hefir verið fylgt, að áætla tekjurnar varlega.

Um hinar einstöku brtt. nefndarinnar er eigi þörf að ræða, en reynt mun í framsögu að gera nokkra grein fyrir þeim og einnig fjárhagsútlitinu yfirleitt.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson. Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.

(B. XLI, 4).

Nd. **442. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ullarmat.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. *a.* Fyrir: »(frá Vík til Borgarness með Vestmannaeyjum)« komi: (frá Hornafirði, að honum meðtöldum, til Hvalfjarðarbotns).
   b. Fyrir: »(frá Búðum til Hvammstanga)« komi: (frá Hvalfjarðarbotni að Norðurfirði í Strandasýslu).
   c. Fyrir: »(frá Blönduósi til Þórshafnar)« komi: (frá Norðurfirði til Þórshafnar, að báðum stöðum meðtöldum).

d. Fyrir: »(frá Bakkafirði til Hornafjarðar)« komi: (frá Þórshöfn til Hornafjarðar).

2. Við 4. gr. *a.* Á eftir orðunum: »skulu þeir ferðast« komi: árlega.

b. »Ber þeim . . . störfum þeirra« falli burt.

c. 1.—4. töluliður orðist svo:

1. Frá Hornafirði, að honum meðtöldum, til Hvalfjarðarbotns og Vestmannaeyja.
2. Frá Hvalfjarðarbotni að Norðurfirði í Strandasýslu.
3. Frá Norðurfirði til Þórshafnar, að báðum stöðum meðtöldum.
4. Frá Þórshöfn til Hornafjarðar.

3. — 7. — Fyrsta málsgrein orðist svo:

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera: Fyrir Austurland og Vesturland 400 kr. til hvors, fyrir Norðurland 600 kr. og fyrir Suðurland 500 kr.

(A. XXX, 4).

Nd. **443. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17 frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp og komið er frá hv. efri deild.

Nefndin sjer ekkert athugavert við frumvarpið og ræður hv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Björn Kristjánsson, formaður. Pjetur Ottesen, ritari.

Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson. Sveinn Ólafsson.

(B. VII, 3),

Nd. **444. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Á þessu þingi eru komin fram frumvörp um stofnun 6 nýrra læknishjeraða. Fjögur af þessum frumvörpum eru fram komin í neðri deild. Þau fara fram á þá breytingu á læknaskipuninni, sem hjer segir:

1. Að Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sje gerður að sjerstöku læknishjeraði.
2. Að Hróarstungulæknishjeraði sje skift í tvö læknishjeruð.
3. Að myndað sje nýtt læknishjerað í Árnessýslu.
4. Að Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu sje gerður að sjerstöku læknishjeraði.

Öllum þeim frumvörpum, sem hjer eru talin, hefir verið vísað til allsherjarnefndar, og hafa þau verið rædd allítarlega í nefndinni.

Þar sem nefndin gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessara mála, en jeg hefi þá sjerstöðu í nefndinni, að jeg var einn á móti öllum frumvörpunum, þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessara mála.

Tvö af þessum frumvörpum, þau sem talin eru í 1. og 2. lið hjer að framan, lágu fyrir þinginu 1917.

Forlög þessara frumvarpa urðu þau, að þau voru bæði feld, eftir að leitað hafði verið álits landlæknis um málin.

Þó var styrkur sá, sem íbúar Hólshrepps höfðu haft í fjárlögunum um nokkur ár til að leita sjer læknishjálpar, hækkaður úr 300 kr. upp í 500 kr. og jafnframt gert ráð fyrir því, að þar sem fastur aðstoðarlæknir væri í Ísafjarðarlæknishjeraði, og sæti við hlið hjeraðslæknisins á Ísafirði, þá yrði honum að sjálfsögðu gert að skyldu að setjast að í Hólshreppi svo fljótt sem því yrði við komið.

Um Hróarstungulæknishjerað var það tekið fram, að bæta mætti nokkuð úr fyrir þeim, sem örðugast eiga með að ná í lækni á þessu svæði, með því að breyta takmörkum Hróarstunguhjeraðs og Fljótsdalshjeraðs þannig, að læknissetrið, sem nú er á Brekku í Fljótsdal, yrði fært sem næst Lagarfljótsbrúnni, og yrði þá aukið við Fljótsdalshjerað þeim hluta Hróarstunguhjeraðs, sem næst liggur, eftir því sem hagkvæmast þætti.

Á þennan hátt ættu þær sveitir Hróarstunguhjeraðs, er lengst liggja frá læknissetrinu í Borgarfirði, langt um hægra með að ná til læknisins í Fljótsdalshjeraði.

Og því var jafnframt beint til landsstjórnarinnar að athuga og undirbúa þetta mál.

Það geta allir verið sammála um það, að full nauðsyn sje á að bæta smátt og smátt sem mest úr þeim göllum, sem eru á læknaskipuninni, eftir því sem kringumstæður leyfa.

En erfiðleikar eru miklir á því að gera mönnum alstaðar svo auðvelt að ná til læknis sem ákjósanlegt væri.

Veldur því einkum strjálbygðin og það, hve ilt er yfirferðar, fjallvegir, vatnsföll og snjóþyngsli á vetrum.

Reynsla undanfarandi ára er sú, að læknar hafa alls ekki fengist í þau læknishjeruðin, sem fólksfæst eru.

Því er að engu bætt úr læknisþörfinni með stofnun slíkra læknishjeraða.

Nú munu vera þrjú læknishjeruð læknislaus af því að enginn læknir fæst til að þjóna þeim.

Hjer má nú að sjálfsögðu nokkuð um kenna launakjörunum, þar sem í fámenninu er lítilla aukatekna von.

Nú má að vísu ganga út frá því, að launakjörin verði bætt á þessu þingi, en samt sem áður er allhæpið, að læknar fáist í hjeruð, þar sem þeir geta ekki vænst nema mjög lítilla aukatekna.

Það virðist því full ástæða til að fara varlega í stofnun nýrra læknishjeraða.

Jafnframt þessu þarf að rannsaka það gaumgæfilega, hvort ekki sje hægt að ráða bót á verstu annmörkunum, með því að haga læknisbústöðunum haganlegar en nú er, eins og bent var á í sambandi við skiftinguna á Hróarstungulæknishjeraði á þinginu 1917 og drepið er á hjer að framan. Landlæknir taldi einmitt þá breytingu á læknisbústaðnum bestu úrlausnina á því máli.

Svo getur víðar staðið á, þó ekki sje hægt að segja það um allar þær breytingar, sem hjer ræðir um.

Það er engan veginn hægt að leggja að jöfnu ástæður þær, sem færðar eru fram fyrir stofnun umræddra læknishjeraða.

Það dylst ekki, að þörfin fyrir lækni í Hólshreppi sker allmjög úr, hvað aðstöðu snertir, en þó einkum fólksfjölda.

Þar er þörfin sjáanlega brýnust, bæði flest fólk og það einkum, að fólkið er flest samankomið á einum stað, en þar er æfinlega krankfeldara en þar sem bygðin er dreifðari.

Auk þess meiri hætta, ef upp koma sjúkdómar, sem mikil sýkingarhætta stafar af.

Þörfin fyrir lækni á þessum stað hefir líka best sýnt sig í því, að hreppsbúar hafa nú um nokkur ár haft lækni á vegum sínum.

Eins og áður er tekið fram, er fastur aðstoðarlæknir í Ísafjarðarlæknishjeraði. Jeg geng því út frá því sem sjálfsögðu, að þegar mannaskifti verða í því embætti, þá verði þeim lækni gert að skyldu að sitja í Bolungavík.

Það er ekki heldur óhugsandi, að hægt væri að komast að samkomulagi við þennan mann, um að hann flytji aðsetur sitt til Bolungavíkur; jeg veit ekki hvort það hefir verið reynt, en sennilega er ekki hægt að skylda hann til þess.

Með tilliti til þessarar sjálfsögðu breytingar, að aðstoðarlæknirinn setjist fyr eða síðar að í Bolungavík, get jeg þó ekki lagt til, að Hólshreppur verði gerður að sjerstöku læknishjeraði.

En þar sem þörfin fyrir það að hafa lækni á þessum stað er svo brýn, og áhugi hreppsbúa á því að bæta úr þessari þörf svo mikill, sem best lýsir sjer í framkvæmdum þeirra í því efni, þá legg jeg til, að styrkurinn, sem hreppsbúum

í Hólshreppi ásamt Bolungavíkurverslunarstað er veittur í fjárlögunum til að leita sjer læknishjálpar, 500 kr. hvort árið, sje færður upp í 1500 kr. hvort árið, þar til framangreind breyting kemst á.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Pjetur Ottesen.

(B. XII, 2).

Nd. **445. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða [*Bakkahjerað*].

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða meiri hluta nefndarinnar um að mæla með framgangi þessa frumvarps nú á þessu þingi. Um ástæður vísast til þess, er sagt er um þetta mál á þingskjali 444.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Pjetur Ottesen.

(B. XLIII, 5).

Ed. **446. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu

draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

(B. XLV, 4).

Ed. **447. Frumvarp**

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnarfundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt

fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu, hreppsvegagjöld, er eigi skulu bundin við hámark vegalaganna, og framlög frá einstökum mönnum, sem heimilt er að áskilja eftir jarðardýrleika á samþyktarsvæðinu eða lausafjáreign eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

(B. XLVI, 4.)

Ed. **448. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafn-

mikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afrjettalönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfjelag það, eða sveitarfjelög þau, sem land það liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, enda eigi enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett, og skal þá jafnan bjóða hana hreppnum, sem hún liggur í, til kaups, þó svo, að hreppurinn greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sjeu honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

7. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

8. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(B. XVII, 2).

Nd. **449. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Árnessýsla*].

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á frumvarp þetta, um að stofna nýtt læknishjerað í Árnessýslu í viðbót við þau tvö læknishjeruð, sem þar eru fyrir, og ræður meiri hlutinn því hv. deild til að fella frv.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, skrifari.

Pjetur Ottesen, framsögum.

Þorleifur Jónsson.

(A. VII, 6).

Ed.

450. Frumvarp

til laga um landamerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en greini þá á, nefnir ráðherra oddamann.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Verði ágreiningur um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítaks, enda telji hann það máli skifta, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum.

Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fasteignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettnr kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað,

nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið

fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(B. LXVI, 4).

Nd. **451. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína

að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi.

(B. LXVI, 5.)

Nd. **452. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

Við fyrirsögn frv.

Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(C. X, 5).

Nd. **453. Þingsályktun**

um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 21. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að útibú frá Landsbanka Íslands verði sett á stofn í Stykkishólmi.

(A. XXVII, 4).

Ed. **454. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu hafðar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá einhversstaðar annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðal-

skrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skift í lögskráningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi lögskráningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í lögskráningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var

smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með kírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjers taklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að lögskrá skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje

skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Það er bannað, að neitt sje ritað á skírteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað

með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið úti nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórn-

arráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða nokkur, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upp-

lýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara erlendis án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær hjer greint bráðabirgðaskírteini skal smálestatala og skrásetningarstafirnir markaðir á það samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og afhent, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður fyrir farast að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest at

nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, um leið numin úr gildi.

(C. VIII, 3).

Nd. **455. Þingsályktun**

um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn.

(Samþykt í Nd. 21. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á.

(B. XXVIII, 8).

Ed. **456. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Við 2. gr. a. Fyrir orðið »helmingi« komi:
þriðjungi.
b. Fyrir orðið »þriðjungi« komi:
fjórðungi.

(B. XLI, 5).

Nd. **457. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ullarmat.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr.
a. Fyrir »(frá Vík til Borgarness með Vestmannaeyjum)« komi:
(Frá Jökulsá á Breiðamerkursandi til Borgarness, að þeim stað meðtöldum, og Vestmannaeyjar).
b. Fyrir »(Frá Búðum til Hvammstanga)« komi:
(frá Borgarnesi að Norðurfirði í Strandasýslu).
c. Fyrir »(frá Blönduósi til Þórshafnar)« komi:
(frá Norðurfirði til Þórshafnar, að báðum stöðum meðtöldum).
d. Fyrir »(frá Bakkafirði til Hornafjarðar)« komi:
(frá Þórshöfn til Jökulsár á Breiðamerkursandi).

2. — 4. —
a. Á eftir orðunum »skulu þeir ferðast« komi:
árlega.
b. »Ber þeim .... störfum þeirra« falli burt.
c. 1.—4. töluliður orðist svo:
1. Frá Jökulsá á Breiðamerkursandi til Borgarness, að þeim stað meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Borgarnesi að Norðurfirði í Strandasýslu.
3. Frá Norðurfirði til Þórshafnar, að báðum stöðum meðtöldum.
4. Frá Þórshöfn til Jökulsár á Breiðamerkursandi.

3. — 7. —
Fyrsta málsgrein orðist svo:
Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera:

Fyrir Austurland og Vesturland 400 kr. til hvors, fyrir Norðurland 600 kr. og fyrir Suðurland 500 kr.

Breytingartillögur á þgskj. 442 eru teknar aftur.

(B. XLIII, 2).

Nd. **458. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   Aftan við greinina bætist:
   svo og, að kostnaður við grenjaleitir og grenjavinslu skuli, þegar sjerstaklega stendur á, greiðast af fleiri sveitarsjóðum en einum, eða af einstökum mönnum, sem land eiga, þar sem grenjaleit eða grenjavinsla fer fram, eða njóta hagsmuna af því.
2. Við 4. gr.
   a. Orðin: »og má tiltaka, að uppljóstarmaður eða uppljóstarmenn skuli hljóta alt að helmingi sektafjárins« falli burt.
   b. Orðin: »að öðru leyti« falli burt.

13. gr. D. III. b., D. III. c. og D. III. d.
14. gr. A. b. 2.
15. gr. 44.
16. gr. 16.
18. gr. II. i. 4.
21. gr. 6.

(A. I, 5).

Nd. **459. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 13. gr. D. III. b. (Símalína Akureyri — Grenivík).
   Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
   a. Blönduós — Kálfshamarsvík ..... 56000 — .....

	b. Hólmavík — Reykjafjörður (Kúvíkur)	..... — 75000
	c. Búðardalur — Króksfjarðarnes	..... — 90000
2. Við 13. gr. D. III. c.	(Borgarnes — Hjarðarfell). Liðurinn falli niður.	
3. Við 13. gr. D. III. d.	(Fáskrúðsfjörður — Reyðarfjörður — Egilsstaðir). Liðurinn falli niður.	
4. Við 14. gr. A. b. 2.	Nýr liður: Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu ..... Veitingin er bundin því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.	10000 — .....
5. Við 15. gr. 44.	Nýr liður: Til Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar	12000 — .....
6. Við 16. gr. 16.	Nýr liður: Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa	2000 — .....
7. Við 18. gr. II. i. 4.	Nýr liður: Til ekkju Guðmundar Hjaltasonar	300 — 300
8. Við 21. gr. 6.	Nýr liður: Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu og alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, hvorttveggja lánið til raforkustöðva og raforkuveitu. Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin hafi vissu um það, að fyrirtækin beri sig og að sveitarfjelög þessi sje fær um að standa straum af þeim.	

(A. I. 6).

Nd. **460. Nefndarálit**

um 13. gr. C. frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Breytingartillögur nefndarinnar eru á þingskjali 461. Til þeirra ferða, sem þar um ræðir, eru í ár veittar úr ríkissjóði 155700 kr., auk væntanlegs taps á Sterlingsferðum. Síðastliðið ár töpuðust á þeim ferðum 196 þús. krónur. Verði tapið svipað í ár, sem líklegt er, kosta þessar umræddu ferðir á þessu ári rúmar 350 þús. kr.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar eru ætlaðar til þessara ferða fyrra árið 154450 kr., en síðara árið 140950 kr. Þó ekki væri breytt þeirri tilhögun ferðanna, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, þá gæti ekki hjá því farið, að ferðirnar yrðu miklu dýrari en þar er ráðgert, því eigi Sterling framvegis að sigla eftir svipaðri áætlun og nú, hlyti tap á hans ferðum að verða miklu hærra en 50 þús. kr., eins og stjórnin áætlar. Auk þess lítur nefndin svo á, að ekki muni fært að færa niður þann styrk, sem flóabátarnir njóta nú, en það eru tillögur stjórnarinnar, að svo verði gert.

Hr. Nielsen, framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands, hefir í brjefi til stjórnarinnar áætlað og lagt til, að til þessara ferða verði veittar 257400 kr.

Það fyrirkomulag, sem samgöngumálanefndin leggur til að verði haft um þessar ferðir, áætlar hún að kosti 219200 kr. Er það um 130 þús. kr. minna en þær kosta í ár, en þó, að ætlun nefndarinnar, notadrýgra fyrirkomulag en það, sem nú er.

Aðalbreytingartillaga nefndarinnar um fyrirkomulag ferðanna liggur í því, að hún vill fella niður styrk til fjögra flóabáta, en veita í stað þess ákveðnu fjelagi ríflegan styrk til strandferða með allsæmilegu skipi (sbr. skilyrðin í brtt.). Er því skipi einkum ætlað að sigla um það svæði, sem þessir fjórir bátar nú hafa til yfirferðar. Af þessari breytingu '— að bætt er við strandferðaskipi — leiðir aftur það, að nefndin sjer sjer fært að leggja til, að sú breyting verði gerð á áætlun Sterlings, að hann geti farið 2 ferðir til útlanda um hásumar, og þó hafa lokið nauðsynlegustu áætlunarferðum ca. mánuði fyr en nú. Með þessari breytingu væntum vjer, að tap á ferðum Sterlings muni ekki verða meira en 50 þús. kr.

Um Faxaflóaferðirnar hefir ekki öll nefndin getað orðið sammála. Liggja því fyrir 2 tillögur handa háttv. Alþingi að velja á milli Verða væntanlega báðar tillögurnar studdar við umræðu málsins, og hafa nefndarmenn um þær óbundin atkvæði. Skal því ekki frekar orðlengja um þær hjer, að eins geta þess, að verði hærri tillagan samþykt, þá er það skilyrði nefndarinnar um varatillöguna, að það fjelag, sem þar um ræðir, hafi mun betri farkost og ekki færri ferðir en boðinn er í fastákveðnu tilboði, sem fyrir liggur frá hinu fjelaginu. Verður það tilboð að

sjálfsögðu afhent stjórninni ásamt öðrum skjölum, sem fyrir liggja hjá nefndinni um þetta mál.

Áætlanir þær, sem nefndin hefir samið í samræmi við breytingartillögur sínar, verða bráðlega til sýnis háttv. þingmönnum.

Annara breytingartillagna nefndarinnar verður getið í framsögu.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Gísli Sveinsson, fundakrifari Nd.-n. og samv.n.

Björn R. Stefánsson, framsögumaður Nd.-nefndar.

Þorsteinn Jónsson.

Benedikt Sveinsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Einar Árnason.

Björn Kristjánsson, með fyrirvara.

Sigurjón Friðjónsson, með fyrirvara.

Hjörtur Snorrason, með fyrirvara.

H. Steinsson, form. Ed.-nefndar.

Kristinn Daníelsson, fundakrifari Ed.-nefndar.

(A. I. 7). 13. gr. C. I. og C. II.

Nd. **461. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. C. I.
   Liðurinn orðist svo:
   I. Til strandferða.
   1. Til Sterlingsferða..... ..... 50000 50000

2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co.	100000	100000

Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:

a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg. ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.

b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.

c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. Við 13. gr. C. II.

Liðurinn aftur að: »Styrkir þessir veitast« orðist svo:

II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum.

1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f. Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000
Varatillaga:		
Til ferða um Faxaflóa veitist h/f. Eimskipafjelagi Suðurlands alt að	30000	30000
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000
4. Til Skaftfellingabáts, alt að.....	18000	18000
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að	1800	1800
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að.....	800	800
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að.....	800	800

3. Við 13. gr. C. II. Aftan við liðinn bætist:

7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.

(A. I, 3).

Nd. **462. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við II. kafla (Fyrirsögnin).
Fyrir »útgjöld» komi:
gjöld.
Breytist á öðrum stöðum samkvæmt þessu.

2. — 8. gr. (Borðfje konungs).
Fyrir »50000—50000—100000« komi:
60000—60000—120000.

3. — 10. — B. 3. (Hagstofan, pappír o. fl.)
Fyrir »6000—6000« komi:
8000—7000.

4. — 10. — B. 4. (Hagstofan, prentun).
Fyrir »1500—1500« komi:
2000—1500.

5. — 10. — B. 6. (Hagstofan, aðstoð o. fl.)
Fyrir »2500—2500« komi:
2500—3500

6. — 11. — A. 2. a. (Laun á skrifstofu bæjarfógeta).
Fyrir »7200—7200« komi:
8400—8400.

7. — 11. — A. 3. b. (Laun tollvarða).
Liðurinn orðist þannig:
Laun 3 tollvarða 8000—8000.

8. — 11. — B. 6. (Eftirlit með fiskveiðum).
Liðurinn orðist þannig:
Til landhelgigæslu 50000—50000.

9. — 12. — 3. (Læknisstyrkur Bæjarhrepps).
Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps kr. 300 ..... 600— 600—1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.

10. — 12. — 4. (Læknisstyrkur Bolvíkinga).
Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

11. Við 12. gr. 5. (Styrkur Öræfinga).
Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar .... 400— 400— 800

12. — 12. — 6. (Styrkur Kjósarhrepps).
Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

13. — 12. — 7. (Styrkur Flateyjarhrepps).
Athugasemdirnar aftan við liðinn falli burt.

14. — 12. — 7. (Styrkur Flateyjarhrepps).
Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis .... 400— 400— 800
b. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis 200— 200— 400
c. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis ... 300— 300— 600
d. Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.

15. — 12. — 11. (Starfræksla Röntgensáhalda).
Fyrir »1600—1600—3200« komi:
6000—6000—12000.

16. — 12. — 15. A. (Vífilsstaðahælið).
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis ..... 2000—2000

17. — 12. — 16. Fyrir »5000—5000—10000« komi:
7500—7500—15000.

18. — 12. — 17. a. (Styrkur til sjúkraskýla).
Athugasemdin við liðinn orðist þannig:
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því að hjerað það, sem á sjúkrahúsið, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.

19. — 12. — 17. b. (Byggingarstyrkur sjúkraskýla).
Fyrir »3000« í athugasemdinni komi:
5000.

20. — 12. — 17. b. (Sami liður).
Fyrir »10000—10000« komi:
.....—20000.

21. — 12. — 17. g. (Utanfararstyrkur hjeraðslækna).
Fyrir »200 kr.« í athugasemdinni komi:
250 kr.

22. Við 12. gr. 17. g. (Sami liður).
Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur ..... 4000—.....
b. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis, ... 2000—2000

23. — 12. — 17. h. (Styrkur til sjúkrasamlaga).
Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu ..... 200—.....
b. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ..... 1000—.....
c. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún« 1000—.....
d. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar« ..... 1500—1500
gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.

24. — 13. — A. 1. c. (Brjefhirðingamenn).
Fyrir »10500—10500« komi:
11000—11000.

25. — 13. — A. 3. a. (Skrifstofukostnaður póstmeistara).
Fyrir »12000—12000« komi:
15000—15000.

26. — 13. — A. 3. c. (Skrifstofukostn. og aðstoð póstafgr.m. utan Rvíkur).
Fyrir »7000—7000« komi:
8000—8000.

27. — 13. — A. 3. d. (Húsaleiga á stærri póstafgr. utan Rvíkur).
Fyrir »7000—7000« komi:
8000—8000.

28. — 13. — B. I. 1.b. (Ferðakostn. vegamálastjóra).
Fyrir »1000—1000« komi:
1500—1500.

29. — 13. — B. I. 2. (Til verkfróðra aðstoðarm. o. s. frv.),
Fyrir »6500—6500« komi:
8000—8000.

30. — 13. — B. I. 2. (Sami liður).
Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

31. — 13. — B. I. 3. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir »2000—2000« komi:
4000—4000.

32. Við 13. gr. B. II. 2. (Skagfirðingabraut).
Fyrir ».....—10000« komi:
5000—18000.

33. — 13. — B. II. 3. (Grímsnesbraut).
Fyrir »15000—15000« komi:
10000—20000.

34. — 13. — B. II. 3. (sami liður).
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Hvammstangabraut 10000—20000.

35. — 13. — B. II. 4. (Til að gera stein- og járnbrýr o. s. frv.),
Liðurinn falli burt.

36. — 13. — B. II. 5. (Viðhald flutningabrauta).
Fyrir »25000—20000« komi:
35000—35000.

37. — 13. — B. II. 5. (sami liður).
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar..... 25000—25000
gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.

38. — 13. — B. III. 1. (Stykkishólmsvegur).
Fyrir »10000—10000« komi:
20000—10000.

39. — 13. — B. III. 2. (Norðurárdalsvegur).
Fyrir »10000—10000« komi:
20000—20000.

40. — 13. — B. III. 3. (Langadalsvegur).
Fyrir ».....—10000« komi:
15000—15000.

41. — 13. — B. III. 3. (sami liður).
Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:

a. Hróarstunguvegur	20000—10000
b. Vallnavegur á Fljótsdalshjeraði...	.....—10000
c. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000— 6000
d. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000— 6000
e. Öxnadalsvegur	5000— 5000
f. Kjalarnesvegur	..... —10000
g. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu	3000—.....

42. — 13. — B. III. 4. (Eyjafjarðarárbrú)
Liðurinn falli burt.

43. — 13. — B. III. 5. (Jökulsárbrú).
Liðurinn falli burt.

44. — 13. — B. III. 6. (Brú á Leirvogsá).
Liðurinn falli burt.

45. — 13. — B. III. 7. (Brú á Hölkná).
Liðurinn falli burt.

46. Við 13. gr. B. III. 8. (Brú á Djúpá).
Liðurinn falli burt.

47. — 13. — B. III. 9. (Aðrar vegabætur og viðhald).
Fyrir »20000—20000« komi:
32500—32500.

48. — 13. — B. IV. (Fjallvegir).
Fyrir »6000—6000« komi:
12000—12000.

49. — 13. — B. V. (Til áhalda).
Liðurinn skiftist í tvent, þannig:
1. Til áhalda ..... 15000—15000
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar..... 30000— .....

50. — 13. — B. VI. (Tillög til akfærra sýsluvega).
Fyrir »25000—25000« komi:
50000—50000.

Samvinnunefnd samgöngumála gerir sjerstakar breytingartillögur við 13. gr. C.

51. Við 13. gr. D. IV. 8. (Ritsímastöðin á Seyðisfirði).
Fyrir »20000—20000« komi:
22000—22000.

52. — 13. — D. IV. 14. (Símastöðin á Siglufirði).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til aukaritsímaþjónustu ..... 2000—2000

53. — 13. — D. IV. 15. (Eftirslitstöðvar o. s. frv.)
Fyrir »16000—16000« komi:
18000—18000.

54. — 13. — D. V. (Eyðublöð, prentkostnaður o. fl.).
Fyrir »20000—20000« komi:
25000—25000.

55. — 13. — D. VI. (Viðbót og viðhald stöðvanna).
Fyrir »6000—6000« komi:
10000—10000.

56. — 13. — D. VII. (Kostnaður við ferðalög o. s. frv.).
Fyrir »4500—4500« komi:
6000—6000.

57. — 13. — D. VIII. (Viðhald landsímanna).
Fyrir »40000—40000« komi:
50000—50000.

58. — 13. — D. VIII. (Sami liður).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Utanfararstyrkur símamanna..... 2000—2000

59. — 13. — E. I. 3. (Til skrifstofuhalds).
Fyrir »2000—2000« komi:
2500—2500.

60. Við 13. gr. E. I. 4. (Ferðakostnaður o. fl.).
Fyrir »1500—1500« komi:
2000—2000.

61. — 13. — E. III. (Rekstrarkostnaður vitanna).
Fyrir »25000—25000« komi:
27000—30000.

62. — 13. — E. IV. 1. Fyrir »Svalvogsviti« komi:
Svalvogaviti.

63. — 13. — E. IV. 3. (Gjögurviti).
Á eftir liðum komi nýr liður:
Hríseyjarviti ..... 19000— .....
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það, er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.

64. — 13. — E. IV. 6. (Papeyjarviti).
Athugasemdina aftan við liðinn skal orða þannig:
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.

65. — 13. — E. VI. (Ýmislegt).
Fyrir »3000—3000« komi:
5000—5000.

66. — 14. — A. b. 2. (Bráðabirgðauppbót á brauðum).
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ..... 1200—.....

67. — 14. — B. I. c. 2. (Kensla í efnafræði).
Liðurinn fellur niður.

68. — 14. — B. I. c. 3. (Til kennarans í lagalæknisfræði).
Fyrir »300—300« kemur:
alt að 500—500.

69. — 14. — B. I. c. 5. (Þóknun til kennara í dönsku).
Liðurinn fellur niður.

70. — 14. — B. I. d. (Til annara gjalda Háskólans).
Liðurinn fellur niður, en í staðinn koma þessir nýir liðir:
d. Styrktarfje:
1. Námsstyrkur ..... 15000—15000
2. Húsaleigustyrkur 7000— 7000 22000—22000
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigust. og 560 kr. mest í náms-

styrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.

e. Til læknadeildar:
1. Kaup kensluáhalda..... 800—800
2. Umb. við ókeypis klinik 200—200 1000—1000

f. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði..... 2000—2000

g. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæslá..... 1500—1500

h. Önnur gjöld:
1. Laun ritara..... 800— 800
2. Laun dyravarðar, auk hlunninda, er hann hefir áður notið..... 1600—1600
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann ... 1200—1200
4. Ýms útgjöld..... 1500—1500 5100—5100

71. Við 14. gr. B. II. b. 1. Liðurinn verður svo:
Handa fimleikakennara..... 1200—1200
Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.

72. — 14. — B. II. c. 1. (Bókasafn skólans).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til bókasafns skólapilta ..... 200—.....

73. — 14. — B. II. c. 4. (Til 2 aukakennara).
Liðurinn fellur niður.

74. — 14. — B. II. c. 11. (Lagfæring á lóð skólans).
Liðurinn fellur niður.

75. — 14. — B. V. b. 1. (Til tímakenslu).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til útgáfu íslenskrar siglingafræði 2000—2000

76. — 14. — B. VII. 1. c. (Til smíða og dráttlistarkenslu á Hólum).
Fyrir »800—800« kemur:
1000—1000.

77. — 14. — B. VIII. (Til iðnfræðslu).
Síðari liður athugasemdar verður:
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.

78. — 14. — B. X. (Til húsmæðrafræðslu).
Liðurinn fellur niður.

79. — 14. — B. XI. 2. a. (Laun 3 yfirsetukvenna).
Fyrir »600—600« kemur:
900—900.

80. — 14. — B. XII. 1. a. (Kvennaskólinn í Reykjavík).
Fyrir »12000—12000« kemur:
14000—14000.

81. Við 14. gr. B. XII. 2. a. (Blönduóskvennaskólinn).
Fyrir »6000—6000« kemur:
8000—8000.

82. — 14. — B. XIII. 3. (Til að reisa barnaskóla).
Á eftir orðunum »utan kaupstaða« skal bæta inn í:
í kauptúnum og sjávarþorpum og heimavistarskóla í sveitum,

83. — 14. — B. XIII. 7. (Utanfararstyrkur barna- og unglingakennara).
Fyrir »1600—1600« kemur:
2500—2500.
Athugasemdin verður svo:
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.

84. — 14. — B. XIII. 7. (Sami liður).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til Skólablaðsins..... 800—800

85. — 14. — B. XIII. 8. b. (Til eftirlitsferða fræðslumálastjóra).
Fyrir »600—600« kemur:
1000—1000.

86. — 14. — B. XIV. a. (Lýðskólar).
Fyrir »15000—15000« kemur:
25000—25000.
Athugasemdin verður svo:
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 3500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.

87. — 14. — B. XIV. b. (Flensborgarskólinn).
Fyrir »9500—9500« kemur:
14000—14000.

88. — 14. — B. XV. b. (Styrkur til alþýðukenslubóka).
Fyrir »800—800« kemur:
1600—1600.

89. — 14. — B. XVI. (Kensla heyrnar- og málleysingja).
Fyrir orðið »kenslukostnað« í athugasemdinni kemur:
kostnað.

90. — 14. — B. XVIII. b. (Laun Páls Erlingssonar).
Liðinn skal orða svo:
Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, er nefnd er í a-lið, og til að-

stoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ..... 1500—1500

91. Við 14. gr. B. XVIII. c. (Sundkensla annarsstaðar).
Fyrir »1500—1500« kemur:
2500—2500.

92. — 14. — B. XVIII. d. (Styrkur Ingibj. Guðbrandsdóttur).
Fyrir »450—450« kemur:
800—800.

93. — 14. — B. XVIII. e. (Styrkur Björns Jakobssonar).
Liðurinn fellur niður.

94. — 14. — B. XIX. (Styrkur til Stefáns Eiríkssonar).
Fyrir »1000—1000« kemur:
1500—1500.

95. — 15. — 1. e. (Aðstoð á lestrarsal).
Orðin »í 7 mánuði« falla niður.

96. — 15. — 2. d. (Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til að afrita og ljósmynda skjöl, er varða Ísland, í erlendum söfnum ..... 1500—1500

97. — 15. — 3. f. (Skrásetning fornmenja).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til aðgerða á Þingvöllum ..... 5000—5000

98. — 15. — 8. (Til Bókmentafjelagsins).
Fyrir »2000—2000« kemur:
3500—3500.

99. — 15. — 10. (Til Fornleifafjelagsins).
Fyrir »400—400« kemur:
800—800.

100. — 15. — 11. (Til Sögufjelagsins).
Liðinn skal orða svo:
Til Sögufjelagsins, til þess að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að ..... 1500—1500

101. — 15. — 14. (Landsyfirdómar 1800—1873).
Fyrir »500—500« kemur:
1000—1000.

102. — 15. — 15. (Dómasafnið).
Liðinn skal orða svo:
Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk..... 600—600

103. — 15. — 16. (Þýðing ísl. skáldrita).
Liðurinn fellur niður, en í staðinn kemur nýr liður:
Til Dansk-Islandsk Samfund..... 1000—1000

104. Við 15. gr. 17. (Fræðafjelagið).
Fyrir »600—600« kemur:
1000—1000.

105. — 15. — 18. (Bernarsambandið).
Liðurinn fellur niður.

106. — 15. — 20.a. (Styrkur skálda og listamanna).
Fyrir »12000—12000« kemur:
22000—22000.

107. — 15. — 22. (Íslenska orðabókin).
Fyrir »6000—6000« kemur:
9000—9000.

108. — 15. — 23. (Íslensk-danska orðabókin).
Fyrir »4000—4000« kemur:
15000—15000.
Þetta er lokaveiting.

109. — 15. — 23. (Sami liður).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar..... 5000—.....

110. — 15. — 27. (Dr. Helgi Pjeturss).
Fyrir »1800—1800« kemur:
2500—2500.

111. — 15. — 27. (Sami liður).
Á eftir liðnum koma 2 nýir liðir:
a. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ..... 1800—1800
b. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt..... 1200—1200

112. — 15. — 33. (Styrkur Páls E. Ólasonar).
Á eftir liðnum koma 2 nýir liðir:
a. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ..... 800— .....
b. Til Önnu Thorlacius, fyrir ritstörf ..... 800— 800

113. — 15. — 35. (Veðurskeyti).
Liðurinn skal vera svo:
a. Til veðurathugana og veðursímskeyta 43300—18800
b. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens ..... 5500—1500

114. — 15. — 42. (Íþróttasamband Íslands).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til að senda íþróttamenn á Ólympíuleikina í Antwerpen 1920..... 20000—.....

115. Við 15. gr. 42. (Sami liður).
Annar nýr liður bætist við:
Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar 2000—.....
b. — cand. theol. Freysteins Gunnarssonar ..... 2000—.....
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum ..... 2000—.....
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara ..... 2500—.....

116. — 15. — 44. (Styrkur Sigurðar Einarssonar).
Á eftir liðnum koma 3 nýir liðir:
a. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg ..... 1000—1000
b. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu ..... 2000—2000
c. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál á Englandi 1500—.....

117. — 16. — 1. (Til Búnaðarfjelags Íslands).
Fyrir »60000—60000« kemur:
180000—180000

118. — 16. — 2. (Til búnaðarfjelaga).
Liðinn skal orða þannig:
Til búnaðarsambanda ..... 30000—30000
Athugasemdin verður þannig:
Styrkurinn skiftist eftir samanlagðri dagsverkatölu í búnaðarfjelögum innan hvers sambands.

119. — 16. — 3. (Vatnsvirki).
Liðurinn fellur niður.

120. — 16. — 4. (Skeiðaáveitan).
Á eftir liðnum koma tveir nýir liðir:
a. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar. 4000—.....
b. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri ..... 3000—.....

121. — 16. — 5. (Sandgræðsla).
Fyrir »6000—6000« kemur:
10000—10000.

122. — 16. — 5. (Sami liður).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til Garðyrkjufjelags Íslands:
Laun garðyrkjustjóra ..... 5000—5000

123. — 16. — 6. b. (Laun skógvarða- og skóggræðsla).
Þessi stafliður fellur niður, en í stað hans kemur:

b. Laun skógarvarða ..... 3000— 3000
c. Til skóggræðslu ..... 17000—17000

124. Við 16. gr. 7. c. (Styrkur Hólmgeirs Jenssonar).
Fyrir »300—300« komi:
500—500.

125. — 16. — 9. d. (Efnarannsóknarstofan).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
e. Til að kaupa málmbræðsluofn ..... 1000— .....

126. — 16. — 12. (Leiðbeiningar um húsagerð til sveita).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Styrkur til manns, er leiðbeini almenningi um raforkuveitur ..... 500— 500

127. — 16. — 14. (Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga).
Liðurinn fellur niður.

128. — 16. — 16. (Fiskifjelagið).
Liðinn skal orða svo:
Til Fiskifjelagsins ..... 60000—60000
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.

129. — 16. — 17. (Erindreki Fiskifjelagsins).
Liðurinn fellur niður.

130. — 16. — 19. b. (Laun síldarmatsmanna).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar ..... 200— .....

131. — 16. — 20. (Ullarmatsmenn).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Til heimilisiðnaðar ..... 5000— 5000
Veitt heimilisiðnaðarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra.

132. — 16. — 21. (Vörumerkjaskrásetjari).
Liðnum skal skifta í tvent og orða þannig:
a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara ..... 800— 800
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ..... 600— .....

133. — 16. — 23. (Styrkur Tvískerjabóndans).
Fyrir »300—300« kemur:
500—500.

134. — 16. — 23. (Sami liður).
Á eftir liðnum kemur nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ..... 500— 500

135. — 16. — 30. (Brimbrjótur í Bolungarvík).
Fyrir »5000—5000« kemur:
10000—10000.

136. Við 16. gr. 30. (Sami liður).
Á eftir liðnum koma þessir nýir liðir:
a. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ..... 3500— .....
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkur inn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.
b. Til bryggjugerðar á Blönduósi ..... 18000— .....
þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.
c. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni) ..... 8800— .....

137. — 18. — II. b. (Embættismenn, ekkjur og börn).
Nýr liður:
Til Ólaviu Guðmundsson ..... 350— 350

138. — 18. — II. c. (Uppgjafaprestar).
Nýr liður:
Til Stefáns Stephensens ..... 147— 147

139. — 18. — II. d. (Prestsekkjur).
Nýir liðir:
a. Til Sigrúnar Kjartansdóttur ..... 300— 300
b. Til Hlífar Bogadóttur, 150 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ..... 1050—1050
c. Til Þórunnar Stefánsdóttur..... 800— 800

140. — 18. gr. II. e. (Kennarar o. s. frv.)
a. Í staðinn fyrir 8. tölulið (Þóra Melsteð) kemur:
Til Elínar Briem Jónsson ..... 600— 600
b. Aftan við liðinn bætist:
Til Pjeturs Guðmundssonar ..... 1000—1000

141. — 18. gr. II. f. (Póstar o. s. frv.)
Fyrirsögnina skal orða svo:
Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.

142. — 18. — II. f. (Sami liður).
Nýir liðir:
a. Til Daníels Jónssonar ..... 200— 200
b. — Jens Þórðarsonar ..... 100— 100
c. — Friðriks Möllers ..... 1800—1800
d. — Kristínar Jóelsdóttur ..... 200— 200
e. — Eliesers Eiríkssonar ..... 200— 200

143. — 18. — II. g. (Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa).
Nýr liður:
Til Valdemars Briems ..... 1250—1250

144. — 18. — II. h. (Ekkjur og börn skálda og rithöfunda).
Nýr liður:
Til Valgerðar Arnljótsdóttur ..... 500— 500

145. Við 18. gr. II. i. (Ýmsir starfsmenn).
Nýir liðir:
a. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni ..... 2000—.....
b. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir 50 ára hreppstjórn o. fl.... 1000—.....

146. — 21. — 6. Aftan við liðinn kemur:
Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

147. — 22. — (Greiðsla Landsbankans til Stefáns Stephensens).
Fyrir »400« kemur:
600.

(B. XII, 3).

Nd. **463. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1917, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Bakkahjerað*].

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Til allsherjarnefndar var vísað frv. því, er 1. þm. Norðmýlinga flutti um skiftingu Hróarstunguhjeraðs.

Nefndin athugaði málið allrækilega, en gat ekki orðið á eitt sátt um framgang þess.

Meiri hlutinn álítur, að óskir og kröfur hjeraðsbúa á Fljótsdalshjeraði utanverðu um sjerstakan lækni hefði við svo rík rök að styðjast, að eigi væri gerlegt að neita þeim.

Samkvæmt læknaskipunarlögunum nær Hróarstunguhjerað yfir 5 hreppa á Fljótsdalshjeraði og Borgarfjörð. En á milli Hjeraðs og Borgarfjarðar er hár og torsóttur fjallvegur, og geysi-snjóþungur á vetrardag; var því auðsætt, að læknisþjónusta yrði erfið og ónóg öðruhvoru megin fjallgarðsins, eftir því hvar læknir sæti í hjeraðinu.

Læknissetur var ekki áður fast ákveðið í hjeraðinu, en fyrstu læknar er þjónuðu þar, bjuggu ofan fjalls, á Úthjeraði, og þótti Borgfirðingum, sem þeir væru þá læknislausir. Fyrir fám árum, við komu nýs læknis í hjeraðið, var læknissetrið ákveðið í Borgarfirði, en með því móti eru Hjeraðshrepparnir 5, með yfir 1000 manns, sama sem sviftir allri læknisþjónustu.

Yfir þessu er að vonum megn óánægja, og sjer meiri hlutinn ekki annan veg til að bæta úr þessu en þann, að stofnað verði sjerstakt læknishjerað á Úthjeraði, og ætti þá að mega vænta þess, að hjeraðsbúar sæju lækninum fyrir embættisbústað á hentugum stað.

Meiri hlutinn vill drepa á eitt enn, sem mælir fremur með því, að Hjeraðshrepparnir sjeu gerðir að sjerstöku læknishjeraði. Á Eiðum er nú nýstofnaður alþýðuskóli, og er ilt, ef þar verður kasað saman mörgu fólki, án þess að neitt sje sjeð fyrir því, að hægt sje að ná í lækni, hvað sem upp á kemur.

Að öllum málavöxtum athuguðum verður meiri hlutinn að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, skrifari. Þorleifur Jónsson, framsögumaður. Einar Jónsson.

(B. XIII, 2).

Nd. **464. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft til meðferðar mörg frumvörp, er fara fram á stofnun sjerstakra læknishjeraða, en eigi sjeð fært að leggja það til, að þau verði öll samþykt að þessu sinni. Nefndin álítur tiltækilegra, að þetta gerist smátt og smátt, t. d. þannig að eitt, eða mest tvö hjeruð sjeu mynduð úr einu, og hefir þá einkanlega það fyrir augum, að læknar muni alls ekki vera fáanlegir að svo komnu í svo lítil og mannfá hjeruð, sem hin nýju hjeruð yrðu, en telur hins vegar þýðingarlaust fyrir þingið að vera að stofna embætti, sem enginn hæfur maður fæst til að þjóna.

Svo mun að vísu ástatt með Ólafsfjarðarbúa, að þeir eigi oft og einatt að vetri til mjög erfitt að ná til læknis vegna fjallvega og fannkyngis á landleið og brims og strauma á sjó. En við þessa sömu erfiðleika eiga fjölda margir aðrir að búa, víðs vegar um landið, og úr því verður ekki bætt með neinum tökum, svo sem þörf væri á. Læknislaust læknishjerað getur hvergi komið að haldi. Með þeirri læknaeklu, sem nú er, virðist ekki líklegt, að til Ólafsfjarðar fengist neinn læknir að sinni, þó þar yrði stofnað sjerstakt læknishjerað með að eins um 600 manns. Því sú er raunin á, að ýms fámenn útkjálkahjeruð eru læknislaus — læknar fást þangað ekki vegna ónógra tekna, og eru jafnvel ekki til.

Eftir nána athugun á þessu máli leggur nefndin til, að frv. verði ekki samþykt á þessu þingi.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari.

Einar Jónsson, skrifari og framsm. Pjetur Ottesen. Þorleifur Jónsson.

(B. XVI, 5).

Nd. **465. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur eftir atvikum til, að frumvarp þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, ritari.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson. Pjetur Ottesen.

(B. LXV, 2).

Nd. **466. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli burtu.
2. — 2. — Síðari málsgrein falli burtu.

(B. XL, 2.)

Nd. **467. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á prestsmötu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið hefir fram á tveimur undanförnum þingum, en eigi orðið útrætt, hefir nú legið hjá allsherjarnefnd um hríð og verið allmikið rætt.

Tilgangur þessa frumvarps er sá:

1. Að tryggja það, að menn þeir, sem prestsmötur eiga að greiða, fái þær keyptar af sjer.

2. Að gera þeim þetta nokkuð auðveldara en verið hefir, með því að veita þeim nokkra ívilnun um gjaldið, auk greiðslufrests.

Að undanförnu hafa menn að vísu átt kost á því, að fá keyptar prestsmötur, og eru allmargar prestmötur þegar seldar.

Þó mun sala á prestsmötu hafa verið stöðvuð um tíma á árinu 1917.

Sala á prestsmötu hefir fram farið með þeim hætti, að meðalverð verðlagsskrár á smjöri síðustu 5 árin áður en kaup eru gerð í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í, er lagt til grundvallar fyrir sölunni, og upphæðin greidd öll í einu lagi.

Þetta hafa þótt þungir kostir, og eigi tekist öðrum en þeim, sem allvel eru efnum búnir, að leysa jarðir sínar undan kvöð þessari á þennan hátt. Og því meiri óánægju hefir þetta valdið, að margir líta svo á, að sá upphaflegi grundvöllur, sem kvöð þessi var bygð á í öndverðu, hafi mjög breytst eða jafnvel horfið við rás viðburða síðari tíma.

Nefndin gat þó ekki öll orðið sammála um það að greiða svo götu manna til þess að ljetta af sjer þessari kvöð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þeir tveir flutningsmenn frumvarpsins, sem sæti eiga í nefndinni, ljetu til samkomulags undan síga um aðalágreiningsatriðið, til þess að koma ekki glundroða á málið, sem ef til vill hefði orðið til að torvelda framgang þess í þinginu.

Þetta atriði sem olli mestum skoðanamun í nefndinni, var það, að við aflausn prestsmötunnar skyldi ekki tekið tillit til smjörverðsins ófriðarárin.

Þetta ákvæði er auðvitað eitt höfuðatriði frumvarpsins, því að eins og kunnugt er, hefir smjör stigið langmest í verði þessi ár af öllum framleiðsluvörum landsins, og olli því feitmetisskortur í landinu, sem aftur stafaði af aðflutningsteppu á feitmeti, og ekki hvað síst tvö árin af óáran í landbúnaði (grasbresti og illri nýtingu á töðu) á allmiklum hluta landsins.

Það hefir þó orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að þetta ákvæði verði felt úr frumvarpinu.

En í þess stað leggur nefndin til, að tímabilið, sem verðlagsskrárverði á smjöri á að jafna niður á við söluna, sje fært upp í 12 ár. Bætir það nokkuð úr, þótt lítið sje, fyrir þeim, sem kaupa kynnu nú á næstu árum.

Þá leggur nefndin til, að bætt sje inn í frumvarpið nýrri grein, þar sem stjórninni er heimilað að veita ívilnun á prestsmötugjaldi þeirra jarða, sem spillast af náttúrunnar völdum, og miða ívilnunina við það, hve mikið kveður að skemdunum. Það munu nokkur dæmi þess, að jarðir, sem prestsmötukvöð hvílir á, hafa skemst mjög af náttúrunnar völdum, og sumar nær eyðilagst, en prestur heimtað fulla greiðslu prestsmötunnar eigi að síður. Það sjá allir, hve sanngjarnt þetta er.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir »10 ár« í annari málsgrein komi:
   12 ár.
   b. Orðin: »Þó skal ekki . . . . . 1914« falli burt.

2. Við 4. gr.

Aftan við greinina komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, og er þá ráðherra heimilt að veita þá ívilnun um prestsmötugjald, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar.

Greinatalan breytist eftir því.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður.
Með fyrirvara um ýms atriði nefndarálitsins.

Magnús Guðmundsson, skrifari.
Með sama fyrirvara.

Pjetur Ottesen, framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.

(B. XLVI, 5).

Nd. **468. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 21. ágúst.

Flutningsmaður: Sveinn Ólafsson.

(Frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum, á þgskj. 424).

Í því trausti, að lög um forkaupsrjett leiguliða o. fl. frá 20. okt. 1905 ásamt væntanlegum lögum frá þessu þingi um eignar rjett og nota yfir fasteignum veiti þá tryggingu gegn gálauslegri jarðasölu, sem nauðsynleg er, og efli æskilega sjálfsábúð í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(A. XIV, 13.)

Ed. **469. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Frá fjárhagsnefnd.

Helstu breytingar, sem frumvarpið gerir á lögum um þetta efni, eru: að laun bankastjóranna sjeu hækkuð ríflega, að skipaður verði aðstoðarfjehirðir, ef þörf krefur, og að bankinn stofni styrktarsjóð með 25000 kr. handa starfsmönnum sínum, ekkjum þeirra og ómegð.

Enn fremur eru ákvæði um það, að opinberir starfsmenn, stofnanir og sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skuli geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarpið, og leggur eftir atvikum til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Torfason, formaður.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögumaður.	H. Steinsson, með fyrirvara.

(A. VIII, 9).

Nd. **470. Frumvarp**

til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætið skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrir-

skipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi og forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfjelaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um

merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stilar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfje til sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000--3000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

(C. XIX, 3).

Ed. **471. Tillaga**

til þingsályktunar um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni, vegna skemda þeirra og tjóns sem Kötlugosið 1918 hefir valdið:

1. Að veita öllum leiguliðum á opinberum jörðum (þjóðeignum og kirkjujörðum) í Vestur-Skaftafellssýslu eftirgjöf á jarðareftirgjaldi fyrir fardagaárið 1918—19.
2. Að verja úr ríkissjóði nauðsynlegri fjárhæð til þess að ljetta undir með búendum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis fyrir næsta vetur, eftir samráði við sýslumann Skaftafellssýslu og forseta Búnaðarfjelags Íslands.

(B. XXI, 5).

Ed. **472. Frumvarp**

til laga um bann gegn refaeldi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Refaeldi skal bannað hjer á landi.

2. gr.

Yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum, má enginn ala nema meðan á grenjavinslu stendur, þó ekki lengur en til 30. júní. Refi, sem nást kynnu lifandi á annan hátt, á hvaða tíma sem er, skal tafarlaust drepa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—200 kr. sektum og auk þess 500 kr. fyrir hvern ref, sem sleppa kynni lifandi úr gæslu. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. mars 1920.

(C. XVI, 2).

Nd. **473. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um loftskeytastöð í Grímsey.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin er öll sammála um það, að rjett sje og jafnvel nauðsynlegt, að loftskeytastöð verði reist í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, svo fljótt sem kostur er. En jafnframt því að sú stöð er bygð, telur nefndin sjálfsagt eða óhjákvæmilegt, að önnur loftskeytastöð verði reist norðanlands, sem þessi væntanlega stöð í Grímsey gæti haft samband við; myndi þá byggingarkostnaður Grímseyjarstöðvarinnar verða lítill, sennilega ekki nema nokkur þúsund kr., og rekstur hennar ódýr. Er þessi skoðun nefndarinnar í samræmi við álit landsímastjórans í þessu máli, og má enn fremur geta þess, að hann er því eindregið fylgjandi, að þetta komist í framkvæmd sem fyrst.

En með því að tillagan á þgskj. 271 ræðir að eins um eina stöð (Grímseyjarstöð), en nefndin hins vegar telur hagkvæmara, að 2 stöðvar verði reistar norðanlands, þá leggur hún til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að telja má nauðsyn á, að loftskeytastöð verði reist í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, ásamt loftskeytastöð á öðrum stað norðanlands, og í því trausti, að landsstjórnin hlutist til um, að það verði framkvæmt hið allra fyrsta, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, form. samvinnun. og Nd.-nefnd.
Gísli Sveinsson, fundaskrifari Nd.-n. og samv.n.
Einar Árnason, frams.m. í Nd.

Sigurjón Friðjónsson. Hjörtur Snorrason. Þorsteinn Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Björn Kristjánsson. Björn R. Stefánsson. Benedikt Sveinsson.

Kristinn Daníelsson, fundaskrifari Ed.-nefndar.
H. Steinsson, form. Ed.-nefndar.

(A. XIV, 14).

Ed. **474. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Flutningsmenn: Halldór Steinsson og Eggert Pálsson.

Fyrri málsgrein 8. gr. orðist svo:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu, að öðru jöfnu, geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

(B. LVIII, 12).

Ed. **475. Lög**

um brúargerðir.

(Afgreidd frá Ed. 22. ágúst).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vegamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rjett.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hjer greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengra:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

1. Ártúnsá á Kjalarnesi.
2. Kiðafellsá.
3. Laxá í Kjós.
4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

7. Bjarnadalsá í Borgarfirði.
8. Sanddalsá í Borgarfirði.
9. Laxá í Hnappadalssýslu.
10. Núpá - — —
11. Bakkaá í Snæfellsnessýslu.
12. Glerá í Dalasýslu.
13. Geiradalsá.
14. Hvalsá í Strandasýslu.
15. Krossá í Strandasýslu.
16. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.
17. Víðidalsá í Húnavatnssýslu
18. Gljúfurá - — —
19. Auðólfsstaðaá í Langadal.
20. Hjeraðsvötn.
21. Svartá.
22. Norðurá í Skagafirði.
23. Eyjafjarðará.
24. Djúpá í Suður-Þingeyjarsýslu.
25. Reykjadalsá.
26. Eskifjarðará.
27. Kolgríma.
28. Djúpá í Vestur-Skaftafellssýslu.
29. Ásakvíslar.
30. Jökulsá á Sólheimasandi.
31. Bakkakotsá undir Eyjafjöllum.

II. Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum

1. Leirvogsá.
2. Flóka.
3. Tunguá í Miðdölum.
4. Haukadalsá.
5. Laxá í Dalasýslu.
6. Laxá í Strandasýslu.
7. Kotá.
8. Valagilsá.
9. Glerá í Eyjafirði.
10. Skjálfandafljót.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.
14. Jökulsá í Jökuldal.
15. Eyvindará.
16. Skaftá.
17. Ásavatn.
18. Hólmsá á Mýrdalssandi.

19. Brúará.
20. Kópavogslækur.

III. Nýjar brýr á flutningabrautum:
1. Reynistaðará á Skagafjarðarbraut.
2. Grófargilsá á — —
3. Brúará á Grímsnesbraut.
4. Bakkárholtsá í Ölfusi, á Suðurlandsbraut.
5. Gljúfurholtsá í Ölfusi, á — —

IV. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á ríkissjóði:
1. Elliðaár á Suðurlandsbraut.
2. Hólmsá - — —
3. Torfdalslækur á Þingvallabraut.

V. Endurbygging trjebrúa á öðrum vegum, sem kostað er viðhald á úr ríkissjóði:
1. Tungufljót á Gullfossvegi.
2. Hvítá á Brúarhlöðum.

VI. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum:
1. Álftá á Mýrum.
2. Hítará á Mýrum.
3. Grísholsá í Helgafellssveit.
4. Gufuá á Borgarfjarðarbraut.
5. Skarðslækur á Borgarfjarðarbraut.
6. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
7. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
8. Þverá á Fagradalsbraut.
9. Rauðilækur í Holtum.

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr ríkissjóði.

VII. Til nýrra brúa og endurbyggingar trjebrúa á öðrum vegum en þjóðvegum og flutningabrautum má verja árlega alt að 50000 kr. úr ríkissjóði.

Um greiðslu kostnaðar brúargerða, sem teljast á þessum lið, fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Brýr á fjallvegum gerast að öllu fyrir fje úr ríkissjóði.

b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $^{2}/_{3}$ hlutum af ríkissjóði, gegn $^{1}/_{3}$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, nema $^{3}/_{4}$ hlutum gegn $^{1}/_{4}$ annarsstaðar frá.

c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, alt að 10 metra:

Til þess að gera nýjar brýr slíkar, eða endurbyggja gamlar trjebrýr, má verja árlega alt að 20000 krónum, og skulu þær brýr kostaðar að öllu úr ríkissjóði á þeim vegum, er ríkissjóður heldur við, að $^{2}/_{3}$ hlutum á flutningabrautum þeim og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, og til helmings móts við tillag annarsstaðar frá á öðrum vegum. Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf:

a. Á vegum, er ríkissjóður heldur við eða gerðir eru að öllu eða einhverju leyti á kostnað ríkissjóðs, telst kostnaður við slíkar brýr með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

b. Á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutaðeigandi sýslufjelögum til viðhalds, greiðist kostnaður við endurbyggingu slíkra smátrjebrúa að $^{2}/_{3}$ hlutum úr ríkissjóði.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., A, B og C, b, og til annara mannvirkja, er þar að lúta, þar með talin kaup á nokkrum vjelum, til fullkomnunar brúarsmiðju ríkissjóðs, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborgun af láni þessu eða lánum skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. LXIX, 1).

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 12 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttó-smálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta skifti 1920, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, þar sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett, og er skip að veði fyrir því 2 ár frá gjalddaga.

4. gr.

Lausafjárskattur af skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri, fellur burt.

Greinargerð.

Lausafjárskattur af skipum er mjög lágur, og skattur þessi hvílir alls eigi á öðrum skipum en fiskiskipum. Nú er svo komið, að vjer erum teknir að eignast vöruflutningaskip og einnig stærri fiskiskip en gengið var út frá, er núgildandi lög um lausafjártíund voru sett. Sennilegt er, að skattur þessi muni gefa ríkissjóði um 40000 kr. á ári, því að sanni mun næst, að skipastóll landsins nemi nú um 20000 smálestum, ef frá eru talin skip og bátar undir 12 smálestum.

(B. LXX, 1).

Nd. **477. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

Greinargerð.

Flestir skattar ríkissjóðs hafa verið hækkaðir síðan hin nýafstaðna heimsstyrjöld hófst, nema húsaskatturinn, og virðist nefndinni nú rjett að hækka hann um helming, og sýnist það alls eigi langt farið, er litið er til breytingar þeirrar á verðgildi peninga, sem heimsstyrjöldin hefir valdið.

Nefndin gengur út frá, að húsaskattslögin verði endurskoðuð um leið og endurskoðun sú fer fram á skattalöggjöfinni, sem nú stendur fyrir dyrum.

Tekjuaukinn af frv. þessu mun nema sem næst 25 þús. kr. á ári.

(A. XVI, 4).

Nd. **478. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er stj.frv. (þingskj. 16) og var borið upp í efri deild ásamt bráðabirgðalögum (þingskj. 12), er einnig var borið upp í efri deild. Er efni bráðabirgðalaganna tekið í frumvarpið. Breytingar á núgildandi lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, eru þessar:

1. Húseignir ríkisins utan Reykjavíkur skulu trygðar sem aðrar húseignir í Brunabótafjelagi Íslands, og því fellur burt setningin í 3. gr. laganna: »að undanskildum húseignum landssjóðs« og 26. gr. þeirra.
2. Lausafje á að mega tryggja með fullu verði þess, en er eigi nú, nema að $^5/_6$ eða $^2/_3$ hlutum, samkvæmt 2. gr. laga nr. 54, 1915. Engin ein lausafjártrygging má nú nema yfir 6000 krónur, en eftir frumvarpinu er eigi önnur takmörk sett en þau, að stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands, hversu tryggingarupphæð megi hæst vera.
3. Loks er lögtaksrjettur látinn ná til skírteinagjalda.

Breytingar þessar eru gerðar eftir uppástungu forstjóra Brunabótafjelags Íslands. Telur nefndin þær til bóta, og ræður því deildinni til að samþykkja frv. óbreytt eins og efri deild hefir við það skilið.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, form., framsm. Magnús Guðmundsson, skrifari.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson. Pjetur Ottesen.

(B. XXIV, 6.)

Ed.

479. Nefndarálit

um frumvarp til laga á skoðun á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og leggur til, að á því verði gerðar nokkrar breytingar, er miða að því að koma í veg fyrir óánægju, er nú þegar hefir orðið vart, út af sumum ákvæðum frumvarpsins. Mál þetta hefir verið rætt og athugað í hv. Nd. og hv. þingmenn haft tækifæri til að kynna sjer það; þýðir því ekkert að fjölyrða um nytsemi þess og nauðsyn, sem flestum þm. mun koma saman um.

Hjer skal því að eins lítillega vikið að sumum breytingartillögunum, er hjer fara á eftir.

Fyrsta breytingin, við síðari málsgrein 1. greinar, er gerð í samráði við yfirsíldarmatsmanninn á Akureyri. Hann telur varhugavert og óþarft að ákveða með lögum, að jafnþungi síldar skuli vera í hverri tunnu, þegar út er flutt. Það fyrirkomulag mundi varla framkvæmanlegt, og yrði til þess að baka síldareigendum afarmikinn kostnað. Til þess, að hægt væri að fá nákvæmlega sama þunga í hverja tunnu, yrði að taka síldina úr þeim og leggja hana niður aftur, en til þess þyrfti mikinn vinnukraft, sem oft og tíðum yrði lítt fáanlegur. Auk þess verður að líta á það, að síldin getur orðin óútgengilegri vara, ef hún er tekin úr tunnunum og látin í þær aftur, einkum ef það er gert úti undir beru lofti, sem oftast mundi verða, en sú hætta er auðvitað mest þegar hlýtt er í veðri.

Sjötta breytingartillagan, að 5. grein falli niður, byggist á því, að reynslan hefir sýnt, að ekki er ávalt hægt að segja til um það fyrir vertíðarbyrjun, hverskonar salt notað verði, og meðan vertíð stendur getur það oft komið fyrir, að ekki verði náð til yfirmatsmanns, þar eð hverjum þeirra er ætlaður heill landsfjórðungur eða meira til yfirsóknar.

Ákvæði greinarinnar virðast því geta bakað útvegsmönnum mikil óþægindi, og jafnvel orðið til tjóns, ef þau eru látin standa óbreytt.

Sjöunda breytingartillagan, við 6. grein, virðist í fljótu bragði að eins orðabreyting, en er þó í rauninni efnisbreyting. Samkvæmt frumvarpsgreininni er matsmönnum gert að skyldu að hafa stöðugt eftirlit á meðferð allrar síldar, er þeir meta, frá því, er hún kemur á land, og þar til hún er útflutt. Þetta verður oft lítt samrýmanlegt við hið eiginlega matsstarf, og virðist ekki heldur nauðsynlegt, vegna þess að líklegt er, að eigendurnir sjálfir geri sjer alt far um að varna allri vanhirðu, sem gæti bakað þeim stórtjón; en jafnvel þótt einhver vanræksla um hirðing vörunnar kynni að eiga sjer stað af hálfu eigenda, þá á endurmatið að gefa fulla tryggingu fyrir því, að ekki verði út flutt annað en góð vara, þegar hún er metin bæði ný og fullsöltuð.

Hinar aðrar breytingartillögur eru ekki verulegar efnisbreytingar, og því ekki ástæða til að fjölyrða um þær, enda mætti gera nánari grein fyrir þeim þegar málið kemur til umræðu, ef ástæða þykir til þess.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:
Hafi síld eigi verið flutt út innan 3 vikna eftir að hún var söltuð, en er ætluð til útflutnings, skal hún skoðuð á ný og endurmetin.

2. — 2. — Orðin »og að vigt í hverri tunnu sje óákveðin« falli burt.

3. — 3. — Fyrri málsgrein orðist svo:
Skoðun þessa og endurmat skulu framkvæma lögskipaðir matsmenn undir umsjón yfirmatsmanns.

4. — 3. — Fyrir »Með allri« komi:
Allri.

5. — 4. — Orðið »hlutaðeigandi« í 4. málsgr. falli burt.

6. — 5. — Greinin falli burt.

7. — 6. — Fyrir »metin« komi:
endurmetin.

8. — 10. — Seinustu orð greinarinnar, »í lagarheldum tunnum«, falli burt.

9. — 11. — Seinustu orð greinarinnar, »í lagarheldum tunnum«, falli burt.

10. — 12. — Fyrir »þegar skoðun fer fram á saltaðri síld« komi:
Þegar endurmat á síld fer fram.

12. — 12. — Orðin: »ef þess er krafist« falli burt.

Alþingi, 22. ágúst 1919.

Karl Einarsson, form.	M. J. Kristjánsson, ritari.	Kristinn Daníelsson, fundaskrifari.

(A. XXVI, 4.)

Nd. **480. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Magnús Pjetursson.

1. Við 22. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, sem hjer segir:
Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr. Auk þess halda prófastar vísitaziulaunum, eins og verið hefir.

2. — 33. — Síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:
Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá hálfa launauppbót.

(A. XXVI, 5.)

Nd. **481. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 439.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Magnús Pjetursson.

Við 41. Við 33 gr. Fyrir »9500 kr.« komi:
10500 kr.

(A. VII, 7).

Nd. **482. Frumvarp**

til laga um landamerki o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú rís ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en greini þá á, nefnir ráðherra oddamann.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Verði ágreiningur um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítaks, enda telji hann það máli skifta, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum.

Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fasteignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettnr kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað,

nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið

fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(B. VI, 2).

Ed. **483. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er að öllu samhljóða frumvarpi um hafnarlög fyrir Ísafjörð, sem fram var borið í efri deild Alþingis 1917, eins og það var þá samþykt í þessari háttv. deild.

Að eins í tveim atriðum er vikið frá því frumvarpi. Annað er fjárveitingin í 1. gr., sem í því var 150 þús., en nú er farið fram á 200 þús. Hitt er, að sektir í 14. gr. eru hækkaðar úr 10—500 kr. í 20—1000 kr. Stendur þetta hvorttveggja í sambandi við breytt peningagildi, sem nú er og búast má við, að haldist alllengi enn, meira eða minna.

Nefndin getur vísað til álits síns um málið 1917, og vill eins og þá leggja til, að frumvarpið verði samþykt, og getur fallist á þær breytingar, sem að framan er getið.

Alþingi, 23. ágúst 1917.

Karl Einarsson,
formaður.

M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson,
ritari.

(B. LXIII, 3).

Ed. **484. Frumvarp**

til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþyktar og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd ákveða í reglugerð, að veita megi úr sýslusjóði verðlaun fyrir framúrskarandi dugnað við eyðing refa, svo og að kostnaður við grenjaleitir og grenjavinslu skuli, þegar sjerstaklega stendur á, greiðast af fleiri sveitarsjóðum en einum, eða af einstökum mönnum, sem land eiga þar, sem grenjaleit eða grenjavinsla fer fram, eða njóta hagsmuna af því.

3. gr.

Skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers fyrir sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og sendar sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs.

Eftir að sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir átt kost á að athuga skýrslur þessar og leiðrjetta þær, ef þurfa þykir, skulu þær sendar stjórnarráðinu, er síðan annast um, að þær verði birtar á sama hátt og aðrar skýrslur um landshagi.

4. gr.

Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð, þar er brot er framið. Alt að 2 króna dagsektum má beita fyrir hvern þann, er tregðast við að gefa skýrslu samkvæmt 3. gr., og renna dagsektir í viðkomandi sýslusjóð eða bæjarsjóð.

5. gr.

Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, úr gildi numin.

(B. LXVI, 6).

Ed. **485. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Statholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi.

(B. LVII, 5.)

Ed. **486. Lög**

um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

(Afgreidd frá Ed. 23. ágúst).

1. gr.

Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfje 60000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1919.

(C. XVIII, 4).

Ed. **487. Þingsályktun**

um eyðing refa.

(Afgreidd frá Ed. 23. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að brýna fyrir sýslunefndaroddvitum að hlutast til um, að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á reglugerðum sýslnanna um alt, er lýtur að eyðing refa, svo sem

að ætla mönnum sæmilega borgun fyrir grenjavinslu,

að ákveða rífleg verðlaun fyrir eyðing refa,

að verðlauna þá menn sjerstaklega, er skara fram úr og vinna vissa tölu refa árlega.

(A. XXVI, 6).

Nd. **488. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 9. gr.

Í annari málsgr. breytist tölurnar:
»3000« í 3500 og »4000« í 4500.

(A. XXVI, 7).

Nd. **489. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsm. Gísli Sveinsson og Einar Arnórsson.

Við 11. gr.

Þriðja og fjórða málsgrein verði ein málsgr. og orðist þannig:
Sýslumennirnir í öllum öðrum sýslum landsins hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

(A. XXVI, 8).

Nd. **490. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 439 (laun embættismanna).

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 12. lið:

Í fyrri hluta fyrstu málsgr. falli »Síðu« niður, og í síðari hluta sömu málsgr. komi inn á milli »í« og »Berufjarðar« :
Síðu.

(B. LXV, 3).

Nd. **491. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:
Ernir skulu alfriðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar og teljast þá undir 2. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

3. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:
500 kr. sekt.

(B. XL, 3).

Nd. **492. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 467 við frumvarp til laga um sölu á prestsmötu.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Önnur breytingartillagan (við 4. gr.) orðist þannig:

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins, en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.

(A. XXVI, 9).

Nd. **493. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 439.

Frá Matth. Ólafssyni.

1. Við 12. tölulið. *Allar* lágmarks- og hámarkstölur á launum lækna *lækki* um 500 kr.
2. Við 13. tölulið. Liðurinn orðist svo:
   Borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra hækki um 50% frá því, sem núgildandi lög ákveða.
3. Við 41. tölulið. Liðurinn falli burt.

4. Við 42. tölulið. Liðurinn orðist þannig:
Launauppbót presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, má eigi nema meiru en 1000 kr.

(A. XXVI, 10.)

Nd. 494. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 11. gr. Á undan »Árnessýslu« í byrjun 3. málsgr. komi: Skaftafellssýslu.

2. Við 11. gr. »Skaftafellssýslu« í byrjun 4. málsgr. falli burt.

3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Aðalpóstmeistari hefir af byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.
Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.
Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.
Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.
Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.
Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.
Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

(A. XXVI, 11).

Nd. **495. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 439 við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 3. tölulið.

Aftan við liðinn bætist:

Sömuleiðis skal telja til þjónustuára hjá prestum þau ár, er þeir hafa gegnt sem aðstoðarprestar.

(A. XXVI, 12).

Nd. **496. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 11. gr. a. Fyrir »4600 kr.« í 2. málsgrein komi: 4400 kr.

b. Fyrir »5600 kr« í sömu málsgrein komi: 5400 kr.

c. Þriðja og fjórða málsgrein orðist þannig:

Sýslumennirnir í öllum öðrum sýslum landsins hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

d. Orðin í fimtu málsgrein »og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn« orðist um þannig:

eftir tillögum dómsmálaráðherra og samþykki Alþingis fyrir hver 5 ár í senn.

2. — 15. — Fyrir »en launin hækka — — — í 6500 kr.« í fyrstu málsgrein komi:

en launin hækka eftir 3 og 6 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6000 kr.

3. — 16. — Fyrir »en launin hækka — — — í 6500 kr.« í fyrstu málsgrein, komi:

en launin hækka eftir 3 og 6 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6000 kr.

4. Við 19. gr. Fyrir »3200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
3000 kr.
og fyrir »4400 kr.« í sömu málsgrein komi:
4000 kr.

5. Við 22. gr. Fyrir 6000 kr.« í fyrri málsgrein komi:
5000 kr.
og fyrir »7000 kr.« í sömu málsgrein komi:
6000 kr.
Aftan við síðari málsgrein bætist:
Enn fremur hefir biskup 500 kr. í ritfje.

6. Við 23. gr. Fyrir: »en launin hækka . . . . . upp í 6000 kr.« í fyrri málsgr. komi:
en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 5400 kr.

7. Við 26. gr. a. Fyrir »2200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
2000 kr.
b. Fyrir »3200 kr.« í sömu málsgrein komi:
3000 kr.
c. Fyrir »2600 kr.« í síðari málsgrein komi:
2400 kr.

8. Við 28. gr. Fyrir »3200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
2800 kr.
og fyrir »4000 kr.« í sömu málsgrein komi:
3600 kr.

(A. XXVI, 13.)

Nd. **497. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þgskj. 439 við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 5. tölulið. a. Fyrir »10000 kr.« komi:
8000 kr.
b. Fyrir »8000 kr.« í sama lið komi:
6000 kr.

2. — 15. — a. Fyrir »2500 kr.« komi:
2400 kr.

b. Fyrir »400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.« komi: 400 kr. upp í 3600 kr.

3. Við 33. tölulið. Fyrir »3400 kr.« komi: 3000 kr.

4. — 36. — Fyrir »2800 kr.« komi: 3000 kr.

5. — 37. — a. Fyrir »4500 kr.« í fyrstu málsgrein komi: 4000 kr.
b. Fyrir »5500 kr.« í sömu málsgr. komi: 5000 kr.
c. Fyrir »4500 kr.« í fjórðu málsgrein komi: 4000 kr.
d. Fyrir »5500 kr.« í sömu málsgr. komi: 5000 kr.
e. Fyrir »3500 kr.« í sjöttu málsgrein komi: 3200 kr.
f. Fyrir »4500« kr.« í sömu málsgr. komi: 4200 kr.

6. — 43. — Síðari málsliður breytingartillögunnar »þó skal dýrtíðaruppbót« o. s. frv. falli niður.

(A. XXVI, 14).

Nd. **498. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 439.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson.

Við 12. lið.

Á eftir »Norðfjarðar« falli niður »Hróarstungu«, en á eftir »Vopnafjarðar« komi:

Hróarstungu.

(A. XXVI, 15).

Nd. **499. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sveini Ólafssyni og Hákoni J. Kristóferssyni.

1. Við 11. gr.
Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr., í 2400 kr.

2. Við 12. gr.
Í fyrstu málsgrein komi fyrir »1000 kr.« (í ritfje):
1500 kr.

3. Við 14. gr.
Greinin orðist svo:
Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr., í 3000 kr.

4. Við 16. gr.
Aftan við greinina komi:
Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. í 2600 kr.

5. Við 22. gr.
Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Prófastar hafa í árslaun 300 kr. þar, sem áður guldust 100 kr., og 500 kr. þar, sem áður voru 200 kr.

6. Við 33. gr.
a) Fyrir »í Reykjavík« á *tveim stöðum* komi:
í 4 aðalkaupstöðum landsins.
b) Í stað »25%« í fyrri málsgrein komi:
35%.
c) Fyrir »3000 kr.« í síðari málsgrein komi:
2000 kr.
d) Fyrir »500 kr.« í niðurlagi annarar málsgreinar komi:
1200 kr.

(C. VII, 2).

Nd. **500. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju.

Frá meiri hluta kirkjunefndar.

I.

Um skilnað ríkis og kirkju hefir allmikið verið ritað og rætt, hjer á landi eins og annarsstaðar, að því er snertir hina *almennu* hlið málsins og *eðli* þess. Gerist þess því eigi þörf að rita um það atriði langt mál hjer.

Að eins skal tekið fram:

1. Insta rót alls átrúnaðar er sumpart trúarkend sú, er mönnum virðist ásköpuð, sumpart vitundin um eigin vanmátt í baráttu lífsins. Þetta má og nefna trúarþörf. Þeim, sem trúa, er trúin vissa og trúarhugmyndirnar sannleikur, þótt eigi sje um raunverulega þekking eða sannaðar staðreyndir að ræða. Það gefur því að skilja, að *tilfinning* ræður hjer mestu, en tilfinningar eru framar öllu öðru skapaðar til þess að vera *einkamál* manna. Einkamál krefjast frelsis, þau eru vje einstaklinganna, sem ríkisvald má ekki blanda sjer í eða leggja hömlur á, nema til skaðsemdar horfi þjóðfjelaginu eða öðrum einstaklingum þess.

Trú manna eða átrúnaður mynda trúarbrögð margskonar, játendur þeirra skipa sjer í deildir — kirkjur. Þegar eðli trúarbragðanna krefst þess, að með þau sje farið sem einkamál, verður *bert, að ríki og kirkja hafa ekki neitt beinlínis saman að sælda.*

2. Þetta hefir hugsandi mönnum bæði fyr og síðar verið að nokkru leyti ljóst, en eigi er það fyr en á síðari öldum, að fram kemur vísvitandi stefna, er heimtar *trú- eða trúarbragðafrelsi.* Fer svo, að ákvæði um það eru tekin upp í stjórnskipulög margra landa, og eru fyrirmæli stjórnarskrár vorrar — frá 5. janúar 1874, 45.—47. gr. — eitt dæmi þess, er um leið sýnir glögglega, hvernig henta þótti með sumum þjóðum að koma »frelsi« þessu fyrir. 46. gr. ákvarðar fult trúfelsi, með þeim takmörkunum einum, að því er snertir trúarbragðakenningar, sem hvert vel skipað þjóðfjelag verður að setja; 47. gr. fer í sömu átt; en 45. gr. raskar frjálsræðinu svo stórkostlega, að meginreglan fer forgörðum. *Á meðan einni kirkju* (hjer hinni »evangelisku lútersku«), *eða yfirleitt nokkurri kirkjudeild er haldið uppi af ríkinu — og þar með allir landsmenn skyldaðir til þess að bera hana — er ekki um trúarbragðafrelsi að ræða í rjettum skilningi.*

»Kirkjan« hefir ekki nærri alt af verið samtengd ríkinu, ef litið er á sögu hennar í heiminum. Virðist það að eins tilviljun — og hentugleikaatriði, að svo hefir orðið sumstaðar. Þó að trú, jafnvel einhver ákveðin trú, sje talin nauðsynleg mönnunum og gagnleg, þá er aðalatriðið, að einstaklingarnir haldi hana, en ekki ríkið. Og nú á tímum, er *siðgæðishugmyndir* þær, sem flest hinna fullkomnari trúarbragða hafa fljettað inn í kenningar sínar (sum frá alda öðli), eru að mestu innrættar orðnar í lögum og borgaralegri skipan allra menningarþjóða, verður eigi þeirra ástæðna vegna nein knýjandi þörf á því, að ríkisvaldið »fyrirskipi« mönnum sjerstök trúarbrögð.

II.

Hjer skal lítillega drepið á, hvernig þessu máli er komið hjá öðrum þjóðum.

Í Vesturheimi.

Í Norður-Ameríku. Í Canada er engin ríkiskirkja, heldur allsherjarfríkirkja. Engin kirkjudeild er studd af ríkinu fjárhagslega og engin trúkensla í ríkisskólum (nema sumstaðar kendar bibliusögur).

Í Bandaríkjunum hefir aldrei verið nein þjóðkirkja, og víðast engin trúkensla í ríkisskólum; þó er bibliusögukensla í sumum fylkjum.

Í Mexikó skildu ríki og kirkja þegar árið 1874 (kaþólsk kirkja).

Í Suður-Ameríku má nefna, að í Brasilíu eru ríki og kirkja skilin í nokkrum hluta (hollenska) af Guiana.

Í Argentínu er engin trúkensla i opinberum skólum, þótt þar heiti þjóðkirkja (kaþólsk).

Í Norðurálfu.

Á Norðurlöndum, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er allmikil fríkirkjueða skilnaðarhreyfing, og einna stærsti stjórnmálaflokkurinn í þeim löndum — jafnaðarmenn — hefir skilnað ríkis og kirkju á stefnuskrá sinni (kjörorð: »Trúmálin eru einkamál manna«). Í Finnlandi er líkt ástatt.

Í Englandi hefir skilnaður hvað eftir annað verið á dagskrá, og er búist við, að nær því færist hjer eftir (í Wales meira að segja samþyktur 1914). Í öllum breskum nýlendum er þjóðkirkja fyrir löngu afnumin.

Í Skotlandi var það alvarlega til umræðu fyrir heimsstyrjöldina, að ríki og kirkja skildu; hefir eðlilega legið niðri þessi árin.

Í Írlandi var þjóðkirkja numin úr lögum árið 1869.

Í Hollandi er jafnrjetti með öllum trúmálafjelögum. Ríkisskólar kenna ekki trúarbrögð, en prófessorar í þeim fræðum skipaðir við háskólana, sem eigi fylgja neinni ákveðinni trúarjátningu.

Í Belgíu eru kirkjurnar (kaþólsk og mótmælenda) mjög sjálfstæðar, enda jafnrjettháar.

Í Frakklandi varð skilnaðurinn, eins og kunnugt er, 1905. Klerkar mistu laun sín af ríkinu og kirkjueignir allar teknar. Safnaðarskólum fyrir börn og unglinga öllum lokað og eigur þeirra teknar og lagðar opinberum skólum.

Siðfræðikenslan í skólunum studdist fyrst við óákveðna guðstrú (»deisme«), en hefir smám saman slept allri guðstrú; skólinn nú orðinn jafnvel andvígur allri trú. Áhugi á trúmálum hefir þó aukist þar upp á síðkastið, en róstum klerkavaldsins út af skilnaðinum með öllu lokið, og una menn vel hinni frjálsu kirkju.

Í Portúgal skildu ríki og kirkja 1910.

Í Ítalíu hafa ríki og kirkja verið aðskilin um 50 ár. Ríkið hefir gert flestar kirkjueignir upptækar og lokað klaustrum hundruðum saman.

Í Þýskalandi ætluðu þeir, er nú eru þar ráðandi, þegar í stað að setja skilnað ríkis og kirkju í stjórnarlög sín, og er alment talið, að dagar þjóðkirkjunnar sjeu taldir þar í landi.

Í Svisslandi hefir hvert fylki (kanton) rjett til að skipa trúmálum sínum eftir vild, og er fríkirkja í þeim mörgum.

Í Rússlandi og Ungverjalandi hafa byltingaflokkarnir, eins og gefur að skilja, numið alla ríkiskirkju úr lögum. —

Reynslan hjá þeim þjóðum, þar sem fríkirkja hefir verið um lengri eða skemri tíma eða skilnaður er á kominn, og þar sem marka má, er eindregin á þann veg, að kirkju- og trúmálaáhugi hefir glæðst, og *engri þeirra kemur til hugar* að hverfa (aftur) í þjóðkirkjufyrirkomulagið.

III.

Skilnaðarhreyfingin er ekki ný bóla með hinni íslensku þjóð. Raddir í þá átt, sumar eindregnar, hafa fyr og síðar látið til sín heyra, síðan er þjóðmálaáhugi vaknaði í landinu eftir 1874. Og eitt af þeim verkefnum, sem fengið var í hendur kirkjumálanefndinni 1904, var að athuga þetta mál; minni hluti hennar (L. H. Bjarnason próf.) lýsti sig fylgjandi skilnaði, þótt ekki yrði það að þingmáli. Á Alþingi 1909 kom fram tillaga til þingsályktunar í neðri deild um framkvæmdir í þessu efni. Þingnefndin, er fjekk hana til meðferðar, varð á einu máli um hana, með sama orðalagi og þá, er hjer liggur nú fyrir, og náði hún samþykki deildarinnar.

Eigi hefir þess orðið vart, að landsstjórnin hafi neitt farið að þessu, er henni þannig var falið.

Þó að skilnaður ríkis og kirkju, frá því sjónarmiði, sem rakið er undir I, sje alt af og alstaðar, þar sem sameining slík á sjer stað, tímabært mál, og eins hjer á landi, þá eru þó óneitanlega sjerstakar ástæður *nú* fyrir hendi hjá oss, er knýja til þess að taka hreina afstöðu og ákveðna til málsins. Var þeirra getið við flutning málsins í háttv. deild. Þær ástæður eru annars vegar ástandið í kirkjunni sjálfri, sundrung og stefnubreytingar, nýjar hreyfingar og óskyldar lúterskunni, að því er flestum þykir; óska menn því höftin leyst, ef ekki allir, sem þetta tekur til, þá að minsta kosti allmargir þeirra, er eigi geta fallist á hinar nýju »stefnur«, sem leyfð er innganga í þjóðkirkjuna. Hins vegar kemur og fjáratriðið, kostnaður ríkisins við uppihald kirkjunnar, mjög til sögunnar á þessum tímum, og getur það ekki kallast nema eðlilegt. Launafrumvarp er fram borið frá landsstjórninni, þar sem í er gífurleg hækkun á launum klerkastjettarinnar, hækkun, sem að nokkru leyti er óbjákvæmileg, á móts við aðra, ef þeir eiga að vera embættismenn ríkisins. Verður því að gera út um málið um sinn á annanhvorn veginn. Þykir ekki þörf að rekja það frekar.

Nú halda allir landsmenn uppi þjóðkirkjunni með gjöldum sínum, beinlínis og óbeinlínis; ef skilnaður kæmist á, greiða allir þeir, og þeir einir, er saman vilja vera í trúfjelagi, kostnaðinn við kirkju sína og klerka — *beinlínis*. Og þannig á það að vera. Samkvæmt eðli málsins og reynslunni annarsstaðar frá er engin ástæða til að ætla, að áhugi manna í trúmálum dofni fyrir þessar sakir, heldur hið gagnstæða; kirkjan verður þeim miklu nákomnari eftir en áður. — Ringulreið á trúarbrögðum, sem sumir andstæðingar skilnaðarins tala um, er og engu óvísari með þjóðkirkjufyrirkomulaginu en þótt allsherjarfríkirkja sje.

IV.

Nefndin hugsar sjer framkvæmdir í málinu, ef stjórninni verður falið það, í aðaldráttum á þessa leið:

1. Undirbúningurinn.

Hann gerist þannig, að stjórnin tekur alt málið til meðferðar og aflar sjer þeirrar aðstoðar, er hún þarfnast. Hún tilkynnir öllum *sóknarnefndum* landsins, að leitað skuli álits safnaðanna — á almennum safnaðarfundi, er rækilega sje boðað til á hentugum tíma; sje vandlega tilgreint, hvaða málefni liggi fyrir fundinum, og að lokum skal skrásett, hvernig atkvæði falla á þeim fundi. En um það skulu greidd atkvæði, hvort safnaðarlimir kjósi heldur, að þjóðkirkja haldist, svo sem nú er, eða að ríki og kirkja verði aðskilin.

Reynist svo, að *meiri hluti* safnaðarmanna (atkvæða) í landinu sje skilnaði hlyntur, undirbýr stjórnin málið til Alþingis í frumvarpsformi.

En áður það verði skal því skotið til *hjeraðsfunda* að gera tillögur um fyrirkomulagið, að því er snertir framkvæmd skilnaðarins. Hefir stjórnin þær tillögur til hliðsjónar og sendir þær síðan Alþingi ásamt öðrum plöggum málsins. Um sama efni skal og leitað álits biskups og guðfræðideildar háskólans.

Nú samþykkir Alþingi, að gerðum þessum undirbúningi, frumvarp eða frumvörp um skilnað ríkis og kirkju (því að kirkjuskipuninni má breyta með einföldum lögum, samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar), og skal þá landsstjórnin, áður konungsstaðfestingar er leitað, láta fram fara, innan þriggja mánaðar frá þingslitum, almenna atkvæðagreiðslu allra alþingiskjósenda *um málið, eins og það liggur fyrir* (þ. e. frumvarpið eða frumvörpin), hvort þeir vilji, að það gangi fram eða ekki (referendum). Til þess að gera þessa meðferð kleifa, samkvæmt stjórnarskránni, er fram komin brtt. á þgskj. 297, sem kirkjunefndarmenn allir bera fram.

2. Fyrirkomulagið eftir skilnaðinn.

a. Trúfrelsið. — Mest ber á þeirri breytingu, að eftir að kominn er á skilnaður ríkis og kirkju, verður engin »þjóðkirkja« í landinu í þeirri merkingu, að ríkið styðji eitt trúfjelag eða haldi því uppi. Allsherjarfríkirkja er þá á komin. Menn mega játa þá trú, er menn kjósa, ef kenningar þeirra og framkoma að eins eigi brýtur bág við alment velsæmi og borgaraleg lög. Og gagnvart lögunum og ríkinu eiga þá allir að standa jafnt að vígi, hverrar trúar sem þeir eru.

Þjóðin skipar sjer í söfnuði á þann hátt, er henni þykir henta. Þeir ráða sjer presta eða forstöðumenn, og fer alt slikt eftir samningum. Stjórn safnaðarmálanna verður með því skipulagi, er best þykir eiga við.

b. Viðhaldið. — Þegar ríkið heldur ekki neinni kirkju við lengur, heldur einstaklingarnir, hættir það að kosta prestastjettina. Hver söfnuður greiðir sínum presti kaup, eftir því sem um semst, og stendur yfirleitt straum af sjer sjálfur, þ. e. söfnuðir hverrar kirkju halda henni eða trúfjelaginu uppi af sínum ramleik. Að hinu er gengið vísu, að ríkið verður, svo sem lög standa til, að ala önn fyrir prestum, er embættislausir verða við skilnaðinn, um nokkurt ára bil (biðlaun og jafnvel eftirlaun); búast má þó við, að margir muni halda áfram þjónustu hjá söfnuðunum og ganga þeim algert á hönd.

Biskupsembætti sem ríkisstofnun legst að sjálfsögðu niður. En almennri trúarbragðakenslu verður haldið uppi við háskóla landsins (»guðfræðideild«) á kostnað ríkisins. Verður kensla sú trúarjátningarlaus, sögulegs, heimspekileg og að nokkru leyti rjettarleg.

Enginn söfnuður fær prest sinn eða forstöðumann »viðurkendan« af ríkinu sem færan þess að fremja kirkjulegar athafnir, sem borgaralegt lagagildi eiga að hafa, nema hann hafi lokið prófi í trúarbragðafræði við háskólann, eða á annan hátt öðlast þá mentun, er að dómi landsstjórnar jafngildi því.

Þetta gildir um hjónavígslu, sem að núgildandi lögum er frjálst, hvort framin skuli af verslegu yfirvaldi eða (viðurkendum) presti. — Skírn og ferming barna verða einungis mál trúarflokkanna (kirknanna), sem enga þjóðfjelagsþýðingu eiga ella að hafa. Og jarðarfarir geta eins vel farið fram undir verslegri umsjón.

Skýrslugerðir ýmsar og þess háttar, er áður hefir verið falið prestum, má skylda viðurkenda forstöðumenn safnaða til að inna af hendi. Þar sem þeim sleppir framkvæma hreppstjórar þau störf.

Trúarbragðakensla í opinberum skólum — barnaskólum og æðri — verður engin, að minsta kosti ekki sem skyldunámsgrein, nema að því leyti, sem hún snertir veraldarsögu eða landssögu. Borgaraleg siðfræði kend a. m. k. í öllum æðri skólum.

e. Eignirnar. — Um það hafa menn tíðum hnotið, er tilrætt hefir orðið um þetta mál, hvað gera ætti við hinar svokölluðu »kirkjueignir«, annars vegar hvað væri *rjett* í því efni, og hins vegar hvað væri *sanngjarnt*.

Það verður víst ekki vjefengt, að ríkið verður nú að teljast hinn rjetti eigandi þessara eigna, sem kendar eru við kirkjuna; að minsta kosti hefir enginn annar í landinu betri rjett til þeirra, eða alls þess, sem ekki verða beinlínis færðar sönnur á að sje gefið lútersku kirkjunni, sem nú er þjóðkirkja. Það, sem ríkisvaldið sló eign sinni á, gerði upptækt, af góssi hinnar kaþólsku kirkju, er hún var gerð landræk, varð og hefir haldið áfram að vera þess eign, þótt það hafi *ljeð* þjóðkirkjunni það til afnota, eða sjálft notað það að meiru eða minnu leyti í hennar þarfir. Og þetta lán eða »ljen« þótti af ytri ástæðum vel til fallið, þar sem eignirnar voru þarna fyrir og komu upp í hendurnar við siðaskiftin, en hinnýja kirkja kom allslaus og þurfti, eins og kunnugt er um trúarbrögðin, eitthvað annað en orðið tómt til að lifa á. Einnig af innri ástæðum mun þetta þegar í upphafi hafa þótt rjettmætt — og svo þykir ýmsum enn í dag — sökum þess, að gefendur eignanna, þótt kaþólskir væru, hafi vafalaust ætlað þetta til trúarþarfa í landinu, eða til nota aðalkirkju þjóðarinnar, hvað sem hún hjeti. Eigi þarf að rökræða, að slíkt álit er þó meira en hæpið.

Þó að ríkið þannig eigi þessar eignir — að svo miklu leyti sem það eru ekki fjármunir, sem sjálf lúterska kirkjan eða einstakir söfnuðir hennar beinlínis eiga tilkall til —, er engan veginn þar með sýnt, að sanngjarnt sje eða sæmilegt að svifta kirkjuna þeim að öllu leyti, um leið og þau segja sundur með sjer.

Ber þá fyrst að taka fram, að *ríkið er að þessu leyti ekki vandabundið nokkru öðru trúarfjelagi en hinni evangelisku lútersku (þjóð)kirkju eða söfnuðum hennar* (þar með taldir þeir evangelisku lútersku fríkirkjusöfnuðir, er myndast hafa út úr þjóðkirkjunni). Þá kirkju hefir það styrkt, sú kirkja hefir notið af

eignunum, en aðrar ekki. Engin önnur trúarfjelög gætu nú haft nokkurn snefil af rjettmætum kröfum til úthlutunar af kirkjueignum hjer á landi.

Í annan stað er það svo líklegt, að telja má fulla vissu, að hin lúterska kristni verður áfram lengi, eins og áður, aðalkirkjufjelag landsins, og liggja að því rök, önnur en trúarleg, sem óþarfi er að telja. Styrkur til hennar, þá er henni er sagt upp vistinni hjá ríkinu, mundi því verða styrkur til flestra landsmanna, þeirra er söfnuði mynduðu eða vilja skipa sjer í trúardeildir.

Nefndinni þykir því rjett að gera ráð fyrir, að kirkjan eða söfnuðirnir hljóti nokkuð af hinum umræddu eignum eftir skilnaðinn, enda mun eigi þykja viðeigandi að kasta henni alveg »út á gaddinn«, þótt henni raunar ætti að vera borgið hjá áhangendum sínum. Afhending þessi ætti að vera með þeim hætti, er nú skal greina:

Í fyrsta lagi afhendist þegar öll kirkjuhús, er hjer koma til greina, viðkomandi söfnuðum endurgjaldslaust til fullrar eignar og umráða. Þar sem skólahús eru í sambandi við kirkjurnar (eða fundahús), fylgja afnot þeirra eigi með í afhendingunni til safnaðanna.

Í öðru lagi skal söfnuðunum, eða kirkju þeirra, í eitt skifti fyrir öll tillagt nokkurt fje, er sje ákveðinn hluti (verðs) þeirra kirkjueigna, sem reikna má að komið hafi því prestakalli eða þeim prestaköllum til góða fyrir skilnaðinn.

Í þriðja lagi er hjer tvent áríðandi: Annað, að ríkið sje þegar *laust allra mála* við söfnuðina, svo að það lendi ekki í innbyrðis þrætum þeirra síðar, ef þeir skiftast sundur (þess vegna er áframhaldandi vaxtagreiðsla af einhverjum eignum óheppileg). Hitt er, að þess sje gætt, að *afhenda engum söfnuði jarðeignir*, með því bæði að hætt er við, að af því gætu hlotist ýmsir erfiðleikar síðar og deiluatriði í söfnuðunum, og eins er fullvíst, að sumar af þessum jarðeignum, svo sem margar prestssetursjarðirnar, eru með þeim álitlegustu í hjeruðunum, sannkölluð höfuðból, er ríkið þyrfti ef til vill á að halda; enda er ekki fyrir að synja, að söfnuðirnir, eða einstakir menn í þeim, færu brátt að braska með þær jarðir, öllum til óheilla.

Með þessum formála ræður meiri hluti nefndarinnar hv. deild til þess að samþykkja þingsályktunartillöguna. Einn nefndarmanna, 2. þm. N.-M., hefir ekki getað orðið oss hinum samferða í þessari niðurstöðu.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, formaður. Gísli Sveinsson, skrifari og framsm.

Pjetur Ottesen. Björn R. Stefánsson.

(C. VII, 3).

Nd. **501. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju.

Frá minni hluta kirkjunefndar.

Jeg undirritaður hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um þingsályktunartillögu um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju, á þingskjali 129.

Telur meiri hlutinn aðskilnaðinn orðinn æskilegan, sem allra fyrst, og mælir því með tillögunni. Jeg álít tillöguna ekki tímabæra, og því að ófyrirsynju fram borna, af þeim ástæðum, sem hjer skal greina.

Um síðustu aldamót var talsvert sterk hreyfing víða í landinu, sem vildi skilja kirkjuna frá ríkinu. Mörgum þótti þjóðkirkjan ekki nógu frjálslynd, en hins vegar svo mikil deyfð ríkjandi í henni, að ekki væri viðunandi, og sumir töldu jafnvel presta og kirkju óþarfa, sem best væri að losna við til fullnustu.

Fyrstu árin eftir aldamótin voru þær raddir háværar, sem heimtuðu aðskilnaðinn. En smám saman virðist áhugi þjóðarinnar hafa dofnað fyrir máli þessu, og jeg minnist þess ekki að hafa sjeð í neinum þingmálafundargerðum seinustu ára áskoranir í þessa átt. Ástæðurnar fyrir því, að þjóðin hefir fjarlægst hugmyndina um aðskilnað ríkis og kirkju, munu aðallega vera:

1. Reynsla manna um þá fríkirkjusöfnuði, sem þegar hefir verið komið á fót í landinu.

   Þeir menn, sem verið hafa í fríkirkjusöfnuðunum, virðast ekki hafa sætt sig betur við veruna þar en í þjóðkirkjunni. Sumir fríkirkjusöfnuðirnir hafa mjög fært saman kvíarnar, og fjelögum þeirra hefir fækkað. Þeir hafa flestir launað presta sína svo illa, að þeim hefir gengið erfiðlega að fá presta, þótt á því hafi verið undantekningar. Deyfðin hefir verið engu minni í þessum fríkirkjusöfnuðum en í þjóðkirkjunni, nema jafnvel meiri. Þessi reynsla einstakra fríkirkjusafnaða mun hafa fjarlægt marga hugmyndinni um aðskilnað ríkis og kirkju.
2. Íslensku þjóðkirkjunni hefir aukist mjög frjálslyndi á síðustu tímum. Guðfræðideild háskólans hefir verið skipuð mönnum, sem hafa rýmkað sjóndeildarhring hennar. Kirkjan hefir þar með fengið lífsloft og hefir samþýðst nýrri menningu og framþróun. Ný trúarvakning hefir orðið í landinu, og margt bendir til, að nýtt líf sje að færast í kirkjuna, en það gefur aftur von um, að þjóðkirkjan muni enn geta orðið ein sterkasta stoð undir menningu þjóðarinnar. Þetta mun mega telja aðalástæðu fyrir því, að aðskilnaðarhugmyndin hefir mist fylgi.
3. Við þær umræður, sem orðið hafa opinberlega um þetta mál, og með aukinni þekkingu á því, hvernig ástatt er hjá þeim þjóðum, þar sem ríki og kirkja eru aðskilin, þá hafa menn sjeð marga agnúa á fríkirkjufyrirkomulaginu, sem virðast engu minni, heldur jafnvel meiri, en á þjóðkirkjunni.

Þar sem engir, eða því nær engir, þingmálafundir á seinustu árum hafa látið þá ósk í ljós að aðskilja ríki og kirkju, þá er sýnilegt, að tillaga þessi er ekki borin fram samkvæmt ósk þjóðarinnar. En í svona máli verður vitanlega þjóðarviljinn að ráða. Enda mun það ekki vera meining háttv. flutningsmanna að ganga hjer gegn þjóðarviljanum. En þar sem vitanlegt er, að mikill hluti þjóðarinnar er mótfallinn aðskilnaðinum, þá sýnist mjer ekki rjett að heimta það af stjórninni, að hún fari að vasast í þessu máli.

Ótal verkefni liggja fyrir þingi og stjórn, sem mörg eru örðug úrlausnar. Við verðum að nota alla okkar krafta að koma þeim málum, er skjótrar úrlausnar bíða, í sæmilegt horf.

Þetta mál er mjög mikilvægt og þarf margra ára rækilegrar íhugunar með. Og áður en þingið fer að leggja málið í skaut stjórnarinnar, þá þarf þjóðin að ræða það rækilega og láta óskir sínar í ljós því viðvíkjandi.

Þjóðkirkjan íslenska er nú búin að standa í nær því 5 aldir. Á þessum tíma hefir hún verið aðalmenningarstofnun þjóðarinnar. Margir gallar hafa að vísu verið á henni, og eru enn, en nær virðist liggja að lækna þá galla, í staðinn fyrir að leggja hana niður með stuttum aðdraganda og lítilli fyrirhyggju. En ef sá tími kemur, að þjóðin vill ekki lengur hafa þjóðkirkju, og er búin að gerhugsa sjer nýtt kirkjufyrirkomulag, eða vill enga kirkju hafa, þá á þessi hugmynd að komast í framkvæmd. Þá er málið tímabært, en nú ekki.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, leyfi jeg mjer að leggja á móti því, að tillaga þessi verði samþykt, en vil ráða háttv. deild til að afgreiða hana með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar sem engar áskoranir hafa komið fram frá þjóðinni á seinustu árum um skilnað ríkis og kirkju, telur deildin ekki tímabært að samþykkja þingsályktun þessa, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Þorsteinn Jónsson.

(B. LXV, 4).

Nd. **502. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá Sveini Ólafssyni.

Frumvarpið verði þannig:

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu alfriðaðir til 1940, en síðan ófriðaðir og teljast undir 2. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

3. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi: 500 kr. sekt.

(A. XVIII, 6.)

Nd. **503. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Sú breyting hefir orðið á frv. stjórnarinnar í efri deild, að skipa á nú 5 manna yfirmatsnefnd til að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Á þessu yfirmati að vera lokið fyrir 1. júlí 1920. Þykir kenna allmikils ósamræmis í matinu, mat miklu hærra í sumum hjeruðum en öðrum. Stafar það auðvitað af því, að matsnefndir hafa haft ólíkar skoðanir á verðgildi fasteignanna; hver nefnd hefir farið eftir sínu höfði, án tillits til, hvernig metið væri í næstu sýslum. Hins vegar má gera ráð fyrir allgóðu samræmi á mati fasteigna í hverri sýslu og kaupstað út af fyrir sig hjá sömu matsmönnum. Þó að nefndin hafi ekki haft tíma til að athuga matsbækur hjá stjórnarráðinu, þá er einstökum nefndarmönnum ljóst, að full þörf er á betra samræmi. Ætti það að fást eftir frumvarpinu. En þá ríður á að velja kunnuga og víðsýna menn, og mun þó reynast fullerfitt að koma á góðu samræmi yfirleitt, úr því sem komið er.

Verður að gera ráð fyrir, að yfirmat það, sem frumvarpið ræðir um, verði til mikilla bóta og sje nauðsynleg tilraun til að samræma matið og koma þessu máli í betra horf. Leggur nefndin til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, formaður.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Jón Jónsson, ritari.	Pjetur Þórðarson, með fyrirvara.

Sigurður Sigurðsson.

(A. V, 8).

Nd. **504. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu.

1. Við 6. gr.
   Á undan orðinu »hafi« komi:
   enda.
2. Við 12. gr.
   Annar málsliður orðist svo:
   Ráðherrar skipa ríkisráð, og á lögráður ríkisarfi sæti í því.
3. Við 13. gr.
   Orðin »Á fundum þessum ræður afl atkvæða« falli burt.
4. Við 14. gr.
   Í stað »nafnsett« komi:
   undirritað.
5. Við 14. gr.
   Orðin »svo sem með því að undirrita« til enda greinarinnar falli burt.
6. Við 15. gr.
   Orðin »Hver ráðherra« til enda greinarinnar falli burt.
7. Við 16. gr.
   a. Eftir orðinu »eið« komi:
   drengskaparheit.
   b. Á eftir 16. gr. komi ný (17.) grein, svo hljóðandi:
   Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.
8. Við 17. gr.
   Greinin orðist svo:
   Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.
9. Við 18. gr.
   Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
10. Við 19. gr.
    a. Orðin »hins reglulega« falli burt.
    b. Fyrir »4« komi:
    2.
11. Við 20. gr.
    Í stað »12« komi:
    8.

12. Við 24. gr.
    a. Á eftir orðunum »niður falla« komi:
    ef ríkar ástæður eru til.
    b. Á eftir orðinu »undan« komi:
    saksókn nje.
13. Við 25. gr.
    Greinin orðist svo:
    Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.
14. Við 26. gr.
    Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
    Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.
15. Við 26. gr.
    a. Á eftir orðunum í 4. málsgrein »hlutbundnum kosningum« komi:
    um land alt.
    b. Fyrir orðin »óhlutbundnum kosningum« í sömu málsgrein komi:
    í sjerstökum kjördæmum.
16. Við 27. gr.
    Fyrir orðin »óhlutbundnum kosningum« komi:
    í sjerstökum kjördæmum.
17. Við 27. gr.
    Á eftir orðunum »hlutbundnum kosningum« komi:
    um land alt.
18. Við 28. gr.
    a. Fyrir orðin »óhlutbundinni kosningu« komi:
    í sjerstöku kjördæmi.
    b. Á eftir orðunum »hlutbundinni kosningu« *á tveim stöðum* komi:
    um land alt.
    Og á eftir »hlutbundnum kosningum« komi:
    um land alt.
19. Við 29. gr.
    Fyrir orðin í upphafi greinarinnar »Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar« komi:
    Kosningarrjett við kosningar í sjerstökum kjördæmum.
20. Við 29. gr.
    Á eftir orðunum »hjer á landi« komi:
    og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga.
21. Við 29. gr.
    Á eftir orðunum »hlutbundinna kosninga« komi:
    um land alt.

22. Við 30. gr.
Fyrir orðin »óhlutbundnar kosningar« komi:
kosningar í sjerstökum kjördæmum.

23. Við 30. gr.
Á eftir orðunum »hlutbundnum kosningum« komi:
um land alt.

24. Við 30. gr.
Síðasti málsliður fyrri málsgreinar »Heimilisfesta innanlands . . . óhlutbundnar kosningar« falli burt.

25. Við 34. gr.
Greinin orðist svo:
Hvor deild á rjett á að bera fram frumvörp til laga og annara samþykta og samþykkja þau fyrir sitt leyti. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

26. Við 36. gr.
Í stað orðanna »neina af jarðeignum« til enda greinarinnar komi:
neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

27. Við 38. gr.
Í stað orðanna »greinileg skýrsla« komi:
greinargerð.

28. Við 38. gr.
Síðari málsgrein orðist svo:
Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

29. Við 39. gr.
Fyrir orðin í síðasta málslið fyrri málsgreinar »fyrir Alþingi« og út málsgreinina komi:
fyrir Alþingi í frumvarpsformi, ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og sætir því næst sömu meðferð sem önnur lagafrumvörp.

30. Við 40. gr.
Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar »þingdeildinni um sig« komi:
þingdeild.

31. Við 41. gr.
Í stað orðanna í upphafi greinarinnar »Þegar lagafrumvarp . . . til hinnar deildarinnar« komi:
Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

32. Við 41. gr.
Í stað orðanna »Þegar Alþingi« til enda greinarinnar komi:
Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi nær lagafrumvarp í heild sinni — að undanskild-

um frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga — þó samþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með því.

33. Við 43. gr.
Eftir orðið »eið« komi:
eða drengskaparheit.

34. Við 44. gr.
Í stað »landssjóðinn« komi:
ríkissjóð.

35. Við 45. gr.
Í stað »talað« komi:
sagt.

36. Við 48. gr.
Greinin orðist svo:
Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

37. Við 49 gr.
Greinin orðist svo:
Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um nokkurt mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

38. Við 52. gr.
Greinin orðist svo:
Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

39. Við 53. gr.
Greinin orðist svo:
Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

40. Við 54. gr.
Greinin orðist svo:
Þingsköp handa sameinuðu Alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

41. Við 56. gr.
Greinin orðist svo:
Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

42. Við 62. gr.
Í stað orðanna »ef lögin ekki gera sjerstaka undantekning« komi:
eftir dómsúrskurði eða sjerstakri lagaheimild.

43. Við 64. gr.
Síðari málsgrein orðist svo:
Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

44. Við 65. gr.
Greinin orðist svo:

Atvinnurjetti manna skal skipað með lögum, og þau ein bönd á leggja, sem almenningsheill krefur.

45. Við 66. gr.

Greinin orðist svo:

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

46. Við 76. gr.

Í stað orðanna í annari málsgrein »breytinguna á sambandinu milli« komi: breytingu á sambandslögum.

(B. LXVIII, 2).

Nd. **505. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá mentamálanefnd.

Með lögum um laun háskólakennara er svo ákveðið, að kennarinn í sögu hafi að eins aukakennara(dósent)stöðu við skólann, og njóti þar af leiðandi aldrei þeirrar launahæðar, sem prófessorsstaða veitir. Í þessu embætti hefir síðan háskólinn var settur á stofn setið sami maður, og hefir hann tvímælalaust ágætlega staðið í þeirri stöðu. Það, sem því fyrst kemur til athugunar við þetta frv., er það, hversu hátt sæti þessi fræðigrein á að skipa við háskólann, og þá jafnframt hvort sá maður, er nú gegnir starfinu, er því svo vel vaxinn, að til mála geti komið að breyta um afstöðu þess og kennarans við hinar aðrar námsgreinar og kennarastöður í skólanum.

Hvað þessa fræðigrein snertir, verður nefndin að álíta, að henni beri að skipa meðal þeirra námsgreina, sem mikilvægastar teljast við skólann, og þar af leiðandi eigi ekki að setja kennara í þessari námsgrein skör lægra, eða starf hans, en þeirra, sem eru í prófessorsstöðu við stofnunina.

En þegar svo litið er á það, hvernig núverandi kennari (dósent) hefir rækt starfið, og hins vegar hverju hann hefir afkastað fyrir hin sögulegu vísindi, er snerta Ísland og Íslendinga, þá verður ekki efast um, að þetta hvorttveggja sje einkar vel af hendi leyst. Að þessu athuguðu er því öll nefndin á einu máli um það, að þessa fræðigrein beri að skoða sem eina meðal aðalnámsgreina skólans, og sömuleiðis, að núverandi aukakennari verði þar skipaður prófessor og njóti þeirra hækkandi launa, sem lögin ákveða. Hins vegar getur nefndin ekki fallist á það í frv., að launahæðin verði reiknuð á þann veg, að telja núverandi aukakennara þann tíma til launahækkunar, er hann hefir verið kennari, eins og hann hefði verið aðalkennari allan tímann, og það því síður, sem byrjunarlaun prófessora verða nú sennilega hækkuð að miklum mun. Leyfir nefndin sjer því að leggja til, að samþ. verði svofeld

BREYTINGARTILLAGA:

1. og 2. gr. frv. verði ein (1.) grein og hljóði svo:

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekisdeild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og menningarsögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Stefán Stefánsson, skrifari og framsögum. Einar Jónsson.

Pjetur Þórðarson. Jörundur Brynjólfsson.

(B. LXII, 3).

Ed. **506. Lög**

um löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

(Afgreidd frá Ed. 25. ágúst).

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(B. LXXI, 1.)

Nd. **507. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala,
2. viðbót við geðveikrahælið á Kleppi,
3. íbúðarhús á Hvanneyri og
4. íbúðarhús og skólahús á Eiðum.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er gert ráð fyrir sumum framangreindum byggingum í fjárlögum þeim og fjáraukalögum, er stjórnin lagði fyrir þingið 1919. Er því um þær byggingarnar vísað til athugasemdar í umgetnum lagafrumvörpum. Að öðru leyti skal það tekið fram, sem hjer segir.

Allar þessar byggingar þurfa að komast upp þegar í stað, að kalla má, en þær kosta samtals svo mikið fje, að ekki virðist fært að taka það alt af reglulegum fjárveitingum til tveggja fjárhagstímabila. Þykir því rjett að reisa þessi hús fyrir lánsfje og jafna þannig kostnaðinum á nokkuð langt árabil. Því er það ráð tekið að bera fram lagafrumvarp þetta.

Um landsspítala. Auk þess, sem áður er sagt um þetta mál, skal vísað til eftirritaðrar yfirlýsingar nýafstaðins aðalfundar læknafjelags Íslands:

»Læknafjelag Íslands lýsir því yfir, að vegna núverandi erfiðleika á kenslu læknaefna, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, auk spítalaþarfar sjúklinga, beri brýna nauðsyn til að reisa landsspítala hið allra fyrsta, og skorar á Alþingi, sem nú er saman komið, að veita nægilegt fje til þess, að nefnd, er stjórnarráðið skipi, leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi fullkomna áætlun um stærð og annað fyrirkomulag spítalans. Telur fundurinn óhjákvæmilegt, að það þing veiti nægilegt fje til byggingarinnar, þannig að unt verði að byrja verkið ekki síðar en snemma á árinu 1922«.

Um geðveikrahælið á Kleppi. Alþingi hefir þegar viðurkent nauðsynina á viðbót við geðveikrahæli þetta og veitt nokkurt fje til undirbúnings. Það er og vitanlegt, að svo að segja hverri sveit stafa vandræði af því, að ekki er hægt að taka á móti fleirum sjúklingum í hælið en nú komast fyrir.

Um íbúðarhús á Hvanneyri. Íbúðarhúsið á Hvanneyri brann seint á árinu 1917, og verður að reisa það aftur.

Um íbúðar- og skólahús á Eiðum. Ef skólinn á Eiðum á að koma að fullum notum, verður að reisa þar hús svo fljótt, sem því verður á nokkurn hátt við komið.

Kostnaðinn við framantaldar byggingar er ekki hægt að segja um. Sjerstaklega er örðugt að áætla kostnað við byggingu landsspítala; en með því að varla getur verið um það að ræða að byrja að reisa hann fyr en í fyrsta lagi

seint á árinu 1921, er sjálfsagt, að Alþingi verður gefið færi á að segja álit sitt um teikningar hans og kostnaðaráætlanir.

Hinar þrjár byggingarnar, að meðtöldum húsbúnaði í geðveikrahælið, má eftir þeim skýrslum, er nefndin hefir í höndum, búast við að kosti 800—900 þús. krónur.

(A. I, 9).

Nd. **508. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þingskjali 462.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 143. lið (Eftirlaun Valdemars Briems).
Fyrir »1250—1250« kemur:
1500—1500.

(B. LIII, 2).

Ed. **509. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir ekki fyr en nú getað lokið áliti sínu um þetta mál, sökum þess, að hún hafði ekki fengið í hendur uppdrátt, sem bæjarstjórnin ráðgerði að senda yfir hina fyrirhuguðu verslunarlóð.

Nú hefir hún fengið þann uppdrátt og jafnframt ósk frá bæjarstjórninni um lítils háttar breytingu á ákvörðunum frumvarpsins, eins og það liggur fyrir. Nefndin fellst á, að sú breyting geri lóðartakmörkin eðlilegri og óbrotnari, og samkvæmt því leggur hún til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðari málsgrein frumvarpsgreinarinnar orðist svo:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Raf-

ljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum, og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs, og þaðan beina línu í Skiphól.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Karl Einarsson,
formaður.

M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson,
ritari.

(A. XXIX, 10).

Ed. **510. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Háttv. Nd. hefir gert breytingar á 1. gr. frumvarps þessa í þá átt, að setja önnur skilyrði fyrir því, að skip megi hafa íslenskan fána.

Eftir frumvarpsgreininni, eins og hún var samþykt hjer í háttv. deild, hafa þann rjett skip, sem heimili eiga á Íslandi, eru eign hjer búsettra manna að $^2/_3$ hlutum, þeirra er hafa verið hjer búsettir eitt ár, og, ef um hlutafjelög er að ræða, skulu allir stjórnendur fjelagsins hafa hjer búsetu og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Eins og frumvarpsgreinin er nú orðin, er þessum skilyrðum breytt að eins svo, að útlendingar (aðrir en Danir) þurfa hjer 5 ára búsetu til þess að fá skip sín skrásett, og þar af leiðandi skipin rjett til að sigla undir íslenskum fána. Þetta liggur í því, að ríkisborgararjettur og eins árs dvöl er nú sett sem skilyrði, svo að telja megi skipið íslenskt, eða þá 5 ára búseta.

Nefndin getur ekki fallist á þessa breytingu og telur hana að eins til hins verra; hún er að eins auglýsing um það, að ein sjerstök þjóð sje tekin fram yfir allar aðrar þjóðir, en nefndin telur hins vegar rjett að gera hjer öllum jafnt undir höfði, og það því heldur, þar sem það verður gert öllum að skaðlausu.

Það verður því tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði fært í sama búning og það var í.

BREYTINGARTILLAGA.

1. gr. orðist svo:

1. gr. í siglingalögum nr. 56, frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^2/_3$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu

í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

Alþingi, 25. ág. 1919.

Karl Einarsson, form. og ritari. M. J. Kristjánsson, Kristinn Daníelsson, fundaskrifari.

(B. XXX, 14.)

Nd. 511. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er komið aftur frá háttv. Ed., nokkuð breytt. Eftir að hafa athugað þessar breytingar, getur nefndin eftir atvikum fallist á, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi:

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað »4 kr.« komi:
2 kr.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason, ritari.

Sigurður Sigurðsson. Hákon J. Kristófersson.

(B. LXXI, 1.)

Nd. **512. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 40 aura i vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 10 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hjer við land.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 26. okt. 1917, um breyting á 1. grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Greinargerð.

Fjárhagsnefndin flytur frv. þetta eftir tilmælum stjórnarinnar. Fer það fram á nokkra hækkun á vitagjaldinu. Ástæðan til hækkunarinnar er meðal annars þessi, að alt, sem þarf til rekstrar vitanna, er margfalt dýrara nú en áður var. Kostnaður við bygging vita er einnig miklu meiri en áður gerðist, og lítur eigi út fyrir annað en að svo verði um skeið. Verður því eigi annað sagt en að þessi hækkun vitagjaldsins sje rjettmæt og sanngjörn.

(A. XXVII, 5).

Ed. **513. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir »hafðar« komi:
haldnar.
2. — 2. — Eftir »þjóðerni« (í 6. línu) komi:
þess.
3. — 3. — Orðið »einhversstaðar« falli burt.
4. — 5. — Fyrir »lögskráningarumdæmi« komi:
skrásetningarumdæmi (á 3 stöðum).
5. — 8. — Fyrir »á að« komi:
skal.
6. — 10. — Fyrir »lögskrá« komi:
skrásetja.
7. — 15. — Fyrir »látið úti« komi:
látið af hendi.
8. — 17. — Fyrir »nokkur« (í 2. l. 6. bls.) komi:
neinn.
9. — 21. — Fyrir »fara erlendis« komi:
fara til útlanda.
10. — 21. — Orðið »hjer« (í seinasta málsl.) falli burt.
11. — 21. — Fyrir »skal ..... 3. gr.« komi:
skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.
12. — 22. — Fyrir »svíkja út skrásetning á skipi« komi:
fá skip skrásett á sviksamlegan hátt.
13. — 23. — Fyrir »afhent« komi:
látið af hendi.
14. — 23. — Fyrir »svikið út« komi:
fengið á sviksamlegan hátt.
15. — 24. — Fyrir »fyrir farast« komi:
farast fyrir.
16. — 25. — **Sama málsrjetting.**
17. — 26. — Fyrir »sem og« komi:
svo og.
18. — 29. — Fyrir »um leið« komi:
jafnframt.

(A. V, 7.)

Nd. **514. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu.

Nefndir þær, er hvortveggi þingdeild setti til þess að athuga frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, hófu þegar samvinnu um starf sitt. Hafa þær haldið 20 fundi og tekið einstakar greinir frumvarpsins til rækilegrar athugunar. Nefndin kaus þrjá menn í undirnefnd til þess að orða breytingartillögur þær, er fylgi höfðu náð, og voru þær tillögur síðan bornar undir nefndina til úrslita og þá aukið við eða breytt, eftir því sem þurfa þótti.

Breytingartillögur nefndarinnar eru nokkuð margar að tölunni til, en flestar þeirra miða einungis að því, að færa til betra máls, eða eru svo augljósar og smávægilegar efnisbreytingar, að óþarft þykir að gera grein fyrir þeim í nefndaráliti.

Út af 21. gr. frumvarpsins, sem er svo hljóðandi: »Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta« vill nefndin öll taka það fram, til skýringar, að ætlast verði til, að stjórnin fái umboð konungs á ríkisráðsfundi undan Alþingi, til þess að leggja fram á þinginu þau frumvörp, sem ráðuneytinu kann að þykja þörf á meðan þing stendur yfir, þótt eigi hafi verið kostur að bera þau áður fyrir konung í ríkisráði. Með þessu skilorði sjer nefndin eigi þörf á að breyta greininni.

Þess skal getið, að skoðanir nefndarmanna voru svo sundurleitar um atriði þau, er 26. grein skipar fyrir um (tölu þingmanna, tölu landkjörinna þingmanna, deildaskipan og fleira), að engin niðurstaða fekst um þau. Varð það loks að samkomulagi eftir langar umræður og mikið stímabrak, að nefndin sem slík bæri ekki fram aðrar breytingartillögur við greinina en þá að setja þar heimild um, að kjósa mætti þingmenn í Reykjavík með hlutfallskosning. Var þá jafnframt gert ráð fyrir, að um leið og sú breyting yrði í lög tekin, væri öðrum núverandi tvímenningskjördæmum breytt í einmenningskjördæmi.

Í samræmi við þetta eru breytingartillögurnar við 26. gr. og orðabreytingar í samræmi við þær, við 27., 28., 29. og 30. gr. (sbr. 15.—24. brtt.).

Að öðru leyti hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu sína til einstakra atriða greinar þessarar, er til atkvæða kunna að koma í deildum þingsins.

Ágreiningur varð í nefndinni um breytingartillögu við 29. grein. Meiri hluti nefndarinnar er eindregið þeirrar ákveðnu skoðunar, að sjálfsagt og ófrávíkjanlegt sje að halda að minsta kosti 5 ára búsetuskilyrði í stjórnarskránni fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og hefir því sett og samþykt tillögu þá við 29. grein, sem tekur þetta fram.

Í frumvarpi stjórnarinnar er, auk ríkisborgararjettarins, einungis tilskilin eins árs búseta í kjördæmi sem skilyrði fyrir *kosningarrjetti* í kjördæminu. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett á einhversstaðar í landinu og hefir heimilisfestu innanlands.

Með ákvæðinu í 10. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 eru þau skilyrði um þetta efni sett fyrir *kosningarrjetti* manns, *annaðhvort:* að hann sje fæddur hjer á landi, *eða hafi átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár* er kosningin fer fram (og hafi verið búsettur eitt ár í kjördæminu). Samkvæmt 11. gr. sömu laga er hver sá *kjörgengur*, sem kosningarrjett á í landinu.

Mismunur á því tvennu móti, hversu menn öðlast kosningarrjett og kjörgengi samkvæmt þessum núgildandi lagagreinum, er því sá, að þeir, sem fæddir eru hjer á landi, hafa kosningarrjett eftir eins árs dvöl í kjördæminu, hversu lengi sem þeir kunna áður að hafa dvalist erlendis, og eru kjörgengir, ef þeir hafa hjer á landi heimilisfestu þegar kosning fer fram, en aðrir menn, sem ekki eru fæddir í landinu, fá rjettinn, er þeir hafa haft hjer lögheimili 5 síðustu árin.

Vegna þessara tvennskonar skilyrða þótti fulltrúum Danmerkur í Sambandslaganefndinni ástæða til að taka það fram í athugasemdum við 6. gr. sambandslagafrumvarpsins, að í samræmi við »gagnkvæmi« ríkisborgararjettindanna verði að afnema allar takmarkanir, sem nú sje þar á, »svo sem mismun þann á kosningarrjetti, sem fram kemur í 10. gr. stjórnarskipunarlaga Íslands frá 19. júní 1915«.

Þennan mismun, sem nefndarmennirnir minnast á, má afnema með tvennu móti, *annaðhvort* með því að afnema 5 ára búsetuskilyrðið, *eða* með því að láta það ná til allra jafnt, hvort sem eru Íslendingar eða Danir.

Meiri hluta nefndarinnar þykir einsætt að taka asíðari kostinn, og liggja til þess margar ástæður.

Fyrst má minna á það, að þá er sambandslögin voru til umræðu á Alþingi í fyrra og andstæðingar þeirra fundu þeim meðal annars til foráttu, að samkvæmt 6. gr. og athugasemdinni við hana, sem fyrr greinir, mundi þurfa að nema 5 ára búsetuskilyrðið úr stjórnarskránni, — þá var því eindregið svarað af forsvarsmönnum sambandslaganna, að slíkt væri misskilningur og að alveg eins mætti láta þetta 5 ára búsetuákvæði standa óbreytt, en láta það ganga yfir alla jafnt, hvort sem fæddir væri hjer á landi eða eigi. Kom þetta skýlaust fram í báðum deildum í umræðum, og auk þess gat framsögumaður málsins í Nd. (þm. Dalamanna) þess eitt sinn, að gefnu tilefni, að ef enginn annar bæri fram *slíka* breytingu, til þess að bæta úr þeim »mismun«, sem um væri að ræða, þá mundi hann sjálfur gera það þegar breyting yrði gerð á stjórnarskránni.

Sama skilningi var haldið fram í blöðum og á mannfundum, þar sem sambandslögin voru rædd áður en þjóðaratkvæði um þau fór fram, og bryddi ekki á öðru en þetta væri samhuga álit allra þeirra, er lögin studdu, hvort sem var í ræðu eða riti. Með þessu fororði og þessum skilningi hefir því íslenska þjóðin samþykt lögin með atkvæði sínu, og frá því verður ekki gengið. Er enginn vafi á því, að þessar skýringar hafa drjúgum aukið fylgi sambandslaganna, enda hafa og kjósendur í landinu treyst því, að hjer yrði ekki látið sitja við orðin ein, heldur mundu fullar efndir á verða í framkvæmd.

Samkvæmt tillögu meiri hlutans eru skilyrði fyrir kjörgengi og kosningarrjetti danskra manna hjer á landi óbreytt frá því, sem þau eru nú. Rjettur þeirra er því á engan hátt *lakari* en áður. Rjettur þeirra móts við Íslendinga er *meiri* en áður, þar sem 5 ára búsetuskilyrðið á nú einnig að ná til vorra landa. Og rjettur þeirra móts við aðra útlendinga er og svo stórum mun meiri en áður, að þar sem danskir ríkisborgarar hafa nú rjett sinn óskertan sem fyrr, þá

eru allir aðrir útlendingar, þar á meðal frændur vorir Norðmenn og Svíar, hjer eftir með öllu sviftir kosningarrjetti og kjörgengi, þótt búsettir hafi verið hjer síðustu fimm árin, og öðlast hann ekki, hversu lengi sem þeir dveljast hjer, nema þeir fái fyrst ríkisborgararjett með sjerstakri lagasetning, en að núgildandi stjórnarskrá hafa allir útlendingar, Danir sem aðrir, allan sama rjett um þetta.

Það er því síður en svo, að Danir þurfi undan nokkru að kvarta í þessu efni. Eða hvað mundu þá aðrar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum geta sagt nú, sem haft hafa jafnrjetti um þetta við Dani, samkvæmt þeim stjórnskipunarlögum, sem enn gilda hjer í landi?

Á það er að líta, að öll nágrannaríki vor á meginlandi Norðurálfu setja ríkisborgararjett sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi. Um þetta er aðeins undantekning milli Danmerkur og Íslands, samkvæmt 6. gr. sambandslaganna, eins og áður er á minst. Nú er það augljósara en á þurfi að minnast, að Dönum getur alls engin hætta stafað af Íslendingum í þessu efni sakir ríkismunar og fjölmennis, en sama verður eigi sagt um Íslendinga, og verður síðar vikið að því. Hví skyldi Íslendingar þá ekki neyta þeirra varna, sem þeir hafa þar sem aðra brestur, en þá er ekki annað fyrir sig að bera en búsetuskilyrði, og virðist meiri hlutanum þau eigi mega skemra fara en breytingartillagan greinir, og samkvæmt er því, sem verið hefir nú um hríð.

Það mun og síður en svo, að Dönum komi það mjög á óvart, þótt vjer auðveldum þeim eigi kosningarrjett og kjörgengi fram úr því, sem nú er, og ofan á önnur þau rjettindi, sem þeim eru trygð með sambandslögunum. Skal því til stuðnings bent á ritgerð eftir dr. Knud Berlin, sem nýlega birtist í tímaritinu »Det nye Nord«, um »gagnkvæmt jafnrjetti ríkisborgara allra Norðurlanda«. — Höfundur ræðir um þetta efni sakir þeirrar hreyfingar um samband og sameinun í ýmsum greinum, er eflst hefir á Norðurlöndum meðan styrjöldin stóð. Heldur höfundur því fram, að fullkomið jafnrjetti milli ríkisborgara tveggja eða fleiri ríkja, eins og nú milli Danmerkur og Íslands, geti ekki talist annað en fjarstæða einber, nema alveg sjerstaklega standi á og þjóðirnar sje bæði nokkurn veginn jafnokar hver annarar og (einkum) tengdar vináttu- og frændsemiböndum. En hitt mundi nær óhugsandi, segir hann, að Danmörk t. d. þætti ráðlegt að gera slíkan jafnrjettissamning við öflugt grannríki, svo sem Þýskaland, þar sem Þjóðverjar gæti þá flykst unnvörpum til Danmerkur og öðlast þegar kosningarrjett og kjörgengi til ríkisþings, jafnframt því, sem þeir væri eftir sem áður góðir og gegnir þýskir ríkisborgarar.

Höfundur fer allmörgum orðum um fullkomið innbyrðis jafnrjetti milli allra Norðurlanda-þjóðanna, og telur slíka samninga allskostar óráðlega og illframkvæmanlega meðan ekki sje traust sameiginleg þjóðarkend orðin ríkjandi á Norðurlöndum. Því næst ritar hann á þessa leið:

»Vjer skulum einungis benda á, að smáriki sem Ísland, með 90000 íbúa, gæti hæglega átt á hættu, að ríkisborgarar þess yrði ofurliði bornir, ef allir ríkisborgarar Norðurlanda fengi kosningarrjett til Alþingis þegar er þeir tæki sjer bólfestu á Íslandi, þegar innflutningur yrði til muna, svo sem ef gull fyndist á Íslandi, — ef ekki væri þá sett undir lekann með því að setja þau frekari skilyrði fyrir kosningarrjetti, að til hans þyrfti svo langa búsetu á Íslandi, t. d. 10 eða 25 ár, að jafnrjettið væri í raun og veru að eins í orði kveðnu«.

Af þessum ummælum höfundarins er auðsætt, að hann telur það eigi ein-

ungis löglegt að setja langa búsetu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, þótt fullkomið ríkisborgara-jafnrjetti væri lögtekið, heldur skoðar það ráðlegt og jafnvel beinlínis lífs-nauðsynlegt úrræði, þegar svo á stendur. Að vísu miðar hann hjer við það, að *allar* Norðurlandaþjóðirnar hefði ríkisborgara-jafnrjetti, en þar sem nú er um Dani eina að gera, þá er hættan að því leyti minni, enda er og búsetutíminn, sem meiri hlutinn áskilur í tillögu sinni, ekki nema hálfur sá tími, eða jafnvel einungis fimtungur þess tíma, sem dr. Berlín telur, að verið gæti nauðsynlegur.

Sumir vilja eyða því, að nokkrar líkur sje til, að svo margt manna flytjist hingað frá Danmörku, að ástæða sje að halda búsetuskilyrði því, sem stendur í núgildandi stjórnarskrá. Um þetta má að vísu deila, eins og flesta ókomna hluti, sem reynslan ein fær skorið úr til hlítar. En ekki verður því neitað, að líkur fyrir innflutningi frá Danmörku eru nú þeim mun meiri en áður, að ekki er saman berandi. Fyrstu fossafjelögin, sem sótt hafa um leyfi hjer á landi til stóriðju, eru í Danmörku. Til þeirrar iðju þyrfti fjölda fólks, jafnvel svo tugum þúsunda skifti. Hvaðan mundi það fólk koma fremur en frá Danmörku? Ekki má Ísland við því að missa svo margra manna frá annari atvinnu. Þá má og nefna fiskveiðar, sem líkur eru til, að Danir stundi framvegis langtum meir en hingað til, samfara vaxanda auði og þjóðernis-vakning, sem hlýtur að stafa af stækkun ríkisins, — fyrir utan ótal aðrar atvinnugreinir, svo sem verslun, iðnað o. m. fl., sem þeim stendur opið fyrir að stunda hjer. Þarf og ekki að leita langt í dönskum blöðum til þess að finna hvatningsgreinir og ráðagerðir í þessa átt. Þykir óþarft að fara frekara út í þetta mál hjer, þar sem breytingartillagan er svo vægileg, eins og áður er tekið fram, að hún íþyngir að engu rjetti Dana frá því, sem nú er, heldur gerir einmitt hlut þeirra betri en áður, móts við aðra.

Þess gerist því síður þörf að fjölyrða um þetta atriði málsins, sem það er viðurkent, að minsta kosti af sumum úr minni hlutanum, að rjett muni að hafa nokkru lengri búsetu-skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, heldur en tilskilið er í stj.skr.frv. stjórnarinnar. En úr þessari þörf vill minni hlutinn bæta á þann hátt að heimila í stjórnarskránni, að lengja megi búsetuskilyrðin fyrir kosningarrjetti með einföldum lögum. Telur hann þá því hinu sama takmarki náð, sem meiri hlutinn stefni að, og jafnvel gangi þessi aðferð því framar, að þá sje auðgert að lengja búsetuskilyrðin meira en 5 ár, ef þörf þyki til.

Meiri hlutinn er eindregið andvígur slíkri úrlausn málsins. Telur hann almenn skilyrði kosningarrjettarins einn höfuð-hyrningarstein þingbundins stjórnskipulags, sem hvergi eigi heima annarsstaðar en í grundvallarlögum ríkisins, enda vitum vjer eigi dæmi annars í stjórnarskrám annara þjóða.

Þar sem um jafnmikilvægt grundvallaratriði er að ræða, þykir meiri hlutanum alls eigi hlýða, að það sje á valdi einstaks þings að breyta skilyrðum kosningarrjettarins, rýmka þau eða þrengja, *án þess að til kasta kjósenda komi.* Telur meiri hlutinn ekki annað koma til mála en svo fast sje um þennan rjett búið, að stjórnarskrárbreyting, og þar með þingrof og úrskurð kjósenda, þurfi til, ef breyta skal. — Meiri hlutinn sjer og *alls enga ástæðu* til slíks fyrirkomulags, sem minni hlutinn vill hallast að, — sjer ekki, að *það sje að neinu leyti betra.*

Ef það á að vera til þægðar Dönum, þá næst sá tilgangur því að eins, að *ekki* verði í lög tekin jafnlöng búsetuskilyrði sem meiri hlutinn hefir orðið ásáttur um. Að öðrum kosti kemur hvorttveggja í einn stað niður fyrir þá, nema

búsetuskilyrðin yrði ákveðin *lengri* en 5 ár, og þá yrði það þeim verra, en ef *nauðsyn* þætti til síðar að lengja búsetuna úr 5 árum, má það eins verða með stjórnarskrárbreytingu. — Ef sú væri tilætlunin að taka eigi 5 ára búsetuskilyrði upp í sjerstök lög þegar í stað, samfara stjórnarskrárbreytingunni, þá gæti orðið örðugra að taka það upp í lög síðar, þegar straumurinn væri kominn inn í landið. Betra að byrgja brunninn áður en barnið fellur i hann.

Ef búsetuákvæðið yrði þegar frá upphafi hið sama í sjerstökum lögum sem það, er meiri hlutinn vill standa láta í stjórnarskránni, þá mætti jafnvel segja, að verið væri að fara að Dönum með óeinlægni, sem Alþingi væri vart samboðin.

Meiri hlutinn telur það því að öllu leyti óheppilegra og ótryggara að hafa búsetuákvæðið utan stjórnarskrárinnar, og kost sjer hann engan við það.

Loks vill meiri hlutinn láta þess getið, að sambandslögin hafi eigi verið samþykt í því skyni, að Íslendingar skyldi láta nokkuð undan þokast um rjett sinn frá því, sem þar er ákveðið, heldur sje einsætt að neyta rjettinda sinna samkvæmt þeim hjer í landi, svo sem fremst má, og heldur styrkja en veikja, hve nær sem tækifæri gefst. Þau spor viljum vjer marka þegar á þessu fyrsta þingi, er háð er, eftir að breyting er orðin á sambandinu.

Minni hluti nefndarinnar (Jóh. Jóh., M. K., P. J., S. F. og St. St.) er meiri hlutanum fyllilega samdóma um það, að vjer höfum lagalegan rjett til þess að setja svo langt búsetuskilyrði, sem oss sýnist, í stjórnarskrána fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og eins um hitt, að tryggja beri Íslendingum rjett og vald yfir málum sínum. Hins vegar telur hann hvorki *nauðsynlegt, hagkvæmt nje full-örugt* að einskorða búsetutímann í stjórnarskránni eins og meiri hlutinn vill gera.

Sem stendur er ekki svo margt Dana hjer í landi, að nein hætta geti af þeim stafað, þótt búsetuskilyrðið sje stutt, og á undanförnum tíma hafa Danir síður en svo sýnt sig í því að fjölmenna hingað til þess að setjast hjer að, og telur minni hlutinn ekki miklar líkur til, að það muni breytast í náinni framtíð, einkum þar sem Dönum opnast nú svigrúm suður á bóginn. En ef búsetuskilyrði, t. a. m. 2 ára, er sett í stjórnarskrána og heimild til að lengja búsetutímann í kosningarlögum, getur Alþingi, *hve nær sem því kynni að virðast ástæða til þess,* af því að Danir færu að flykkjast til landsins, umsvifalaust breytt kosningarlögunum og lengt búsetutímann sem þurfa þætti. Til þess hefði það nægilegan tíma, þar sem það eftirleiðis verður væntanlega haldið á hverju ári, og að vantreysta því, að Alþingi muni gæta þessa og lengja búsetutímann, ef þörf krefur, er að gera því og þjóðinni allri getsakir, sem hún, að áliti minni hlutans, á ekki skilið.

Hvort sem litið er til Íslendinga sjálfra eða Dana, telur minni hlutinn *ekki hagkvæmt* að lögfesta nú þegar 5 ára búsetu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, þar sem hann telur það ekki nauðsynlegt til þess að tryggja oss yfirráðin yfir málum vorum.

Því má ekki gleyma, þótt meiri hlutinn fari þar fljótt yfir sögu, að Íslendingar sjálfir, sem einhverra hluta vegna eru erlendis og halda eigi búsfestu hjer heima, verða að bíða jafnlangan tíma eftir heimkomu sína, áður en þeir fá

kosningarrjett og kjörgengi aftur, eins og Danir þeir, er setjast hjer að. Þetta þótti í fyrra galli á sambandslagafrv., sem mikið var gert úr af andstæðingum þess. Þótt þetta ákvæði sambandslaganna sje alls ekki hættulegt, þar sem girða má og sjálfsagt er að girða fyrir hættur þær, er af því kynnu að stafa, hve nær sem er, þá verður hins vegar að taka fult tillit til þess og hafa búsetutímann eigi lengri til hverrar tíðar en nauðsyn krefur í þessu efni.

Að fara að reyna að draga úr jafnrjettisákvæðinu, t. a. m. með því að skapa (fingere) með lagaákvæði búsetu hjer á landi, sem í raun og veru væri það ekki, myndi ekki reynast vel, því að annaðhvort yrði ákvæðið þýðingarlaust eða það myndi höggva svo nærri sambandslögunum, að oss væri tæpast sæmandi að setja það.

Að því er Dani snertir, þá munu þeir, — og það ekki að ástæðulausu, þar sem stjórnarskrárfrumvarpið, eins og það er lagt fyrir Alþingi, var borið undir þá í ráðgjafarnefndinni, — vænta þess, að Dönum, búsettum hjer, verði eigi sett strangari skilyrði í þessum efnum en nauðsyn krefur til þess, að vjer gætum rjettinda vorra og hagsmuna. Má búast við því, að þeir sjái ekki neina hættu á ferðum í þessum efnum, þótt ekki sje nú þegar sett 5 ára búseta sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, og því verða fyrir vonbrigðum. Hins vegar munu þeir skilja og fallast á, að vjer setjum þau ákvæði í stjórnarskrá vora, er geri oss við öllu búna, og eins því, að svo margir Danir geti flutt inn í landið og setst hjer að, að oss reki nauður til að lengja búsetuskilyrðið til þess að koma í veg fyrir of mikil áhrif þeirra á mál vor og meðferð þeirra.

Loks þykir minni hlutanum 5 ára búseta sem skilyrði í stjórnarskránni fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis *eigi fullörugg trygging* gegn dönskum áhrifum á úrslit mála vorra. Kæmi það fyrir, að Danir flyttu hjer inn í stórhópum og settust hjer að, gæti svo farið, að 5 ára búsetuskilyrði reyndist of stutt, en þá væri stjórnarskrárákvæði eins og það, sem meiri hlutinn stingur upp á, því til fyrirstöðu, að búsetutíminn yrði lengdur með einföldum lögum.

Út af þeim ummælum minni hlutans, að andstæðingar sambandslagafrumvarpsins hafi talið það með göllum á sambandslögunum, að 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrjetti yrði framvegis einnig að koma niður á Íslendingum, vilja þeir láta þess getið, að þeir telja þetta enn sem fyrr einn af ókostum sambandslaganna. En þar sem ekki fekst umbót á sambandslagafrumvarpinu í þessu efni og þau eru nú að lögum orðin, þá telja andstæðingar sambandslaganna, sem í nefndinni eru og skipa flokk með meiri hlutanum, óhjákvæmilegt að aðhyllast 5 ára búsetuskilyrðið til þess að komast hjá öðru verra, þótt þeim hefði auðvitað verið hugþekkara, að sambandslögin hefði verið svo úr garði gerð, að rjettur Íslendinga hefði verið svo trygður, að ekki þyrfti að láta búsetuskilyrðin koma niður á íslenskum mönnum. — En úr því er að ráða, sem komið er.

Meiri hlutinn telur óþarft að þrátta frekara við minni hlutann um búsetuskilyrðið fyrir kosningarrjetti. Að eins vill hann taka fram, að engri átt nær að gefa í skyn, að verið sje að »skapa« búsetu hjer í landi með viðbótarákvæðum þeim, sem meiri hlutinn leggur til að tekin sje upp í 29. gr. um það, að ekki sliti það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er

sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga. Ákvæðin um námsmenn og sjúklinga eru í samræmi við ákvæði 9. gr. (sbr. 11. gr.) laganna um ríkisborgararjett, og um sendimenn ríkja gildir í öðrum löndum sama regla. Hjer er því eigi um nein þau nýmæli að ræða, er unt sje að gera tortryggileg með rökum, en því þótti meiri hlutanum rjettara að taka þessi ákvæði upp í stjórnarskrána, að engra tvímæla gæti orkað um rjett þeirra manna, er þar koma til greina.

Fjarri telur meiri hlutinn það öllum sanni, er minni hlutinn telur Dani hafa ástæðu til að vænta þess, að lagafrumvörp þau, sem ráðgefandi nefnd samkvæmt 16. gr. sambandslaganna eru send til yfirlits, gangi óbreytt gegnum þingið. Enda yrði Alþingi þá óþarft, ef öllum löggjafarmálum væri ráðið til lykta í þessari ráðgjafarnefnd, sem háttvirtur minni hluti sýnist benda til. Sjest hjer ljóslega, að hv. minni hluti seilist um hurð til lokunnar, er hann leitast við að finna orðum sínum stað.

Að endingu vill nefndin geta þess, að hún hefir ekki tekið ákvörðun um breytingartillögur, sem einstakir þingmenn hafa borið fram, nema tillögu þm. Dalamanna við 29. gr., en mun síðar láta í ljós skoðanir sínar á þessum og öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Jóh. Jóhannesson,
form. Ed.-nefndar og samv.nefndar.

Einar Arnórsson,
form. Nd.-nefndar.

Karl Einarsson,
fundaskr. og ritari Ed.-nefndar.

Benedikt Sveinsson,
ritari Nd.-nefndar og fundaskr. samvn.

Magnús Torfason. Sigurjón Friðjónsson. Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson. M. J. Kristjánsson. Pjetur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Sigurður Stefánsson.

(A. VIII, 10).

Nd. **515. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild hefir gert fjórar smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Þrjár þeirra eru þess efnis að auka íhlutunarrjett forstöðumanna sláturhúsa, um val á

matsmönnum og borgun til þeirra. Stærsta breytingin er sú, að sektir fyrir brot útflytjenda gegn ákvæðum laganna um mat, flokkun og merking hækka úr 200—2000 kr. upp í 1000—3000 krónur.

Nefndin felst á þessar breytingar.

Eftir að frumvarpið var þannig samþykt í efri deild, kom bending frá stjórninni til nefndarinnar um það, að þörf væri á að bæta við frumvarpið ákvæði um, að lögin gangi í gildi þegar í stað, því ella mundi skorta heimild til þess að fyrirskipa mat á saltkjöti nú á komanda hausti. Vænta má þess, að efri deild samþykki slíkt viðbótar-ákvæði.

Nefndin leggur því til, að hv. deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir með svofeldri

VIÐBÓTARGREIN.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, formaður.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Pjetur Þórðarson, ritari.
Jón Jónsson.	Sigurður Sigurðsson.	

(B. XLV, 5.)

Ed. **516. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæð-

inu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykt framlög til vega eftir jarðardýrleika, eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

(B. LXVI, 7).

Ed. **517. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917 (485).

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

Á eftir orðunum: »Breiðavíkur í Rauðasandshreppi« komi:
Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi.

(B. LXVI, 8).

Ed. **518. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Fyrri málsl. 2. málsgr. hljóði svo:
Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalína að Látrum í Aðalvík;

(A. XXVI, 16).

Nd. **519. Atkvæðaskrá**

við *2. umræðu* um frv. til laga um laun embættismanna.

Stjórnarfrumvarp 12.

Nefndarálit 440.

Breytingartillögur nefndar 439.

Breytingartillögur annara:
480, 481, 488, 489, 490, 493, 494, 495, 496, 497, 498, 499.

1. gr.

1. Brtt. 439, 1.
Á eftir orðunum: »ókeypis húsnæði« komi:
í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera.

Greinin, svo breytt.

2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. óbreyttar.

8. gr.

2. Brtt. 439, 2.
Í stað orðanna í 2. málsgr. »Engu síður . . . greitt til sjóðsins« komi:
En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna.

3. Brtt. 439, 3.
Aftan við greinina komi:
Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

4. Brtt. 495. Við 439, 3.
Aftan við liðinn bætist:
Sömuleiðis skal telja til þjónustuára hjá prestum þau ár, er þeir hafa gegnt sem aðstoðarprestar.

Greinin, svo breytt.

9. gr.

5. Brtt. 488.
Í annari málsgrein breytist tölurnar:
»3000« í 3500 og »4000« í 4500.

6. Brtt. 439, 4.
Í stað »500« í 2. málsgr. komi:
1000.

Greinin, svo breytt.

10. gr.

7. Brtt. 497, 1. Við 439, 5.
a. Fyrir »10000 kr.« komi:
8000 kr.
b. Fyrir »8000 kr.« í sama lið komi:
6000 kr.

8. Brtt. 439, 5.
Í stað greinarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:
Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.
Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

Greinin, svo breytt.

11. gr.

9. Brtt. 439, 6.
Tvær fyrstu línur 2. málsgreinar orðist svo:
Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar.

10. Brtt. 496, 1.
a. Fyrir »4600 kr.« í 2. málsgrein komi:
4400 kr.

11. Brtt. 496, 1.
b. Fyrir »5600 kr.« í sömu málsgrein komi:
5400 kr.

12. Brtt. 489.
Þriðja og fjórða málsgrein verði ein málsgr. og orðist þannig:
Sýslumennirnir í öllum öðrum sýslum landsins hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

13. Brtt. 439, 7.
Úr 3. málsgrein falli:
Dala- og Strandasýslu.

14. Brtt. 494, 1.
Á undan »Árnessýslu« í byrjun 3. málsgr. komi:
Skaftafellssýslu.

15. Brtt. 496, 1.
c. Þriðja og fjórða málsgrein orðist þannig:
Sýslumennirnir í öllum öðrum sýslum landsins hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

16. Brtt. 494, 2.
»Skaftafellssýslu« í byrjun 4. málsgr. falli burt.

17. Brtt. 439, 8.
Á undan »Barðastrandarsýslu« falli burt orðið »og«, en á eftir komi:
Dalasýslu og Strandasýslu.

18. Brtt. 496, 1.
d. Orðin í fimtu málsgrein »og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn« orðist um þannig:
eftir tillögum dómsmálaráðherra og samþykki Alþingis fyrir hver 5 ár í senn.

19. Brtt. 439, 9.
Síðasta málsgrein orðist svo:
Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

20. Brtt. 439, 10.
Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

21. Brtt. 499, 1.
Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. í 2400 kr.

Greinin, svo breytt.

12. gr.

22. Brtt. 439, 11.
Í fyrstu málsgrein breytast þessar tölur:
»5000« í 6000, »6000« í 7000 og »1000« í 1500.

23. Brtt. 499, 2.
Í fyrstu málsgrein komi fyrir »1000 kr.« (í ritfje):
1500 kr.

24. Brtt. 493, 1. Við 439, 12.
Allar lágmarks- og hámarkstölur á launum lækna *lækki* um 500 kr.

25. Brtt. 490. Við 439, 12.
Í fyrri hluta fyrstu málsgr. falli »Síðu« niður, og í síðari hluta sömu málsgr. komi inn á milli »í« og »Berufjarðar«:
Síðu.

26. Brtt. 498. Við 439, 12.
Á eftir »Norðfjarðar« falli niður »Hróarstungu«, en á eftir »Vopnafjarðar« komi:
Hróarstungu.

27. Brtt. 439, 12.
Í staðinn fyrir 2. og 3. málsgrein komi:
Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyjar, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Síðu, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms,

Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500, en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500 kr.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækkar á sama hátt upp í 3500 kr.

28. Brtt. 493, 2. Við 439, 13.

Liðurinn orðist svo:

Borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra hækki um 50% frá því, sem núgildandi lög ákveða.

29. Brtt. 439, 13.

Fyrir orðin í síðustu málsgr. »er ráðherra . . . landlæknis« komi: þeirri, er nú gildir.

Greinin, svo breytt.

13. gr.

30. Brtt. 439, 14.

Aftan við síðari málsgrein bætist:

Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

Greinin, svo breytt.

14. gr.

31. Brtt. 497, 2. Við 439, 15.

a. Fyrir »2500 kr.« komi:
2400 kr.

b. Fyrir »400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.« komi:
400 kr. upp í 3600 kr.

32. Brtt. 439, 15.

Greinin orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

33. Brtt. 499, 3.

Greinin orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. í 3000 kr.

Greinin, svo breytt.

15. gr.

34. Brtt. 494, 3.

Greinin orðist svo:

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

35. Brtt. 496, 2.

Fyrir »en launin hækka — — — í 6500 kr.« í fyrstu málsgrein komi:

en launin hækka eftir 3 og 6 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6000 kr.

36. Brtt. 439, 16.

Í stað »þriggja« í 3., 4, og 5. málsgrein komi:

tveggja.

37. Brtt. 439, 17.

Í stað »2000« í 4. málsgrein komi:

2400.

38. Brtt. 439, 18.
Í stað »1200« í síðustu málsgrein komi:
1600.
og í stað »2000« komi:
2400.

39. Brtt. 439, 19.
Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Póstmaður sá, sem er gjaldkeri í brjefapóststofunni í Reykjavík, hefir auk launa sinna $^1/_5$ ‰, alt að 500 kr. á ári, af póstávísanafje því, er hann tekur við og greiðir.

Greinin, svo breytt.

16. gr.

40. Brtt. 496, 3.
Fyrir »en launin hækka — — — í 6500 kr.« í fyrstu málsgrein komi:
en launin hækka eftir 3 og 6 um 500 kr. í hvert sinn upp í 6000 kr.

41. Brtt. 439, 20.
Úr 2. málsgrein falli »og stöðvarstjóri«, en á eftir málsgreininni komi ný málsgrein:
Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

42. Brtt. 439, 21.
Í stað »3 ára« og »3 ár« í **öllum málsgreinum hjer á eftir** komi:
2 ára og 2 ár.

43. Brtt. 439, 22.
Á eftir orðinu »Akureyri« í 3. málsgr. komi:
og fulltrúi stöðvarstjórans á Seyðisfirði.

44. Brtt. 439, 23.
Aftan við sömu málsgrein komi:
Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

45. Brtt. 439, 24.
Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein:
Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

46. Brtt. 439, 25.
Í stað »talsímameyjar« í síðustu málsgrein komi:
talsímakonur
og í stað »100« og »1300« komi:
200 og 1500.

47. Brtt. 439, 26.
Aftan við greinina komi ný málsgrein:
Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

48. Brtt. 499, 4.
Aftan við greinina komi:
Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. í 2600 kr.

Greinin, svo breytt.

17. gr.

49. Brtt. 539, 27.
Í stað »Vegamálastjóri og vitamálastjóri« komi:
Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari.

Greinin, svo breytt.

18. gr., óbreytt.

19. gr.

50. Brtt. 496, 4.
Fyrir »3200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
3000 kr.
og fyrir »4400 kr.« í sömu málsgrein komi:
4000 kr.

Greinin, svo breytt.

20. og 21. gr., óbreyttar.

22. gr.

51. Brtt. 439, 28.
Fyrri málsgrein orðist svo:
Biskup hefir að byrjunarlaunum 6500 kr., sem hækkar eftir 5 ár upp í 7000 kr.

52. Brtt. 496, 5, fyrri hluti.
Fyrir »6000 kr.« í fyrri málsgrein komi:
5000 kr.
og fyrir »7000 kr.« í sömu málsgrein komi:
6000 kr.

53. Brtt. 439, 29.
Fyrir »fimm« í síðari málsgr. komi:
þrjú.

54. Brtt. 496, 5, síðari hluti.
Aftan við síðari málsgrein bætist:
Enn fremur hefir biskup 500 kr. í ritfje.

55. Brtt. 439, 30.
Við greinina bætist ný málsgrein:
Prófastar hafa í laun: 400 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 700 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

56. Brtt. 480, 1.
Við greinina bætist ný málsgrein, sem hjer segir:
Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.
Auk þess halda prófastar visitasíulaunum, eins og verið hefir.

57. Brtt. 499, 5.
Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Prófastar hafa í árslaun 300 kr. þar, sem áður guldust 100 kr., og 500 kr. þar., sem áður voru 200 kr.

Greinin, svo breytt.

23. gr.

58. Brtt. 439, 31.

Fyrir »4500« í fyrri málsgrein komi:

5000

og síðari hluti málsgreinarinnar orðist svo:

en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 6000 kr.

59. Brtt. 496, 6.

Fyrir »en launin hækka . . . . upp í 6000 kr.« í fyrri málsgr. komi:

en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 5400 kr.

60. Brtt. 439, 32.

Síðari málsgrein orðist svo:

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

Greinin, svo breytt.

24. gr.

61. Brtt. 497, 3. Við 439, 33.

Fyrir »3400 kr.« komi:

3000 kr.

62. Brtt. 439, 33.

Fyrir 2. og 3. málsgr. komi:

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

Greinin, svo breytt.

25. gr., óbreytt.

26. gr.

63. Brtt. 439, 34.
Í stað »2200« komi:
2600
og í stað »1600« komi:
2000.

64. Brtt. 496, 7.
a. Fyrir »2200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
2000 kr.
b. Fyrir »3200 kr.« í sömu málsgrein komi:
3000 kr.
c. Fyrir »2600 kr.« í síðari málsgrein komi:
2400 kr.

Greinin, svo breytt.

27. gr.

65. Brtt. 439, 35.
Fyrir »23.—25.« komi:
24. og 25.

Greinin, svo breytt.

28. gr.

66. Brtt. 496, 8.
Fyrir »3200 kr.« í fyrri málsgrein komi:
2800 kr.
og fyrir »4000 kr.« í sömu málsgrein komi:
3600 kr.

Greinin, svo breytt.

29. gr.

67. Brtt. 497, 4. Við 439, 36.
Fyrir »2800 kr.« komi:
3000 kr.

68. Brtt. 439, 36.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

Greinin, svo breytt.

30. og 31. gr., óbreyttar.

32. gr.

69. Brtt. 497, 5. Við 439, 37.

a. Fyrir »4500 kr.« í fyrstu málsgrein komi:
4000 kr.

b. Fyrir »5500 kr.« í sömu málsgr. komi:
5000 kr.

70. Brtt. 497, 5. Við 439, 37.

c. Fyrir »4500 kr.« í fjórðu málsgrein komi:
4000 kr.

d. Fyrir »5500 kr.« í sömu málsgr. komi:
5000 kr.

71. Brtt. 497, 5. Við 439, 37.

e. Fyrir »3500 kr.« í sjöttu málsgrein komi:
3200 kr.

f. Fyrir »4500 kr.« í sömu málsgr. komi:
4200 kr.

72. Brtt. 439, 37.

Greinin orðist svo:

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 4500 kr.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

Greinin, svo breytt.

33. gr.

73. Brtt. 499, 6.
a) Fyrir »í Reykjavík« *á tveim stöðum* komi:
í 4 aðalkaupstöðum landsins.

74. Brtt. 439, 38.
Orðin »í Reykjavík« á tveim stöðum falli burt.

75. Brtt. 439, 39.
Fyrir orðin: »næsta haust á undan stríðinu« komi:
haustið 1914.

76. Brtt. 499, 6.
b) Í stað »25%« í fyrri málsgrein komi:
35%.

77. Brtt. 439, 40.
Fyrir orðin »á sama hátt« í næstneðstu línu fyrri málsgr. komi:
á þennan hátt.

78. Brtt. 493, 3. Við 439, 41.
Liðurinn falli burt.

79. Brtt. 481. Við 439, 41.
Fyrir »9500 kr.« komi:
10500 kr.

80. Brtt. 439, 41.
Á eftir »hafi numið« í síðari málsgr. komi:
þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru.

81. Brtt. 499, 6.
c) Fyrir »3000 kr.« í síðari málsgrein komi:
2000 kr.

82. Brtt. 499, 6.
d) Fyrir »500 kr.« í niðurlagi annarar málsgreinar komi:
1200 kr.

83. Brtt. 493, 4. Við 439, 42.
Liðurinn orðist þannig:
Launauppbót presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, má eigi nema meiru en 1000 kr.

84. Brtt. 439, 42.
Síðasti málsliður greinarinnar, »Launauppbót presta« til enda greinarinnar, falli burt.

85. Brtt. 480, 2.
Síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:
Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá hálfa launauppbót.

Greinin, svo breytt.

34. gr., óbreytt.

86. Brtt. 497, 6. Við 439, 43.
Síðari málsliður breytingartillögunnar, »þó skal dýrtíðaruppbót« o. s. frv., falli niður.

87. Brtt. 439, 43 (ný grein, verður 35. gr.).
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

Fyrirsögn.

Frv. vísað til 3. umræðu.

(B. IX, 10).

Ed. **520. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er samdóma hv. Nd. um, að rjett sje nú þegar að setja slík lög sem hjer um ræðir, og getur einnig samþykt alt aðalefni laganna. Þó virðist henni rjettara, að uppsagnarfrestur á umráðarjetti yfir fasteign, sem hafa má leyfislaust, sje hafður 1 ár, í stað hálfs árs, sjerstaklega að því er húseignir snertir, og sömuleiðis ætti að nægja, að ráðherra hafi vald til að þiggja námurjettindi undan lögum þessum, er svo þykir henta.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með svo feldum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Síðari málsliður 6. málsgr. orðist svo:
      Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
   b. Í stað orðanna í síðustu málsgr. »eru undanþegin« komi:
      getur ráðherra undanþegið.
2. Við 4. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest o. s. frv.
   b. Í stað orðanna »Frestinn skal setja« í síðari málsgr. komi:
      Frestinn skal telja.
3. Við 7. gr.
   Í stað orðanna »með sjerstöku leyfi — — — og fer« komi:
      með sjerstöku leyfi, og skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer
4. Við 8. gr.
   Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign, án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir o. s. frv.
5. Við 10. gr.
   Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Nú hefir maður eignast rjettindi yfir fasteign, þau er um getur í 1. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, sem eigi fullnægir skilyrðum þeirrar greinar, og skal honum þá settur 5 ára frestur o. s. frv.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.	Magnús Torfason, ritari.

(C. XXIV, 1).

Nd. **521. Tillaga**

til þingsályktunar um framkvæmd skógræktar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka allar framkvæmdir í skógræktarmálum landsins undanfarin 5—10 ár, og komi í ljós, að forusta þeirra mála sje óviðunandi og óheppileg, að stjórnin skifti þá um framkvæmdarstjórn þeirra, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

(A. I, 8).

Nd. **522. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir nú starfað að þessu frumvarpi frá þingbyrjun, og er það orðinn alllangur tími. Hefir hún haldið 41 fund um það og fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1918 og 1919; hafa fundirnir að jafnaði staðið yfir í fullar 2 klukkustundir. Fyrst og fremst athugaði nefndin frumvarpið sjálft, eða rjettara sagt gjaldabálk þess, og nokkur skjöl, þau er þar að lúta og stjórnarráðið ljet henni í tje. En auk þess hefur hún athugað og tekið til yfirvegunar öll þau skjöl og erindi, er varða gjaldabálk frumvarpsins og Alþingi hafa borist fram að 19. þ. m. frá landsstjórn, þingmönnum og öðrum. Enn fremur hefir nefndin varið miklum tíma og vinnu til þess að afla sjer þekkingar og skýringa á ýmsum atriðum hjá stjórninni, sjerfræðingum og öðrum, er sjerstaklega þóttu fróðir þar að lútandi, og þá einkum hjá þeim starfsmönnum ríkisins, er tillögur gera til undirbúnings fjárlagafrumvarpsins. Auk þess hefir nefndin orðið að veita áheyrn fólki, er erindi vildi flytja fyrir sig eða aðra, einstaka menn eða stofnanir. Hefir alt þetta, eins og vænta má, eytt tíma frá nefndinni og aukið starf hennar.

Það þykir ekki hlýða, að fjárveitinganefndir beggja deilda gangi saman í samvinnunefnd, og svo hefir ekki heldur verið nú. En þrátt fyrir það hefir þó þessi nefnd gert sitt til, að efri deildar nefndin gæti unnið jöfnum höndum að frumvarpinu. Höfum vjer sent systurnefnd vorri allar ályktanir jafnóðum og gerðar hafa verið. Hefir hún því ætíð getað fært sjer starf vort í nyt og starfað jafnhliða oss. Þetta er að vísu ekkert nýtt, því að þannig var það einnig á síðasta fjárlagaþingi. En að gefnu tilefni þykir oss rjettara að taka þetta fram. Fjárveitinganefndin þykist því nú sem fyr hafa gert alt, sem í hennar valdi stendur, til að flýta fyrir fjárlögunum í gegnum þingið, og leyfir sjer því að vænta þess, að hin háttvirta systurnefnd í efri deild sýni þessari nefnd og neðri deild í þetta sinn sanngirni í dómum sínum.

Það mun óhætt að fullyrða, að fjárveitinganefndin hafi sjaldan verið í meiri vanda stödd við upphaf starfa sinna heldur en nú í þingbyrjun. Var þá fyrst það að athuga, að ýmsum virtist í fljótu bragði mikil nauðsyn bera til þess að einskorða gjöldin við tekjurnar og líta á það eitt, að ekki yrði tekjuhalli til muna. Eins og skattamálum vorum og tekjum landssjóðs er nú komið, mundi of mikil fastheldni við þessa stefnu hafa leitt til þess, að afturför hefði orðið í öllum verklegum framkvæmdum. En nú er þess að gæta, að margar og miklar framkvæmdir hafa tafist og orðið að bíða vegna ófriðarins, svo að nú kallar meira að til framkvæmda en nokkru sinni áður, fyrst og fremst af þessari ástæðu, sem nú er nefnd, og svo af hinu, að nýfengið fullveldi örvar framkvæmda- og framfaraþrána hjá þjóðinni. Þess má einnig geta hjer um leið, að fullveldi vort leggur oss ýmsar nýjar skyldur og gjaldabyrðar á herðar, sem vjer ekki áður

þektum, og sumir ef til vill hafa ekki gert ráð fyrir. Nefndinni er það ljóst, að kyrstaða eða afturhald í framkvæmdum af hálfu ríkissjóðs veldur kyrstöðu í atvinnuvegum vorum og heftir nauðsynlega framþróun þeirra. Telur hún því, að nú beri fremur að líta á, hverjar framkvæmdir sjeu nauðsynlegar, og geti orðið í nánustu framtíð, atvinnuvegunum til hagnaðar beinlínis eða óbeinlínis, heldur en hitt, hvort hægt sje í svip, meðan skattamálunum er ekki betur fyrir komið, að ná svo miklum tekjum í ríkissjóð, að þær hrökkvi fyrir gjöldunum. — Af þessum ástæðum meðal annars vill nefndin láta gera ýmsar framkvæmdir fyrir lánsfje, til þess að gjöldin fyrir stórframkvæmdir dreifist á fleiri fjárhagstímabil, enda geta sumar slíkar framkvæmdir verið þannig, að þær gefi strax beinan arð af sjer í ríkissjóð, auk hins óbeina hagnaðar fyrir þjóðina; má þar til nefna símana.

Nefndin leyfir sjer nú að bera fram allmargar breytingartillögur á sjerstökum þingskjölum, og skal farið um þær nokkrum orðum, og þó tekið fram um fyrstu breytingartillöguna, að hún miðar einungis til þess að færa til betra máls.

10. gr.

Í brjefi hagstofustjórans til stjórnarráðsins telur hann ekki gerlegt að áætla pappír, prentun o. fl. minna en 8000 kr. á ári, ekki síst þar eð gera má ráð fyrir, að hagstofan auki fremur skýrsluútgáfur sínar. Nefndin fellst á þessar röksemdir hagstofustjórans, enda er það og hefir yfirleitt verið stefna hennar að reyna að hafa áætlunarupphæðir sem næst sanni, og leggur því til, að þessum lið sje breytt. En í þeirri von, að dýrtíðin verði eitthvað minni árið 1921, ætlar hún því ári lægri upphæð.

Fjárveitinguna til prentunar eyðublaða hagstofunnar vill nefndin hækka fyrra árið af þeirri ástæðu, að það ár bætast við eyðublöð undir manntal það, er fram á að fara 1. des. 1920.

Aðstoðar- og skrifstofukostnað í hagstofunni álítur nefndin að verði að hækka síðara árið, einkum af þeirri ástæðu, að hagstofustjórinn gerir ráð fyrir, að þurfa muni talsvert meiri aðstoð árið 1921 vegna manntalsins, sem áður er nefnt. — Það skal tekið fram, að þótt nefndin leggi til þessar hækkanir til hagstofunnar, þá hefir hún ekki sjeð sjer fært að taka fult tillit til óska hagstofustjórans, heldur fer nokkurskonar meðalveg á milli þeirra og tillagna stjórnarinnar.

11. gr.

Nefndin vill mæla með, að hækkuð sjeu laun á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík um 1200 kr. á ári. Ætlast hún til, að þessari upphæð verði varið til að hækka laun elsta skrifarans, Ben. Þ. Gröndal. Þessi maður hefir gegnt ritarastörfum á þessari skrifstofu í samfleytt 12 ár, og í síðastliðin 10 ár hefir hann *einn* haft á hendi að halda veðmálabókum og grunnaskrám embættisins í reglu og afgreiðslu allra þinglestrarskjala. Er starf þetta að dómi bæjarfógeta »mjög vandasamt og áríðandi«. Samfara þessu hefir skrifarinn einnig haft ýms aukastörf á skrifstofunni. Laun þau, sem hann hefir haft á þessu tímabili, hafa verið frá 900 til 1500 kr. á ári fram að 1. júlí þ. á. En síðan hefir hann haft 150 kr. á mánuði. Nefndinni virðist ekki sæmilegt að láta þennan mann, sem er orðinn 49 ára að aldri og hefir 6 börn fram að færa, búa við slík sultarkjör, og ætlast því til, að hann fái framvegis 3000 kr. á ári.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fór fram á það í hinum upphaflegu tillögum sínum til stjórnarráðsins um rekstrarskostnað embættisins, að framvegis yrðu 3 tollverðir í Reykjavík, í stað tveggja, sem nú eru. Eins og sjá má af frumvarpinu, vildi stjórnin ekki sinna þessu. Nú nýlega skrifaði lögreglustjórinn stjórnarráðinu og skýrði frá því, að eftir því, sem nú áhorfist, muni ekki verða komist af með minna en 4 tollverði. Færir hann þau rök fyrir máli sínu, að síðan ófriðnum ljetti og verslun og skipagöngur urðu frjálsar hafi vörumóttakendum fjölgað að mun, og muni þeir verða enn fleiri þegar fram í sækir. Eykur þetta störfin við tolleftirlit og innheimtu. Enn fremur fjölgar nú tollvörum, og eykst þá um leið þörfin á eftirliti og rannsókn. Álítur lögreglustjóri, að það muni borga sig fyrir ríkissjóð að fjölga tollvörðum. Nefndinni þykir líklegt, að lögreglustjóri hafi mikið til síns máls, og vill því að nokkru leyti taka óskir hans til greina. Leggur hún til, að 8000 kr. sjeu veittar á ári hverju til þriggja tollvarða, og ætlast til, að lögreglustjórinn skifti þeirri upphæð sjálfur á milli mannanna, og þó sennilega misjafnt eftir starfsaldri og verðleikum, sem hann mun hæfastur til að dæma um.

Eins og háttv. þingmönnum er þegar kunnugt frá meðferð fjáraukalaganna fyrir árin 1918—19, eru nú leigðir 2 bátar til landhelgigæslu um síldveiðatímann. Nefndin telur óhjákvæmilegt, að svipað fyrirkomulag verði haft framvegis og að ríkið taki þessa gæslu alveg í sínar hendur, án þess að krefjast nokkurs framlags annarsstaðar frá. Að öðrum kosti mundi annaðhvort ekkert verða úr þessum framkvæmdum, eða þær þá að eins kák. Enda mælir lítil sanngirni með því, að hjeruð þau, sem liggja að því svæði, er gæta þarf, leggi fram nokkurt fje til gæslunnar, því að venjulega munu þau ekki öðrum fremur hafa sjerstök not af henni.

12 gr.

Um styrkina til að vitja læknis skal þetta tekið fram:

Árneshreppur í Strandasýslu hefir áður notið styrks til að vitja læknis, en sá styrkur fjell niður þegar læknir kom í hreppinn. Nú er Árneshreppur aftur orðinn læknislaus, og þykir nefndinni því rjett að taka styrkinn upp aftur, uns læknir fæst í hjeraðið.

Öræfingastyrkinn vill nefndin hækka lítið eitt vegna dýrtíðar og erfiðleikanna, er þeir eiga við að búa. — Þá leggur nefndin til, að þremur nýjum styrkjum sje bætt við, er ekki hafa staðið í fjárlögum, og er þá fyrst styrkur til Grímseyinga, en um hann er háttv. deildarmönnum kunnugt frá meðferð fjáraukalaganna, og vísast til þess, er þá var um hann talað. — Við hina tvo styrkina gerir nefndin þessar athugasemdir: Suðureyrarhreppsbúar í Súgandafirði eiga yfir erfiðan fjallveg að sækja til læknis; mun sú leið nálega aldrei notuð í því skyni, heldur læknis leitað á vjelbátum. En eins og öllum er kunnugt, eru slíkir flutningar mjög dýrir, ekki síst nú á tímum, og þykir nefndinni því sanngjarnt að hlaupa þarna ofurlítið undir bagga. — Skarðs- og Klofningshreppabúar í Dalasýslu eiga mjög langa leið til læknis síns, sem situr í Búðardal, þó einkum þeir, er í Breiðafjarðareyjum búa. Verða þeir annað tveggja að fara afarlanga sjóleið, eða fyrst stutta sjóferð og síðan langa landvegsferð. Virðist nefndinni því engu síður ástæða til að styrkja þessa hreppa en ýmsa aðra, er hafa verið teknir í fjárlögin. Þess

má geta, að Suðureyrarhreppur fór fram á 500 kr. styrk á ári, en Dalahrepparnir 1000 kr. á ári.

Kostnaður við starfrækslu Röntgensáhaldanna varð árið 1918 á 7. þús. kr., og læknir stofnunarinnar telur engar líkur til, að hann verði minni á næstu árum. Nefndinni þykir þetta sennilegt, og vill því lagfæra þessa áætlunarupphæð, svo að hún verði nær sanni en í stjórnarfrumvarpinu.

Í heilsuhælinu á Vífilsstöðum eru venjulega alt að 90 sjúklingar. Hver berklaveikissjúklingur þarf talsverða læknisumsjá, enda má segja, að starf læknisins aukist nú með ári hverju vegna nýrra lækningaaðferða, svo sem ljóslækninga o. fl. Það virðist því alveg óverjandi að hafa að eins einn lækni í svona stóru hæli, og má geta þess, að á slíkum hælum erlendis, er hafa jafnmarga sjúklinga, mundu vera að minsta kosti 3 læknar. Nefndin vill því leggja til, að fje sje veitt til að launa fastan aðstoðarlækni, og virðist ekki mega ætla honum minni laun en 2000 kr. á ári, auk ókeypis fæðis og húsnæðis. Lítt hugsandi, að hæfur maður fengist fyrir minna.

Fjárveitinguna til undirbúnings landsspítala vill nefndin hækka um 5000 kr. á fjárhagstímabilinu. Er það gert af þeim ástæðum, að nauðsynlegt þykir, að húsameistari og læknir fari utan til að afla sjer nauðsynlegra upplýsinga um útbúning og tilhögun slíkra stofnana. Þessir menn eru nú þegar farnir utan, og ætlast nefndin til, að kostnaðurinn við för þeirra verði greiddur af þessum lið fjárlaganna.

Byggingarstyrk sjúkraskýla vill nefndin færa allan yfir á síðara árið. Telur hún ekki rjett að hvetja nokkurt hjerað til að ráðast í þesskonar byggingar á næsta ári, þar sem vonast má eftir, að efniskostnaður muni eitthvað minka fram á árið 1921. Enda ættu þá jafnvel tvö sjúkrahús að geta orðið styrksins aðnjótandi á sama ári. Samt sem áður er það auðsætt, að byggingarkostnaður allur lækkar ekki svo mikið í náinni framtíð, að ákvæðið um, að styrkur þessi megi ekki fara fram úr 3 þúsundum kr. á hverja 1000 hjeraðsbúa, hljóti ekki að verða þess valdandi, að lítið muni um hann. Vill nefndin breyta þessu ákvæði þannig, að í stað 3000 komi 5000, og eru þá nokkrar líkur til, að styrkurinn verði eins mikill hluti byggingarkostnaðarins og upphaflega var til ætlast. En fram úr $^1/_3$ kostnaðar getur styrkurinn þó aldrei farið.

Halldór Hansen læknir sendir Alþingi erindi og fer þess á leit, að sjer verði vettur 4000 kr. utanfararstyrkur til þess að afla sjer framhaldsmentunar viðvíkjandi meltingarsjúkdómum. Læknir þessi er að vísu ekki í þjónustu ríkisins, en nefndin álítur, að hann þó engu að síður hafi unnið þjóðfjelaginu gagn með starfsemi sinni, og þar eð nefndin er sannfærð um, að hann er efnilegur maður í sinni grein, vill hún mæla með því, að hann fái þennan styrk. Þess má geta, að hann hefir aldrei áður notið styrks af opinberu fje til framhaldsmentunar. Finst nefndinni auk þess litlar líkur til, að utanför hans auki að mun tekjur hans í framtíðinni, heldur aðallega hafa þann árangur að gera hann hæfari til að hjálpa sjúklingunum.

Guðmundur Thoroddsen hefir í núgildandi fjárlögum 2000 kr. styrk á ári til að framast í skurðlækningum erlendis. Fer hann fram á, að Alþingi veiti sjer styrk þennan áfram, því að hann þurfi enn framhaldsmentunar, en telur ómögulegt að dvelja í útlöndum án þess að fá nokkurn styrk. Nefndin vill verða við þessum tilmælum hans, því að hún vill engar hömlur leggja á, að jafnefnilegur

maður geti náð sem mestri fullkomnun í sinni grein. Að öðru leyti skal vísað til álits nefndarinnar um þetta efni á þinginu 1917.

Sjúkrasjóð Fellshrepps voru í síðustu fjárlögum veittar 200 kr. Mæltist 1. þingm. Skagfirðinga til þess við nefndina, að hún legði til, að jafnmikil upphæð yrði veitt á næsta fjárhagstímabili. Vísaði hann til ummæla sinna um þetta mál á síðasta þingi. Þar sem nefndin telur áhuga í þessum efnum og alla viðleitni lofsverða og alls góð maklega, þá vill hún í þetta sinn mæla með þessari styrkveitingu.

Frú María Össurardóttir, kona Torfa kaupm. Halldórssonar á Flateyri í Önundarfirði, fekst mikinn hluta æfi sinnar við smærri lækningar og sjúkrahjúkrun og það ætíð án nokkurs endurgjalds. Kom þessi starfsemi hennar og ósjerplægni fjölda manna að liði, ekki síst á meðan enginn læknir var í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Af þessum ástæðum stofnuðu nokkrir vinir hennar sjóð til minningar um hana, og skyldi tilgangur hans vera sá, að halda áfram hjúkrunarstarfseminni, líkt og hún sjálf hafði gert. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, frá 7. mars 1916, má sjóðurinn ekki taka til starfa fyr en höfuðstóllinn er 2000 kr. Enn þá er eign sjóðsins ekki orðin nema tæpar 1300 krónur, þrátt fyrir það, þótt sveitarfjelagið og önnur fjelög hafi lagt í hann og honum einnig borist dánargjafir. Stjórn sjóðs þessa fer nú fram á, að Alþingi veiti fje til hans, svo að hann geti þegar tekið til starfa. Vill nefndin mæla með, að sjóðnum verði veittar 1000 kr. í eitt skifti, í viðurkenningarskyni um starfsemi þessarar látnu heiðurskonu, og jafnframt vegna þess, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefir verið ómögulegt að stofna sjúkrasamlag á þessu svæði.

Sjúkra- og slysasjóði verkamanna í fjelaginu Dagsbrún voru í síðustu fjárlögum veittar 1000 kr. Nú hefir sjóðs þessa þurft mjög við á síðustu árum, einkum á síðastliðnum vetri, vegna veikinda þeirra, er þá geisuðu. Nefndin telur því rjett að hlaupa undir bagga með sjóðnum í þetta skifti til styrktar starfsemi hans, og er það í samræmi við uppbótarstyrkina til sjúkrasamlaga, er veittir voru í fjáraukalögum.

Hjúkrunarfjelagið »Líkn« í Reykjavík hefir það markmið að leiðbeina fólki af berklaveikum heimilum um það, hvernig það geti komið í veg fyrir, að hver heimilismaður smiti annan og að sýkin berist út frá heimilunum. Í þessu skyni lánar fjelagið meðal annars rúm, sængurfatnað o. fl., eftir því sem þörf er á, og lítur eftir hreinlæti á heimilunum. Auk þess hjálpar fjelagið fátæku fólki með matgjöfum, ef á þarf að halda. Nú hefir fjelagið sett upp hjer í Reykjavík hjálparstöð, líkt og á sjer stað í öðrum löndum, og er enginn vafi á því, að sú stöð getur komið að miklum notum. Með því að nefndin telur þessa byrjunarstarfsemi mjög mikilsvarðandi í baráttunni gegn berklaveikinni, þá vill hún samkvæmt ósk fjelagsins leggja til, að því verði framvegis veittur árlegur styrkur. En það vill nefndin gera að skilyrði, að bæjarsjóður leggi fje á móti, enda virðist það sjálfsagt, þar sem starfsemi fjelagsins er bundin við Reykjavík, þótt hún óbeinlínis geti komið öllu landinu að notum.

13. gr. A.

Nefndin vill leggja til, að liðurinn um laun brjefhirðingarmanna verði hækkaður um 500 kr. á ári. Hefir stjórnin klipið þær 500 kr. af tillögum póstmeistara, en hann færir þau rök fyrir hækkunartillögum sínum, að ómögulegt

muni verða að halda ýmsum brjefhirðingarmönnum, nema þeim sjeu veittar ofurlitlar launabætur, og einnig muni verða að fjölga brjefhirðingum.

Skrifstofukostnað póstmeistara vill nefndin einnig hækka í samræmi við tillögur hans. Telur hann fullkomlega víst, að öll störf á pósthúsinu muni aukast afarmikið nú, er frjálsar samgöngur hefjast aftur. Sundurliðar hann kostnað þennan mjög greinilega, og fellst nefndin á, að hann muni varlega áætlaður.

Skrifstofukostnað og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur og húsaleigu þeirra hefir stjórnin fært nokkuð niður frá tillögum póstmeistara. Báða þessa liði vill nefndin hækka og fara eftir tillögum hans. Virðist síst ástæða til að draga úr þessum upphæðum, enda alkunnugt, að embættismaður þessi áætlar einlægt varlega og sanngjarnlega.

13. gr. B.

Undir eins og nefndin tók að athuga þennan kafla fjárlagafrumvarpsins varð henni það ljóst, að um afturhald var að ræða í framkvæmdum til vegagerða og gert ráð fyrir minni vegalagningum nú en nokkru sinni áður hafði verið á síðustu 10 árum. Var nefndin á einu máli um það, að við svo búið mætti ekki standa, og mætti ekki lengur undir höfuð leggjast að hraða vegagerðum, eftir því sem frekast væri unt og vinnukraftur leyfði. Aftur á móti virtist það ekki gerlegt að bæta inn í fjárlögin jafnmiklum upphæðum og nefndin áleit að til vantaði, ef sæmilegt ætti að vera. Mundi vera ógerningur að taka þær fjárhæðir af tekjum eins fjárhagstímabils.

Af þessum ástæðum og fyrir áeggjun og forgöngu vegamálastjóra samþykti nefndin og stuðlaði til, að fram kæmi frumvarp það um brúargerðir, er samgöngumálanefndin flutti og nú er orðið að lögum frá Alþingi. Vegna þessara nýju laga má draga um 350 þús. krónur frá gjöldum fjárhagstímabilsins í þessum kafla. En eins og ráða má af því, sem áður er sagt, var tilgangurinn alls ekki sá, að spara þetta fje, heldur hinn, að geta framkvæmt meira. Nú leitaði nefndin álits vegamálastjóra um það, á hvern hátt fjenu yrði best varið og hverjar vegagerðir ættu fyrst að koma til framkvæmda. Kom hann til nefndarinnar með tillögur sínar, og hefir hún í einu sem öllu farið eftir þeim.

Til skýringar þeim, sem kynni að virðast svo, sem nefndin hefði verið of ör á fje og stigið óþarflega stórt framfaraspor á þessu sviði, skal bent á það, að hún gerir í tillögum sínum ekki ráð fyrir meiri framkvæmdum en áður var á venjulegum tímum. Því til sönnunar er þetta: — Alþingi 1913 veitti í þessum kafla fjárlaganna rúmar 350 þús. krónur á fjárhagstímabilinu, og haustið 1914 áætlaði þáverandi landsverkfræðingur, að veita þyrfti að meðaltali um 360 þúsundir á hverju fjárhagstímabili framvegis.

Það munu engar öfgar, þótt sagt sje, að kostnaður við þessar framkvæmdir hafi nær þrefaldast síðan á þingi 1913, og að naumast muni nú hægt að framkvæma meira verk fyrir 300 kr. en fyrir 100 kr. áður. Til þess því að vinna eins mikið á næsta fjárhagstímabili og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1914—15, mundi þurfa rúma 1 miljón króna. Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir tæpum 700 þús. króna gjöldum í þessum kafla, og ef þar við er bætt þeim 350 þúsund krónum, sem gera má ráð fyrir að verði varið á sama tíma til brúargerða, þá verður það sem næst þeirri upphæð, sem fyr var nefnd. Skal þá vikið að hinum einstöku breytingartillögum.

Ferðakostnað vegamálastjóra vill nefndin hækka, þar sem auðsætt er, að því víðar sem unnið er að vegagerðum, því meiri ferðalög þarf til eftirlits, og vill nefndin síst láta þennan lið benda á, að hann megi ekki ferðast eins og hann telur nauðsynlegt.

Það er auðsætt, að eftir því sem fleiri og meiri framkvæmdir eru, því meiri aðstoð hlýtur vegamálastjóri að þurfa. Vill nefndin því hækka þennan lið, en gerir auk þess ráð fyrir, að aðalaðstoðarmaður hans taki laun samkvæmt launalögum.

Athugasemdin aftan við þennan lið fellur burt, af því að gert er ráð fyrir, að Búnaðarfjelagið haldi sjerstakan vatnsvirkjafræðing framvegis.

Samkvæmt upplýsingum vegamálastjórans virðist óbjákvæmilegt að hækka skrifstofukostnað hans. Mun hann ella ekki geta fengið nokkurn mann til að starfa á skrifstofunni, en það væri dýr sparsemi að tefja sjálfa verkfræðingana frá sínum störfum við venjuleg skrifstofustörf.

Fjárveitingunni til Skagfirðingabrautar er lagt til að hagað verði þannig, að að eins 5000 kr. komi á fyrra árið, sökum þess, að þá er gert ráð fyrir, að bygð verði brúin á Reynistaðará, og er hún áætluð 15000 kr., sem þá greiðist af væntanlegu brúaláni.

Grímsnesbraut. Gert er ráð fyrir sömu fjárhæð á fjárhagstímabilinu eins og í stjórnarfrumvarpinu, en skift þannig vegna þess, að fyrra árið verður gerð brúin á Brúará.

Samkvæmt stjórnarfrumv. er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til Hvammstangabrautar, og hafði þó vegamálastjóri ætlast til þess í hinum upprunalegu tillögum sínum til stjórnarinnar. Braut þessi verður öll að lengd um 5,5 km., og kostnaðurinn áætlaður um 35000 kr. Braut þessi liggur frá Hvammstanga og fram á móts við Stóra-Ós. Leiðin er nú mjög illa veguð, að eins götur um mýrar og mela og ófær vögnum, jafnvel um hásumar. Hefir ekkert verið veitt til þessa vegar áður, og virðist því rjett að byrja á brautinni þegar á næsta fjárhagstímabili. Enda kemur hún að notum öllum þeim, er kaupstað sækja á Hvammstanga, nema nokkrum bæjum á Vatnsnesi. Er svo gert ráð fyrir, að brautinni verði lokið með 5000 kr. fjárveitingu árið 1922.

Vegamálastjórinn óskaði þess, að stjórnin legði til, að 29 þús. kr. yrðu veittar á ári til viðhalds flutningabrauta, en hún hefir af óskiljanlegum ástæðum sett lægri upphæðir í frumvarpið, enda engin grein gerð fyrir því. Fjárveitingar til viðhaldsins eru eitt af því, sem síst má spara og veldur mestum skaða, ef klipið er af. Hin nýja hækkun frá upphaflegum tillögum vegamálastjórans er ætlast til að gangi meðal annars til meiri varanlegra umbóta á Suðurlandsbrautinni. Annars mun verða gerð nánari grein í framsögunni fyrir því, hvernig áformað er að verja þessu fje.

Vegurinn frá Ingólfsfjalli austur að Þjórsá (Flóabrautin) er nú orðinn 20—25 ára gamall. Vegarstæðið er slæmt að því leyti, að erfitt er að útvega haganlegt efni til slitlags. Þegar vegurinn var upphaflega gerður, var notkun flutningavagna alveg í byrjun, en nú eru vagnaflutningar orðnir afarmiklir, og auk þess er þetta þjóðbraut Suðurlands. Slit á veginum hefir því farið mjög vaxandi; kemur það mest til af því, að viðhaldið hefir ekki getað verið nægilegt, og hefir þó Árnessýsla nú tvö síðustu árin lagt til þess 3000 kr. á ári. Nú er vegurinn kominn í hina mestu niðurníðslu og þarf mjög bráðra og gagngerðra aðgerða. Álitur

vegamálastjóri óhjákvæmilegt að byggja ofan á allan veginn með nýrra og haldbetra fyrirkomulagi. Áætlar hann, að vegabót þessi muni kosta 200 þúsund krónur.

Það er auðsætt, að þessi kostnaður er Árnessýslu algerlega ofvaxinn, og þar sem nefndin er vegamálastjóra sammála um, að ekki megi láta dragast lengur að lagfæra þennan afarfjölfarna veg, þá hefir hún fallist á þær tillögur hans, að ríkissjóður hlaupi undir baggann. Eins og áður er sagt, á vegagerðin að kosta 200 þús. kr., en þar af eru ætlaðar 30 þús. kr. til áhaldakaupa, sem einkum eru mulningsvjel og valtari. Rjett þykir, að ríkissjóður einn kaupi áhöld þessi, því að þau munu koma að góðu haldi við síðari vegagerðir. Þá er gert ráð fyrir, að um 20 þús. kr. muni þurfa til endurbygginga trjebrúa. En það verður framkvæmt samkvæmt brúarlögunum, og greiðir ríkissjóður þar $^2/_3$ hluta kostnaðar. Þá eru eftir 150 þús. kr., sem fara til sjálfrar vegarlagningarinnar. Af þeirri upphæð leggur nefndin til að ríkissjóður greiði $^2/_3$ hluta, en Árnessýsla $^1/_3$. Vegamálastjóri vill, að vegabót þessi verði framkvæmd á næstu 4 árum, og þarf þá að veita úr ríkissjóði 25 þús. kr. á ári.

Stykkishólmsveginum er lagt til að verði veitt minna síðara árið, af því að það ár á einnig að byggja brú á Núpá í Eyjarhreppi. Þess má geta, að af fyrra árs fjárveitingunni verður nokkurri upphæð varið til lokaviðgerðar á veginum fyrir norðan fjall. En hitt og öll síðara árs fjárveitingin gengur til vegarins fyrir sunnan fjall áleiðis að Gröf í Miklaholtshreppi. Til þess að fullgera einnig þann kafla mun þurfa 15—20 þús. kr. Má gera ráð fyrir, að þær verði veittar árið 1922.

Eins og flestum mun kunnugt, er Norðurárdalsvegurinn afarfjölfarinn vegur, og ber því að leggja alt kapp á, að hann komist sem allra fyrst upp að Hraunsnefi; en fyrst um sinn er gert ráð fyrir, að hann nái ekki lengra. Eru allar líkur til, að ekki þyrfti nema eins árs fjárveitingu til hans í viðbót, ef tillaga nefndarinnar nær fram að ganga.

Langadalsvegur í Húnavatnssýslu, eða vegarkaflinn frá Blöndubrú að Auðólfsstöðum, er um 19 kilóm. að lengd, og hefir verið talinn meðal þjóðvega þeirra, er fyrst bæri að gera akfæra. Eru nú eftir ógerðir af þessum kafla um 6 km. Það er mjög brýn þörf á, að þessi vegur komist sem fyrst alla leið, því að á þessu svæði er sjerstaklega ilt yfirferðar, einkum á vetrum, og flutningsþörfin talsvert mikil. Með þessari fjárveitingu mundi væntanlega þurfa um 12000 kr. í viðbót til þess að koma honum alla leið og til smáaðgerða við hann, til undirbúnings afhendingar í hendur sýslunnar.

Til Hróarstunguvegar hefir í fjárlögunum verið veitt fje síðan 1914. Vill nefndin því leggja til, að hann verði tekinn upp í frumvarpið, þar sem telja verður mjög nauðsynlegt, að hann verði sem fyrst fullgerður, enda hafði vegamálastjórinn í sínum upprunalegu tillögum gert ráð fyrir, að hann yrði tekinn í frumvarpið, þótt stjórnin hafi ekki svo viljað vera láta. En því er veitt minna til hans síðara árið, að gert er ráð fyrir, að sami flokkur manna vinni að þeim vegi sem nú skal um getið, Vallaveginum.

Þessi vegur liggur frá Fagradalsbrautinni suður Velli í Suður-Múlasýslu að Gilsá, og er um 12 km. að lengd. Um aldamótin var lagður þarna að mestu leyti upphleyptur vegur, en malarlítill og nú slitinn mjög, og margir smálækir í giljum óbrúaðir. Kemur vegurinn því að mjög litlum notum sem akvegur, en

sveitin er þjettbýl og flutningaþörf mikil. Er hann því talinn meðal þeirra þjóðvega, er hraða beri. Gert er ráð fyrir, að til hans muni þurfa alls um 35 þús. kr., áður en hægt verði að afhenda hann sýslunni til viðhalds.

Ef tillögur vegamálastjóra og nefndarinnar um fjárveitingu til Krossárdalsvegarins ná fram að ganga, þá má gera ráð fyrir, að sú vegagerð á því svæði, sem þegar hefir verið unnið á, verði nothæf, og að komist verði yfir verstu ófærurnar á þeim kafla.

Fjenu til vegagerðar í Dalasýslu á að verja til umbóta á veginum frá vegamótunum við Saura í Laxárdal, um Laxárbrú til Búðardals, og á veginum norðan við brúna á Ljá, svo að vel verði akfært að Fáskrúð. Síðara árið mun einnig verða gerð ný brú á Laxá, í stað gamallar trjebrúar, sem þar er nú, og mun þá viðgerð þess kaflans fara fram í sambandi við brúargerðina.

Öxnadalsveginum er fyrst um sinn ætlað að ná fram að Bægisá, og eru ógerðir af honum um 9,5 km. Vegamálastjóri álítur, að tilgangslaust sje að veita til hans í einu hærri upphæðir, vegna þess að erfitt muni að fá menn í vinnu þessa, sem verður vorvinna, sjerstaklega vegna þess, að Eyjafjarðarárbrúin, sem væntanlega verður gerð á næsta fjárhagstímabili, muni verða mannfrek.

Kjalarnesveginn á að lagfæra frá Leirvogsá um svokallaðar Kleifar upp undir Esju. Eru þar svo miklar tálmanir fyrir vagnflutninga af Kjalarnesi, að heita má ófært, nema að eins með ljetting í vagni að sumri til.

Suðursveitarvegur. Fjárveitingin er ætluð til smáumbóta og vegagerða á kaflanum undan Kálfafellsstað.

Samkvæmt oftnefndum lögum um brúargerðir leggur nefndin að sjálfsögðu til, að allar framkvæmdir, sem undir þau lög koma og í fjárlagafrumvarpinu standa, verði numdar þaðan í burt. En það leiðir af sjálfu sjer, að hún gerir engu að síður ráð fyrir, að ekki verði minni framkvæmdir á fjárhagstímabilinu í þeim efnum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Telur hún sjálfsagt, að stjórnin bregði sem fljótast við til að útvega lán í þessu skyni, og gerir einkum ráð fyrir innanríkislánum. Eins og háttvirtum deildarmönnum er kunnugt frá ræðum framsögumanns samgöngumálanefndarinnar um brúafrumvarpið er þetta í fullu samræmi við álit þeirrar nefndar.

Vegamálastjóri gerði í hinum upprunalegu tillögum sínum til stjórnarinnar ráð fyrir, að veittar yrðu til »annara vegabóta og viðhalds« 25000 kr. á ári, og færði þau rök fyrir þeirri hækkun frá núgildandi fjárlögum, að vegna dýrtíðarinnar undanfarin ár hafi ekki verið hægt að framkvæma eins miklar viðgerðir eins og þurft hefði, ef vel ætti að vera, — og einnig þá ástæðu, að enn minna verk fengist nú fyrir peningana en árið 1917. Þrátt fyrir þetta hefir stjórnin ekki tekið tillögur hans til greina. Nefndin ákvað þegar í upphafi að fara þar eftir tillögum vegamálastjóra. En síðar sendi hann stjórninni erindi, er hún svo sendi nefndinni. Fer hann þar fram á, að fjárveiting þessi verði enn hækkuð á fjárhagstímabilinu um 15000 kr., vegna þess, að verja þurfi þeirri upphæð til umbóta á þeim kafla núverandi Hafnarfjarðarvegar, sem ríkissjóður er skyldur að halda við. Með því að nefndin er sammála vegamálastjóra um það, að engin tök sjeu á því fyrst um sinn að halda áfram hinum alkunna, nýja Hafnarfjarðarvegi, þá mælir hún með því, að fje þetta sje veitt til þessarar aðgerðar, og vill skifta upphæðinni að jöfnu á bæði ár fjárhagstímabilsins.

Fjárveitingarnar til fjallvega vill nefndin hækka vegna þess, að mjög

víða er þörf á viðgerð á fjallvegunum. Nokkur sæluhús eru tekin að hrörna, og sjerstaklega væri mjög æskilegt að ryðja kafla á aðalfjallvegunum milli Norður- og Suðurlands og hressa upp á vörður, einkum þar sem búast má við, að útlendingar taki nú upp aftur sumarferðalög hjer á landi.

Nefndin vill veita ríflega fje til áhaldakaupa í því skyni, að hægt sje að kaupa nýjar vjelar til vinnusparnaðar.

Það lítur svo út, sem vaknaður sje mikill áhugi hjá ýmsum sýslufjelögum á því að byggja og bæta akvegakerfið út frá flutningabrautunum. Af sýslum þeim, er sjerstakan áhuga sýna nú í þessu efni, mætti nefna Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Suður-Þingeyjarsýslu o. fl. Þar sem sýslufjelög þessi vilja sjálf og verða að leggja á sig miklar byrðar og allur vegagerðarkostnaður hefir hækkað svo gífurlega, þá vill nefndin mæla með því, að veitt sje ríflega fje til akfærra sýsluvega, svo að ríkissjóður geti sem best fullnægt óskum þeirra, er skilyrðunum fullnægja.

13. gr. D.

Eins og öllum er kunnugt, hafa lagningar nýrra símalína tafist nú á ófriðarárunum, og það öllu meira en aðrar framkvæmdir. Voru til þess tvær aðalorsakir, fyrst og fremst sú, að aðalkostnaðurinn við þær er efniskostnaður, og svo hin, að efnið sjálft hefir oft verið ófáanlegt. Er því nú fullkomin ástæða til að reyna eftir föngum að bæta upp tafirnar, og ætti ekkert annað að hefta þær framkvæmdir en að vinnukraftur þryti. Nefndin vill sem sje ekki gera ráð fyrir því, að lánsfje fáist ekki til þess að leggja þær línur, er af lánsfje er ætlað að byggist.

Samkvæmt ritsímalögunum eru það að eins aukalínur, sem á að leggja fyrir tekjuafgang landssímanna. En aðallínur og sambandslínur á að leggja fyrir lánsfje. Hingað til hefir þessu verið framfylgt að mestu leyti, en samkvæmt stjórnarfrumvarpinu á nú að bregða út af þessu, og eru þar teknar nokkrar slíkar línur inn í frumvarpið. Nefndin vill ekki verða þess valdandi, að lagning aukalínanna tefjist fyrir þessar sakir, og leggur því til, að haldið sje áfram uppteknum og lögákveðnum hætti.

Samkvæmt þessu gerir hún breytingartillögur um, að teknar sjeu út af fjárlagafrumvarpinu tvær línur, á sama hátt eins og gert var með brýrnar, en í stað þess vill hún að bætt verði inn í frumvarpið nokkrum aukalínum, er allra nauðsynlegastar teljast.

Nú hafa aðallínur þær, sem þegar eru lagðar, svo mikið að gera, að þær fá því naumast afkastað, hvað þá heldur ef á þær bættust aukalínur. Nefndin verður því að telja það undirstöðuatriði, að aðallínurnar sjeu fyrst fullkomnaðar, svo að þær geti fullnægt afgreiðsluþörfinni, þótt aukalínur bætist við. Af þessum ástæðum lagði landsímastjórnin það til við stjórnina, að lögð yrði á næsta fjárhagstímabili ný lína milli Reykjavíkur og Borðeyrar, en ekki er að sjá, að stjórnin hafi viljað sinna þeirri tillögu. Nefndin verður að vera á sama máli og landssímastjórinn um nauðsyn þessarar línu, og vill leggja *áherslu* á, að hún verði lögð á næsta fjárhagstímabili fyrir lánsfje, og til viðbótar að lagður verði nýr þráður á staurana milli Borðeyrar og Hólmavíkur. Skulu þá hjer taldar upp til frekari áherslu þær línur, sem nefndin ætlast til að lagðar verði næsta fjárhagstímbil fyrir lánsfje.

1. Ný lína milli Reykjavíkur og Borðeyrar.

2. Nýr þráður á staurana milli Borðeyrar og Hólmavíkur.
3. Línan Fáskrúðsfjörður—Reyðarfjörður—Egilsstaðir.
4. Línan Borgarnes—Hjarðarfell.

Það vill nefndin taka fram skýrt og skorinort, að hún ætlast ekki til, að það tefji fyrir lagningu þessara lína, að þær eru teknar út af fjárlagafrumvarpinu.

Skal nú farið nokkrum orðum um þær aukalínur, sem nefndin leggur til að teknar verði inn í fjárlögin.

Línan milli Blönduóss og Kálfshamarsvíkur á að liggja um allfjölbygðar sveitir og um kauptúnið Skagaströnd. Eru í þessu kauptúni 150 manns og rekin allmikil verslun. En það, sem að voru áliti gerir þessa línu mest nauðsynlega, er einmitt samband það, sem næst við endastöðina Kálfshamarsvík. Eins og flestum er kunnugt, er hafnleysi mikið við austanverðan Húnaflóa, en skárstar eru þó hafnir þær, sem línan á að liggja um, Skagaströnd og Kálfshamarsvík.

Kálfshamarsvík er talsvert notuð sem nauðleitarhöfn, og leitar oft þangað fjöldi skipa, er veiðar stunda fyrir Norðurlandi, bæði vegna veðra og annara erinda. Mundu þau þó vafalaust verða miklu fleiri, ef sími kæmi þangað. Er því full ástæða til að álíta, að símalína þessi muni verða arðvænlegt fyrirtæki fyrir landssímana. Hjeraðsbúar hafa sýnt mikinn áhuga á þessu máli, enda finna þeir best til þarfarinnar. Bjóða þeir nú fram, að auk tillags þess, kr. 4000, sem gert er að skyldu að komi frá hjeraðinu, skuli þeir annast allan flutning á efninu frá næstu höfn, án nokkurs kostnaðar fyrir ríkissjóð. Enn fremur lofa þeir að útvega duglega menn til símalagningarinnar, fyrir sanngjarnt kaup.

Næst kemur þá línan frá Hólmavík til Reykjarfjarðar. Hún mun nú vera sú lína, sem að flestra manna dómi, er ástæður þekkja, síst má dragast, og líklegust er til að gefa góðan arð af sjer. Eins og mörgum mun kunnugt, rís nú upp á þessu svæði hver síldarstöðin á fætur annari, bæði útlendar og innlendar. En auk þess eru mjög tíðar komur fiskiskipa á firðina þar norður frá. Mundi þetta tvent fyrst og fremst útvega línunni feikna starf. Þá má og nefna þarfir sveitarinnar, sem eru miklar og brýnar. Er þar talsverð verslun og sjávarútvegur, en sveitin einangruð mjög, einkanlega á vetrum, að því er landleiðir snertir, og svo mikla nauðsyn telur alt sýslufjelagið á því, að sveitin fái síma, að það álítur endurreisn sveitarinnar, sem á síðustu árum hefir orðið fyrir miklum skakkaföllum af dýrtíð og harðæri, velta á því að miklu leyti, að síminn komi sem fyrst. Nefndin ætlast til, að annarsstaðar frá en úr ríkissjóði komi 9300 kr., og gerir ráð fyrir því, að hlutaðeigendur vinni það að einhverju leyti af sjer, með því að annast flutning efnisins frá sjó. Nefndin telur rjett, að sæsími verði lagður yfir Steingrímsfjörð, og landlínan þaðan yfir Bjarnarfjarðarháls um Sunnudal, og hefir hún bygt tillögur sínar á þeirri kostnaðaráætlun.

Símalínan frá Búðardal til Króksfjarðarness er fyrsti spottinn af hinni fyrirhuguðu Barðastrandarlínu, og þegar af þeirri ástæðu ein af línum þeim, er flýta þarf, enda hefir hún lengi verið á döfinni, og mundi sjálfsagt hafa verið komin fyrir nokkru, ef ófriðurinn hefði ekki skollið á, þar sem landsstjórn og símastjórn, og jafnvel Alþingi, höfðu áður heitið línunni. En auk þess fær vesturhluti Dalasýslu og insti hluti Barðastrandarsýslu þegar símasamband með þessum spotta. Eru þar þjettbýlar og frjósamar landsveitir og tveir verslunarstaðir, Tjaldanes (Salthólmavík) og Króksfjarðarnes, og hefir sitt kaupfjelagið bækistöð á

hvorum staðnum. Nefndin ætlast til, að hjeruðin leggi fram til þessara lína 12000 kr., á sama hátt og um var getið við Reykjarfjarðarlínuna.

Eins og áður var drepið á, getur það hugsast, að landssímastjórinn treysti sjer ekki til að útvega nægilegan vinnukraft til þessara línugerða, en þá væntir nefndin þess, að hann í tæka tíð gefi hlutaðeigandi hjeruðum kost á að útvega verkamenn, gegn því, að hann sjái fyrir verkstjórum.

Stjórnin hefir klipið af ýmsum liðum í þessum kafla frá tillögum landssímastjóra, án þess að fyrir því sje nokkur grein gerð í athugasemdunum. Nefndin vill lagfæra þetta á nokkrum stöðum, og ef til vill taka hina aðra liði betur til athugunar síðar. Er þar fyrst að telja ritsímastöðina á Seyðisfirði, er nefndin vill hækka um 2000 kr. á ári. Getur nefndin ekki sjeð betur en að áætlun landssímastjóra á þessum lið sje í alla staði sanngjörn.

Þá vill nefndin bæta inn nýjum lið, eftir tillögum landsímastjóra, til aukaritsímaþjónustu. Færir hann þau rök, að búast megi við, að útvega verði aðstoð um veiðitímann, eða ef veikindi ber að höndum, við stöðvar eins og t. d. Siglufjörð og Vestmannaeyjar. Sömuleiðis getur komið til mála, að setja þurfi til bráðabirgða ritsíma á stöðvum, þar sem að eins er talsímaafgreiðsla.

Fjárveitinguna til eyðublaðaprentkostnaðar o. fl. vill nefndin hækka, eftir tillögum landsímastjóra. Má geta þess, að gjöldin á þessum lið urðu nálega 30000 kr. árið 1918. Eru því lítil líkindi til, að verð á pappír og prentun lækki svo, að komist verði af með minna en 25 þús. kr. á ári.

Landssímastjóri skýrir frá því, að útvega þurfi handa allmörgum hinum minni landssímastöðvum miðstöðvarborð. Mun því varla verða komist af með öllu minni upphæð en þá, sem nefndin leggur til að veitt verði til viðbótar og viðhalds stöðvunum. Þess má enn fremur geta, að gjöldin í þessum lið urðu nær 8000 kr. árið 1917.

Sama ár var varið til ferðakostnaðar 5900 kr. Nefndin telur því mjög ólíklegt, að næstu ár verði komist af með minna en 6000 kr., ekki síst þegar svo margar framkvæmdir eru fyrirhugaðar, sem útheimta auknar ferðir og eftirlit.

Að sjálfsögðu eykst kostnaður við viðhald símanna með ári hverju, eftir því sem línum fjölgar. Árið 1917 var þessi kostnaður 51 þús. kr. Væri því óvarlegt að áætla nú þennan lið lægra en 50 þús. kr. á ári. En nefndin vonast eftir, að þó verði komist af með þessa upphæð, þar eð gerðar hafa verið tiltölulega miklar umbætur á símanum árin 1917 og 1918.

Enn vill nefndin bæta við nýjum lið, utanfararstyrk símamanna, eftir tillögum landssímastjóra. Er ætlast til, að þetta verði styrkur handa þeim starfsmanni eða starfsmönnum landssímans, er ætla má að geti með utanför sinni aflað sjer kunnáttu, er landssímanum gæti síðar komið að notum.

13. gr. E.

Stjórnin hefir áætlað skrifstofukostnað vitamálastjóra 500 kr. lægri en hann hefir sjálfur gert. En nefndinni þykir hann mjög varlega áætlaður hjá honum og getur ómögulega búist við, að hægt verði að komast af með minni upphæð.

Samskonar aðferð hefir stjórnin haft við ferðakostnaðinn, án þess að gera nokkra grein fyrir. Nefndinni þykir mjög ótrúlegt, að ferðakostnaður standi í stað, þegar peningar lækka og vitum fjölgar. Vill hún því fara eftir tillögum

vitamálastjórans, og þá einnig af þeirri ástæðu, sem um var getið við samskonar lið hjá vegamálastjóra.

Vitamálastjórinn skýrir frá því, að fjárveitingar til rekstrarkostnaðar vitanna hafi á undanförnum árum reynst alt of lágar. Gerir hann því tillögur sínar eftir fenginni reynslu, og þó hvergi nærri eins háar eins og kostnaður sá varð á árinu 1918. Er áætlun hans vel rökstudd og greinilega sundurliðuð, og vill nefndin því fara eftir tillögum hans.

Í tillögum sínum til stjórnarinnar gerði vitamálastjórinn ráð fyrir, að næst á eftir Gjögurvita yrði settur viti í Hrísey á Eyjafirði. Viti þessi verður að teljast mjög nauðsynlegur vegna hinna miklu siglinga um Eyjafjörðinn. En í sambandi við þennan vita er ráðgert að hafa tvo aðra vita, á Hjalteyri og Svalbarðseyri. Samkvæmt brjefi frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dagsettu 3. nóv. f. á., hafa hjeruðin umhverfis fjörðinn gengið inn á að kosta byggingu þessara vita, ef landssjóður kostaði Hríseyjarvitann. Aftur á móti er til þess ætlast, að landssjóður kosti rekstur og viðhald allra vitanna. Þar sem nú þessi hjeruð sýna svo mikinn áhuga og vilja leggja á sig þessar gjaldabyrðar, þá finst nefndinni öll sanngirni mæla með að láta ekki lengur dragast að reisa vitann í Hrísey.

Síðasta lið þessa kafla mun nauðsynlegt að hækka, þar sem fjárveitingar undanfarandi ára hafa einlægt reynst of litlar, og svo enn fremur af þeim ástæðum, að upp í þennan lið er ætlast til að tekin verði sumpart ný gjöld og sumpart gjöld, sem áður hafa verið talin undir öðrum liðum. Enn fremur virðist ekki ósanngjarnt að láta ofurlítið af mörkum í hinn nýstofnaða styrktar- og sjúkrasjóð vitavarðanna, en þó í mesta lagi til jafns við það, er þeir leggja sjálfir fram. Þess má geta, að tilgangur sjóðs þessa er sá, að styrkja bágstadda og veika vitaverði og ekkjur þeirra og börn, en ekki að veita þeim eftirlaun.

14. gr.

Þess er fyrst að geta, að nefndin hefir látið öll laun óhreyfð við aðra umræðu, þau er standa eiga í launalögunum. En hún býst við, að launalögunum verði svo langt komið, er 3. umr. verður, að þá megi setja launaupphæðirnar inn, svo sem þær eiga að verða.

14. gr. A. Nefndinni þótti rjett rök og sanngirni mæla með því, að Birni Stefánssyni presti yrði veittur húsabótastyrkur sá, er hún leggur til.

Nefndin leggur til, að hjer komi nýr liður, uppbót á kostnaði prestsins á Stað í Grunnavík til þess að húsa staðinn. Jónmundur prestur Halldórsson kom þar að öllum húsum kolföllnum og hefir nú sýnt mikinn dugnað við að húsa bæinn og lagt í meiri kostnað en hann má leggja á litlar tekjur brauðsins. Nefndin leggur því til, að honum verði veittar 10000 krónur upp í kostnaðinn, gegn því, að þessi hús og mannvirki verði eign staðarins:

Bæjarhús, virt á	.....	kr. 15000
fjós og hlaða — -	.....	— 1000
peningshús — -	.....	— 1500
girðing — -	.....	— 2000
Samtals eru þessi hús og mannvirki því virt á	.....	kr. 19500

og skal prestur skila þeim í góðu standi, þegar hann fer frá staðnum.

14. gr. B. I. c. 2. Þennan lið vill nefndin láta falla hjer, en telja þessa kenslu með öðrum störfum sama manns, er getur síðar.

14. gr. B. I. c. 3. og 5. lið hefir nefndin hækkað sakir þess, að enginn fæst til að kenna þessa fræðigrein fyrir 300 krónur. — Þóknun til kennara í dönsku fellur að sjálfsögðu niður, af því að sá kennari er nú enginn hjer.

14. gr. B. I. d. Hjer hafa af einhverri vangá fallið nokkrir liðir úr, þegar fjárlagafrumvarp stjórnarinnar var prentað, og setti nefndin þá inn (d. 2, e, f, g, h). Sumar af þessum upphæðum eru settar sem þær eru nú í fjárlögum, og vafalaust of lágar. En þetta eru áætlaðar upphæðir, og verður að telja heimilt að verja til svo miklu sem nauðsyn krefur, hvað sem í lögunum stendur. Um f-liðinn verður að geta þess, að Stefán aukakennari Jónsson er einn manna vel fær til þessa verks, sem hjer ræðir um, og að sami maður kennir nú og efnafræði. Þetta liggur hvorttveggja fyrir utan embættisstarf hans, og verður hann því að fá borgun fyrir. Nefndin hefir því orðið við þeim tilmælum stjórnarinnar að ætla honum 2000 krónur fyrir þetta aukastarf. Um h-liðinn getur nefndin þess, að komið hefir til orða, að Ólafur leikfimikennari láti af kenslu nú í haust, eftir 43 ára starf, er hann hefir rækt með óþreytandi elju og dugnaði. Ólafur gegnir nú dyravarðarstörfum í háskólanum og hefir þar að launum 1600 kr., en hefir orðið að borga vjelgæslu af þeim launum, um 400 kr. Þessa kvöð vill nefndin taka af honum, svo að hann haldi óskertum þessum ánöfnuðu launum. En auk þess ætlast nefndin til, að hann haldi óskertum launum þeim, sem hann hefir nú í mentaskólanum, þótt hann láti af kenslu. Því hefir nefndin ætlað honum 1200 kr. launaviðbót.

14. gr. B. II. b. 1. Nefndin ætlast til, að fimleikakennari mentaskólans hafi framvegis sömu laun sem aðrir kennarar í þeim skóla (upphæð því ótiltekin), en hafi auk starfs síns þar leikfimikenslu á hendi í kennaraskólanum og kenslu í líkamsfræði, enda kenni hann 24 stundir á viku, sem aðrir fastir kennarar.

14. gr. B. II—IX. Nefndin hefir hækkað styrk til ýmsra af skólum þeim, sem hjer eru nefndir, og er höfuðástæðan sú, að svo miklu minna fæst nú fyrir hverja krónu en áður, sem alkunna er. Auk þess leggur hún til, að veitt verði fje til þess að gefa út sjómannafræði á íslensku. Telur hún það hið mesta nauðsynjaverk, en áskilur um leið, að bókin verði vel íslensk að máli og að skólinn vinni framvegis að því að hreinsa og bæta málfar sjómanna.

Um iðnskólann er þess að geta, að nefndin væntir þess, að kenslugreinar þar lúti einungis að iðnnámi.

Málum verslunarskólans og samvinnuskólans er slegið á frest til 3. umr.

14. gr. B. XIII. 7. Nefndin vill eigi, að kennurum sje skylt að láta prenta skýrslu um utanför sína, þótt þeir fái styrk til hennar, því að styrkur mundi þá mestallur fara í útgáfukostnað, enda nægilegt, að stjórninni sje gefin skýrsla.

Þá hefir nefndinni þótt rjett að veita Skólablaðinu nokkurn styrk sakir þess, hve áhugasamur ritstjóri þess er um kenslumál.

14. gr. B. XIV. a. og b. Óhjákvæmilegt þótti nefndinni að auka að miklum mun styrk til unglingaskóla og færa þá um leið niður kröfurnar um það fje, er koma skal annarsstaðar að. Meiri hluti hennar varð ásáttur um athugasemdina, sem hún er nú.

Nefndin átti um tvent að velja, að Flensborgarskólinn legðist alveg niður eða að aukinn yrði styrkurinn til hans, svo sem segir í tillögunni. En það lætur hún um mælt, að laun skólastjóra verði þá framvegis sæmileg, er henni þykir nú maður góðs maklegur vinna fyrir smánarlaun.

14. gr. B. XVIII. e. Styrkurinn til Björns Jakobssonar fellur niður af tveim ástæðum. Hin fyrri er sú, að vonlaust er að fá hann eða aðra menn til að vinna fyrir svo lítið fje. Hin er sú, að nefndin hefir hugað honum hið nýja embætti í mentaskólanum, sem fyr var getið.

14. gr. B. XIX. Stefán Eiríksson hefir nú um langt skeið haldið uppi kenslu í trjeskurði, og hafa frá honum komið ýmsir snillingar í listum. Styrkur sá, er hann hefir notið, hefir aldrei verið hækkaður, hversu mjög sem peningar hafa fallið í verði, enda hefir hann eigi beiðst þess fyr. Nefndinni þótti því sjálfsagt að hækka styrkinn um þetta lítilræði, bæði í fjáraukalögum og í fjárlögum.

15. gr.

Nefndinni þótti sjálfsagt að tekið væri nú eftir ófriðarlokin aftur til starfa að afrita og ljósmynda skjöl þau, er geymd eru í erlendum söfnum og varða Ísland. Hún hefir því sett inn á ný fjárveiting til þessa (á eftir 2. d).

Á eftir 15. gr. 3. f. hefir nefndin bætt inn í fjárveitingu til aðgerða á Þingvöllum. Þessi fjárveiting nægir þó að eins til bráðabirgðaaðgerða. En innan skamms mun hjer þurfa meiri fjárveitingar, þegar Þingvellir verða gerðir að þjóðgarði upp í Ármannsfell og þar þvert yfir til Hrafnagjár, en vegurinn fluttur úr gjánni og af völlunum og settur suður fyrir túnið á prestssetrinu.

Þar sem nefndin leggur til hækkanir á liðunum 8—17, þá stafa þær allar af því, hversu fjeskylft öllum útgáfufyrirtækjum verður. Sama orsök er og til þess, að ætlað er hærra fyrir örk en áður hefir verið.

Nefndin vill fella niður 18. liðinn, sakir þess, að svo fámenn þjóð sem vjer hefir óhag en eigi hag af Bernarsambandinu. Telur hún rjettara að bæta þá heldur þeim höfundum upp, sem bækur þeirra verða þýddar og engin ritlaun koma fyrir.

Málaleitun frá Leikfjelagi Reykjavíkur varð eigi útrædd og bíður því 3. umræðu.

Þá verður að fara nokkrum orðum um 20. liðinn, styrkinn til skálda og listamanna. Nefndinni bárust umsóknir um styrk til Ítalíuferðar, frá ýmsum fullnuma listamönnum, sem þegar eru viðurkendir menn. Má þar til nefna Ríkharð Jónsson. Hefir honum áður verið veittur styrkur til Rómaferðar, en hann hefir eigi mátt hagnýta sakir ófriðarins. Það er því að eins endurveiting, sem hann fer fram á, hærri raunar að krónutali, en engu meiri að verðmæti. Þá hefir og Jóhannes Kjarval sótt um styrk til Rómaferðar. Hann hefir nú lokið námi á listaskólanum í Höfn, en Rómaferðir eru, sem menn vita, enn þá nauðsynlegri listamönnum en þær voru sálum syndugra manna á miðöldunum. Auk þess er hann nú orðinn svo gamall, að ekki má frestast suðurganga hans. Og þar sem fáir þykja nú líklegri til frama en hann, mun einsætt að veita honum ferðastyrkinn. Þá hafa enn tvær konur sótt um þennan styrk. Frú Kristínu Jónsdóttur kannast þingmenn við frá undanfarandi þingum, og þykir mörgum hún vera snjallur málari. Hún þyrfti og að lúka Rómaferð sinni, svo að hún gæti komið heim sem fyrst og sest að starfi sínu hjer, er bóndi hennar fær hjer atvinnu. Nína Sæmundsson fær og mikið hrós allra þeirra, er til þekkja, og þó einkum kennara sinna. — Þá hafa og nokkrir listamenn haft námsstyrk undanfarið, og aðrir nýir sækja um. Eru þeir allir efnilegir menn. Sjerstaklega skal getið söngmanna tveggja, er sækja um styrk. Eggert Stefánsson sækir um styrk til þess að fara til Ítalíu að nema söng og

lúka með því námi sínu. Hann lærði fyrst í Danmörk, en hefir nú dvalið í Svíþjóð síðustu árin og fengið þar mikið lof. Hingað til hefir hann engan styrk fengið til náms síns, en nú kemst hann eigi styrklaust síðasta spölinn. Benedikt Árnason er nú fyrir skömmu byrjaður á söngnámi, en er maður fjelaus. Hann hefir góð meðmæli frá frú Finsen, sem hefir kent honum, og þykir góður raddmaður og vel söngvinn. Þá eru enn þá skáldin eftir, og að síðustu Einar Jónsson, er þingið ber ríkust skylda að styrkja, til þakklætis fyrir stórhöfðinglega gjöf hans og dýrmæta, er hann gaf landinu öll verk sín.

Nefndinni þótti varla fært að segja nei við nokkrum þessum styrk, ef mennirnir þætti styrks maklegir, og komst því að þeirri niðurstöðu, að fjárveiting þessa yrði að hækka að miklum mun, og leggur til, að hún verði 22000 kr. En rjettast þætti nefndinni að skifta í flokka sem hjer segir, að þessu sinni:

a.	Ferðastyrkur fullnuma eða viðurkendra listamanna	6000—6000
b.	Skáldastyrkur	6000—6000
c.	Námsstyrkur listamanna	6000—6000
d.	Verðlaun fyrir snildarverk á sviði listarinnar	2000—2000
e.	Til Einars Jónssonar	2000—2000

Rjett telur nefndin og að flytja fje milli ára eftir þörfum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að 22. liður verði hækkaður upp í 9000 kr. á ári.

Liðinn þar á eftir vill nefndin hækka upp í 15000 kr. á ári.

Það er hin íslensk-danska orðabók Sigfúsar Blöndals, og er þetta um hana að segja, að útgáfukostnaðurinn verður, sem vænta mátti, allmiklu hærri en hann var áætlaður áður. Tekið hefir verið tilboði um prentun frá Gutenbergsprentsmiðjunni í Reykjavík, af því að það var hentugast og ódýrast, að öllu samlögðu, og verður kostnaðurinn við útgáfuna samkvæmt því um 100 þús. kr. Enda eru þá og út gefin helmingi fleiri eintök en áður var áformað, 3000 fyrir 1500, er samkvæmt reynslu þykir haganlegra. Jón Ófeigsson mentaskólakennari er ráðinn forstjóri útgáfunnar, og má telja það mjög heppilegt. Hægt hefði verið að fá einhvern útgefanda til að leggja fram fje til bókarinnar, í von um gróða af henni síðar. En það ráð var tekið, að alt það fje, er kemur fyrir sölu bókarinnar, verði lagt í sjóð til að endurnýja hana á sínum tíma. Hafði fjárveitingarvaldi Dana geðjast þessi tilhögun mjög vel, og talið er víst, að það ætli að bera rúman helming útgáfukostnaðarins, enda hefir það þegar veitt í þessa árs fjárlögum 25000 kr., að því tilskildu, að Alþingi sinni málinu fyrir sitt leyti. — Fjárveitinganefnd efri deildar hefir nú lagt til að veita í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár 15000 kr., og teljum vjer rjett að veita einnig 15000 kr. hvort árið á næsta fjárhagstímabili. Skal það vera lokaveiting og með því skilyrði gerð, að annarsstaðar að komi eigi minna fje á móti, og að haldið verði uppteknu áformi um að leggja andvirði bókarinnar, að frádregnum sölulaunum, í sjóð, með skipulagsskrá, er landsstjórnin samþykkir. — Nefndin telur hæpið að stuðla að því, að útgáfu bókarinnar verði nú frestað, þar sem útlit er til, að bókagerðarkostnaður fari hækkandi. En á hinn bóginn telur hún ófært að kippa að sjer hendinni og synja þessu nauðsynjafyrirtæki um stuðning.

Nefndin leggur til, að hjer komi nýr liður á eftir, styrkur til nýrrar og aukinnar útgáfu af íslensk-enskri orðabók eftir Geir T. Zoëga mentaskólastjóra. Þykir nafn höfundar næg rökstuðning þeirrar veitingar.

Stjórnin hafði lækkað fjárveiting til dr. Helga Pjeturssonar, en nefndin leggur til að hækka hana til þess, sem áður var, og þótti nokkrum nefndarmönnum helsti skamt farið. — Guðmundur G. Bárðarson hefir getið sjer ágætan orðstír fyrir jarðfræðirannsóknir, og þótti nefndinni eigi rjett að synja honum um styrkveiting, bæði þess vegna og hins, að vísindamenn eru eigi fleiri en svo hjer á landi, að nauðsyn beri til, að þeir njóti sín, hinir fáu sem til eru. — Frímann Arngrímsson hefir unnið með hinni mestu elju að því að safna hjer ýmsum jarðtegundum og láta rannsaka þær, og hefir sent þinginu mjög fróðlega skýrslu um þetta. Nefndin vill því hækka styrk við hann og veita honum nú hálfu meira en áður.

Styrkur til þess að lúka rannsóknum um sjóði er sjálfsagður, og maður vel valinn. Frú Anna Thorlacius er fjörgömul kona og fjölfróð um þjóðsiðu og lifnaðarháttu á síðara hlut síðustu aldar. Er henni því veittur smástyrkur til þess að setja fróðleik sinn í letur, svo að eigi týnist.

Fullvalda ríki verða að búa hvert að sínu, og er afleiðing þess sú, að vjer getum nú eigi lengur látið Dani hafa veðurathuganir vorar á hendi. En í upphafi verður að kaupa margvísleg áhöld, sem áætlað er að kosti 26500 kr., en árlegur kostnaður er áætlaður 18800 kr. — Komið hefir málaleitun frá Austmönnum, að vjer ljetim fram fara hjer jarðeðlisrannsóknir í sambandi við norðurför Hróalds Ámundasonar. Þótti nefndinni einsætt að verða við þeim tilmælum og að kaupa til þau áhöld, er með þarf. Enda eru þau síðan góð eign og þörf fyrir veðurathugunarstöð vora. En minna megum vjer eigi að gera en að stuðla til þess, að svo dýr hættuför komi að sem mestum notum. Munum vjer og einna mest not hafa af þeim þekkingarauka á veðurfari, sem af kann að verða.

Það varð ofan á í nefndinni að veita 20000 kr. til þess, að íþróttamenn vorir mætti sækja Olympiuleika í Antwerpen næsta sumar.

Þá hefir nefndin lagt til, að utanfararstyrkur verði veittur fjórum kennurum, er vilja læra til nokkurrar hlítar hver sína grein, og hyggur hún fátt munu svara betur kostnaði en víðsýna þekking þeirra, sem móta eiga hug ungra manna og hvessa sálarsjón þeirra.

Þá eru fjórir nýir liðir, sem nefndin leggur til að bætt verði inn í. Lúta þeir allir að því að auka nauðsynlega verkþekking á þeim hlutum, sem oss ríður hvað mest á nú. Tveir hinir fyrri hníga að raforkufræði og veðurathugunum, en tveir hinir síðari að verslun og viðskiftum. Um síðasta liðinn skal þess getið, að hann er óvenjuhár. Stafar þetta af því, að styrkþegi ætlar fyrst og fremst að fara vestur um haf og kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi, en þar eru allir hlutir svo dýrir nú, og dollarinn einnig. Hins vegar væntir nefndin þess, að hann geti og farið til Þýskalands fyrir sama styrk, því að þar mun eigi síður mikið að læra, einkum að því er snertir hagfeld lánskjör fyrir fasteignir.

16. gr.

16. gr. 1. Fjárveitinganefndir beggja deilda kusu undirnefnd til þess að íhuga sjerstaklega umsóknir frá Búnaðarfjelagi Íslands um fjárveitingar úr landssjóði. Vill sú nefnd láta þessa getið: Fjelagið fer fram á, eins og kunnugt er, fjárveiting beint til sín, er nemur fyrir fjárhagstímabilið fullum 450 þús. krónum. Er það miðað við fyrirætlanir og úthlutun nýafstaðins búnaðarþings. En í frv. stjórnarinnar er fjelaginu eigi ætlaðar nema 60 þús. kr. hvort árið, og er það litlu hærri upphæð að krónutali en fjelagið fjekk árlega á undan dýrtíðinni. — Nefnd-

inni var ljóst, að Búnaðarfjelagið og búnaðarsamböndin geta eigi haldið áfram starfsemi sinni líkt og á undan styrjöldinni, því síður fremur, nema fje það, er fjelagið fær handa á milli, aukist í hlutfalli við dýrtíðina. Enn fremur er henni ljóst, að aldrei er brýnni þörf en nú á ýmsum umbótum í landbúnaði, sem búnaðarstofnanir landsins verða að miklu leyti að leiðbeina og gangast fyrir. Skal hjer einungis bent á rannsókn og útvegun vinnusparandi verkfæra, stærri framkvæmdir í engjarækt og fullkomnari tilraunir og fjelagsskap í kynbótum búpenings og fóðrun, þar á meðal kraftfóðurrannsóknir. Munu allir þingmenn hafa kynt sjer fyrirætlanir búnaðarþingsins í þessum málum o. fl.

Hins vegar treysti nefndin sjer eigi til að fylgja fram fjárkröfum búnaðarfjelagsins óskorað, og ræddi undirnefndin málið við stjórn Búnaðarfjelagsins. Tillaga sú, er fjárveitinganefndin, eftir þennan undirbúning, gerir, 180 þús. kr. á ári til Búnaðarfjelags Íslands, er þreföld að krónutali móts við það, sem fjelagið hefir haft, en orkar eigi stórum meira til framkvæmda heldur en það fje, er fjelagið hafði úr að spila fyrir styrjöldina.

16. gr. 2. Í gildandi fjárlögum er styrkurinn til búnaðarfjelaga veittur með því skilyrði, að »búnaðarsamböndin ákveði, hvernig styrknum skuli varið í hverju fjelagi«. Mun tilætlunin hafa verið sú, að koma með þessu í veg fyrir, að styrkurinn væri kurlaður niður eftir dagsverkatölu til hvers einstaklings, heldur hafður til fjelagsstarfsemi. Nú hefir stjórnin slept þessu skilyrði; en við það vill nefndin ekki una; því að verði styrkur þessi eigi til eflingar samtökum manna til búnaðarbóta, er hann ekki rjettmætur. Til þess nú að búnaðarsamböndin geti áreiðanlega hlutast til um, að honum sje þannig varið, vill nefndin, að hann gangi í gegnum þeirra hendur, og jafnframt að þau ein búnaðar- eða jarðabótafjelög njóti góðs af styrknum, sem eru í einhverju af hinum viðurkendu búnaðarsamböndum. En jafnframt þessari ráðstöfun styrksins vill nefndin auka hann um 10 þús. kr. á ári.

Búnaðarfjelag Íslands hefir nú fyrirhugað að fá í sína þjónustu sjerfræðing í engjarækt og vatnsvirkjum, er að henni lúta, í stærri stíl. Þess vegna á þessi liður að falla niður og vegamálastjóri að losna við rannsókn og undirbúning vatnsvirkja til ræktunar.

16. gr. 4. Búnaðarþingið skorar á Alþingi að veita alt að 50 þús. kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils til styrktar áveitufyrirtækjum, sem komast í framkvæmd, þannig að styrkurinn nemi $^1/_4$ af stofnkostnaði áveitunnar, og verði veittur eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. Þetta er að vísu í samræmi við styrk þann, er veittur er til Skeiðaáveitu og heitið er til Flóaáveitu. En nefndin vildi þó ekki taka upp fjárveiting í þessu skyni til óákveðinna fyrirtækja. Þar á móti ber hún fram tillögu um fjárveitingu til samáveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að 4000 kr. Ræktunarfjelag Norðurlands hefir látið gera mælingar og áætlanir og annan undirbúning, og Sigurður skólastjóri Sigurðsson gert áætlun um kostnaðinn, sem búist er við að verði fullar 20 þús. kr.; en 11 býli eiga hjer hlut að máli. Vill nefndin með þessu marka þá stefnu í þessu efni, að Alþingi veiti því að eins fje til slíkra fyrirtækja, að um meiri háttar samáveitu sje að ræða, ábyggilegar rannsóknir og áætlanir gerðar og annar undirbúningur.

16. gr. 5. Hið íslenska garðyrkjufjelag, sem nú er nýendurreist, fer fram á það við Alþingi, að það veiti nauðsynlegt fje til þess, að ráðinn verði frá 1. janúar næstk. maður í þarfir landsins, er nefnist garðyrkjustjóri. Stingur fjelagið

upp á 4000 kr., svo að hann geti starfað óskiftur að framgangi og vexti garðyrkjunnar. Er ætlast til, að þessi maður standi eigi undir stjórn Búnaðarfjelags Íslands, heldur beint undir landsstjórninni og í sambandi við garðyrkjufjelagið. Af því að nefndin væntir þess, að með þessu móti og fyrir tilstilli garðyrkjufjelagsins færist nýtt líf í garðyrkjuna hjer á landi, leggur hún til, að veittar sjeu í fjárlögum 5000 kr. á ári þannig: Laun garðyrkjustjóra 4000 kr. og ferðakostnaður eftir reikningi, alt að 1000 kr. En þá ætlast hún og til, að svo mikil samvinna verði með þessum garðyrkjustjóra og garðyrkjufjelaginu annars vegar, og Búnaðarfjelagi Íslands hins vegar, að búnaðarfjelagið þurfi eigi á sjerstökum garðyrkjumanni að halda nje forstöðumanni í þeirri grein.

16. gr. 6. b. Nefndin hefir eigi enn þá lokið að fullu umræðum um þenna lið, þótt hún hafi þegar gert tillögu um fjárframlögin. Verður liðurinn því geymdur til 3. umræðu.

16. gr. 9. d. Þingið hefir veitt og veitir í fjárlögum styrk til þess að safna steinategundum og jarðtegundum, til þess að komast að raun um, hver nytsöm efni sje hjer til, hvort málmar sje hjer í þeim samböndum, að það launi sig að vinna þá. Fyrir því hefir nú nefndin fallist á, að nauðsyn beri til að eiga hjer málmbræðsluofn, og er talið, að hann kosti þúsund krónur.

16. gr. 14. Styrkurinn til íslenskra samvinnufjelaga er feldur niður hjer, sakir þess, að honum er ætlaður staður í 14. gr., þegar þar að kemur, en málinu er frestað, sem fyr var ritað.

16. gr. 16. Nefndinni þótti eigi hlýða, að Fiskifjelagið fengi lítinn og ónógan styrk. Því að sá atvinnuvegur, sem það vinnur fyrir, er næsta affararíkur, og sú atvinnugreinin, sem landssjóði er hallkvæmust. Fjelag þetta hefir, sem kunnugt er, sendimann úti, til þess að greiða fyrir fengsælli sölu á fiski og öðru þess háttar. Hefir það að vísu goldið honum kaup, sem menn mundu telja sæmilegt, en ef taka skal af því ferðafje, þá er það gersamlega ónógt. Nefndin ætlast því til, að fjelagið greiði honum ferðakostnað framvegis, svo að hann megi njóta launa sinna óskertra, því að ekki mun af veita. Skal taka hvorttveggja af upphæð þeirri, 60000 kr., sem nefndin leggur til að fjelagið fái. En þá fellur af sjálfu sjer niður liðurinn um laun erindrekans.

Þá leggur nefndin til, að hjer komi nýr liður, skaðabætur handa skipverjum á Gullfaxa, er sökt var í nánd við Færeyjar. Eru þar allar sömu ástæður sem um Flórumálið, nema þeim mun ríkari, að mennirnir mistu alt sitt.

Heimilisiðnaðarfjelög hafa í nokkur ár starfað bæði hjer í Reykjavík og norðanlands með góðum árangri, enda notið opinbers styrks, þótt af skornum skamti væri. Þau hafa m. a. kent tóvinnu, trjesmíði, bókband og körfu- og bustagerð, og haldið í því skyni námsskeið víða um land. Nú síðustu árin hefir kensla að mestu leyti fallið niður, einkum vegna þess, að ekki fengust hæfir kennarar fyrir það kaup, sem hægt var að bjóða. Það hefir einnig þótt bresta á, að samvinna væri milli fjelaganna sunnanlands og norðan. — Styrkurinn, sem fjelögin njóta í núgildandi fjárlögum, er 1500 kr. Þennan styrk vill nefndin hækka í 5000 kr. á ári, með því skilyrði, að fjelögin hefji samvinnu og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra.

16. gr. 21. Vörumerkjaskrásetjari hefir haft allsendis ónóga borgun fyrir starfa sinn, en verkið fer sívaxandi. Þess vegna leggur nefndin til, að laun hans sje hækkuð og honum veitt uppbót fyrir liðinn tíma.

Í framsögu verður gerð ljósari grein þessara hluta allra, svo og skýrð þau atriði, sem ekki þótti þörf að rita um í nefndaráliti.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Pjetur Jónsson, formaður.

Magnús Pjetursson, skrifari og framsögum. fyrri kaflans.

Bjarni Jónsson frá Vogi, framsögumaður síðara kaflans.

Jörundur Brynjólfsson. Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Matth. Ólafsson.

(B. XXIV, 7).

Ed.

523. Frumvarp

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Hafi síld eigi verið flutt út innan 3 vikna eftir að hún var söltuð, en er ætluð til útflutnings, skal hún skoðuð á ný og endurmetin.

2. gr.

Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.

Skal í vottorðinu tekið fram, að sildin sje að eins frummetin.

Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.

Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

3. gr.

Skoðun þessa og endurmat skulu framkvæma lögskipaðir matsmenn, undir umsjón yfirmatsmanns.

Allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

5. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því er hún er endurmetin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

6. gr.

Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vel hirt sem skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun; ella greiðist hann af síldareiganda.

7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert

skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

9. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaðar hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

11. gr.

Þegar endurmat á síld fer fram, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

(B. VII, 4.)

Nd. **524. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get fallist á ástæður þær um frumvarp þetta, er greinir á þingskj. 444. Þess er að eins getið, að styrkupphæðin virðist ætti að vera hærri, alt að 3000 krónum á ári.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

(A. XIV, 15).

Ed. **525. Lög**

um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Afgreidd frá Ed. 27. ágúst).

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrír bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, aðstoðarfjehirði, og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir eða aðstoðarfjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans eða aðstoðarfjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af ársarði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og aðstoðarfjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir siðarnefndu 1000 kr. í mistalningarfje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn ríkissjóðs.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sín-

um hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingargeymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

9. gr.

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(B. XXVIII, 9).

Nd. **526. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi þriðjungi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, sem nemi fjórðungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum – seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(B. XII, 4.)

Nd. **527. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. *(Bakkahjerað)*.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þótt telja megi nauðsyn á að skifta Hróarstunguhjeraði í tvö læknishjeruð, þá eru engar líkur til þess, að þangað fáist læknir í bráð, og virðist því engu slept, þótt mál þetta bíði. Minni hlutinn ræður því til að afgreiða frumvarpið á þingskj. 56 með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að engar líkur eru til þess, að læknir fáist fyrst um sinn í nýtt læknishjerað það, er í frumvarpinu á þgskj. 56 segir, þótt stofnað verði, telur deildin þýðingarlaust að samþykkja frumvarp þetta nú, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

(B. XVII, 3.)

Nd. **528. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Árnessýsla*].

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn telur alla nauðsyn vera á því, að löggjafarvaldið taki til greina kröfu sýslunefndar Árnessýslu um fjölgun læknishjeraða í Árnessýslu. Skírskotar minni hlutinn um málið til greinargerðar frumvarpsins á þgskj. 65 og leggur til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Einar Jónsson.

(B. XVI, 6).

Nd.

529. Lög

um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

(Afgreidd frá Nd. 27. ágúst).

1. gr.

Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum.

Verslunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýtá norðan fjarðarins með sjó fram kringum fjörðinn að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hann er oddviti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra í stað bæjarfógeta til 6 ára í senn, ef kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja það með $^{2}/_{3}$ greiddra atkvæða. Hann skal launaður úr bæjarsjóði.

3. gr.

Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi.

4. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn nje foreldrar og börn.

Innan 60 ára aldurs er hver kjörgengur maður skyldur að taka við kosningu, hafi hann eigi gildar ástæður til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur til að takast á hendur þá sýslu aftur jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi. Konur hafa jafnan heimild til að skorast undan kosningu.

5. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Þeir bæj-

arfulltrúar, sem nú eru í bæjarstjórn, skulu sitja í henni kjörtímabil sitt, samkvæmt eldri bæjarstjórnarlögum. Skal í fyrsta sinni kjósa eftir lögum þessum 5 fulltrúa í ársbyrjun 1920, og ganga tveir þeirra úr bæjarstjórn eftir hlutkesti, annar í árslok 1920, en hinn í árslok 1921. Fari fulltrúi frá á kjörtímabili sínu, skal þegar kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

6. gr.

Almennar fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár.

Í kjörstjórn eru oddviti bæjarstjórnar og 2 fulltrúar, er bæjarstjórn kýs. Kjörstjórn skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir.

Kjörskrá skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi.

Kærur gegn kjörskrá verða ekki teknar til greina, sjeu þær eigi bornar upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og skal hún þá leggja úrskurð sinn á þær.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en vikufresti og á þann hátt, er kjörþing er vant að boða

8. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga eftir að slíkur úrskurður er upp kveðinn má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á fram komnar kærur.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

9. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur til sem bæjarfulltrúi (sjá 12. gr.). Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

10. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar ef þess er krafist.

Það skal kunngert bæjarfulltrúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir.

Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

11. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt, sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

12. gr.

Með samþykt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstök bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 17. gr.

13. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

14. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjar-

fógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

15. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

16. gr.

Af öllum útmældum byggingarlóðum í bænum, bygðum og óbygðum, svo og grunnum þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðu, skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald, og nemi 1—2 krónum af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatsnefnd — sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915.

Ef lóðir eru mældar út að nýju milli tveggja reglulegra fasteignamata, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af fasteignanefnd bæjarins. Skal leggja það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglulega fasteignamati. Fasteignanefnd bæjarins metur einnig verð grunna þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðum. Þar sem svo hagar til, að byggingarlóð og tún er metið í einu lagi af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd, ákveður fasteignanefnd bæjarins, hve mikið af verði lóðarinnar skuli talið til túnsins. Mati fasteignanefndar bæjarins má skjóta til bæjarstjórnarinnar innan 3 mánaða, er leggur úrskurð sinn á matið.

17. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða þilbátaútgerð, má gjald leggja, þótt ekki

sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á sildveiði og sildarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í septembermánuði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina, einnig um ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn, sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd; þó má enginn samtímis sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Hver sá, er verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn endurkosningu næstu 6 ár.

Niðurjöfnunarnefndin kýs formann úr sínum flokki.

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept.

Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega innan 15 daga frá því að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja sitt álit um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða

gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

19. gr.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram í síðari hluta ágústmánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis viku tíma á sama hátt og fyr greinir.

20. gr.

Verði ágreiningur á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfjelags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver eigi vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

21. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig úr bænum alfarinn fyrir nýár, þá fellur alt það gjald burtu, sem lagt er á hann sjálfan fyrir það ár, sem í hönd fer.

Sá, sem flytur sig úr bænum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

22. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum bæjarins.

23. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

24. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði og varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

25. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand.

26. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

27. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru 2, kosnir til 3 ára í senn. Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

28. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

29. gr.

Með samþykt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur

um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, frá 8. mai 1894, og lög um breytingar á sömu lögum frá 11. nóvember 1899.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XVI, 5).

Nd. **530. Lög**

um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 27. ágúst).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist Brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en $^1/_3$ samanlagðra vátryggingarupphæða húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en upphæð, sem stjórnarráð Íslands ákveður að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og vátryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar reglur um starfsemi fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið er gagnkvæmt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 800000 kr. og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni, á húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum.

B. Trygging á $^5/_6$ tjóns af eldsvoða á húseignum þeim, utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelaga, þó eigi þeim, er teljast tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

C. Trygging á lausafje í kaupstöðum þeim eða kauptúnum, sem getið er undir staflið A, og í Reykjavík. Fjelagið getur trygt slíkt lausafje fullu verði.

3. gr.

Orðin í 3. gr. »að undanskildum húseignum landssjóðs« falli burtu.

4. gr.

Orðin í 5. gr. »og lausafjár« falli burtu.

5. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef endurtrygging eða samtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum eða samtryggja með þeim það, sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. Með hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsum í sameiginlegri brunahættu 10000 kr., og lausafjártryggingarupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

B. Án hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi 7500 kr. og lausafjárupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer á húsum, nema með því eina skilyrði, að $^5/_6$ af skaðanum endurgjaldist og að sá $^1/_6$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, sje ekki trygður annarsstaðar.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, sem eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

8. gr.

2. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Öll iðgjöld til fjelagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má innheimta með lögtaki.

9. gr.

2. málsgrein 23. gr. orðist svo:

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Ís-

lands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

(A. XXX, 5).

Nd. **531. Lög**

um breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17 frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 27. ágúst).

1. gr. í lögunum frá 8. júlí 1902 orðist þannig:

Með konunglegri tilskipun má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskveiðaskírteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland og samkvæmt gildandi skrásetningarlögum hafa rjett til þess að hafa íslenskan fána, svo og um tölusetningu og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda á góðri reglu við fiskveiðar á tjeðu svæði og koma í veg fyrir spell og skemdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir um eftirlit með því, að fylgt sje ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. III, 20).

Nd. **532. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að bera fram breytingartillögur við frum-

varp þetta, og leggur því til við háttv. deild, að það verði samþykt óbreytt, eins og það kemur frá háttv. efri deild.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson, skrifari og framsögumaður. Pjetur Jónsson, formaður.

Sigurður Stefánsson. Matth. Ólafsson.

Þorleifur Jónsson. Jörundur Brynjólfsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

(C. XXV, 1).

Nd. **533. Tillaga**

l þingsályktunar um Þingvöll.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár norður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Enginn mun sá Íslendingur, sem kominn er til vits og ára, að hann hafi ekki heyrt Þingvallar að einhverju getið. Er það og síst að undra um jafnfrægan og söguríkan stað. Þar var Alþingi Íslendinga háð um langt skeið, sem kunn-

ugt er. Þangað sóttu margir gæfu og gengi. Þar var og þeim ákveðin refsing, er brotlegir gerðust við landslögin. Þær athafnir og þau ráð, er gerð voru á þessum stað, mörkuðu þjóðinni stefnu í málum hennar. Á Þingvöllum var mönnum sýnd hin mesta mannúð, en einnig þar voru mönnum skapaðir hinir hörðustu refsidómar.

Þar komu saman bestu menn landsins. Þar gat að líta mestu glæsimenni forfeðra vorra. Þar mátti og heyra hina spökustu menn þjóðarinnar leggja mönnum ráð. Mun mörgum ungum manni hafa vaxið hugur til menningar og frama við það að heyra og sjá það, er þar fór fram. Mun síst of mælt, að til þess staðar hafi hugur alþjóðar staðið, í hvert sinn er Alþingi var þar háð.

Ekki þarf að fjölyrða um það, hversu mikla helgi forfeður vorir höfðu á Þingvöllum. Það er alkunna. Hitt liggur oss nú nær að athuga, hvort vjer gætum skyldu vorrar við þennan helga stað.

Ekki er þess að dyljast, að margt er nú öðruvísi á Þingvöllum en vera ætti. Útlit staðarins er stórskemt af manna völdum, og umgengni þar hin ömurlegasta. Mætti nú einhver vorra ágætustu forfeðra, er íslenskast hefir hjarta í brjósti borið, líta upp úr gröf sinni og skygnast um þennan reit, mundi honum renna til rifja tómlæti vort um þingstaðinn forna. Er líklegt, að honum mundi ríkara í huga, að hjer byggi nú framandi þjóð, heldur en að niðjum landnámsmannanna fornu væri svo illa í ætt skotið, sem raun er á.

Erlendir fræðimenn, er nokkuð þekkja til Íslands og íslenskra fræða, þekkja Þingvöll. Allir þeir útlendingar, er hingað koma í þeim erindum að fræðast um þetta land og þessa þjóð, fara til Þingvalla. Og þeir af þeim, sem þekkja sögu þessa staðar, bera hina mestu lotningu fyrir honum. Þess vegna er það sómi þjóðarinnar, að þessi staður beri ekki vott um ræktarleysi. Þennan stað ber okkur að vernda og prýða.

Fyrir nokkrum árum var bent á það, að sem fyrst bæri að friða Þingvöll, ekki að eins hina fornu þinghelgi, heldur líka landið umhverfis. Árlega gengur það úr sjer og spillist af óskynsamlegri meðferð. Jafnskjótt sem skógarkjarrið hverfur, blæs jarðvegurinn upp og eftir verður gróðurlaust hraun.

Á býlunum, sem í 2. lið tillögunnar getur, er nú ekki hægt að framfleyta nema örlitlum hluta af þeirri tölu búpenings, er þar mátti hafa fyrir einni eða tveim öldum. Stafar það af því, að landið gengur úr sjer hröðum fetum, og er ekki annað að sjá en að býlin hverfi algerlega úr sögunni með tímanum, eins og fleiri býli á þessum slóðum á síðari öldum. Mestar horfur eru nú á því, að alt Þingvallaland milli Almannagjár og Hrafnagjár, umhverfis fornhelga sögustaðinn, verði gróðurlaus eyðimörk, er stundir líða, ef ekki er þegar hafist handa að friða landið áður en gróðri þess er svo spilt, að hann megnar ekki að græða sig út af sjálfsdáðum.

Vænsta ráðið til að koma í veg fyrir upprætingu gróðrarins er að friða landið, og væri þá æskilegast, að alt svæðið milli Almannagjár og Hrafnagjár, frá Þingvallavatni og norður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg, væri friðað.

Eftir því, sem næst verður komist, er ummál þessa svæðið um 25500 stikur. Af því er girt frá náttúrunnar hendi rúmar 17000 stikur. Það, sem þyrfti þá að girða, er um 8000 stikur af ummáli landsins.

Nokkrir timburhjallar hafa í seinni tíð verið reistir á Þingvöllum. Hafa þeir spilt mjög útliti og fegurð þingstaðarins. Verður fyr eða síðar að flytja þá í

burtu; ætti því að banna framvegis einstökum mönnum eða fjelögum að reisa nokkur hús innan þess svæðis, er friðað verður. Þau hús, sem reist verða innan girðingar, ætti ríkið að eiga. Verður vart til lengdar komist hjá því, að ríkið reisi veglegt gistihús á þessum stað. Raddir eru farnar að heyrast enn á ný um það, að æskilegt væri, að árið 1930 væri komið veglegt alþingishús á Þingvöllum og Alþingi yrði þá og síðan háð þar.

Frá búöndum Þingvallasveitar og Þingvallanefndinni hafa komið áskoranir til stjórnarráðsins um, að það skipaði umsjónarmann á Þingvöllum að sumrinu meðan umferð er þar mikil, er gætti þar góðrar reglu. Þessari ósk hefir þó ekki verið sint, eflaust fyrir þá sök, að stjórnin hefir álitið sig skorta heimild til þess. Íbúum Þingvallasveitar er hið mesta áhugamál, að betra skipulag komist á alla umgengni á Þingvöllum. Telja þeir, að nokkur undanfarin ár hafi umgengni margra manna þar verið þjóðinni til minkunar.

Árið 1930 eru 1000 ár frá því að Alþingi var stofnað á Þingvöllum. Fer ekki hjá því, að þá verði minst á ýmislegt úr sögu þessa lands og þjóðar, sem tengt er við þennan stað.

Tími er því kominn til, að menn fari að hyggja að, hvort þingstaðurinn forni eigi þá að líta út eins og nú gerir hann, eða hvort ekki beri miklu fremur, að hann verði orðinn friðhelgur reitur, þjóðinni til gagns og sóma.

(A. IV, 4).

Ed. **534. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Magnús Torfason, form. Guðm. Ólafsson, skrifari og frsm.

H. Steinsson.

(A. II, 4).

Ed. **535. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd leggur eindregið til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. ágúst 1919.

Magnús Torfason, form. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

H. Steinsson.

(B. LXIX, 2).

Nd. **536. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Flutningsmenn: Matthías Ólafsson, Björn Kristjánsson, Björn R, Stefánsson, Pjetur Ottesen, Sigurður Stefánsson, Pjetur Jónsson, Sveinn Ólafsson.

1. Við 1. grein.
   Fyrir »12 smálestir« komi:
   60 smálestir.

2. Við 4. grein.
   Fyrir »12« komi:
   60.

15. gr. 28.

(A. I, 10).

Nd. **537. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 15. gr. 28.

(Til málsháttasafns Páls Þorkelssonar).
Fyrir »400—400« komi:
1000—1000.

Varatillaga:

Fyrir »400—400« komi:
800—800.

(B. XL, 4).

Nd. **538. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar.

Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 12 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í.

Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því að kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti 1/10 hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins, en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XXVI, 17).

Nd. **539. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, $^1/_4$ af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Ný kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sin eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lifeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til þjónustuára hjá prestum þau ár, er þeir hafa gegnt sem aðstoðarprestar.

II. Launaákvæði.

9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4000 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^1/_5$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Strandasýslu hafa að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4800 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr. Enn fremur hefir landlæknir 1000 kr. í ritfje.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hróarstungu, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn meðan sú skipun helst um forstöðu holdsveikrahælisins, sem nú er. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en

launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr. og vitavörðurinn á Dalatanga 600 kr. og á Garðskaga, alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitasíulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 4 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 4500 kr.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins fyrst um sinn, meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni, launauppbót, miðað við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í 4 aðalkaupstöðum landsins að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í 4 aðalkaupstöðum landsins haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra

hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi, vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá hálfa launauppbót.

34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði um laun og aukatekjur embættismanna, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(A. XXVI, 18).

Nd. **540. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um laun embættismanna.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 8. gr.

Aftan við greinina komi:

Enn fremur skal sá tími, sem núverandi vegamálastjóri gegndi aðstoðarverkfræðingsstörfum, talinn honum til þjónustuára.

(C. VII, 4).

Nd. **541. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Fyrir »Neðri deild Alþingis« komi:
Alþingi.

(B. LXX, 2).

Nd. **542. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

Í stað »3 krónur« komi:
2 krónur.

(A. III, 21).

Nd. **543. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 7. gr. 15.
Liðurinn falli burtu.

(B. LXXIII 1).

Nd. **544. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 20. desember 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

1. grein laga nr. 47, 20. desember 1901, orðist svo:

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir þann hávaða í för með sjer, eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. — Svo er og bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar öll vinna í atvinnuskyni við verksmiðjuiðnað eða handiðnað, námugröft, húsagerð og aðra mannvirkjagerð, heyskap, jarðabætur, slátrun, fiskveiðar, fiskverkun, vöruflutninga í kauptúnum, ferming og afferming skipa. — Þó skal heimilt að vinna þau verk, er miða að því að bjarga og hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir, eða eiga hana yfir höfði sjer. Svo er og heimilt að starfa að fiskveiðum, þegar ógæftir hafa gengið, og að heyþurkun, fiskþurkun og að fermingu og affermingu þurkaðs saltfisks, þegar óþurkar hafa gengið, einnig fermingu og affermingu á öðrum vörum, er veðrátta hefir hindrað, eða á torsóttum höfnum.

2. gr.

1. málsliður 2. greinar laganna orðist svo:

Kaup og sala í atvinnuskyni má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar, og skulu búðir kaupmanna og annara sölumanna, svo og skrifstofur þeirra og annara atvinnurekenda, vera lokaðar.

3. gr.

3. grein laganna falli niður.

4. gr.

1. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, þann er vinna lætur, kr. 500—1000, og þann er verk vinnur, kr. 20—40, og skulu sektirnar renna í sveitarsjóð.

5. gr.

12. grein laganna orðist svo:

Tilsk. 28. mars 1855, opið brjef 26. sept. 1860, lög nr. 19, 6. nóv. 1897, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk verkamanna hjer í bænum. Hafa þeir nú um skeið haft mál þetta til meðferðar. Er þeim áhugamál að losna sem mest við erfiðisvinnu á helgidögum, nema þá er brýn nauðsyn ber til. Allmikið hefir verið hjer um helgidagavinnu, og oft og einatt, sem hennar hefir ekki virst nokkur þörf. Væri rjett, að reistar væru ríkari skorður við henni en gildandi lög um það efni gera. Prestastefnan í sumar hafði mál þetta einnig til meðferðar og tjáði sig því mjög fylgjandi, að helgidagavinna færi ekki fram algerlega að þarflausu, eins og nú á sjer oft stað.

Frekari grein fyrir frumvarpi þessu verður gerð við framsögu málsins.

(A. XXIII, 2).

Nd. **545. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

Frá samvinnunefnd launamála.

Nefndin hefir haft þetta mál til meðferðar, og hefir hún fallist á að leggja það til, að það verði samþykt.

Með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að eftirlaun falli niður. Eru launin í launafrumvarpi stjórnarinnar meðfram ákveðin svo rífleg, sem þar er gert, með það fyrir augum, að embættismenn og sýslunarmenn geti sjeð af nokkru af launununum til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

Nefndin telur eigi að eins heppilegt, heldur og nauðsynlegt, að slíkur sjóður verði stofnaður, og þykir eigi megi í það horfa, þótt stofnun sjóðsins kosti ríkissjóð nokkra fjárhæð í eitt skifti fyrir öll, nje það, þótt ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Og þar sem nú nefndin að öðru leyti hefir eigi sjeð neitt athugavert við frumvarpið, ræður hún til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson, formaður samvinnun. og Nd.n.

Þórarinn Jónsson, skrifari samv.n. og Nd.n.

Kristinn Daníelsson, skrifari Ed.n. Með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson,

Hjörtur Snorrason,

Guðm. Ólafsson, framsögum. í Ed.

H. Steinsson, form. Ed.nefndar. Með fyrirvara.

Matth. Ólafsson, framsögum. í Nd.

Jón Jónsson.

Eggert Pálsson.

Þorsteinn Jónsson.

Hákon J. Kristófersson.

(A. XLI, 2).

Nd. **546. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ekkjutrygging embættismanna.

Frá samvinnunefnd launamála.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og hefir eigi fundið neitt verulegt við það að athuga.

Nefndin fellst á þá skoðun stjórnarinnar, að eigi hafi verið tiltækilegt að krefjast þess, að embættismenn keypti hærri ekkjutryggingu en frumvarpið fer fram á, en hún er vitanlega of lág til þess, að ekkja geti lifað viðunanlegu lífi af henni einni, hafi maður hennar eigi látið henni önnur efni eftir, og er þá eigi um annað að gera en að ríkissjóður hlaupi undir bagga, og virðast nefndinni tillögur frumvarpsins hóflegar.

Þótt svo hafi staðið í eldri lögum, þykir nefndinni óviðfeldið að gera ráð fyrir, að eitt barn öðru fremur sje maklegt styrks, meðan það er innan við 16 ára aldur, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. Orðin: »og eru þess makleg« falli burt.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Þórarinn Jónsson,
skrifari samvinnun. og Nd.-nefndar.

Matth. Ólafsson,
framsögum. í Nd.

Kristinn Daníelsson,
skrifari Ed.-nefndar.
Með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson. Hjörtur Snorrason. Sveinn Ólafsson.

Jón Jónsson. H. Steinsson, form. Ed.-nefndar. Eggert Pálsson.
Með fyrirvara.

Þorsteinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(B. LXX, 3).

Nd. **547. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

Aftan við 1. gr. bætist:

Þó skal þessi hækkun ekki ná til þeirra húsa, er virt hafa verið til brunabóta eftir 1. janúar 1916 og notuð eru til íbúðar.

Til vara:

Í stað »3 krónur« komi:

2 krónur.

Breytingartillagan á þingskjali 542 er hjer með tekin aftur.

(A. XXVII, 6).

Nd. **548. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin

ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skift í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á

hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja áta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með kírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endur-

sendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Það er bannað, að neitt sje ritað á skírteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til

bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætið vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það

var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða

sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteiniuu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa

skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(A. XXIX, 11).

Nd. **549. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^2/_3$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXVIII, 3).

Nd. **550. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og menningarsögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(B. LIII, 3).

Ed. **551. Frumvarp**

til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum, og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs, og þaðan beina línu í Skiphól.

(B. XXX, 15).

Ed. **552. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Í staðinn fyrir 1. málslið 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira, komi:

Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert. Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sje að hennar áliti sjerstök þörf fyrir hundinn, fært gjaldið niður í 10 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(C. XIX, 4).

Ed. **553. Þingsályktun**

um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu.

(Afgreidd frá Ed. 28. ágúst).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni, vegna skemda þeirra og tjóns, sem Kötlugosið 1918 hefir valdið:

1. Að veita öllum leiguliðum á opinberum jörðum (þjóðeignum og kirkjujörðum) í Vestur-Skaftafellssýslu eftirgjöf á jarðareftirgjaldi fyrir fardagaárið 1918—19.

2. Að verja úr ríkissjóði nauðsynlegri fjárhæð til þess að ljetta undir með búendum á öskusvæðinu í öflun fóðurbætis fyrir næsta vetur, eftir samráði við sýslumann Skaftafellssýslu og forseta Búnaðarfjelags Íslands.

(B. LXVI, 9).

Ed. **554. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þgskj. 517 (ritsíma- og talsímakerfi Íslands).

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við tillöguna bætist:
og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.

(A. XXVI, 19).

Nd. **555. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm. Þorleifur Jónsson.

Við 12. gr.
Í 2. málsgr. 4. línu falli »Hornafjarðar« niður, en í sömu málsgr. 7. línu komi inn milli »Síðu« og »Berufjarðar«
Hornafjarðar.

(A. V, 9).

Nd. **556. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Jónsson.

Við 26. gr.

Greinin orðist þannig:
Á Alþingi eiga sæti 48 þjóðkjörnir þingmenn. Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deild eiga sæti 16 þingmenn, en 32 í neðri deild.

Hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi skulu kosnir 12 þingmenn, svo og jafnmargir varaþingmenn, en 36 þingmenn skulu kosnir í sjerstökum kjördæmum, og skal skipað fyrir um það með sjerstökum lögum.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra fjórir þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki annara þingmanna. Hinir eiga sæti í neðri deild.

Tölu þingmanna, svo og tölu þeirra, er sæti eiga í hvorri deild, má breyta með lögum.

(A. V, 10).

Nd. **557. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 504 (frá stjórnarskrárn.).

Frá Pjetri Jónssyni og Stefáni Stefánssyni.

Við 20. lið (29. gr.).

Breytingartillagan orðist þannig:

og verið búsettir í landinu síðustu tvö árin áður en kosningar fara fram. Setja má með lögum frekari skilyrði fyrir kosningarrjetti, þar á meðal lengri búsetu í landinu.

(A. XIII, 2.)

Nd. **558. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir að frv. þau, sem stjórnin lagði fyrir þetta þing, um seðlaútgáfu Landsbankans og breyting á lögum Íslandsbanka 10. nóv. 1905, voru fallin í þessari hv. deild, tók nefndin þetta frv. til athugunar og hefir átt nokkra fundi með ráð-

herrunum um málið. Hafa þeir tjáð nefndinni, að Íslandsbanki óski, að frv. þessu verði breytt þannig, að væntanleg lög um þetta efni gildi til 1. maí 1920, en hins vegar hafa þeir óskað, landsstjórnarinnar vegna, að lögin verði látin gilda til 1. maí 1921.

Nefndin leggur því til, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Í stað »1. september 1919« komi:
1. maí 1921.

Alþingi, 28. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður, framsögumaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason,

Hákon J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXVI, 20).

Nd. **559. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sveini Olafssyni, Hákoni J. Kristóferssyni, Einari Árnasyni, Pjetri Ottesen, Þorleifi Jónssyni, Sigurði Sigurðssyni, Birni R. Stefánssyni, Þorsteini Jónssyni og Einari Jónssyni.

1. Við 33. gr.
Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum frá 1. okt. 1914.

2. Við 33. gr.
Fyrir »3000 kr.« í annari málsgrein komi:
2400 kr.

(A. XXVI, 21).

Nd. **560. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun embættismanna (þingskjal 539).

Flm.: Einar Arnórsson.

1. Við 25. gr.:
Síðari málsgr. orðist svo:
Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 400 krónur upp í 4200 krónur.

2. Við 32. gr.:
a) 2. málsgr. orðist svo:
Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 krónur, en launin hækka á hverjum 4 ára fresti um 400 kr. upp í 4200 krónur.
b) 3. málsgr. orðist svo:
Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 og 400 kr. upp í 3000 krónur.
c) 5. málsgr. orðist svo:
Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 krónur, en launin hækka á hverjum 4 ára fresti um 400 kr. upp í 4200 krónur.
d) 6. málsgr. orðist svo:
Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

(B. IX, 11).

Ed. **561. Breytingartillaga**

við brtt. á þgskj. 520.

Frá allsherjarnefnd.

5. brtt., við 10. gr., orðist svo:
Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignast þar greind rjettindi yfir fasteign, áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur o. s. frv.

(A. V, 11).

Nd. **562. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 556.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Fyrir »48« komi: 44.
2. — »32« — 28.
3. — »12« — 10.
4. — »36« — 34.
5. — »fjórir« — sex.

(A. VII, 8).

Nd. **563. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er endursent frá hv. Ed., með því að það hefir tekið þar nokkrum breytingum. Eru það ýmist orðabreytingar eða lítilfjörlegar efnisbreytingar, sem nefndin getur fallist á. Nokkrar smábreytingar vill nefndin þó gera, og mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþ. frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   Fyrir »en greini þá á« í enda gr. komi:
   en ef þá greinir á.

2. Við 3. gr.
   Fyrir »Verði ágreiningur« komi:
   Ef ágreiningur verður.

3. Við 8. gr.
   Upphaf gr. orðist svo:
   Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skifta, sje um landamerki eða ítaks, eða merkjaskrá o. s. frv.

4. Við 9. gr.

Á undan síðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dómsathöfn hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Einar Arnórsson.
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari, framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

(B. LIV, 2).

Nd. **564. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. og þau skjöl, sem þar að lúta, og er á einu máli um að leggja það til við hv. deild, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar. Aðalástæða nefndarinnar fyrir þessu er sú, að ríkissjóður á lóðir í allmörgum kauptúnum á landinu og kaupstöðum, og þykir því rjett, áður en nokkuð af slíkum eignum er selt, að athugað sje í heild, hvort rjett sje að selja þær, því að ef ein slík eign er seld, liggur nærri að ætla, að eins verði farið með aðrar slíkar eignir, ef um kaup er beðið af kauptúnunum sjálfum. Þessar eignir ríkissjóðs eru margar allverðmætar, og er því í þessu efni eigi um óverulegt fjárhagsatriði að ræða.

Því verður og eigi neitað, að nokkuð brestur á góðan undirbúning þessa máls; þannig vantar t. d. umsögn kirkjustjórnarinnar og nákvæma skýrslu um lóðargjöld af Siglufirði m. m.

Það sjest og eigi, að það geti skift Siglufjörð nokkru, þótt þetta mál dragist til næsta þings, sjerstaklega þar sem bærinn hefir Leyning til nytja.

Ef stjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að selja eignir þessar, gerir nefndin ráð fyrir, að hún leggi fyrir næsta þing frv. um það.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til

að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari, framsögum. Þorleifur Jónsson.

Pjetur Ottesen. Einar Jónsson.

(B. XLVI, 6).

Ed. **565. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frá þessari háttvirtu deild var fyrir nokkru afgreitt frumvarp til laga um forkaupsrjett á jörðum til háttvirtrar Nd., og hefir hún, að því er virðist, stungið því undir stól og sent þetta frumvarp í staðinn. Mun háttvirt deild hafa litið svo á, að forkaupsrjettarákvæði hins fyrnefnda frumvarps næði eigi til jarða í sjálfsábúð, fyr en byggingarbrjef væri gefið fyrir þeim, og virðist nefndinni tryggilegar um það atriði búið í *þessu* frumvarpi. Hins vegar þykir nefndinni frumvarpið óheppilega orðað, eins og það kemur frá Nd., þar sem 6. gr. þess er að talsverðu leyti og 7. gr. orðrjett endurtekning þess, sem á undan er gengið. Virðist nefndinni mega hjá því komast án þess nokkurs missi við, og ber því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 2. grein orðist svo:

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, er landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

2. 6. og 7. gr. falla burt.
3. 8. gr. verður 6. gr. og 9. gr. 7. gr.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Sigurjón Friðjónsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(A. XXVI, 22).

Nd. **566. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Pjetri Ottesen.

1. Við 12. gr.
Allar lágmarks- og hámarkstölur á launum lækna *lækki* um 500 kr.

2. Við 13. gr.
a) Fyrir »4000 kr.« komi:
3500 kr.
og fyrir »5000 kr.« komi:
4500 kr.
b) Fyrir »1000 kr.« komi:
500 kr.

3. Við 14. gr.
Lágmarks- og hámarkslaun dýralækna *lækki* um 500 kr.

(B. VI, 3).

Nd. **567. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar á Ísafirði veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 200000 — tvö hundruð þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar. Fje þetta greiðist bæjarstjórn Ísafjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Ísafjarðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 kr., og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd,

nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ísafjarðar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.

2. Ljósgjald.

3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggju í lögsagnarumdæminu, innan takmarka hafnarinnar.

Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins. Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.

5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur

hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem risa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Ísafjarðarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

(B. XXIV, 8).

Nd. **568. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Hafi síld eigi verið flutt út innan 3 vikna eftir að hún var söltuð, en er ætluð til útflutnings, skal hún skoðuð á ný og endurmetin.

2. gr.

Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.

Skal í vottorðinu tekið fram, að síldin sje að eins frummetin.

Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.
Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

3. gr.

Skoðun þessa og endurmat skulu framkvæma lögskipaðir matsmenn, undir umsjón yfirmatsmanns.

Allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

5. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því er hún er endurmetin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

6. gr.

Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vél hirt sem skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun; ella greiðist hann af síldareiganda.

7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

9. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaðar hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

11. gr.

Þegar endurmat á síld fer fram, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. april 1920.

(B. LXVI, 10).

Ed. **569. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi. Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.

(A. XXVI, 23).

Nd. **570. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sv. Ólafssyni.

Við 26. gr.

Fyrir »3200 kr.« í fyrri málsgrein komi:

3600 kr.

(A. VIII, 11).

Ed. **571. Frumvarp**

til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætið skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi og forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfjelaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfje til sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXV, 5).

Ed. **572. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu alfriðaðir til 1940, en síðan ófriðaðir og teljast undir 2. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

3. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:

500 kr. sekt.

(A. V, 12).

Nd. **573. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 27. gr.

Orðin »þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum« falli niður.

2. Við 29. gr. 3. málsgr.

Orðin »sem eru 35 ára eða eldri« falli niður.

(B. XXX, 16).

Ed. **574. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson og Eggert Pálsson.

Við 1. gr.
Í staðinn fyrir »2 kr.« komi:
3 kr.

(A. XXIII, 3).

Nd. **575. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

Frá samvinnunefnd launamála.

Við 8. grein.
Greinin orðist þannig:
Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d., um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, og lög nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum þegar þessi lög öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 8. gr. launalaganna.

(B. LXVIII, 4).

Nd. **576. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr., síðari málsgrein.
Fyrir »menningarsögu« kemur:
bókmentasögu.

2. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur þetta:
Ef dósentinum í sögu Íslands verður veitt prófessorsembætti í íslenskri sagnfræði, skal svo með fara, þá er honum verða talin laun, sem hann hefði haft í það embætti frá upphafi háskólans.

(B. LXX, 4).

Ed. **577. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

(B. XLIII, 6).

Ed. **578. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarp þetta og hefir ekki haft neitt verulegt við það að athuga, svo langt sem það nær.

Breytingar frumvarpsins frá eldri lögum eru þessar:

1. Að leggja megi útsvar á þilbátaútgerð, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur í stað 8 vikur í gildandi lögum.
2. Tekin eru upp í frumvarpið ákvæði laga nr. 48, 3. nóv. 1915, um atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi.
3. Bætt er inn í ákvæði laganna 2. nóv. 1914, um leiguliðaafnot af jörðum, orðunum: »svo sem slægjuafnot«, og á það að skoðast skýring á lögunum, fremur en breyting.

Nefndin getur fallist á 1. atriðið, einkum vegna þess, að sama tímatakmark (4 vikur) er í lögunum 2. nóv. 1914 um bátfiski, en það virðist engin ástæða til þess að hafa tímann lengri fyrir t. d. þilskipaútgerð, og verður það að teljast ósamræmi í gildandi lögum.

Annað atriðið telur nefndin sjálfsagt og álítur rjettast að fara lengra í því efni, og leggur því til að öll lögin frá $^{2}/_{11}$ 1914 sjeu tekin upp í frumvarpið — að því leyti sem þau eru í gildi — svo að með þessum lögum verði tvenn samskonar lög úr lögum numin, þar sem breytingar á sveitarstjórnarlögunum eru þegar í allt of mörgum og smáum molum.

Nefndin vill því ráða nokkra bót á þessu í breytingartillögum sínum.

Um þriðja atriðið er það að segja, að nefndin telur skýringuna rjetta þegar svo stendur á, að utansveitarmaður hefir veruleg slægjuafnot jarðar í öðru sveitarfjelagi, en telur annan hafa ábúðina, sem þó, ef til vill, hefir lítið af aðalnytjum jarðarinnar.

Hins vegar treystir nefndin því, að þetta verði ekki skilið svo, sem leggja beri útsvar á utanhreppsmann, þótt hann fái lánaðar slægjur fyrir fult verð til þess að bjarga skepnum sínum.

Samkvæmt framansögðu ræður nefndin háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
Fyrsta málsgrein orðist svo:
36. gr. og fyrri málsgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

2. Við 1. gr. Þriðja málsgrein orðist svo:
Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

3. Eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 2. gr.
Greinin orðist svo:
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.
5. Fyrirsögnin hljóði þannig:

Frumvarp
til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form. og framsögum.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

(B. XL, 5).

Ed. **579. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar.

Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 12 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í.

Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því að kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti 1/10 hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins, en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XL, 2).

Nd. **580. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. Við 1. gr. b.
   Á eftir »kennaraprófi« komi:
   eða verið kennari við fastaskóla eða farskóla minst 5 ár.
2. Við 2. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Þegar kennarastaða er laus skal stjórnarráðið auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara með umsóknarfresti, sem ekki má vera skemmri en 3 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum veitir stjórnarráðið stöðuna, eftir að það hefir leitað meðmæla hlutaðeigandi skólanefndar eða fræðslunefndar og umsagnar fræðslumálastjóra.
3. Við 3. gr.
   Í staðinn fyrir: »formanni skólanefndar eða fræðslunefndar« komi:
   stjórnarráðinu.
4. Við 4. gr.
   a. Í staðinn fyrir: »sem kennaraprófi hefir lokið« komi:
   sem fullnægi skilyrðinu í 1. gr., í staflið b.
   b. Í stað: »skólanefnd eða fræðslunefnd« komi:
   stjórnarráðið.
   c. Í staðinn fyrir orðið: »hún« komi:
   það.

d. Í staðinn fyrir: »nefndin« komi:
stjórnarráðið.
e. Síðasti málsliðurinn falli burt.

5. Við 5. gr.
a. Fyrir: »frá 1. okt. eða 1. jan.« komi:
frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja.
b. Síðari málsgrein falli burt.

6. Við 6. gr.
Greinin orðist þannig:
Nú vill kennari losna við stöðu sína, og ber honum þá að tilkynna það stjórnarráðinu með ekki minna en 4 mánaða fyrirvara.

7. Við 7. gr.
a. Á eftir orðunum: »alúð og samviskusemi« komi:
samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.
b. Þrjár síðustu málsgreinarnar falli burt.

8. Við 8. gr.
Í staðinn fyrir »ber skólanefnd — stjórnarráðsins« komi:
skólanefndar eða fræðslunefndar ber henni að tilkynna það stjórnarráðinu, og víkur það honum þá, ef ástæður þykja til, úr stöðunni, annaðhvort um stundarsakir eða til fullnustu.

9. Við 9. gr.
Orðin í síðustu málsgrein: »og húsnæði — í peningum« falli burt.

10. Við 13. gr.
a. Á eftir orðinu: »dýrtíðaruppbótar« í fyrsta málslið komi:
úr ríkissjóði.
b. Síðari málsliðurinn falli burt.

11. Við 13. gr.
Á eftir henni komi svo hljóðandi ný grein, sem verður 14. gr.:
Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

12. 14. gr. verður 15. gr. o. s. frv.

13. Við 16. gr. (sem verður 17. gr.)
a. Í staðinn fyrir: »1. okt. 1919« komi:
1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar til stjórnarráðsins.
b. Á eftir þeirri grein komi:

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(A. XL, 3).

Nd. **581. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá samvinnunefnd launamála.

Fræðslulögin frá 1907 eru að mestu óbreytt enn þá. Hafa menn þó við reynslu þá, sem á þeim er orðin, fundið til þess, að á þeim þurfi að gera ýmsar breytingar, og sumir álitið, að þörf væri á að breyta þeim í verulegum atriðum. Þar sem það er viðurkent, að ekki sje rjett að breyta slíkum lögum fyr en eftir næga reynslu og gaumgæfilega athugun, þá mun það vera orsök þess, að fræðslumálastjórnin hefir enn ekki lagt til að breyta þeim, nema hvað skipun og launakjör kennaranna snerti. En bæði fræðslumálastjóri og launanefnd líta svo á, að nú sje kominn tími til endurskoðunar á fræðslulögunum. Vill nefndin að stjórnin sjái um, að sú endurskoðun verði gerð á næstu árum. Sjerstaklega vakir fyrir nefndinni:

a. að efla þurfi kennaraskólann, svo að mentun kennara verði meiri en hún er nú alment.

b. að kennurum verði fækkað, án þess þó að kensla verði minni en nú er.

c. að fræðslufyrirkomulaginu verði komið í fast frambúðarhorf.

Þetta frumvarp snertir að eins skipun barnakennara og laun þeirra, en hefir engin áhrif að öðru leyti, hvað fræðslufyrirkomulagið snertir. Það þarf ekki að neinu leyti að koma í bág við breytingar, er síðar kunna að verða gerðar á fræðslulögunum.

Með fræðslulögunum frá 1907 voru lágmarkslaun kennara ákveðin mjög lág, enda varð reyndin sú, að fáir nýtir menn gátu sætt sig við þau laun til lengdar, og hurfu frá starfinu. Skóla- og fræðslunefndir hafa sjeð, að ekki hefir mátt lenda við svo búið, og hafa víða eða víðast goldið kennurum mun hærri laun en ákveðin eru í fræðslulögunum. En samt hefir sú hækkun ekki verið nægileg til þess, að barnakennarar hafi sjeð sjer fært að gera þetta starf að æfistarfi, og hafa flestir horfið frá því, eftir fárra ára kenslu, og aðrir nýir fylt skörðin. Þetta hefir haft afarslæm áhrif á barnafræðsluna í landinu.

Stjórnin lagði þetta sama frumvarp, sem hjer ræðir um, fyrir þingið 1918. Fór það þá til mentamálanefndar. Stakk nefndin frv. undir stól af þeim ástæðum, að öll fræðslulögin væru ekki endurskoðuð, en lagði fram frumvarp um smávegis breytingar á lágmarkslaunakjörum kennara. Varð það frv. að lögum. En þær launabreytingar komu mörgum kennurum að engum notum, því að áður var búið að hækka laun þeirra sem því nam og meira.

Þar sem nú eru tekin fyrir laun allra opinberra starfsmanna, og þau hækkuð að miklum mun, þá er nefndin stjórninni sammála um það, að sjálfsagt sje að bæta laun barnakennara, svo að nýtir menn fáist til þess starfs og geri það að æfistarfi sínu.

Nokkrar breytingartillögur leyfir nefndin sjer að gera við frumv. stjórnarinnar, er aðallega snerta skipun kennaranna. Viðvíkjandi breytingartillögunum viljum vjer taka fram:

Nefndin álítur ekki rjett nje sanngjarnt, að kennarar, sem búnir eru að gegna stöðu sinni mörg ár og hafa reynst góðir kennarar, þurfi að láta af starfi sínu, þótt þeir hafi ekki kennarapróf, en hins vegar telur hún rjett, að hjer eftir geti engir fengið stöðu við barnaskóla, sem ekki hafa áður verið kennarar við skóla, nema þeir hafi kennarapróf.

Nefndin lítur svo á, að þar sem stjórnin á að veita allar kennarastöður, þá sje rjett að hún auglýsi þær og kennarar sendi umsóknir sínar beint til hennar. Það sparar fræðslu- og skólanefndum ómak, frá því sem ákveðið er með stjórnarfrumvarpinu. Stjórnin mun taka tillit til meðmæla skólanefnda, en fara samt mest eftir tillögum fræðslumálastjóra, hvað veitingarnar snertir. Enginn getur vitað eins vel og hann, hvernig kennarar reynast. Hann mun einnig kynna sjer, hvernig þau kennaraefni eru, er útskrifast frá kennaraskólanum. Á þessu verður enginn munur, hvort sem brtt. nefndarinnar verða samþyktar eða stjórnarfrumvarpið óbreytt.

Þar sem stjórnin veitir kennarastöðurnar, þá virðist sjálfsagt, að hún ein geti vikið kennurum úr stöðum þeirra, en ekki skóla- eða fræðslunefndir.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt, hvað launakjör kennara snertir, með þeirri einu breytingu, að ekki sje skylt að sjá farkennurum fyrir ókeypis húsnæði fyrir þann tíma, sem þeir eru ekki við kenslu. Þeir eru flestir lausir og slyppir og leita sjer atvinnu á sumrin, og munu sjaldnast þurfa að borga húsnæði fyrir þann tíma.

Rjett telur nefndin að kennarar, sem aðrir starfsmenn landsins, fái launauppbót sína að öllu úr ríkissjóði, enda er það samkvæmt venju þeirri, sem orðið hefir þessi ár, sem dýrtíðaruppbót hefir verið veitt.

Þar sem nefndin býst við að fræðslulögunum verði breytt innan skamms, og þá geti svo farið, að kennurum verði fækkað, þá telur hún rjett að setja þann varnagla, að þeir kennarar, sem af þeirri ástæðu verða að láta af starfi sínu, geti ekki krafist skaðabóta.

Þar sem svo stuttur tími verður frá því, að frumvarp þetta getur orðið að lögum og þar til kensla byrjar í haust, þá álítur nefndin ekki fært að láta lögin koma til framkvæmda, hvað skipun kennara snertir, 1. okt. í haust, eins og ákveðið er í frv. stjórnarinnar. Umsóknarfrestir geta ekki orðið nógu langir, og skóla- og fræðslunefndir verða búnar að ráða kennara til næsta skólaárs. Leggur nefndin því til, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. júní næsta vor, nema hvað launin snertir. Telur hún sjálfsagt að launakjörin verði bætt að fullu samkv. frv. næsta skólaár, því að þær bætur þoli ekki bið, frekar en launabætur allra annara starfsmanna, og ber nefndin því fram bráðabirgðatillögu þess efnis.

Hvað laun kennara snertir, þá hefir nefndin öll orðið sammála, en um skipun kennara eru nefndarmenn ekki allir á sama máli.

Alþingi, 28. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Þórarinn Jónsson,
skrifari samv.n. og Nd.-nefndar.

Kristinn Daníelsson,
skrifari Ed.-nefndar.

Þorsteinn Jónsson,
ritari og framsögum. Nd.-nefndar.

Sveinn Ólafsson.
Með fyrirvara.

H. Steinsson,
form. Ed.-nefndar.

Eggert Pálsson,
framsögum. Ed.-nefndar.

Guðm. Ólafsson.

Jón Jónsson.

Hjörtur Snorrason.

Matth. Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson.

(B. LXXIV, 1).

Ed. **582. Frumvarp**

til laga um landhelgivörn.

Frá sjávarútvegssamvinnunefnd.

1. gr.

Landsstjórnin skal kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, skip til landhelgivarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Meðan Norðurálfuófriðurinn stóð hefir af skiljanlegum ástæðum að mestu lint um hríð yfirgangi útlendra fiskiskipa hjer við land, og fyrir því mátt heita góður friður í landhelgi og á fiskimiðum vorum, enda mun öllum bera saman um, að þess hafi glögt sjeð stað á öllum aflabrögðum landsmanna, sem hafa á þessum missirum orðið í allra besta lagi, bæði á stærri skipum og smærri, umhverfis land alt, til ómetanlegra hagsmuna fyrir landið á þessum erfiðu tímum.

En fyrirsjáanlegt var, að þessi friður mundi ekki haldast lengur, er fiskiskip ófriðarþjóðanna yrðu leyst frá iðju þeirri, er þau hafa verið látin reka á þessum árum. Enda er það nú þegar tekið að koma í ljós og mikill útlendur skipastóll á ný tekinn að fiska hjer við land, og sem vita má hlífist hann þá ekki við landhelginni, hve nær sem færi er, sem kalla má að sje fyrirstöðulítið, þar sem landhelgin er því nær varnarlaus. Er þó enn ekki nema svipur hjá sjón hjá því, sem verða mun innan fárra ára, þar sem vita má, að þessi erlendi skipastóll mun vaxa hröðum fetum ár eftir ár.

Er því öllum sjávarútvegi landsmanna bersýnilegur og bráður voði búinn, nema hjer sjeu hafðar hraðar hendur og undinn bráður bugur að því, á undan flestu eða öllu öðru, sem krefur á næstu árum fjárframlaga, hag þjóðarinnar til eflingar, að koma á landhelgivörn, sem að verulegum notum geti orðið, með því að mál þetta er svo vaxið, að það þolir enga bið; af henni gæti það stafað, að útvegur landsmanna eyddist meira eða minna, og þarf ekki því að lýsa, hvert stórtjón það væri þjóðinni, þar sem sjáanlegt er, að sjávarútvegurinn, nái hann að þróast eins og nú eru horfur á, verður drýgsta tekjulind ríkissjóðs, og munu þá verða djúptækar afleiðingarnar, ef útvegurinn fer í kaldakol.

Raddir hafa þá líka þegar komið fram um það frá þeim, er útvegsmálin hafa með höndum, að þessu þingi megi ekki svo slíta, að eigi sjeu nokkrar tryggar ráðstafanir gerðar í þessu efni.

Samvinnunefnd sjávarútvegsmálanna hefir í einu hljóði orðið sammála um, að þessum röddum verði að sinna, og megi ekki bregða sjer við, þótt hjer sje um mikinn kostnað að ræða, því að hitt getur þó kostað enn meira að hafast að lítið eða ekkert.

Fyrir því ber nefndin upp framanskráð frumvarp, og þarf það að vísu ekki frekari greinargerðar við.

Eins og kunnugt er, er í sambandslögunum svo um samið, að Danir, í notum rjettinda þeirra, er þeir njóta hjer, haldi uppi þeim landhelgivörnum, sem þeir hingað til hafa gert, og ekki frekari. En hitt er jafnkunnugt, að sú vörn er allsendis ónóg og að miklu leyti sama sem engin vörn, þar sem hana brestur einatt þar og þá, er mest þarf við. Er þetta í sjálfu sjer eðlilegt, því að ekki er unt, að eitt skip geti leyst þetta starf af hendi, og ekki má heldur vænta, að útlendingar sjái með sömu augum hag vorn, sem vjer mundum sjálfir gera, og mætti þó, ef til vill, vera nokkur bót í þessari vörn um sinn til viðbótar, ef vjer kæmum sjálfir upp vörn jafnhliða, sem um munaði.

Að vísu bryddi á þeirri skoðun í nefndinni, að trygg verði vörnin aldrei, fyr en vjer að öllu leyti tökum hana sjálfir í vora hönd, en til þess mundi engan veginn nægja það eina skip, sem í frumvarpinu er farið fram á að kaupa. En að öllu athuguðu árræddi nefndin þó ekki að telja fært nje framkvæmanlegt að sinni að fara lengra en ráðgert er í þessu frumvarpi. Að minsta kosti muni eigi meiru verða í framkvæmd komið áður en Alþingi kemur aftur saman og gefst kostur á að auka, ef fært þykir, það, sem hjer er til stofnað.

Nefndin hefir aflað sjer þeirra upplýsinga, er hún átti kost á, um rekstrarkostnað væntanlegs varnarskips, og er sú áætlun á þessa leið:

1. Skipstjóri . . . . . = 10000 kr.
2. 2 stýrimenn . . . . . = 8000 —

3.	1. vjelameistari	=	6000 kr.
4.	2. —	=	4500 —
5.	2 kyndarar	=	6000 —
6.	Matsveinn	=	3600 —
7.	2. —	=	1200 —
8.	5 hásetar	=	15000 —
9.	Kol	=	96000 —
10.	Olía, tvistur	=	2000 —
11.	Vátrygging	=	16000 —
12.	Viðhald	=	8000 —
13.	Vistir	=	20000 —
14.	Fyrning	=	60000 —
	Samtals	=	256300 kr.

(C. XV, 3).

Nd. 583. **Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um póstferðir á Vesturlandi.

Frá samgöngumálanefnd.

Í byrjun júlímánaðar síðastl., var sú breyting gerð á póstgöngum vestanlands, að aðalpósturinn, sem gengið hefir frá Borgarnesi, um Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, til Ísafjarðar, er lagður niður, en póstflutningurinn í þessar sýslur sendur með Norðurlandspósti, frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði, og fluttur þaðan með öðrum póstum vestur.

Út af þessari breytingu hefir risið óánægja nokkur í Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu og áskoranir komið fram um, að afturkalla þessa ráðstöfun.

Í brjefi, er póstmeistari ritar um þetta mál 11. júlí síðastl., telur hann umkvartanir þessar ekki á rökum bygðar. Farast honum meðal annars svo orð:

»Dalasýsla hefir, eins og póstferðum er nú komið fyrir, með hverri landpóstferð póstsamband við alla hluta landsins, álíka og aðrar sýslur, sem liggja í líkri fjarlægð frá Reykjavík«.

Breytingu þessa telur póstmeistari lítið taka til Barðastrandarsýslu, aðeins tveggja hreppa, sem þó hafi svipuð póstsambönd og áður.

Að því er fjárhagshlið þessa máls snertir, lætur póstmeistari þess getið, að þessi nýja tilhögun spari ríkissjóði um 3 þús. kr. útgjöld á ári.

Eftir að nefndin hefir athugað skjöl þau úr hlutaðeigandi sýslum, er um þetta mál fjalla, og umsögn póstmeistara, treystir hún sjer ekki að ráða hv. deild til að láta þetta mál til sín taka að svo komnu, enda breytingin komin á fyrir svo örstuttum tíma, að engin ábyggileg reynsla er fengin fyrir því, hvernig þessi nýja tilhögun muni reynast.

Nefndin lítur því svo á, að rjett sje að bíða átekta og binda ekki hendur póststjórnarinnar að óreyndu máli.

Um síðari lið tillögunnar er það að segja, að nefndin er honum mótfallin. Sú tilhögun, sem þar er farið fram á, myndi valda allmiklum kostnaði fyrir ríkissjóð, en þörfin hins vegar getur naumast talist brýn.

Nefndin vill þó, að eitt og sama gangi yfir báða liði tillögunnar, og leggur til, að málinu verði

vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, formaður.	Gísli Sveinsson, fundaskrifari.	Einar Árnason, framsögum.
Björn Kristjánsson.	Björn R. Stefánsson.	Þorsteinn Jónsson.

Ósamþykkur niðurstöðu nefndarinnar.

Benedikt Sveinsson.

(A. XXVI, 24).

Nd. **584. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 11. gr.

Á undan »Húnavatnssýslu« í byrjun 3. málsgr. komi: Barðastrandarsýslu.

Orðið »Barðastrandarsýslu« í 4. málsgr. falli burt.

(A. XXVI, 25).

Nd. **585. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. Við 8. gr.

Síðasta málsgrein orðist svo:

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem

aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

2. Við 11. gr.
7. málsgrein verði 5. málsgr.

3. Við 15. gr.
Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

4. Við 17. gr.
Fyrir «3000« og »4000« í 2. málsgrein komi:
3500 og 4500.

5. Við 18. gr.
Fyrir »og vitavörðurinn á Dalatanga« til enda komi:
vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er þeir nú njóta.

6. Við 22. gr.
Aftan við fyrri málsgrein bætist:
Auk þess hefir hann í ritfje 1000 kr. á ári.

7. Við 23. gr.
Fyrir »4 ára« komi:
3 ára.

8. Við 25. gr.
Fyrir »2600« og »3600« komi:
3000 og 4200.

9. Við 32. gr.
Fyrir »2500« og »3500« í 2. og 5. málsgr. komi:
3000 og 4000.

10. Við 32. gr.
Fyrir »3500« og »4500« í 6. málsgr. komi:
4000 og 5000.

11. Við 33. gr.
Á eftir »sýslunarmenn landsins« (í 1. línu) komi:
sem taldir eru í þessum lögum.

12. Við 37. gr.
Orðin »um laun og aukatekjur embættismanna« falli burt.

(A. V, 13).

Nd. **586. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 29. gr.

Fyrir málsliðinn: »þó getur enginn átt kosningarrjett . . . þeginn sveitarstyrk« komi:

Enginn getur þó átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sje fjár síns ráðandi, standi ekki í sveitarskuld og hafi að minsta kosti þá almennu þekkingu, sem heimtuð er eða heimtnð kann að verða af ungmennum á fermingaraldri.

(A. V, 14).

Nd. **587. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 17. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« komi:

annaðhvert ár.

(B. LXIII. 4).

Ed. 588. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í frumvarpið eru tekin upp lög nr. 14, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, og þær breytingar gerðar, að skýrslur skulu árlega gefnar um eyðing refa og kostnað við hana, er birtar sjeu í landhagsskýrslunum, og sektir hækkaðar fyrir brot á reglugerðum þessum.

Nefndin er sammála um, að frumvarpið sje til bóta, og ræður háttv. deild til að samþykkja það.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður. Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Sigurjón Friðjónsson.

(A. XVIII, 7).

589. Lög

um breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

(Afgreidd frá Nd. 30. ágúst).

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919, og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. IX, 12).

Ed. **590. Frumvarp**

til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að því leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, og skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr. með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinn-

ar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignast þar greind rjettindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XLV, 6).

Ed. **591. Frumvarp**

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá,

er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^{2}/_{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^{2}/_{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^{2}/_{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^{2}/_{3}$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykt framlög til vega eftir jarðardýrleika, eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

(B. LIII, 4).

Nd. **592. Frumvarp**

til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum, og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs, og þaðan beina línu í Skiphól.

)A. XIII, 3).

Nd. **593. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.

(B. LXXV, 1).

Nd. **594. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1913.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1913, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr bæjarsjóði eða sýslusjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram í kaupstöðum á mánuði hverjum, en annarsstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 250 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 250 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 50 kr., uns launabótin nemur 100 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem

yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Launakjör yfirsetukvenna eru nú orðin alveg óviðunandi. Horfir til hinna mestu vandræða, því skortur er mikill víða um land á yfirsetukonum, og öldungis víst, að hann muni verða enn meiri, ef ekki er bót á ráðin. Nefndin vill því gera nokkra tilraun til að bæta kjör þessara starfsmanna ríkisins og hjeraðanna, enda eru þeir engu síður nauðsynlegir en hinir aðrir, sem nú er verið að bæta fyrir til þess að ríkinu haldist á góðum starfskröftum.

Fyrir breytingunum mun annars gerð grein í framsögu.

(B. XXI, 6).

Ed. **595. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn refaeldi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni þykir viðsjárvert að samþykkja frumvarp þetta að svo stöddu. Refarækt er arðsöm atvinnugrein, og þó þeir sjeu fáir, sem hana stunda, virðist ekki rjett að banna refaeldi, nema sönnur sjeu á það færðar, eða til þess sjeu mjög sterkar líkur, að það sje öðrum atvinnuvegum meira til tjóns en gagninu nemur. Það er að vísu rjett, að fjölgun refa í landinu er hvorttveggja í senn, skaðleg einum aðalatvinnuvegi landsbúa, sauðfjárræktinni, og í þágu þeirra, sem tekjur hafa af yrðlingaveiðum. Er eigi fyrir það að synja, að refaveiðimenn kunni stundum að hlífa fullorðnum dýrum, fremur en ella, þegar hátt verð er í boði fyrir yrðlinga. En álíta má, að aukin eftirsókn eftir yrðlingunum kippi þó hins vegar úr fjölguninni, og er vant að sjá, hvort meira dregur. Ýmsir halda því fram, að refir hafi fjölgað, og kenna um, að tófur sleppi úr eldi. En ólíklegt er, að það sje í þeim stíl, að veruleg áhrif geti haft á fjölgunina, og engar sönnur hafa verið á það færðar, en þó er ekki fyrir það synjandi. Á hinn bóginn er auðsætt, að þar, sem refarækt er að eins örfárra manna atvinnuvegur og í svo algerðu gagnstæði við sauðfjárræktina, þá er fjarri sanni að heimila refaeldi, nema mjög tryggi-

lega sje um búið. Virðist nefndinni sjálfsögð skilyrði þess eiga að vera: stjórnarleyfi, meðmæli hlutaðeigandi sýslunefnda og öruggar tryggingar fyrir því, að eldi fari að eins fram í refheldum girðingum, eða eyjum, þar sem engin hætta er á að refir gangi á land; enn fremur það, að aldir refir sjeu markaðir og háar sektir liggi við, ef dýr sleppur úr eldi. Virðist nefndinni rjett, að vel sje athugað, hvort ekki er tiltækilegt að heimila refaeldi með slíkum skilyrðum, og að leitað sje álits sýslunefnda og fróðra manna um málið áður en það er útkljáð, og leggur því til, að það sje afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því skilorði og í því trausti, að stjórnin leiti álits allra sýslunefnda í landinu um þetta mál, fái um það upplýsingar sjerfróðra manna og leggi síðan frumvarp til laga um það fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. Með fyrirvara.	Sigurjón Friðjónsson, skrifari og framsögumaður.

10. gr. C. 1.

(A. I, 11).

Nd. **596. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Pjetri Ottesen.

Við 10. gr. C. 1. Liðurinn allur (a, b, c, d) orðist þannig:

Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn ..... 12000—12000

12. gr. 6.

(A. I, 12).

Nd. **597. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Einari Arnórssyni.

Við 12. gr. 6.

Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til Þingvallahrepps til þess að vitja læknis ..... 200—200—400

16. gr. 7. d.

(A. I, 13).

Nd. 598. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 7. d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 50 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 25 aura hver örk, alt að ....—2000

15. gr. 23.

(A. I, 14).

Nd. **599. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 15. gr.
Á eftir 23. lið komi nýr liður:
Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins) ..... 1000—1000

Við brtt. 462, 115.

(A. I, 15).

Nd. **600. Breytingartillaga**

við brtt. á þgskj. 462 (við fjárlögin).

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 115. lið.
Í b. (cand. theol. Freysteinn Gunnarsson).
Fyrir »2000—.....« komi:
4000—.....

Við brtt. 462, 37.

(A. I, 16).

Nd. **601. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 462, við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Einari Arnórssyni.

Við 37. lið (13. gr. B. II. 5).
Orðin: »gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðarins« falli burtu.

(A. XL, 4).

Nd. **602. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 9. gr. d.
a. Fyrir »1500« komi:
1800.
b. Fyrir »1200« komi:
1400.

(A. V, 15).

Nd. **603. Frumvarp**

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða, eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið, meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráður, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á lögráður ríkisarfi sæti í því. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin, eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur samþykt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórðahvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er sendimaður ríkisins, við nám eða

til lækninga. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára að aldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild á rjett á að bera fram frumvörp til laga og annara samþykta og samþykkja þau fyrir sitt leyti. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi í frumvarpsformi, ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og sætir hann því næst sömu meðferð sem önnur lagafrumvörp.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinn lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum

um einstök málsatriði. En eigi nær lagafrumvarp í heild sinni — að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga — þó samþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með því.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um nokkurt mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni,

sem hann á sæti í, sjerhvert alment mál, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp handa sameinuðu Alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af aunum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun sliks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði, ef lögin gera ekki sjerlega undantekning eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru bygð á almenningsheill, skal af taka með lögum.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(A. V, 16).

Nd. **604. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Sigurði Stefánssyni, Pjetri Jónssyni og Einari Árnasyni.

Við 26. gr. Fyrir »40« komi: 44.
— — — — »26« — 28.
— — — — »14« — 16.
— — — — »34« — 36.
— — — — »6« — 8.
— 27. — Orðin: »og fer . . . fjórða hvert ár« falli burt.

(A. V, 17).

Nd. **605. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 26. gr.
Fyrir »40« komi: 42.
— »26« — 28.
— »34« — 36.

(A. V, 18).

Nd. **606. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 29. gr. 1. málsgrein.

Á eftir orðunum »óflekkað mannorð« komi:
skilji og tali íslenska tungu sæmilega.

(B. LXVII, 2).

Ed. **607. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og þau skjöl, sem fyrir hendi eru, og átt tvisvar tal við verkfræðing N. P. Kirk, sem gert hefir hina nýju áætlun.

Hækkun sú, sem farið er fram á eftir frumvarpinu til hafnargerðarinnar, stafar af tveim ástæðum: 1. dýrara efni og hækkuð vinnulaun og 2. fullkomnari virkjun.

Sjerstaklega eru bylgjubrjótarnir, sem eru aðalskilyrði hafnargerðarinnar, miklu sterkari og fullkomnari, og að áliti verkfræðingsins algerlega traustir.

Nefndin hefir orðið á eitt sátt um það að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, að eins með þeirri breytingu, að höfnin sje gerð eftir áætlun, sem stjórnin samþykki, og ætlast nefndin til, að stjórnin hafi þar í ráðum sjerfræðing. Enda þótt hjer sje um talsverða fúlgu að ræða, þá er svo margt, sem gerir þessa hafnargerð nauðsynlega, svo sem lega Eyjanna fyrir hafnlausa Suðurlandinu, hin fiskisælu mið þar alt í kring, og þrengslin, eins og nú er komið, á höfninni, og svo hin mikla framtíð, sem Eyjarnar auðsjáanlega eiga fyrir höndum, svo hættan virðist engin á því, að hafnargerðin ekki beri sig. Þar við bætist, að ríkissjóður á Eyjarnar, og hljóta þær að verða mjög svo miklu dýrmætari þegar fram í sækir og höfnin er komin. Að öðru leyti vísast í greinargerð frumvarpsins með fylgiskjölum.

Vjer viljum því ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Á eftir orðunum »Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum« komi: eftir áætlun, sem landsstjórnin samþykkir.

Alþingi, 30. ágúst 1919.

Karl Einarsson, formaður og ritari. M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson.

(B. LX, 2).

Ed. **608. Nefndarálit**

um frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Vjer höfum athugað frumvarp þetta og skjöl þau, sem fyrir hendi eru, og kemur í ljós, að hafnargerð þessi verður til ómetanlegs gagns fyrir hjerað það, sem höfnin verður bygð í.

Aðalmannvirkið er skjólgarður fyrir Ólafsvík, sem að áliti verkfræðings N. P. Kirk, sem mælt hefir hafnarstæðið og gert áætlanir um kostnaðinn, verður til skjóls fyrir skip og báta á víkinni í öllum hafviðrum; á stóru svæði verður milli 5 og 6 metra dýpi 90 metra inn í víkina, reiknað frá bylgjubrjótsendanum. Stór kostur er það á þessu hafnarstæði, að það er hægt að stækka höfnina að eins með því að lengja bylgjubrjótinn, og þarf ekki að fara með hann á meira dýpi samt en 6 metra. Við bryggjuna, sem liggur innan við garðinn, er 5 metra dýpi. Alt dýpi er hjer miðað við stórstraumsfjöru á tímabilinu 1. maí til 5. júlí 1919, því þá fóru mælingarnar fram. Við bryggju þessa geta því legið sæmilega stór skip.

Eftir áætluninni eru mannvirkin þessi:

1.	Lögun á þurru landi og uppfylling á landi	kr. 139400
2.	Grjótgarður og bylgjubrjótur við uppfyllinguna	— 28400
3.	Múr á uppfylling	— 8700
4.	Bylgjubrjótur	— 315500
5.	Vegur meðfram honum	— 29750
6.	Skipabryggja	— 147000
7.	Bátabryggja	— 13250
8.	Festarhringar	— 8000
		Kr. 700000

Enda þótt nú hjer sje um mikla fjárhæð að ræða, þá hikar nefndin ekki við að ráða til að samþykkja frumvarp þetta og gefa þannig sveitarfjelagi því, sem um ræðir, heimild til að ráðast í fyrirtæki þetta, er það er fullrannsakað, og vill nefndin breyta 1. gr. frumvarpsins í þá átt, að landsstjórnin samþykki áætlun fyrir hafnargerðina áður en ráðist er í hana.

Nefndin finnur ástæðu til að taka það fram, að hún getur ekki látið vera að bera saman hin stóru vega- og brúarmál, sem hafa fengið svo góðan byr nú síðustu árin, við hafnargerðir, því auk alls þess gagns, beint og óbeint, sem bættir vegir og brýr gera, þá hafa hafnir þær, sem hingað til hafa komið alvarlega á dagskrá þjóðarinnar, það fram yfir vegina og brýrnar, að þær bera sig beinlínis sjálfar fjárhagslega, ef að eins ljett er undir með byggingu þeirra, og auðsjáanlega bæði þessi höfn, Vestmannaeyjahöfn eins og Reykjavíkur, verða til hagsældar hjeruðum þeim, sem nær liggja eða þær liggja í, og bera sig fjárhagslega sjálfar, að minsta kosti í alveg næstu framtíð.

Að öðru leyti vísast í greinargerð frumvarpsins, og ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

A eftir orðunum »Til hafnargerðar í Ólafsvík« komi:
eftir áætlun, sem landsstjórnin samþykkir.

Alþingi, 30. ágúst 1919.

Karl Einarsson, form. og ritari. M. J. Kristjánsson. Kristinn Daníelsson.

12. gr. 16

(A. I, 17).

Nd. **609. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Við 12. gr. 16.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmanns Minde«
á Akureyri, alt að ..... 23000—.....

(A. I, 18). 15. gr. 39.

Nd. **610. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 15. gr. 39.

Liðurinn falli burt.

(A. I, 19). 18. gr. II, i.

Nd. **611. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 18. gr. II, i.

Aftan við liðinn bætist:

Til Sigurðar Jónssonar smáskamtalæknis frá Litla-Lambhaga í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf hans ... ... 500—.....

(A. I, 20). Við brtt. 462, 86.

Nd. **612. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 462.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 86. 14. gr. B. XIV, a. Lýðskólar.

(Athugasemdin).

Aðaltillaga: fyrir »Hvítárbakkaskólanum 3500 kr.« komi:
Hvítárbakkaskólanum 4000 kr.

Varatillaga: fyrir »Skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr.« komi:
Skólanum á Núpi í Dýrafirði 3500 kr.

(A. I, 21). Við brtt. 459, 5.

Nd. **613. Breytingartillaga**

við brtt. á þgskj. 459 (við fjárlögin).

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 5. lið (15. gr. 44).

Liðurinn orðist svo:

Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar... ... ... 6000—.....

Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.

Brtt. 462, 118, 119, 120.

(A. I, 22).

Nd.

614. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þgskj. 462 við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 118. lið (16. gr. 2). Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til búnaðarfjelaga.
Styrkurinn borgist Búnaðarfjelagi Íslands, og skiftir það honum milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu þeirra, að fengnum tillögum búnaðarsambandanna um, hvernig styrknum innan fjelaganna skuli varið.

2. — 119. — (16. gr. 3). Þessi liður frumvarpsins orðist þannig:
Styrkur til vatnsveitinga ..... 25000—25000
Af fje þessu veitir stjórnarráðið styrk til stærri áveitufyrirtækja eða vatnsveitinga, eftir tillögum Búnaðarfjelags, þó ekki yfir 1/4 kostnaðar, enda sje og fyrirtækið vel undirbúið af verkfróðum manni.

3. — 120. — (16. gr. 4 a). Liðurinn falli niður.

15. gr. 20. a., 20. b., 22., 40., 44.

(A. I, 23).

Nd.

615. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 15. gr. 20. a. Athugasemdin við liðinn (»Styrk þennan . . . í Reykjavík«) falli burtu.
2. — — — 20. b. Liðurinn (Þýðing G. Faust) falli burtu.
3. — — — 22. Liðurinn (Íslenska orðabókin) falli burtu.
4. — — — 40. Liðurinn (Til safnaðar í Kaupmannahöfn) falli burtu.
5. — — — 44. Liðurinn (Til Sig. Einarsson) falli burtu.

12. gr. 12.

(A. I, 24).

Nd. **616. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm. Sigurður Sigurðsson og Einar Jónsson.

Við 12. gr. 12.

Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:

Til Ólafs læknis Ísleifssonar Þjórsártúni .... 1500—1500.

Til vara: .... 1200—1200.

Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að nefndur læknir sinni læknisstörfum, þegar hans er vitjað, og sje auk þess reiðubúinn að veita hjeraðslæknum Árnes- og Rangárvallasýslna nauðsynlega aðstoð, þegar þeir óska þess.

16. gr. 12.

(A. I, 25).

Nd. **617. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 12. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Utanfararstyrkur til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til þess að fullkomna sig í ostagerð ..... 3000—.....

Til vara: ..... 2500—.....

Brtt. 462, 86.

(A. I, 26).

Nd. **618. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þgskj. 462.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 86. lið (14. gr. B. 14. a.).

Í athugasemdinni komi fyrir »4000 kr.«
3000 kr.
fyrir »3500 kr.«
3000 kr.
og fyrir »3000 kr.«
2500 kr.

Brtt. 462, 98.

(A. I, 27).

Nd. **619. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þingskjali 462.

Frá Sv. Ólafssyni.

Við 98. lið (15. gr. 8.).

Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:

Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.

(A. I, 28). 21. gr. 5.

Nd. **620. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 21. gr. 5.

Á eftir þeim lið komi tveir nýir liðir:

a. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

Til vara: Lánsupphæðin sje 25000 kr.

b. Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.

(A. V, 19).

Nd. **621. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 29. gr.

Aftan af 1. málsgrein skal fella orðin:

»og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk«.

2. Við 29. gr.

2. málsgr. fellur niður.

(B. LXXVI, 1)

Ed. **622. Frumvarp**

til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

Frá samvinnunefnd allsherjarnefnda.

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tiðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hjer á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda

sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Greinargerð.

Í Reykjavík eru hin eiginlegu dómarastörf þegar orðin svo umfangsmikil, að einum manni er það á stundum ofvaxið að hafa þau á hendi, svo vel sje, og að sama má búast við að geti rekið í hinum öðrum kaupstöðum landsins, þar sem dómararnir hafa svo mörgum og margvíslegum öðrum embættisstörfum að gegna en dómarastörfum.

Hins vegar er ekki heimild til þess í íslenskum lögum að löggilda fulltrúa dómara til að hafa á hendi eiginleg dómarastörf fyrir þá, nema alveg sjerstaklega standi á (tilsk. 19. ág. 1735, 2. gr.).

Úr þessu á 1. gr. frv. að bæta, þar sem dómsmálaráðherra er veitt heimild til þess að löggilda menn til þess að aðstoða bæjarfógeta í meðferð lögreglumála og við rannsókn sakamála í forföllum dómaranna, og er ekkert varhugavert við það, þar sem áskilið er, að mennirnir (fulltrúar dómaranna) skuli fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hjer á landi.

Þar sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefir ekki dómsvald, er svo litið á, að ekki verði menn látnir afplána sektir fyrir lögreglubrot, sem undirgengist er að greiða fyrir honum eða fulltrúa hans, sjeu þær ekki greiddar góðmótlega. — Verður þá að senda málin til bæjarfógeta og hann að taka þau fyrir af nýju. Þetta þykir óþarfa umstang, þar sem hjer er venjulega um smámál að ræða, og hins vegar ekki varhugavert að ákveða í lögum, að slíkar sektir megi afplána eftir sömu reglum og sektir, sem undirgengist er að greiða fyrir manni með dómaravaldi, þar sem eigi getur annað komið til mála en að í lögreglustjórastöðunni og í fulltrúastöðu hans sjeu jafnan færir lögfræðingar.

(A. V, 20).

Nd. **623. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

65. gr. orðist svo:

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

(A. XXVI, 26).

Ed. **624. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, 1/4 af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

II. Launaákvæði.

9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^1/_5$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu hafa að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4800 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dóms-

málaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr. Enn fremur hefir landlæknir 1000 kr. í ritfje.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Hornafjarðar, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hróarstungu, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólabjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn meðan sú skipun helst um forstöðu holdsveikrahælisins, sem nú er. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en

launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr. Auk þess hefir hann í ritfje 1000 kr. á ári.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitasiulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embætt-

inu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum frá 1. okt. 1914. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í 4 aðalkaupstöðum landsins að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í 4 aðalkaupstöðum landsins haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi, vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá hálfa launauppbót.

34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(C. XX, 3).

Ed. **625. Ályktanir**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

(Afgreiddar frá Ed. 1. sept.).

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að halda frá byrjun næsta fjárhagstímabils algerlega aðskildum reikningum ríkissjóðs og viðlagasjóðs.

2. Að brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr ríkissjóði, að nota það í þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið.

3. Að sjá um, að endurgreitt verði í ríkissjóð við hver áramót það, sem óeytt kann að vera af því fje, sem ávísað hefir verið á árinu til forstöðumanna skóla og annara stofnana, nema um óverulegar fjárhæðir sje að ræða.

(A. II, 5).

Ed. **626. Fjáraukalög**

fyrir árin 1916 og 1917.

(Afgreidd frá Ed. 1. sept.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1916 og 1917, veitast kr. 1062004,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast kr. 89155,94.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	...	...	1917	kr.	3012,75		
— —	5.	Skrifstofukostnaður	...	...	1916	—	4979,25		
— —	—	—	...	...	1917	—	18578,86		
— —	6.	Landsfjehirðisstörf	...	...	1917	—	783,61		
— —	7.	Umbætur og viðhald	...	...	1916	—	138,14		
— —	—	—	...	...	1917	—	61663,33	kr.	89155,94

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 91726,68.

Við tölul.	A	3.	Hegningarhús	1916	kr.	1888,99		
—	—	B	1. b.	Pappír og prentun... ...	1916	—	5061,08		
—	—	B	1. d.	Efnisyfirlit	1916	—	300,00		
—	—	B	2. c.	Hagskýrslur	1917	—	2663,25		
—	—	B	2. d.	Eyðublöð...	1917	—	683,94		
—	—	B	2. e.	Húsaleiga m. m.	1916	—	114,79		
—	—	—	—	—	1917	—	1266,10		
—	—	B	2. f.	Aðstoð o. fl.	1916	—	1375,30		
—	—	—	—	—	1917	—	1402,25		
—	—	B	3. a.	Burðareyrir	1916	—	3020,27		
—	—	—	—	—	1917	—	5783,73		
—	—	B	3. b.	Símskeyti	1916	—	10561,08		
—	—	—	—	—	1917	—	57511,40		
—	—	B	11.	Til að kaupa peningaskápa	1916	—	94,50	kr.	91726,68

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 167557,63.

Við tölul.	10.	Holdsveikraspítalinn	1916	kr.	7475,07		
—	—	—	1917	—	51310,76		
—	—	11.	Hælið á Kleppi	1916	—	16200,23		
—	—	—	—	1917	—	38149,37		
—	—	13.	Vífilstaðahælið	1916	—	11094,26		
—	—	—	—	1917	—	24325,94		
—	—	14.	Fjós- og hlöðubygging ...	1916	—	19002,00	kr.	167557,63

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 367229,30.

A. Póstmál:

Við tölul.	2.	Póstflutningur	1916	kr.	1557,88		
—	—	—	1917	—	10098,19		
—	—	3. a.	Skrifstofukostnaður	1916	-	1905,10		
—	—	—	—	1917	—	6090,90		
—	—	3. d.	Önnur gjöld...	1916	—	2441,58		
—	—	—	—	1917	—	6956,81	kr.	29050,46

B. Vegamál.

Við tölul.	II. 1.	Borgarfjarðarbraut	1916	kr.	1329,88		
—	—	II. 2.	Húnvetningabraut	1916	—	1570,08		
—	—	II. 5.	Reykjadalsbraut	1916	—	3333,76		
—	—	II. 9.	Viðhald flutningabrauta...	1917	—	3937,95		
—	—	III. 4.	Langadalsbraut	1916	—	419,43		
				Flyt	kr.	10591,10	kr.	29050,46

				Fluttar	kr.	10591,10	kr.	29050,46
Við tölul.	III. 8.	Hróarstunguvegur		1917	—	1000,00		
— —	V.	Áhöld...		1917	—	65038,52	kr.	76629,62
		C. Samgöngumál á sjó.						
Við tölul.	I.	Strandferðir		1916	kr.	3039,20		
— —	—	—		1917	—	17231,80		
— —	III. 1.	Faxaflóabátur		1917	—	2000,00	kr.	22271,00
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.						
Við tölul.	II.	Rannsókn símaleiða ...		1916	kr.	6760,61		
— —	—	—— ...		1917	—	7513,28		
— —	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður		1916	—	658,37		
— —	—	—		1917	—	2000,61		
— —	IV. 4.	Ritsímastöðin í Reykjavík		1916	—	1497,33		
— —	IV. 4.	—		1917	—	13680,88		
— —	IV. 5.	Ritsímastöðin á Akureyri		1916	—	431,16		
— —	—	—		1917	—	3094,13		
— —	IV. 6.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði		1917	—	1555,52		
— —	IV. 7.	— á Ísafirði		1916	—	607,15		
— —	—	— —		1917	—	2998,32		
— —	IV. 8.	— á Borðeyri		1916	—	776,77		
— —	—	— —		1917	—	699,91		
— —	IV. 9.	— í Hafnarf.		1916	—	128,08		
— —	—	— —		1917	—	383,52		
— —	IV. 10.	— í Vestm.eyj.		1916	—	57,95		
— —	—	— —		1917	—	497,64		
— —	IV. 11.	Eftirlitsstöðvar o. fl. ...		1916	—	4289,46		
— —	—	— ...		1917	—	7202,55		
— —	IV. 12.	Viðgerð á bæjarsíma Ak.		1916	—	5679,58		
— —	V.	Eyðublaðaprentun m. m.		1916	—	10885,93		
— —	—	—		1917	—	16226,32		
— —	VI.	Viðbót og viðhald		1916	—	2795,96		
— —	—	—		1917	—	6184,22		
— —	VII.	Ferðalög		1916	—	958,45		
— —	—	—		1917	—	3883,92		
— —	VIII.	Viðhald landsímanna ...		1916	—	15347,75		
— —	—	— ...		1917	—	36180,52	kr.	152975,89
		E. Vitamál.						
Við tölul.	I. c.	Skrifstofuhald		1917	kr.	484,93		
— —	I. d.	Ferðakostnaður...		1917	—	714,85		
— —	II.	Rekstrarkostnaður vita ...		1916	—	7805,80		
— —	—	— ...		1917	—	13237,18		
— —	III.	Nýir vitar, sjómerki o. fl.		1916	—	28973,54		
— —	—	—		1917	—	25805,72		
— —	IV.	Sjómerki		1917	—	841,15		
— —	V.	Ýmislegt		1917	—	8439,16	kr.	86302,33
				Samtals A—E			kr.	367229,30

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 75325,17.

B. I. Háskólinn.

Við	tölul.	c. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1916	kr.	1200,00		
—	—	—	— —	1917	—	150,00		
—	—	g.	Til starfrækslu Röntgensáhalda	1916	—	2094,41		
—	—	—	— —	1917	—	2263,27		
—	—	h.	Eldiviður o. fl.	1916	—	1783,19		
—	—	—	—	1917	—	3839,16		
—	—	i. 3.	Ýmisleg gjöld	1916	—	1346,32		
—	—	—	—	1917	—	660,26	kr.	13336,61

B. II. Mentaskólinn almenni.

Við	tölul.	d. 2.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	2481,29		
—	—	—	—	1917	—	7232,05		
—	—	d. 5.	Tímakensla o. fl.	1916	—	547,40		
—	—	—	—	1917	—	630,70	kr.	10891,44

B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við	tölul.	b. 4.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	2135,11		
—	—	—	—	1917	—	1345,84		
—	—	b. 7.	Til skólahússins utan og innan	1917	—	604,41		
—	—	b. 8.	Ýmisleg útgjöld	1916	—	371,50		
—	—	—	—	1917	—	66,81	kr.	4523,67

B. IV. Kennaraskólinn.

Við	tölul.	b. 3.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	865,56		
—	—	—	—	1917	—	450,00		
—	—	b. 8.	Vatnssalerni	1916	—	300,00	kr.	1615,56

B. V. Stýrimannaskólinn.

Við	tölul.	b. 1.	Tímakensla...	1916	kr.	998,40		
—	—	—	—	1917	—	476,80		
—	—	b. 4.	Eldiviður o. fl.	1916	—	690,47		
—	—	—	—	1917	—	5879,29		
—	—	b. 5.	Ýmisleg gjöld	1916	—	453,28		
—	—	—	—	1917	—	563,07	kr.	9061,31

B. VI. 1. Hólaskóli.

Við	tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	2739,69		
—	—	—	—	1917	—	2205,84		
—	—	d. 4.	Ýmisleg gjöld	1916	—	499,09	kr.	5444,62
						Flyt	kr.	44873,21

						Fluttar	kr.	44873,21
			B. VI. 2. Hvanneyrarskóli.					
Við tölul.	d. 3.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	1400,00			
— —	—	—	1917	—	3000,00		kr.	4400,00
			B. X Yfirsetukvennaskólinn.					
Við tölul.	2. b.	Annar kostnaður	1916	kr.	138,61			
— —	3.	Styrkur námskvenna.. ...	1916	—	2320,00			
— —	—	—	1917	—	1970,00		kr.	4428,61
			B. XII. Barnafræðsla.					
Við tölul.	2. b.	Til að reisa barnaskóla ...	1917	kr.	13379,87			
— —	4.	Til prófdómenda	1916	—	505,13		kr.	13885,00
			B. XV. Daufdumbrakensla.					
		Til kenslu o. fl....	1916	kr.	2615,73			
		— —	1917	—	5123,62		—	7739,35
							kr.	75326,17
			7. gr.					
		Sem viðbót við 15. gr. veitast kr. 16452,07.						
Við tölul.	6. a.	Eldiviður o. fl.	1916	kr.	1755,11			
— —	-	—	1917	—	1099,81			
— —	6. c.	Áhöld o. fl.	1916	—	879,63			
— —	—	—	1917	—	1548,91			
— —	17.	Dómasafn	1916	—	30,00			
— —	—	—	1917	—	990,00			
— —	22.	Listasafnshús Einars Jónsson.	1916	—	10148,61		kr.	16452,07
			8. gr.					
		Sem viðbót við 16. gr. veitast kr. 4573,37.						
Við tölul.	8. d.	Eldiviður o. fl....	1917	kr.	121,61			
— —	11. b.	Ferðakostnaður	1917	—	246,00			
— —	18. b.	Ferðakostnaður	1916	—	102,13			
— —	19. d.	Ferðakostnaður	1916	—	429,35			
— —	—	—	1917	—	392,80			
— —	37.	Innsigling til Borgarness og Skógarness	1917	—	3281,48		kr.	4573,37
			9. gr.					
		Sem viðbót við 19. gr. veitast kr. 249983,69.						
		Óviss útgjöld	1916		16312,76			
		— —	1917		225025,25			
		Greiðslur samkv. landsreikningi 1917 upp á væntanlega aukafjárveitingu			8645,68		kr.	249983,69

(A. IV, 5).

Ed. **627. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917.

(Afgreidd frá Ed. 1. sept.)

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	108000	199476,33
2. Húsaskattur	28000	32242,25
3. Tekjuskattur	64000	193874,00
4. Aukatekjur	150000	176704,08
5. Erfðafjárskattur	9000	29029,18
6. Vitagjald	100000	66788,64
7. Leyfisbrjefagjöld	13000	21001,04
8. Útflutningsgjald	300000	292545,39
9. Vínfangatollur	50000	107625,92
10. Tóbakstollur	420000	532326,10
11. Kaffi- og sykurtollur	1000000	1323436,18
12. Vörutollur	700000	555755,72
13. Annað aðflutningsgjald	64000	137779,60
14. Pósttekjur	250000	249438,98
15. Símatekjur	400000	885681,14
16. Tekjur af bönkum	37000	123604,56
17. Óvissar tekjur	40000	52121,92
18. Verðhækkunartollur	... ...	765323,73
19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs	30000	56175,56
20. Tekjur af kirkjum	200	174,67
21. Tekjur af silfurbergsnámum	6000	
22. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	30387,42
23. Viðlagasjóðstekjur	283400	413310,75
24. Árgjald af brauðum	3600	6198,02
25. Endurgreidd skyndilán embættismanna	2000	1692,82
26. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	10000	2018,00
27. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	120000,00
28. Vextir frá Landsverslun, eimskipum, bönkum o. fl.	.. ..	253159,59
29. Lán tekin	... ...	11282533,35
Samtals ...	4208200	17910404,94

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
II. Útgjöld:		
1. Vextir og afborganir af lánum landssjóðs	491221,12	751291,22
2. Útgjöld við hina æðstu stjórn landsins	117000	242349,63
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	78600	203584,91
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173990	176865,28
B. Ýmisleg útgjöld	128350	239027,88
5. Útgjöld við læknaskipunina	446155,80	602706,95
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	272840	274151,29
B. Vegabætur	301400	359167,48
C. Samgöngur á sjó...	311400	331672,92
D. Ritsími og talsími	384460	579809,87
E. Vitamál	138800	211006,87
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	115050	103285,37
B. Kenslumál	617240	678655,63
8. Vísindi og bókmentir	214552,50	213325,37
9. Til verklegra fyrirtækja	501910	411520,08
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	12275,14
11. Eftirlaun og styrktarfje	167000	182242,22
12. Óviss útgjöld	30000	301338,01
13. Útgjöld viðlagasjóðs	... ...	1714,63
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	11106547,26
15. Tekjuafgangur	... ...	927866,93
Samtals ...	4496169,42	17910404,94

(A. VIII, 12).

Ed. **628. Lög**

um mat á saltkjöti til útflutnings.

(Afgreidd frá Ed. 1. sept.)

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og pæklun kjötsins og merking tunnanna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með pæklun, og tunnum skilað óskemdum, pækilfyltum og hreinlegum, við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætið skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskírteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttað.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir sanngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi og forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfjelaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skylt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfje til sláturhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn, til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað sjeu hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjötmatsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, enn fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. III, 22).

Nd. **629. Fjáraukalög**

fyrir árin 1918 og 1919.

(Afgreidd frá Nd. 1. sept.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1918—1919, veitast 826478 kr. 30 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. fjárlaganna (til æðstu stjórnar landsins) veitast 80166 kr. 67 a.

1.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	kr.	54166,67
2.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	—	13000,00
3.	Fyrir meðferð utanríkismála	—	13000,00
	Samtals	kr.	80166,67

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.) veitast 40400 kr.

1.	Við B. 6. Til landhelgisgæslu um síldveiðitímann	kr.	40000,00
2.	— B. 7. Uppbót á lögregluefitirlitsstarfi um síldveiðitímann ...	—	400,00
	Samtals	kr.	40400,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 147140 kr. 34 a.

1.	Styrkur til Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu til að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni.	kr.	600,00
2.	Við 17. B. Til breytinga á miðstöðvarhitun í Vífilstaðahælinu 1918	kr.	18938,34
3.	— 17. — Fyrir rafgeymi handa sama hæli 1919	—	6540,00
4.	— 17. — Til þess að koma upp læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir nú notar	—	65000,00
5.	Við 18. c. Styrkur til sjúkraskýlagerðar:		
	Í Þórshöfn í Þistilfjarðarhjeraði	—	2862,00
	Á Hvammstanga í Miðfjarðarhjeraði	—	12000,00
6.	— 18. e. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar 1918 og 1919	—	30000,00
7.	— 18. k. Aukastyrkur til sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Garðahrepps	—	5000,00
8.	— 18. k. Til sjúkrasamlagsins á Akranesi	—	200,00
9.	Til girðingar um lóð sóttvarnarhússins í Reykjavík 1919	—	6000,00
	Samtals	kr.	147140,34

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 313124 kr. 21 e.

1.	Við B. I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar 1918	kr.	617,98
2.	Við B. I. 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga 1918	—	1447,83
3.	Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1918	—	1079,14
4.	Við B. I. 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi 1918	—	200,00
5.	Við B. II. 2. Til Skagafjarðarbrautar 1918	—	6716,39
6.	Til viðgerðar á Reykjadalsbraut 1918 vegna afhendingar	—	2593,32
7.	— —— - Borgarfjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1328,08
8.	— —— - Eyjafjarðarbraut 1918 vegna sama	—	1006,95
9.	Við B. III. 1. Til Stykkishólmsvegar 1918	—	554,36
10.	Við B. III. 3. Til Langadalsvegar 1918	—	1235,96
11.	Við B. III. 8. Til Hróarstunguvegar 1918	—	1836,39
12.	Við B. III. 11. Aðrar vegabætur og viðhald 1918	—	2038,37
13.	Til þjóðvegar milli Hvítár og Örnólfsdalsár 1918	—	262,90
14.	Til að mála brúna á Ytri-Rangá 1918	—	1499,43
15.	Til varar og vegarlagningar við Ingólfshöfða 1918	—	614,46
16.	Til Kláffossbrúar á Hvítá 1919	—	15000,00
17.	Til Hafnarfjarðarvegar 1918	—	130000,00
18.	Við B. V. Til að kaupa bifreið til malarflutninga	—	5000,00
19.	Við B. VI. Til akfærra sýsluvega	—	22106,14
20.	Við C. II. 2. Viðbótarstyrkur til ferða á Breiðafirði	—	1000,00
21.	Við C. II. 11. Viðbótarstyrkur til vjelbátsferða um Hvalfjörð .	—	600,00
22.	Til að leggja símalínu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi ...	—	13600,00
	Allan flutning frá Eyrarbakka út á símaleiðina (staura og annað efni, tjöld, farangur vinnumanna o. fl.) kostar hlutaðeigandi hjerað, sem enn fremur tekur að sjer að útvega alt að 10 duglega vinnumenn fyrir ekki hærra dagkaup en 7 kr.		
23.	Til að leggja talsímalínu frá Ofanleiti að Stórhöfðavita í Vestmannaeyjum	—	2450,00
24.	Við D. IV. 4. Til breytinga og lagfæringa á húsnæði landssímans	—	5831,15
25.	Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landssímans	—	1200,00
26.	Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara	—	43832,59
27.	Við E. II. Launaviðbót handa vitavörðum 1919	—	2000,00
28.	Til að reisa Straumnesvita	—	22000,00
29.	Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918	—	4472,77
30.	Til að reisa Selvogsvita	—	21000,00
	Samtals	kr.	313124,21

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 128989 kr. 12 a.

1.	Við A. b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda	kr.	1000,00
2.	Við B. I. e. 1. og 2. 50% uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918	kr.	6500,00
3.	Við B. IV. Fyrir móofna handa kennaraskólanum 1918... ...	—	1781,92
4.	Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði	—	800,00
5.	Við B. VI. Til forstöðumanns vjelstjóraskólans til utanfarar 1919	—	3000,00
6.	Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918	—	9094,58
7.	Við B. VII. 2. Til að reisa íbúðarhús þar 1919	—	60000,00
8.	- - - 3. - ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919	—	16000,00
9.	Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi	—	1500,00
10.	Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919	—	750,00
11.	Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918	—	20925,31
12.	Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918	—	330,19
13.	Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919	—	500,00
14.	Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918	—	2074,12
15.	Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m.	—	4733,00
	Samtals	kr.	128989,12

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 64500 kr.

1.	Við 3. c. Til húsgagnakaupa...	kr.	1200,00
2.	Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk	—	600,00
3.	Við 3. g. Viðbót við styrk þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918	—	1000,00
4.	Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918	—	400,00
5.	Við 21. a. — - Guðm. Guðmundss. skálds 1918	—	400,00
6.	Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar	—	20000,00
7.	Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufræði og til framhaldsnáms	—	2000,00
8.	Til Trausta Ólafssonar til efnafræðináms	—	1200,00
9.	Við 46. Til landmælinga á Íslandi	—	10000,00
10.	Styrkur til útgáfu íslensk-danskrar orðabókar	—	15000,00
11.	Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 ...	—	1000,00
12.	Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda	—	5000,00
13.	Til utanfarar læknis á fund berklalækna	—	2500,00
14.	Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund	—	1200,00
15.	Utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar	—	3000,00
	Samtals	kr.	64500,00

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 39247 kr. 60 a.

1.	Fyrir sendiferð björgunarskipsins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918	kr.	22752,00
2.	Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að	—	5000,00
3.	Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918...	—	895,60
4.	Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919...	—	600,00
5.	Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík	kr.	800,00
6.	Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðagróf í Strandasýslu og til verkfærakaupa	—	1200,00
7.	Við 40. Til brimbrjóts í Bolungarvík, alt að	—	8000,00
	Samtals	kr	39247,60

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 2366 kr. 67 a.

1.	Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918	kr.	400,00
2.	Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjánsson í okt. og nóv. 1918	—	66,67
3.	Styrkur handa ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðríði Þorvaldsdóttur, og 3 börnum þeirra	—	600,00
4.	Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919	—	300,00
5.	Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjánssonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919	—	300,00
6.	Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einarsdóttur, 1919	—	500,00
7.	Eftirlaun til Elíesers Eiríkssonar pósts 1919	—	200,00
	Samtals	kr.	2366,67

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 10543 kr. 69 a.

1.	Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar	kr.	9847,69
2.	Til Patrekshrepps til endurgreiðslu á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur	—	696,00
	Samtals	kr.	10543,69

11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljóna kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

(B. XXX, 17).

Sþ. **630. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Í staðinn fyrir 1. málslið 4. gr. laga 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira, komi:

Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu, utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 3 kr. ár hvert. Aðrir gjaldi 50 kr., en þó getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sje að hennar áliti sjerstök þörf fyrir hundinn, fært gjaldið niður í 10 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXVI, 11).

Nd. **631. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Armúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi. Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.

(B. XLVI, 7).

Ed. **632. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, re landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(B. XLIII, 7).

Ed. **633. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

36. gr. og fyrri málsgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tíma-

lengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, et þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

(B. LXVIII, 5).

Ed. **634. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og bókmentasögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

Ef dósentinum í sögu Íslands verður veitt prófessorsembætti í íslenskri sagnfræði, skal svo með fara, þá er honum verða talin laun, sem hann hefði haft það embætti frá upphafi háskólans.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(A. XIII, 4).

Ed. **635. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.

2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.

3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.

(A. XXIII, 4).

Nd. **636. Frumvarp**

til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann, sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaunin meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr $^{3}/_{4}$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með $^{1}/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti; skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d., um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, og lög nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum, þegar þessi lög öðlast gildi, og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 8. gr. launalaganna.

(A. XLI, 3).

Nd. **637. Frumvarp**

til laga um ekkjutrygging embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yngri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð, er sje jafnhá og þreföld árslaunin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum, þegar lög þessi koma í gildi, og eldri eru en 50 ára.

2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsstjórnin tekur gilt. Skylt er og hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er

maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

4. gr.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.

2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.

3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.

4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings áliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

(B. LXXIV, 2).

Ed. **638. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um landhelgisvörn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist:

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

(B. LXXIV, 3).

Ed. **639. Álit**

um frv. til laga um landhelgisvörn.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin vill ekki sem slík leggja hömlur á framgang þessa máls.

Alþingi, 1. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson.
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari.

(B. LXVII, 3).

Ed.

640. Álit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin vill ekki sem slík leggja hömlur á framgang þessa máls.

Alþingi, 1. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari.

(B. LX, 3).

Ed.

641. Álit

um frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin vill ekki sem slík leggja hömlur á framgang þessa máls.

Alþingi, 1. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari.

(A. V, 21).

Ed. **642. Frumvarp**

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða, eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið, meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráður, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á lögráður ríkisarfi sæti í því. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin, eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur samþykt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórðahvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er sendimaður ríkisins, við nám eða

til lækninga. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, skilji og tali íslenska tungu sæmilega, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára að aldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild á rjett á að bera fram frumvörp til laga og annara samþykta og samþykkja þau fyrir sitt leyti. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi í frumvarpsformi, ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og sætir hann því næst sömu meðferð sem önnur lagafrumvörp.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinn lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum

um einstök málsatriði. En eigi nær lagafrumvarp í heild sinni — að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga — þó samþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með því.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um nokkurt mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni,

sem hann á sæti í, sjerhvert alment mál, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp handa sameinuðu Alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(B. LX, 4).

Ed. **643. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. gr. orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

(B. LXX, 5).

Ed. **644. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir athugað frumvarpið, og dylst henni eigi, að gildandi lög um húsaskatt sjeu gersamlega úrelt orðin, samanborin við flest eða öll skattalög ríkisins, sem breytt hefir líka verið mjög á síðustu árum til hækkunar sköttunum.

Einnig lítur nefndin svo á, að hækkun skattsins sje hóflega sett í frumvarpinu, og leggur því til, að það verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 2. sept. 1919.

Magnús Torfason, form. Með fyrirvara.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsm.	H. Steinsson.

(B. XLV, 7).

Nd. **645. Frumvarp**

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykt framlög til vega eftir jarðardýrleika, eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

15. gr. 21.

(A. I, 29).

Nd. **646. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 15. gr. 21.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til Magnúsar Einarssonar, til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ..... 300—300

16. gr. 30.

(A. I, 30).

Nd. **647. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 16. gr. 30.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til kaupa á borum og öðrum áhöldum til námurannsókna, alt að ..... 10000—.....

(B. LXIX, 3).

Nd. **648. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 536 (Lestagjald).

Frá Matth. Ólafssyni og Pjetri Ottesen.

Við 1. og 2. lið.
Í stað »60« komi:
30.

(B. LXIX, 4).

Ed. **649. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 30 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttó-smálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta skifti 1920, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, þar sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett, og er skip að veði fyrir því 2 ár frá gjalddaga.

4. gr.

Lausafjárskattur af skipum, sem eru 30 smálestir brúttó eða stærri, fellur burt.

(B, LX, 5).

Ed. **650. Frumvarp**

til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík, eftir áætlun, sem landsstjórnin samþykkir, veitast úr landssjóði alt að 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem

ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10--200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu

höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að

vikja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

(B. LXVII, 4).

Ed. **651. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

(C. XXVI, 1).

Nd. **652. Tillaga**

til þingsályktunar um fræðslumál.

Frá mentamálanefnd.

Alþingi ályktar á skora á stjórnina:

I. 1. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga.
2. Að endurskoða alt skipulag Kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt muni vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.
3. Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.

II. 1. Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum Hins almenna mentaskóla, og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.
2. Að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í 3 neðstu bekkjum Mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.
3. Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.

III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr ríkissjóði það fje, sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem í I. og II. tölul. greinir.

(A. I, 31).

Nd. **653. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	80000	80000	
2. Húsaskattur	20000	20000	
3. Tekjuskattur	250000	250000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	75000	75000	
			850000
5. Aukatekjur	70000	70000	
6. Erfðafjárskattur	11000	11000	
7. Vitagjald	50000	50000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			298000
Flyt ...	574000	574000	1148000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	574000	574000	1148000
10. Útflutningsgjald	550000	550000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	100000	100000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	500000	500000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
			4270000
16. Stimpilgjald	400000	400000	800000
17. Pósttekjur...	190000	190000	380000
18. Símatekjur	500000	500000	1000000
Samtals ...	3799000	3799000	7598000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	70000	70000	140000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	26000	30000	
			71000
Flyt ...	103500	107500	211000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	103500	107500	211000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	346500	195500	542000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908...	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909...	50000	50000	100000
3. — — — 1912...	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912...	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913...	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916...	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða...			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			2500	3500	
			20000	19500	39500
Flyt ...			... ...	... ...	226500

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		... ...	... ...	226500
C.				
Gjöld í Kaupmannahöfn.				
1. Til sendiherra:				
a. Laun	12000 12000			
b. Til húsaleigu	2000 2000			
c. — risnu	2000 2000			
d. — skrifstofuhalds	12000 12000			
		28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	12000	
		40000	40000	80000
Samtals ...		... ...	... ...	306500

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Dómgæsla og lögreglustjórn.				
1. Laun:				
a. Til dómara og sýslumanna	76100 76200			
b. — hreppstjóra	18000 18000			
		94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:				
a. Laun	8400 8400			
b. Húsaleiga	1200 1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500 1300			
d. Ýms gjöld	1000 800			
		12100	11700	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:				
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8300 8300			
b. Laun 3 tollvarða	8000 8000			
c. Húsaleiga	2400 2400			
d. Hiti og ljós	1800 1500			
e. Ýms gjöld	3400 3400			
		23900	23600	
Flyt ...		130100	129500	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		130100	129500	
4.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa		5000	5000	
5.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.		6000	6000	
6.	Borgun til sjódómsmanna		600	600	
7.	— - setu- og varadómara		400	400	
			142100	141500	283600
	B. Ýmisleg gjöld.				
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900		
	b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000		
	c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200		
			9100	9100	
2.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000		
	b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000		
			52000	52000	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		4500	4500	
4.	Til embættiseftirlitsferða		3500	3500	
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500	500	
6.	Til landhelgisgæslu		50000	50000	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar		600	600	
8.	Kostnaður við útgáfu fasteignabókar... ...		5000		
9.	Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905		33000	30000	
			158200	150200	308400
	Samtals ...		... ...	... ...	592000

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis	1000	1000	2000
3. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
4. Styrkur til íbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar...	500	500	
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
6. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
7. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
8. Styrkur til Grímseyinga til vitja læknis ...	400	400	800
9. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
10. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis..	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
11. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1500	1500	3000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	500	1000
12. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1000	1000	2000
Flyt ...	88200	88200	176400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		88200	88200	176400
13.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000	1000	2000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
14.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		6000	6000	12000
15.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		1000	1000	2000
16.	Holdsveikraspítalinn		66200	63200	129400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	8000 8000			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg gjöld	1200 1200			
		66200 63200			
17.	Geðveikrahælið á Kleppi		44300	40800	85100
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur gjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6060 6060			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	Flyt ...	39660 39660	206700	200200	406900

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	39660	39660	206700	200200	406900
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	68860	65360			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
	24560	24560			
Mismunur ...	44300	40800			
18. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			73040	48330	121370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	15000	15000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	153340	128630	279740	248530	528270

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	153340	128630	279740	248530	528270
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag 71175					
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag 9125					
	80300	80300			
Mismunur ...	73040	48330			
19. Til undirbúnings landsspítala			7500	7500	15000
20. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.			23000	.....	23000
21. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.					
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	.....	20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...	1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4000	4000			
Flyt ...	13500	33500	310240	256030	566270

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	13500	33500	310240	256030	566270
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«. ... ... gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.	1500	1500			
Flyt ...	32900	46700	310240	256030	566270

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	32900	46700	310240	256030	566270
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
			35900	49700	85600
Samtals ...			346140	305730	651870

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A. Póstmál.					
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur	35000	35000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			62100	62100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			162100	162100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			162100	162100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	15000	15000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
			57500	57500	
			219600	219600	439200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4000	4000			
			17500	17500	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	.....			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Tilaðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar... gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000			
			95000	118000	
Flyt ...			112500	135500	439200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		112500	135500	439200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500			
			127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....			
			45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
IX. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
X. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			347600	344600	
					692200
C.					
I. Til strandferða					
1. Til Sterlingsferða... ...	50000	50000			
Flyt ...	50000	50000	.....	.....	1131400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	50000	50000	.....	.....	1131400
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	150000	150000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
			69200	69200	
			219200	219200	438400
Flyt ...			.....	.....	1569800

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1569800
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
Flyt ...	... ...	... ...	1569800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			.....	.....	1569800
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.					
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður ..	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	—2000			
16. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
			168200	170200	
Flyt ...			367700	390200	1569800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			367700	390200	1569800
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			459250	481750	941000
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ...	4000	4000			
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.					
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	2500	2500			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11000	11000	
II. Laun vitavarða			11500	13000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			27000	30000	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti	23500	.....			
Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.					
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,					
Flyt	95300	.....	49500	54000	2510800

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	49500	54000	2510800
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.				
5. Kambanesviti	20000			
6. Strætishornsviti	20000			
7. Papeyjarviti	19000			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.				
8. Stokksnesviti	35300			
		95300	94300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		3000	3000	
VI. Ýmislegt		5000	5000	
		152800	156300	309100
Samtals ...		... ...	... ...	2819900

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður ...	1000	1000			
			6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum	4000	3500			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingin er bundin því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir					
Flyt ...	56206,41	44506,41	6000	6000	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56206,41	44506,41	6000	6000	.....
hina íslensku þjóðkirkju...		400			
			56206,41	44906,41	
			62206,41	50906,41	113112,82
B.					
Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	2800	2800			
			4800	4800	
d. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
e. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
f. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
g. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
h. Önnur gjöld:					
1. Laun ritara	800	800			
Flyt ...	800	800	79200	80333,33	113112,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	800	800	79200	80333,33	113112,82
2. Laun dyravarðar, auk hlunninda, er hann hefir áður notið ...	1600	1600			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500			
			5100	5100	
			84300	85433,33	169733,33
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. Til söngkennara ...	600	600			
			2800	2800	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og vatns	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
Flyt ...	25600	22900	24800	24800	282846,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25600	22900	24800	24800	282846,15
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 45 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			53900	51200	105100
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
2. Tímakensla	1800	1800			
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Flyt ...	8000	8000	9600	9600	387946,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8000	8000	9600	9600	387946,15
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til dyravörslu	600	600			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000			
			15600	11600	
			25200	21200	46400
IV. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Til aukakennara ...	1400	1400			
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara.					
3. Eldivíður og ljós ...	4000	3600			
4. Bókakaup og áhöld...	300	300			
5. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til viðhalds	1000	1000			
7. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			14200	13800	
			21200	20800	42000
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	6000	6000			
Flyt ...	6000	6000	4400	4400	476346,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	6000	4400	4400	476346,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			14000	13500	
			18400	17900	36300
VI. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkennara...	1000	1000			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
			10600	10100	20700
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkenslu ...	1000	1000			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	4500	4500	... ...	... ...	54634,615

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4500	4500	... ...	... ...	546346,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			10900	10400	21300
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	800	800			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			10100	9600	19700
VIII. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	587346,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	... ...	587346,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
IX. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar			7000	7000	14000
X. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík..	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300			
			5600	5600	11200
	Flyt ...		.....	.....	629746,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		...	...	629746.15
XI. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
	Flyt ...		60000	60000	681746,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	681746,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	25000	25000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4000 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	25000	25000	873946,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25000	25000	873946,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	14000	
	39000	39000	78000
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	971146,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	971146,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	984346,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár	2400	2400			
e. Til aðstoðar á lestrarsal ...	1000	1000			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	9000	9000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	18600	18600	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	18600	18600	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			22540	22540	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	1600	1600			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
			6250	6250	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi og til áhalda og aðgerðar, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
h. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			16300	16300	
Flyt ...			45090	45090	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			45090	45090	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
4. Náttúrufræðifjelagið...			1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.					
5. Landsbókasafnshúsið:					
a. Til eldiviðar, ljósa o. fl. ...	5000	4500			
b. Til dyravarðar	1400	1400			
c. Til viðhalds og áhalda ...	1000	1000			
			7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði			2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði			1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags			3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.					
9. Til Þjóðvinafjelagsins			750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins			800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.					
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...			1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni			800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.					
13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra			1000	1000	
14. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873			1000	1000	
Flyt ...			67640	67140	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	67640	67140	
15. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk	600	600	
16. Til Dansk-Islandsk Samfund	1000	1000	
17. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns	1000	1000	
18. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, alt að	2000	2000	
19. a. Styrkur til skálda og listamanna	22000	22000	
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	1200	
20. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi	1100	1100	
21. Til að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum	6000	6000	
22. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók	15000	15000	
Þetta er lokaveiting.			
23. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
24. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
25. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum...	2000	2000	
enda sje handritið eign landsins að honum látnum.			
26. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
27. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	3000	3000	
28. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	2500	2500	
Flyt ...	131640	126140	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	131640	126140	
29. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
30. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt	1200	1200	
31. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	400	400	
32. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	400	400	
33. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	400	400	
34. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	400	400	
35. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
36. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	800	800	
37. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...	800	... ...	
38. Til landskjálftarannsókna	550	550	
Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.			
39. Til veðurathugana og veðurskeyta	43300	18800	
40. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens	5500	1500	
41. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri	1000	1000	
Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.			
42. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál	500	500	
Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.			
43. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis	600	600	
Flyt ...	190090	155290	

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		190090	155290	
44. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
45. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
46. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
47. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
		10500	... ...	
48. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
49. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til hans 6000 kr. árið 1920.				
50. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
51. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
52. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
Samtals ...		215290	162490	377780

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt;

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarsambanda			30000	30000	
Styrkurinn skiftist eftir samanlagðri dagsverkatölu í búnaðarfjelögum innan hvers sambands.					
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			4000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu			10000	10000	
Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.					
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands:					
Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
d. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ..	800	800			
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.			7700	7700	
10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
Flyt ...			258300	248300	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			258300	248300	... ...
a. Laun forstöðumanns, auk 25 % af öllum tekjum stofnunarinnar	2400	2400			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni, gerlafræðingi, 300 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....			
			7240	6240	
12. Til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við opinberar byggingar			2500	2500	
13. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að			400	400	
14. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	2500	2500			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
			3500	3500	
15. Styrkur til manns, er leiðbeini almenningi um raforkuveitur			500	500	
16. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
17. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
18. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
19. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
20. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
Flyt ...			352840	339840	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		352840	339840	... ...
21. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar	200	.....	4600	4400	
22. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200	2800	2800	
23. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra.					
24. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ...	600	.....	1400	800	
25. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
26. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
27. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
28. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
29. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
30. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
31. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
32. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
	Flyt ...		412940	399140	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	412940	399140	... ...
33. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.	5000	... ...	
34. Til brimbrjóts í Bolungarvík	10000	10000	
35. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
36. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
37. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
Samtals ...	458240	409140	867380

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn	29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn	15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar	1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur	5492,13	5492,13	
	52349,25	52349,25	104698,50
Flyt ...	... ...	... ...	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólífu Guðmundsson ...	350	350			
			700	700	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur ..	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd....	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. — Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd....	300	300			
15. — Hlífar Bogadóttur, 150 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	1050	1050			
16. — Þórunnar Stefánsdótt.	800	800			
			5686	5686	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar ..	300	300			
Flyt ...	600	600	7883	7883	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	600	600	7883	7883	104698,50
3. Til Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	600	600			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — Pjeturs Guðmundss.	1000	1000	4960	4960	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Bjarna Ketilssonar ...	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Krákssonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1800	1800			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Elíesers Eiríkssonar ...	200	200	3900	3900	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
2. — Þorvalds Thoroddsen...	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar...	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1500	1500	9400	9400	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsd. ...	300	300			
5. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
7. — 3 barna hennar... ...	300	300			
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	500	500	2800	2800	
Flyt ...			28943	28943	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...			28943	28943	104698,50
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur ...	300	300			
5. — ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
6. Til Sigurðar Jónssonar smáskamtalæknis frá Litla Lambhaga, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf hans	500	...			
7. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	...			
8. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	...			
			5300	1800	
			34243	30743	64986
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					249684,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt 2. gr.	kr.	7598000,00
—— 3. —	—	736400,00
—— 4. —	—	542000,00
—— 5. —	—	47200,00
Tekjuhalli, sem greiðist úr sjóði, er fyrst um sinn áætlaður ...	—	406804,02
Samtals ...	kr.	9330404,02

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	kr.	2068743,37
—— 8. —	—	120000,00
—— 9. —	—	246000,00
—— 10. —	—	306500,00
—— 11. —	—	592000,00
—— 12. —	—	651870,00
—— 13. —	—	2819900,00
—— 14. —	—	984346,15
—— 15. —	—	377780,00
—— 16. —	—	867380,00
—— 17. —	—	6200,00
—— 18. —	—	249684,50
—— 19. —	—	40000,00
Samtals ...	kr.	9330404,02

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
9. Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu og alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, hvorttveggja lánið til raforkustöðva og raforkuveitu. Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin hafi vissu um það, að fyrirtækin beri sig og að sveitarfjelög þessi sjeu fær um að standa straum af þeim.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. á ári hverju.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil.

(B. XLIII, 8).

Nd. **654. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

36. gr. og fyrri málsgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

(B. XLVI, 8).

Nd. **655. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, er landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(B. LXXIV, 4).

Ed. **656. Frumvarp**

til laga um landhelgisvörn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórnin skal kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess. Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXX, 18).

Sþ. **657. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Einari Árnasyni.

Við 1. gr.
Fyrir »3 kr.« komi:
2 kr.

(B. LX, 6).

Ed. **658. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr.
Aftan við greinina komi:
gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

(B. XXXIII, 8).

Ed. **659. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd, eða meiri hluti hennar, hefir við athugun frumvarpsins komist að fastri niðurstöðu um rjettmæti þess í aðalatriðum.

Bifreiðum hefir fjölgað mjög ört hjer á landi á síðustu árum, er sýnir ljóslega, að þær bera sig vel fjárhagslega; verður því heldur naumast móti mælt, að mannflutningabifreiðar sjeu mjög arðvænlegar.

Eins og á stendur nú, bæði hvað atvinnuveg þennan snertir og þörf ríkissjóðs fyrir tekjuauka, verður ekki annað sjeð en rjett sje og sanngjarnt að leggja nokkurn skatt á bifreiðar, eins og aðrar þjóðir hafa þegar gert.

En þar sem nefndin vill gæta sem mestrar varúðar við skattálögur á þennan sem aðra atvinnuvegi landsmanna, telur hún rjett, að skatturinn sje lækkaður til muna frá því, sem hann er í frumvarpinu, og leggur því til, að það verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir	1 mann	100 kr.
— —— —	2 menn	150 —
— —— —	3 ——	200 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 450 kr. á bifreið.

Alþingi, 2. sept. 1919.

Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum. H. Steinsson.

Undirritaður telur eigi rjett að leggja slíkan skatt og hjer um ræðir á bifreiðar, meðan vegir eru í jafnmikilli vanhirðu og nú.

Magnús Torfason.
form.

(A. VII, 9).

Ed. **660. Frumvarp**

til laga um landamerki o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.)

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

A manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skifta, sje um landamerki eða ítaks, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dómsathöfn hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð

á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fasteignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögu. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstirjettur gerir annaðhvort, að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og

merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um

það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(A. XXIII, 5).

Ed. **661. Frumvarp**

til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann, sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaunin meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr $^{3}/_{4}$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með $^{1}/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti; skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d., um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, og lög nr. 48. 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum, þegar þessi lög öðlast gildi, og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 8. gr. launalaganna.

(A. XLI, 4).

Ed. **662. Frumvarp**

til laga um ekkjutrygging embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yngri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en $^{1}/_{5}$ af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð, er sje jafnhá og þreföld árslaunin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum, þegar lög þessi koma í gildi, og eldri eru en 50 ára.

2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsstjórnin tekur gilt. Skylt er og hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

4. gr.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.
3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings áliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

(B. LXXII, 2.)

Ed. **663. Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 40 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 10 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hjer við land.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 26. okt. 1917, um breyting á 1. grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXVII, 1).

Nd. **664. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá launamálanefnd.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

Greinargerð.

Það virðist ekki þurfa að færa rök fyrir því, að hækka þurfi þingfararkaupið, nje fyrir því, að kaup það, sem sett er í frumvarpið, sje ekki of hátt, enda er það í samræmi við hækkun og stefnu þingsins í launamálinu. Vill því nefndin flytja frv. þetta eftir tilmælum stjórnarinnar, en þó ekki með sömu þóknun eins og hún vildi.

Ekkert annað virðist rjett og sanngjarnt en að alþingismenn fái endurgoldinn þann ferðakostnað, sem þeir verða að greiða, og eina ráðið til þess er að greiða hann eftir reikningi, sanngjarnlega úrskurðuðum.

(B. LXV, 6).

Ed. **665. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Flutningsmaður: Guðm. Ólafsson.

1. Við 1. gr.
Framan við hana komi ný
1. gr.
Framan af annari málsgr. 2. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, falli »valir«.
2. — 1. gr.
Greinin, sem verður 2. gr., orðist svo:
e-liður 3. gr. laganna orðist svo:
Ernir skulu friðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar, og teljast þá undir 2. gr.

(B. LXIII, 5).

Ed. **666. Lög**

um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 4. sept.).

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþyktar og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd ákveða í reglugerð, að veita megi úr sýslusjóði verðlaun fyrir framúrskarandi dugnað við eyðing refa, svo og að kostnaður við grenjaleitir og grenjavinslu skuli, þegar sjerstaklega stendur á, greiðast af fleiri sveitarsjóðum en einum, eða af einstökum mönnum, sem land eiga þar, sem grenjaleit eða grenjavinsla fer fram, eða njóta hagsmuna af því.

3. gr.

Skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers fyrir sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og sendar sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs.

Eftir að sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir átt kost á að athuga skýrslur þessar og leiðrjetta þær, ef þurfa þykir, skulu þær sendar stjórnarráðinu, er síðan annast um, að þær verði birtar á sama hátt og aðrar skýrslur um landshagi.

4. gr.

Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð, þar er brot er framið. Alt að 2 króna dagsektum má beita fyrir hvern þann, er tregðast við að gefa skýrslu samkvæmt 3. gr., og renna dagsektir í viðkomandi sýslusjóð eða bæjarsjóð.

5. gr.

Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, úr gildi numin.

(B. LXVII, 5).

Nd. **667. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

(B, LX, 7).

Nd. **668. Frumvarp**

til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Olafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10--200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur

gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

(A. XXV, 13).

Sþ. **669. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd Ed.

Við 1. gr.

Við 2. málsgrein:

Í stað orðanna »alt að 1000 krónum« komi:

alt að 500 krónum.

(B. XLVI, 9).

Nd. **670. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir ekki breytst að efni til í hv. efri deild, heldur að eins að formi, og ræður nefndin því til, að það verði samþykt án frekari breytinga.

Stefán Stefánsson, formaður og framsögum. Einar Árnason, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

(B. LXVIII, 6).

Ed. **671. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá mentamálanefnd.

Nefndarmenn hafa allir orðið ásáttir um að leggja til, að háttv. efri deild samþykki frumvarp þetta óbreytt. Þykir þeim hvorttveggja vera, að í kennarastöðu þá, sem við er átt í frumvarpinu, í íslenskri sagnfræði, þurfi jafnan að veljast hæfustu menn, sem verðskulda aðalkennaranafnbót, enda maður sá, er nú skipar þá stöðu, maklegur þeirrar viðurkenningar, er í frumvarpinu felst.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Eggert Pálsson, formaður. Kristinn Daníelsson, ritari. Guðm. Ólafsson.

(B. LXXIV, 5).

Nd. **672. Frumvarp**

til laga um landhelgisvörn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórnin skal kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess. Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXV, 7).

Nd. **673. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Framan af annari málsgr. 2. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, falli »valir».

2. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu friðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar, og teljast þá undir 2. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

4. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:

500 kr. sekt.

(B. XLXXX, 9).

Nd. **674. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Sú breyting, sem hv. efri deild hefir gert á frumvarpi þessu, er í því fólgin, að öll lögin frá $^{2}/_{11}$ 1914 eru tekin upp í frumvarp þetta, og þau lög þar með úr gildi numin.

Þetta telur nefndin til bóta, því með þessum lögum verða tvenn samskonar lög numin úr gildi.

Nefndin ræður því háttvirtri deild eindregið til að samþykkja frumvarp þetta með áorðinni breytingu.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Magnús Guðmundsson, skrifari. Einar Jónsson.

Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen. framsögumaður.

(B. LXIX, 5).

Ed. **675. Ágreiningsálit**

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Eg verð að leggja á móti því, að frumvarp þetta nái samþykki hv. deildar, sakir þess að það íþyngir innlendum skipastól í samanburði við útlendan skipastól.

Í samræmi við það, sem jeg áður hefi skýrt frá í deildinni, tel jeg rjett að hækka þá liði aukatekjulaganna, sem stimpilgjaldið nær eigi til.

Einn þeirra er 55. gr., og ber jeg því fram til breytingar á henni frumvarp á sjerstöku skjali.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Magnús Torfason.

(B. LXXVIII, 1).

Ed. **676. Frumvarp**

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Greinargerð.

Vísast til þingskjals 675.

(B. LXXV, 2).

Nd. **677. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1913.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   2. málsgr. orðist svo:
      Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og skal greiða árslaunin í kaupstöðum mánaðarlega, en annarsstaðar einu sinni á ári, á manntalsþingum.
2. — 1. gr.
   Í stað »250 kr.« í 4. og 5. málsgr. komi:
   200 kr.
3. Í stað »1913« í fyrirsögn frv. komi:
   1912.

(B. LXXV, 3).

Nd. **678. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Gísla Sveinssyni, Stefáni Stefánssyni, Einari Árnasyni, Hákoni J. Kristóferssyni, Sigurði Sigurðssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að tveim þriðju úr sýslusjóði, en að einum þriðja úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

b. Í þriðju málsgr. verða »250«:
150.

c. Í fjórðu málsgr. verða »250«:
150,
og fyrir »1000« kemur:
800.

d. Fyrir »1000« í fimtu málsgr. komi:
800.

e. Fyrir »50« og »100« í sjöttu málsgr. komi:
25 og 75.

(B. LXXV, 4).

Nd. **679. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin: »að hálfu« á tveim stöðum komi:
að $^2/_3$ og $^1/_3$.

(B. LXXI, 2).

Ed. **680. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninnni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala,
2. viðbót við geðveikrahælið á Kleppi,
3. íbúðarhús á Hvanneyri og
4. íbúðarhús og skólahús á Eiðum.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXVI, 12).

Nd. **681. Lög**

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Afgreidd frá Nd. 5. sept.).

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist.

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína

að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi. Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.

(A. XXVI, 27).

Ed. **682. Breytingartillögur**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá launamálanefnd.

1. Við 11. gr. a. Í 3. málsgr. falli burt orðin »Skaftafellssýslu« og »Barðastrandarsýslu«.
   b. Í 4. málsgr. komi á eftir »Vestmannaeyjasýslu«:
   Skaftafellssýslu, Barðastrandarsýslu,
   og í stað »3800« og »4800« komi:
   4000 og 5000.
2. — 11. — Á eftir »Allar aukatekjur« í næstsíðustu málsgr. komi:
   og lögmælt innheimtulaun.
3. — 12. — Á eftir »Mýrdals« komi:
   Síðu, Hornafjarðar,
   og eftir »Norðfjarðar« komi:
   Hróarstungu,
   en orðin »Síðu«, »Hornafjarðar« og »Hróarstungu« falli burt í síðasta flokki.
4. — 13. — Orðin »meðan sú skipun ... ..., sem nú er« falli burt.
5. — 32. — Fyrir »2500« og »3500« í 2. málsgr. komi:
   3000 og 4000.
6. — 33. — Á eftir »þessum lögum« í 2. línu komi:
   og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum.
7. — 33. — Fyrir »til ársloka 1925« komi:
   meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni.
8. — 33. — Orðin »frá 1. okt. 1914« falli burt.
9. — 33. — Fyrir »hálfa launauppbót« síðast í greininni komi:
   $^{2}/_{3}$ launauppbótar.

(C. XXVII, 1).

Nd. **683. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Nefnd þessi leggi síðan rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing, og þá sjerstaklega tillögur um þær breytingar á löggjöfinni, er hún telur nauðsynlegar í þessu efni.

ÁSTÆÐUR.

Læknaþing það, sem haldið var síðastliðið vor, hafði meðal annars til umræðu, hver ráð skyldi upp taka, til þess að verjast og stemma stigu fyrir þeim mikla vágesti, er tillagan nefnir. Voru menn þar á einu máli um að ekki mætti við svo búið standa, heldur yrði nú að hefjast handa og gera tilraunir til að minka mannfall það hið mikla, er árlega verður hjer af völdum berklaveikinnar. Sigurður læknir Magnússon var málshefjandi á fundinum, og til skýringar fyrir þingmenn set jeg hjer smákafla úr erindi hans, að mestu leyti orðjetta.

»Baráttan við berklaveikina er óefað eitthvert örðugasta, en um leið mikilvægasta, viðfangsefni læknanna íslensku. Berklaveikin er orðin næsta algeng hjer á landi. Eftir dánarskýrslum presta og lækna fyrir árin 1913—1916 deyja að meðaltali 155,6 menn á ári úr ýmiskonar berklaveiki.

Þegar miðað er við alla dána, en þeir þó taldir frá, sem deyja af ókunnum orsökum (og meðal þeirra er sennilega berklaveiki eitt dauðameinið, ekki síður en aðrir sjúkdómar), þá deyr þannig hjer á landi næstum *sjöundi* hver maður úr berklaveiki, eða nákvæmar ákveðið, einn af hverjum 7,5. Ekki þykir mjer ólíklegt, að talsvert fleiri deyi úr berklaveiki en þessar tölur sýna, og þá einkum meðal barna og gamalmenna.

Nú eru auðvitað ekki með þessu taldar fram allar þær syndir, sem berklaveikin hefir á baki sjer. Margir þeirra, sem deyja úr öðrum sjúkdómum, hafa verið berklaveikir og um eitthvert skeið æfinnar óvinnufærir. Einnig má telja vafalaust, að margir þeirra, sem talið er samkvæmt skýrslunum að dáið hafi úr ýmsum farsóttum, svo sem kvefpest, mislingum og kíghósta, hafi í raun og veru dáið úr berklaveiki, eða af því að þeir voru berklaveikir undir. — — — — — —

Þá er *löggjöfin*. Lög um varnir gegn berklaveiki þarf að endurskoða og bæta. Sjerstaklega þarf að bæta því inn í lögin, að styrk til veru á berklahæli eða spítala skuli ekki skoða sem fátækrastyrk, er rjettindamissi hafi í för með sjer. Sama ætti að vera um styrk til berklaveikra foreldra til þess að koma fyrir barni. Það er fyrst og fremst ómannúðlegt, að styrkur, veittur sjúklingum, leiði til

rjettindamissis, og í öðru lagi er það til stórtjóns fyrir þjóðfjelagið, að gera mönnum erfitt fyrir að vernda heilsu sína eða ná henni aftur. Öll sóttvörn er dýr, en áreiðanlega er dýrara að vanrækja hana, ekki síst þar sem um er að ræða alvarlegasta sjúkdóm landsins«.

Þó jeg ekki hafi tekið hjer nema örlítið brot úr erindi Sig. Magnússonar, þá hygg jeg það nægi til þess að vekja menn til umhugsana um, að hjer er um svo mikið alvöru- og þjóðvarnarmál að ræða, að full ástæða er til að hefjast nú þegar handa á einhvern hátt af stjórn, þingi, læknum og almenningi.

Reyna mun jeg að skýra málið betur, er til umræðu kemur.

(A. I, 32). 13. gr. C. II. 1.

Nd. **684. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Gísla Sveinssyni, Pjetri Ottesen og Birni Kristjánssyni.

Við 13. gr. C. II. 1.

Liðurinn orðist þannig:

Til ferða um Faxaflóa ..... 30000—30000

(A. I, 33). 13. gr. C. II. 8.

Nd. **685. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Pjetri Ottesen.

Við 13. gr. C. II. 8.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ..... 300— 300

(A. XXIX, 12).

Nd. **686. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Háttv. efri deild hefir fært 1. gr. frumvarps þessa í sinn upphaflega búning. Nefndin verður að líta svo á, að breyting sú, er gerð var á 1. gr. frumvarpsins í þessari háttv. deild, hafi verið til bóta, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frv. með þessari

BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Alþingi, 6. sept. 1919.

Björn Kristjánsson, formaður. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögum.

Sveinn Ólafsson. Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XXVI, 28).

Ed. **687. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. Orðin í 12. gr. 1. málslið: »Enn fremur — í ritfje« falli burt.
2. Orðin í 22. gr. 1. málslið: »Auk þess — á ári« falli burt.

(A. I, 34). **15. gr. 31.**

Nd. **688. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 15. gr. 31. (málsháttasafn Páls Þorkelssonar).
Fyrir »400—400« komi:
600—600.

(A. I, 35). **12. gr. 10.**

Nd. **689. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 12. gr. 10.
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis ... 300—300

(A. I, 36). **14. gr. B. VII. 1. d. 4.**

Nd. **690. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 14. gr. B. VII. 1. d. 4.
Á eftir þeim tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til raforkuveitu ..... 50000—.....

(A. I, 37). **14. gr. B. XIII. a.**

Nd. **691. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson.

Við 14. gr. B. XIII. a.
Fyrir »Hvammstangaskólanum 3000« komi:
Hvammstangaskólanum 3500.
Til vara:
Fyrir »Núpi í Dýrafirði 4000« og »Hvítárbakkaskólanum 4000« komi:
Núpi í Dýrafirði 3500 og Hvítárbakkaskólanum 3500.

(A. I, 38). **15. gr. 30.**

Nd. **692. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 15. gr. 30.
Fyrir orðin: »að hverju sje nýtt« komi:
eftir því sem hann getur.

(A. I, 39). 16. gr. 11. a.

Nd. **693. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 16. gr. 11. a.

1. Fyrir »2400—2400« komi:
4000—4000.
2. Fyrir »300« (í athugasemdinni) komi:
500.
3. Á eftir athugasemdinni komi nýr liður:
b. Til aðstoðarmanns ..... 1200—1200

Stafliðatalan breytist samkvæmt því.

(A. I, 40). 16. gr. 9. d.

Nd. **694. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 9. d.

Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að ..... —2400

(A. I, 41). 12. gr. 15.

Nd. **695. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Einar Jónsson.

Við 12. gr. 15.

Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:
Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ..... 3000—.....

(A. I, 42). 15. gr. 19. b.

Nd. **696. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 15. gr. 19. b.

Liðurinn (»Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til að þýða Goethes Faust«) falli burtu.

(A. VII, 10).

Ed. **697. Lög**

um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 6. sept.).

I. kafli.

Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.

1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerðar, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú rís ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

2. gr.

Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landa-

merki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana af nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau koma til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Um meðferð landamerkjamála.

8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skifta, sje um landamerki eða itaks, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar, samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið.

9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðningu sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dóms-

athöfn hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt kveðið á um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.

12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslufjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fasteignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, samkvæmt 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málflutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

III. kafli.

Um áreiðar- og vettvangsmál.

16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lands, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annarhvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.

18. gr.

Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málsgr. og 15. gr. síðari málsgr. einnig gilda í þessum málum.

IV. kafli.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er út gefin eftir 1. jan. 1920.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaþrætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr., tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

(A. XIII, 5).

Ed. **698. Lög**

um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 6. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.

2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.

3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.

(B. XLIII, 10).

Nd. **699. Lög**

um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Nd. 6. sept.).

1. gr.

36. gr. og fyrri málsgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

(B, LXXII, 3).

Ed. **700. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. laga um viðagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Magnús Torfason, form.	H. Steinsson, framsögum.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(B. LXXI, 3).

Ed. **701. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um húsagerð ríkisins.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr.

1., 3. og 4. liður falli niður.

Til vara:

1. liður verði síðasti liður.

Á eftir honum komi svo hljóðandi málsgr.:

Síðasti liður er bundinn því skilorði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi fram fjórðung kostnaðar.

Liðatalan breytist samkvæmt því, er samþykt verður.

(C. XXVIII, 1).

Nd. **702. Tillaga**

til þingsályktunar um lán til Flóaáveitunnar.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að útvega lán til Flóaáveitunnar með löngum afborgunarfresti og góðum vaxtakjörum, eða styðja að því, að lánið verði útvegað.

13. gr. B. VIII.

(A. I, 43).

Nd. **703. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 13. gr. B. VIII. (til dragferjuhalds á Lagarfljóti).

Liðurinn orðist þannig:

VIII. a. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	500—500
b. Til uppbótar á ferjulaunum við Steinsvaðsferju fyrir liðin dýrtíðarár og yfirstandandi almanaksár	400—.....

16. gr. 15.

(A. I, 44).

Nd. **704. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 16. gr. 15.

Á eftir liðnum kemur nýr liður:

Verðlaun til Sveinbjörns Sveinssonar, Hámundarstöðum, fyrir að semja og birta í búnaðarritinu ritgerð um örugg ráð til að vinna á stuttum tíma refi á grenjum	2000—.....
Verðlaun greiðast ekki fyr en ritgerðin er afhent stjórn búnaðarfjelags Íslands.	
Til vara:	1000—.....

(A. XXVI, 29),

Ed. **705. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsmaður: Sigurjón Friðjónsson.

Við 33. gr.

Síðasti málsliður orðist þannig:

Prestar, sem búa í sveit og jörð hafa til ábúðar, fá $^1/_3$ launauppbótar.

(B. XXIV, 9).

Nd. **706. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um skoðun á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Háttv. efri deild hefir haft frv. þetta til meðferðar og hefir gert á því nokkrar breytingar.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar kveðst hafa gert þessar breytingar að ráði yfirsíldarmatsmanna eða yfirsíldarmatsmanns.

Vjer getum sagt hið sama, að vjer tókum einmitt þau ákvæði, sem háttv. Ed. nú hefir breytt, upp í frumvarpið að ráðum og ósk síldaryfirmatsmannsins á Siglufirði, og fáum eigi betur sjeð en að þau hefði verið fremur til bóta, hefði þau fengið að standa.

En þrátt fyrir það, að vjer teljum frumvarpið fremur hafa spilst en bætst við meðferð hv. Ed., viljum vjer þó ekki verða þess valdandi, að frumvarpið nái eigi fram að ganga, sem eigi er örugt, ef það að nýju þyrfti að flækjast milli deildanna, og leyfum oss því að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 6. sept. 1919.

Björn Kristjánsson, formaður. Matth. Ólafsson, framsögumaður. Pjetur Ottesen, skrifari.

Sveinn Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XL, 5).

Nd. **707. Frumvarp**

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða verið kennari við fastaskóla eða farskóla minst 5 ár.
d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá auglýsa stöðuna af nýju, með svo löngum fresti til umsóknar, sem hún telur nægja, en hafi enginn enn sótt um stöðuna, þegar sá frestur er út runninn, skal nefndin gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann

eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1500 kr., og kennarar við þá skóla 1200 kr.

   Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.
e. Farskólakennarar hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að 1/3 af ríkissjóðsfje, en að 2/3 úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri fá kennarar sem hjer segir:

a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 4. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 4. hvert ár, upp að 500 kr.
d. Farskólakennarar 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi. Dýrtíðaruppbót samkvæmt þessari grein greiðist á þann hátt, er ræðir um í 11. gr. 1. málsgrein.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar til stjórnarráðsins.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919–1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(B. VII, 5).

Ed. **708. Frumvarp**

til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

(A. XXVI, 30).

Ed. **709. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsmaður: H. Steinsson.

Við 33. gr.
Fyrir orðin »í 4 aðalkaupstöðum landsins« á 2 stöðum komi:
í Reykjavík.

(A. XL, 6).

Nd. **710. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við 9. gr. d.
Fyrir »1500« og »1200« komi:
1600 og 1300.

(A. I, 45). 10. gr. C. 1.

Nd. **711. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Einari Árnasyni.

Við 10. gr. C. 1.

Liðurinn orðist þannig:

Til fulltrúa:

a. Laun ..... 12000—12000

b. Til skrifstofuhalds ..... 12000—12000

(A. I, 46). 15. gr. 19. a.

Nd. **712. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Einari Árnasyni.

Við 15. gr. 19. a.

Fyrir »22000 — 22000« komi:

16000 — 16000.

(A. I, 47). 15. gr. 47. c

Nd. **713. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Einari Árnasyni.

Við 15. gr. 47. c.

Fyrir »2000« komi:

3000.

(A. I, 48). 15. gr. 36.

Nd. **714. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson, Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Við 15. gr. 36.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til Hallgríms Hallgrímssonar sagnfræðings, til að rannsaka og skrifa sögu Íslands yfir tímabilið 1800 til 1. desember 1918 ..... 2000—2000

(A. I, 49). 15. gr. 23.

Nd. **715. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Við 15. gr. 23.

Fyrir »5000« komi:
2500.

(A. I, 50). 12. gr. 20.

Nd. **716. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 12. gr. 20.

Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu á Patreksfirði, mót jafnmiklu annarsstaðar frá ..... 2500—.....

(A, I, 51). 13. gr. C. II.

Nd. **717. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 13. gr. C. II. (Athugasemdin).

7. töluliður athugasemdarinnar orðist svo:

Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur. Enn fremur að fara 1 ferð haust og vor til Ísafjarðar, með viðkomustöðum: Arnarfirði, Tálknafirði, Patreksfirði, Hagabót, Flatey, Karlseyjarvík (Reykhólum) og Skógarnesi.

(A. I, 52). 15. gr. 21.

Nd. **718. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 21.

Fyrir »6000 — 6000« komi:
8400 — 8400.

(A. I, 53). 15. gr. 32.

Nd. **719. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 32.

Fyrir »400 — 400« komi:
600 — 600.

13. gr. D. IV. 15.

(A. I, 54).

Nd. **720. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Við 13. gr. D. IV. 15.
Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verður 16. liður:
Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum ..... 1200—.....

13. gr. A. 1. b. 2. og c.

(A. I, 55).

Nd. **721. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. Við 13. gr. A, 1. b. 2.
Fyrir »35000—35000« komi:
35500—35500.
2. Við 13. gr. A. 1. c.
Fyrir »11000—11000« komi:
10800—10800.

(A. I, 56). 15. gr. 16.

Nd. **722. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson og Einar Árnason.

Við 15. gr. 16.
Á eftir þeim tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til fjelagsins »Íslendingur« til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs ..... 10000—3000
Til vara: ..... 8000—3000

(A. I, 57). 12. gr. 21. l.

Nd. **723. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Sv. Ólafsson.

Við 12. gr. 21. l.
Liðurinn falli burtu. Stafliðirnir á eftir breytist eftir því.

(A. I, 58). 13. gr. E. IV. 5, 6, 7.

Nd. **724. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Sv. Ólafsson.

Við 13. gr. E. IV. 5, 6, 7.
Liðunum skal skipa þannig:

5. Kambanesviti	.....—20000	
6. Strætishornsviti	20000—.....	
7. Papeyjarviti	19000—.....	

(A. I, 59). 15. gr. 19. b.

Nd. **725. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Við 15. gr. 19. b.
Liðurinn falli burtu.

(A. I, 60). 18. gr. i. 8.

Nd. **726. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Sveinn Ólafsson.

Við 18. gr. i. 8.
Aftan við þann tölulið bætist:
9. Til fyrverandi vitavarðar Jóns Helgasonar á Reykjanesi ... 1000—.....

(B. LXXIX, 1).

Nd. **727. Frumvarp**

til laga um stofnun verslunarskóla Íslands.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla handa verslunarmannastjett ríkisins, er nefnist Verslunarskóli Íslands, og skal hann að öllu leyti kostaður af ríkisfje.

2. gr.

Inntökuskilyrði í skóla þennan eru hin sömu, sem heimtuð eru við gagnfræðapróf.

3. gr.

Námsgreinar skulu vera:

Íslenska.
Danska.
Þýska.
Enska.
Álagsreikningur.
Kontokurant.
Bókfærsla (einf. og tvöföld).
Verslunar- og víxilrjettur.
Verslunarlandafræði.
Verslunarsaga (sjerstakl. innlend).
Vöruþekking.
Þjóðmegunar- og viðskiftafræði.
Hraðritun.
Vjelritun.
Banka-, síma- og póstviðskifti.

Þjóðmegunar- og viðskiftafræði skal aðallega kend með fyrirlestrum, og skal bent á allar helstu viðskiftastefnur, sem uppi hafa verið hina síðustu áratugi, og afleiðingar hverrar stefnu, að svo miklu leyti sem þær eru þegar kunnar.

Við bókfærslukensluna skal lögð áhersla á fyrirkomulag ýmiskonar fjelaga, svo sem samvinnufjelaga, hlutafjelaga, útgerðarfjelaga, búnaðarreikninga og iðnaðarfyrirtækja, engu síður en reikningshald einkafyrirtækja.

Við tungumálakensluna skal einkum lögð áhersla á verslunarmál, og skulu stílar einkum gerðir um þau efni, er að verslun og viðskiftum lúta.

4. gr.

Fastakennarar skulu vera þrír, og er einn þeirra skólastjóri.

Annar hinna kennaranna skal vera sjerstaklega vel fær um að kenna hagfræði og viðskiftafræði, en hinn sjerstaklega bókfærslu.

Stundakennarar skulu teknir, eftir því sem nauðsyn skólans krefur.

Skólastjóri hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um tvö hundruð krónur upp í 4500 kr.

Hinir kennararnir hafa hvor um sig 3000 kr. laun, sem hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

5. gr.

Skólatíminn er 3 ár, og eigi skemri en 7 mánuðir á ári. Skólagjald er 10 kr. á mánuði fyrir hvern nemanda.

6. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að svo fljótt, sem því verður við komið, verði samdar og gefnar út kenslubækur við hæfi skólans, og sjer um, í samráði við skólastjóra, að kensluáhöld sje næg fyrir hendi, svo sem ritvjelar o. fl.

Hún semur og reglugerð fyrir skólann.

Greinargerð.

Um það munu trauðla skiftar skoðanir, að verslunarmannastjett landsins sje engu síður þörf mentunar en öðrum stjettum landsins, og það eigi síður almennrar mentunar en sjermentunar, sem þó er engu síður sjálfsögð þeirri stjett en öllum öðrum stjettum. Uppskafningsháttur sá, er á liðnum tímum hefir þótt brenna við þá stjett, er eigi hvað minst að kenna mentunarskorti þeirra tíma verslunarmanna.

Sæmilegri mentun er vant að vera samfara kurteisi og mannúð, en hið gagnstæða mentunarleysinu, svo sem sjálfbirgingsskapur og hroki.

Nú má segja, að gerbreyting sje orðin á þessu. Er allur fjöldi íslenskra verslunarmanna kurteisir menn og liðlegir í framkomu, við hvern sem er að eiga, æðri eða lægri, enda hefir mentun þeirra aukist stórum hin síðari ár, þótt enn sje að ýmsu ábótavant og eigi svo fullkomið, sem með öðrum þjóðum tíðkast.

Verslunarmenn þurfa að umgangast menn af öllum stjettum, eigi að eins innlenda, heldur og útlenda, en »vits er þörf þeims víða ratar«.

Nú mun varla verða um það þrætt, að ríkinu beri að styðja að sjermentun þessarar stjettar, engu síður en annara, svo sem búfræðinga, sjófræðinga og kennara.

Nú hefir um nokkurt áraskeið verið haldinn verslunarskóli hjer í Reykjavík, og hefir hann hin síðari árin notið lítilfjörlegs styrks úr ríkissjóði, en að öðru leyti verið kostaður af ýmsum fjelögum hjer í Reykjavík. Hefir fjárskortur einatt staðið honum fyrir þrifum. Einkum hefir hann skort áhöld, svo sem ritvjelar o. fl., eins og kenslubækur við hæfi skólans hafa engar verið til. Hefir því orðið að bjargast við bækur, sem samdar hafa verið með annað fyrir augum en þarfir þess skóla.

Hin síðustu ár hefir Samband samvinnufjelaganna haldið skóla hjer í Reykjavík, sjerstaklega handa þeim mönnum, er hafa hugsað sjer að fást við kaupfjelagsskap með samvinnustefnu, og hefir sá skóli einnig notið lítilfjörlegs styrks af ríkisfje.

Nú sækja báðir þessir skólar um styrk úr ríkissjóði.

Nefndinni (eða meiri hluta hennar) virðist, að ef haldið yrði á að styrkja þessar tvær stofnanir, mundi það leiða til þess, að kensla í þeim báðum hlyti að verða ófullkomin og ófullnægjandi kröfum tímans. Virðist henni því rjett að leggja til, að nú sje stofnaður sameiginlegur skóli fyrir alla þá, er verslun ætla að stunda, hversu sem fyrirkomulag verslana að öðru leyti er. Fær nefndin eigi sjeð, að nokkur námsgrein, sem nú er kend í báðum þessum skólum, sje eigi jafnnauðsynleg nemendum beggja skólanna, og ætlast beint til, að nemendur hins fyrirhugaða verslunarskóla verði jafnfærir, að loknu námi, til að veita hverskonar verslunarfyrirtæki forstöðu, hvort sem er einkaverslun, samvinnufjelagsverslun eða iðnaðarfyrirtæki.

Nefndin leggur til, að hinn nýi skóli sje að öllu leyti kostaður af ríkisfje, og er það einkum gert til þess, að eigi þurfi að óttast, að fjelög þau, er hingað til hafa haldið þessum skólum uppi, eigi nein ítök í nemendunum eða geti haft nein áhrif á skoðanir þeirra í verslunarefnum.

Nefndinni er það ljóst, að þeim mönnum, sem ætlað er að standa fyrir samvinnuverslunarfjelögum, er engu síður þörf góðrar mentunar en þeim, sem veita eiga einkaverslunum forstöðu; en að styðja tvo fullkomna verslunarskóla telur hún ekki ráðlegt, og síst af öllu vill hún, að þeir sjeu háðir ákveðnum skoðunum, hvor um sig, í viðskiftamálum.

Sú er skoðun nefndarinnar, að á engum sjerskólum eigi að kenna almennar námsgreinar, heldur að eins þær námsgreinar, sem sjermentunin útheimtir, og er því lagt til, að nemendur, sem á skólann koma, hafi sömu þekkingu og nú er heimtuð við gagnfræðapróf.

Eigi nemendur frá þessum skóla að jafnast að mentun til við þá stjettarbræður þeirra í útlöndum, sem best eru mentir, og það ætlast nefndin til, þá mun eigi veita af 21 mánaðar kenslu. Hins vegar virðist, að þegar litið er til undirbúningsins undir sjernámið, þá muni mega við það hlíta.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að við alla sjerskóla eigi að vera eitthvert kenslugjald, og þykir eigi óaðgengilegt, þótt það sje ákveðið 10 kr. á mánuði eða 210 kr. fyrir allan skólatímann.

Nefndinni hefir þótt rjettara að ákveða heldur þriggja ára námsskeið í skólanum og að eins 7 mánuði á ári, heldur en t. d. 2 ár og mun lengri tíma hvort árið. Telur hún, að efnalitlum nemendum muni koma vel að hafa sumarið til að afla sjer fjár.

Frekari grein mun gerð fyrir frumvarpinu við framsöguna.

(A. I, 61).

Nd. **728. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. a. (Styrkur augnlæknis).
Fyrir »1500—1500—3000« komi:
3000—3000—6000.

2. — 12. — 12. (Styrkur til tannlæknis).
Fyrir »1000—1000—2000« komi:
2000—2000—4000.

3. — 12. — 13. (Styrkur til háls- og neflæknis).
Fyrir »1000—1000—2000« komi:
2000—2000—4000.

4. — 12. — 15. (Til Gunnlaugs Claessens læknis).
Fyrir »1000—1000—2000« komi:
2000—2000—4000.

5. — 13. — B. VI. (Tillög til akfærra sýsluvega).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting) ..... 1000—1000

6. — 14. — A. b. 2. (Bráðabirgðauppbót).
Liðinn skal orða svo:
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum ..... 4000—3500
b. Uppbót á árið 1919 ..... 500—.....

7. — 14. — B. IV. b. 2. (Aukakennari).
Liðurinn fellur niður.

8. — 14. — B. IX. (Verslunarskólinn).
Liðinn skal orða svo:
Til verslunarskóla:
a. Til Kaupmannafjelagsins og verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^{3}/_{4}$ kostnaðar ..... 9000—9000
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^{3}/_{4}$ kostnaðar 7000—7000
Ef ríkisverslunarskóli verður stofnaður, fellur styrkur beggja þessara skóla niður.

9. — 15. — 5. a. (Landsbókasafnið).
Á eftir »ljósa« kemur:
ræstingar.

10. Við 15. gr. 18. (Leikfjelagið).
Liðinn skal orða svo:
18. a. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..... 2000—2000
b. Til geymsluhússgerðar ..... 10000— .....

11. — 15. — 27. (Helgi Jónsson).
Fyrir »3000—3000« kemur:
4000—4000.

12. — 15. — 52.
Á eftir þeim lið komi:
Til Sigurðar Guðmundssonar frá Hofdölum..... 1500— 1500

13. — 16. — 4. (Óslandshlíðaráveitan).
Fyrir »4000—.....« komi:
5000—.....

14. — 16. — 8. Þar á eftir kemur nýr liður:
Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar... ... ... 2000 — .....

15. — 16. — 9. b. Nýr stafliður komi þar:
Uppbót á lögákveðinn taxta dýralækna ... 1200 — 1200

16. — 16. — 14. a. (Húsaleiðbeining).
a. Fyrir »2500 — 2500« kemur:
3000 — 3000.
b. Nýr stafliður komi þar á eftir:
Skrifstofufje ... ... 600 — 600.

17. — 16. — 37.
Nýr liður kemur þar á eftir:
Til Flugfjelagsins, til tilrauna ..... 15000—.....

18. — 18. — g. 4.
a. Til Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum ..... 500— 500
b. Til Önnu Thorlacius .... 600— 600

19. — 18. — h. 4.
a. Liðinn skal orða svo:
Til Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið og auk þess 150 kr. á ári með hverju barni af fjórum..... 900— 900
b. Nýr töluliður kemur þar á eftir:
Til Ingeborg Sigurjónsson .... 1000—1000

20. — 22. —
Aftan við greinina kemur:
Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

(B. LXXX, 1).

Nd. **729. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Sigurður Stefánsson, Einar Árnason, Stefán Stefánsson, Pjetur Ottesen, Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, Björn Kristjánsson, Hákon Kristófersson, Þorsteinn Jónsson, Pjetur Þórðarson.

1. gr.

52. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, orðist svo:
Þingskjöl og atkvæðagreiðslur á Alþingi skal prenta í Alþingistíðindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Prentunarkostnaður er nú orðinn gífurlega hár, og prentun fyrir þingið eykst ár frá ári. Þegar þar við bætist, að meðan þingræður eru ekki hraðritaðar geta þær aldrei, þótt prentaðar sje, orðið sannur spegill af umræðunum eins og þær eru fluttar, virðist rjett að spara kostnað við prentun þeirra. Vitanlega verða handrit ræðnanna að sjálfsögðu geymd í skjalasafni þingsins.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra Alþingis skal þess getið, til frekari skýringar, að prentun og pappír á hverri örk af umræðum Alþingis 1913 kostaði kr. 38,00, en samkvæmt tilboði frá Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunni, dags. 30. ágúst 1919 (sjá fylgiskj. I og II), kostar nú prentun á hverri örk kr. 115,65, og auk þess kostar pappír í hverja örk kr. 45,70, miðað við 46 kr. verð á hverju pappírsrísi.

Prentun og pappír á hverja örk af umræðunum *er því nú kr. 161,35.*

Verður þá prentun og pappír á hverja örk af umræðum Alþingis *nú* 325% *hærri* en 1913.

Síðan tilboð frá prentsmiðjunum kom fram hafa þær auglýst, að prentkostnaður sje hækkaður um 30%, og verður því prentkostnaður á hverja örk kr. 115,65 + 34,70 = *kr. 150,35.* Þar við bætist svo pappír í hverja örk, kr. 45,70. Verður því prentun og pappír á hverja örk af umræðunum *alls kr. 196,05.*

Hækkun á prentun og pappír verður þá frá 1913 og til þess, sem nú er komið, samkvæmt tilboði prentsmiðjanna 325%
Þar við bætast 30% af kr. 115,65, sem er af 38 kr. (= öllum prentkostnaðinum á hverja örk 1913) 91%

Hækkun á prentun og pappír á hverja örk af umræðum Alþingis síðan 1913 er því alls 416%

Enn fremur skal á það bent, að samkvæmt tilboði prentsmiðjanna verður með engu móti sagt, hverri breytingu verð á pappír muni taka uns lokið væri prentun á umræðum frá yfirstandandi þingi. Og loks má geta þess, að ekki er sjeð fyrir endann á því, að vinnulaun prentara geti hækkað frá því, sem nú er komið, og til þess, er lokið væri prentun á umræðum þingsins, en það mundi ekki verða fyr en öndverðlega á árinu 1920.

Ef gert væri ráð fyrir, að umræður frá yfirstandandi þingi yrðu 230 arkir með efnisyfirliti, og það mun láta nærri lagi, þá mundi prentun þeirra kosta um 45000 kr., að meðtöldum pappír, samkvæmt tilboði prentsmiðjanna, þótt ekki væri tekið tillit til verðhækkunar, sem verða kann á pappír, eða kauphækkunar prentara, er verða kynni.

Fylgiskjal I.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

Reykjavík, 30/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Ísafoldarprentsmiðju hf. geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi með heftingu kr. 115,65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. ís kr. 46,00.

Pappírsverðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanförnu og þannig, að Ísafoldarprentsmiðja hf. hafi »Umræður um samþykt mál og afgreidd«.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

pp. Ísafoldarprentsmiðja hf.

Herbert M. Sigmundsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal II.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN.

Reykjavík, 30/8 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Fjelagsprentsmiðjunnar geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og heftingu kr. 115,65.

Þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. ís kr. 46,00.

Pappírsverðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanförnu og þannig, að Fjelagsprentsmiðjan hafi »Umræður um fallin mál, óútrædd og aftur tekin og um fyrirspurnir« ásamt efnisyfirliti.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

St. Gunnarsson.

Til Alþingis 1919.

(A. XL, 7).

Nd. **730. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flutningsm.: Sv. Ólafsson.

1. Við 1. gr. b.
   Stafliðurinn verði þannig:
   b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.
2. Við 9. gr. e.
   Eftir »Farskólakennarar« komi:
   og eftirlitskennarar við heimilafræðslu o. s. frv.
3. Við 12. gr. d.
   Eftir »Farskólakennarar« komi:
   og eftirlitskennarar við heimilafræðslu o. s. frv.

(A. I, 62). 12. gr. 10.

Nd. **731. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 til 1921.

Flutningsm.: Björn R. Stefánsson.

Við 12. gr. 10.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis... 300—300

(A. I, 63). 16. gr. 37.

Nd. **732. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Björn R. Stefánsson.

Við 16. gr. 37.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Styrkur til Búðahrepps (eftirgjöf á láni) ..... 700—.....

(C. XXIX, 1).

Nd. **733. Tillaga**

til þingsályktunar um stækkun á landhelgissvæðinu.

Frá sjávarútvegssamvinnunefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að gera tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en sjerstaklega þó að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði og helstu bátamið.

ÁSTÆÐUR.

Hvaðanæva af landinu hafa borist og berast á hverri vertíð kvartanir um veiðispjöll og veiðarfæra, sem landsmenn verða fyrir af völdum útlendinga, bæði á landhelgissvæðinu og utan þess. Fyrir því þykir sjávarútvegsnefnd hlýða að bera fram tillögu þessa.

Útfærsla landhelgissvæðisins mundi veita landsmönnum rýmra friðað svæði fyrir veiðarfæri sín, því að tíðast eru brot á landhelgislöggjöf framin yst í landhelginni og nærri landhelgislínunni, en landhelgisvörnin mundi þá einnig auðveldari, er flóar og firðir hefðu eigi óhelguð belti miðlínis milli andnesja.

Mesta áherslu verður að leggja á friðun fjarða og flóa, þar sem grunnmiðaveiði er stunduð og botngróðurinn með dýralífi því, sem honum fylgir, hænir fiskinn að á vertíðinni; þær stöðvar liggja víða rjett utan við núverandi landhelgislínu, eins og t. d. í innri hluta Faxaflóa. Slík fiskimið hafa frá ómunatíð verið eins og forðabúr landsbúa, sem veittu björg þegar annað brást. Uppræting þeirra af útlendum veiðimönnum er landinu ómetanlegt tjón, sem sjálfsagt er að varna, ef kostur er á.

(A, I, 64). 13. gr. B. VI.

Nd. **734. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 13. gr. B. VI. Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi að Jökulsárbrú í Öxarfirði ... ... 1000 — 1000

gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.

(A. I, 65). 16. gr. 37.

Nd. **735. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 37. Á eftir þeim tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... 8000 — .....

Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.

(A. I, 66).

Nd. **736. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þgskj. 728.

Frá nefndinni.

Við 8. lið. Aftan við síðustu málsgr. bætist:

þegar hann er tekinn til starfa.

(A. I, 67),

Nd. **737. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þgskj. 728.

Frá nefndinni.

Við 15. lið. Liðurinn orðist þannig:

Uppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918 ... 1200—.....

(A. I, 68).

Nd. **738. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þingskjali 728.

Frá nefndinni.

Við 19. lið.

Í staðinn fyrir orðin »af fjórum« komi:

sem er í ómegð.

(A. I, 69). **15. gr. 19.**

Nd. **739. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 15. gr. 19.

Nýir liðir:

a. Til Jóns Þorkelssonar skjalavarðar, ferðastyrkur til skjalarannsókna .... 5000—.....

b. Til Hannesar Þorsteinssonar skjalavarðar, ferðastyrkur til skjalarannsókna ....—5000

(A. I, 70). 15. gr. 43.

Nd. **740. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson og Einar Árnason.

Við 15. gr. 43.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til blaðamannafjelags Reykjavíkur til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda ... ... 1600—.....

(B. LXXVI, 2).

Nd. **741. Frumvarp**

til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tiðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hjer á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

(A. I, 71). 16. gr. 8. b.

Nd. **742. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 16. gr. 8. b.

Fyrir »12000—12000« komi:

12000—20000.

(A. XXIX, 13).

Sþ. **743. Frumvarp**

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir »danskt flagg« í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir »danskur konsúll« kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæð-

unum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XLVI, 10).

Nd. **744. Lög**

um forkaupsrjett á jörðum.

(Afgreidd frá Nd. 8. sept.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, er landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(B. LIII, 5).

Nd. **745. Lög**

um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 8. sept.).

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavikurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum, og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs, og þaðan beina línu í Skiphól.

(A. XL, 8).

Nd. **746. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Gísla Sveinssyni.

I. Við 12. gr.

1. Á eftir »þjónustualdri« í byrjun greinarinnar komi: talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar.

2. Fyrir »4. hvert« í a. og b. lið greinarinnar komi: 3. hvert.

3. Fyrir »100« og »500« í b. lið komi: 150 og 750.

II. — 17. gr.
Orðin »til stjórnarráðsins« falli burtu.

(A. I, 72). **16. gr. 37.**

Nd. **747. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi og Jörundur Brynjólfsson.

Við 16. gr. 37. (Stykkishólmsbryggja).

Nýr liður:

Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags,« 15% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira (30%) frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ..... 18000—18000

(A. XXVI, 31).

Ed. **748. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af launununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, 1/4 af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

II. Launaákvæði.

9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^1/_5$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Skaftafellssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Strandasýslu hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Lógreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dóms-

málaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitasíulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, fyrst um sinn, meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kinda-

kjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í Reykjavík haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi; vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{3}/_{8}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis launum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{2}/_{3}$ launauppbótar.

34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(A. XXVI, 32).

Ed. **749. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Sigurjón Friðjónsson.

Við 33. gr.

Fyrsti málsliður síðari málsgreinar orðist svo:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkun hafi numið, en þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, nje hærri alls en 3000 kr.

(A. XL, 9).

Nd. **750. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

   Öll laun samkvæmt lögum þessum greiðast úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

2. Við 12. gr. Síðasta málsgr. falli burt.

3. Við 13. gr. 2 síðari málsliðir orðist svo:
   Hlunnindi þau, er ræðir um í lögum þessum, koma eigi til greina í þessu sambandi. Dýrtíðaruppbótin greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

(A. I, 73).

Ed. **751. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	80000	80000	
2. Húsaskattur	20000	20000	
3. Tekjuskattur	250000	250000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	75000	75000	
			850000
5. Aukatekjur	70000	70000	
6. Erfðafjárskattur	11000	11000	
7. Vitagjald	50000	50000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			298000
Flyt ...	574000	574000	1148000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	574000	574000	1148000
10. Útflutningsgjald	550000	550000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	100000	100000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	500000	500000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
			4270000
16. Stimpilgjald	400000	400000	800000
17. Pósttekjur...	190000	190000	380000
18. Símatekjur	500000	500000	1000000
Samtals ...	3799000	3799000	7598000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	70000	70000	140000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	26000	30000	
			71000
Flyt ...	103500	107500	211000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	103500	107500	211000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	346500	195500	542000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908...	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909...	50000	50000	100000
3. — — — 1912...	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912...	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913...	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916...	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			2500	3500	
			20000	19500	39500
Flyt ...			... ...	... ...	226500

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	226500
C.					
Gjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	306500

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	8400	8400			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms gjöld	1000	800			
			12100	11700	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8300	8300			
b. Laun 3 tollvarða	8000	8000			
c. Húsaleiga	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Ýms gjöld	3400	3400			
			23900	23600	
Flyt ...			130100	129500	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			130100	129500	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			142100	141500	283600
B.					
Ýmisleg gjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til landhelgisgæslu			50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar... ...			5000		
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			158200	150200	308400
Samtals ...			... ...	... ...	592000

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis	1000	1000	2000
3. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
4. Styrkur til íbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar...	500	500	1000
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
6. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
7. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
8. Styrkur til Grímseyinga til vitja læknis ...	400	400	800
9. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
10. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis..	300	300	600
11. Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis	300	300	600
12. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
13. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	3000	6000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	500	1000
14. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	2000	2000	4000
Flyt ...	91300	91300	182600

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			91300	91300	182600
15. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			2000	2000	4000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.					
16. Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...			6000	6000	12000
17. Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu			2000	2000	4000
18. Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ...			3000	.....	3000
19. Holdsveikraspítalinn			66200	63200	129400
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:					
1. Laun	8000	8000			
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.					
2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000	27000			
3. Klæðnaður	2000	2000			
4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800	1800			
5. Eldsneyti	19000	15000			
6. Ljósmeti	1200	1200			
7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200	1200			
8. Viðhald á húsum	1500	2500			
9. Þvottur og ræsting	1000	1000			
10. Greftrunarkostnaður ...	300	300			
11. Skemtanir	500	500			
12. Skattar o. fl.	1500	1500			
13. Ýmisleg gjöld	1200	1200			
	66200	63200			
20. Geðveikrahælið á Kleppi			44300	40800	85100
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:					
A. Laun læknis	3600	3600			
B. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	6060	6060			
2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000	30000			
Flyt ...	39660	39660	214800	205300	420100

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	39660	39660	214800	205300	420100
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	68860	65360			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
	24560	24560			
Mismunur ...	44300	40800			
21. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			73040	48330	121370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	15000	15000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	153340	128630	287840	253630	541470

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	153340	128630	287840	253630	541470
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag 71175					
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag 9125					
	80300	80300			
Mismunur ...	73040	48330			
22. Til undirbúnings landsspítala			7500	7500	15000
23. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.			23000	.....	23000
24. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.					
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar		20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...	1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4000	4000			
Flyt ...	13500	33500	318340	261130	579470

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	13500	33500	318340	261130	579470
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«.	1500	1500			
gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.					
Flyt ...	32900	46700	318340	261130	579470

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	32900	46700	318340	261130	579470
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
			35900	49700	85600
Samtals ...			354240	310830	665070

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A. Póstmál.					
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur	35000	35000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			62100	62100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			162100	162100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		162100	162100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	15000	15000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
			57500	57500	
			219600	219600	439200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4000	4000			
			17500	17500	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	.....			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar... gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000			
			95000	118000	
	Flyt ...		112500	135500	439200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			112500	135500	439200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500	127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....	45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting)..			1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
XI. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			348800	345800	694600
C.					
I. Til strandferða					
1. Til Sterlingsferða... ...	50000	50000			
Flytt ...	50000	50000	.....	.....	1133800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	50000	50000	.....	.....	1133800
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	150000	150000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir(Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	300	300	69500	69500	
			219500	219500	439000
Flyt ...			.....	.....	1572800

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1572800
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
Flyt ...	... ...	... ...	1572800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			.....	.....	1572800
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.					
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o.fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður...	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri ...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	2000			
16. Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum	1200	.....			
17. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
			169400	170200	
Flyt ...			368900	390200	1572800

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			368900	390200	1572800
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			460450	481750	942200
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ...	4000	4000			
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.					
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	2500	2500			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11000	11000	
II. Laun vitavarða			11500	13000	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			27000	30000	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti	23500	.....			
Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.					
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,					
Flyt	95300	.....	49500	54000	2515000

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	.....	49500	54000	2515000
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.					
5. Kambanesviti		20000			
6. Strætishornsviti	20000	.....			
7. Papeyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
8. Stokksnesviti		35300			
			134300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			5000	5000	
			191800	117300	309100
Samtals ...			... ...	... ...	2824100

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður ...	1000	1000	6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum	4000	3500			
b. Uppbót á árið 1919	500	.....			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingin er bundin því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir					
Flyt ...	56706,41	44506,41	6000	6000	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56706,41	44506,41	6000	6000	.....
hina íslensku þjóðkirkju...		400			
			56706,41	44906,41	
			62706,41	50906,41	113612,82
B.					
Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	2800	2800			
			4800	4800	
d. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
e. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
f. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
g. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
h. Önnur gjöld:					
1. Laun ritara	800	800			
Flyt ...	800	800	79200	80333,33	113612,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	800	800	79200	80333,33	113612,82
2. Laun dyravarðar, auk hlunninda, er hann hefir áður notið ...	1600	1600			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500			
			5100	5100	
			84300	85433,33	169733,33
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. Til söngkennara ...	600	600			
			2800	2800	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og vatns	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
Flyt ...	25600	22900	24800	24800	283346,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25600	22900	24800	24800	283346,15
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 45 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			53900	51200	105100
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
2. Tímakensla	1800	1800			
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Flyt ...	8000	8000	9600	9600	388446,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8000	8000	9600	9600	388446,15
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til dyravörslu	600	600			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000	15600	11600	
			25200	21200	46400
IV. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
3. Bókakaup og áhöld...	300	300			
4. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
5. Til viðhalds	1000	1000			
6. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			12800	12400	
			19800	19400	39200
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	6000	6000			
Flyt ...	6000	6000	4400	4400	474046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	6000	4400	4400	474046,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			14000	13500	
			18400	17900	36300
VI. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkennara...	1000	1000			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
			10600	10100	20700
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. Til aðstoðarkenslu ...	1000	1000			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	4500	4500	... ...	... ...	544046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4500	4500	... ...	... ...	544046,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			10900	10400	21300
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	800	800			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			10100	9600	19700
VIII. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	585046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	585046,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			8600	8600	17200
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
IX. Til verslunarskóla:					
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	9000	9000			
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	7000	7000			
Ef ríkisverslunarskóli verður stofnaður, fellur styrkur beggja þessara skóla niður, þegar hann er tekinn til starfa.			16000	16000	32000
X. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík...	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	5600	5600	11200
Flyt ...			.....	.....	645446,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		...	...	645446,15
XI. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
	Flyt ...		60000	60000	697446,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	697446,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	25000	25000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4000 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	25000	25000	889646,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25000	25000	889646,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	14000	
	39000	39000	78000
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	986846,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	986846,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	1000046,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár	2400	2400			
e. Til aðstoðar á lestrarsal ...	1000	1000			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	9000	9000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	18600	18600	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	18600	18600	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			22540	22540	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	1600	1600			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
			6250	6250	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
h. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			16300	16300	
Flyt ...			45090	45090	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	45090	45090	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.			
4. Náttúrufræðifjelagið...	1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Landsbókasafnshúsið:			
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl. 5000 4500			
b. Til dyravarðar.. ... ... 1400 1400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ... 1000 1000			
	7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði	2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði	1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags	3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.			
9. Til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins	800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.			
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...	1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni...	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.			
13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...	1000	1000	
14. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873	1000	1000	
Flyt ...	67640	67140	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	67640	67140	
15. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk	600	600	
16. Til Dansk-Islandsk Samfund	1000	1000	
17. Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs	8000	3000	
18. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns	1000	1000	
19. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, ...	2000	2000	
20. a. Styrkur til skálda og listamanna	22000	22000	
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	1200	
21. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi	1100	1100	
22. Til að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum	6000	6000	
23. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók	15000	15000	
Þetta er lokaveiting.			
24. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
25. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
26. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum	2000	2000	
enda sje handritið eign landsins að honum látnum.			
27. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
28. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	4000	4000	
29. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	2500	2500	
Flyt ...	140640	130140	

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	140640	130140	
30. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
31. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt	1200	1200	
32. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	400	400	
33. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	400	400	
34. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	400	400	
35. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	400	400	
36. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
37. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	800	800	
38. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...	800	... ...	
39. Til landskjálftarannsókna	550	550	
Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.			
40. Til veðurathugana og veðurskeyta	43300	18800	
41. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens	5500	1500	
42. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri	1000	1000	
Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.			
43. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál	500	500	
Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.			
44. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis	600	600	
Flyt ...	199090	159290	

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		199090	159290	
45. Til blaðamannafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda		1600	... ...	
46. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
47. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
48. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
49. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
		10500	... ...	
50. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
51. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.				
52. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
53. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
54. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
55. Til Sigurðar Guðmundssonar frá Hofdölum		1500	1500	
Samtals ...		227390	167990	395380

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarsambanda			30000	30000	
Styrkurinn skiftist eftir samanlagðri dagsverkatölu í búnaðarfjelögum innan hvers sambands.					
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			5000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu			10000	10000	
Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.					
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar...			2000	... ...	
10. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Upppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918...	1200	.....			
d. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
e. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ...	800	800			
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.					
f. Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	.....	2400	8900	10100	
Flyt ...			261900	250100	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			261900	250100	... ...
11. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
12. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	4000	4000			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi 500 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....	8840	7840	
13. Til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við opinberar byggingar			2500	2500	
14. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að			400	400	
15. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	3000	3000			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
c. Skrifstofufje	600	600	4600	4600	
16. Styrkur til manns, er leiðbeini almenningi um raforkuveitur			500	500	
17. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
18. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
19. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
20. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
21. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
Flyt ...			359740	344940	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		359740	344940	... ...
22. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar.	200	.....			
			4600	4400	
23. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200			
			2800	2800	
24. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra.					
25. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ...	600	.....			
			1400	800	
26. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
27. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
28. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
29. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
30. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
31. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
32. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
33. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
	Flyt ...		419840	404240	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	419840	404240	... ...
34. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.	5000	... ...	
35. Til brimbrjóts í Bolungarvík	10000	10000	
36. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
37. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
38. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
39. Til Flugfjelagsins til tilrauna...	15000	... ...	
40. Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrk[illegible] og skal bryggjan vera til almenningsnota.	8000	... ...	
Samtals ...	488140	414240	902380

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn	29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn	15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar	1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur	5492,13	5492,13	
	52349,25	52349,25	104698,50
Flyt ...	... ...	... ...	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólívu Guðmundsson ...	350	350			
			700	700	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur ..	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd....	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. -- Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd....	300	300			
15. — Hlífar Bogadóttur, 150 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	1050	1050			
16. — Þórunnar Stefánsdótt.	800	800			
			5686	5686	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar ...	300	300			
Flyt ...	600	600	7883	7883	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	600	600	7883	7883	104698,50
3. Til Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	600	600			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — Pjeturs Guðmundss.	1000	1000	4960	4960	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Bjarna Ketilssonar ...	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Kráksonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1800	1800			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Elíesers Eiríkssonar ...	200	200	3900	3900	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
2. — Þorvalds Thoroddsens .	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar...	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1500	1500			
5. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500	500			
6. — Önnu Thorlacius ...	600	600	10500	10500	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið					
Flyt ...	1100	1100	27243	27243	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...	1100	1100	27243	27243	104698,50
og auk þess 150 kr. á ári með hverju barni, sem er í ómegð ...	900	900			
5. — Til Ingeborg Sigurjónsson	1000	1000			
6. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
7. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
8. — 3 barna hennar... ...	300	300			
9. — Valgerðar Arnljótsdóttur	500	500	4400	4400	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur ...	300	300			
5. — ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
6. Til Sigurðar Jónssonar smáskamtalæknis frá Litla Lambhaga, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf hans	500	...			
7. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	...			
8. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	...	5300	1800	
			36943	33443	70386
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					255084,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt 2. gr.	kr.	7598000,00
—— 3. —	—	736400,00
—— 4. —	—	542000,00
—— 5. —	—	47200,00
Tekjuhalli, sem greiðist úr sjóði, er fyrst um sinn áætlaður ...	—	497904,02
Samtals ...	kr.	9421504,02

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	kr.	2068743,37
—— 8. —	—	120000,00
—— 9. —	—	246000,00
—— 10. —	—	306500,00
—— 11. —	—	592000,00
—— 12. —	—	665070,00
—— 13. —	—	2824100,00
—— 14. —	—	1000046,15
—— 15. —	—	395380,00
—— 16. —	—	902380,00
—— 17. —	—	6200,00
—— 18. —	—	255084,50
—— 19. —	—	40000,00
Samtals ...	kr.	9421504,02

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.

2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. á ári hverju.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil.

Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu og alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, hvorttveggja lánið til raforkustöðva og raforkuveitu. Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin hafi vissu um það, að fyrirtækin beri sig og að sveitarfjelög þessi sjeu fær um að standa straum af þeim.

(B. LXXVII, 2).

Ed. **752. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

(B. LXXI, 4).

Ed. **753. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um húsagerð ríkisins.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson og Sigurjón Friðjónsson.

Við 1. gr. Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

(B. LXXV, 5).

Ed. **754. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að tveim þriðju úr sýslusjóði, en að einum þriðja úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr., uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2 gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. LXXIV, 6).

Nd. **755. Breytingartillaga**

við frv. til laga um landhelgisvörn.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða þannig:

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

(C. XXV, 2).

Ed. **756. Tillaga**

til þingsályktunar um Þingvöll.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár norður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

(A. XL, 10).

Ed.

757. Frumvarp

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests sins og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.
d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá auglýsa stöðuna af nýju, með svo löngum fresti til umsóknar, sem hún telur nægja, en hafi enginn enn sótt um stöðuna, þegar sá

frestur er út runninn, skal nefndin gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennarar við þá skóla 1300 kr.

   Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.
e. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu hafa í árslaun

300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu, þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að 1/3 af ríkissjóðsfje, en að 2/3 úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, fá kennarar sem hjer segir:

a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 3. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 3. hvert ár, upp að 500 kr.
d. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi. Dýrtíðaruppbót samkvæmt þessari grein greiðist á þann hátt, er ræðir um í 11. gr. 1. málsgrein.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(B. LXXVIII, 2).

Ed. **758. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að deildin samþykki frumvarpið með svo feldum

BREYTINGUM.

1. Á undan frumvarpsgreininni komi:

1. gr.

2. Á eftir henni komi svo hljóðandi

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Alþingi, 9. sept. 1919.

Magnús Torfason, form. og framsögum.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.	H. Steinsson.

(C. XXX, 1).

Nd. **759. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til að kaupa hús.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila landsstjórninni að kaupa húsið nr. 6 í Mjóstræti við hæfilegu verði.

Greinargerð.

Hús Sturlu Jónssonar hefir nú verið selt eins og kunnugt er. Við það verður bæði landsverslunin og hagstofan húsvilt með sínar skrifstofur. Er mjer ekki kunnugt um, að völ sje á húsnæði fyrir þessar skrifstofur hjer í bænum, en þó fáanlegt kunni að vera, þá verður það tæplega með öðru móti en að fá til þess húsnæði, sem ella mætti hafa fyrir íbúðir; en að landið sjálft gerist keppinautur þeirra mörgu hjer í bæ, sem húsnæðislausir eru, býst jeg við að enginn telji viðeigandi.

Alþingi hefir nú samþ. lög um að setja hjer á stofn hæstarjett við næstu áramót. Húsnæði fyrir hann á landið ekki, svo mjer sje kunnugt, nema ef vera skyldi í fangahúsinu, sem tæplega verður talið sæmilegt húsnæði handa svo veglegri stofnun og »óskabarni þjóðarinnar«, eins og einn þingmaður komst nýlega að orði, enda nóg annað við það húsnæði að gera.

Auk þess, er jeg þegar hefi bent á, hefir landið ekkert varanlegt húsnæði fyrir mælitækja- og vogaráhalda skrifstofur. Ekkert fyrir væntanlega veðurathugunarstöð. Ekkert fyrir vitamálaskrifstofur o. fl.

Fleira mætti telja, en þetta er nóg til að minna á það, að landið er í húsnæðishraki og verður að vera keppinautur annara húsvillinga bæjarins, ef það ekki sjálft kaupir eða byggir hús. Auk þess má benda á það, að þess munu fá dæmi, að ekki sje betra að eiga hús en vera leigjandi, ef viðkomandi hefir þörf fyrir húsnæði.

Umrætt hús er nýtt og vandað steinhús, eftir því er kunnugir segja, og mun vera fáanlegt fyrir hæfilegt verð — eða jafnvel lágt verð, eftir því sem hús ganga nú kaupum og sölu hjer í bæ. Sýnist mjer því rjettara, að landið neyti þessa tækifæris og kaupi hús þetta og sjái sjer þar með fyrir góðu húsplássi handa hinum mörgu skrifstofum sínum, er það nú má heita húslaust fyrir, heldur en að vera með þær á hrakningi hingað og þangað, fyrir afarháa leigu, í húsum, sem ella gætu orðið fáanleg til íbúðar fyrir einhverjar af hinum mörgu fjölskyldum eða einstaklingum, sem enga von hafa um húsnæði hjer í bænum.

(A. XXVI, 33).

Ed. **760. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Eggert Pálsson.

1. Þriðja málsgrein 11. greinar hljóði svo:

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

2. Fjórða málsgrein sömu greinar falli burt.

(B. LXVIII, 7).

Ed. **761. Lög**

um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

(Afgreidd frá Ed. 10. sept.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og bókmentasögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

Ef dósentinum í sögu Íslands verður veitt prófessorsembætti í íslenskri sagnfræði, skal svo með fara, þá er honum verða talin laun, sem hann hefði haft það embætti frá upphafi háskólans.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(B. XXIV, 10).

Nd. **762. Lög**

um skoðun á síld.

(Afgreidd frá Nd. 10. sept.).

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Hafi síld eigi verið flutt út innan 3 vikna eftir að hún var söltuð, en er ætluð til útflutnings, skal hún skoðuð á ný og endurmetin.

2. gr.

Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.

Skal í vottorðinu tekið fram, að síldin sje að eins frummetin.

Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.

Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

3. gr.

Skoðun þessa og endurmat skulu framkvæma lögskipaðir matsmenn, undir umsjón yfirmatsmanns.

Allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum, þegar vottorð þarf að gefa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim

erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

5. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því er hún er endurmetin og til þess að hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

6. gr.

Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vel hirt sem skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur, sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkert athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun; ella greiðist hann af síldareiganda.

7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

9. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi með nýja síld, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaðar hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg

atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

11. gr.

Þegar endurmat á síld fer fram, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á síld.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

(B. LXV, 8).

Nd. **763. Lög**

um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Afgreidd frá Nd. 10. sept.).

1. gr.

Framan af annari málsgr. 2. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, falli »valir».

2. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu friðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar, og teljast þá undir 2. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr.

Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

4. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:

500 kr. sekt.

(B. LXX, 6).

Ed. **764. Lög**

um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 10. sept.).

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt, komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

(A. XXVI, 34).

Ed. **765. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson og Sigurjón Friðjónsson.

Við 12. gr.

Þriðja málsgrein falli niður.

(B. LXXIV, 7).

Nd. **766. Frumvarp**

til laga um landhelgisvörn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. VII, 6).

Ed.

767. Nefndarálit

um frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og hefir ekki getað fundið annað en að það sje bygt á brýnni nauðsyn og fylstu sanngirni.

Það er mjög augljóst, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, sem þingið getur ekki gengið fram hjá lengur, þegar alls þessa er gætt:

1. *að* leiðin frá Ísafirði til Bolungavíkur er erfið, ófær mörgum sinnum og ekki hættulaus;
2. *að* læknisferðirnar eru afardýrar, dýrari en nokkrar aðrar læknisferðir á landinu, í hlutfalli við vegalengd (ferðin 90—120 kr. að meðaltali, er fer hækkandi);
3. *að* þessar erfiðu, hættulegu, dýru og á stundum ófæru ferðir eru svo tíðar og margar á ári á einn og sama stað, að þess finnast engin slík dæmi á landinu, sem leiðir af því,
4. *að* þetta er að mestu þjettbygt fiskiver og allstór verslunarstaður, með 900 íbúum, auk fjölda manna úr öðrum sveitum og sýslum, sem eru þar við sjóróðra mikinn hluta ársins, og
5. af því þetta er fjölment og þjettskipað fiskiver, þá má gera ráð fyrir, að farsóttir leggist þar þyngra á en í strjálbygðari hjeruðum, auk þess sem meiðsli eru tíð á slíkum stöðum, svo sem á hendur manna, og auk þess stærri slys, t. d. við lendingar í brimi og einkum við setning bifbáta, sem þar eru daglegar.

Það má líka taka það til greina, að Hólshreppur skuli nú hafa fengið sjerstakan lækni upp á sinn eiginn kostnað (3600 kr. laun), og sýnir það ljóslega, að hjer er um mikla nauðsyn að ræða.

Þess skal að lokum getið, að nefndin telur sjálfsagt, að aðstoðarlæknisembættið á Ísafirði verði lagt niður þegar núverandi aðstoðarlæknir sleppir því.

Nefndin ræður því hinni háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Guðjón Guðlaugsson, form. og ritari.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

(B. LXI, 6).

Nd. **768. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild, en flutt þar á öndverðu þingi að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands. Nefndin hefir athugað frumvarpið, telur það horfa til gagns og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það með eftirfarandi

ORÐABREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurforðafjelög.
2. — 5. — Upphaf greinarinnar: »Í samþyktum ..... svo sem« orðist þannig:
Í samþyktum þessum skal tekið fram.
3. — 8. — Upphaf greinarinnar: »Þegar er sveitarfjelag« orðist þannig:
Þá er sveitarfjelag.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari. Sigurður Sigurðsson, framsögumaður.

Pjetur Þórðarson. Jón Jónsson.

(A. XXVII, 7).

Nd. **769. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp og að mestu leyti afleiðing sambandslaganna, er komið frá hv. efri deild.

Aðalbreytingin, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á að gerð sje á lögunum um skrásetning skipa frá 13. desember 1895, er fólgin í takmörkunum þeim, sem settar eru fyrir því, að skip geti orðið skrásett hjer á landi og öðlast með því rjett til að hafa íslenskan fána, sbr. 1. gr.

Enn fremur var gert ráð fyrir því, að sett væri á stofn hjer í Reykjavík sjerstök skrásetningarskrifstofa, sem hefði á hendi yfirendurskoðun á skrásetning skipa, sem áður heyrði undir aðalskrásetningarstofuna í Kaupmannahöfn, en er nú að sjálfsögðu flutt inn í landið.

Þessu hefir hv. efri deild breytt þannig, að hún hefir felt niður þessa skrásetningarskrifstofu, en ætlast hins vegar til, að fjármáladeild stjórnarráðsins hafi yfirumsjón með skrásetning skipa, og alt, sem að því lýtur, sje framkvæmt á þeirri skrifstofu.

Nefndin fellst á þessa breytingu hv. efri deildar og getur ekki annað sjeð en að þessu máli eigi að vera jafnvel borgið í þessum stað eins og þó farið væri að setja á stofn sjerstaka skrifstofu í þessu skyni.

En hins vegar dylst nefndinni það ekki, að sjerstakt skrifstofuhald mundi kosta ærið fje, miklu meira en því næmi, er kynni að þurfa að auka starfskrafta á skrifstofu fjármáladeildarinnar af völdum þess.

Enn sem komið er er skipaflotinn íslenski ekki heldur svo stór, og yfir umsjón og endurskoðun á skrásetning skipa þar af leiðandi engan veginn svo yfirgripsmikið starf, að eigi verði hjá því komist að setja á stofn dýra skrifstofu af þeim sökum.

Það mun að vísu nokkuð skorta á það, að skrásetning skipa sje í svo góðu lagi hjer á landi sem æskilegt væri; en aðalorsökin til þess, sem ábótavant kann að vera í þessu efni, mun eiga rót sína að rekja til þess, að aðstoð sú, sem skrásetningarstjórarnir úti um landið hafa haft til skipamælinga, hefir verið af skornum skamti, en þeir ekki nærri allir mælingafróðir.

Úr þessum ágalla er engu betur bætt með því að setja á stofn sjerstaka skrásetningarskrifstofu en að mál þetta sje falið skrifstofu fjármáladeildarinnar.

Þá hefir hv. efri deild hækkað nokkuð sektarákvæði frumvarpsins, bæði með tilliti til þess, að sektirnar voru upprunalega lágar, og svo hins, að verðgildi peninga hefir breytst.

Enn fremur hefir hv. efri deild bætt aftan við 1. gr. frumvarpsins ákvæði fyrir skip, sem löglega hafa verið tekin á skipaskrá fyrir 1. desember 1918, sama ákvæði, sem tekið hefir verið upp í frumvarpið um breytingu á siglingalögunum.

Loks hefir hv. efri deild gert mjög miklar orðabreytingar á frumvarpinu, sem miða til þess að færa það til betra máls.

Yfir höfuð getur nefndin fallist á allar þessar breytingar og telur þær til bóta.

Fyrri málsgrein 1. gr. þarf að breyta í samræmi við breytingu þá, sem þessi háttvirta deild hefir gert á 1. gr. frumvarpsins um breytingu á siglingalögunum.

Enn fremur vill nefndin gera lítils háttar orðabreytingu á 12. gr.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.

2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^{2}/_{3}$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.

3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.

4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. Við 12. gr.

Fyrir orðin: »Það er bannað, að neitt sje ritað á skírteinið eða neinu breytt í því« komi:

Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því.

Alþingi, 10. september 1919.

Björn Kristjánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögumaður. Sveinn Ólafsson.

Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. V, 22)

Ed. **770. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Eins og hinni hv. deild er kunnugt, unnu stjórnarskrárnefndir beggja deilda saman sem samvinnunefnd og sendu út nefndarálitið á þgskj. 514 og brtt. á þgskj. 504 meðan hv. Nd. hafði málið til meðferðar.

Síðan málið kom til þessarar hv. deildar hefir nefnd þessi út af fyrir sig tekið það til athugunar.

Allir nefndarmenn halda fast við það, sem tekið er fram af þeirra hálfu um búsetuskilyrðið fyrir kosningarrjetti og kjörgengi í áðurnefndu nefndaráliti. En þótt meiri hluti þessarar nefndar (Jóh. Jóh., M. Kr. og Sigurj. Fr.) telji enn fyrirkomulag það, sem stungið var upp á af minni hluta samvinnunefndarinnar, að öllu leyti betra en það, sem ofan á varð í samvinnunefndinni og í Nd., þá ber hann þó ekki fram brtt. við 29. gr. frv. um að færa hana í það horf, þar sem vonlaust má telja, að slík tillaga næði fram að ganga.

Hins vegar er öll nefndin á því, að fella beri burtu úr frv. ákvæði það um íslenskukunnáttu, sem komst inn í 29. gr. þess í Nd., þar sem þessi nefnd telur það að minsta kosti höggva svo nærri sambandslögunum, að ekki sje viðeigandi að hafa það í stjórnarskránni.

Loks hefir nefndin öll orðið sammála um að leggja til, að feldur verði úr 29. gr. frv. málsliðurinn: »Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því hann er sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga«. Telur hún auðsætt, að orðið »búseta« í greininni verði skilið svo, að þeir menn, sem málsliðurinn nær til, rjett skilinn, sjeu hjer búsettir (sbr. t. a. m. síðustu málsgr. 9. gr. laga um ríkisborgararjett), og vill því minni hlutinn fallast á til samkomulags, að málsliður þessi verði feldur úr, þar sem það, samkvæmt framansögðu, ekki skiftir miklu máli, hvort hann stendur þar eða ekki.

Nefndin leyfir sjer því að gera við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 29. gr. Málsliðurinn: »Ekki slítur það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga« falli burtu.
2. — sömu — Orðin »skilji og tali íslenska tungu sæmilega« í 1. málsgr. falli burtu.

Alþingi, 9. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Karl Einarsson, ritari.

Magnús Torfason. M. J. Kristjánsson. Sigurjón Friðjónsson.

(A. V, 23).

Ed. **771. Breytingartillögur**

við frumv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsmenn: Sigurjón Friðjónsson og Magnús J. Kristjánsson.

Við 26. gr.

a. Síðari málsliður fyrstu málsgreinar falli burt.

b. Síðasti málsliður annarar málsgreinar falli burt.

c. Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tölu þingmanna og skipun í deildir má breyta með lögum.

(B. LXXXI '1).

Nd. **772. Frumvarp**

til laga um hækkun á vörutolli.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gjald það, er ræðir um í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, lögum nr. 45, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 3, 5. júní 1918, skal hækka um 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frv. eftir tilmælum landsstjórnarinnar, og er ástæðan fyrir frv. sú, hversu mikill tekjuhalli er fyrirsjáanlegur á næsta fjárhagstímabili. Er hv. deild svo kunnugt um nauðsyn á tekjuauka, að óþarft þykir að gera nánari grein fyrir því. Tekjuaukinn af þessu ætti að nema um ½ miljón á fjárhagstímabilinu.

(B. LXXXII, 1).

Nd. **773. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum til 1. júl 1920, en frá þeim tíma, er einkasala hættir, skal greiða 20 kr. gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir tilmælum landsstjórnarinnar, og er þess vænst, að hún gefi hv. deild frekari skýringar en felast í frv., ef hún telur þess þurfa. Einkasöluheimildin er bundin við 1. júlí næstkomandi, þó þannig, að stjórninni er heimilt að hætta einkasölunni fyr, ef henni þýkir það hentara eða rjettara. Að öðru leyti er frv. þetta sniðið eftir lögum þeim um aðflutningsgjald af salti, sem afgreidd voru frá Alþingi 8. ág. þ. á.

(B. XXVIII, 10).

Nd. **774. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Frá fjárhagsnefnd.

Hv. Ed. hefir breytt þessu frv. á þann veg að færa niður gjaldið af innlendri konfekt- og brjóstsykursgerð. Og þó að nefndin telji ekki breytingu þessa til bóta, þá vill hún ekki gera þetta að ágreiningi milli deilda, og ræður því til að samþ. frumv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Magnús Guðmundsson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari og frams.m.

Einar Árnason. Hákon J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(B. XV, 2).

Ed. **775. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Hnappdælahjerað*].

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og sjá má á greinargerð fyrir þessu frv., á Hnappadalssýsla og Staðarsveit mjög erfitt með að ná til læknis, sjerstaklega á vetrum, þar sem sækja verður yfir erfiða og oft ófæra fjallvegi.

Undirritaður framsögumaður þessa máls telur því mikla nauðsyn á, að frv. verði samþykt óbreytt.

Hins vegar vilja hinir meðnefndarmennirnir láta þess getið, að afstaða þeirra til þessa frv. fari að nokkru leyti eftir því, hver afdrif hin önnur frumvörp um fjölgun læknishjeraða fái í þinginu, og eru því meðmæltir, að frv. verði samþykt í háttv. deild, svo að háttv. neðri deild gefist kostur á að taka það til athugunar.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Magnús Torfason, form. H. Steinsson, framsögum. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(B. XXIII, 2).

Ed. **776. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Kjalarneshjerað*].

Frá fjárhagsnefnd.

Með skírskotun til nefndarálits á þgskj. 775, er nefndin á því, að frumvarp þetta nái samþykki deildarinnar, svo að það verði athugað í hv. Nd.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Magnús Torfason, formaður.	H. Steinsson, framsögumaður.	Guðm. Ólafsson, fundaskrifari.

(C. VII, 5).

Ed. **777. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skilnað ríkis og kirkju.

(A. XXVI, 35).

Ed. **778. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá launamálanefnd.

Við 11. gr. Á eftir »Allar aukatekjur« (í næstsíðustu málsgr.) komi:
svo og lögmælt innheimtulaun af tolli og útflutningsgjöldum.

(B. LXXXIII, 1).

Ed. **779. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá launamálanefnd.

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Greinargerð.

Þar sem telja má víst, að laun allra embættismanna landsins verði hækkuð á þessu þingi, virðist eigi síður þörf á að laun ráðherranna sjeu hækkuð eitthvað frá því, sem nú er, sem og fje það, sem ætlað er til risnu.

(B. LXXII, 4.)

Ed. **780. Lög**

um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 11. sept.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 40 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 10 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hjer við land.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 26. okt. 1917, um breyting á 1. grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XLV, 8).

Nd. **781. Lög**

um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Afgreidd frá Nd. 11. sept.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breyting-

artillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykt framlög til vega eftir jarðardýrleika, eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

(C. XXVI, 2).

Ed. **782. Tillaga**

til þingsályktunar um fræðslumál.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

I. 1. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga.

2. Að endurskoða alt skipulag Kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt muni vera

að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.

3. Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.

II. 1. Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum Hins almenna mentaskóla, og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.

2. Að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í 3 neðstu bekkjum Mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.

3. Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.

III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr ríkissjóði það fje sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem í I. og II. tölul. greinir.

(A. V, 24).

Ed. **783. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 29. gr.

Fyrsta málsgrein gr. orðist svo:

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu þrjú árin áður en kosningar fara fram. Setja má með lögum frekari skilyrði fyrir kosningarrjetti, þar á meðal lengri búsetu í landinu. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

(A V, 25).

Ed.

784. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

1. Við 7. gr. Fyrir »lögráður« komi:
lögráða.
2. — 12. — Fyrir »lögráður ríkisarfi sæti í því« komi:
ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða.
3. — 14. — Fyrir »Er« komi:
Þá er.
4. — 34. — Fyrri málsliður orðist svo:
Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta.
5. — 35. — Fyrir »þingdeildin fyrir sig« komi:
þingdeild.
6. — 35. — Fyrir »rjett á« komi:
rjett til.
7. — 39. — Fyrir »leggja hann — — — lagafrumvörp« (síðast í fyrri málsgrein) komi:
leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.
8. — 41. — Fyrir »En eigi nær — — — þó samþykki« komi:
En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki.
9. — 45. — Orðið »til« í 2. málsgrein falli burt.
10. — 49. — Orðið »nokkurt« falli burt.
11. — 50. — Fyrir »í þeirri þingdeildinni — — — þar um« komi:
sjerhvert alment mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það.
12. — 54. — Fyrir »handa — — — deildum« komi:
sameinaðs Alþingis og beggja deilda.
13. — 56. — Fyrir »sá sem — — — ekki« komi:
enginn, sem um þau leitar úrskurðar.
14. — 69. — Fyrir »leyfi þurfi að sækja« komi:
sækja þurfi um leyfi.
15. — 71. — Orðin »þar um« falli burt.

(A. XXVI, 36).

Ed. **785. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

Við 9. gr.

Á eftir henni komi ný gr., sem verður 10. gr., svo látandi:

Skrifstofustjóri Alþingis hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

(B. LX, 8).

Nd. **786. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild og hefir tekið þar nokkrum breytingum.

Þær breytingar eru aðallega fólgnar í því, að skotið er inn í 1. gr. frumvarpsins því ákvæði, að sá hluti kostnaðarins, sem veitist úr landssjóði, verði ekki lagður fram fyrr en fje er veitt til þess í fjárlögum, og að stjórnin samþykki áætlunina.

Í 2. gr. er enn fremur skotið inn því ákvæði, að sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu beri ábyrgð gagnvart landssjóði á því fje, er landssjóður kynni að takast á hendur ábyrgð á fyrir hreppsnefndina í Ólafsvík.

Samkvæmt þeirri venju, sem komin er á um hafnargerðir, er ætlast til, að landssjóður beri einn fjórða hluta hins áætlaða kostnaðar, en þó ekki yfir 175000 kr.

N. P. Kirk verkfræðingur, sem mælt hefir hafnarstæðið og gert áætlun um kostnaðinn, hefir sem sje komist að þeirri niðurstöðu, að verkið muni kosta 700000 kr.

Lýsing á þessari fyrirhuguðu höfn og sundurliðuð kostnaðaráætlun er í nefndaráliti sjávarútvegsnefndarinnar í efri deild um mál þetta, þgskj. 608.

Það getur engum dulist, að hjer er um mjög mikið nauðsynjaverk að ræða, sem æskilegt væri að komist gæti í framkvæmd sem allra fyrst.

Það er alkunnugt, að einhver auðugustu og aflasælustu fiskimiðin hjer við land eru kringum Snæfellsnes. Enda kemur það trauðla fyrir, að ekki sje fiskur á þessum miðum árið um kring.

Sú framþróun, sem orðið hefir hin síðari árin í útgerðinni hjer á landi víðast hvar, hefir gersamlega verið útilokuð á þessu svæði.

Því veldur hafnleysið.

Sjávarútvegur er því nær eingöngu rekinn þarna á opnum bátum, og standa þeir því, sem von er, höllum fæti í samkeppninni, og það því fremur, sem hópur fiskiskipa, bæði útlendra og innlendra, með nýtísku veiðiaðferðum, sækja nú orðið mjög á þessi mið.

Það er því engum vafa undirorpið, að hafnarbót sú, sem hjer er farið fram á að gerð sje, mundi stórum auka framleiðsluna í þessum stöðum og verða hin mesta lyftistöng fyrir hjeraðið.

Og það er álit nefndarinnar, að mesta áherslu beri að leggja á hafnar- og lendingabætur á þeim stöðum, þar sem slíkar umbætur skapa nýja möguleika til stóraukinnar framþróunar í útgerðinni.

En samt sem áður verður nefndin að vera hinni háttv. efri deild sammála um það, að eigi sje gerlegt, eins og nú er ástatt, að kveða fastar á um framkvæmd þessa verks en nú er gert í frumvarpinu.

Nefndin vill setja nýtt tryggingarákvæði inn í frumvarpið, um það, að þeim einum sje falin yfirumsjón með framkvæmd verksins og reikningshaldi, sem stjórnarráðið samþykkir.

Þar sem um jafnmikið fje er að ræða, eins og nú er í ráði að verja úr landssjóði til hafnarbóta, og ábyrgð af hálfu landssjóðs, þá virðist það alveg sjálfsögð öryggisráðstöfun, að landsstjórnin hafi óskoraðan íhlutunarrjett um það, hverjum sje falin yfirumsjón með framkvæmdum og reikningshaldi slíkra stórvirkja.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

Alþingi, 11. sept. 1919.

Björn Kristjánsson, formaður. Pjetur Ottesen, skrifari og framsögumaður. Sveinn Ólafsson.

Matth. Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(B. XXVIII, 11).

Nd. **787. Breytingartillaga**

við frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Frá Birni R. Stefánssyni og Pjetri Ottesen.

Við 2. gr.

a. Fyrir orðið »þriðjungi« komi: helmingi.

b. Fyrir orðið »fjórðungi« komi: þriðjungi.

(B. LXXVIII, 3).

Ed. **788. Frumvarp**

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXXIV, 1).

Ed. **789. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

1. gr. greindra laga orðist svo:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki, tjöru, *(blackfernis)*, soda krít, leir, karbid, bensin, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum, 10 aura af hverjum 50 kg.

2. Af gluggagleri, tómum tunnum *og tunnuhlutum*, gaddavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli, olíufóðurkökum, melasse og melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum, bátavjelum (mótorum), lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, *seglgarni*, tilbúnum seglum, *striga*, köðlum allskonar og færum, *fernisolíu*, öllum olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensin, strigaábreiðum (presenningum), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum og akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, ofnum, eldavjelum, járnpípum, gips, hefilspónum og sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðing (Linotol), 25 aura af hverjum 50 kg.

3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en netagarni og *seglgarni*, 60 a. af hverjum 10 kg.

4. Af salti og hverskonar kolum, hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest.
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.

5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og bátum, 3 aura af hverju teningsfeti.

6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 20 aura af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum vörum undir 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstakur tollur er lagður á, prentaðar bækur og blöð, *pappir*, skip, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur, endursendar fiskumbúðir úr striga, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðamanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga orðist svo:

Greiða skal og í landssjóð 30 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

3. gr.

Gjöld þessi skulu, þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækkuð um 200 %.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45, 2. nóv. 1914, og lög nr. 3, 5. júní 1918.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

Greinargerð.

Um leið og vörutollur er hækkaður, virðist sanngjarnt að bæta úr helstu missmíðum þeirra laga, og rjett að færa þau saman í heild, tollheimtumönnum til hægðarauka.

(C. XXIX, 2).

Ed. **790. Tillaga**

til þingsályktunar um stækkun á landhelgissvæðinu.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að gera tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en sjerstaklega þó, að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði og helstu bátamið.

(C. XXXI, 1).

Nd. **791. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Magnús Pjetursson og Pjetur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra alþingiskjósenda um það, hvort nema skuli úr gildi áfengisbannlögin og setja í stað þeirra einkasölu ríkisins á öllu áfengi. Verði afl atkvæða með afnáminu eins mikið eða meira en það var 1908 með banninu, þá leggi stjórnin fyrir Alþingi frumvarp til laga um einkasölu á öllum áfengum drykkjum.

Atkvæðagreiðslan sje leynileg og fari fram á komandi vori.

Nd. **792. Nefndarálit**

um vatnamálin.

Frá samvinnunefnd í fossamálunum.

Báðar deildir hv. Alþingis kusu í öndverðu nefndir — 7 manns í Nd. og 5 í Ed. — til þess að fjalla um mál þau, sem snerta fallvötn landsins og lögð hafa verið fyrir þingið eða komið hafa fram frá hv. þm. í frumvarpsformi og á annan hátt. Eftir nokkur fundarhöld og umræður um málið alment í Nd.-nefndinni gengu nefndir beggja deilda í eina samvinnunefnd.

Mál þau, sem vísað var til fossanefndar, eru þau, er nú skal greina:

1. Frv. til vatnalaga á þgskj. 42 (meiri hl. milliþingan.)
2. — — laga um vatnastjórn, þgskj. 43 (sama).
3. — — — — rannsókn Sogsfossa, þgskj. 44 (sama).
4. — — — — raforkuvirki, þgskj. 45 (sama).
5. — — — — vatnorkusjerleyfi, þgskj. 118 (sama).
6. — — vatnalaga, þgskj. 88 (minni hl. milliþingan.)
7. — — laga um sjerleyfi o. s. frv., þgskj. 123 (sama).
8. Till. til þingsál. um lögnám Sogsfossanna, þgskj. 121.

Í nefndinni varð það brátt að niðurstöðu, að ekki yrði hugsað til þess að afgreiða öll vatnamálin á þessu þingi, jafnmikilfeng og margbrotin sem þau eru, þar sem tími þingsins hlaut að vera mjög bundinn af öðrum stórmálum, er fyrir lágu, og eins af hinu, að milliþinganefndin í fossamálunum gat ekki orðið sammála, svo sem kunnugt er, en alt málið miklu erfiðara viðfangs af þeim sökum.

Að samkomulagi varð í nefndinni, að hún ljeti fyrir sitt leyti deiluatriðið, um eignarrjettinn til vatnsorkunnar í landinu, óútkljáð. Að öðru leyti greindi nefndarmenn nokkuð á um, hvort rjettara væri, að löggjafarvaldið úrskurðaði málið þegar á annanhvorn veginn, eða að dómsvaldi landsins skyldi falið það. En nefndin taldi öll nauðsynlegt, að sjerleyfislagafrumvarp yrði fram borið af hennar hálfu, er hv. Alþingi væntanlega síðan gæti fallist á, og varð að ráði, að því skyldi þann veg háttað, að eigi gæti í því út af fyrir sig falist neinn úrskurður löggjafarinnar um eignarrjettaratriðið.

Til þess að gera slíkt sjerleyfisfrumvarp úr garði, sem nefnt var, kjöri samvinnunefndin undirnefnd 5 manna, og var henni jafnframt falið að semja tillögur til þingsályktunar út af rjettar- eða deiluatriðum vatnamálanna.

Frá þessari undirnefnd eru komin mál þau, er samvinnunefndin ber fram:

1. Frumvarp til laga um vatnsorkusjerleyfi, á þgskj. 793.

   Hefir það inni að halda hin nauðsynlegustu ákvæði um notkunarrjett fallvatna landsins, og hafa frv. milliþinganefndarinnar í fossamálum, meiri- og minni hluta, verið höfð þar til hliðsjónar, o. fl.

   Samvinnunefndin ber þetta frv. fram óskift, að einum undanteknum (Sv. Ól.), en nokkrir nefndarmenn hafa áskilið sjer rjett til þess að koma fram með brtt. við einstök atriði þess, og öll nefndin mun hafa það til áframhaldandi athugunar undir gangi þess í þinginu.

2. Tillaga til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum, á þgskj. 794.

Er hún í samræmi við einróma álit allrar milliþinganefndarinnar um þetta atriði, og eru allir samvinnunefndarmenn henni einnig samþykkir, nema einn (Sig. Sig.).

3. Tillaga til þingsályktunar um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl., á þgskj. 795.

Er hún til þess stíluð, að deiluatriðinu sje beinlínis skotið til úrskurðar dómsvaldsins, og landsstjórninni falið að fylgja þessu fram.

Meðal annars sökum framkominnar tillögu (á þgskj. 121), um lögnám Sogsfossanna, telur nefndin ráðlegast að halda sjer við töku þess fallvatns, þó að gerð sje sem tilraun til útkljáningar rjettaratriðis. Annar liður till. nefndarinnar gerir líka ráð fyrir, að vatnsorka Sogsfossanna verði engu að síður lögnumin ríkinu til handa, gegn bótum, ef því verður að skifta, en þriðji liðurinn ákveður að eins, að rannsóknir og mælingar fari fram í Sogi, svo og að landsstjórnin megi, eins og sjálfsagt er, verja til þessa fje úr ríkissjóði.

Þessari till. fylgir meiri hluti nefndarinnar (Þorl. J., G. Sv., K. D., G. G., B. K., K. E., B. J., H. Sn. og B. St., hinn síðastnefndi með fyrirvara um 2. lið, sem sje að ríkið lögnemi Sogið gegn bótum). Minni hl. samvinnun. (Sv. Ó., S. S., og S. Fr.) vill ekki fallast á hana, og er hún því borin fram af meiri hlutanum

Frekari grein verður gerð fyrir málum þessum í framsögu. En samkvæmt framangreindu afgreiðir nefndin eigi að öðru leyti frumvörp þau, sem hv. Nd. hefir vísað til hennar.

Alþingi, 12. sept. 1919.

Þorleifur Jónsson, form. Nd.-n. og samv.-n.

Kristinn Daníelsson, fundaskrifari Ed.-n. og samv.-n.

Gísli Sveinsson, skrifari Nd.-n. og frsm.

Sigurður Sigurðsson, (með rjetti til að gera brtt. við frv.)

Karl Einarsson, form. Ed.-n.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Björn Kristjánsson.

Björn R. Stefánsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson.

Hjörtur Snorrason.

(B. LXXXV, 1).

Nd. **793. Frumvarp**

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Frá samvinnunefnd í fossamálunum.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

Hjerað merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

Innlendur er hver sá, sem búsettur er á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

Útlendur er hver sá, sem ekki getur talist innlendur samkvæmt þessum lögum.

Umsækjandi er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Sjerleyfishafi er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Virki merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

Miðlunarvirki merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

Orkuver merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnsorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkuliki, svo sem miðlunarvirki og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnsorkuvjelanna, með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

Orkuveita merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnsorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

Iðjuver merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

Fyrirtæki merkir það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Eigi er heimilt að virkja fallvatn (foss eða hávaða) til orkunýtingar, nema landsstjórnin leyfi, ef um meiri orkunot er að ræða en 1000 eðlishestorkur.

Innlendum mönnum, er heimildir hafa til fallvatna, er heimilt að virkja úr þeim 1000 eðlishestorkur án sjerleyfis.

Landsstjórn getur og veitt samþykki til, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meiri orkunot sje að ræða en 1000 eðlishestorkur, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

III. KAFLI.

Um sjerleyfi til handa innlendum mönnum.

3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi landsstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, með þeim nánari skilyrðum, sem landsstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.

2. Sama gildir um

a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna,

b) stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almenningsheilla.

Umsóknir um vatnsorkusjerleyfi.

4. gr.

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda landsstjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjenda.

2. Nafn eða lýsing á því vatnsfalli eða stöðuvatni, sem hugsað er til að taka vatn úr.

3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.

4. Vatnsmagnið alt (í tenm. á sek.) á þeim stað, þar sem vatn skal tekið upp, í minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.

5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna.

6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve margar hestorkur nýtast á vatnshjóli; hvort og þá hve nær hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.

7. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir.

8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkurt þeirra muni bíða baga af orkuverinu, og þá hver og hvernig.

9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.

11. Til hvaða iðju orkan er ætluð, að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju, eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.

12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum, og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.

14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.

15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) miðlunarvirki, b) orkuver, c) orkuveita, d) iðjuver til hagnýtingar á orkunni, e) samgönguvirki.

16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hvað því er til sönnunar, að það muni takast.

17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur

sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slíka umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

Landsstjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað, enda sanni hann fyrir landsstjórn, áður leyfi er veitt, heimildir sínar til vatnsorku þeirrar, er hann vill hagnýta.

5. gr.

Skipa skal vatnastjóra, er sje ráðunautur landsstjórnar í öllum vatna- og raforkumálum. Eigi má veita neitt sjerleyfi, nema hann mæli með. Um störf hans skal ákveða í erindisbrjefi, er stjórnarráðið setur.

Vatnastjóri skal skipaður af konungi. Laun hans skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Áður sjerleyfi er veitt, skal landsstjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálægra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf huga á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hve nær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk. Ef hjeraðsstjórn getur tekið að sjer virkjun þessa, má eigi veita öðrum sjerleyfi.

7. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að landsstjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að ítarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. mundu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá landsstjórnin, ef vatnastjóri mælir með því, veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að landsstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

8. gr.

Ef um orkuvinslu er að ræða, sem fer fram úr 10000 og alt að fullum 50000 eðlishestorkum, skal samþykkis Alþingis leitað, áður en sjerleyfi er veitt, enda sæti málið sömu meðferð á þingi sem lagafrumvörp.

Sjerleyfi til frekari orkuvinslu fyrir einstakan mann, fjelag eða stofnun, veitist ekki, nema Alþingi samþykki það tvisvar, fyrir og eftir nýjar kosningar, án þess þó að þing skuli rofið þess vegna.

9. gr.

Hvert vatnsorkusjerleyfi skal meta svo, sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sjeu ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

10. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.

3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 12. gr.

4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabrjefa eða frumdrátta, er landsstjórn hefir samþykt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.

5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi, og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistimanum.

6. Hvaða árgjald skuli greiða af hverri hestorku, og á hvern hátt ákveða skuli það hestorkutal, sem gjaldskylt er, sbr. 13. og 14. gr.

7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenningi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 15. og 16. gr.

8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 18. gr.

9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 17. gr.

10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi þarf að geta tekið lögnámi í þarfir fyrirtækisins.

11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfisskilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því er honum er tilkynt samþykki landsstjórnar á fullnaðardráttum.

12. Að landsstjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits, og að hann skuli greiða allan kostnað af því eftirliti.

13. Önnur skilyrði, sem landsstjórnin telur nauðsynleg til almenningsheilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn fjelagsins, sbr. 27. gr., svo og hvort, og þá með hvaða skilyrðum, sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

11. gr.

Sjerleyfishafa skal skylt:

1. Að greiða þann kostnað, sem hlýtst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.

2. Að greiða þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almenningsnota, að svo miklu leyti sem landsstjórnin telur það verða mega, án veru-

legs óhagræðis eiganda. Hæfileg borgun fyrir þau afnot, ef eigi er um vegi eða brýr að ræða, greiðist eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

3. Að gera nauðsynlega ráðstöfun, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði þeim til þyngsla.

4. Að veita íslenskum atvinnuvegum kost á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða, og skal landsstjórn ákveða verðið eftir tillögum vatnastjóra.

5. Að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestorkutölu eða orku, eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem landsstjórnin ákveður eftir tillögum vatnastjóra, og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Landsstjórnin setur, eftir tillögum vatnastjóra, reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. 15. og 16. gr.

Um tímalengd sjerleyfis.

12. gr.

Í sjerleyfi skal tiltaka tímalengd hvers sjerleyfis, og má hún aldrei fara fram úr fimtíu og fimm árum, að telja frá þeim degi, er sjerleyfi var veitt.

Um sjerleyfisárgjöld.

13. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi í ríkissjóð, og má miða það við hagnýta hestorkutölu, talið eftir því miðlungsorkumagni, sem fallvatnið að loknum virkjunum getur látið í tje.

2. Landsstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aurum og ekki meiru fyrstu 25 árin frá því er virkin eru fullgerð en 5 kr. af hverri hestorku.

3. Gjalddagi árgjaldsins er 2. janúar ár hvert, og greiðist fyrirfram.

4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 25 ár eru liðin frá því er virkin voru fullgerð, nema landsstjórn, með ráði vatnastjóra, og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður ákveðið, má svo breyta að liðnu 25 ára tímabilinu, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverri hestorku.

5. Ef landsstjórn ætlar að hækka sjerleyfisgjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa aðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.

6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert aðvart, má hann, ef vill, senda landsstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hann ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.

14. gr.

Lögtaksrjettur fylgir sjerleyfisárgjöldum og öðrum gjöldum, er hvila á sjerleyfishafa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal sektum, og standa eignir og rjettindi sjerleyfishafa að veði fyrir þeim.

Um verðlag á orku.

15. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða:

a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu.

b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur en 300 kilóvöttum til sama kaupanda.

c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almenningsþarfir, ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.

2. Ef honum býðst kaupandi að orku, utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kilóvöttum, þá má landsstjórn leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.

3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kilóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi, ef landsstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum, að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Landsstjórn er heimilt að veita slík orkuleyfi, ef vatnastjóri telur það ekki fara í bága við orkuþarfir almennings og mælir með því, en jafnan skal landsstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er landsstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, mundi fara í bága við hagsmuni almennings.

16. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 15. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem landsstjórnin setur eftir tillögum vatnastjóra.

2. Áður en gjaldskrá er sett skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærri en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.

3. Þegar vatnastjóri lætur uppi gjaldskrártillögur sínar skal hann bera greinargerð sjerleyfishafa saman við þær rannsóknir, skýrslur og úrskurði samkvæmt 24. og 26. gr., sem það mál skifta.

4. Hafi sjerleyfishafi, að dómi vatnastjóra, metið tilkostnað sinn of hátt, þá má landsstjórnin miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hann álítur að frekast verði tekinn til greina.

5. Nú hefir rekstrarkostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, að dómi vatnastjóra, eða ráðdeildarskorti, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef reksturinn væri í góðu lagi og útsölunni á orkunni haganlega fyrir komið. Skal landsstjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.

6. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.

7. Ef kærur berast frá almenningi þess í milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann biði tjón af sölunni, skal landsstjórnin reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má hún þá, eftir tillögum vatnastjóra, breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða hækka, ef hún telur það rjettmætt.

Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

17. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim í öllum aðalatriðum.

2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun skal senda landsstjórn til athugunar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaðar fyrir almenning sem best má verða.

3. Ef vatnastjóri mælir með því, getur landsstjórn síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að láta í tje hverskonar frekari upplýsingar, sem krafist kann að verða af honum í samræmi við ákvæði þessara laga.

4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlun samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá landsstjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt, að hún hafi

a) samþykt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála.
b) samþykt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða
c) neitað um samþykki sitt, og málinu sje vísað til sjerleyfisdóms.

Mannvirkin reist.

18. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 1 ári eftir að hon-

um barst samþykki landsstjórnar samkvæmt 17. gr. Skal hann halda verkinu áfram, án þess hlje verði á, önnur en þau, er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem landsstjórn samþykti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

19. gr.

Þegar landsstjórnin hefir veitt sjerleyfi eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst eigi.

20. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum fyr en honum hefir verið tilkynt samþykki landsstjórnar samkvæmt 17. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkrir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.

2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykt hafði verið (17. gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda landsstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur landsstjórnin, ef vatnastjóri mælir með því, leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem landsstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir, ef hann sækir um framlenging á þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin. Frestur þessi má þó ekki lengri vera en 1 ár, og má setja gjald til ríkissjóðs sem skilyrði fyrir honum.

21. gr.

1. Landsstjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til að gæta þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

2. Í lok hvers árs, meðan á verkinu stendur, skal sjerleyfishafi greiða eftir reikningi öll útgjöld, sem hlotist hafa af þessu eftirliti.

22. gr.

1. Ef verkfræðingur er settur til eftirlits, samkvæmt 21. gr., þá er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá samþyktu fullnaðardrætti; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal landsstjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.

2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir lítur, eða úrskurði landsstjórnar, og getur hún þá skipað

sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.

3. Sjerleyfishafa er skylt að senda landsstjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið.

4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu að virkin skyldu fullger, ber sjerleyfishafa, nema landsstjórnin hafi veitt frest (20. gr.), að senda henni skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

Um viðhald og rekstur.

23. gr.

Sjerleyfishafi skal alla tíð halda við og hafa í gangi öll þau virki, sem sjerleyfi hans tekur til, á þann hátt, er landsstjórn telur viðunandi.

Landsstjórn skal heimilt, er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess; skal sjerleyfishafi greiða allan tilkostnað, sem hlýtst af slíkri rannsókn, þar með talið kaup eða vinnulaun þess kunnáttumanns, sem rannsóknin er falin, ef landsstjórnin krefst þess.

24. gr.

Þegar rannsaka skal

a) hversu mikið það vatnsmagn er, sem sjerleyfishafi safnar eða tekur úr farvegi eða notar, eða gæti safnað, tekið eða notað samkvæmt sjerleyfi sínu, eða

b) það orkumagn, sem hann aflar, eða gæti aflað úr því vatni, eða

c) ásigkomulag einhverra virkja, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu, sem við það er tengt, eða

d) hvort eitthvert sjerleyfisskilyrði hefir verið haldið og rækt til fulls,

þá skal landsstjórn, eða hver sá, er hún skipar til þess, hafa frjálsan aðgang að öllum hlutum þeirra virkja, sem getið var, og öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu; skal honum heimilt að framkvæma hverskonar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Er sjerleyfishafa þá skylt að hlíta úrskurði landsstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, eða unt væri að safna, taka eða nota, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti.

25. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af þeirri orku, sem seld er í almenningsþarfir.

26. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Landsstjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje á 4 mánaða fresti skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Landsstjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, er þörf þykir, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

27. gr.

Hlutabrjef eða önnur eignarskírteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 38. gr., eða Landsbanka Íslands. Landsstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slík hlutabrjef eða eignarskírteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 34. gr. Sama gildir ef hluthafi eða eigandi eignarskírteina missir rjett til sjerleyfis samkvæmt 3. gr. og 38. gr.

Að jafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

Sjerleyfisskilyrðum breytt.

28. gr.

Nú vill sjerleyfishafi

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breyting er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir, og vitnað er til í sjerleyfisbrjefi hans,

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (15. gr. 1. lið), og skal hann þá senda landsstjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má landsstjórn leyfa breytinguna, ef vatnastjóri mælir með því; getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

Um framsal.

29. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild landsstjórnar til þess, og það enda þótt í ráði sje, að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.

2. Slíkt framsalsleyfi má landsstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir þau rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu, enda mæli vatnastjóri með því, að leyfið sje veitt.

3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að landsstjórnin

taki gilt, svo og þá skilmála, sem landsstjórnin kann að setja í framsalsleyfi sínu.

30. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema landsstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.

2. Nú hefir lánardrottinn tekið eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, fjárnámi, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti, að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.

3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar samkv. 2. tölul., eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur, eða framsal farið fram samkv. 29. gr., þá skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrotna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrirtækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.

4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg, að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 38. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að kaupandi, ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu samkvæmt sjerleyfi hans.

5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað, að ríkinu frágengnu.

6. Ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins samkv. 36. gr., eða eru leyst inn af ríkinu, afmást öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla.

Um sjerleyfisdóm.

31. gr.

1. Ef landsstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdóm um það málefni. Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdómur verði látinn ganga um sök hans, og nefna sökina. Dómurinn ákveður stefnufrest. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdómi. Hæstirjettur nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdómur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 1 árs fresti frá því er hann tók við málinu.

2. Sjerleyfisdómur fellir fullnaðarúrskurð um málið, þar á meðal

a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum,

b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltek-

inni sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfismálefninu sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

32. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem eitthvert sjerleyfi er bundið, varða sektum, alt að 5 kr. á hverja hestorku, sem heimiluð er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

33. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fólgið í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu, sem er til tjóns eða baga fyrir hagsmuni almennings, og það að nauðsynjalausu, og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu að hafa lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í löglegt horf á tilteknum fresti, sem ekki má vera skemmri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.

2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má, ef það kemur oftar fyrir, láta brot varða sjerleyfisriftingu.

3. Ef sjerleyfi er riftað, skal landsstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 30. gr.

34. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir lögum þessum, tekur þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem um ræðir, eru ekki lengur fyrir hendi, eða sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. eða 38. gr. og fyrirmælum 30. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemmri en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal landsstjórnin láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um það nauðungaruppboð sem segir í 30. gr.

3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki fullnægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi, og skal þá fara eftir ákvæðunum í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi tilheyrir innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni, sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

Um sjerleyfisslit.

35. gr.

1. Ef landsstjórn kemst að raun um það, að bæta megi stórum úr orkuþörfum almennings með því að stækka eða breyta orkuveri og orkuveitu, sem er eign einhvers sjerleyfishafa, þá getur hún, ef vatnastjóri leggur það

til, boðið sjerleyfishafa heimild samkvæmd 28. gr. til að gera þá breytingu á fyrirtækinu, sem hún telur þörf á til hagsmuna fyrir almenning. Takist ekki samningur við sjerleyfishafa um þær breytingar, þá skal landsstjórnin, er 20 ár eru liðin frá veitingu sjerleyfisins, eiga rjett á því að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna, ef Alþingi er því samþykt.

2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Landsstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar landsstjórn þá leysir slík virki til sín, þá skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:

a) Rjettindi þau, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Önnur rjettindi sjerleyfishafa og landareignir þær, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningarupphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.

c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar á þeim, en að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismissi, alt að því $^3/_4$% fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

36. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveita undir full yfirráð ríkisins.

2. Um bætur til sjerleyfishafa fer þá sem hjer segir:

a) Fallvatnið og allan afnotarjett sinn af vatni, svo og allar landspildur, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið og orkuveituna, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Fyrir virki þau, er nýtileg verða talin að dómi landsstjórnar til þeirrar hagnýtingar á fallvatninu, sem þá er fyrirhuguð, skal greiða bætur, eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Ef metið er, skulu matsmenn hafa hliðsjón af upphafskostnaði, rannsóknum og álitsgerðum, samkv. 24. og 26. gr., og fyrningu. Ekki skal bæta fyrir önnur mannvirki en þau, sem þá finnast, og ekki meira en svari því, að hve miklu leyti þau eru nýtileg til þeirrar notkunar á fallvatninu, sem fyrirhuguð er.

c) Afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast, þegar innlent hjerað á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestorkum. Í þess stað má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

37. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda landsstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við fyrirmæli, er þar um gilda.

2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal landsstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.

3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sín við hæfi landsstjórnarinnar, og áliti hún, að hans umsókn sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.

4. Nú ræður landsstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður, þegar kemur að þeim degi, sem landsstjórn þá tiltekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

5. Landsstjórn skal þá hafa rannsakað, hverjar landareignir sjerleyfishafa sjeu nauðsynlegar framvegis, og hver af virkjum hans geti talist nýtileg til þeirrar hagnýtingar á fallvatninu, sem fyrirhuguð er. Skal landsstjórnin jafnframt tilkynningunni um sjerleyfisslitin skýra sjerleyfishafa skriflega frá því, hver virki hans ríkið ætli að taka í sínar hendur, og nefna þau. Er sjerleyfishafa þá óheimilt að taka burtu neitt af þeim virkjum, en skylt að halda þeim við, svo að þau gangi ekki úr sjer neitt að mun úr því, þar til ríkið tekur við þeim, enda skulu sjerleyfishafa greiddar bætur fyrir þau virki öll, samkvæmt 36. gr. 2. b.

6. Ef landsstjórn telur einhver virki sjerleyfishafa óþörf eða gagnslaus til rekstrar á orkuverinu framvegis, þá skal landsstjórnin tilkynna sjerleyfishafa með árs fyrirvara í minsta lagi, áður hún leysir orkuverið til sín, hver þau virki hans eru, sem hún telst ekki geta notað sjer í hag framvegis. Bera sjerleyfishafa engar bætur fyrir þau virki. Skal landsstjórnin þá í þeirri sömu tilkynningu nefna þau virki, sem hún telur óhætt að taka í burtu, og er sjerleyfishafa þá frjálst að flytja þau burtu strax úr því.

IV. KAFLI.

Um sjerleyfi til handa útlendum mönnum.

38. gr.

1. Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Heimilt er landsstjórn þá að setja þau frekari eða fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje stjórn þess að $^{2}/_{3}$ skipuð innlendum mönnum.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bága við lög þessi.

ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR.

Fyrst um sinn, þangað til önnur ráðstöfun verður gerð, gegnir vegamálastjóri landsins störfum þeim, sem í lögum þessum eru falin vatnastjóra.

Greinargerð

fyrir frv. þessu felst í nefndaráliti samvinnunefndar í fossamálunum, á þgskj. 792.

(C. XXXII, 1).

Nd. **794. Tillaga**

til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum.

Frá samvinnunefnd í fossamálunum.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum og afrjettum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfjelagsins.

Greinargerð

fyrir till. þessari felst í nefndaráliti samvinnunefndar í fossamálum, á þgskj. 792.

(C. XXXIII, 1).

Nd. **795. Tillaga**

til þingsályktunar um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl.

Frá meiri hluta samvinnunefndar í fossamálunum.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Til þess að dómstólaúrskurður fáist um, hvort ríkið eða einstaklingar eigi vatnsorku landsins, —
   að slá eign sinni á alla vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá, án þess að neinar bætur komi fyrir til einstaklinga eða fjelaga, er talið hafa sjer eignarrjett á henni. Taka þessi skal þó eigi ná til þess af vatninu, er býlum verður metið nauðsynlegt til heimilis og búsþarfa.
2. Falli hæstarjettardómur í væntanlegu máli út af vatnsorkunáminu á þann veg, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, er þeir hafa talið sjer, en eigi ríkið, —
   að gera ráðstafanir til þess, að ríkið þá engu að síður nái, gegn bótum, fullum umráðum og notarjetti á vatnsorku Sogsfossanna.
3. *Að* láta halda áfram mælingum þeim og rannsóknum um vatnsorku o. fl. í Soginu, sem byrjað hefir verið á, og heimilast landsstjórninni til alls þessa nauðsynlegt fje úr ríkissjóði.

Greinargerð

fyrir till. þessari felst í nefndaráliti samvinnunefndar í fossamálum, á þgskj. 792.

(A. V, 26).

Ed. **796. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsmenn: Guðm. Ólafsson og H. Steinsson.

Við .17 gr.

Í stað orðanna »ár hvert« komi:
annaðhvert ár.

(C. XXXI, 2).

Nd. **797. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi.

Frá Gísla Sveinssyni.

Fyrir »Neðri deild Alþingis« í upphafi tillögunnar komi:
Alþingi.

(B. XII, 5).

Ed. **798. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Hróarstungulæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. Hróarstungulæknishjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur og Eiðahreppur.
2. Bakkalæknishjerað: Borgarfjarðarhreppur.

(B. XXVIII, 12).

Ed. **799. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð. Þó skal sá fá helming

sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(B. LXXIV, 8).

Ed. **800. Frumvarp**

til laga um landhelgisvörn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XX, 2).

Nd. **801. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp um það að gera Siglufjörð að sjerstöku lögsagnarumdæmi báru þingmenn Eyjafjarðarsýslu upp á Alþingi 1917. Eigi þótti fært að samþykkja það frumvarp þá vegna undirbúningsleysis. Samskonar frumvarp báru sömu þingmenn upp á fyrra aukaþinginu 1918 (Alþt. 1918 A, þgskj. 14). Sá allsherjarnefnd sjer þá ekki fært að mæla með því frumvarpi, eins og það lá fyrir af hendi flutningsmanna (Alþt. 1918 A, þgskj. 37), með því að skilyrðum þeim, er sýslunefnd Eyjatjarðarsýslu setti um það, að núverandi sýslumaður misti einskis í af tekjum sínum sakir skiftingar sýslunnar, meðan hann gegnir embættinu, og að honum yrði því eftir þann tíma lagt nægilegt fje til skrifstofuhalds.

Þá lá ekkert fyrir um það, hversu mikla uppbót sýslumaður mundi gera sig ánægðan með, ef sýslunni yrði skift. Og enn liggur ekkert fyrir um það. Það þótti því ótiltækilegt á Alþingi 1918 að framkvæma skiftinguna. Hins vegar varð það að samkomulagi, að Siglfirðingar skyldi fá kaupstaðarrjettindi og fastan lögreglustjóra, er vera skyldi *oddviti bæjarstjórnar* þar, og hafa á hendi »*dómstjórn í almennum lögreglumálum, lögreglustjórn, gjaldheimtu á skipagjöldum fyrir sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu í kaupstaðnum og önnur störf, er hreppstjórum eru falin*«, sjá lög nr. 30, 22. nóv. 1918, 4. og 6. gr. Lýstu Siglfirðingar sig þá mundu láta sjer þessa skipun lynda fyrst um sinn.

Enn af nýju er borið upp frumvarp um að gera Siglufjörð að sjerstöku lögsagnarumdæmi að öllu leyti. Sú breyting hefði það í för með sjer:

1. *að* sýslumaður Eyjafjarðarsýslu hefði eigi lengur þau embættisafskifti af Siglufjarðarkaupstað, er hann nú hefir, hvorki dómstjórn einkamála nje sakamála, nje heldur innheimtu á tekjum landssjóðs þar, og

2. *að* tjeður sýslumaður hlyti að missa allra innheimtulauna og annara aukatekna af fje því, sem til fjelli í Siglufjarðarkaupstað.

Um 1. Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu getur auðvitað ekkert haft á móti því að losna við störf þau, er hjer segir, og skiftir þetta atriði því út af fyrir sig ekki máli.

Um 2. Ef launalagafrumvarp stjórnarinnar, það er nú er til umræðu á Alþingi, verður samþykt, og ef sýslumaður Eyjafjarðarsýslu kýs að taka laun sín eftir því og skrifstofukostnað, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu, að frumvarpið á þingskj. 104 verði samþykt, því að þá hefði sýslumaður samþykt að sleppa innheimtulaunum sínum og aukatekjum jafnt af Siglufirði sem öðrum hlutum sýslunnar, og þá væri eðlilegt, að Siglufjörður fengi sinn bæjarfógeta, er öll störf sýslumanna annaðist í kaupstaðnum.

Sem nærri má geta, er engin skýrsla til um það, hvort oftnefndur sýslu-

maður muni halda núverandi launakjörum sínum eða taka laun eftir væntanlegum nýjum launalögum. Það verður sjeð, í síðasta lagi, einu ári eftir að þau öðlast gildi, samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. stjórnarfrv., en að líkindum einhvern tíma á fyrra missiri ársins 1920.

Ef sýslumaður kýs að halda eldri launakjörum, — sem eigi er ólíklegt — þá þyrfti að semja við hann um uppbót fyrir tekjumissi hans af skiftingunni, áður en málinu væri komið í það horf, sem til er ætlast í frv. á þgskj. 104. Yrði þá að greiða honum hallann, sem honum yrði af skiftingunni. Innheimtulaun og aukatekjur af Siglufjarðarkaupstað rynni þá að vísu í landssjóð samkvæmt 11. gr. næstsíðustu málsgr. stjfrv. um laun embættismanna. En þá kæmi bæjarfógeti, að öllu leyti með sama valdi og sömu ábyrgð sem sýslumenn, í Siglufjarðarkaupstað, með öðrum orðum nýtt embætti stofnað, sem leggja verður að sjálfsögðu talsvert hærri laun en farið er fram á að lögreglustjórinn á Siglufirði fái samkvæmt oftnefndu launafrv. stjórnarinnar, sjá 11. gr. þess, 5. málsgr.

Nefndin fær eigi sjeð, að nauðsyn á að breyta lögum nr. 30, 22. nóv. 1918 — að eins ársgömlum lögum, — sje svo brýn, að það geti ekki beðið, þar til gengið er úr skugga um það, hvort núverandi sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu kýs að taka laun eftir væntanlegum nýjum launalögum, eða ef hann kýs heldur að taka laun eftir núverandi skipulagi, þá hversu mikla uppbót hann krefur fyrir tekjumissinn af skiftingunni.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. á þgskj. 104 verði ekki samþykt nú á þessu þingi.

Alþingi, 12. sept. 1919.

Einar Arnórsson, form., framsm. Magnús Guðmundsson, ritari.

Pjetur Ottesen. Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

(A. I, 74).

Ed. **802. Nefndarálit**

um tekjubálk frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála nefndarbræðrum vorum í hv. Nd. um að rjett sje að áætla tekjurnar varlega, svo að engar sennilegar líkur sjeu til að þær reynist undir áætlun. Hins vegar virðist engin ástæða til að hafa áætlunina svo lága, að hún gefi mjög rangar hugmyndir um tekjur ríkisins, sjerstaklega þegar ríkið þarf á lánstrausti að halda.

Með skírskotun til þessa leggur nefndin til, að nokkrir tekjuliðir verði hækkaðir, og ber fram breytingartillögur um það á þgskj. 803.

Um einstaka liði skal þetta athugað:

1. *Ábúðar- og lausafjárskattur.* Árin 1917 og 1918 reyndist hann yfir 100000 kr., og verðlagsskrá hefir hækkað að mun og sýnilegt að hún hækkar gífurlega næsta ár. Þótt fjenaður hafi fækkað talsvert í fyrra, virðist mjög varlega farið að hækka skattinn í 100000 kr.
2. *Húsaskattur.* Samkvæmt lögum um hækkun á húsaskatti ber að hækka þennan lið um helming.
3. *Tekjuskattur.* Í Reykjavík einni er tekjuskatturinn um 400000 kr. þetta ár. Þar sem árið 1918 var engu verra tekjuár yfirleitt en 1917, og þetta ár stórum mun betra, má byggja á því, að þessi skattur minkar ekki á fjárhagstímabilinu. Þegar þess er enn fremur gætt, að tekjuskattur 1916 var 60843 kr., en þar af úr Reykjavík 34350 kr. 50 a., og tekjuskattur 1917 var 133031 kr., en þar af úr Reykjavík að eins 68272 kr., virðist ótækt að áætla skattinn minni en hann nemur í Reykjavík einni, eða 400000 kr.
4. *Dýrtíðar- og gróðaskattur.* Í Reykjavík hefir skattur þessi í ár reynst að nema um 100000 kr. Með skírskotun til athugasemda við 3. lið má því ekki áætla hann minna en 100000 kr.
5. *Aukatekjur.* Þar sem byggja má á því, að lög um breyting á þeim verði samþykt, er rjett að hækka þennan lið um 50000 kr.
6. *Erfðafjárskattur.* Þessi skattur eykst ár frá ári með verðhækkun eigna, enda var hann yfir 20000 kr. í Reykjavík um einn ársfjórðung þessa árs. Virðist því afarlágt að áætla hann 17000 kr.
7. *Vitagjald.* Samkvæmt samþyktum lögum um vitagjald ber að hækka þennan skatt um helming.
8. *Útflutningsgjald.* Með skírskotun til þess, að einn aðalliður þessa gjalds hefir verið sexfaldaður, bætt við nýjum liðum og hinir liðirnir minst tvöfaldaðir, virðist mjög varlegt að áætla þennan lið 600000 kr., og er hann því hækkaður um 50000 kr.
9. *Áfengistollur.* Samkvæmt hinni miklu hækkun á þessum tolli og reynslu þeirri, sem þegar er fengin, mun tollur þessi sjerlega lágt áætlaður, og er hann því færður upp um 25000 kr.
10. *Stimpilgjald.* Fyrra missiri þessa árs hefir gjald þetta í Reykjavík orðið yfir 200000 kr. Þar sem mestalt stimpilgjald af síld fellur utan Reykjavíkur, virðist mjög varlega í farið að setja gjaldið 500000 kr. fyrra árið og 450000 kr. síðara árið.
11. *Pósttekjur.* Sakir hækkunar burðargjalds á blöðum er rjett að færa þennan lið upp um 10000 kr.
12. *Simatekjur.* Símastjórn hafði áætlað þessar tekjur 600000 kr., en stjórnin fært liðinn niður í 500000 kr. Alt bendir á, að tekjur þessar fari síhækkandi. Er því liðurinn hækkaður um 50000 kr.
13. *Tekjur af Íslandsbanka.* Árið 1918 urðu þessar tekjur yfir 140000 kr., og útlit fyrir, að þær verði meiri, en ekki minni, af þessu ári. Er því lagt til, að liðurinn verði fyrra árið hækkaður úr 70000 kr. upp í 120000 kr.
14. *Ágóðahluti Landsbankans.* Hann er reiknaður 4%, en varð af síðasta ári rúm

22%. Áætlun þessi nær því ekki nokkurri átt. Leggur nefndin til, að liðurinn sje hækkaður um helming, og er það frámunalega varleg áætlun, þar sem ágóðahlutinn í ár er *99587 kr. 41 e.*

Nefndin áskilur sjer að koma fram með tillögu um hækkun vörutolls, þegar sjeð er, hversu fer um hækkun þá á þessum tolli, sem nú er á döfinni.

Alþingi, 12. september 1919.

Magnús Torfason, form. og ritari. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. H. Steinsson.

(A. I, 75).

Ed. **803. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Við 1. lið: Fyrir »80000—80000« komi: 100000—100000.
   b. — 2. — Fyrir »20000—20000« komi: 40000—40000.
   c. — 3. — Fyrir »250000—250000« komi: 400000—400000.
   d. — 4. — Fyrir »75000—75000« komi: 100000—100000.
   e. — 5. — Fyrir »70000—70000« komi: 120000—120000.
   f. — 6. — Fyrir »11000—11000« komi: 17000—17000.
   g. — 7. — Fyrir »50000—50000« komi: 100000—100000.
   h. — 10. — Fyrir «550000—550000« komi: 600000—600000.
   i. — 11. — Fyrir »100000—100000« komi: 125000—125000.
   j. — 16. — Fyrir »400000—400000« komi: 500000—450000.
   k. — 17. — Fyrir »190000—190000« komi: 200000—200000.
   l. — 18. — Fyrir »500000—500000« komi: 550000—550000.

2 Við 4. gr.
a. Við 1. lið Fyrir «70000« fyrra árið komi:
120000.
b. — 2. b. Fyrir »26000—30000« komi:
52000—60000.

(A. XXIII, 6).

Ed. **804. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 7. gr.
Fyrir »vaxtalaust og afdráttarlaust« komi:
með sparisjóðsvöxtum samanlögð.

(A. XXVI, 37).

Ed. **805. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 33. gr.
Fyrir »9500« komi:
10500.

(B. LXXXII, 2).

Nd. **806. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 1. gr.
Í stað orðanna »til 1. júlí 1920« komi:
fyrst um sinn meðan henta þykir.

(B. LXXXVI, 1).

Nd. **807. Frumvarp**

til laga um verðtoll á glysvarningi.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. gr.

Af allskonar munum, sem eigi eru ætlaðir til nauðsynlegra vjela eða verkfæra, úr gulli og gullblendingi, silfri og silfurblendingi, eir og eirblendingi, kopar og koparblendingi og eftirlíkingum af þessum málmum, svo sem allskonar skrautnálum, hálsmenjum, hringum, festum, úrum o. fl., hvort sem munir þessir eru skreyttir með öðrum efnum, steinum eða eftirlíkingum af steinum, hverju nafni sem nefnast og til hverrar notkunar, sem ætlaðir eru, svo og af allskonar gimsteinum og steinum og steinlíkingum, er ætlaðir eru til skrauts, skal greiða í ríkissjóð 20% af innkaupsverðinu.

2. gr.

Eigi mega póststofur eða afgreiðslumenn skipa, eða aðrir, er hlut eiga að máli, afhenda vörur þessar fyrr en móttakandi sýnir innkaupsreikning vörunnar, og beri hann með sjer kvittun innheimtumanns fyrir tollgreiðslunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur jafnframt niður vörutollur af framantöldum vörum.

Greinargerð.

Eins og nú er komið með útgjöld ríkissjóðs, verður eigi hjá því komist að afla honum tekna, svo sem kostur er á. Að stofna til mikilla árlegra útgjalda, sem eigi er hægt að sjá farborða á annan veg en með dýrum lánum, verður að telja miður gætilega fjármálastefnu.

Aldrei hefir eins og einmitt nú á þessu þingi orðið að reyna á þolrif þjóðarinnar með skattaálögum, og hefir orðið að gera fleira en gott þykir í þeim efnum. Helstu úrræðin hafa verið að bæta á gömlu tekjustofnana.

Þeir tollar, sem þegar á þessu þingi hafa verið lagðir á á þennan hátt, nema nú orðið, eftir því sem áætlað er, um 1300000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Í viðbót við þetta eru nú alveg nýlega fram komin tvö ný tekjuaukafrumvörp, og fer annað þeirra fram á að hækka vörutollinn enn á ný um 50%.

Með frumvarpi þessu er farið fram á það að breyta vörutollinum, sem nú er á vörum þessum, í verðtoll. Vörutollur sá, sem fengist hefir á þessum varningi, hefir ekki numið neinu verulegu, en með þeirri breytingu, sem hjer er gerð, mundi einmitt af þessum varningi mega fá allmiklar tekjur í ríkissjóð.

Og um toll af þessum varningi, þó allhár sje, er það að segja, að hann er rjettlátur, að svo miklu leyti, sem hægt er að segja það um nokkurn toll.

Þeir munir, sem frumvarpið ætlast til að komi undir verðtollinn, eru margir hverjir mjög dýrir, og það er alkunnugt, að mjög mikið er lagt á slíkan varning, og mundi tollsins því gæta minna í útsölunni.

Það er náttúrlega ekki hægt að segja neitt ákveðið um það, hvað þessi breyting mundi hækka tollinn, en það er víst, að innflutningur á þessum varningi hefir stórum aukist hin síðari árin, en eins og áður er tekið fram, hefir vörutollsins sama sem einskis gætt á þessum vörum.

(C. VI, 2).

Nd. **808. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi.

Frá minni hluta samvinnunefndar í fossamálunum.

Við undirritaðir höfum eigi getað fallist á niðurstöður meiri hluta samvinnunefndar, svo sem í nefndaráliti hans segir, um meðferð á nefndri tillögu, og álítum ekki eiga við að bera hana fram í þeirri mynd, sem meiri hluti leggur til, eða svo breytta frá frumtillögunni, að eigi sje fullvíst um, að hægt verði umsvifalítið að framkvæma hana.

Við teljum sjálfsagt, að ríkið fái, svo fljótt sem verða má, fullkomin eignarumráð yfir Soginu, og sjáum enga aðra færa eða sæmilega leið að því en fara eftir fyrirmælum laga nr. 55, 22. nóv. 1907, sem ljóslega taka fram um meðferð þá, er hafa þarf.

Enga rjettaróvissu könnumst við við um það, hverjir vatnsrjettindin eigi, og þess vegna heldur enga ástæðu til að skjóta málinu til dómstólanna á þann hátt, sem meiri hlutinn leggur til. Hins vegar lítum við svo á, að taka Sogsins án endurgjalds, eins og meiri hlutinn leggur til, sje óframkvæmanleg fyrir stjórnina og óaðgengileg, og leiði samþykt tillögunnar í þeirri mynd að eins til tafar á framkvæmd málsins, ef eigi annars verra.

Að sjálfsögðu útilokar tillagan á þgskj. 121 ekki það, að stjórnin leiti samninga við aðilja um frjálsa afhendingu vatnsrjettindanna til ríkisins, og að þeir samningar geti tekist. — Eignarnámið kemur þá til greina, ef aðgengilegir samningar nást ekki, en um það, hverjir samningar sjeu aðgengilegir, má treysta stjórninni til að meta, og eru þar til hliðsjónar þeir leigusamningar, sem gerðir hafa verið um Sogið, og það mat vatnsrjettindanna, sem í þeim felst.

Út af framansögðu leyfum við okkur því að ráða hv. Alþingi til að samþykkja tillöguna á þgskj. 121 óbreytta.

Alþingi, 12. sept. 1919.

Sveinn Ólafsson. Sigurður Sigurðsson.

(A. XXVI, 38).

Ed. **809. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 805 (laun embættismanna).

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Fyrir »10500« komi:
10000.

(B. LXVII, 6).

Nd. **810. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir Ed. og hefir náð samþykki þeirrar hv. deildar.

Greinargerð sú, með fylgiskjölum, sem fylgdi frumvarpinu á þingskj. 388, lýsir svo ítarlega nauðsyninni á því verki, sem hjer um ræðir, að nefndin telur óþarft að bæta miklu þar við.

Nefndarálit sjávarútvegsn. háttv. Ed. á þingskjali 607 gerir grein fyrir nauðsyninni á þeirri hækkun á styrk og ábyrgðarupphæð, sem með frv. þessu er gerð á lögunum frá 1913.

Þó fjárhagurinn sje erfiður, þá er hins vegar á það að líta, að sjávarútvegurinn er nú aðaltekjugrein ríkisins, svo ekki verður undan því skorast að styrkja hann og efla framtíðarskilyrði hans, eftir því sem efnin frekast leyfa, enda verður honum því að eins megnugt að vera það til lengdar, að svo sje gert. Vestmannaeyjar er ein stærsta verstöð landsins, og verða því að takast í fyrstu röð, þegar um hafnarbætur er að ræða, eða annað það, sem sjávarútv. má að gagni verða.

Rjett er á það að minna, að Vestmannaeyjar eru eign ríkisins. Slík fjárframlög til þeirra eru því til verðhækkunar á eign ríkisins, jafnhliða því, sem þau eru styrkur til íbúanna þar. En þar sem um svo mikla fjárupphæð er að ræða, telur nefndin rjett, að stjórnin hafi frekari íhlutunarrjett um meðferð fjárins en í frv. felst, eins og það liggur fyrir. Vill nefndin því, að á frv. verði gerð eftirfarandi

BREYTING.

Aftan við aðra grein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

Að öðru leyti er nefndin sammála um að ráða háttv. deild til að samþ. frv. óbreytt.

Alþingi, 12. september 1919.

Björn Kristjánsson, form. Björn Stefánsson, framsm.

Matth. Ólafsson. Sveinn Ólafsson. Pjetur Ottesen, skrifari.

Fjárveitinganefndin vill hjer með tjá hinni háttv. sjávarútvegsnefnd, að hún hefir athugað fjárhagsatriði meðfylgjandi frumvarps og hefir ekkert á móti því.

Alþingi, 9. sept. 1919.

Pjetur Jónsson. Magnús Pjetursson.

(C. XXXIV, 1).

Nd. **811. Tillaga**

til þingsályktunar um leiðbeiningar við Íslendinga, sem flytjast heim úr öðrum löndum.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta ákveðinn mann eða menn í annari skrifstofu hafa á hendi leiðbeiningar við Íslendinga þá, sem vilja hverfa hingað heim úr öðrum löndum, svo sem að fá þeim atvinnu, jarðnæði, hlutdeild í fyrirtækjum og annað, sem þeim er þörf til vistar hjer á landi.

ÁSTÆÐUR.

Fyrir nokkrum áratugum varð það oft og einatt fangaráð hreppstjórnarmanna, er styrkja þurfti fjölskyldur af sveitarfje, að þeir sendu þær til Vest-

urheims. Þá þótti mönnum nægur vinnukraftur í landinu og þótti byrði að fólkinu. Nú hefir atvinnuvegum vorum verið sýndur meiri sómi en áður, er dugnaði manna og framsýni hefir fleygt ótrúlega fljótt áfram. Nú er þegar orðinn skortur á vinnukrafti, og mun sá skortur óðum vaxa, eftir því sem árin líða. Verður þá trauðla hjá því komist að fá vinnukraft annarsstaðar að. En þá er það hverjum manni auðsætt, að þjóðerni voru er betur borgið, ef eignir landar vorir flytjast heim aftur, þeir er búa nú erlendis, heldur en ef hingað flytjast annarlega mælandi menn.

Þess vegna er það fullkomin þjóðarnauðsyn að ljetta löndum vorum heimflutninginn.

(B. XXVIII, 13).

Ed. **812. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Við 2. gr. a. Fyrir orðið »helmingi« komi:
þriðjungi.
b. Fyrir orðið »þriðjungi« komi:
fjórðungi.

(C. XXVII, 2).

Ed. **813. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Nefnd þessi leggi síðan rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing, og þá sjerstaklega tillögur um þær breytingar á löggjöfinni, er hún telur nauðsynlegar í þessu efni.

(A. XXVII, 8).

Nd. **814. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skift í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í

hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og athenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar athent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur

skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn

sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skiít búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(B, LX, 9).

Nd. **815. Frumvarp**

til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10--200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafn-

arvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á

tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

(B. LXI, 7).

Nd. **816. Frumvarp**

til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurforðafjelög.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frum-

varp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skal tekið fram um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þá er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðatjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

(A. XXVI, 39).

Nd. **817. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, 1/4 af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endur-

gjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

II. Launaákvæði.

9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^1/_5$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Suðurmúlasýslu og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, svo og lögmælt innheimtulaun af tollum og útflutningsgjöldum, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Hornafjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaun-

um 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr.; alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitasíulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300

kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, fyrst um sinn, meðan dýrtíð sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í Reykjavík haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi;

vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis launum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{2}/_{3}$ launauppbótar.

34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(B. LXXXVI, 2).

Nd. **818. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verðtoll á glysvarningi.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Við 2. gr.

Á eftir henni kemur ný gr., svo hljóðandi:

Um innheimtu tolls þessa að öðru leyti, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er að honum lýtur, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

(B. LXXX, 2).

Nd. **819. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Pjetur Jónsson og Magnús Guðmundsson.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Aftan við fyrstu málsgrein í 52. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, komi:
Þó getur Alþingi ályktað, fyrir eitt þing í senn, að fresta prentun umræðanna.

(B. LXXXII, 3).

Nd. **820. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir »20« komi:
15.

Nd. **821. Nefndarálit**

um frumvörp til sjerleyfislaga frá meiri og minni hluta fossanefndar á þgskj. 118 og 123 ásamt frv. meiri hluta samvinnunefndar fossamálsins á þgskj. 793.

Frá minni hluta samvinnunefndar fossamálsins.

Jeg undirritaður hefi eigi getað fallist á meðferð samverkamanna minna í samvinnunefndinni á nefndum frumvörpum eða að bera fram frv. það, sem þeir leggja til að samþykt verði og prentað er á þgskj. 793. Veldur þar mestu um, að jeg býst eigi við að sjerleyfi verði falað eða fengið eftir frv., þótt að lögum verði, nema því verði mjög mikið breytt, en færi svo, að lögin yrði ekki notuð, væri öll lagasmíðin unnin fyrir gíg. Jeg sje mjer eigi fært að koma fram með svo víðtækar breytingartill. við frv. þetta, sem jeg tel við þurfa, á þeim örstutta tíma, sem nú er til umráða, og get því ekki mælt fram með því.

Að mínu áliti er frv. mikils til of víðtækt og margbrotið á ýmsum sviðum, en þó miður nákvæmt í öðrum efnum og upp í það tekin ýms ákvæði,

sem ýmist eiga heima í vatnalögum eða reglugerðum. Auk þess tel jeg sum ákvæði frumvarpsins eigi með öllu áhættulaus.

Engin fullnægjandi greinargerð fylgir frv. þessu á þgskj. 793, svo sem frumvörpum fossanefndarinnar á þgskj. 118 og 123, og er því miklum mun erfiðara að átta sig á því.

Samvinnunefndin hefir vegna annríkis og tímaskorts eigi sjeð sjer fært að taka afstöðu til vatnalagafrumvarpa þeirra, sem fyrir hana voru lögð, eða bera þau fram fyrir þingið af nýju, en fyrir þá skuld má segja, að vanti þá eðlilegu undirstöðu undir sjerleyfislög, nema að því leyti sem hún verður fundin í dreifðum, eldri lagaákvæðum um vatnsrjettindi, og þá einkum lögum nr. 55, 22. nóv. 1907. Fyrir þessa skuld verður að marka að nokkru vatnsrjettinn í sjerleyfislögum, sem sett eru á undan vatnalögum, og framar en gert er í frv. á þgskj. 793. Að vísu talar frv. um leyfi til virkjunar án sjerleyfis fyrir þá, sem *heimildir* hafi til vatns, en allsendis er óvíst, hverjar heimildir átt er við, og ella sjest ekki, hvort nokkrar heimildir þarf til að geta fengið sjerleyfi.

Ákvæði frumvarpsins um að skipa ábyrgðarlausan vatnastjóra með því valdi, sem frv. til tekur, tel jeg ekki þörf eða heppileg, og álít að í því efni megi hlíta við bráðabirgðaákvæði um sjerfróðan ráðunaut, sem landsstjórnin taki sjer eftir þörfum. Varla kemur til mála að leyfa nema eina stórvirkjun um nokkurt árabil, og virðist eigi þörf á að stofna dýrt, konunglegt embætti hennar vegna, fyr en þá ef þörf virtist á, er almenn vatnalög verða sett.

Ákvæði frv. um tímalengd sjerleyfis, 55 ár, held jeg sje of þröngt ákvæði og varni því, að um sjerleyfi verði sótt, einkum í sambandi við ákvæðin um sjerleyfisslit (36. gr.) og möguleikann á að lítið verði úr virkjunum, ef ríkið t. d. áformar ekki að nota þau á sama hátt og sjerleyfishafi og vill eigi leysa þau inn nema að litlu leyti. Álít jeg þar hinn kauplausa endurfallsrjett og lengri sjerleyfistíma heppilegri og ríkinu vandaminni.

Ákvæðin um sjerleyfisgjaldið tel jeg einnig að ýmsu leyti athugaverð, ekki síst vegna þess, að möguleiki er til að færa það niður úr lágmarksákvæðinu (50 aur. fyrir h. o.) eftir 25 ár, ef ábyrgðarlaus vatnastjóri leggur það til. Hins vegar tel jeg líka rjett að áskilja hjeruðum þeim, er stóriðjufyrirtækin verða að þola, nokkurn hluta gjaldsins, en ekki að heimta það alt í ríkissjóð, svo sem frv. ráðgerir.

Sjerleyfisdómur sá, er frv. gerir ráð fyrir, finst mjer óþörf eftirlíking landsdóms og eigi tilgangshæf; virðast mjer dómstólar landsins eiga að vera einhlítir um mál þau, sem rísa af sjerleyfisbrotum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir mjög nákvæmu eftirliti með öllum athöfnum sjerleyfishafa, bókfærslu hans og reikningum, og skilst mjer að það geti orðið nærgöngulla en góðu hófi gegnir, ef því yrði framfylgt. Uggir mig því, að það yrði í reyndinni dauður bókstafur, þótt einhver sjerleyfishafi játaði skilyrðinu.

Enn fremur tel jeg ekki rjett að fella úr gildi lög nr. 55, 22. nóv. 1907, eins og lagt er til í frv., nema að því leyti, sem ákvæði þeirra eru tekin upp í frumvarpið.

Jeg tel eigi líklegt, að sett verði að þessu sinni sjerleyfislög, sem lengi standa óbreytt eða mikið verða notuð, síst þegar þau eiga að koma á undan vatnalögum. Þess vegna álít jeg, að þau geti verið einföld og óbrotin. Aðalat-

riðið er að marka með þeim skýrt þær takmarkanir, sem ríkinu er rjett og skylt að gera á eignarumráðum og athafna einstaklinganna, vegna almenningsheilla, og lögfesta varnarákvæði gegn skaðlegum áhrifum af of miklum innflutningi fólks og fjár í landið, sem trygg mega teljast og framkvæmanleg. Þessu tel jeg náð verði með frv. því á þgskj. 123 til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku, sem fyrir nefndinni hefir legið, og leyfi jeg mjer því að ráða háttv. Alþingi til að samþykkja það frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »500« komi:
      1000.
   b. Aftan af greininni falli:
      »Ávalt skal ..... vatnalaganna«.
2. Við 2. gr.
   Aftan við greinina bætist:
   Sjerleyfi veitist að eins þeim, sem eignarumráð hefir á fallvatni.
3. Við 4. gr. 13.
   Úr 2. málsgrein falli:
   »eftir 80. gr. vatnalaganna«.

Alþingi, 13. sept. 1919.

Sveinn Ólafsson.

(B. LV, 2).

Nd. **822. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta, sem fer fram á að gerðar sjeu nokkrar breytingar á bannlögunum, kom fram á öndverðu þingi og var þá vísað til allsherjarnefndar.

Það kom brátt í ljós, þegar farið var að ræða málið í nefndinni, að það voru skiftar skoðanir um það, hvort breytingar á bannlögunum ættu að ganga fram á þessu þingi eða ekki.

Niðurstaðan, sem meiri hluti nefndarinnar komst að í þessu máli, var sú að setjast á málið, sem kallað er, og láta það ekki koma fram í deildina.

Sem af líkum má ráða, þótti mjer, sem var einn af flutningsmönnum frumvarpsins, þessi niðurstaða miður góð.

Frumvarp þetta var borið fram til að bæta úr ýmsum af göllum þeim, sem reynst hafa á bannlögunum og komið hafa í ljós hin síðari árin.

Á þinginu 1917 var bannlögunum að vísu breytt nokkuð, hækkuð sektarákvæði o. fl.

Það er hvorttveggja, að þær breytingar, sem þá var farið fram á að gerðar væru á bannlögunum, náðu ekki allar fram að ganga, og svo hitt, að reynslan síðan hefir sýnt, að nýrra umbóta er þörf á lögunum í nokkrum atriðum.

Það dugir ekki að kveinka sjer neitt við það, þó oft þurfi að breyta lögunum; það er sjálfsagt að sníða agnúana af jafnóðum og þeir koma í ljós og láta í engu undan síga í þessu mikla velferðarmáli þjóðarinnar.

Alþingi, 12. sept. 1919.

Pjetur Ottesen.

(A. I, 77).

Ed. **823. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

Við 16. gr. 34.

Á eftir þeim tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til aðgerðar og endurbyggingar bryggju á Blönduósi 6000—..... þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar.

(C. XXXI, 3).

Nd. **824. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðsu í bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Í stað orðanna »á komandi vori« komi:
um leið og næstu kosningar til Alþingis.

(A. XXVI, 40).

Nd. **825. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Gísla Sveinssyni, Einari Arnórssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Pjetri Jónssyni, Stefáni Stefánssyni, Birni R. Stefánssyni. Pjetri Þórðarsyni, Benedikt Sveinssyni, Sigurði Stefánssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Þorleifi Jónssyni, Magnúsi Guðmundssyni, Birni Kristjánssyni, Einari Árnasyni.

1. Við 9. gr.:
   Á eftir henni komi ný (10.) grein, svo látandi:
   Forsetar Alþingis skipa skrifstofustjóra Alþingis í sameiningu. Skal hann hafa að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 krónur.

2. Við 34. gr.:
   Milli orðanna: »laun sóknarpresta« og »og öll önnur lagaákvæði« komi:
   Lög um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915, 11. gr. 2. málsgr. 1. málsl.

(B. IX, 13).

Nd. **826. Frumvarp**

til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að því leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þingýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, og skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinn-

ar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignast þar greind rjettindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. XV, 3).

Nd. **827. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hluti Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Hjerað þetta nær yfir Kolbeinsstaðahrepp, Eyjahrepp, Miklaholtshrepp og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að Miklaholtshreppur sje undanskilinn, og á Ólafsvíkurhjeraði, að Staðarsveit sje undanskilin.

(B. XXIII, 3).

Nd. **828. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Mosfellshreppur skulu vera eitt læknishjerað, sem nefnist Kjalarneshjerað, með læknisaðsetri á Kjalarnesi.

(B. LXXVIII, 4).

Nd. **829. Frumvarp**

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXVI, 3).

Nd. **830. Lög**

um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. sept.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hjer á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

(B. XXVIII, 14).

Ed. **831. Lög**

um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

(Afgreidd frá Ed. 15. sept.).

1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

2. gr.

Fyrir hvert tvípund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tvípund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tolllögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð sú, er um ræðir í lögum þessum.

(B. VII, 7).

Ed. **832. Lög**

um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 15. sept.).

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

(B. LXXXII, 4).

Nd. **833. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af kolum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir, skal greiða 15 kr. gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

(B. LXXXII, 5).

Nd. **834. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Frá Einari Arnórssyni.

Við 1. gr.: Fyrir »15 kr.« komi:
10 kr.

(B. LXVII, 7).

Nd. **835. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

(A. XXVI, 41).

Nd. 836. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

Við 33. gr.: Aftan við 2. málsgr. komi nýr málsl., svo látandi:

Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót dómenda í hæstarjetti mega nema 10500 krónum.

(D. II, 1.)

Nd. 837. **Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um áfrýjun mála út af brotum á lögum um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Pjetri Ottesen og Einari Arnórssyni.

Hefir stjórnin áfrýjað dómi yfirrjettar í málunum: Valdstjórnin gegn Magnúsi Th. S. Blöndahl (dómur upp kveðinn 5. maí þ. á.) og Valdstjórnin gegn Hallgrími T. Hallgríms (dómur upp kveðinn 24. mars þ. á.), og ef svo er ekki, þá hvers vegna?

(A. XXVI, 42).

Nd. 838. **Breytingartillaga**

um frumvarp til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson.

Við 12. grein.

Á eftir »Fljótsdals« komi:

Hróarstungu,

en falli niður á eftir »Norðfjarðar«.

(C. XXXV, 1).

Nd. **839. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn skattamála.

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson, Magnús Pjetursson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen, Þorleifur Jónsson, Pjetur Þórðarson, Einar Árnason, Matthías Ólafsson, Benedikt Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, hvernig skattamálum ríkisins skuli best fyrir komið, og heimilar henni til þess nauðsynlegt fje úr ríkissjóði.

(C. XXV, 3).

Ed. 840. **Þingsályktun**

um Þingvöll.

(Afgreidd frá Ed. 15. sept.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár norður á móts við Armannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

(C. XXIX, 3).

Ed. **841. Þingsályktun**

um stækkun á landhelgissvæðinu.

(Afgreidd frá Ed. 15. sept.).

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að gera tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en sjerstaklega þó, að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði og helstu bátamið.

(B. LXXI, 5).

Ed. **842. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um húsagerð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og getur fallist á aðalstefnu þess, að rjett sje að gera nú þegar gangskör að því að koma upp nokkrum opinberum byggingum, er landið þarfnast svo mjög. Hitt, hversu langt skuli gengið í þessu efni og hvar þörfin er brýnust, kynni fremur að geta valdið ágreiningi, því nálega á öllum sviðum er húsaskorturinn mjög tilfinnanlegur. Fimm ára kyrstaða, að því er snertir byggingaframkvæmdir, hefir valdið því, að stækkun og aðrar nauðsynlegar umbætur á sjúkrahúsum landsins hafa ekki orðið framkvæmdar, og mun nú flestum ljóst, að við svo búið megi eigi lengur standa. Sama má segja um skólana, að þeir, sem til eru, þarfnast mjög umbóta, að því er húsrúm snertir, og aðrir, sem löggjafarvaldið hefir ákveðið að stofna, geta ekki tekið til starfa vegna húsaskorts. Enn fremur má geta þess, að ýmsar stofnanir og skrifstofur, sem að rjettu lagi ættu að standa undir daglegu eftirliti stjórnarráðsins, mega heita húsnæðislausar; þeim er kjálkað niður víðs vegar út um bæinn. Þær hafa, að minsta kosti sumar, ilt og ónóg húsrúm, og munu flestar eiga við afardýr og ótrygg leigukjör að búa og geta átt á hættu, að þeim verði bygt út, eða þær bornar út með litlum fyrirvara. Þetta ástand getur varla talist sæmilegt þeim stofnunum, sem ríkinu ber að annast, og verður því eigi til lengdar komist hjá að ráða bót á þessu. En þótt nefndin viðurkenni byggingarþörfina, getur hún ekki í alla staði fallist á frumvarpið eins og það liggur fyrir, og skal hjer stuttlega gerð grein fyrir, hverjar breytingar hún telur heppilegar.

1. Eiðaskólinn mun eiga hús, sem ráðgert er að notað verði bæði til skólahalds og íbúðar næsta vetur. Það hús ætti að mega nota til íbúðar framvegis, og getur því varla komið til mála, að þar verði nú bygt annað en skólahús.

Telur nefndin því rjett að breyta orðalaginu á 4. tölulið þannig, að ekki sje um að villast hvað þar sje átt við.

2. Íbúðarhús á Hvanneyri telur nefndin óþarft að taka upp í þetta frumvarp, vegna þess, að því máli er áður til lykta ráðið og fje til þeirrar byggingar þegar veitt í þessa árs fjáraukalögum, enda mun undirbúningur þess þegar hafinn og verkið að líkindum eitthvað á veg komið.

3. Húsmæðraskóla á Norðurlandi leyfir nefndin sjer að taka upp í frumvarpið, og mun það varla geta valdið ágreiningi, þar eð hann er áður í lög tekinn, og rjettur kvenna til slíkrar mentastofnunar óumþráttanlegur og alment viðurkendur.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. grein. Í stað töluliðanna 1.—4. komi:

1. Landsspítala.
2. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
3. Skólahús á Eiðum.
4. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

Alþingi, 15. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson, form. Eggert Pálsson, fundaskrifari. M. J. Kristjánsson, ritari.

Hjörtur Snorrason. Karl Einarsson.

(B. LXXXV, 2).

Nd. **843. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 5. gr. Í stað orðanna: »nema hann mæli með« komi: nema að fengnu áliti hans.
2. — 7. gr. Í stað orðanna: »ef vatnastjóri mælir með því« komi: að fengnu áliti vatnastjóra.
3. — 8. gr. Orðin í síðari málsgrein: »Fyrir og eftir nýjar kosningar« og til enda falli burtu.

4. Við 12. gr. Í stað: »fimmtíu og fimm árum« komi:
sextíu og fimm árum.

5. — 13. gr. Í stað »25« í *annari* og *fjórðu* málsgrein komi:
30.

6. — 15. gr. Í stað orðanna í *fjórðu* málsgrein: »ef vatnastjóri . . . . . og mælir með því« komi:
að fengnu áliti vatnastjóra.

7. — 17. gr. Í stað orðanna í *þriðju* málsgrein: »ef vatnastjóri mælir með því« komi:
að fengnu leyfi vatnastjóra.

8. — 17. gr. Í stað: »4« í *fjórða* lið komi:
6.

9. — 27. gr. Fyrri málsgreinin orðist þannig:

Hlutabrjef eða önnur eignarskírteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 38. gr., eða Landsbanka Íslands. Heimilt er þó landsstjórninni að veita leyfi til að selja og veðsetja þau öðrum, ef ríkar ástæður mæla með því. Frjálst er einnig að eignast slík hlutabrjef eða eignarskírteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 34. gr. Sama gildir og, ef hluthafi eða eigandi skírteina missir rjett til sjerleyfis samkvæmt 3. gr. og 38. gr.

Fjelagið skal skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang.

10. — 28. gr. Í stað orðanna: »ef vatnastjóri mælir með því« komi:
með ráði vatnastjóra.

11. — 29. gr. Í stað orðanna í enda *annarar* málsgreinar: »enda mæli vatnastjóri með því, að leyfið sje veitt« komi:
Áður en framsalsleyfi er veitt, skal leita álits vatnastjóra um málið.

12. — 32. gr. Í stað orðanna: »hverja hestorku, sem heimiluð er til afnota samkvæmt sjerleyfinu« komi:
hverja hagnýta hestorku, samkvæmt 13. gr.

13. — 35. gr. a. Fyrir orðið: »stórum« í fyrstu línu komi:
svo miklu nemi.
b. Í stað: »ef vatnastjóri leggur það til« komi:
að fengnu áliti vatnastjóra.
c. Fyrir »20« komi:
25.

14. — 37. gr. Síðari málsliður *fjórðu* málsgreinar: »Er sjerleyfishafa . . . . . afdráttarlaust« falli niður.

15. — 39. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði 2. gr. í lögum nr. 55, 22. nóv. 1907, að því er snertir rjett til að hagnýta fossa eða vatnsorku, svo og önnur ákvæði í 1. kafla nefndra laga, er koma í bága við lög þessi.

(A. V, 27).

Ed. **844. Frumvarp**

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða, eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið, meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin, eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur samþykt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórðahvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema

hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, énda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára að aldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinn lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum

um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál

í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninn samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(B. XX, 3).

Nd. 845. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

Við 1. gr. Í stað: »með 2000 kr. ..... hefir hann« komi:
og er launaður úr ríkissjóði. Hann hefir.

(A. I, 76).

Ed. **846. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. B. 6. (Skrifstofukostnaður hagstofu).
Í staðinn fyrir »2500—3500« komi:
3300—4300.
2. — 11. — A. 2. a. (Laun á skrifstofu bæjarfóg. í Rvík).
Í staðinn fyrir »8400—8400« komi:
9000—9000.
3. — 11. — A. 3. a. (Laun á skrifstofu lögreglustj. í Rvík).
Í staðinn fyrir »8300—8300« komi:
8600—8600.
4. — 11. — A. 3. a. (Sami liður).
Á eftir þeim lið komi svo hljóðandi athugasemd:
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.
5. — 12. — 2. (Skrifstofukostn. landlæknis).
Á eftir »landlækni« komi:
eftir reikningi.
6. — 12. — 6. (Styrkur til Kjósarhrepps).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis 200—200—400.
7. — 12. — 13. a. (Styrkur til augnlæknis).
Í staðinn fyrir »3000—3000—6000« komi:
2500—2500—5000.
8. — 12. — 19. 1. (Holdsveikraspítali, laun).
Í staðinn fyrir »8000—8000« komi:
9500—9500.
9. — 12. — 20. B. 1. (Kleppsspítali, starfsmenn).
Í staðinn fyrir »6060—6060« komi:
6860—6860.
10. — 12. — 21. C. 1. (Vífilsstaðahæli, starfsmenn).
Í staðinn fyrir »15000—15000« komi:
16000—16000.
11. — 12. — 23. (Gudmanns Minde).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði... 2500—.....
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni fjárhæð komi annarsstaðar frá.
12. — 13. — A. 3. a. (Skrifstofukostn. póstmeistara).
Í staðinn fyrir »15000—15000« komi:
5000—5000.

13. Við 13. gr. B. I. 2. (Aðstoðarm. vegamálastjóra).
Orðið »verkfróðra« falli burt.

14. — 13. — B. I. 3. (Skrifstofukostn. vegamálastj.).
Í staðinn fyrir »4000—4000« komi:
4800—4800.

15. — 13. — B. II. 1. (Húnvetningabraut).
Í staðinn fyrir »10000— .....« komi:
10000—8000.

16. — 13. — D. III. e. (Búðardalssími).
Á eftir liðnum komi svo hljóðandi athugasemd:
Símalínurnar undir staflið c.—e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.

17. — 13. — D. IV. 17. (Eftirlits- og talsímastöðvar).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að ... ... 49000—49000

18. — 13. — E. I. 3. (Skrifstofukostn. vitamálastj.).
Í staðinn fyrir »2500—2500« komi:
3000—3000.

19. — 13. — E. II. (Laun vitavarða).
Liðurinn hljóði svo:
1. Laun vitavarða eftir launalögum áætluð ... ... 5000—5000
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum ... ... 9100—10550 14100—15550

20. — 14. — A. a. 2. (Skrifstofukostn. biskups).
Á eftir »skrifstofukostnaður« komi:
eftir reikningi.

21. — 14. — A. b. 4. (Jónmundur Halldórsson).
Í staðinn fyrir orðin í athugasemdinni »Veitingin er bundin« komi:
Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar.

22. — 14. — A. b. 7. (Ársskýrsla ísl. þjóðkirkju).
Á eftir þeim komi nýr liður, svo hljóðandi:
Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus ... 1200—1200
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla- Árness- Kjalarness- og Mýraprófastsdæmis, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.

23. — 14. — B. I. h. 1. (Háskólaritari).
Í staðinn fyrir »laun ritara 800—800« komi:
1. a. Laun ritara 800—800.
b. Dýrtíðaruppbót 500—500.

24. — 14. — B. I. h. 2. (Háskóladyravörður).
Í staðinn fyrir »Laun dyravarðar, auk hlunninda, er hann hefir áður notið, 1600—1600« komi:

2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið, 1600—1600.
b. Dýrtíðaruppbót 1000—1000.

25. Við 14. gr. B. II. 11. (Mentaskólinn, kenslubækur).
Í staðinn fyrir »alt að 45 kr. fyrir örkina« komi:
alt að 80 kr. fyrir örkina.

26. — 14. — B. III. b. 1. (Gagnfræðaskólinn á Akureyri, aukakennarar).
Í staðinn fyrir »Til aukakennara þriggja 2400—2400« komi:
1. a. Til aukakennara þriggja 2400—2400.
b. Dýrtíðaruppbót 1600—1600.

27. — 14. — B. III. b. 6. (Sami skóli, dyravarsla).
Í staðinn fyrir »Til dyravörslu 600—600« komi:
6. a. Til dyravörslu 600—600.
b. Dýrtíðaruppbót 400—400.

28. — 14. — B. V. b. 1. (Stýrimannaskóli, timakensla).
Í staðinn fyrir »6000—6000« komi:
8600—8600.

29. — 14. — B. VII. 1. b. (Aðstoðarkennari á Hólum).
Í staðinn fyrir »Til aðstoðarkennara 1000—1000« komi:
b. 1. Til aðstoðarkennara 1000—1000.
2. Dýrtíðaruppbót 600—600.

30. — 14. — B. VII. 2. b. (Aðstoðarkensla á Hvanneyri).
Í staðinn fyrir »Til aðstoðarkenslu 1000—1000« komi:
b. 1. Til aðstoðarkenslu 1000—1000.
2. Dýrtíðaruppbót 600—600.

31. — 14. — B. VII. 3. b. (Aðstoðarkensla á Eiðum).
Í staðinn fyrir »800—800« komi:
2000—2000.

32. — 14. — B. IX. b. (Samvinnuverslunarskóli).
Athugasemdin þar á eftir falli burt.

33. — 14. — B. XIII. a. (Unglingaskólar).
Í staðinn fyrir orðin í athugasemdinni »Hvítárbakkaskólanum 4000 kr« komi:
Hvítárbakkaskólanum 4500 kr.

34. — 15. — 1. d. (Landsbókasafn, skrásetjari).
Í staðinn fyrir »Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400—2400« komi:
d. 1. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400—2400.
2. Dýrtíðaruppbót 1600—1600.

35. — 15. — 1. e. (Landsbókasafn, aðstoð á lestrarsal).
Í staðinn fyrir »Til aðstoðar á lestrarsal 1000—1000« komi:
e. 1. Til aðstoðar á lestrarsal 1000—1000.
2. Dýrtíðaruppbót ... ... 700— 700.

36. Við 15. gr. 12. (Fornbrjefasafnið).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Utanfararstyrkur til þjóðskjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu íslensks fornbrjefasafns ... ... 5000—.....

37. — 15. — 13. (Alþingisbækurnar fornu).
Í staðinn fyrir »1000—1000« komi:
2000—2000.

38. — 15. — 20. a. (Skáld og listamenn).
Í staðinn fyrir »22000—22000« komi:
18000—18000.

39. — 15. — 21. (Sigfús organisti).
Í staðinn fyrir »Til Sigfúsar Einarssonar — hjer á landi 1100—1100« komi:
21. a. Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi ... ... 1100—1100
b. Dýrtíðaruppbót ... ... 700— 700
——— 1800—1800

40. — 15. — 22. (Íslenska orðabókin).
Liðurinn orðist svo:
Til undirbúnings íslenskrar orðabókar.
a) Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum ... ... 4800—4800
b) Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli í sama tilgangi ... ... 1200—1200 6000—6000

41. — 15. — 26. (Hannes Þorsteinsson).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til sama, utanfararstyrkur til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega áhrærandi æfisögur lærðra manna íslenskra síðan um siðaskiftin ... ...—5000

42. — 15. — 29. (Helgi Pjeturss).
Í staðinn fyrir »2500—2500« komi:
4000—2500.

43. — 15. — 37. (Páll Eggert).
Í staðinn fyrir »800—800« komi:
1800—1800.

44. — 15. — 48. (Íþróttasamband Íslands).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Til sama, til að senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Antwerpen 1920 ... ... 12000—.....

45. Við 15. gr. 50. (Guðmundur Marteinsson).
Á eftir þeim lið komi tveir liðir, svo hljóðandi:
a. Til Trausta Ólafssonar, til að ljúka efnafræðinámi ... ... 2000—.....
b. Til Helga H. Eiríkssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði ... ... 700—.....

46. — 15. — 55. (Sigurður frá Hofdölum).
Í staðinn fyrir »frá Hofdölum« komi:
til náms í húsagerðarlist.

47. — 16. — 8. (Skógrækt).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til framhalds landmælinga... ... ... 30000—30000

48. — 16. — 12. a. (Efnarannsóknarstofan, laun).
Í staðinn fyrir »500 kr. á ári« í athugasemdinni komi:
1000 kr. á ári.

49. — 16. — 13. (Leiðbeiningar við opinberar byggingar).
Liðurinn falli burt.

50. — 16. — 14. (Skoðun húsa á prestssetrum).
Liðurinn falli burt.

51. — 16. — 16. (Raforkuleiðbeiningar).
Liðurinn falli burt.

52. — 16. — 24. (Heimilisiðnaður).
Á eftir orðinu »framkvæmdarstjóri« í athugasemdinni komi:
Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Björnsdóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.

53. — 16. — 35. (Brimbrjótur Bolvíkinga).
Liðurinn falli burt.

54. — 16. — 38. (Stykkishólmsbryggja).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Einars Magnússonar í Vestmannaeyjum, til að fullgera bát til uppskipunar í brimi við sandana á suðurströnd landsins ... ...—5000
Styrkurinn borgist ekki út fyr en full reynsla þykir vera fengin fyrir því, að báturinn komi að tilætluðum notum.

55. — 16. — 40. (Kópaskersvogur, bryggja).
Á eftir þeim lið komi þessir liðir:
a. Til Sigurðar Jónssonar frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni... ... ... 500—.....
b. Til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, í viðurkenningarskyni.. ... ... 200—.....
c. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni 2000—.....
d. Til Þórunnar Gísladóttur fyrverandi ljósmóður, í viðurkenningarskyni ... ... 500—.....

e. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl. ... ... 1000—.....

56. Við 18. gr. II. b. 3. (Ólíva Guðmundsson).
Í staðinn fyrir »350—350« komi:
175—175.

57. — 18. — II. d. 14. (Sigrún Kjartansdóttir).
Í staðinn fyrir »300—300« komi:
100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð, 400—400.

58. — 18. — II. d. 15. (Hlíf Bogadóttir).
a. Í staðinn fyrir »150« komi:
100.
b. Í staðinn fyrir »1050—1050« komi:
700—700.

59. — 18. — II. d. 16. (Þórunn Stefánsdóttir).
Í staðinn fyrir »800—800« komi:
400—400.

60. — 18. — II. e. 8. (Elín Briem).
Í staðinn fyrir »600—600« komi:
300—300.

61. — 18. — II. e. 10. (Börn Gyðu Þorvaldsdóttur).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til præp. hon. Janusar Jónssonar 320—320.

62. — 18. — II. e. 11. (Pjetur Guðmundsson).
Í staðinn fyrir »1000—1000« komi:
500—500.

63. — 18. — II. f. 2. (Bjarni Ketilsson).
Í staðinn fyrir »Bjarna Ketilssonar« komi:
Guðmundar Kristjánssonr.

64. — 18. — II. f. 9. (Friðrik Möller).
Í staðinn fyrir »1800—1800« komi:
1200—1200.

65. — 18. — II. g. 4. (Valdimar Briem).
Í staðinn fyrir »1500—1500« komi:
1200—1200.

66. — 18. — II. g. 5. (Ólöf frá Hlöðum).
Í staðinn fyrir »500—500« komi:
300—300.

67. — 18. — II. g. 6. (Anna Thorlacius).
Í staðinn fyrir »600—600« komi:
300—300.

68. — 18. — II. h. 4. (Arnbjörg Einarsdóttir).
a. Í staðinn fyrir »150 kr. á ári« komi:
100 kr. á ári.
b. Í staðinn fyrir »900—900« komi:
700—700.

69. Við 18. gr. II. h. 5. (Ingeborg Sigurjónsson).
Í staðinn fyrir »1000—1000« komi:
500—500.

70. — 18. — II. h. 9. (Valgerður Arnljótsdóttir).
Í staðinn fyrir »500—500« komi:
300—300.

71. — 18. — II. i 6. (Sigurður frá Lambhaga).
Liðurinn falli burt.

72. — 18. — II. i. 7. (Bríet).
Liðurinn falli burt.

73. — 18. — II. i. 8. (Þorvarður Bergþórsson).
Liðurinn falli burt.

74. — 18. — II.
Á eftir liðnum komi svohljóðandi athugasemd:
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.

75. — 20. —
Gjöldin samkvæmt 7.—19. gr. breytast eftir því, sem atkvæðagreiðslan fellur.

76. — 22. —
Fjórar fyrstu málsgreinarnar falli burt.

77. — 22. —
Á eftir henni komi ný grein, er verður 23. gr., svo hljóðandi:
Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða fyrv. bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. og Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, sem og uppbót á þær fjárhæðir, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

78. Á eftir þeirri grein komi ný grein, er verður 24. gr., og innihaldi 1. og 2. málsgrein núverandi 22. gr.

(A. XXVI, 43).

Nd. **847. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Sveini Ólafssyni og Pjetri Ottesen.

Við 33. gr.

a. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, svo og þeir, er að lögum njóta eftirlauna og biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

b. Í staðinn fyrir »í Reykjavík« tvisvar í greininni komi:
í fjórum aðalkaupstöðum landsins.
c. Í staðinn fyrir »fá ²/₃ launauppbótar« í niðurlagi greinarinnar komi:
fá hálfa launauppbót.

(B. LXXVII, 3).

Ed. 848. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsm.: Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson, H. Steinsson og Hjörtur Snorrason

1. Í staðinn fyrir 1. gr. komi:
Alþingismenn hafa 8. kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur. Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, fá 2 kr. aukaþóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.
2. Við 5. gr.: Í staðinn fyrir: »1. jan. 1920. Þó skal — — núverandi kaupi« komi:
frá 1. júlí 1919.

(A. XL, 11).

Ed. 849. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá launamálanefnd.

1. Við 4. gr. Orðin: »og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá auglýsa . . . . . þegar sá frestur er útrunninn« falli burt.
2. — 13. gr. a. Á eftir orðinu: »dýrtíðaruppbótar« í fyrsta málslið komi:
úr ríkissjóði.
b. Síðasti málsliðurinn falli burt.

(B. LXXVII, 4).

Ed. **850. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá launamálanefnd.

Við 5. gr.
Aftan við greinina bætist:
og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

(A. XXVI, 44).

Nd. 851. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

Við 7. gr. Greinin falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

(B. LXXV, 6).

Ed. 852. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá launamálanefnd.

Við 1. gr. Fyrir: »að tveim þriðju« í 2. málsgrein komi:
að hálfu.

(A. V, 28).

Ed. 853. **Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson og H. Steinsson.

1. Við 18. gr. Í stað orðanna »ár hvert« komi:
annaðhvert ár.
2. — 31. gr. Fyrir »ár hvert« komi:
annaðhvert ár.
3. — 38. gr. Fyrir »fjárhagsár« komi:
fjárhagstímabil.

(B. LXXIV, 9).

Ed. **854. Lög**

um landhelgisvörn.

(Afgreidd frá Ed. 16. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXVI, 45).

Nd. 855. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við 12. gr.

Í annari málsgrein, 4. línu, falli burtu »Hornafjarðar«, en milli »Síðu« og »Berufjarðar« komi:

Hornafjarðar.

(B, LX, 10).

Ed. **856. Frumvarp**

til laga um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greið-

ist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í

10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

(A. XXVII, 9).

Ed. **857. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skilt í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í

hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur

skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætið vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn

sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Viljí maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(B. LXI, 8).

Ed. **858. Frumvarp**

til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurforðafjelög.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skal tekið fram um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þá er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

(A. I, 79). **13. gr. E. III.**

Ed. **859. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 13. gr. E. III. (Rekstrarkostnaður vitanna).
Í staðinn fyrir »27000—30000« komi:
28200—31200.

(A. I, 80). **Brtt. 846, 22, 40, 55.**

Ed. **860. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (þgskj. 846).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 22. brtt. Á eftir »Kjalarness-« komi:
Borgarfjarðar.

2. — 40. — Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Hvorttveggja safnið sje eign landsins.

3. — 55. — b. Í staðinn fyrir »200—.....« komi:
2000—.....

(B. LXXXV, 3).

Nd. **861. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Flutningsm.: Björn R. Stefánsson.

1. Við 4. gr. 6.
Orðin »Stutt en« framan af liðnum falli burt.

2. Við 8. gr.
Úr fyrri málsgrein á eftir »10000« falli burt orðin »og alt að fullum 50000«.

3. Við 8. gr.
Síðari málsgrein orðist svo:
Þegar Alþingi hefir veitt sjerleyfi til orkuvinslu — eitt eða fleiri — sem samtals nema 120000 eðlishestorkum, veitast ekki frekari sjerleyfi til orkuvinslu, nema Alþingi samþykki það tvisvar, fyrir og eftir nýjar kosningar, án þess þó að þing skuli rofið þess vegna.

4. Við 10. gr. 12.
Aftan af liðnum falli »og að hann skuli ..... eftirliti«.

5. Við 13. gr.
Á eftir 6. lið komi nýr liður, sem verður 7. liður, svo hljóðandi:
Í staðinn fyrir sjerleyfisgjald það, sem um ræðir í 1.—6. lið, má áskilja, að sjerleyfishafi leggi járnbrautir á sinn kostnað, sem jafnóðum, eftir því, sem nánar verður ákveðið, skulu afhendast ríkinu til eignar og umráða, en sjerleyfishafi skal hafa rjett til að fá með þeim flutning til sinna þarfa með samskonar kjörum, sem hann verður skyldaður að láta orku í tje til ríkisins samkv. 11. gr. 5.
6. Við 21. gr.
Annar töluliður falli burt.
7. Við 23. gr.
Önnur málsgrein orðist svo:
Landsstjórnini skal heimilt, er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin og fá honum umboð til þess. Skal sá kunnáttumaður hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum og öllum rekstri þeirra, svo og að öllum bókum, uppdráttum, skýrslum og reikningum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu. Skal honum heimilt að framkvæma hverskonar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Að því loknu er sjerleyfishafa skylt að hlíta úrskurði landsstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti.
8. Við 24. gr.
Greinin falli burt.
Greinatalan breytist eftir því.
9. Við Ákvæði um stundarsakir.
Ákvæðið orðist svo:
Fyrst um sinn, þangað til Alþingi hefir veitt sjerleyfi til að virkja 50000 hestorkur, gegnir vegamálastjóri landsins störfum þeim, sem í lögum þessum eru falin vatnastjóra.

(B. IX, 14).

Nd. 862. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna (þingskj. 826).

Frá allsherjarnefnd.

Ed. hefir gert þær einar efnisbreytingar á frv. þessu:
1. *að* uppsagnarfyrirvari 1. gr. 2. málsgr. er lengdur úr ½ ári í 1 ár, og
2. *að* námurjettindi og vatnsnot einvörðungu í þágu námurekstrar eru ekki

undanþegin ákvæðum frv., heldur er ráðherra veitt *heimild* til að undanþiggja þessi rjettindi fyrirmælum frv.

Nefndin telur ekki rjett að breyta frv. og hrekja málið þess vegna milli deilda, og leggur því til, að Nd. samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 16. sept. 1919.

Einar Arnórsson, form., framsögum. Magnús Guðmundsson, skrifari. Pjetur Ottesen.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

(A. I, 81). 15. gr. 22.

Ed. **863. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 15. gr. 22.

Fyrir »6000—6000« komi:
9000—9000.

(A. I, 82). 18. gr. II. d. 16.

Ed. **864. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 18. gr. II. d. 16.

Á eftir töluliðnum komi nýr liður (ekkja síra Árna Þorsteinssonar).
17. Til Ingibjargar Sigurðardóttur ... ... 300—300

(A. I, 78).

Ed. **865. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Því verður vart neitað, að tími sá, sem oss er ljeður til þess að athuga frumvarp þetta, eins og háttv. Nd. hefir frá því gengið, sje mjög af skornum skamti, ef taka ætti tillit til fram kominnar áskorunar frá nokkrum þingmönnum, og þar á meðal fjórum fjárveitinganefndarmönnum neðri deildar, til forseta þingsins, um að þeir stuðli að því, að þingi verði slitið ekki seinna en á laugardag 20. þ. m.

Að sönnu lýsir sjer í þessari áskorun góðra gjalda verður áhugi á því að hraða þingstörfunum sem mest má verða. En óneitanlega hefði sá áhugi verið meira virði, ef segja mætti, að hann hefði að sama skapi komið fram í verkinu hjá þeim hinum sömu, sem aðallega standa að áskorun þessari. En um það geta sennilega orðið, eins og flest annað, nokkuð skiftar skoðanir.

Frumvarp þetta var, eins og lög gera ráð fyrir, lagt fyrir neðri deild í byrjun þings og afgreitt þaðan 8. þ. m., svo að sú háttv. deild hefir þannig haft það til meðferðar nokkuð á þriðja mánuð. — Á dagskrá efri deildar kom frumvarpið aftur á móti ekki fyr en 10. þ. m., og var þá í raun og veru til vor vísað til athugunar. En þar sem áðurnefnd áskorun til forsetanna er út gefin einmitt þann hinn sama dag, þá þykir oss þar í kenna ekki fullrar sanngirni gagnvart oss og efri deild yfir höfuð. Því að vitanlega verður þingi ekki slitið fyr en það hefir formlega lokið af fjárlögum, en það virðist á hinn bóginn ekki of mikið heimtandi, þótt efri deild — sem teljast verður jafnrjetthá neðri deild — hefði fjárlagafrumvarpið nokkru fleiri daga undir höndum en neðri deild vikur.

Að vísu skal það játað, að aðstaða fjárveitinganefndar efri deildar til að taka á móti fjárlagafrumvarpinu, þegar þar að kemur, er að mörgu leyti betri en aðstaða fjárveitinganefndar neðri deildar í byrjuninni gagnvart því. Fjárveitinganefnd efri deildar getur með því að fá skjölin jafnóðum að láni hjá fjárveitinganefnd neðri deildar — og á því hefir að þessu sinni engin fyrirstaða verið frá hálfu hinnar háttv. »systurnefndar« — kynt sjer þau fyrirfram, enda höfum vjer beitt þeirri aðferð í störfum vorum og varið til þess meginþorra þeirra 46 funda, sem vjer höfum haldið og staðið hafa flestir fast að 2 tímum hver. Hins vegar hafa oss ekki að jafnmiklum notum komið, sem háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar virðist gera ráð fyrir, tilkynningar um aðgerðir hennar á 17 fundum alls, með því að oss var það þá að einu leyti sjaldnast ljóst, á hverjum rökum þær samþyktir, sem gerðar höfðu verið, bygðust, og töldum að hinu leytinu við búið, að þær kynnu að verða aftur síðar fyrir breytingum, annaðhvort af völdum sjálfrar nefndarinnar eða þingdeildarinnar. Vjer fundum oss þar fyrir til neydda að láta endanlegar ákvarðanir um flesta hina einstöku liði fjárlagafrumvarpsins, sem og málefni þau önnur, er fyrir lágu, bíða þar til sýnt var nokkurn veginn, í hverjum búningi frumvarpið mundi til vor koma. Rjeðum vjer það þá af að gera

engar stórvægilegar eða verulegar stefnumunarbreytingar á frumvarpinu, bæði af því, að vjer fundum eigi hjá oss neina sterka tilhneigingu til þess, og vildum á hina hliðina ekki heldur eiga það á hættu, að frumvarpið þyrfti fyrir þeirra hluta sakir að hrekjast milli deilda, og þingtíminn þar af leiðandi að framlengjast svo að segja von úr viti. En þótt vjer teljum, að ekki kenni neins sjerstaks eða verulegs stefnumunar í tillögum vorum og frumvarpinu, eins og háttv. neðri deild hefir frá því gengið, þá höfum vjer þó fundið oss til knúða að gera á því býsna margar breytingar, sem fela í sjer nokkra viðauka, fáeinar úrfellingar, en þó aðallega lagfæringar. Og má það öllum, sem yfir þær breytingartillögur líta, auðsætt vera, að þær muni hafa kostað oss ærið erfiði á ekki lengri tíma en vjer höfum haft yfir að ráða, sjerstaklega þegar þess er gætt, að vjer höfum á þeim tíma orðið að veita ýmsum nýjum erindum móttöku, gefa áheyrn mörgum manni, bæði utan þings og innan, auk þess sem vjer, eins og aðrir þingmenn, höfum á sama tíma verið ýmsum öðrum önnum hlaðnir.

Þessar breytingar, sem vjer leggjum til að gerðar sjeu á frumvarpinu, skýra sig nú, að vorri hyggju, flestar að mestu leyti sjálfar, enda þótt vjer finnum oss skylt að fara um þær helstu þeirra nokkrum orðum, og þá eðlilega í þeirri röð, sem þær liggja fyrir, og lagar sig eftir greinatölu frumvarpsins.

10. gr.

Á þessari grein leggjum vjer til að gerð sje ein breyting, er felur í sjer hækkun á skrifstofukostnaði hagstofunnar, 800 kr. á ári, með það fyrir augum, að hægt sje að veita launaviðbót skrifara hagstofunnar. Og er þetta í samræmi við tillögur vorar um dýrtíðaruppbót handa hinum ýmsu föstu starfsmönnum landsins, sem ekki taka laun samkvæmt væntanlegum launalögum.

11. gr.

Vjer leggjum til, að hækkaður sje skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík — liðurinn a (laun) — með því að engin tiltök eru á því, samkvæmt frásögn bæjarfógetans sjálfs, að halda starfsfólki skrifstofunnar með verri kjörum en samskonar starfsfólki stjórnarráðsins eru ætluð í væntanlegum launalögum, bæði að því er snertir sjálf launin og dýrtíðaruppbótina. Alveg sama máli er að gegna um fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík og starfsfólk þeirrar skrifstofu yfir höfuð. Í samræmi við þetta er og athugasemd sú, er við leggjum til að bætt sje inn. Þess skal getið, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefir farið fram á það, að fje væri veitt til þess að launa 4 tollvörðum í Reykjavík. Þó að þetta hafi ekki verið tekið til greina, og fje sje að eins veitt til launa 3 tollvörðum, þá ætlast þó nefndin til þess, að stjórnarráðið, í samráði við lögreglustjórann, bæti við 4. tollverðinum, ef þörf krefur, og leiti síðar aukafjárveitingar fyrir því, ef til kemur. Tollar landsins hafa verið og eru svo hækkaðir á þessu þingi, að ekki ætti að láta bresta á sæmilega tollgæslu, sjerstaklega hjer, þar sem þeirra er mestra að vænta.

12. gr.

Vjer leggjum til að veita Þingvallahreppsbúum 200 kr. á ári, til þess að vitja læknis. Með þessu mælir ekki einungis það, að mjög er erfitt að sækja lækni úr þessari afskektu sveit og að Alþingi hefir oft liðsint og liðsinnir nú einnig í

þetta sinn hreppum, sem líka aðstöðu hafa, heldur er hjer einnig þess að gæta, að staðháttum í Þingvallasveit er þannig varið, að hreppsbúum er mjög erfitt að halda eldishesta og verða að koma fyrir hestum sínum í nálægum sveitum að vetrarlagi.

Vjer teljum rjett, að allir aukakennarar í læknisfræði við háskólann sjeu hækkaðir jafnt, um 1000 kr. á ári. Í samræmi við það viljum vjer færa niður styrkinn til augnlæknis, úr 3000 kr. í 2500 kr. á ári.

Þá viljum vjer hækka fjárveitinguna til spítalanna allra þriggja, í því skyni, að veita megi hæfilega uppbót öllum föstum starfsmönnum spítalanna o: þeim, sem ráðnir eru um lengri ótiltekinn tíma við meiri háttar störf, svo sem yfirhjúkrunarkona, ráðskona og 2 hjúkrunarkonur í Laugarnesi; yfirhjúkrunarkona og ráðskona á Kleppi; ráðsmaður, yfirhjúkrunarkona, ráðskona, skrifstofumær og 2 hjúkrunarkonur á Vífilsstöðum. Þess skal getið, að hækkun fjárveitinganefndarinnar til Vífilsstaðahælisins er hlutfallslega lægri en hinna spítalanna, og stafar það af því, að læknir spítalans hefir í áætlun sinni gefið upp hærra kaup handa þessu fólki en það hefir haft á yfirstandandi fjárhagstímabili.

13. gr.

Eftir tillögum póstmeistara leggjum vjer til að lækka skrifstofukostnað hans. Ástæðan er sú, að nokkrir þeirra, sem kaup hafa fengið af þessum lið, munu framvegis fá kaup sitt eftir væntanlegum launalögum.

Jafnvel þó að aðstoðarverkfræðingur vegamálastjóra fái kaup eftir væntanlegum launalögum, þá telur vegamálastjórinn samt nauðsynlegt að halda óbreyttri þeirri upphæð, sem ætluð er til aðstoðarmanna og mælinga undir hans umsjá. Fellst nefndin á það og leggur samkvæmt því til að fella að eins burt orðið »verkfróðra« úr liðnum.

Skrifstofstofukostnað vegamálastjóra vill nefndin, eftir ósk hans, hækka í samræmi við það, sem áður er sagt um hagstofuna, og af sömu ástæðu.

Um Húnvetningabrautina skal þess getið, að vegamálastjórinn hefir nú í síðustu norðurför sinni komist að þeirri niðurstöðu, að ekki verði unt að ljúka við þá braut, svo að afhenda megi, nema veitt verði fje í viðbót. Telur hann til þess þurfa 8 þús. kr., og leggur nefndin til að veita þá upphæð síðara árið.

Vjer viljum með engu móti veita fje til nýrra símalína í stórum stíl, nema örugt sje, að þær stöðvar, sem þegar eru komnar í samband við landssímann, hafi hans full not. Þess vegna viljum vjer setja þá athugasemd við 13. gr D. III. e, að línur þær, sem taldar eru í liðunum c—e, verði ekki lagðar nema því að eins, að aukaþráður verði lagður frá Reykjavík til Borðeyrar, því að annars kostar er þeim stöðvum, sem áður eru komnar í samband við landssímann, hamlað frá því að hafa hans full not.

Eftir tillögum landssímastjóra vill nefndin veita hæfilega dýrtíðaruppbót á launum símafólks, sem ekki fær laun sín eftir væntanlegum launalögum, Er þetta í samræmi við tillögur nefndarinnar í öðrum tilfellum, sem líkt stendur á.

Sama máli gegnir um skrifstofukostnað vitamálastjóra, svo og tillögur nefndarinnar um vitaverðina. Sjerstaka breytingartillögu flytur nefndin um hækkun á rekstrarkostnaði vitanna, og stendur hún í sambandi við hina nýju vita, sem ætlast er til að bætt verði við.

Þá viljum vjer taka það fram, að vjer teljum ekki stjórnina bundna við

þá niðurskipun á hleðslu nýrra vita, sem sett er í fjárlagafrumvarpinu, heldur ætlumst vjer til þess, að stjórnin hagi því eftir því, sem hún, í samráði við vitamálastjóra, telur haganlegast og hægast.

14. gr.

Vjer viljum samkvæmt umsókn, sem komið hefir frá formanni prestafjelags Íslands, veita prestum í fjarlægum hjeruðum dálítinn ferðastyrk til þess að sækja synodus, og ætlum til þess óverulega upphæð, 1200 kr. á ári. Það hefir oft verið haft á orði, hve einangraðir vjer Íslendingar værum og hver þörf væri á að veita andlegum straumum til vor. Úr þessu hefir verið og er reynt að bæta á ýmsan hátt. T. d. hefir Alþingi á síðari árum látið sjer ant um, og gerir það ekki hvað síst nú, að styrkja menn til utanfarar í þesskonar augnamiði. Það mun nú engum dyljast, að það er ekki nóg, að menningarstraumarnir komist hingað til landsins. Það verður líka að veita þeim um landið, gera menninguna að almenningseign, tengja menn saman í hverri mentagrein. Að öðrum kosti hlýtur doði og deyfð að aukast og áhugaleysi að magnast. Nefndin telur, að þessi litla fjárveiting sje vísir í þá átt að glæða áhuga manna á umhugsunarefnum þeim, sem leiðtogum þjóðarinnar er hugleiknast. Þykir nefndinni það engu miður, þótt þessi tillaga yrði til þess að samskonar hreyfing kæmist á meðal mentamanna í öðrum greinum, t. d. lækna og barnakennara, og jafnvel bænda, og teldi þá vel til fallið að veita þeim svipaðan ferðastyrk á árlegan fund eða mót.

Um 23.–27. og 29.—30. brtt. vorar er það að segja, að þær miða allar að því að veita starfsmönnum þjóðarinnar, sem ekki fá laun sín eftir væntanlegum launalögum, hæfilega uppbót, eins og þeir hafa notið hingað til.

Forstöðumaður stýrimannaskólans hefir með erindi til nefndarinnar, eða rjettara sagt stjórnarinnar, sýnt fram á það, að fjárveitingin til tímakenslu við þann skóla sje allsendis ónóg, eftir því sem raun hafi á orðið síðastliðinn vetur og horfur eru á að verði framvegis. Í samræmi við tillögu hans viljum vjer því hækka þennan lið um 2600 kr. hvort árið.

Hækkun fjárveitingar til aukakenslu við Eiðaskóla stafar af því, að nefndin telur sig hafa vitneskju um það, að kenslan fáist ekki fyrir minna en lagt er til í breytingartillögunni. Hins vegar mætti ef til vill segja, að betur færi á því, samræmisins vegna, að skifta þessum lið, líkt og annarstaðar er gert, í tvent, kaup og dýrtíðaruppbót, og mætti þá gera það við þriðju umræðu, ef ekkert væri því til fyrirstöðu.

Þá viljum vjer hækka styrkinn til Hvítárbakkaskólans um 500 kr. á ári. Þess ber að gæta, að hjer á í hlut skóli, sem er elstur og fjölsóttastur allra skóla vorra með þessu sniði. Forstöðumaður hans hefir haldið skólanum uppi með miklum dugnaði og barist fyrir hugsjón sinni gegnum þykt og þunt. Það virðist því ekki mega minna vera en að skólanum sje þessi sómi sýndur, enda að öðru leyti sanngjarnt, með því að nemendur skólans eru fleiri en hinna lýðskólanna.

15. gr.

Að því er snertir breytingartillögur vorar við 1. d. og e, sem og 21. lið þessarar greinar, virðist nægja að vísa til ummæla vorra um breytingar þær, sem vjer leggjum til að gerðar sjeu á þeim liðum 14. gr., sem líkt er á komið með.

Þar sem vjer leggjum til, að dr. Jóni Þorkelssyni sje veittur utanfarar-

styrkur, þá sýnist það ekki þurfa neinna sjerstakra meðmæla frá vorri hálfu. Öllum er kunnugt um, að hjer á hlut að máli sá afburðamaður á sviði sinnar vísindagreinar, að leitun er og mun verða að mörgum slíkum. Það virðist því ekki nema sjálfsagt að stilla svo til, að hann fái sem best notið sín. En það má að nokkru leyti telja undir því komið, að hann fái þann utanfararstyrk, er hjer um ræðir. Því eins og hann sjálfur hefir gefið upplýsingar um og þingmönnum er þegar kunnugt orðið, er framhald á útgáfu hins íslenska fornbrjefasafns, er flestir munu á einu máli um að telja brýna nauðsyn, bundið því skilyrði, að honum gefist kostur á að safna þeim gögnum, sem til þess þarf, í erlendum skjalasöfnum.

Upphæðina til útgáfu hinna fornu Alþingisbóka leggjum vjer til að tvöfalda. Þær 1000 kr. á ári, sem í frumvarpinu standa, hefir þjóðskjalavörður skýrt oss frá að ekki muni hrökkva nema fyrir prentun á rúmum 4 örkum ásamt pappír. Og virtist oss því auðsætt, að annaðhvort væri að hætta alveg við tjeða útgáfu eða hækka til hennar fjárframlagið, svo sem vjer leggjum til.

Skálda- og listamannastyrkinn teljum vjer að megi að skaðlitlu lækka um 4 þús. kr. á ári, frá því sem er í frumvarpinu. Byggjum vjer þá skoðun að einu leyti á því, að af þessum lið þarf nú eigi að greiða neitt til 4 manna, er áður hafa notið allríflegs styrks af honum, þar sem þrír þeirra hafa á tæpu ári fallið frá, og einn þeirra er nú fluttur með styrk yfir í 18. gr. frumvarpsins, og að hinu leytinu á því, að það ætti að teljast óþarft að veita árlegan styrk málurum og myndhöggvurum, sem búnir eru fyrir stuðning hins opinbera að ná þeirri fullkomnun í list sinni, að ætla má, að þeir geti góðu lífi lifað af henni. En hvað það snertir að veita verðlaun fyrir sjerstök listaverk, þá þykir oss það misráðið. Verðlaunin mundu vitanlega leiða til þess, að listaverkið mundi stíga mjög í verði. En þar sem sjálfsagt mundi þykja, að slíkt verðlaunaverk yrði þjóðareign, þá mundu verðlaunin leiða til þess, að ríkissjóður yrði, auk verðlaunanna, að greiða fyrir gripinn margfalt hærra verð en hann gæti að öðrum kosti fengið hann fyrir. Sönnu nær er að verja nokkru meira fje en gert er til að kaupa af listamönnum vorum álitleg verk, sem þeir kynnu að eiga erfitt með að selja sæmilegu verði. En það fje, sem til þess er eða væri varið, á ekki heima í þessum lið, heldur annarsstaðar. Annars teljum vjer, að hvorki fjárveitinganefnd nje þingi beri að setja nefnd þeirri, sem það einu sinni hefir falið að úthluta styrk þeim, sem hjer um ræðir, neinar fastar eða ákveðnar reglur. Annaðhvort er, að vorri hyggju, að taka umboðið aftur af henni, eða láta hana hafa að öllu óbundnar hendur.

Að því er viðvíkur hinum margumtalaða orðabókarstyrk, þá sáum vjer eigi aðra leið færari eða sæmilegri, eftir atvikum, en þá, sem felst í breytingartillögu vorri. Að hækka þennan styrk upp úr því, sem hann er nú í frumvarpinu, svo að hann gæti verið til fullnustu tveimur mönnum eða meira til lífsuppeldis, sáum vjer engin tiltök, eftir því sem neðri deild hefir þegar snúist við því máli. En að strika hann alveg út gat að vorri hyggju ekki heldur komið til greina, þar eð þingið yrði samt sem áður að teljast skuldbundið til að sjá síra Jóhannesi L. Lynge Jóhannssyni, sem ráðinn hefir verið til verksins, fyrir sæmilegum lífeyri. Og það þá, undir slíkum kringumstæðum, ekkert betur til fallið en að láta hann að einhverju leyti vinna að þessu verki, sem hann óneitanlega hefir góða hæfileika til, í von um að starf hans þar að lútandi geti einhvern tíma, þótt síðar verði, að fullu gagni komið.

Um þessi tvö síðastnefndu atriði lætur einn nefndarmanna þess getið, að hann sje ekki hinum nefndarmönnunum samdóma.

Um tillögu vora að veita Hannesi Þorsteinssyni utanfararstyrk þykir oss óþarft að fara mörgum orðum. Það þekkja allir háttv. þingmenn þann mann og vita, hversu honum er með afburðum gefið, ekki að eins að gleypa í sig, heldur einnig geyma, allan sögulegan fróðleik, sem hann fær yfir komist. Og það má því telja sem nokkurskonar þjóðarnauðsyn að gefa honum kost á að safna og setja á pappír sem allra mest af slíkum fróðleik. Og til þess rekur því meiri nauðsyn, sem maðurinn er, án þess þó að andlegu kraftarnir sjeu nokkuð farnir að gefa frá sjer, farinn að reskjast. Og því óvíst, hversu lengi hans verður hjer eftir notið.

Tillaga vor um að hækka styrkinn til Helga Pjeturssonar um 1500 kr. f. á. er gerð með tilliti til þess, að hann eigi því fremur hægra með að leita sjer lækninga.

Að því er snertir tillögu vora um hækkun á styrknum til Páls Eggerts Ólasonar, viljum vjer taka það fram — þótt í raun og veru óþarft sje að skýra háttv. þingmönnum frá því — að hjer á hlut að máli ungur maður afburðaduglegur og þegar viðurkendur visindamaður, jafnframúrskarandi í hraðvirkni sem hann er fjarlægur allri hroðvirkni. Til merkis um dugnað hans og starfshæfileika má minna á það, að hann hefir á þessu fjárhagstímabili, auk þess að vinna að ýmsum störfum sjer til lífsframdráttar, lesið undir próf í lögfræði og lokið því með besta vitnisburði, samið doktorsritgerð, sem þegar hefir verið tekin gild af heimspekideild háskólans, gefið út Fjölmóð, æfidrápu Jóns lærða Guðmundssonar, með inngangi um aldarhátt á Íslandi á 17. öld og um Jón sjálfan (Safn til sögu Ísl. 1917), »En islandsk Eventyrer Arni Magnússons Oplevelser« með inngangi og athugasemdum (þýðing), í hinu merka danska ritsafni Memoirer og Breve 1918, fyrsta hefti skrár um handritasöfn Landsbókasafnsins, og loks er nú í prentuninni 1. bindi rits hans um siðaskiftaöldina, og er það eitt saman 28—30 arkir að stærð, eða ca. 450 bls., í Andvarabroti. Alt þetta virðist oss bera þess vott, að hjer sje um mann að ræða, er verðskuldi það, að honum sje sómi sýndur, og að því megi treysta, að hann muni hjer eftir, eins og hingað til, vinna fyllilega fyrir þeim styrk, sem honum kann að verða veittur. Auk þess má í þessu sambandi minna á það, að hann hefir vegna þessara ritstarfa sinna meðal annars orðið að fara utan, án þess að fá til þess nokkurn sjerstakan styrk, og við búið, að hann kunni að þurfa þess aftur á komandi fjárhagstímabili vegna þessarar starfsemi sinnar. En öllum er það fyllilega ljóst, að slíkt hlýtur að draga út ærið mikið meira fje heldur en ef engin slík för væri farin.

Eigi hefir meiri hluti nefndarinnar brjóst í sjer til að neita Íþróttasambandi Íslands um allan styrk til að senda íþróttamenn á Olympiuleikana í Antwerpen, og leggur því til, að því sje veitt í þessu skyni 12 þús. krónur.

Hvað viðvíkur náms styrkinum, sem vjer leggjum til að Trausta Ólafssyni sje veittur, þá þykir oss sem nægja muni sem rök fyrir þeirri tillögu vorri, að vísa til ummæla vorra um þann mann í nefndaráliti voru um fjáraukalagafrumvarpið 1918—1919. — Helga H. Eiríksson setti aftur á móti háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar með 2 þús. króna styrk inn í nefnt frumvarp, og skildi þá eftir 700 kr. af þeim styrk, sem hann hafði beðið um. En að klípa þær með öllu af honum þykir oss ekki taka, og leggjum því til, að honum sjeu þær veittar fyrra ár fjárhagstímabilsins, enda þykjumst vjer þá mega treysta því, að hann

verði að því ári loknu búinn að ljúka námi og geti gefið landinu kost á þjónustu sinni.

16. gr.

Fjárveiting til framhalds landmælinga lítum vjer svo á að fallið hafi úr fyrir vangá hjá háttv. neðri deild. Að halda því verki áfram virðist óumflýjanlegt, bæði sóma vors og nauðsynjar vegna.

Af strandlengju landsins, eða því sem bygðir reiknast, er nú þegar búið að mæla 38000 km². En eftir eru af þeim hluta landsins ómældir 22700 km². Og auk þess 44300 km², sem teljast mega óbygðir. Og verður að minsta kosti í náinni framtíð að leggja áherslu á, að mældur verði sá hluti strandlengjunnar eða bygðarinnar, sem enn er ómældur. Meiri hluti þess fjár, sem til þessa verks hefir að undanförnu gengið, hefir nú, eins og kunnugt er, komið frá Dönum. En nú er sambandi landanna svo komið, að ekki er í framtíðinni að vænta fjárframlags í þessu skyni frá þeim. Og virðist því ekki geta komið til mála minna fjárframlag á ári frá vorri hálfu til þessa verks, svo framarlega sem því er á annað borð haldið áfram, en þær 30 þús., sem vjer stingum upp á.

Þrettánda og fjórtánda lið greinarinnar teljum vjer með öllu óþarfa, þar sem fullkominn byggingarmeistari er eða verður þegar ráðinn í þjónustu landsins, sem tekur laun samkvæmt launalögum, og honum hljóta að verða falin þau störf, sem ræðir um í þessum liðum.

Sextánda liðinn álítum vjer og að megi að skaðlausu fella í burtu, þar sem gera má ráð fyrir, að landsstjórnin komi til að hafa í sinni þjónustu einhvern þann mann, er hún geti látið gefa almenningi nauðsynlegar leiðbeiningar um raforkufyrirtæki, án sjerstakrar borgunar.

Fjárveitinguna til brimbrjótsins í Bolungarvík viljum vjer einnig fella burt fyrir bæði árin, og vísum, þeirri tillögu vorri til stuðnings, í nefndarálit vort um fjáraukalagafrumvarpið 1918—1919.

Styrkveitingin, sem vjer leggjum til að Einari Magnússyni í Vestmannaeyjum verði veitt síðara árið, byggist á því, að honum mætti takast, eins og sjálfur liðurinn segir, að smíða hentugan, nægilega traustan bát með sjerstöku lagi, sem nota mætti til uppskipunar í talsverðu brimi við sandana á suðurströnd landsins, til ómetanlegra hagsmuna bæði fyrir þá, sem á meginlandinu og í Vestmannaeyjum búa. Maður þessi er, að allra kunnugra manna sögn, framúrskarandi útsjónarsamur og dverghagur. Hefir hann þegar smíðað lítinn bát með því lagi, er hann hugsar sjer, og var sá bátur reyndur við Eyjafjallasand í vor með besta árangri, í svo miklu brimi, að talið var ófært öðrum bátum að lenda. En bátur sá var, eins og vænta mátti, þar sem að eins var um frumsmíði að ræða, næsta lítill, svo að uppskipun með honum hlaut að ganga seint. En tilraunin, sem gerð var með honum, gefur bæði smiðnum og öðrum vonir um, að honum megi takast — vitanlega með talsvert miklum kostnaði — að smíða miklu stærri og sterkari bát, sem að ótvíræðu gagni mætti koma undir áðurnefndum kringumstæðum. Og takist honum það, þarf vissulega enginn að sjá eftir 5 þús. króna styrk til hans. En takist honum það ekki, kemur fjárveitingin ekki, eins og tekið er fram í athugasemdinni, til útborgunar.

Við enda þessarar greinar viljum vjer hnýta þeim upphæðum, sem veittar eru í viðurkenningarskyni í eitt skifti fyrir öll og standa nú aftast í 18. gr.,

en bæta þar jafnframt við í sama tilgangi dálitlum fjárhæðum til tveggja annara persóna, er vjer teljum nægilegt, að gert sje grein fyrir í framsögunni.

18. gr.

Breytingarnar, sem vjer leggjum til að gerðar sjeu á þessari grein, eru margar, en eigi verulegar, og miða að eins til að koma á innbyrðis samræmi á meðal þeirra fjárveitinga, sem taldar eru upp í þessari grein, enda gerðar að mestu leyti í samráði við formann og skrifara fjárveitinganefndar neðri deildar. Að eins ein ný styrkveiting höfum vjer leyft oss að leggja til að verði veitt, 320 króna árlegur viðbótarstyrkur til præp. hon. Janusar Jónssonar, er vjer væntum að hvorki þurfi skýringa eða meðmæla við frá vorri hálfu.

22. gr.

Breytingin, sem vjer leggjum til að gerð sje á þessari grein, sú sem sje að kljúfa hana sundur í 3 sjerstakar greinar, er engin efnisbreyting, heldur að eins fyrir þá sök fram komin, að oss þykir sem betur muni formsins vegna á því fara.

Alþingi, 15. september 1919.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, ritari. Hjörtur Snorrason.

Karl Einarsson. M. J. Kristjánsson.

(B. LXXXIII, 2).

Ed. **866. Breytingartillaga**

við frv. á þgskj. 779 (Ráðherralaun).

Frá Kristni Daníelssyni.

Fyrir »10000« komi:
12000.

(A. I, 83). 16 gr. 38.

Ed. **867. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 16. gr. 38.

1. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
   Tillag til kolanáms í Gili í Hólshreppi (eftirgjöf á láni) ..... 15000—.....
2. 39. liður falli niður.

(B. LXXXI, 2).

Ed. **868. Frumvarp**

til laga um hækkun á vörutolli.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Gjald það, er ræðir um í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, lögum nr. 45, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 3, 5. júní 1918, skal hækka um 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. LXXXII, 6).

Ed. **869. Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af kolum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir, skal greiða 10 kr. gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

(B. LXVII, 8).

Ed. **870. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

(B. XX, 4).

Ed. **871. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum. Fyrir oddvitastarfið hefir hann þóknun úr bæjarsjóði eftir ákvæðum bæjarstjórnar, þó ekki minna en 500 kr.

3. gr.

Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.

Með samþykt má setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og má í samþykt kveða á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún þar um setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa.

4. gr.

Bæjarfulltrúar eru sex. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í kaupstaðnum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara tveir frá að tveimur árum liðnum, og svo ávalt tveir annaðhvert ár. Hverjir fari frá í fyrsta og annað skifti, skal vera komið undir samkomulagi eða hlutkesti.

Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

7. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, er kosningarrjett hafa. Skrá þá skal kjörstjórn semja; en kjörstjórar eru oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórn kýs. Kjörskrá skal liggja kjósendum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á kærurnar.

8. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan kosningu, á þann hátt, sem þing eða fundir eru alment boðaðir í kaupstöðum.

9. gr.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum sex ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi.

10. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan átta daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kæruna og leggur úrskurð sinn á málið innan átta daga. Innan fjórtán daga má kæra úrskurð bæjarstjórnar fyrir stjórnarráðinu.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hinar síðast leiðrjettu kjörskrár.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr

bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifta hann kjörgengi. Hún ákveður og, að hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafist.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

13. gr.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út yfir valdsvið hennar, sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt rita bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

14. gr.

Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

15. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingar-

mál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð.

16. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt hafnarlögum.

17. gr.

Bæjarstjórn skipar bæjargjaldkera og aðra embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs um sáttamannsefni.

18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár kaupstaðarins. Innan 1. nóvember skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Því, sem á vantar til að standa straum af þörfum kaupstaðarins, skal jafnað niður á kaupstaðarbúa eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal bæjarstjórnin ræða á tveim fundum með viku bili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar. Skal áætlunin síðan vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Hún skal lögð fram innan 15. nóvember kaupstaðarbúum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á kaupstaðarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

19. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá ársútsvarinu tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja aukaútsvar á þá atvinnu, þótt ekki sje hún rekin nema átta vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Á hvalveiði, selveiði, síldveiði, síldarkaup og síldarsölu, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á atvinnu útlendra og innlendra skipa við síldarverkun á höfninni, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt

engin ábúð fylgi, og á lóðarafnot, ef lóðarafnotin gefa einhvern arð, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

20. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að kaupstaðarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

21. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa fimm menn, og skulu þeir kosnir í októbermánuði á sama hátt og bæjarfulltrúar. Þeir skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara tveir frá að þremur árum liðnum eftir samkomulagi eða hlutkesti. Um setu í niðurjöfnunarnefnd gildir að öðru leyti sama og fyr segir um bæjarstjórn, að því er við getur átt. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefnd kýs formann úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu og um bæjarstjórn, (sbr. 12. gr.).

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja kaupstaðarbúum til sýnis 1. til 15. desember á hentugum stað, er niðurjöfnunarnefnd auglýsir.

Kærur yfir niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefnd skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun niðurjöfnunarnefndarinnar má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum sje slept af skránni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að manni sje slept, skal honum gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fella úrskurð sinn.

Eigi má bæjarstjórn bæta manni á niðurjöfnunarskrá, nema gjald hans nemi að minsta kosti hinu lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldið lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram þegar bæjarstjórnin ákveður, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun

fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, er áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma á sama hátt sem fyr greinir.

23. gr.

Verði ágreiningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og annars sveitar- eða bæjarfjelags um það, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, skal stjórnarráðið skera úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í kaupstaðnum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

24. gr.

Öll bæjargjöld eftir aðalniðurjöfnun skulu goldin að helmingi fyrir 1. febrúar og að helmingi fyrir 1. ágúst. Þó skulu þeir, er eiga ekki heima í kaupstaðnum, en fara burt á gjaldárinu, hafa greitt útsvar sitt áður en þeir fara á brott; en útsvör eftir aukaniðurjöfnun skulu goldin eftir ákvæðum bæjarstjórnar í hvert sinn, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og líka allar aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig alfarinn úr kaupstaðnum innan ársloka, fellur alt það gjald niður, sem er lagt á hann sjálfan fyrir það ár, sem fer í hönd, ef maðurinn hefir greitt útsvar hjer á landi fyrir gjaldárið á undan. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem flytur sig inn í kaupstaðinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er að eins skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega oddviti bæjarstjórnar skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje tryggilega, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt, og hver sje hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri greiða neitt, nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim, er þau eiga undir.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem kaupstaðurinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smiðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórnarráðinu eða hagstof-

unni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um tólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki beinlínis á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokin, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar. Lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kaupstaðarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi þrjú ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir og rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningi bæjarsjóðs innan mánaðar frá því að þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, sem úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum, svörum og úrskurðum. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með þarf, og ef nauðsyn ber til getur stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglu-

firði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með rafleiðslu og vatnsleiðslu bæjarins, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

Þurfi að taka vatn eða vatnsafl í landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hvers kyns mannvirkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartaka og torfrista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem slík mannvirki hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum.

34. gr.

Með samþykt þeirri, sem getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn kaupstaðarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þar með úr gildi numin 4.—37. gr. laga um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30, 22. nóvember 1918.

(B. LXXXIII, 3).

Nd. **872. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 12000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

(A. XXVI, 46).

Nd. **873. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 12. gr.

Á eftir »Patreksfjarðar« komi:
Hóls.

(B. LXXI, 6).

Ed. **874. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninnni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
   Þessi liður er bundinn því skilorði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi fram fjórðung kostnaðar.
2. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
3. Skólahús á Eiðum.
4. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXXX, 3).

Ed. **875. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein í 52. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, komi:

Þó getur Alþingi ályktað, fyrir eitt þing í senn, að fresta prentun umræðnanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXXVII, 5).

Ed. **876. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

(C. XXXIV, 2).

Nd. **877. Þingsályktun**

um leiðbeiningar við Íslendinga, sem flytjast heim úr öðrum löndum.

(Samþykt í Nd. 17. sept.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta ákveðinn mann eða menn í annari skrifstofu hafa á hendi leiðbeiningar við Íslendinga þá, sem vilja hverfa hingað heim úr öðrum löndum, svo sem að fá þeim atvinnu, jarðnæði, hlutdeild í fyrirtækjum og annað, sem þeim er þörf til vistar hjer á landi.

(A. XL, 12).

Ed. **878. Frumvarp**

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests sins og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.

d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennarar við þá skóla 1300 kr.

   Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.
e. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu, þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^1/_3$ af ríkissjóðsfje, en að $^2/_3$ úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, fá kennarar sem hjer segir:

a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 3. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 3. hvert ár, upp að 500 kr.

d. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(C. VI, 3).

Nd. **879. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Orðin: »hvorttveggja samkvæmt — — á fossum o. fl.« falla niður.

(B. LXXV, 7).

Ed. **880. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr., uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2 gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XXVII, 10).

Ed. **881. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

(C. XXVII, 3).

Ed. **882. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 17. sept.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Nefnd þessi leggi síðan rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing, og þá sjerstaklega tillögur um þær breytingar á löggjöfinni, er hún telur nauðsynlegar í þessu efni.

(A. XXVI, 47).

Nd. **883. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um laun embættismanna.

Frá launamálanefnd.

Hv. Ed. hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu, og eru sumar þeirra allverulegar efnisbreytingar. En þrátt fyrir það getur þó meiri hluti nefndarinnar gengið að frv. eins og það er, og ber því nefndin ekki fram neinar breytingartillögur. En þar sem einstakir nefndarmenn flytja brtt. við frv., samhlj. þeim brtt., sem Nd. hafði áður samþ., en Ed. felt, þá vilja aðrir nefndarmenn láta þess getið, að þó þeir greiddu þeim tillögum atkv. sín áður í deildinni, þá muni þeir ekki gera það nú, til þess að gera ekki ágreining milli deilda.

Alþingi, 17. sept. 1919.

Magnús Pjetursson, formaður. Þórarinn Jónsson, skrifari og frams.m. Sveinn Ólafsson, með fyrirvara.

Matth. Ólafsson. Jón Jónsson. Þorsteinn Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

(B. LXXXIV, 2).

Ed. **884. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á því, að rjett sje að bæta nokkuð úr mistökum í vörutollslögunum og nema burt sýnilegt ósamræmi, sem í þeim er.

Enn fremur leggur hún til, að farþegabifreiðar verði fluttar úr 6. flokki í 3. flokk.

Um 3. gr. frv. vill nefndin eftir atvikum enga ákvörðun taka að svo stöddu.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram svo felda

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. 3. lið:
Á eftir »seglgarni« komi:
svo og farþegabifreiðum.

Alþingi, 17. sept. 1919.

Magnús Torfason, form. og ritari. Guðm. Ólafsson, fundaskrifari. H. Steinsson.

(A. XL, 13).

Ed. 885. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 1. gr. b.
Á eftir orðinu »kennaraprófi« komi:
eða stúdentsprófi, og auk þess próf í uppeldisfræði og kenslufræði.

(B. LXXXIII, 4).

Nd. 886. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo:
   Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og risnufje, eftir reikningi, alt að 4000 kr. ári.
2. Fyrirsögnin hljóði:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

(B. LXXVIII, 5).

Nd. 887. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs (þgskj. 829).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir »30« í 3. málsgr. komi:
12.
2. — 1. — Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

(A. I, 84). **Brtt. 846, 40.**

Ed. 888. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 846 (Fjárlögin).

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Við 40. tölulið (Íslenska orðabókin).
Á eftir staflið a. komi nýr liður:
b. Til Jakobs Jóh. Smára í sama tilgangi ..... 4000—4000
b.-liður verði c.-liður.
Tillaga á þgskj. 863 tekin aftur.

(B. VI, 4).

Nd. 889. **Nefndarálit**

um frv. til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir nú haft frv. þetta til meðferðar og athugað það jafnhliða öðrum þeim hafnarlagafrv., sem henni hafa borist.

Eins og nefndin hefir tekið fram í nefndarálitinu um hafnarlagafrv. þau, sem hún þegar hefir afgreitt frá sjer, þá hefir hún talið rjettast að mæla með því, að hafnarbætur verði þar fyrst gerðar, sem þörfin er brýnust og þar sem fyrirsjáanlegt er, að opnast geti nýir möguleikar til stóraukinnar framleiðslu.

Hins vegar dylst nefndinni ekki, að það mundi verða landssjóði ofvaxið að ráðast í stór fjárframlög til margra hafnarbygginga í einu, því jafnvel þó tekið sje fram í frv., að tillög landssjóðs komi ekki til útborgunar fyr en fje er veitt til þess í fjárlögum, þá er fjenu þó lofað, um leið og slíkt frv. er samþykt, og þá undir kasti komið, hvaða fjárveitingar til hafnargerða komast fyrst inn í fjárlögin. Auk þess getur komið fyrir, að á næstu þingum komi fram beiðnir um fjárframlög til hafnargerða, þar sem þörfin er enn brýnni en hjer. Væri þá óheppilegt, að þingið væri búið að lofa því fje, sem það teldi sjer fært að veita, til ónauðsynlegri hafnarbóta.

Það er alkunnugt, að á Ísafirði er einhver besta höfnin á landinu, frá náttúrunnar hendi. Þar hafa verið bygðar 2 hafskipabryggjur, sem báðar standa, án þess að nokkur garður hafi verið bygður til að verja þær ís og sjógangi. En frv. þetta fer fram á að bæta þessa höfn, auk nýrrar hafnargerðar utan við tangann, sem hlífir höfninni og kaupstaðurinn stendur á. Það má því telja, að hjer sje um 2 hafnargerðir að ræða, sem mun stafa af því, að hlutaðeigendur hafa ekki komið sjer saman um, hvar eða hvernig höfnina eigi að byggja. En það telur nefndin ekki geta komið til mála að byggja eða bæta nema eina landssjóðsstyrkta höfn á Ísafirði.

Loks er á það að minna, að landið er eigandi lands og lóða þeirra, sem liggja að þeim höfnum, sem nefndin hefir lagt til, að þingið veitti fje til að byggja, en lóðir þær, sem hjer um ræðir, eru einstakra manna eignir.

Af framangreindum ástæðum telur nefndin sjer ekki fært að mæla með því, að frv. þetta verði samþykt, en leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

DAGSKRÁ.

Með því deildin álítur, eins og nú er komið fjárhag landsins, að eigi sje ráðlegt að samþykt sje á þessu þingi fjárveiting til hafnargerðar á Ísafirði, og álítur auk þess, að fyrirtækið sje ekki nægilega undirbúið, þá telur hún ekki rjett að samþ. frumvarpið, þótt margt mæli með því, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. sept. 1919.

Björn Kristjánsson, formaður.	Björn R. Stefánsson, framsögumaður.	Pjetur Ottesen, skrifari.

Sveinn Ólafsson. Matth. Ólafsson.

(A. I, 85.) 12. gr. 2.

Ed. **890. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 12. gr. 2.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári ... ... 600 — 600

(A. I, 86). 15. gr. 55.

Ed. **891. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

Við 15. gr. 55.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Til Jóhannesar Helgasonar, utanfararstyrkur til fullkomnunar í myndskurði ..... 2000—.....

(A. XXVI, 48).

Nd. **892. Breytingartillaga**

við breytingartilllögu í þingskjali 847.

Frá Sveini Ólafssyni og Pjetri Ottesen.

a.-liður tillögunnar orðist svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

(A. I, 87). 15. gr. 17.

Ed. **893. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: H. Steinsson.

Við 15. gr. 17.

Liðurinn falli burt.

(B. LXXVII, 6).

Nd. **894. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919, eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

(B. LXXI, 7).

Nd. **895. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninnni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
   Þessi liður er bundinn því skilorði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi fram fjórðung kostnaðar.
2. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
3. Skólahús á Eiðum.
4. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XL, 14).

Nd. **896. Frumvarp**

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi, eða stúdentsprófi, og auk þess próf í uppeldisfræði og kenslufræði, eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.

d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennarar við þá skóla 1300 kr.

   Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.
e. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu, þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^1/_3$ af ríkissjóðsfje, en að $^2/_3$ úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, fá kennarar sem hjer segir:

a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 3. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 3. hvert ár, upp að 500 kr.

d. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(B. LXXV, 8).

Nd. **897. Frumvarp**

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr., uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. IX, 15).

Nd. **898. Lög**

um eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

(Afgreidd frá Nd. 18. sept.)

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða arfsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að því leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara,

hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarjettinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sje enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því, að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, og skal skiftaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti

nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignast þar greind rjettindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LX, 11).

Ed. **899. Lög**

um hafnargerð í Ólafsvík.

(Afgreidd frá Ed. 18. sept.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndarinnar

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.–3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir

hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

(B. LXVII, 9).

Ed. **900. Lög**

um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913.

(Afgreidd frá Ed. 18. sept.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

(B. LXI, 9).

Ed. **901. Lög**

um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

(Afgreidd frá Ed. 18. sept.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurforðafjelög.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþyktum þessum skal tekið fram um stjórn fóðurbirgðafjelaganna, fóðurmatið, fóðrunina, útvegun aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlaunaveitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþyktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fóðurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins, ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fóðurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þá er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykt um eftirlits- og fóðurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

(A. V, 29).

Nd. **902. Frumvarp**

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða, eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið, meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin, eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur samþykt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórðahvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema

hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára að aldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinn lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum

um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál

í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun sliks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(C. XXXII, 2).

Ed. **903. Tillaga**

til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum og afrjettum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfjelagsins.

(A. XXVI, 49).

Nd. **904. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun embættismanna.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 34. gr.

Aftan við orðin »laun sóknarpresta« bætist:

lög nr. 33, 22. nóv. 1918, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(A. XXVI, 50).

Ed. **905. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru eyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, 1/4 af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sinu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sin eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá timi, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

II. Launaákvæði.

8. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^1/_5$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

9. gr.

Forsetar Alþingis skipa skrifstofustjóra Alþingis í sameiningu. Skal hann hafa að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 krónur.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Suðurmúlasýslu og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, svo og lögmælt innheimtulaun af tollum og útflutningsgjöldum, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6

og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Hóls, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Hornafjarðar, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar visitasíulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljós og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í Reykjavík haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi; vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvisitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{2}/_{3}$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót dómenda í hæstarjetti mega nema 10500 krónum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, 1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915, lög nr. 33, 22. nóv. 1918, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(C. XXXVI, 1).

Nd. **906. Tillaga**

til þingsályktunar um laun hreppstjóra.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um bætur á launum hreppstjóra.

(A. I, 88). **16. gr. 2.**

Ed. **907. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: H. Steinsson og Guðm. Ólafsson.

Við 16. gr. 2.

Liðurinn orðist svo:

Til búnaðarfjelaga ... ... 30000—30000
Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.

(A. I, 89). 2. gr. 15.

Ed. **908. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. 15.
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð ... ... 10000—10000

(B. XIV, 2).

Nd. **909. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64, 3. nóv. 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar og leitað sjer allra þeirra upplýsinga um það, sem henni hefir verið unt að fá.

Nefndin viðurkennir, að mjög mikil þægindi væri fyrir Siglufjarðarkaupstað, ef hann fengi þá hafnarbót, sem farið er fram á með frumvarpinu. Því verður eigi neitað, að það eru mikil óþægindi á slíkum stað sem Siglufirði, að farmskip og fólksflutningaskip geta sjaldan lagst að bryggju, sumpart vegna þess, að engin nýtileg stórskipabryggja er á staðnum, og sumpart vegna þess, að þótt eigi væri um stærra skip að ræða en svo, að það gæti lagt að bryggjum þeim, er nú eru þar til, þá eru þær eignir einstakra manna og geta verið með öllu upp teknar þegar skip kynni að þurfa á þeim að halda.

En þrátt fyrir þetta virðist nefndinni sem málið sje allathugavert. Árið 1915 fór 1. þm. Eyjafjarðarsýslu fram á, að veittar yrði 150000 kr. af landsfje til þessarar hafnarbótar. Þingið vildi eigi veita þetta fje, en samþykti að landsstjórninni skyldi heimilt að ábyrgjast alt að 150000 kr. lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kynni að taka til hafnarbyggingar. Þá var sú upphæð talin að nægja til þess að byggja höfnina, og sýndi þingmaður kjördæmisins fram á, að fyrirtækið gæti haft svo miklar tekjur, að það gæti staðist afborganir og vexti af láninu. Í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu, er farið fram á 150 þús. kr

fjárveitingu af ríkissjóði til fyrirtækisins, og auk þess ábyrgð ríkissjóðs á 450 þús. kr. láni. Þó hefir eigi verið bent á aðrar nje meiri tekjur, sem höfnin gæti fengið, en þær, sem bent var á 1915. Að vísu hefir 1. þm. Eyfirðinga bent á, að hækka mætti þessa tekjustofna svo, að þeir nægði til vaxta og afborgana af láninu.

Nefndinni virðist efasamt, að skip mundu nota bryggjuna, ef þau gæti með nokkru móti hjá því komist, ef bryggjugjöld ætti að vera svo há, að þau stæði straum af hafnarláninu.

Nú er sjávarútvegsnefndinni það ljóst, að fyrst verður að styðja að hafnarbyggingum þar sem það er augljóst, að þær leiða af sjer aukna framleiðslu, en svo er með tvær hafnir, sem nú er farið fram á fjárveitingu til úr ríkissjóði.

Að vísu er það svo, að eigi er farið fram á fjárveitingu úr ríkissjóði til hafnarinnar á Siglufirði nú þegar, eða eigi fyr en fje er veitt til þess í fjárlögum, og mætti því segja, að það kæmi lítið við fjárhagnum eins og hann er nú. En vel gæti svo farið, að á næstu þingum yrði farið fram á fjárveitingar til hafna, er hefði lík skilyrði og Vestmannaeyjar eða Ólafsvík, og væri þá ilt fyrir þingið, að vera bundið við fyrirheiti til hafnabygginga á stöðum, sem minni nauðsyn bæri til að styðja. Yrði þar á móti engin slík hafnamál á döfinni á næstu þingum, eru mikil líkindi til, að hafnir eins og sú, sem hjer um ræðir, gæti komið til álita, því að sjálfsögðu álítur nefndin, að þessi hafnafyrirtæki eigi að komast í framkvæmd svo fljótt sem verða má, ef það getur orðið án þess að draga úr fyrirtækjum, sem auka framleiðsluna miklum mun meir.

Mætti þá og vænta, að þetta mál yrði betur undirbúið en það er nú.

Ef að eins hefði verið farið fram á ábyrgð ríkissjóðs á nokkru stærra láni en 1915, þá hefði getað komið til mála að leggja því meðmæli.

Það er skoðun nefndarinnar, að því að eins eigi að leggja út í stór fyrir tæki meðan dýrtíðin helst, að auðsætt sje, að þau hafi í för með sjer mikla framför í sjávarútveginum og gefi ríkissjóði nokkrar tekjur, umfram það sem nú er.

En þar sem því er eigi þannig farið með höfn þá eða hafnarbót, sem hjer um ræðir, sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að frumvarp þetta verði samþykt. Ræður hún því til, að málið sje afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þingdeildin sjer eigi fært, eins og nú er farið fjárhag ríkisins, að leggja út í fleiri hafnarbyggingar en þær, sem þegar eru ráðgerðar af þinginu, og telur, að meðan dýrtíðin helst beri ríkissjóði að styðja að þeim einum hafnarbótum, er gefa von um aukna framleiðslu að miklum mun, og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. sept. 1919.

Björn Kristjánsson, form. Matth. Ólafsson, framsögum. Pjetur Ottesen, skrifari.

Sveinn Ólafsson. Björn R. Stefánsson.

(A. XL, 15).

Nd. **910. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá launamálanefnd.

Nefndin vill ekki etja kappi við hv. Ed. um breytingar þær, sem hún hefir gert á frv., og leggur því til, að neðri deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 19. september 1919.

Magnús Pjetursson, formaður. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Þorsteinn Jónsson, framsögumaður. Jón Jónsson.

Sveinn Ólafsson. Matth. Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.

(B. LXXVII, 7).

Nd. **911. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá launamálanefnd.

Með því að hv. Ed. hefir engar efnisbreytingar gert á frv. þessu, þá vill nefndin ráða þessari hv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 19. sept. 1919.

Magnús Pjetursson, form. og framsm. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.

Matth. Ólafsson. Þorsteinn Jónsson. Jón Jónsson.

Hákon J. Kristófersson. Sveinn Ólafsson.

(B. LXXV, 9).

Nd. **912. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá launamálanefnd.

Frv. þetta hefir tekið þeim breytingum í hv. Ed., að nú er ákveðið, að helmingur launanna komi úr landssjóði í stað 1/3. Nefndin vill ekki gera þetta atriði að kappsmáli milli deilda, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. sept. 1919.

Magnús Pjetursson, form., framsm.	Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.	Matth. Ólafsson. Með fyrirvara.
Jón Jónsson.	Þorsteinn Jónsson.	Sveinn Ólafsson. Með fyrirvara.

Þó jeg að ýmsu leyti sje ósamþykkur frumvarpinu, get jeg eftir atvikum fallist á, að það nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú er.

Hákon J. Kristófersson.

(C. XXXV, 2).

Ed. **913. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn skattamála.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, hvernig skattamálum ríkisins skuli best fyrir komið, og heimilar henni til þess nauðsynlegt fje úr ríkissjóði.

(B. LXXVIII, 6).

Nd. **914. Frumvarp**

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 12 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(C. XXXI, 4).

Nd. **915. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi (þgskj. 791).

Frá Benedikt Sveinssyni.

Í stað orðanna: »á komandi vori« komi:
vorið 1922.

(A. I, 90).

Ed. **916. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	100000	
2. Húsaskattur	40000	40000	
3. Tekjuskattur	400000	400000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	100000	100000	
			1280000
5. Aukatekjur	120000	120000	
6. Erfðafjárskattur	17000	17000	
7. Vitagjald	100000	100000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			510000
Flyt ...	895000	895000	1790000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	895000	895000	1790000
10. Útflutningsgjald	600000	600000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	125000	125000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	500000	500000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð.. ...	10000	10000	4440000
17. Stimpilgjald	500000	450000	950000
18. Pósttekjur...	200000	200000	400000
19. Símatekjur	550000	550000	1100000
Samtals ...	4365000	4315000	8680000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	120000	70000	190000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	52000	60000	127000
Flyt ...	179500	137500	317000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	179500	137500	317000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	422500	225500	648000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908...	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909...	50000	50000	100000
3. — — — 1912...	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912...	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913...	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916...	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða...			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			3300	4300	
			20800	20300	41100
Flyt ...			... ...	... ...	228100

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	228100
C.					
Gjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	308100

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	9000	9000			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms gjöld	1000	800			
			12700	12300	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8600	8600			
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.					
b. Laun 3 tollvarða	8000	8000			
c. Húsaleiga	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Ýms gjöld	3400	3400			
			24200	23900	
Flyt ...			131000	130400	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			131000	130400	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			143000	142400	285400
B.					
Ýmisleg gjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til landhelgisgæslu			50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar			5000		
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			158200	150200	308400
Samtals ...			... ...	... ...	593800

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostn. landlæknis, eftir reikningi	1000	1000	2000
3. Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári	600	600	1200
4. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
5. Styrkur til íbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar...	500	500	1000
6. Styrkur til Oræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis...	200	200	400
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis	400	400	800
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis	300	300	600
13. Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis	300	300	600
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
15. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	2500	2500	5000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	500	500	1000
16. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	2000	2000	4000
Flyt ...	91600	91600	183200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		91600	91600	183200
17.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000	2000	4000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
18.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		6000	6000	12000
19.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		2000	2000	4000
20.	Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ...		3000	.....	3000
21.	Holdsveikraspítalinn		67700	64700	132400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	9500 9500			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg gjöld	1200 1200			
		67700 64700			
22.	Geðveikrahælið á Kleppi		45100	41600	86700
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur gjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6860 6860			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	Flyt ...	40460 40460	217400	207900	425300

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	40460	40460	217400	207900	425300
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	69660	66160			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
	24560	24560			
Mismunur ...	45100	41600			
23. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			74040	49330	123370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	16000	16000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	154340	129630	291440	257230	548670

				1920	1921	Alls
				kr.	kr.	kr.
Flutt ...		154340	129630	291440	257230	548670
Þar frá dragast tekjur:						
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag	71175					
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag	9125					
		80300	80300			
Mismunur ...		74040	49330			
24. Til undirbúnings landsspítala				7500	7500	15000
25. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.				23000	.....	23000
26. Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði				2500	.....	2500
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni fjárhæð komi annarsstaðar frá.						
27. Önnur gjöld:						
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.						
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar		.....	20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...		1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		4000	4000			
Flyt ...		13500	33500	324440	264730	589170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	13500	33500	324440	264730	589170
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Óssurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«. ... ... gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.	1500	1500			
Flyt ...	32900	46700	324440	264730	589170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	32900	46700	324440	264730	589170
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
			35900	49700	85600
Samtals ...			360340	314430	674770

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A. Póstmál.					
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur	35000	35000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			62100	62100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			162100	162100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			162100	162100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	5000	5000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
			47500	47500	
			209600	209600	419200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4800	4800			
			18300	18300	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	8000			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar...	25000	25000			
gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.					
			95000	126000	
Flyt ...			113300	144300	419200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			113300	144300	419200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500	127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....	45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting)..			1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
XI. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			349600	354600	704200
C.					
I. Til strandferða					
1. Til Sterlingsferða... ...	50000	50000			
Flyt ...	50000	50000	.....	.....	1123400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	50000	50000	.....	.....	1123400
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	150000	150000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	300	300	69500	69500	
			219500	219500	439000
Flyt ...			.....	.....	1562400

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1562400
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.			
Flyt ...	... ...	... ...	1562400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ..			.....	.....	1562400
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o.fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
Símalínurnar undir staflið c.—e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.					
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður...	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að...	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	2000			
16. Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum	1200	.....			
17. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
18. Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að	49000	49000			
			218400	219200	
Flyt ...			417900	439200	1562400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			417900	439200	1562400
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			509450	481750	1040200
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	4000	4000			
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000	3000			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11500	11500	
II. 1. Laun vitavarða eftir launalögum áætluð	5000	5000			
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum. ...	9100	10550			
			14100	15550	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			28200	31200	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti ... ... Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.	23500	.....			
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti ... ... Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,	19000	.....			
Flyt	95300	....	53800	58250	2602600

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	.....	53800	58250	2602600
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.					
5. Kambanesviti		20000			
6. Strætishornsviti	20000	.....			
7. Papeyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
8. Stokksnesviti		35300			
			134300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			5000	5000	
			196100	121550	317650
Samtals ...			... ...	... ...	2920250

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	1000	1000	6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum	4000	3500			
b. Uppbót á árið 1919	500	.....			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju...		400			
Flyt ...	56706,41	44906,41	6000	6000	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56706,41	44906,41	6000	6000	.....
8. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus	1200	1200			
			57906,41	46106,41	
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Mýraprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.			63906,41	52106,41	116012,82
B. Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	2800	2800			
			4800	4800	
d. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
e. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
f. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
g. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
Flyt ...			79200	80333,33	116012,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			79200	80333,33	116012,82
h. Önnur gjöld:					
1. a. Laun ritara	800	800			
b. Dýrtíðaruppbót ...	500	500			
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600	1600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1000	1000			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500	6600	6600	
			85800	86933,33	172733,33
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. Til söngkennara ...	600	600	2800	2800	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og vatns	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
Flyt ...	25600	22900	24800	24800	288746,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25600	22900	24800	24800	288746,15
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			53900	51200	105100
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. a. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1600	1600			
2. Tímakensla	1800	1800			
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Flyt ...	9600	9600	9600	9600	393846,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	9600	9600	9600	9600	393846,15
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. a. Til dyravörslu ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000	17600	13600	
			27200	23200	50400
IV. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
3. Bókakaup og áhöld...	300	300			
4. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
5. Til viðhalds	1000	1000			
6. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			12800	12400	
			19800	19400	39200
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	8600	8600			
Flyt ...	8600	8600	4400	4400	483446,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8600	8600	4400	4400	483446,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			16600	16100	
			21000	20500	41500
VI. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkennara	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
			11200	10700	21900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkenslu	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	5100	5100	... ...	... ...	559846,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5100	5100	... ...	... ...	559846,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			11500	11000	22500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	2000	2000			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			11300	10800	22100
VIII. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	604446,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	... ...	604446,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
IX. Til verslunarskóla:					
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	9000	9000			
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	7000	7000			
			16000	16000	32000
X. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík..	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	5600	5600	11200
	Flyt ...		.....	.....	664846,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			...	...	664846,15
XI. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
Flyt ...			60000	60000	716846,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	716846,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	25000	25000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	25000	25000	909046,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25000	25000	909046,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	14000	
	39000	39000	78000
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	1006246,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	1006246,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	1019446,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. 1. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár..	2400	2400			
2. Dýrtíðarupp.	1600	1600			
e. 1. Til aðstoðar á lestrarsal...	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót...	700	700			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	9000	9000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	20900	20900	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	20900	20900	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			24840	24840	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	1600	1600			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
			6250	6250	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)... ..	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
h. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			16300	16300	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
Flyt ...			47390	47390	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	47390	47390	.....
4. Náttúrufræðifjelagið...	1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Landsbókasafnshúsið:			
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl. 5000 4500			
b. Til dyravarðar.. ... ... 1400 1400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ... 1000 1000			
	7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði	2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði	1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags	3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.			
9. Til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins	800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.			
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...	1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.			
13. Utanfararstyrkur til þjóðskjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu íslensks fornbrjefasafns...	5000	... ...	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra	2000	2000	
15. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873	1000	1000	
Flyt ...	75940	71440	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			75940	71440	.....
16. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk			600	600	
17. Til Dansk-Islandsk Samfund			1000	1000	
18. Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs			8000	3000	
19. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns			1000	1000	
20. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, ...			2000	2000	
21. a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			18000	18000	
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust			1200	1200	
22. a. Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi.	1100	1100			
b. Dýrtíðaruppbót	700	700			
			1800	1800	
23. Til undirbúnings íslenskrar orðabókar:					
a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum	4800	4800			
b. Til Jakobs Jóh. Smára í sama tilgangi	4000	4000			
c. Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli í sama tilgangi	1200	1200			
Söfnin sjeu eign landsins.			10000	10000	
Flyt ...			119540	110040	.....

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	119540	110040	... ...
24. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók ... ... Þetta er lokaveiting.	15000	15000	
25. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
26. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
27. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum enda sje handritið eign landsins að honum látnum.	2000	2000	
28. Til sama, utanfararstyrkur til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega áhrærandi æfisögur lærðra manna íslenskra síðan um siðaskiftin... ...	... ...	5000	
29. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
30. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	4000	4000	
31. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	4000	2500	
32. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
33. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt	1200	1200	
34. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	400	400	
35. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	400	400	
36. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	400	400	
37. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	400	400	
38. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
39. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	1800	1800	
Flyt ...	158340	147340	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		158340	147340	... ...
40. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...		800	... ...	
41. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550	550	
42. Til veðurathugana og veðurskeyta		43300	18800	
43. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		5500	5500	
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.		1000	1000	
45. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sinum.		500	500	
46. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis		600	600	
47. Til blaðamannafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda		1600	... ...	
48. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
49. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
50. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
51. Til sama, til að senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Antwerpen 1920...		12000	... ...	
52. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
Flyt ...	6000	227190	177290	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	227190	177290	.. ....
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
		10500	... ...	
53. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
54. Til Trausta Ólafssonar, til að ljúka efnafræðinámi		2000	... ...	
55. Til Helga H. Eiríkssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði		700	... ...	
56. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.				
57. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
58. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
59. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
60. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist		1500	1500	
61. Til Jóhannesar Helgasonar, utanfararstyrkur til fullkomnunar í myndskurði		2000	... ...	
Samtals ...		255590	182990	438580

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarfjelaga			30000	30000	
Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.					
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			5000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu			10000	10000	
Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.					
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til framhalds landmælinga			30000	30000	
10. Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar...			2000	... ...	
11. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Upppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918...	1200	.....			
d. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
e. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ...	800	800			
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.					
f. Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	.....	2400	8900	10100	
Flyt ...			291900	280100	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			291900	280100	... ...
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	4000	4000			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi 1000 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....			
			8840	7840	
14. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	3000	3000			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
c. Skrifstofufje	600	600			
			4600	4600	
15. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
16. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
17. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
18. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
19. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
Flyt ...			386340	371540	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		386340	371540	... ...
20. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar	200	.....	4600	4400	
21. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200	2800	2800	
22. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra. Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.					
23. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Upphót fyrir liðinn tíma ...	600	.....	1400	800	
24. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
25. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
26. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
27. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
28. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
29. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
30. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
31. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
	Flyt ...		446440	430840	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	446440	430840	... ...
32. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.	5000	... ...	
33. Til aðgerðar og endurbyggingar bryggju á Blönduósi, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar... ...	6000	... ...	
34. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
35. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
36. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
37. Styrkur til Einars Magnússonar í Vestmannaeyjum, til að fullgera bát til uppskipunar í brimi við sandana á suðurströnd landsins ... ... Styrkurinn borgist ekki út fyr en full reynsla þykir vera fengin fyrir því, að báturinn komi að tilætluðum notum.	... ...	5000	
38. Tillag til kolanáms í Gili í Hólshreppi. ...	15000	... ...	
39. Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	8000	... ...	
40. Til Sigurðar Jónssonar frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
41. Til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, í viðurkenningarskyni.	2000	... ...	
42. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	... ...	
43. Þórunnar Gísladóttur fyrverandi ljósmóður, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
44. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	... ...	
Samtals ...	516740	435840	952580

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			... ...	... ...	
a. Embættismenn			29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn			15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar			1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur			5492,13	5492,13	
			52349,25	52349,25	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólívu Guðmundsson ...	175	175			
			525	525	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur...	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd....	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. -- Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
Flyt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50
13. — Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd., 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	400			
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
16. — Þórunnar Stefánsd.	400	400			
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	300	300			
			5336	5336	
e. Kennarar, kennaraekkjur og hörn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar ...	300	300			
3. — Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	300	300			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar	320	320			
12. — Pjeturs Guðmundss.	500	500			
			4480	4480	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Guðm. Kristjánssonar .	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Kráksonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1200	1200			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Elíesers Eiríkssonar ...	200	200			
			3300	3300	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50
2. Til Þorvalds Thoroddsens .	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1200	1200			
5. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	300			
6. — Önnu Thorlacius ...	300	300			
			9700	9700	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið og auk þess 100 kr. á ári með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
5. — Til Ingeborg Sigurjónsson	500	500			
6. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
7. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
8. — 3 barna hennar	300	300			
9. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	300			
			3500	3500	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur ...	300	300			
5. — ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
			1800	1800	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			30138	30138	60276
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					244974,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefitirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefitirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt	2. gr.	kr. 8680000,00
——	3. —	— 736400,00
——	4. —	— 648000,00
——	5. —	— 47200,00
	Samtals ...	kr. 10111600,00

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr. 2068743,37
——	8. —	— 120000,00
——	9. —	— 246000,00
——	10. —	— 308000,00
——	11. —	— 593800,00
——	12. —	— 674777,00
——	13. —	— 2920250,00
——	14. —	— 1019446,15
——	15. —	— 438580,00
——	16. —	— 952580,00
——	17. —	— 6200,00
——	18. —	— 244974,50
——	19. —	— 40000,00
Tekjuafgangur er fyrst um sinn áætlaður		— 478248,98
	Samtals ...	kr. 10111600,00

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.

2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

22. gr.

Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu og alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, hvorttveggja lánið til raforkustöðva og raforkuveitu. Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin hafi vissu um það, að fyrirtækin beri sig og að sveitarfjelög þessi sjeu fær um að standa straum af þeim

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða fyrv. bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. og Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, sem og uppbót á þær fjárhæðir, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. LXXXIII, 5).

Nd. **917. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá launamálanefnd.

1. Fyrir »12000« í frv.gr. komi:
10000.

Aftan við greinina komi:
2. Launaákvæði þessa frumvarps skulu gilda frá 1. júlí 1919.

(B. LXXI, 8).

Nd. **918. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um húsagerð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. gr. Athugasemdin í 1. tölulið falli burtu.

2. — - — Á eftir 1. tölul. komi:
Íbúðarhús á Hvanneyri.
Liðatalan breytist þessu samkvæmt.

Í framsögu málsins verður gerð grein fyrir þessum breytingartillögum.

(A. XXVII, 11).

Nd. **919. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti ²/₃ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðal-

skrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skift í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var

smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skriflegg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje

skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri

með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem eng-

inn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit

af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í rikissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(B. LXXVII, 8).

Nd. **920. Lög**

um þingfararkaup alþingismanna.

(Afgreidd frá Nd. 20. sept.)

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

(B. LXXV, 10).

Nd. **921. Lög**

um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Afgreidd frá Nd. 20. sept.).

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr., uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(A. XL, 16).

Nd. 922. Lög

um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 20. sept.)

I. Skipun.

1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
b. að hann hafi lokið kennaraprófi, eða stúdentsprófi, og auk þess próf í uppeldisfræði og kenslufræði, eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.
d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi. Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflið b., um auglýsta kennarastöðu, áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjist.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumálastjórnin gefur þeim.

8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu í daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

II. Laun.

9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess í peningum.
b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennarar við þá skóla 1300 kr.

Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.

e. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu, þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að $^1/_3$ af ríkissjóðsfje, en að $^2/_3$ úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, fá kennarar sem hjer segir:

a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 3. hvert ár, upp að 1000 kr.
b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 3. hvert ár, upp að 500 kr.
d. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er um ræðir í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

14. gr.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. sept. 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar.

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

(A. I, 91). 15. gr. 31.

Ed. **923. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: H. Steinsson og Sigurjón Friðjónsson.

Við 15. gr. 31.
Í stað »4000—2500« komi:
4000—4000.

(A. XXIX, 14).

Sþ. **924. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:
Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $^{2}/_{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

(B. LXXXIV, 3).

Ed. **925. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. greindra laga orðist svo:
Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki, tjöru, *(blackfernis)*, soda, krít, leir, karbid, bensin, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum, 10 aura af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum *og tunnuhlutum*, gaddavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli, olíufóðurkökum, melasse og melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum, bátavjelum (mótorum), lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, *seglgarni*, tilbúnum seglum, *striga*, köðlum allskonar og færum, *fernisolíu*, öllum olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensin, strigaábreiðum (presenningum), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum og akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, ofnum, eldavjelum, járnpípum, gips, hefilspónum og sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðing (Linotol), 25 aura af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en netagarni og *seglgarni*, svo og farþegabifreiðum, 60 a. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og hverskonar kolum, hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest.
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og bátum, 3 aura af hverju teningsfeti.
6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 20 aura af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum vörum undir 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstakur tollur er lagður á, prentaðar bækur og blöð, *pappír*, skip, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur, endursendar fiskumbúðir úr striga, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðamanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga orðist svo:

Greiða skal og í landssjóð 30 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

(A. XXVII, 12).

Nd. **926. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.

2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.

3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.

4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

(B. LXXXIV, 4).

Ed. **927. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr.

a. Við 1. lið. Fyrir »10« komi:
25.

b. — 2. — Fyrir »25« komi:
60.

c. — 3. — Fyrir »60« komi:
200.

d. — 4. — I. Fyrir »50« komi:
125.
II. Fyrir »1 kr.« komi:
2 kr. 50 aur.

e. — 5. — Fyrir »3« komi:
8.

f. — 6. — Fyrir »20« komi:
50.

2. Við 2. gr.

Á eftir henni komi ný gr. (3. gr.) svo látandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45, 2. nóv. 1914, og lög nr. 3, 5. júní 1918.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

(A. XXVII, 13).

Sþ. **928. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skitt í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í

hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur

skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn

sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hvérja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(A. XXVII, 14).

Sþ. **929. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

(A. V, 30).

Nd. **930. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Ed. hefir gert þær efnisbreytingar á frv., að

1. Ákvæðið um kunnáttu í íslenskri tungu í 29. gr. er felt niður, og
2. Setningin: »Eigi slítur það heimilisfestu« o. s. frv. í sömu grein eru burt feld.

Nefndin getur fallist á þessa breyting, en vill þó árjetta og leggja sjerstaka áherslu á þá skýring efri deildar nefndarinnar, að þessi orð þurfi eigi að setja í stjórnarskrána sakir þess, að þetta sje áður í lögum og liggi í hlutarins eðli. Fyrri breytinguna lætur nefndin afskiftalausa, og eru nefndarmenn óbundnir um atkvæði sín, ef brtt. kemur fram um að kippa þessu atriði í sama far.

Smávegis orðabreytingar vill nefndin gera á frv., og eru þær þessar:

1. Fyrir »lögráða« komi *alstaðar* í viðeigandi tölu og falli:
   lögráður.
2. Í 14. gr. verði »á annan hátt hafi«:
   hafi á annan hátt.

3. Í síðasta málsl. 28. gr. komi á milli »hvort« og »er« orðið:
sem.
4. Fyrir »landsins« í 39. gr. á síðara staðnum komi:
þess.

Alþingi, 20. sept. 1919.

Einar Arnórsson, formaður. Benedikt Sveinsson, ritari og framsögum. Stefán Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Sigurður Stefánsson. Pjetur Jónsson.

(C. XXVI, 3).

Ed. **931. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um fræðslumál.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að tillaga þessi verði samþykt, og þótt hún telji, að hin einstöku atriði hennar kalli misjafnlega mikið að, þá leggur hún ekki til, að neinar breytingar sjeu gerðar á búningi hennar.

Að eins vill nefndin sjerstaklega benda á, að af skjölum, sem hún hefir haft í höndum við athugun málsins, hefir hún sannfærst um, að nauðsynleg sje orðin tvískifting sú á 3 efstu bekkjum mentaskólans, sem liður II. 1. í tillögunni ræðir um.

Að öðru leyti verður um málið farið nokkrum orðum í framsögu.

Alþingi, 20. sept. 1919.

Eggert Pálsson, form. Kristinn Daníelsson, ritari. Guðm. Ólafsson.

(A. I, 92). 14. gr. B. XII, 1.

Ed. **932. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 14. gr. B. XII, 1.

Aftan við athugasemdina bætist:

Af styrknum veitist 1000 kr. til barnaskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 1917 til 1918.

(A. I, 93). **15. gr. 55.**

Ed. **933. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

Við 15. gr. 55.
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Önnu Bjarnadóttur til enskunáms í Englandi... ... ... 800—800

(A. I, 94). **16. gr. 17.**

Ed. **934. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 16. gr. 17.
Athugasemdin falli niður.

(A. I, 95). **15. gr. 35.**

Ed. **935. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Kristni Daníelssyni.

Við 15. gr. 35. (Sighvatur Borgfirðingur).
Fyrir »400—400« komi:
500—500.

(C. VI, 4).

Nd. **936. Tillaga**

til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

(Eftir fyrri umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til, er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnorkunni.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr ríkissjóði, eftir því, sem nauðsyn krefur.

(A. I, 96). **10. gr. C. 1.**

Ed. **937. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 10. gr. C. 1.
Fyrir: »Til sendiherra« komi:
Til ríkisfulltrúa.

(A. I, 97). **12. gr. 14.**

Ed. **938. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: H. Steinsson.

Við 12. gr. 14.
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði ..... 4000 — 4000

(A. I, 98). 12. gr. 27. d.

Ed. **939. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Við 12. gr. 27. d. (varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).
Fyrir »4000 — 4000« komi:
8000 — 4000.
Af fyrra árs veitingu greiðast bæjarsjóði Vestmannaeyja 4000 krónur til endurgjalds kostnaði við varnir gegn mislingum árið 1916 (eftirgjöf á láni).

(A. I, 99). 16. gr. 37.

Ed. **940. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson og Karl Einarsson.

Við 16. gr. 37.
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir.. ... ... 6000—6000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.

(A. I, 100).

Ed. **941. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. 2. (Kolbeinsstaðahr. o. fl., læknisvitjun).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu til að launa lækni, er þeir ráða til sín, ... 1500—1500—3000

Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að læknirinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsbúar leggi fram eigi minni upphæð í sama skyni.

2. Við 12. gr. 14. (Breiðdalshreppur, læknisvitjun).
Á eftir þeim lið (athugasemdinni) komi svo hljóðandi nýr liður:
Til núverandi aukalæknis á Ísafirði ... ... 2000—2000—4000

3. — 13. — A. 1. b. 2. (Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur).
Liðurinn orðist svo:
Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, alt að ... ... 35000—35000

4. — 14. — B. I. b. (Prófessor Einar Arnórsson).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
c. Styrkur til dócents Magnúsar Jónssonar til rannsókna á kirkjusögu Íslands ... ... 1500—1500—3000

5. — 14. — B. II. b. 3. (Söngkennari Mentaskólans).
Liðurinn verði svo:
3. a. Til söngkennara 600—600
b. Dýrtíðaruppbót 400—400 3200—3200

6. — 14. — B. XIII. b. (Flensborgarskólinn).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
c. Til lýðskólans í Bergstaðastræti ... ... 600—600—1200

7. — 15. — 1. f. (Landsbókasafn, bókakaup o. fl.).
Í staðinn fyrir »9000—9000« komi:
10000—10000.

8. — 15. — 2. c. (Þjóðskjalasafn, útvegun skjala o. fl.).
Í staðinn fyrir »1600—1600« komi:
2000—2000.

9. — 15. — 49. (Listvinafjelagið).
Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Bandalags kvenna í Reykjavík til að senda fulltrúa á fund Alþjóðaráðs kvenna, sem halda á í Noregi ... 2000—.....

10. — 22. — Annar málsliður þeirrar greinar orðist svo:
Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast:
1. alt að 1000000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað,
2. alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu,
3. alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu,
til raforkustöðva og rafveitu.
Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækin muni bera sig og að bæjarfjelagið og sveitarfjelögin sjeu fær um að standa straum af þeim.

(A. I, 101). 15. gr. 21. b.

Ed. **942. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 15. gr. 21. b.
Liðurinn falli niður.

(A. I, 102). 15. gr. 20.

Ed. **943. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjármálaráðherra.

Við 15. gr. 20 (Leikfjelag Reykjavíkur).
Fyrir »2000—2000« komi:
4000—4000.

(B. LXXXIII, 6).

Nd. **944. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

(B. LXXXIV, 5).

Nd. **945. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. greindra laga orðist svo:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki, tjöru, *(blackfernis)*, soda, krít, leir, karbid, bensin, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum, 10 aura af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum *og tunnuhlutum*, gaddavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli, olíufóðurkökum, melasse og melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum, bátavjelum (mótorum), lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, *seglgarni*, tilbúnum seglum, *striga*, köðlum allskonar og færum, *fernisolíu*, öllum olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensin, strigaábreiðum (presenningum), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum og akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, ofnum, eldavjelum, járnpípum, gips, hefilspónum og sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðing (Linotol), 25 aura af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en netagarni og *seglgarni*, svo og farþegabifreiðum, 60 a. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og hverskonar kolum, hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest.
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og bátum, 3 aura af hverju teningsfeti.
6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 20 aura af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum vörum undir 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstakur tollur er lagður á, prentaðar bækur og blöð, *pappír*, skip, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur, endur-

sendar fiskumbúðir úr striga, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðamanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga orðist svo:

Greiða skal og í landssjóð 30 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

(B. LXXVIII, 7).

Ed.

946. Frumvarp

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 12 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXI, 9).

Ed. **947. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
2. Íbúðarhús á Hvanneyri.
3. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
4. Skólahús á Eiðum.
5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. XXXVI, 2).

Nd. **948. Þingsályktun**

um laun hreppstjóra.

(Samþykt í Nd. 22. sept.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um bætur á launum hreppstjóra.

(A. XXVI, 51).

Ed. **949. Lög**

um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 22. sept.).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábýli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, 1/4 af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

II. Launaákvæði.

8. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir $^{1}/_{5}$‰ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

9. gr.

Forsetar Alþingis skipa skrifstofustjóra Alþingis í sameiningu. Skal hann hafa að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 krónur.

10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Suðurmúlasýslu og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, svo og lögmælt innheimtulaun af tollum og útflutningsgjöldum, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6

og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hróarstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Hóls, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Hornafjarðar, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bíldudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitasíulaunum, eins og verið hefir.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennaraskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis ljóss og hita, 1500 kr.

33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í Reykjavík haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi; vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundraðstölu af $^{2}/_{3}$ launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis launum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{2}/_{3}$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót dómenda í hæstarjetti mega nema 10500 krónum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, 1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915, lög nr. 33, 22. nóv. 1918, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

(A. XXIII, 7).

Ed. **950. Lög**

um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

(Afgreidd frá Ed. 22. sept.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann, sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaunin meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr $^{3}/_{4}$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með $^{1}/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti; skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d., um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, og lög nr. 48. 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum, þegar þessi lög öðlast gildi, og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna.

(A. XLI, 5).

Ed. **951. Lög**

um ekkjutrygging embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 22. sept.)

1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yngri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð, er sje jafnhá og þreföld árslaunin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum, þegar lög þessi koma í gildi, og eldri eru en 50 ára.

2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsstjórnin tekur gilt. Skylt er og hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

4. gr.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.
3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings áliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

(B. LXXXII, 7).

Ed. **952. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aðflutningsgjald af kolum.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Við 1. gr.

Í stað »10 kr.« komi:
5 kr.

(A. I, 103).

Nd. **953. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	100000	
2. Húsaskattur	40000	40000	
3. Tekjuskattur	400000	400000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	100000	100000	
			1280000
5. Aukatekjur	120000	120000	
6. Erfðafjárskattur	17000	17000	
7. Vitagjald	100000	100000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			510000
Flyt ...	895000	895000	1790000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	895000	895000	1790000
10. Útflutningsgjald	600000	600000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	125000	125000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	500000	500000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð	10000	10000	4440000
17. Stimpilgjald	500000	450000	950000
18. Pósttekjur...	200000	200000	400000
19. Símatekjur	550000	550000	1100000
Samtals ...	4365000	4315000	8680000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	120000	70000	190000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	52000	60000	
			127000
Flyt ...	179500	137500	317000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	179500	137500	317000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	422500	225500	648000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908...	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909...	50000	50000	100000
3. — — — 1912...	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912...	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913...	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916...	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			3300	4300	
			20800	20300	41100
Flyt ...			... ...	... ...	228100

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	228100
C.					
Gjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	308100

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	9000	9000			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms gjöld	1000	800			
			12700	12300	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8600	8600			
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.					
b. Laun 3 tollvarða	8000	8000			
c. Húsaleiga	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Yms gjöld	3400	3400			
			24200	23900	
Flyt ...			131000	130400	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			131000	130400	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			143000	142400	
					285400
B.					
Ýmisleg gjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til landhelgisgæslu			50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar... ...			5000		
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			158200	150200	308400
Samtals ...			... ...	... ...	593800

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostn. landlæknis, eftir reikningi	1000	1000	2000
3. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín	1500	1500	3000
Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að læknirinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsbúar leggi fram eigi minni upphæð í sama skyni.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári	600	600	1200
5. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
6. Styrkur til íbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar...	500	500	1000
7. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
8. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
9. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis...	200	200	400
10. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
11. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis	400	400	800
12. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
13. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis	300	300	600
14. Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis	300	300	600
15. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
16. Til núverandi aukalæknis á Ísafirði	2000	2000	4000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	2500	2500	5000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð			
Flyt ...	92600	92600	185200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		92600	92600	185200
	að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að		500	500	1000
18.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Rvík		2000	2000	4000
19.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000	2000	4000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		6000	6000	12000
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		2000	2000	4000
22.	Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ...		3000	.....	3000
23.	Holdsveikraspítalinn		67700	64700	132400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	9500 9500			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg gjöld	1200 1200			
		67700 64700			
24.	Geðveikrahælið á Kleppi		45100	41600	86700
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur gjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6860 6860			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	Flyt ...	40460 40460	220900	211400	432300

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	40460	40460	220900	211400	432300
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	69660	66160			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
	24560	24560			
Mismunur ...	45100	41600			
25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			74040	49330	123370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	16000	16000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	154340	129630	294940	260730	555670

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	154340	129630	294940	260730	555670
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag 71175					
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag 9125					
	80300	80300			
Mismunur ...	74040	49330			
26. Til undirbúnings landsspítala			7500	7500	15000
27. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.			23000	.....	23000
28. Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði			2500	.....	2500
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni fjárhæð komi annarsstaðar frá.					
29. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.					
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	.....	20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...	1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	8000	4000			
Af fyrra árs veitingu greiðast bæjarsjóði Vestmannaeyja 4000 krónur til endurgjalds kostnaði við varnir gegn mislingum árið 1916 (eftirgjöf á láni).					
Flyt ...	17500	33500	327940	268230	596170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	17500	33500	327940	268230	596170
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«. ... ... gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.	1500	1500			
Flyt ...	36900	46700	327940	268230	596170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	36900	46700	327940	268230	596170
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
			39900	49700	89600
Samtals ...			367840	317930	685770

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

			1920	1921	Alls
A.					
Póstmál.			kr.	kr.	kr.
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, alt að..	35000	35000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			62100	62100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			162100	162100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			162100	162100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	5000	5000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
			47500	47500	
			209600	209600	419200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4800	4800			
			18300	18300	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	8000			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar... gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000			
			95000	126000	
Flyt ...			113300	144300	419200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		113300	144300	419200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500	127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....	45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting)..			1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
XI. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			349600	354600	704200
C.					
I. Til strandferða					
1. Til Sterlingsferða... ...	50000	50000			
Flyt ...	50000	50000	.....	.....	1123400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	50000	50000	.....	.....	1123400
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	150000	150000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	300	300	69500	69500	
			219500	219500	439000
Flyt ...			.....	.....	1562400

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1562400
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.			
Flyt ...	... ...	... ...	1562400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			.....	.....	1562400
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o.fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
Símalínurnar undir staflið c.—e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.					
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður...	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	2000			
16. Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum	1200	.....			
17. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
18. Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að	49000	49000			
			218400	219200	
Flyt ...			417900	439200	1562400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			417900	439200	1562400
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			509450	481750	1040200
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	4000	4000			
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000	3000			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11500	11500	
II. 1. Laun vitavarða eftir launalögum áætluð	5000	5000			
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum. ...	9100	10550			
			14100	15550	
III. Rekstrarkostnaður vitanna ...	...	... ...	28200	31200	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti ... ... Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.	23500	.....			
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti ... ... Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,	19000	.....			
Flytt	95300	.....	53800	58250	2602600

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	.....	53800	58250	2602600
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.					
5. Kambanesviti		20000			
6. Strætishornsviti	20000	.....			
7. Papeyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
8. Stokksnesviti		35300			
			134300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			5000	5000	
			196100	121550	317650
Samtals ...			... ...	... ...	2920250

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	1000	1000	6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum	4000	3500			
b. Uppbót á árið 1919	500	.....			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju...		400			
Flyt ...	56706,41	44906,41	6000	6000	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56706,41	44906,41	6000	6000	.....
8. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus	1200	1200			
			57906,41	46106,41	
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Arness-, Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Mýraprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.			63906,41	52106,41	116012,82
B. Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Styrkur til dócents Magnúsar Jónssonar til rannsókna á kirkjusögu Íslands	1500	1500			
d. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	2800	2800			
			6300	6300	
e. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
f. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
g. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
h. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
Flyt ...			80700	81833,33	119012,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			80700	81833,33	119012,82
i. Önnur gjöld:					
1. a. Laun ritara	800	800			
b. Dýrtíðaruppbót ...	500	500			
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600	1600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1000	1000			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500	6600	6600	
			87300	88433,33	175733,33
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. a. Til söngkennara ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400			
			3200	3200	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og vatns	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
Flyt ...	25600	22900	25200	25200	291746,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25600	22900	25200	25200	291746,15
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			54300	51600	105900
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. a. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1600	1600			
2. Tímakensla	1800	1800			
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Flyt ...	9600	9600	9600	9600	397646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	9600	9600	9600	9600	397646,15
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. a. Til dyravörslu ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000	17600	13600	
			27200	23200	50400
IV. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
3. Bókakaup og áhöld...	300	300			
4. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
5. Til viðhalds	1000	1000			
6. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			12800	12400	
			19800	19400	39200
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	8600	8600			
Flyt ...	8600	8600	4400	4400	487246,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8600	8600	4400	4400	487246,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			16600	16100	
			21000	20500	41500
VI. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkennara	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
			11200	10700	21900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkenslu	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	5100	5100	... ...	... ...	563646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5100	5100	... ...	... ...	563646,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			11500	11000	22500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	2000	2000			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			11300	10800	22100
VIII. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	608246,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	608246,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
IX. Til verslunarskóla:					
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	9000	9000			
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	7000	7000			
			16000	16000	32000
X. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík...	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	5600	5600	11200
Flyt ...			.....	.....	668646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		...	...	668646,15
XI. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. Af styrknum veitist 1000 kr. til barnaskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 1917 til 1918.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
	Flyt ...		60000	60000	720646,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	720646,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	25000	25000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	25000	25000	912846,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	25000	25000	912846,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	14000	
c. Til lýðskólans í Bergstaðastræti	600	600	
	39600	39600	79200
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	1011246,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	1011246,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	1024446,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. 1. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár..	2400	2400			
2. Dýrtíðarupp.	1600	—1600			
e. 1. Til aðstoðar á lestrarsal...	1000	—1000			
2. Dýrtíðaruppbót...	700	— 700			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	10000	10000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	21900	21900	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	21900	21900	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			25840	25840	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	2000	2000			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
			6650	6650	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
h. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			16300	16300	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
Flyt ...			48790	48790	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	48790	48790	.....
4. Náttúrufræðifjelagið...	1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Landsbókasafnshúsið:			
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl. 5000 4500			
b. Til dyravarðar.. ... ... 1400 1400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ... 1000 1000			
	7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði	2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði	1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags	3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.			
9. Til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins	800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.			
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...	1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni...	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.			
13. Utanfararstyrkur til þjóðskjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu íslensks fornbrjefasafns...	5000	... ...	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra...	2000	2000	
15. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873	1000	1000	
Flyt ...	77340	72840	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			77340	72840	.....
16. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk			600	600	
17. Til Dansk-Islandsk Samfund			1000	1000	
18. Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs			8000	3000	
19. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns			1000	1000	
20. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, ...			4000	4000	
21. a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			18000	18000	
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust			1200	1200	
22. a. Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi.	1100	1100			
b. Dýrtíðaruppbót	700	700			
			1800	1800	
23 Til undirbúnings íslenskrar orðabókar:					
a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum	4800	4800			
b. Til Jakobs Jóh. Smára í sama tilgangi	4000	4000			
c. Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli í sama tilgangi	1200	1200			
Söfnin sjeu eign landsins.			10000	10000	
Flyt ...			122940	113440	.....

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	122940	113440	... ...
24. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók ... ... Þetta er lokaveiting.	15000	15000	
25. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
26. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
27. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum enda sje handritið eign landsins að honum látnum.	2000	2000	
28. Til sama, utanfararstyrkur til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega áhrærandi æfisögur lærðra manna íslenskra síðan um siðaskiftin... ...	... ...	5000	
29. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
30. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	4000	4000	
31. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	4000	4000	
32. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
33. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt...	1200	1200	
34. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	400	400	
35. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	500	500	
36. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	400	400	
37. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	400	400	
38. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
39. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	1800	1800	
Flyt ...	161840	152340	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		161840	152340	... ...
40. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...		800	... ...	
41. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550	550	
42. Til veðurathugana og veðurskeyta		43300	18800	
43. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		5500	5500	
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.		1000	1000	
45. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		500	500	
46. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis		600	600	
47. Til blaðamannafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda		1600	... ...	
48. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
49. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
50. Styrkur til Bandalags kvenna í Reykjavík til að senda fulltrúa á fund Alþjóðaráðs kvenna, sem halda á í Noregi		2000	... ...	
51. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
52. Til sama, til að senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Antwerpen 1920...		12000	... ...	
53. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
Flyt ...	6000	232690	182290	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	232690	182290	.. ....
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
		10500	... ...	
54. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
55. Til Trausta Ólafssonar, til að ljúka efnafræðinámi		2000	... ...	
56. Til Helga H. Eiríkssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði		700	... ...	
57. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.				
58. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
59. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
60. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
61. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist		1500	1500	
62. Til Jóhannesar Helgasonar, utanfararstyrkur til fullkomnunar í myndskurði		2000	... ...	
Samtals ...		261090	187990	449080

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarfjelaga			30000	30000	
Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.					
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			5000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu			10000	10000	
Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.					
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til framhalds landmælinga			30000	30000	
10. Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar...			2000	... ...	
11. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Upppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918...	1200	.....			
d. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
e. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ...	800	800			
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.					
f. Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	.....	2400	8900	10100	
Flyt ...			291900	280100	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			291900	280100	... ...
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	4000	4000			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi 1000 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....			
			8840	7840	
14. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	3000	3000			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
c. Skrifstofufje	600	600			
			4600	4600	
15. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
16. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
17. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
18. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
19. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
Flyt ...			386340	371540	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		386340	371540	... ...
20. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar	200	.....	4600	4400	
21. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200	2800	2800	
22. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra. Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.					
23. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ...	600	.....	1400	800	
24. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
25. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
26. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
27. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
28. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
29. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
30. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
31. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
	Flyt ...		446440	430840	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	446440	430840	... ...
32. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.	5000	... ...	
33. Til aðgerðar og endurbyggingar bryggju á Blönduósi, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar... ...	6000	... ...	
34. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
35. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
36. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
37. Styrkur til Einars Magnússonar í Vestmannaeyjum, til að fullgera bát til uppskipunar í brimi við sandana á suðurströnd landsins ... ... Styrkurinn borgist ekki út fyr en full reynsla þykir vera fengin fyrir því, að bátturinn komi að tilætluðum notum.	... ...	5000	
38. Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.	6000	6000	
39. Tillag til kolanáms í Gili í Hólshreppi. ...	15000	... ...	
40. Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	8000	... ...	
41. Til Sigurðar Jónssonar frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
42. Til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, í viðurkenningarskyni.	2000	... ...	
43. Til Brietar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	... ...	
44. Þórunnar Gísladóttur fyrverandi ljósmóður, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
45. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	... ...	
Samtals ...	522740	441840	964580

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			... ...	... ...	
a. Embættismenn			29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn			15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar			1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur			5492,13	5492,13	
			52349,25	52349,25	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólívu Guðmundsson ...	175	175			
			525	525	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur ..	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd. ...	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. -- Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
Flyt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50
13. Til Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd., 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	400			
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
16. — Þórunnar Stefánsd.	400	400			
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	300	300			
			5336	5336	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar ...	300	300			
3. — Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	300	300			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar	320	320			
12. — Pjeturs Guðmundss.	500	500			
			4480	4480	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Guðm. Kristjánssonar .	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Krákssonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur ...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1200	1200			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Eliesers Eiríkssonar ...	200	200			
			3300	3300	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50
2. Til Þorvalds Thoroddsens .	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar...	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1200	1200			
5. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	300			
6. — Önnu Thorlacius ...	300	300			
			9700	9700	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið og auk þess 100 kr. á ári með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
5. — Til Ingeborg Sigurjónsson	500	500			
6. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
7. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
8. — 3 barna hennar	300	300			
9. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	300			
			3500	3500	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur ...	300	300			
5. — ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
			1800	1800	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			30138	30138	60276
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					244974,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt	2. gr.	kr. 8680000,00
——	3. —	— 736400,00
——	4. —	— 648000,00
——	5. —	— 47200,00
	Samtals ...	kr. 10111600,00

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr. 2068743,37
——	8. —	— 120000,00
——	9. —	— 246000,00
——	10. —	— 308100,00
——	11. —	— 593800,00
——	12. —	— 685770,00
——	13. —	— 2920250,00
——	14. —	— 1024446,15
——	15. —	— 449080,00
——	16. —	— 964580,00
——	17. —	— 6200,00
——	18. —	— 244974,50
——	19. —	— 40000,00
Tekjuafgangur er fyrst um sinn áætlaður	... ...	— 439655,98
	Samtals ...	kr. 10111600,00

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurra-

búðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

22. gr.

Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. alt að 1000000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað,
2. alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu,
3. alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu,

til raforkustöðva og rafveitu.

Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækin muni bera sig og að bæjarfjelagið og sveitarfjelögin sjeu fær um að standa straum af þeim.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða fyrv. bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. og Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, sem og uppbót á þær járhæðir, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(C. VI, 5).

Nd. **954. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

og að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

(A. XXV, 14).

Sþ. **955. Lög**

um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Afgreidd frá Sþ. 23. sept.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XXVII, 15).

Sþ. **956. Lög**

um skrásetning skipa.

(Afgreidd frá Sþ. 23. sept.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskírteini, en fá að eins mælingarskírteini; þó skulu þau fá þjóðernisskírteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskírteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skilt í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í

hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmíðisskírteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskírteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skírteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skírteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskírteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skírteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skírteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskírteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skírteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskírteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skírteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskírteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur

skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Þó getur slíkt skírteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt letra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskírteini látið koma nýtt skírteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skírteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skírteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skírteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skírteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farist erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skírteininu. Ræðismaðurinn

sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skírteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skírteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótaríusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skírteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skilt búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernisskírteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skírteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skírteinið, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskírteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skírteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skírteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skírteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskírteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skírteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum þeim og mælingarskírteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskírteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskírteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skírteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskírteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skírteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skírteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.

(A. XXIX, 15).

Sþ. 957. Lög

um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Sþ. 23. sept.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $^2/_3$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir »danskt flagg« í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir »danskur konsúll« kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. VI, 6).

Nd. **958. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

Frá fjármálaráðherra.

Á eftir »úr ríkissjóði« komi:

og taka lán í því skyni.

(B. LXXVIII, 8).

Ed. **959. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. 2. málsgr.

Fyrir »12« komi:

30.

(B. LXXI, 10).

Ed. **960. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um húsagerð ríkisins.

Frá Magnúsi Torfasyni og Guðmundi Ólafssyni.

Við 1. gr. 1. lið:

Þessi liður er bundinn því skilorði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi fram fjórðung kostnaðar.

(B. LXXXIII, 7).

Ed. **961. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

(C. XXXV, 3).

Ed. **962. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn skattamála.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um, að fylsta þörf sje á að landsstjórnin láti rannsaka grandgæfilega þetta mikilsverða mál, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja tillöguna.

Alþingi, 23. sept. 1919.

Magnús Torfason, form. Guðm. Ólafsson, ritari. H. Steinsson.

(C. VI, 7).

Ed. **963. Tillaga**

til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til, er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnorkunni.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr ríkissjóði, eftir því, sem nauðsyn krefur, og að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

(C. XXVI, 4).

Ed. **964. Þingsályktun**

um fræðslumál.

(Afgreidd frá Ed. 23. sept.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

I. 1. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga.

2. Að endurskoða alt skipulag Kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt muni vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.

3. Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.

II. 1. Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum Hins almenna mentaskóla, og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.

2. Að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í 3 neðstu bekkjum Mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.

3. Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.

III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr ríkissjóði það fje, sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem í I. og II. tölul. greinir.

(A. V, 31).

Nd. **965. Frumvarp**

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eins og það var að lyktum samþykt og afgreitt til ríkisstjórnarinnar 23. september).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Akvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráða eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slíta fyr en fjárlög eru samþykt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess að nokkur samþykt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórðahvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema

hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarihvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinn lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum

um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sje með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert almennt mál

í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915 um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(A. I, 104).

Nd. **966. Framhaldsnefndarálit**

um tekjubálk frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Jafnvel þótt nefndin verði að álíta, að hækkun sú, sem hv. Ed. hefir gert á tekjubálkinum, sje mjög til hins verra, ekki fyrir þá sök, að nefndin búist ekki eins við, að vel geti svo farið, að tekjurnar nái hinni áætluðu fjárhæð, heldur af því, að með þessari aðferð er ekkert áætlað fyrir væntanlegum fjáraukalögum og umframgreiðslum, treystist nefndin þó eigi að leggja það til, að áætlunin verði færð niður, vegna hættu á því, að það verði því valdandi, að fjárlögin kunni að fara í sameinað þing, en það vill nefndin varast.

Til þess að samræmi sje í áætluninni telur nefndin rjett að hækka áætlun um tekjur af vörutollinum, vegna þess að búast má við, að frv. það um hækkun á vörutollinum, sem nú er fyrir þinginu, verði samþykt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að tekjubálkurinn verði samþyktur með þessari

BREYTINGU.

Við 2. gr. 14. lið: Í stað »500000—500000« komi:
750000—750000.

Alþingi, 23. sept. 1919.

Magnús Guðmundsson, form., framsögum. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Einar Árnason.

H. J. Kristófersson. Sigurður Sigurðsson.

(A. I, 105). 14. gr. VII. 1. d. 4.

Nd. **967. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 14. gr. VII. 1. d. 4. Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Til undirbúnings raforkuveitu ....—5000

(A. I, 106). 12. gr. 15.

Nd. **968. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Jóni Jónssyni, Birni Stefánssyni, Sveini Ólafssyni og Þorsteini Jónssyni.

Við 12. gr. 15.

Á eftir liðnum (Styrkur til Breiðdalshrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis) kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norðurmúlasýslu og Eiðahrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr. ..... 1500—1500

(A. I, 107). 15. gr. 23. c.

Nd. **969. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Gísli Sveinsson.

Við 15. gr. 23. c.
Fyrir »1200—1200« komi:
1800—1800.

(A. I, 108).

Nd. **970. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 11. gr. A. 3. a. (Laun fulltrúa).
Athugasemdin aftan við liðinn falli niður.
2. — 11. — A. 3 b. (Laun tollvarða).
Liðurinn orðast þannig:
Laun 4 tollvarða ... ... 8800—8800
3. — 11. — A. 3. e.
Á eftir liðnum kemur þessi athugasemd:
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.
4. — 12. — 6. (Styrkur Hólshrepps).
Liðurinn falli niður.
5. — 12. — 16. (Aukalæknir á Ísafirði).
Fyrir »2000—2000—4000« komi:
4000—4000—8000.
6. — 12. — 17. a (Augnlæknirinn).
Fyrir »2500—2500—5000« komi:
3000—3000—6000.
7. — 12. — 23. 13 (Holdsveikraspítalinn).
Nýr liður:
Til Ólafs Hjaltasteðs, uppbót á vinnu við að setja miðstöðvarhitun í spítalann ... ... 6000— .....
8. — 12. — 29. o.
Til Kristjáns Símonarsonar á Hraunum til þess að leita sjer lækninga... ... ... 1500— .....
9. — 13. — E. IV. 8.
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Hvanneyjarviti ... ... 6000— .....
10. — 14. — B, I. i. 4. (Háskólinn, ýms gjöld).
Nýr liður komi þar á eftir:
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... 8000—8000
þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við háskóla Íslands.

Af þessu fje fær Anna Bjarnadóttir, Sæmundssonar, jafnan styrk sem aðrir stúdentar.

11. Við 14. gr. B. II. c. 3. (Mentaskólinn, eldiviður o. fl.).
Fyrir »vatns« í enda liðsins kemur:
ræstingar.

12. — 14 — B. XIII. a. (Unglingaskólar).
Fyrir »25000—25000« kemur:
28000—28000.

13. — 14. — B. XIII. b. (Flensborgarskólinn).
Fyrir »14000—14000« kemur:
15000—15000.

14. — 15. — 2. d. (Þjóðskjalasafnið, skrá yfir það).
Nýr liður komi þar á eftir:
Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis... ... ... 1500—1500

15. — 15. — 21. a. (Skáld og listamenn).
Fyrir »18000—18000« kemur:
20000—20000.

16. — 15. — 34. (Páll Þorkelsson).
Fyrir »400—400« kemur:
600—600.

17. — 15. — 35. (Sighv. Borgfirðingur).
Fyrir »500—500« kemur:
600—600.

18. — 15. — 36. (Finnur á Kjörseyri).
Fyrir »400—400« kemur:
600—600.

19. — 15. — 37. (Sigfús frá Eyvindará).
Fyrir »400—400« kemur:
600—600.

20. — 15. — 43. (Jarðeðlisrannsóknir).
Fyrir »5500—5500« kemur:
5500—1500.

21. — 16. — 2. (Búnaðarfjelög).
Liðinn skal orða svo:
Til búnaðarsambanda... ... ... 30000—30000
Styrk þessum skal skift milli búnaðarsambanda eftir samanlagðri dagsverkatölu fjelaga þeirra, sem eru í sambandinu.

22. — 16. — 14. c. (Leiðbeining í húsagerð til sveita, skrifstofufje).
Nýr töluliður:
Til leiðbeiningar um raforkunotkun ... ... 1000—1000

23. — 16. — 38. (Byggingarfjelagið).
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til flugtilrauna Flugfjelagsins ... ... 15000—15000

24. Við 16. gr. 39. (Gilsnámi í Hólshreppi).
Liðurinn fellur niður.
25. — 16. — 44. (Þórunn Gísladóttir).
Nýr liður komi þar á eftir:
Til Guðmundar Hjaltasonar í Tröð í Álftafirði, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska ... ... 1000—.....
26. — 18. — II. h. 5. (Ingeborg Sigurjónsson).
Liðurinn fellur niður.
27. — 18. — II. i. 5.
Nýr stafliður komi á eftir athugasemdinni:
j. Til Ingeborg Sigurjónsson ... ... 1000—1000
28. — 23. —
Aftan við fyrsta málslið skal bæta:
og enn að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu.
Ef Björn Sigurðsson lætur af bankastjórn og hefir eigi á hendi launað starf fyrir ríkið, skal bankanum heimilt að greiða honum 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót sem að ofan greinir.

Grein verður gerð fyrir framanrituðum breytingartillögum í framsögunni.

(A. I, 109). 15. gr. 53. d.

Nd. **971. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Pjetur Ottesen.

Við 15. gr. 53. d. (Utanfararstyrkur kennara).
Aftan við þann lið komi nýr liður:
Til Arnórs Sigurjónssonar kennara, viðbótarstyrkur ... ... 400 .....

(A. I, 110). 16. gr. 39.

Nd. **972. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 16. gr. 39. (Gilsnáman).
Fyrir »15000« komi:
12000.

(A. I, 111). 13. gr. C.

Nd. **973. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 13. gr. C.

1. Við C. I. 1. (Sterlingsferðir).
Fyrir »50000—50000« komi:
25000—25000.

2. Við C. I. 2. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Landsstjórnin gangi ríkt eftir, að skilyrðum þessum sje fullnægt, og greiði því að eins styrkinn, að enginn misbrestur verði á því.

3. Við C. I. 2. Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verði 3. liður, svo hljóðandi:
Til h/f. Eimskipafjelags Suðurlands (til ferða e/s »Suðurland«)... ... ... 50000—50000
Skipið sigli eftir áætlun, er þingið samþykkir, og gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.

(B. LXXVIII, 9).

Nd. **974. Frumvarp**

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlands-

siglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXXI, 3).

Ed. **975. Lög**

um hækkun á vörutolli.

(Afgreidd frá Ed. 24. sept.).

1. gr.

Gjald það, er ræðir um í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, lögum nr. 45, 2 nóv. 1914, og lögum nr. 3, 5. júní 1918, skal hækka um 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

(B. LXXXIII, 8).

Ed. **976. Lög**

um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

(Afgreidd frá Ed. 24. sept.).

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

(A. I, 112).

Nd. **977. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 13. gr. A. 1. b. 2. (Póstafgreiðslumenn o. s. frv.).
Fyrir »35000—35000« komi:
30000—30000.
2. — 13. — A. 3. e. (Póstmál, önnur gjöld).
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til uppbótar á launum póstmanna (annara en pósta og brjefhirða), sem ekki standa í launalögum, alt að... ... ... 30000—30000
3. — 14. — B. I. d. 3. (Kennari í gotnesku).
Fyrir »2800—2800« kemur:
3500—3500.
4. — 18. — i. 4.
Liðinn skal orða svo:
Til Petru Jónsdóttur 300 kr. hvort árið og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð, 500—500

(A. I, 113). 15. gr. 16.

Nd. **978. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 15. gr. 16. (Dómasafn yfirrjettar).
Á eftir þeim lið kemur nýr liður:
Til Guðbrands Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á sögu dómkirkjunnar á Hólum og ljúka riti sínu um það ... ... 2000—.....

(A. I, 114). **16. gr. 44.**

Nd. **979. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 44.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Jóns Sturlaugssonar á Stokkseyri, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska ..... 1000—.....

(B. XX, 5).

Ed. **980. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

35. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar núverandi sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu tekur laun samkvæmt hinum nýju launalögum eða lætur af því embætti, og falla þá úr gildi 4.—37. gr. laga um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30, 22. nóv. 1918.

(A. I, 115). **Brtt. 973, 3.**

Nd. **981. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 973.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 3. lið (Við 13. gr. C. I. 2.).

Fyrir »50000—50000« komi:

35000—35000.

(A. I, 116). 13. gr. C. I, 1.

Nd. **982. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

Flutningsm.: Þjetur Jónsson.

Við 13. gr. C. I, 1.

Liðurinn orðist svo:

Til strandferðaskipanna »Sterlings« og »Suðurlands«, eftir áætlunum, er ríkisstjórnin semur með samráði við Eimskipafjelag Íslands; alt að ... ... 75000—75000

(A. VI, 2).

Ed. **983. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Í þingbyrjun var lagabálki þessum, ásamt frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, vísað til nefndarinnar.

Við athugun þessa frumvarpakerfis varð nefndinni þegar ljóst, að það mundi taka alt of mikið af starfstíma nefndarmanna, ef gera ætti á þeim allar þær breytingar, er óhjákvæmilegar eru, og verða til þess að hefta framgang annara nauðsynjamála, er hún hafði til meðferðar. Ákvað nefndin því að vinna að eins að frv. þessum, er tími ynnist frá öðrum störfum.

Hefir verið farið yfir öll frv., og sjerstaklega athugað frv. um stofnun og slit hjúskapar, á allmörgum af 56 fundum nefndarinnar, en nægur tími eigi unnist til að ganga svo frá breytingartillögum, að þær verði lagðar fyrir deildina.

Um frv. þessi vill nefndin láta getið, að hún telur þau fallin til samþyktar að efni til.

Að því er snertir frv. um stofnun og slit hjúskapar sjerstaklega, þykir þó rjett að benda á, að nefndin er sammála stjórninni um að gera eigi aðgang að því að fá hjónavígslubrjef sem greiðastan, en um það virðast ákvæði frv. tæplega nógu skýr.

Nefndin væntir þess að frv. þessi verði lögð fyrir næsta Alþingi í endurbættum búningi.

Alþingi, 24. sept. 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari. Magnús Torfason.

(B. LXXI, 11).

Ed. **984. Lög**

um húsagerð ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 25. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
2. Íbúðarhús á Hvanneyri.
3. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
4. Skólahús á Eiðum.
5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. XXXV, 4).

Ed. **985. Þingsályktun**

um rannsókn skattamála.

(Afgreidd frá Ed. 25. sept.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka, hvernig skattamálum ríkisins skuli best fyrir komið, og heimilar henni til þess nauðsynlegt fje úr ríkissjóði.

(A. I, 117).

Ed. **986. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir eina umr. í Nd.)

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	100000	
2. Húsaskattur	40000	40000	
3. Tekjuskattur	400000	400000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	100000	100000	
			1280000
5. Aukatekjur	120000	120000	
6. Erfðafjárskattur	17000	17000	
7. Vitagjald	100000	100000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			510000
Flyt ...	895000	895000	1790000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	895000	895000	1790000
10. Útflutningsgjald	600000	600000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	125000	125000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	750000	750000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð	10000	10000	4940000
17. Stimpilgjald	500000	450000	950000
18. Pósttekjur...	200000	200000	400000
19. Símatekjur	550000	550000	1100000
Samtals ...	4615000	4565000	9180000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...	120000	70000	190000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald...	7500	7500	
b. Ágóðahluti	52000	60000	
			127000
Flyt ...	179500	137500	317000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	179500	137500	317000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000		154000
Samtals ...	422500	225500	648000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908...	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909...	50000	50000	100000
3. — — — 1912...	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912...	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913...	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916...	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			3300	4300	
			20800	20300	41100
Flyt ...			... ...	... ...	228100

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	228100
C.					
Gjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	308100

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	9000	9000			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms gjöld	1000	800			
			12700	12300	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8600	8600			
b. Laun 3 tollvarða	8800	8800			
c. Húsaleiga	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Ýms gjöld	3400	3400			
			25000	24700	
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.					
Flyt ...			131800	131200	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			131800	131200	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			143000	142400	287000
B.					
Ýmisleg gjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til landhelgisgæslu			50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar... ...			5000		
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			158200	150200	308400
Samtals ...			... ...	... ...	595400

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostn. landlæknis, eftir reikningi	1000	1000	2000
3. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín	1500	1500	3000
Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að læknirinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsbúar leggi fram eigi minni upphæð í sama skyni.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári	600	600	1200
5. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Arneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis...	200	200	400
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis	400	400	800
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis..	300	300	600
13. Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis	300	300	600
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norðurmúlasýslu og Eiðahrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr.	1500	1500	3000
16. Til núverandi aukalæknis á Ísafirði	4000	4000	8000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	3000	6000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð			
Flyt ...	96100	96100	192200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		96100	96100	192200
	að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að		500	500	1000
18.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Rvík		2000	2000	4000
19.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000	2000	4000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		6000	6000	12000
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		2000	2000	4000
22.	Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ...		3000	.....	3000
23.	Holdsveikraspítalinn		73700	64700	138400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	9500 9500			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg gjöld	1200 1200			
	14. Til Ólafs Hjaltesteðs, uppbót á vinnu við að setja miðstöðvarhitun í spítalann	6000			
		73700 64700			
24.	Geðveikrahælið á Kleppi		45100	41600	86700
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur gjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6860 6860			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	Flyt ...	40460 40460	230100	214900	445300

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	40460	40460	230400	214900	445300
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	69660	66160			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
———	24560	24560			
Mismunur ...	45100	41600			
25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			74040	49330	123370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	16000	16000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	154340	129630	304440	264230	568670

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	154340	129630	304440	264230	568670
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag 71175					
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag 9125					
———	80300	80300			
Mismunur ...	74040	49330			
26. Til undirbúnings landsspítala			7500	7500	15000
27. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.			23000	.....	23000
28. Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði			2500	.....	2500
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni fjárhæð komi annarsstaðar frá.					
29. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.					
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	.....	20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...	1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	8000	4000			
Af fyrra árs veitingu greiðast bæjarsjóði Vestmannaeyja 4000 krónur til endurgjalds kostnaði við varnir gegn mislingum árið 1916 (eftirgjöf á láni).					
Flyt ...	17500	33500	337440	271730	609170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	17500	33500	337440	271730	609170
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«. ... ... gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.	1500	1500			
Flyt ...	36900	46700	337440	271730	609170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	36900	46700	337440	271730	609170
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis, alt að	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
p. Til Kristjáns Símonarsonar á Hraunum til þess að leita sjer lækninga	1500	...	41400	49700	91100
Samtals ...			378840	321430	700270

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

A. Póstmál.			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, alt að..	30000	30000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			57100	57100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			157100	157100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			157100	157100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	5000	5000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
f. Til uppbótar á launum póstmanna (annara en pósta og brjefhirða), sem ekki standa í launalögum, alt að ...	30000	30000			
			77500	77500	
			234600	234600	469200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4800	4800			
			18300	18300	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	8000			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar... gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000			
			95000	126000	
Flyt ...			113300	144300	469200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		113300	144300	469200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500	127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....	45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting)..			1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
XI. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			349600	354600	704200
C.					
I. Til strandferða:					
1. Til strandferðaskipanna »Sterlings« og »Suðurlands«, eftir áætlunum, er ríkisstjórnin semur með samráði við Eimskipafjelag Íslands, alt að	75000	75000			
Flyt ...	75000	75000	.....	.....	1173400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	75000	75000	.....	.....	1173400
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	175000	175000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
Landsstjórnin gangi ríkt eftir, að skilyrðum þessum sje fullnægt, og greiði því að eins styrkinn, að enginn misbrestur verði á því.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	300	300	69500	69500	
			244500	244500	489000
Flyt ...			.....	.....	1662400

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1662400
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.			
Flyt ...	... ...	... ...	1662400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			.....	.....	1662400
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o.fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
Símalínurnar undir staflið c.—e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.					
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður ..	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri ...	8000	8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	3500	3500			
13. Símastöðin í Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	2000			
16. Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum	1200	.....			
17. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
18. Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að	49000	49000			
			218400	219200	
Flyt ...			417900	439200	1662400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			417900	439200	1662400
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			509450	530750	1040200
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	4000	4000			
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000	3000			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11500	11500	
II. 1. Laun vitavarða eftir launalögum áætluð	5000	5000			
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum. ...	9100	10550			
			14100	15550	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			28200	31200	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti ... ... Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.	23500	.....			
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti ... ... Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,	19000	.....			
Flyt	95300	.....	53800	58250	2702600

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	.....	53800	58250	2702600
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.					
5. Kambanesviti		20000			
6. Strætishornsviti	20000	.....			
7. Papeyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
8. Stokksnesviti		35300			
9. Hvanneyjarviti	6000	.....			
			140300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			5000	5000	
			202100	121550	323650
Samtals ...			... ...	... ...	3026250

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi..	1000	1000	6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum	4000	3500			
b. Uppbót á árið 1919	500	.....			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju...		400			
Flyt ...	56706,41	44906,41	6000	6000	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56706,41	44906,41	6000	6000	.....
8. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus	1200	1200			
			57906,41	46106,41	
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Arness-, Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Mýraprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.			63906,41	52106,41	116012,82
B. Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Styrkur til dócents Magnúsar Jónssonar til rannsókna á kirkjusögu Íslands	1500	1500			
d. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	3500	3500			
			7000	7000	
e. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
f. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
g. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
h. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
Flyt ...			81400	82533,33	116012,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			81400	82533,33	116012,82
i. Önnur gjöld:					
1. a. Laun ritara	800	800			
b. Dýrtíðaruppbót ...	500	500			
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600	1600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1000	1000			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500	6600	6600	
			88000	89133,33	177133,33
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum			8000	8000	16000
þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við háskóla Íslands. Af þessu fje fær Anna Bjarnadóttir, Sæmundssonar, jafnan styrk sem aðrir stúdentar.					
III. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. a. Til söngkennara ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400	3200	3200	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
Flyt ...	10100	7400	25200	25200	309146,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	10100	7400	25200	25200	309146,15
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			54300	51600	105900
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. a. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1600	1600			
2. Tímakensla	1800	1800			
Flyt ...	5800	5800	9600	9600	415046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5800	5800	9600	9600	415046,15
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. a. Til dyravörslu ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000	17600	13600	
			27200	23200	50400
V. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
3. Bókakaup og áhöld...	300	300			
4. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
5. Til viðhalds	1000	1000			
6. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			12800	12400	
			19800	19400	39200
VI. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	8600	8600			
Flyt ...	8600	8600	4400	4400	504646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8600	8600	4400	4400	504646,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			16600	16100	
			21000	20500	41500
VII. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VIII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkennara	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
5. Til undirbúnings raforkuveitu... ...	.....	5000			
			11200	15700	26900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkenslu	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ..	5100	5100	... ...	... ...	586046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5100	5100	... ...	... ...	586046,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			11500	11000	22500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	2000	2000			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			11300	10800	22100
IX. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	630646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	... ...	630646,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
X. Til verslunarskóla:					
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	9000	9000			
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	7000	7000			
			16000	16000	32000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík..	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	5600	5600	11200
	Flyt ...		.....	.....	691046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		...	...	691046,15
XII. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XIII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. Af styrknum veitist 1000 kr. til barnaskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 1917 til 1918.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
	Flyt ...		60000	60000	743046,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	743046,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIV. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	28000	28000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	28000	28000	935246,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	28000	28000	935246,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	14000	
c. Til lýðskólans í Bergstaðastræti	600	600	
	42600	42600	85200
XV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVIII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	1039646,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	1039646,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	1052846,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. 1. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár..	2400	2400			
2. Dýrtíðarupp.	1600	1600			
e. 1. Til aðstoðar á lestrarsal...	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót...	700	700			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	10000	10000			
Þar af 1000 kr. hvort árið sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	21900	21900	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	21900	21900	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			25840	25840	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	2000	2000			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
e. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis..	1500	1500			
			8150	8150	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi, alt að	2000	2000			
d. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
e. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
g. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
h. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
			16300	16300	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
Flyt ...			50290	50290	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			50290	50290	.....
4. Náttúrufræðifjelagið...			1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.					
5. Landsbókasafnshúsið:					
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl.	5000	4500			
b. Til dyravarðar..	1400	1400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ...	1000	1000			
			7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði			2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði			1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags			3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.					
9. Til Þjóðvinafjelagsins			750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins			800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.					
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...			1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni			800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.					
13. Utanfararstyrkur til þjóðskjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu íslensks fornbrjefasafns...			5000	... ...	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra			2000	2000	
15. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873			1000	1000	
Flyt ...			78840	74340	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			78840	74340	.....
16. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk			600	600	
17. Til Dansk-Islandsk Samfund			1000	1000	
18. Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs			8000	3000	
19. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns			1000	1000	
20. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, ...			4000	4000	
21. a. Styrkur til skálda og listamanna ... ... Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.			20000	20000	
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust			1200	1200	
22. a. Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi.	1100	1100			
b. Dýrtíðaruppbót	700	700			
			1800	1800	
23. Til undirbúnings íslenskrar orðabókar:					
a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum	4800	4800			
b. Til Jakobs Jóh. Smára í sama tilgangi	4000	4000			
c. Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli í sama tilgangi	1800	1800			
Söfnin sjeu eign landsins.			10600	10600	
Flyt ...			127040	117540	.....

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	127040	117540	... ...
24. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók ... ... Þetta er lokaveiting.	15000	15000	
25. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
26. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
27. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum enda sje handritið eign landsins að honum látnum.	2000	2000	
28. Til sama, utanfararstyrkur til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega áhrærandi æfisögur lærðra manna íslenskra síðan um siðaskiftin... ...	... ...	5000	
29. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
30. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	4000	4000	
31. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	4000	4000	
32. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
33. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt...	1200	1200	
34. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	600	600	
35. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	600	600	
36. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	600	600	
37. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	600	600	
38. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
39. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	1800	1800	
Flyt ...	166640	157140	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		166640	157140	... ...
40. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...		800	... ...	
41. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550	550	
42. Til veðurathugana og veðurskeyta		43300	18800	
43. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		5500	1500	
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.		1000	1000	
45. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sinum.		500	500	
46. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis		600	600	
47. Til blaðamannafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda		1600	... ...	
48. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
49. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
50. Styrkur til Bandalags kvenna í Reykjavík til að senda fulltrúa á fund Alþjóðaráðs kvenna, sem halda á í Noregi		2000	... ...	
51. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
52. Til sama, til að senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Antwerpen 1920...		12000	... ...	
53. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
Flyt ...	6000	237490	183090	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	237490	183090	.....
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
e. Til Arnórs Sigurjónssonar kennara, viðbótarstyrkur ...	400			
		10900	... ...	
54. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
55. Til Trausta Ólafssonar, til að ljúka efnafræðinámi		2000	... ...	
56. Til Helga H. Eiríkssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði		700	... ...	
57. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.				
58. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
59. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
60. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
61. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist		1500	1500	
62. Til Jóhannesar Helgasonar, utanfararstyrkur til fullkomnunar í myndskurði		2000	... ...	
Samtals ...		266290	188790	455080

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.			30000	30000	
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			5000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu ... ... Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.			10000	10000	
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til framhalds landmælinga			30000	30000	
10. Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar...			2000	... ...	
11. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Upppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918...	1200	.....			
d. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
e. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis .. Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	800			
f. Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	.....	2400	8900	10100	
Flyt ...			291900	280100	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			291900	280100	... ...
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	4000	4000			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi 1000 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....	8840	7840	
14. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	3000	3000			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
c. Skrifstofufje	600	600	4600	4600	
15. Til leiðbeiningar um raforkunotkun			1000	1000	
16. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
17. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
18. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
19. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
20. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
21. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
Flyt ...	4400	4400	387340	372540	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4400	4400	387340	372540	... ...
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar	200	.....	4600	4400	
22. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200	2800	2800	
23. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra. Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.					
24. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ...	600	.....	1400	800	
25. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
26. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
27. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
28. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
29. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
30. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
31. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
32. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
33. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ...			5000		
gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.					
Flyt ...			452440	431840	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	452440	431840	... ...
34. Til aðgerðar og endurbyggingar bryggju á Blönduósi, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar... ...	6000	... ...	
35. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
36. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
37. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
38. Styrkur til Einars Magnússonar í Vestmannaeyjum, til að fullgera bát til uppskipunar í brimi við sandana á suðurströnd landsins ... ... Styrkurinn borgist ekki út fyr en full reynsla þykir vera fengin fyrir því, að báturinn komi að tilætluðum notum.	... ...	5000	
39. Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.	6000	6000	
40. Til flugtilrauna Flugfjelagsins	15000	... ...	
41. Tillag til kolanáms í Gili í Hólshreppi. ...	12000	... ...	
42. Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	8000	... ...	
43. Til Sigurðar Jónssonar frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
44. Til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, í viðurkenningarskyni.	2000	... ...	
45. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	... ...	
46. Þórunnar Gísladóttur fyrverandi ljósmóður, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
47. Til Guðmundar Hjaltasonar í Tröð í Alftafirði, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska	1000	... ...	
48. Til Jóns Sturlaugssonar á Stokkseyri, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska	1000	... ...	
49. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	... ...	
Samtals ...	537740	442840	980580

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			... ...	... ...	
a. Embættismenn			29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn			15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar			1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur			5492,13	5492,13	
			52349,25	52349,25	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólívu Guðmundsson ...	175	175			
			525	525	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur...	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd....	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. -- Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
Flyt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50
13. Til Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd., 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	400			
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
16. — Þórunnar Stefánsd.	400	400			
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	300	300			
			5336	5336	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar . .	300	300			
3. — Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	300	300			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar	320	320			
12. — Pjeturs Guðmundss.	500	500			
			4480	4480	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Guðm. Kristjánssonar .	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Krákssonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1200	1200			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Elíesers Eiríkssonar ...	200	200			
			3300	3300	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50
2. Til Þorvalds Thoroddsens .	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar...	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1200	1200			
5. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	300			
6. — Önnu Thorlacius ...	300	300			
			9700	9700	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjeturdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið og auk þess 100 kr. á ári með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
5. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
7. — 3 barna hennar	300	300			
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	300			
			3000	3000	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu...	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur 300 kr. hvort árið og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	500	500			
5. Til ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
			2000	2000	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.					
j. Til Ingeborg Sigurjónsson			1000	1000	
			30838	30838	61676
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					246374,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefitirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefitirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt	2. gr.	kr. 9180000,00
——	3. —	— 736400,00
——	4. —	— 648000,00
——	5. —	— 47200,00
	Samtals ...	kr. 10611600,00

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr. 2068743,37
——	8. —	— 120000,00
——	9. —	— 246000,00
——	10. —	— 308100,00
——	11. —	— 595400,00
——	12. —	— 700270,00
——	13. —	— 3026250,00
——	14. —	— 1052846,15
——	15. —	— 455080,00
——	16. —	— 980580,00
——	17. —	— 6200,00
——	18. —	— 246374,50
——	19. —	— 40000,00
Tekjuafgangur er fyrst um sinn áætlaður		— 765755,98
	Samtals ...	kr. 10611600,00

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.

2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

22. gr.

Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. alt að 1000000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað,
2. alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu,
3. alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu,

til raforkustöðva og rafveitu.

Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækin muni bera sig og að bæjarfjelagið og sveitarfjelögin sjeu fær um að standa straum af þeim.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða fyrv. bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. og Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, sem og uppbót á þær fjárhæðir, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og enn að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu.

Ef Björn Sigurðsson lætur af bankastjórn og hefir eigi á hendi launað starf fyrir ríkið, skal bankanum heimilt að greiða honum 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(C. XXXII, 3).

Ed. **987. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum og afrjettum.

Frá fossanefnd.

Orðin »og afrjettum« falli burtu í fyrirsögn og meginmáli.

(B. LXXVIII, 10).

Nd. **988. Lög**

um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 26. sept.).

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

(B. LXXXII, 8).

Ed. **989. Lög**

um aðflutningsgjald af kolum.

(Afgreidd frá Ed. 26. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir skal greiða 10 kr. gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

(C. VI, 8).

Ed. **990. Þingsályktun**

um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

(Afgreidd frá Ed. 26. sept.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til, er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnorkunni.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr ríkissjóði, eftir því, sem nauðsyn krefur, og að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

(C. XXXII, 4).

Sþ. **991. Tillaga**

til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum.

(Eftir síðari umr. í Ed.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfjelagsins.

(B. XL, 6).

Ed. **992. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á prestsmötu.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar er nefndin gat farið að athuga þetta mál, komst hún fljótt að raun um, að alveg vöntuðu skilríki fyrir því, hvað óseldar prestsmötur næmu hárri upphæð og hver útkoman yrði hjá því opinbera að sölunni framkvæmdri.

Nefndin skrifaði því biskupi, sendi honum skjöl málsins og bað hann um skýrslu og umsögn um málið.

Það stóð nokkuð lengi á svari biskups, enda var hann að eins kominn heim úr ferðalagi og mun því hafa haft mörgu öðru að sinna, og svo var svarið, þegar það kom, einkar ítarlegt og vel rökstutt.

Af þessu, og sjerstökum önnum hjá skrifara nefndarinnar, hefir dregist umsögn vor um málið lengur en vjer hefðum óskað.

Nefndin hefir athugað brjef stjórnarráðsins, dagsett $^{22}/_{8}$ þ. á., til allsherjarnefndar neðri deildar, og sjeð á því, að kirkjumáladeildin álítur frumvarpið ekki nauðsynlegt, þó það sje skoðað frá hálfu kaupenda prestsmötunnar, þar sem menn eigi nú nægilega greiðan aðgang að því að fá prestsmötur keyptar fyrir mjög sanngjarnt verð, og verður nefndin að vera á sömu skoðun.

Nefndin lítur einnig svo á, að ekki sje unt að selja prestsmöturnar lægra verði en svo, að fyrir kílógrammið fáist 2 krónur að meðaltali á öllu landinu, en það getur alls ekki fengist með því að leggja verðlagsskrárnar til grundvallar fyrir sölunni síðastliðin 12 ár. Nefndin hefir athugað verðlagsskrárnar síðustu 10 árin, 1910—1919, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu yfir smjörverð þeirra, og er það að mun hærra en ef tekið hefði verið 12 ára meðaltalið, eins og frumvarp neðri deildar ákveður, en þrátt fyrir það fengist þó ekki nema kr. 222574,00 í staðinn fyrir kr. 237777,00, ef kílógrammið væri sett á 2 kr., yrði þá kr. 15203,00 undir því lægsta verði, sem mögulegt væri fyrir það opinbera að sleppa við skaðlaust.

Óseldar prestsmötur eru nú samkvæmt skýrslu biskups 10700 kg., og telur hann, að hefði hið upphaflega frumvarp neðri deildar orðið að lögum, þá hefði kirkjujarðasjóður skaðast um rúmar 100 þús. krónur.

Vjer leyfum oss að setja hjer kafla úr brjefi biskupsins til frekari skýringar.

»Þótt frumvarpið í sinni upphaflegu mynd, eins og það fyrst var flutt í háttvirtri Nd., sje nú úr sögunni, þykir rjett að taka það fram engu að síður, að hefði það fyrirkomulag verið lögfest, sem þar var farið fram á, þá hefði það, að því er mjer telst til, miðað við meðaltal verðlagsskrár hinna 5 síðustu ára, haft í för með sjer alt að 100000 kr. tjón fyrir kirkjujarðasjóðinn. Í sinni núverandi mynd er frumvarpið að vísu hvergi nærri eins óhagfelt fyrir kirkjujarðasjóðinn, en mundi þó hafa alltilfinnanlegt tjón í för með sjer, sem jeg sje ekki að bein ástæða sje til að baka hinu opinbera. Tólf fjórðunga prestsmata, sem bóndanum á Fitjum stóð til boða að fá afleysta fyrir 2400 kr. í fyrra (en það svarar til 89 aura verðlagsskrárverðs), en hann gat ekki gengið að þá, ætti í ár eftir hinu breytta frumvarpi að seljast á 2176,00 (miðað við 12 ára meðalverð verðlagsskrár á smjöri 1907—19), auk þess sem hann fengi greiðslunni jafnað niður á 10 ár. Nægir þessi niðurfærsla verðs til að sýna, að einnig eftir hinu nýja frumvarpi, eins og Nd. hefir gengið frá því, er um ekki svo lítið tjón að ræða fyrir hið opinbera.

Að öðru leyti get jeg skírskotað til brjefs hins háa stjórnarráðs, þar sem teknir eru fram helstu agnúarnir á frumvarpinu og sýnt fram á, hve vafningasamt og óheppilegt þetta hugsaða nýja fyrirkomulag við mötuaflausnir muni reynast.«

Alþingi, 26. sept. 1919.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.	Magnús Torfason.	Jóh. Jóhannesson, fundaskrifari.

Smjörverð eftir verðlagsskrá 1910—1919.

Ár	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Austur-Skaftafellssýsla	Vestur-Skaftafellssýsla	Vestmannaeyjasýsla	Rangárvallasýsla	Árnessýsla	Gullbringu- og Kjósarsýsla	Borgarfjarðarsýsla	Mýrasýsla	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	Dalasýsla	Barðastrandarsýsla	Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla	Strandasýsla	Húnavatnssýsla	Skagafjarðarsýsla	Akureyri og Eyjafjarðarsýsla	Þingeyjarsýsla
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1910	0,73	0,73	0,57	0,57	0,65	0,64	0,71	0,74	0,66	0,67	0,64	0,62	0,70	0,74	0,62	0,63	0,63	0,65	0,65
1911	0,74	0,74	0,61	0,57	0,67	0,66	0,70	0,74	0,65	0,66	0,64	0,60	0,70	0,74	0,62	0,65	0,64	0,66	0,66
1912	0,75	0,76	0,63	0,60	0,73	0,67	0,73	0,76	0,68	0,69	0,63	0,60	0,71	0,76	0,63	0,64	0,64	0,67	0,67
1913	0,77	0,77	0,63	0,63	0,70	0,69	0,74	0,80	0,69	0,71	0,66	0,62	0,63	0,78	0,66	0,65	0,65	0,68	0,68
1914	0,78	0,79	0,62	0,66	0,73	0,69	0,74	0,83	0,72	0,74	0,70	0,66	0,76	0,79	0,67	0,65	0,66	0,72	0,70
1915	0,79	0,78	0,64	0,65	0,75	0,69	0,76	0,83	0,75	0,75	0,71	0,67	0,77	0,83	0,68	0,65	0,67	0,73	0,71
1916	0,95	0,93	0,76	0,78	0,85	0,76	0,86	0,95	0,78	0,78	0,79	0,76	0,82	0,91	0,77	0,75	0,72	0,86	0,79
1917	1,04	1,06	0,87	0,75	1,00	0,95	1,03	1,16	0,92	0,97	0,94	0,87	0,92	1,03	0,89	0,87	0,90	1,02	0,96
1918	1,48	1,46	1,27	1,19	1,90	1,39	1,63	1,77	1,46	1,42	1,52	1,49	1,44	1,61	1,50	1,22	1,35	1,51	1,36
1919	2,79	2,63	1,68	2,08	2,50	2,36	2,92	3,10	2,30	2,75	2,44	2,40	2,43	2,68	2,51	2,19	2,16	2,29	2,19
Meðaltal .	1,08	1,07	0,83	0,85	1,05	0,95	1,08	1,17	0,96	1,01	0,97	0,93	0,99	1,09	0,96	0,89	0,90	0,97	0,94

Meðalverð allra meðalverða kr. 0,98 7/19.

(B. XX, 6).

Ed. **993. Lög**

um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 26. sept.).

1. gr.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum. Fyrir oddvitastarfið hefir hann þóknun úr bæjarsjóði eftir ákvæðum bæjarstjórnar, þó ekki minna en 500 kr.

3. gr.

Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.

Með samþykt má setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og má í samþykt kveða á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún þar um setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa.

4. gr.

Bæjarfulltrúar eru sex. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í kaupstaðnum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara tveir frá að tveimur árum liðnum, og svo ávalt tveir annaðhvert ár. Hverjir fari frá í fyrsta og annað skifti, skal vera komið undir samkomulagi eða hlutkesti.

Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

7. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, er kosningarrjett hafa. Skrá þá skal kjörstjórn semja; en kjörstjórar eru oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórn kýs. Kjörskrá skal liggja kjósendnm til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á kærurnar.

8. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan kosningu, á þann hátt, sem þing eða fundir eru alment boðaðir í kaupstöðum.

9. gr.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum sex ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi.

10. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan átta daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn álits kjörstjórnar um kæruna og leggur úrskurð sinn á málið innan átta daga. Innan fjórtán daga má kæra úrskurð bæjarstjórnar fyrir stjórnarráðinu.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hinar síðast leiðrjettu kjörskrár.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr

bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svifta hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafist.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

13. gr.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út yfir valdsvið hennar, sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt rita bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

14. gr.

Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

15. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingar-

mál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestr. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþyktar hafa í för með sjer; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð.

16. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt hafnarlögum.

17. gr.

Bæjarstjórn skipar bæjargjaldkera og aðra embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs um sáttamannsefni.

18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár kaupstaðarins. Innan 1. nóvember skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Því, sem á vantar til að standa straum af þörfum kaupstaðarins, skal jafnað niður á kaupstaðarbúa eftir efnum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal bæjarstjórnin ræða á tveim fundum með viku bili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar. Skal áætlunin síðan vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Hún skal lögð fram innan 15. nóvember kaupstaðarbúum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á kaupstaðarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

19. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá ársútsvarinu tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja aukaútsvar á þá atvinnu, þótt ekki sje hún rekin nema átta vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Á hvalveiði, selveiði, síldveiði, síldarkaup og síldarsölu, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á atvinnu útlendra og innlendra skipa við síldarverkun á höfninni, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt

engin ábúð fylgi, og á lóðarafnot, ef lóðarafnotin gefa einhvern arð, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

20. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að kaupstaðarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda þessum upplýsingum leyndum.

21. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa fimm menn, og skulu þeir kosnir í októbermánuði á sama hátt og bæjarfulltrúar. Þeir skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara tveir frá að þremur árum liðnum eftir samkomulagi eða hlutkesti. Um setu í niðurjöfnunarnefnd gildir að öðru leyti sama og fyr segir um bæjarstjórn, að því er við getur átt. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefnd kýs formann úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu og um bæjarstjórn, (sbr. 12. gr.).

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja kaupstaðarbúum til sýnis 1. til 15. desember á hentugum stað, er niðurjöfnunarnefnd auglýsir.

Kærur yfir niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefnd skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun niðurjöfnunarnefndarinnar má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar.

Hverjum, sem bæjargjald er gert, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum sje slept af skránni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að manni sje slept, skal honum gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fella úrskurð sinn.

Eigi má bæjarstjórn bæta manni á niðurjöfnunarskrá, nema gjald hans nemi að minsta kosti hinu lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldið lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr.

Aukaniðurjöfnun fer fram þegar bæjarstjórnin ákveður, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun

fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, er áður segir. Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma á sama hátt sem fyr greinir.

23. gr.

Verði ágreiningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og annars sveitar- eða bæjarfjelags um það, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, skal stjórnarráðið skera úr því.

Þykist einhver ekki vera skattskyldur í kaupstaðnum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

24. gr.

Öll bæjargjöld eftir aðalniðurjöfnun skulu goldin að helmingi fyrir 1. febrúar og að helmingi fyrir 1. ágúst. Þó skulu þeir, er eiga ekki heima í kaupstaðnum, en fara burt á gjaldárinu, hafa greitt útsvar sitt áður en þeir fara á brott; en útsvör eftir aukaniðurjöfnun skulu goldin eftir ákvæðum bæjarstjórnar í hvert sinn, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og líka allar aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig alfarinn úr kaupstaðnum innan ársloka, fellur alt það gjald niður, sem er lagt á hann sjálfan fyrir það ár, sem fer í hönd, ef maðurinn hefir greitt útsvar hjer á landi fyrir gjaldárið á undan. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem flytur sig inn í kaupstaðinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er að eins skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega oddviti bæjarstjórnar skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje tryggilega, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgiöld hans.

Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrjefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt, og hver sje hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri greiða neitt, nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim, er þau eiga undir.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem kaupstaðurinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smiðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórnarráðinu eða hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki beinlínis á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokin, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar. Lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kaupstaðarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi þrjú ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir og rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningi bæjarsjóðs innan mánaðar frá því að þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, sem úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum, svörum og úrskurðum. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með þarf, og ef nauðsyn

ber til getur stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglufirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með rafleiðslu og vatnsleiðslu bæjarins, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

Þurfi að taka vatn eða vatnsafl í landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hvers kyns mannvirkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartaka og torfrista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem slík mannvirki hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum.

34. gr.

Með samþykt þeirri, sem getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn kaupstaðarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þar með úr gildi numin 4.–37. gr. laga um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30, 22. nóvember 1918.

(C. XXXII, 5).

Sþ. **994. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Á eftir »almenningum« í meginmáli tillögunnar og sömuleiðis í fyrirsögn komi:

og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga.

(C. XXXII, 6).

Sþ. **995. Þingsályktun**

um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. sept.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfjelagsins.

(A. I, 118).

Ed. **996. Fjárlög**

fyrir árin 1920 og 1921.

(Afgreidd frá Ed. 26. sept.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100000	100000	
2. Húsaskattur	40000	40000	
3. Tekjuskattur	400000	400000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur	100000	100000	
			1280000
5. Aukatekjur	120000	120000	
6. Erfðafjárskattur	17000	17000	
7. Vitagjald	100000	100000	
8. Leyfisbrjefagjöld	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífselixír	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífselixír, sem hann á nú hjer á landi.			510000
Flyt ...	895000	895000	1790000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	895000	895000	1790000
10. Útflutningsgjald	600000	600000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade)	125000	125000	
12. Tóbakstollur	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur	525000	525000	
14. Vörutollur...	750000	750000	
15. Annað aðflutningsgjald	60000	60000	
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð.. ...	10000	10000	4940000
17. Stimpilgjald	500000	450000	950000
18. Pósttekjur...	200000	200000	400000
19. Símatekjur	550000	550000	1100000
Samtals ...	4615000	4565000	9180000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls ...	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	100	100	200
4. Tekjur af skipum	350000	350000	700000
Samtals ...	368200	368200	736400

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. er áætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka...			120000	70000	190000
2. — - Landsbankanum:					
a. Árgjald...	7500	7500			
b. Ágóðahluti	52000	60000	59500	67500	127000
Flyt ...			179500	137500	317000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	179500	137500	317000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum ...	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni	154000	... ...	154000
Samtals ...	422500	225500	648000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ...	1000	1000	2000
Samtals ...	23600	23600	47200

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr., tekið 1908 til 15 ára til símalagninga	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr., til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. ...	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt ...	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára, vextir ½ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr.	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. ...	54000		54000
12. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918 með 5 % vöxtum, 2½ milj. kr.	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. ...	50000	50000	100000
Samtals ...	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909	50000	50000	100000
3. — — — 1912	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917	8423,63	8850,07	17273,70
8. — skipakaupaláni	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918	100000		100000
Samtals ...	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
1. Til ráðherra:					
a. Laun	24000	24000			
b. Til risnu	2000	2000			
			26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra			10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar			43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum			6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum			2000	2000	
			94000	93000	187000
B. Hagstofa Íslands.					
1. Laun hagstofustjóra			3500	3500	
2. — aðstoðarmanns			2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ...			8000	7000	
4. Prentun eyðublaða			2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.			1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður			3300	4300	
			20800	20300	41100
Flyt ...			... ...	... ...	228100

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			... ...	... ...	228100
C.					
Gjöld í Kaupmannahöfn.					
1. Til sendiherra:					
a. Laun	12000	12000			
b. Til húsaleigu	2000	2000			
c. — risnu	2000	2000			
d. — skrifstofuhalds	12000	12000			
			28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála			12000	12000	
			40000	40000	80000
Samtals ...			... ...	... ...	308100

11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Dómgæsla og lögreglustjórn.					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna	76100	76200			
b. — hreppstjóra	18000	18000			
			94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:					
a. Laun	9000	9000			
b. Húsaleiga	1200	1200			
c. Hiti, ljós og ræsting	1500	1300			
d. Ýms gjöld	1000	800			
			12700	12300	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:					
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns	8600	8600			
b. Laun 3 tollvarða	8800	8800			
c. Húsaleiga	2400	2400			
d. Hiti og ljós	1800	1500			
e. Ýms gjöld	3400	3400			
			25000	24700	
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.					
Flyt ...			131800	131200	

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			131800	131200	
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa			5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			6000	6000	
6. Borgun til sjódómsmanna			600	600	
7. — - setu- og varadómara			400	400	
			143800	143200	287000
B.					
Ýmisleg gjöld.					
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	900	900			
b. Til pappírs og prentunar...	7000	7000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200	1200			
			9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	12000	12000			
b. Fyrir embættisskeyti	40000	40000			
			52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar			4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða			3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			500	500	
6. Til landhelgisgæslu			50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar			600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar... ...			5000		
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905			33000	30000	
			158200	150200	308400
Samtals ...			... ...	... ...	595400

12. gr.

Til gjalda við læknaskipunina er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostn. landlæknis, eftir reikningi	1000	1000	2000
3. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín	1500	1500	3000
Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að læknirinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsbúar leggi fram eigi minni upphæð í sama skyni.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 200 kr. á ári	600	600	1200
5. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Arneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis, til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1200
Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar læknir sest að í Reykjarfjarðarhjeraði.			
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	400	400	800
7. Styrkur til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar	200	200	400
8. Styrkur til Þingvallahreppsbúa til að vitja læknis...	200	200	400
9. Styrkur til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu til að vitja læknis	100	100	200
10. Styrkur til Grímseyinga til að vitja læknis	400	400	800
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja læknis	200	200	400
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja læknis	300	300	600
13. Styrkur til Holts- og Haganeshreppa til að vitja læknis	300	300	600
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu til að vitja læknis...	300	300	600
Styrkirnir til að vitja læknis greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastaðahrepps í Norðurmúlasýslu og Eiðahrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja læknis, til hvers hrepps 300 kr.	1500	1500	3000
16. Til núverandi aukalæknis á Ísafirði	4000	4000	8000
17. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	3000	3000	6000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð			
Flyt ...	96100	96100	192200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		96100	96100	192200
	að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að		500	500	1000
18.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Rvík		2000	2000	4000
19.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		2000	2000	4000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. ...		6000	6000	12000
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu		2000	2000	4000
22.	Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf ...		3000	.....	3000
23.	Holdsveikraspítalinn		73700	64700	138400
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun	9500 9500			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.				
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag)	27000 27000			
	3. Klæðnaður	2000 2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir ...	1800 1800			
	5. Eldsneyti	19000 15000			
	6. Ljósmeti	1200 1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld ...	1200 1200			
	8. Viðhald á húsum	1500 2500			
	9. Þvottur og ræsting	1000 1000			
	10. Greftrunarkostnaður ...	300 300			
	11. Skemtanir	500 500			
	12. Skattar o. fl.	1500 1500			
	13. Ýmisleg gjöld	1200 1200			
	14. Til Ólafs Hjaltesteðs, uppbót á vinnu við að setja miðstöðvarhitun í spítalann	6000			
		73700 64700			
24.	Geðveikrahælið á Kleppi		45100	41600	86700
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	3600 3600			
	B. Önnur gjöld:				
	1. Kaup starfsmanna ...	6860 6860			
	2. Viðurværi 82 manna (ca. 100 a. á dag) ...	30000 30000			
	Flyt ...	40460 40460	230400	214900	445300

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	40460	40460	230400	214900	445300
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	2500	2500			
4. Meðul og umbúðir ...	500	500			
5. Ljós og hiti	19000	15500			
6. Viðhald og áhöld ...	4000	4000			
7. Þvottur og ræsting ...	1000	1000			
8. Skemtanir	500	500			
9. Skattar m. m.	900	900			
10. Óviss gjöld	800	800			
	69660	66160			
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúklingum, 100 a. á dag 21900					
Meðgjöf með 2 sjúklingum, 200 a. á dag 1460					
Tekjur af búinu 1200					
	24560	24560			
Mismunur ...	45100	41600			
25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			74040	49330	123370
Sá kostnaður sundurliðast þannig:					
A. Laun læknis	4000	4000			
B. Laun aðstoðarlæknis, auk fæðis og húsnæðis	2000	2000			
C. Önnur gjöld:					
1. Kaup starfsmanna ...	16000	16000			
2. Viðurværi	78840	59130			
3. Lyf og hjúkrunargögn	3000	3000			
4. Ljós og hiti	30000	25000			
5. Þvottur og ræsting...	4000	4000			
6. Viðhald húsa	3000	3000			
7. Viðhald vjela	3000	3000			
8. Skattar og vátrygging	2000	2000			
9. Húsbúnaður og áhöld	4000	4000			
10. Flutningskostnaður...	3500	3500			
11. Óviss gjöld	1000	1000			
Flyt	154340	129630	304440	264230	568670

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	154340	129630	304440	264230	568670
Þar frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag	71175				
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag	9125				
	80300	80300			
Mismunur ...	74040	49330			
26. Til undirbúnings landsspítala			7500	7500	15000
27. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde« á Akureyri, alt að.			23000	.....	23000
28. Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði			2500	.....	2500
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni fjárhæð komi annarsstaðar frá.					
29. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	8000	8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.					
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstrar	.....	20000			
c. Bólusetningarkostnaður ...	1500	1500			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	8000	4000			
Af fyrra árs veitingu greiðast bæjarsjóði Vestmannaeyja 4000 krónur til endurgjalds kostnaði við varnir gegn mislingum árið 1916 (eftirgjöf á láni).					
Flyt ...	17500	33500	337440	271730	609170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	17500	33500	337440	271730	609170
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ...	1000	1000			
f. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	1500			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	3000			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.					
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur	4000	.....			
i. Til Guðmundar Thoroddsens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis	2000	2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga...	4200	4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.					
k. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu	200	.....			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti ...	1000	.....			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún«	1000	.....			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«.	1500	1500			
gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.					
Flyt . .	36900	46700	337440	271730	609170

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	36900	46700	337440	271730	609170
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer læknínga erlendis, alt að... ...	3000	3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.					
p. Til Kristjáns Símonarsonar á Hraunum til þess að leita sjer lækninga	1500	...	41400	49700	91100
Samtals ...			378840	321430	700270

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

A. Póstmál.			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Laun:					
a. Póstmeistara	4000	4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík	12100	12100			
2. Póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, alt að..	30000	30000			
c. Brjefhirðingarmanna	11000	11000			
			57100	57100	
2. Póstflutningur			100000	100000	
Af póstflutningafjenu má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri áætlun.					
Flyt ...			157100	157100	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		157100	157100	.....
3. Annar kostnaður:					
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara, eftir reikningi, alt að	5000	5000			
b. Skrifföng m. m.	1500	1500			
c. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur, alt að	8000	8000			
d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000			
e. Önnur gjöld	25000	25000			
f. Til uppbótar á launum póstmanna (annara en pósta og brjefhirða), sem ekki standa í launalögum, alt að ...	30000	30000			
			77500	77500	
			234600	234600	469200
B. Vegabætur.					
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:					
1. Vegamálastjóri:					
a. Laun	4000	4000			
b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
2. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	8000	8000			
3. Skrifstofukostnaður ...	4800	4800			
			18300	18300	
II. Flutningabrautir:					
1. Húnvetningabraut	10000	8000			
2. Skagfirðingabraut	5000	18000			
3. Grímsnessbraut	10000	20000			
4. Hvammstangabraut.. ...	10000	20000			
5. Viðhald flutningabrauta	35000	35000			
6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar... gegn því að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000			
			95000	126000	
	Flyt ...		113300	144300	469200

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		113300	144300	469200
III. Þjóðvegir:					
1. Stykkishólmsvegur... ...	20000	10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	20000	20000			
3. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	15000	15000			
4. Hróarstunguvegur	20000	10000			
5. Vallavegur í Fljótsdalshjeraði	.....	10000			
6. Vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur)	6000	6000			
7. Til þjóðvegar í Dalasýslu	6000	6000			
8. Öxnadalsvegur..	5000	5000			
9. Kjalarnesvegur..	.....	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu..	3000	.....			
11. Aðrar vegabætur og viðhald	32500	32500	127500	124500	
IV. Fjallvegir			12000	12000	
V. 1. Til áhalda...	15000	15000			
2. Til áhalda við endurbyggingu Flóabrautarinnar ...	30000	.....	45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.			50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting)..			1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...			300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu			.....	6000	
XI. Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergsstaðaey, gegn því, er til vantar, annarsstaðar frá (endurveiting)			.....	1000	
			349600	354600	704200
C.					
I. Til strandferða:					
1. Til strandferðaskipanna »Sterlings« og »Suðurlands«, eftir áætlunum, er ríkisstjórnin semur með samráði við Eimskipafjelag Íslands, alt að	75000	75000			
Flyt ...	75000	75000	.....	.....	1173400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	75000	75000	.....	.....	1173400
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. ...	100000	100000	175000	175000	
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:					
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg.ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.					
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.					
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærri en hjá Eimskipafjelagi Íslands.					
Landsstjórnin gangi ríkt eftir, að skilyrðum þessum sje fullnægt, og greiði því að eins styrkinn, að enginn misbrestur verði á því.					
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:					
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að	20000	20000			
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að	18000	18000			
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp, alt að	9000	9000			
4. Til Skaftfellingabáts, alt að	18000	18000			
5. Til vjelbátsferða við Rangársand, alt að ...	1800	1800			
6. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands, alt að	800	800			
7. Til Lagarfljótsbáts, alt að	800	800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að	800	800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að ...	300	300	69500	69500	
			244500	244500	489000
Flyt ...			.....	.....	1662400

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	... ...	1662400
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar fellst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II. lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni, hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
7. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferðum frá Reykjavík og til Reykjavíkur.			
Flyt ...	... ...	... ...	1662400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ..			.....	.....	1662400
D.					
Hraðskeyta- og talsímasamband.					
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)			35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o.fl.			20000	20000	
III. Til lagningar nýrra lína:					
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður			60000	.....	
b. Akureyri—Grenivík			28500	.....	
c. Blönduós—Kálfshamarsvík			56000	.....	
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) ...			.....	75000	
e. Búðardalur—Króksfjarðarnes			.....	90000	
Símalínurnar undir staflið c.—e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.					
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:					
1. a. Laun landsímastjóra	3500	3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500	1500			
2. Laun símaverkfræðings...	3200	3200			
3. Aðstoð og annar kostnaður	5000	5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000	50000			
5. Þráðlausa stöðin við Rvík	9000	9000			
6. Áhalda- og efnisvörður...	3000	3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	18000	20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímakerfinu	22000	22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu	13000	13000			
10. Símastöðin á Borðeyri...	8000	8000			
11. Símastöðin i Hafnarfirði, alt að	2500	2500			
12. Símastöðin i Vestmannaeyjum, alt að...	3500	3500			
13. Símastöðin i Flatey ...	2500	2500			
14. Símastöðin á Siglufirði...	3500	3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	2000			
16. Til símstöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á launum	1200	.....			
17. Gjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	18000	18000			
18. Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að	49000	49000			
			218400	219200	
Flyt ...			417900	439200	1662400

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			417900	439200	1662400
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna, eftir reikningi, alt að			6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna			50000	50000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			509450	530750	1040200
E.					
Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:					
1. Laun vitamálastjóra ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	4000	4000			
2. Til verkfróðrar aðstoðar	3000	3000			
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000	3000			
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	1500	1500			
			11500	11500	
II. 1. Laun vitavarða eftir launalögum áætluð	5000	5000			
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum. ...	9100	10550			
			14100	15550	
III. Rekstrarkostnaður vitanna			28200	31200	
IV. Bygging nýrra vita:					
1. Svalvogaviti	17500	.....			
2. Galtarviti ... ... Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði.	23500	.....			
3. Gjögurviti	35300	.....			
4. Hríseyjarviti ... ... Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það,	19000	.....			
Flyt	95300	.....	53800	58250	2702600

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	95300	.....	53800	58250	2702600
er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.					
5. Kambanesviti		20000			
6. Strætishornsviti	20000	.....			
7. Papeyjarviti	19000	.....			
Fjárveitingarnar til Strætishorns- og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.					
8. Stokksnesviti		35300			
9. Hvanneyjarviti	6000	.....			
			140300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa			3000	3000	
VI. Ýmislegt			5000	5000	
			202100	121550	323650
Samtals ...			... ...	... ...	3026250

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin.					
a. 1. Laun biskups	5000	5000			
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi..	1000	1000	6000	6000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. ...	1006,41	1006,41			
2. a. Til bráðabirgðauppbótar á brauðum	4000	3500			
b. Uppbót á árið 1919	500	.....			
3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsabótarkostnaði ...	1200	.....			
4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu.	10000	.....			
Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðareign.					
5. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum ...	5000	5000			
6. Framlag til prestlaunasjóðs ...	35000	35000			
7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju...		400			
Flyt ...	56706,41	44906,41	6000	6000	.. ....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt	56706,41	44906,41	6000	6000	.....
8. Ferðastyrkur handa prestum til að sækja Synodus	1200	1200			
			57906,41	46106,41	
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Arness-, Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Mýraprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.			63906,41	52106,41	116012,82
B.					
Kenslumál.					
I. Til háskólans:					
a. Laun			45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun			2550	2400	
c. Styrkur til dócents Magnúsar Jónssonar til rannsókna á kirkjusögu Íslands			1500	1500	
d. Aukakensla:					
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	1500	1500			
2. Til kennarans í lagalegri læknisfræði ...	500	500			
3. Til kennara í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum ...	3500	3500			
			5500	5500	
e. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	15000	15000			
2. Húsaleigustyrkur ...	7000	7000			
			22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efnalitlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.					
f. Til læknadeildar:					
1. Kaup kensluáhalda	800	800			
2. Umbúðir við ókeypis klinik	200	200			
			1000	1000	
g. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði			2000	2000	
h. Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla			1500	1500	
Flyt ...			81400	82533,33	116012,82

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		81400	82533,33	116012,82
i. Önnur gjöld:					
1. a. Laun ritara	800	800			
b. Dýrtíðaruppbót ...	500	500			
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið	1600	1600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1000	1000			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimikenslu við Mentaskólann	1200	1200			
4. Ýms gjöld...	1500	1500	6600	6600	
			88000	89133,33	177133,33
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum			8000	8000	16000
þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við háskóla Íslands. Af þessu fje fær Anna Bjarnadóttir, Sæmundssonar, jafnan styrk sem aðrir stúdentar.					
III. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			22000	22000	
b. Aðstoðarfje:					
1. Handa fimleikakennara ... ... Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.	1200	1200			
2. Til dyravarðar... ...	1000	1000			
3. a. Til söngkennara ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400	3200	3200	
c. Önnur gjöld:					
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til bókasafns skólapilta	200	.....			
3. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	5000			
4. Til skólahússins utan og innan	3000	2000			
Flyt ...	10100	7400	25200	25200	309146,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	10100	7400	25200	25200	309146,15
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	11500	11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum	1800	1800			
7. Námsstyrkur	2000	2000			
8. Læknisþóknun ...	200	200			
9. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
10. Ýmisleg gjöld... ...	2000	2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örkina	1000	1000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka...	100	100			
			29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórnin, í samráði við kennara skólans, aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.					
			54300	51600	105900
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur gjöld:					
1. a. Til aukakennara þriggja	2400	2400			
b. Dýrtíðaruppbót ...	1600	1600			
2. Tímakensla	1800	1800			
Flyt ...	5800	5800	9600	9600	415046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5800	5800	9600	9600	415046,15
3. Til bóka og kensluáhalda	1000	1000			
4. Til eldiviðar og ljósa	2000	2000			
5. Námsstyrkur	800	800			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. a. Til dyravörslu ...	600	600			
b. Dýrtíðaruppbót ...	400	400			
7. Til skólahússins utan og innan	6000	2000			
8. Til ýmislegra gjalda...	1000	1000	17600	13600	
			27200	23200	50400
V. Kennaraskólinn:					
a. Laun			7000	7000	
Þar af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur gjöld:					
1. Tímakensla	2500	2500			
2. Eldiviður og ljós ...	4000	3600			
3. Bókakaup og áhöld...	300	300			
4. Námsstyrkur	3000	3000			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
5. Til viðhalds	1000	1000			
6. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			12800	12400	
			19800	19400	39200
VI. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4400	4400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	8600	8600			
Flyt ...	8600	8600	4400	4400	504646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	8600	8600	4400	4400	504646,15
2. Til útgáfu íslenskrar siglingafræði	2000	2000			
3. Til eldiviðar og ljósa	4000	3500			
4. Ýmisleg gjöld	2000	2000			
			16600	16100	
			21000	20500	41500
VII. Til vjelstjóraskólans:					
a. Laun			2400	2400	
b. Önnur gjöld:					
1. Til tímakenslu	1500	1500			
2. Húsnæði m. m. ...	1200	1200			
3. Ljós og hiti	1000	800			
4. Ýmiss kostnaður ...	500	500			
			4200	4000	
			6600	6400	13000
VIII. Til bændakenslu:					
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkennara	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og drátt-listarkenslu	1000	1000			
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1000	1000			
5. Til undirbúnings raforkuveitu... ...	.....	5000			
			11200	15700	26900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2700	2700			
b. 1. Til aðstoðarkenslu	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót ...	600	600			
c. Til smíða- og leikfimi-kenslu	800	800			
Flyt ...	5100	5100	... ...	... ...	586046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	5100	5100	... ...	... ...	586046,15
d. Önnur gjöld:					
1. Til verklegs náms, alt að	1400	1400			
2. Til kensluáhalda...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
4. Ýmisleg gjöld ...	1500	1500			
			11500	11000	22500
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.					
3. Til skólahalds á Eiðum:					
a. Laun	4600	4600			
b. Til aðstoðarkenslu ...	2000	2000			
c. Önnur gjöld:					
1. Til búnaðarnáms	1200	1200			
2. Til kensluáhalda	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	3000	2500			
			11300	10800	22100
IX. Til iðnfræðslu:					
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Rvík,					
Flyt ...			... ...	... ...	630646,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		... ...	... ...	630646,15
undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	6000			
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	1000	1000			
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	1000	1000			
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds	600	600			
			8600	8600	17200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.					
X. Til verslunarskóla:					
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	9000	9000			
b. Til sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	7000	7000			
			16000	16000	32000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:					
1. Laun forstöðumanns ...	1000	1000			
2. Til verklegrar kenslu:					
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Reykjavík...	900	900			
b. Annar kostnaður, alt að	400	400			
3. Styrkur til námskvenna	3000	3000			
4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	5600	5600	11200
	Flyt ...		.....	.....	691046,15

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt ...		...	...	691046,15
XII. Til kvennaskóla:					
1. a. Til kvennaskólans í Reykjavík, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	14000	14000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	2000	2000			
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600			
2. a. Til kvennaskólans á Blönduósi, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði	8000	8000			
b. Til sama skóla, 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að...	1400	1400			
			26000	26000	52000
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.					
XIII. Til almennrar barnafræðslu:					
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 12000 kr.			35000	35000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti, til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. Af styrknum veitist 1000 kr. til barnaskólans á Ísafirði fyrir skólaárið 1917 til 1918.					
2. Til farskóla, alt að 300 kr. til hvers, og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps			25000	25000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða					
	Flyt ...		60000	60000	743046,15

	1921	1920	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	60000	60000	743046,15
fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða í kauptúnum og sjávarþorpum, og heimavistarskóla í sveitum, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsunum	20000	20000	
4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2500	2500	
5. Til prófdómara við barnapróf	4200	4200	
6. Til framhaldskenslu handa kennurum	1500	1500	
7. Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2500	2500	
Styrkurinn er veittur með því skilorði, að styrkþegi sendi stjórninni skýrslu um för sína ásamt vottorðum.			
8. Til Skólablaðsins	800	800	
9. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3600	3600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að	1000	1000	
	96100	96100	192200
XIV. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	28000	28000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólanum á Núpi í Dýrafirði 4000 kr. á ári, Hvítárbakkaskólanum 4500 kr., Hvammstangaskólanum 3000 kr. og skólunum á Ísafirði og Seyðisfirði og í Húsavík 2000 kr. hverjum.			
Flyt ...	28000	28000	935246,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	28000	28000	935246,15
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	15000	15000	
c. Til lýðskólans í Bergstaðastræti	600	600	
	43600	43600	87200
XV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	1600	1600	3200
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7000	7000	14000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.			
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá...	1000	1000	2000
XVIII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a-lið, og til aðstoðar við að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	1500	
c. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ...	2500	2500	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sund-			
Flyt ...	4300	4300	1041646,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4300	4300	1041646,15
kenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimikennara, til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi ...	800	800	
	5100	5100	10200
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1500	1500	3000
Samtals ...	... ...	... ...	1054846,15

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun landsbókavarðar ...	3000	3000			
b. Laun 1. bókavarðar	2000	2000			
c. Laun 2. bókavarðar	1200	1200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. 1. Laun skrásetjara handritasafns landsbókasafnsins og spjaldskrár..	2400	2400			
2. Dýrtíðarupp.	1600	1600			
e. 1. Til aðstoðar á lestrarsal...	1000	1000			
2. Dýrtíðaruppbót...	700	700			
f. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	10000	10000			
Þar af 1000 kr. hvort árið, sem 3. og 4. greiðsla af andvirði söngfræðasafns					
Flyt ...	21900	21900	... ...	... ..	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	21900	21900	... ...	... ...	... ...
Jónasar heitins Jónssonar háskóladyravarðar.					
g. Til þess að gefa út handritaskrá safnsins...	2400	2400			
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
i. Húsaleiga 1920 og 1921 ...	180	180			
j. Ýmisleg gjöld	1000	1000			
			25840	25840	
2. Þjóðskjalasafnið:					
a. Laun yfirskjalavarðar ...	3000	3000			
b. Laun aðstoðarskjalavarðar	1400	1400			
c. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	2000	2000			
d. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	250			
e. Til þess að ljósmynda og afrita þau skjöl og heimildir, sem varða Ísland og finnast í söfnum erlendis..	1500	1500			
			8150	8150	
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:					
a. 1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)... ...	1800	1800			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar	600	600			
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1800	1800			
c. Til að útvega forngripi, alt að	2000	2000			
d. Til áhalda og aðgerða ...	600	600			
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	3000	3000			
f. Til að semja skýrslur um safnið frá 1876	300	300			
g. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1200	1200			
h. Til aðgerðar á Þingvöllum..	5000	5000			
			16300	16300	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
Flyt ...			50290	50290	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			50290	50290	.....
4. Náttúrufræðifjelagið...			1800	1800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.					
5. Landsbókasafnshúsið:					
a. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar o. fl.	5000	4500			
b. Til dyravarðar..	1400	1400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ...	1000	1000			
			7400	6900	
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði			2500	2500	
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði			1500	1500	
8. Til Hins íslenska bókmentafjelags			3500	3500	
Styrkaukanum, 1500 kr. hvort ár, skal varið til að flýta útgáfu á Íslandslýsingu eftir Þorvald Thoroddsen.					
9. Til Þjóðvinafjelagsins			750	750	
10. Til Fornleifafjelagsins			800	800	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.					
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að...			1500	1500	
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni...			800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.					
13. Utanfararstyrkur til þjóðskjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu íslensks fornbrjefasafns...			5000	... ...	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra			2000	2000	
15. Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873			1000	1000	
Flyt ...			78840	73340	.....

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			78840	73340	.....
16. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 60 kr. fyrir hverja örk			600	600	
17. Til Dansk-Islandsk Samfund			1000	1000	
18. Til fjelagsins »Íslendingur«, til að viðhalda andlegu sambandi og kynningu við Íslendinga vestan hafs			8000	3000	
19. Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns			1000	1000	
20. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, ...			4000	4000	
21. a. Styrkur til skálda og listamanna			20000	20000	
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje, einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.					
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust			1200	1200	
22. a. Til Sigfúsar Einarssonar organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi.	1100	1100			
b. Dýrtíðaruppbót	700	700			
			1800	1800	
23. Til undirbúnings íslenskrar orðabókar:					
a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum	4800	4800			
b. Til Jakobs Jóh. Smára í sama tilgangi	4000	4000			
c. Til Þórbergs Þórðarsonar, til að safna orðum úr íslensku alþýðumáli í sama tilgangi	1800	1800			
Söfnin sjeu eign landsins.			10600	10600	
Flyt ...			127040	116540	.....

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	127040	116540	... ...
24. Til Sigfúsar Blöndals bókavarðar, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók ... ... Þetta er lokaveiting.	15000	15000	
25. Til Geirs T. Zoëga, til nýrrar, aukinnar útgáfu íslensk-enskrar orðabókar	5000	... ...	
26. Til Halldórs bókavarðar Briems, til þess að semja og fullgera íslenska málfræði (nútíðarmálsins)...	1000	1000	
27. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum enda sje handritið eign landsins að honum látnum.	2000	2000	
28. Til sama, utanfararstyrkur til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega áhrærandi æfisögur lærðra manna íslenskra síðan um siðaskiftin... ...	... ...	5000	
29. Til Bjarna Sæmundssonar, skólakennara, til fiskirannsókna	600	600	
30. Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins	4000	4000	
31. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna	4000	4000	
32. Til Guðmundar G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna	1800	1800	
33. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt...	1200	1200	
34. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu	600	600	
35. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum	600	600	
36. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana	600	600	
37. Til Sigfúsar Sigfússonar, frá Eyvindará, til þess að endurbæta og fullgera þjóðsagnasafn sitt	600	600	
38. Til Boga Th. Melsted, til að rita Íslandssögu	800	800	
39. Til Páls Eggerts Ólasonar, til rannsókna um sögu og bókmentir Íslands frá upphafi prentaldar út siðskiftaöld	1800	1800	
Flyt ...	166640	156140	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...		166640	156140	... ...
40. Til Pjeturs Zóphóníassonar, til að ljúka við sjóðarannsóknir Jóhanns Kristjánssonar ...		800	... ...	
41. Til landskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		550	550	
42. Til veðurathugana og veðurskeyta		43300	18800	
43. Til jarðeðlisrannsókna í sambandi við norðurför Roalds Amundsens		5500	1500	
44. Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavík og á Akureyri ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist stúdentafjelaginu á Akureyri 300 kr. hvort árið.		1000	1000	
45. Til Hins íslenska kennarafjelags, til alþýðufyrirlestra um uppeldismál ... ... Styrkur þessi er þeim skilyrðum bundinn, *að* $^3/_4$ hlutar fyrirlestranna sjeu haldnir í sveitum og komi sem jafnast niður, *að* ferðakostnaður fyrirlesaranna greiðist ekki af þessari upphæð, og *að* fjelagið geri stjórninni grein fyrir framkvæmdum sínum.		500	500	
46. Til Reykjavíkurdeildar Norræna stúdentasambandsins, styrkur til að senda fulltrúa á stjórnarfundi erlendis		600	600	
47. Til blaðamannafjelags Reykjavíkur, til þess að senda fulltrúa á ritstjórafund Norðurlanda		1600	... ...	
48. Til Bræðrasjóðs Mentaskólans		1000	1000	
49. Til Listvinafjelags Íslands		1000	1000	
50. Styrkur til Bandalags kvenna í Reykjavík til að senda fulltrúa á fund Alþjóðaráðs kvenna, sem halda á í Noregi		2000	... ...	
51. Til Íþróttasambands Íslands		1000	1000	
52. Til sama, til að senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Antwerpen 1920...		12000	... ...	
53. Utanfararstyrkur til eftirfarandi kennara, til að framast hver í sinni grein:				
a. Til cand. theol. Ásgeirs Ásgeirssonar	2000			
b. Til cand. theol. Freysteins Gunnarssonar	4000			
Flyt ...	6000	237490	182090	... ...

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
Flutt ...	6000	237490	182090	.. ....
c. Til Guðmundar Ólafssonar á Sörlastöðum	2000			
d. Til Guðmundar Jónssonar teiknikennara	2500			
e. Til Arnórs Sigurjónssonar kennara, viðbótarstyrkur ...	400			
		10900	... ...	
54. Til Guðmundar Marteinssonar, til að ljúka námi við Norges tekniske Højskole í Þrándheimi		1200	1200	
55. Til Trausta Ólafssonar, til að ljúka efnafræðinámi		2000	... ...	
56. Til Helga H. Eiríkssonar, til að ljúka námi í rafmagnsfræði		700	... ...	
57. Til cand. polit. Jóns Dúasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer bankafyrirkomulag í Vesturheimi og víðar		6000	... ...	
Auk þess veitist stjórn Landsbankans heimild til að greiða til sama 6000 kr. árið 1920.				
58. Til Eyjólfs Björnssonar, til raffræðináms í Gautaborg		1000	1000	
59. Til Jóns Eyþórssonar, til veðurfræðináms í Kristjaníu		2000	2000	
60. Til Sigurðar Sigurðssonar frá Hoffelli, til að kynna sjer samvinnumál í Englandi		1500	... ...	
61. Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsagerðarlist		1500	1500	
62. Til Jóhannesar Helgasonar, utanfararstyrkur til fullkomnunar í myndskurði		2000	... ...	
Samtals ...		266290	187790	454080

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			180000	180000	
2. Til búnaðarfjelaga ... ... Styrkurinn skiftist á milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu.			30000	30000	
3. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar, alt að Skeiðamenn haldi við sandgræðslugirðingum þeim, sem nauðsynlegar eru áveitunnar vegna, án sjerstaks styrks af landsfje.			3000	... ...	
4. Til áveitu í Óslandshlíð í Skagafirði, alt að þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.			5000	... ...	
5. Til uppbótar á samningsvinnu við skurðgröft í Miklavatnsmýri			3000	... ...	
6. Til sandgræðslu ... ... Til styrkveitinga af lið þessum sitja þeir fyrir, sem leggja fram eða hafa lagt helming kostnaðar eða þaðan af meira.			10000	10000	
7. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra			5000	5000	
8. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3000	3000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu	12000	12000			
			15000	15000	
9. Til framhalds landmælinga			30000	30000	
10. Til Jóns Guðmundssonar ostagerðarmanns, til Noregsferðar...			2000	... ...	
11. Til dýralækninga:					
a. Laun handa 4 dýralæknum	6000	6000			
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400	400			
c. Upppbót á lögákveðinn taxta dýralækna fyrir árið 1918...	1200	.....			
d. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	500			
e. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis ... Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	800	800			
f. Styrkur til að gefa út dýralækningabók, 75 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	.....	2400	8900	10100	
Flyt ...			291900	280100	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...			291900	280100	... ...
12. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...			600	600	
13. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:					
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	4000	4000			
Af þessum lið greiðist Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi 1000 kr. á ári á meðan hann gegnir þessum störfum, eins og nú, og hið ákveðna hundraðsgjald.					
b. Til gerlarannsókna	2400	2400			
c. Til húsaleigu	940	940			
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500			
e. Til að kaupa málmbræðsluofna	1000	.....	8840	7840	
14. Styrkur til manns, til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:					
a. Laun	3000	3000			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	1000			
c. Skrifstofufje	600	600	4600	4600	
15. Til leiðbeiningar um raforkunotkun			1000	1000	
16. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis			4000	4000	
17. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands			6000	6000	
18. Til Fiskifjelagsins			60000	60000	
Þar af skal taka laun og ferðakostnað sendimanns og auk þess 500 kr. hvort árið til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum undir umsjón fjelagsins.					
19. Skaðabætur til skipverja á Gullfaxa			2000	... ...	
20. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8000	8000			
b. Til ferðakostnaðar, eftir reikningi, alt að	400	400	8400	8400	
21. a. Laun 4 yfirmatsmanna á gæðum síldar	4000	4000			
b. Ferðakostnaður m. m. ...	400	400			
Flyt ...	4400	4400	387340	372540	... ...

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	4400	4400	387340	372540	... ...
c. Til Jakobs Björnssonar, uppbót gamals utanfararkostnaðar	200	.....	4600	4400	
22. a. Laun 4 yfirullarmatsmanna	1600	1600			
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi, alt að	1200	1200	2800	2800	
23. Til heimilisiðnaðar			5000	5000	
Veitt heimilisiðnarfjelögum með því skilyrði, að þau vinni saman og hafi sameiginlegan framkvæmdarstjóra. Af þessum lið gangi 600 kr. á ári til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.					
24. a. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara	800	800			
b. Uppbót fyrir liðinn tíma ...	600	.....	1400	800	
25. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu			2000	2000	
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.					
26. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd			500	500	
27. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi til að halda þar uppi bygð og gisting ...			500	500	
28. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina ...			200	200	
29. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...			100	100	
30. Til bjargráðasjóðs			20000	20000	
31. Til landhelgisjóðs			20000	20000	
32. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:					
a. Laun forstöðumanns	2500	2500			
b. Ferðakostnaður	500	500	3000	3000	
33. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ...			5000		
gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, og má þar til telja það, sem þegar hefir verið lagt fram í þessu skyni, til framlengingar svo nefndri »Eyri«.					
Flyt ...			452440	431840	... ...

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	452440	431840	... ...
34. Til aðgerðar og endurbyggingar bryggju á Blönduósi, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar... ...	6000	... ...	
35. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð (endurveiting), þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	3500	... ...	
36. Til bryggjugerðar á Blönduósi ... ... þó eigi yfir þriðjung kostnaðar.	18000	... ...	
37. Styrkur til Stykkishólmsbryggju (eftirgjöf á láni)	8800	... ...	
38. Styrkur til Einars Magnússonar í Vestmannaeyjum, til að fullgera bát til uppskipunar í brimi við sandana á suðurströnd landsins ... ... Styrkurinn borgist ekki út fyr en full reynsla þykir vera fengin fyrir því, að báturinn komi að tilætluðum notum.	... ...	5000	
39. Til »Byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags«, 5% byggingarkostnaðar hvort árið, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.	6000	6000	
40. Til flugtilrauna Flugfjelagsins	15000	... ...	
41. Tillag til kolanáms í Gili í Hólshreppi. ...	12000	... ...	
42. Til steinsteypubryggju á Kópaskersvogi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... Kaupfjelagi Norður-Þingeyinga er veittur styrkurinn, og skal bryggjan vera til almenningsnota.	8000	... ...	
43. Til Sigurðar Jónssonar frá Litla-Lambhaga, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
44. Til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, í viðurkenningarskyni.	2000	... ...	
45. Til Bríetar Bjarnhjeðinsdóttur, í viðurkenningarskyni	2000	... ...	
46. Þórunnar Gísladóttur fyrverandi ljósmóður, í viðurkenningarskyni	500	... ...	
47. Til Guðmundar Hjaltasonar í Tröð í Álftafirði, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska	1000	... ...	
48. Til Jóns Sturlaugssonar á Stokkseyri, í viðurkenningarskyni fyrir bjargráð við menn í sjávarháska	1000	... ...	
49. Til Þorvarðs Bergþórssonar, í viðurkenningarskyni fyrir hreppstjórn o. fl.	1000	... ...	
Samtals ...	537740	442840	980580

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 6200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:					
a. Embættismenn			29612,09	29612,09	
b. Embættismannaekkjur og börn			15723,53	15723,53	
c. Uppgjafaprestar			1521,50	1521,50	
d. Prestsekkjur			5492,13	5492,13	
			52349,25	52349,25	104698,50
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:					
a. Embættismenn.					
1. Til Ásgeirs Blöndal, læknis	250	250			
2. Til Þorvalds Pálssonar, læknis	300	300			
			550	550	
b. Embættismanna ekkjur og börn.					
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150	150			
2. Til Magneu Ásgeirsson, læknisekkju	200	200			
3. Til Ólívu Guðmundsson ...	175	175			
			525	525	
c. Uppgjafaprestar.					
1. Til Gísla Kjartanssonar ...	800	800			
2. — Stefáns Stephensens ...	147	147			
			947	947	
d. Prestsekkjur.					
1. Til Ástu Þórarinsdóttur ..	130	130			
2. — Auðar Gísladóttur ...	300	300			
3. — Bjargar Einarsdóttur	500	500			
4. — Guðrúnar Björnsd. ...	300	300			
5. — Guðr. J. Jóhannesd ...	300	300			
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100	100			
7. — Guðrúnar Pjetursd. ...	300	300			
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300	300			
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300	300			
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300	300			
11. — Kirstínar Pjetursdóttur	300	300			
12. — KristínarSveinbjörnsd.	300	300			
Flyt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt ...	3430	3430	2022	2022	104698,50
13. Til Ragnheiðar Jónsdóttur	106	106			
14. — Sigrúnar Kjartansd., 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400	400			
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
16. — Þórunnar Stefánsd.	400	400			
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	300	300			
			5336	5336	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn.					
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300	300			
2. — 3 barna hennar . .	300	300			
3. — Bjargar Jónsdóttur ...	300	300			
4. — Guðlaugar Zakaríasd.	360	360			
5. — Hjartar Snorrasonar...	500	500			
6. — Jónasar Eiríkssonar...	500	500			
7. — Magnúsar Einarssonar	500	500			
8. — Elínar Briem Jónsson	300	300			
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur...	300	300			
10. — 3 barna hennar ...	300	300			
11. — præp. hon. Janusar Jónssonar	320	320			
12. — Pjeturs Guðmundss.	500	500			
			4480	4480	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:					
1. Til Árna Gíslasonar... ...	300	300			
2. — Guðm. Kristjánssonar .	300	300			
3. — Böðvars Jónssonar ...	100	100			
4. — Hallgríms Krákssonar	200	200			
5. — Jóhanns Jónssonar ...	200	200			
6. — Þóru Matthíasdóttur...	300	300			
7. — Daníels Jónssonar ...	200	200			
8. — Jens Þórðarsonar ...	100	100			
9. — Friðriks Möllers... ...	1200	1200			
10. — Kristínar Jóelsdóttur...	200	200			
11. — Eliesers Eiríkssonar ...	200	200			
			3300	3300	
g. Eftirlaun og styrktarfje til ritstarfa.					
1. Til Matth. Jochumssonar...	2400	2400			
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flyt ...	2400	2400	15138	15138	104698,50
2. Til Þorvalds Thoroddsens .	2000	2000			
3. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500	3500			
4. — Valdimars Briems ...	1200	1200			
5. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300	300			
6. — Önnu Thorlacius ...	300	300			
			9700	9700	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda.					
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300	300			
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200	200			
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	600			
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr. hvort árið og auk þess 100 kr. á ári með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700	700			
5. — Guðrúnar Sigurðard....	300	300			
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300	300			
7. — 3 barna hennar	300	300			
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300	300			
			3000	3000	
i. Styrktarfje ýmsra starfsmanna og ekkna.					
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spitalaforstöðukonu ..	400	400			
2. Til Marie Katrine Jónsson	300	300			
3. Til Sigurðar Eiríkssonar, fyrv. regluboða	500	500			
4. Til Petreu Jónsdóttur 300 kr. hvort árið og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð...	500	500			
5. Til ekkju Guðm. Hjaltasonar, Hólmfríðar Björnsd.	300	300			
			2000	2000	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.					
j. Til Ingeborg Sigurjónsson			1000	1000	
			30838	30838	61676
III. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000	40000	80000
Samtals ...					246374,50

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 40000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefitirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefitirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði:

Samkvæmt	2. gr.	kr. 9180000,00
——	3. —	— 736400,00
——	4. —	— 648000,00
——	5. —	— 47200,00
	Samtals ...	kr. 10611600,00

En til gjalda árin 1920 og 1921 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr. 2068743,37
——	8. —	— 120000,00
——	9. —	— 246000,00
——	10. —	— 308100,00
——	11. —	— 595400,00
——	12. —	— 700270,00
——	13. —	— 3026250,00
——	14. —	— 1054846,15
——	15. —	— 454080,00
——	16. —	— 980580,00
——	17. —	— 6200,00
——	18. —	— 246374,50
——	19. —	— 40000,00
	Tekjuafgangur er fyrst um sinn áætlaður	— 764755,98
	Samtals ...	kr. 10611600,00

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 4 % vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6 % á ári í 28 ár.

2. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5 % vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5 % í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Ísafirði 90000 kr. til raflýsingar. Lánið ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
6. Patrekshreppi 30000 kr. til rafveitu.

   Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

   Enn fremur að lengja lánstíma áður veitts láns til sama hrepps úr 30 árum upp í 40 ár.
7. Davíð Stefánssyni í Fornahvammi 3000 kr., til gistihússbyggingar á jörð sinni. Lánið veitist gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það ávaxtast með 5 % og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
8. Til Árneshrepps í Strandasýslu 15000 kr., gegn 5% ársvöxtum. Lánið er veitt gegn ábyrgð sýslunnar og endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

22. gr.

Landsstjórninni er veitt heimild til að kaupa Ólafsdal í Dalasýslu fyrir sanngjarnt verð.

Landsstjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. alt að 1000000 kr. lán fyrir Akureyrarkaupstað,
2. alt að 300000 kr. lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu,
3. alt að 100000 kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu,

til raforkustöðva og rafveitu.

Ábyrgðarheimildin skal bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækin muni bera sig og að bæjarfjelagið og sveitarfjelögin sjeu fær um að standa straum af þeim.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða fyrv. bankagjaldkera Stefáni Stephensen 600 kr. og Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, sem og uppbót á þær fjárhæðir, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og enn að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu.

Ef Björn Sigurðsson lætur af bankastjórn og hefir eigi á hendi launað starf fyrir ríkið, skal bankanum heimilt að greiða honum 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1919 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Ferðaáætlun Sterlings 1920-21.

(Samin af samvinnunefnd samgöngumála).

Frá Reykjavík vestur um land

Viðkomustaðir	1	3	5	6	8	9
	apríl	maí	júní	júlí	ág.	okt.
Frá Reykjavík	1	8	17	5	29	...
— Sandi	1	...	...	5	29	...
— Ólafsvík	1	8	17	...	29	...
— Stykkishólmi	2	9	17	...	30	...
— Flatey	2	...	18	...	30	...
— Patreksfirði	3	9	18	...	31	...
— Tálknafirði	3	...	18	...	31	...
— Bíldudal	3	...	19	6	31	...
— Dýrafirði	4	9	19	...	sept. 1	...
— Önundarfirði	4	...	19	...	1	...
— Súgandafirði	4	...	19	...	1	...

Frá Reykjavík austur um land

Viðkomustaðir	1	2	4	7	8	10
	apríl	apríl	maí	ág.	sept.	okt.
Frá Reykjavík	...	15	30	10	...	10
— Hafnarfirði	...	15	30	10	...	10
— Keflavík	...	15	30	...	...	...
— Stokkse. eða Eyrarb.	...	16	...	10	...	...
— Vestmannaeyjum ...	...	16	31	11	..	11
— Vík	...	17	...	11	...	...
— Djúpavogi	...	18	júní 1	12	...	12
— Breiðdalsvík	...	18	...	12	...	12
— Stöðvarfirði	...	18	...	13	...	12
— Fáskrúðsfirði.....	...	19	1	13	...	13
— Reyðarfirði...	...	19	2	13	...	13

Ferðaáætlun Sterlings 1920—21 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land

Viðkomustaðir	1	3	5	6	8	9
	apríl	maí	júní	júlí	sept.	okt.
Frá Ísafirði	6	11	21	7	3	...
— Norðurfirði	...	11	...	...	...	...
— Reykjarfirði	...	11	...	...	...	...
— Hólmavík	...	12	21	8	...	...
— Bitrufirði	...	...	...	...	...	...
— Borðeyri	...	12	...	...	...	...
— Hvammstanga	...	13	22	8	...	...
— Blönduósi	...	13	22	8	...	...
— Skagaströnd	...	14	...	...	...	...
— Sauðárkróki	...	14	22	9	...	...
— Siglufirði	...	15	23	9	...	...
— Akureyri	...	17	25	10	...	...
— Húsavík	...	17	25	11	...	...

Frá Reykjavík austur um land

Viðkomustaðir	1	2	4	7	8	10
	apríl	apríl	júní	ág.	sept.	okt.
Frá Eskifirði	...	20	2	14	...	14
— Norðfirði	...	20	2	14	..	14
— Mjóafirði	...	20	...	14	...	14
— Seyðisfirði	...	22	3	16	...	16
— Borgarfirði	...	22	...	...	...	16
— Vopnafirði	...	22	...	16	...	16
— Bakkafirði	...	23	...	...	...	17
— Þórshöfn	...	23	...	...	...	17
— Raufarhöfn	...	23	...	...	..	18
— Kópaskeri	...	24	...	...	...	18
— Húsavík	...	24	4	17	...	19
— Akureyri	...	26	6	19	...	21
— Siglufirði	...	26	6	19	...	21

Frá Reykjavík vestur um land

Viðkomustaðir	1	3	5	6	8	9
	apríl	maí	júní	júlí	sept.	okt.
Frá Kópaskeri	...	17	...	11	...	...
— Raufarhöfn	...	...	...	12	...	Frá útlöndum
— Þórshöfn	...	18	...	12	...	
— Vopnafirði	...	18	...	...	...	
— Borgarfirði	...	...	..	...	...	
— Seyðisfirði	...	20	27	14	...	1
— Mjóafirði	...	20	...	...	...	...
— Norðfirði	...	20	27	14	...	1
— Eskifirði	...	21	27	14	...	1
— Reyðarfirði	...	21	28	15	...	2
— Fáskrúðsfirði	...	21	...	15	...	2
— Stöðvarfirði	...	22	...	15	...	2
— Breiðdalsvík	...	22	...	16	...	...

Frá Reykjavík austur um land

Viðkomustaðir	1	2	4	7	8	10
	apríl	apríl	júní	ág.	sept.	okt.
Frá Sauðárkróki	...	26	7	20	...	22
— Skagaströnd	...	...	...	...	...	22
— Blönduósi	...	...	7	20	...	23
— Hvammstanga	...	...	7	...	...	23
— Borðeyri	...	..	...	...	...	24
— Bitrufirði	...	...	...	...	...	24
— Hólmavík	...	...	8	...	...	25
— Reykjarfirði	...	...	...	...	...	25
— Norðurfirði	...	...	...	...	...	25
— Ísafirði	6	28	10	22	3	26
— Súgandafirði	...	28	...	...	3	26
— Önundarfirði	...	28	...	...	3	26
— Dýrafirði	6	29	10	22	4	27

Ferðaáætlun Sterlings 1920—21 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land

Viðkomustaðir	1	3	5	6	8	9
	apríl	maí	júní	júlí	sept.	okt.
Frá Djúpavogi	...	22	...	16	...	...
— Vík	...	23	...	Til útlanda	...	...
— Vestmannaeyjum	...	23	29		...	3
— Stokkse. eða Eyrarb.	...	...	...		...	...
— Keflavík	...	24	...	...	...	4
— Hafnarfirði	...	24	...	...	...	4
Í Reykjavík	...	25	30	...	...	5

Frá Reykjavík austur um land

Viðkomustaðir	1	2	4	7	8	10
	apríl	apríl	júní	ág.	sept.	okt.
Frá Bíldudal	6	29	10	23	4	27
— Tálknafirði	...	...	...	...	4	27
— Patreksfirði	7	29	11	23	5	28
— Flatey	...	...	11	...	5	28
— Stykkishólmi	7	...	11	...	6	29
— Ólafsvík	8	...	12	...	6	29
— Sandi	...	29	...	23	6	...
Í Reykjavík	9	30	12	24	7	31

Athugasemdir.

1. Þegar Sterling kemur frá Vestfjörðum 9. apríl, fer hann, ef fært þykir, um Akranes til Borgarness og þaðan aftur til Reykjavíkur.

2. Sterling fer til útlanda frá Djúpavogi 16. júlí, og frá Reykjavík eftir að hann kemur frá Vestfjörðum 7. sept. Verður síðar sagt nánar til um þær ferðir.

3. Vörur, sem ekki komast á land á ákvörðunarstað, verða fluttar til einhverrar næstu hafnar, þar sem best hentar að dómi útgerðarstjóra. Sama gildir um farþega. Endurgreiðsla á far- eða farmgjöldum, þegar svona vill til, kemur ekki til mála.

4. Heimilt er að láta skipið koma víðar við en á áætluðum stöðum, þegar ástæða þykir til þess vegna farþega eða flutnings.

5. Burtfarartími skipsins er frá Reykjavík kl. 10. árdegis. Frá öðrum viðkomustöðum fer skipið svo fljótt, sem því verður við komið; þó ekki fyr en áætlunin greinir. Enga ábyrgð ber útgerðin á því, þótt skipið tefjist svo, að það geti ekki fylgt áætluninni.

Ferðaáætlun fyrir strandferðaskip Þorsteins Jónssonar & Co. árin 1920 og 1921.

(Samin af samvinnunefnd samgöngumála).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land				
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	10	Viðkomustaðir	2	4	6	8
	apríl	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.		maí	júní	ágúst	ágúst
Frá Reykjavík	15	...	17	...	9	5	Frá Reykjavík	12	24	...	...
— Bolungarvík	16	...	18	...	10	6	— Keflavík	12	24	...	...
— Ísafirði	18	5	19	15	11	7	— Vestmannaeyjum	13	25	...	...
— Ingólfsfirði	...	...	19	15	...	...	— Hornafirði	14	26	...	...
— *Norðurfirði	18	...	19	...	11	7	— Djúpavogi	15	26	...	...
— Reykjarfirði	18	5	...	15	12	7	— Breiðdalsvík	15	27	...	...
— Hólmavík	19	6	20	16	12	8	— Stöðvarfirði	15	27	...	...
— *Bitrufirði	19	...	20	...	12	8	— Fáskrúðsfirði	16	27	...	...
— Borðeyri	19	6	21	16	13	9	— Reyðarfirði	16	28	...	...
— Hvammstanga	20	6	21	16	13	9	— Eskifirði	16	28	...	...
— Blönduósi	20	7	22	17	14	10	— Norðfirði	17	28	...	...

Ferðaáætlun fyrir strandferðaskip Þorsteins Jónssonar & Co. árin 1920 og 1921 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land				
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	10	Viðkomustaðir	2	4	6	8
	apríl	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.		maí	júní	ágúst	ágúst
Frá Skagaströnd	21	7	22	17	14	10	Frá Mjóafirði	17	28	...	...
— *Kálfshamarsvík	21	...	22	...	14	10	— Seyðisfirði	20	júlí 1	2	25
— Sauðárkróki	22	8	23	18	15	11	— Loðmundarfirði	20	1	...	25
— Hofsósi	22	...	23	...	15	11	— Borgarfirði	20	2	2	26
— Haganesvík	22	...	23	...	15	11	— Unaósi	20	...	...	26
— Siglufirði	23	8	24	18	16	12	— Vopnafirði	21	2	2	26
— Ólafsfirði	23	...	24	...	16	...	— Bakkafirði	21	2	3	27
— Dalvík	23	...	24	...	16	12	— Skálum	22	3	3	27
— Hrísey	...	...	24	...	...	12	— Þórshöfn	22	3	...	27
— Hjalteyri	...	...	24	...	16	...	— Raufarhöfn	22	3	4	...
— Akureyri	25	10	26	20	19	15	— Kópaskeri	23	4	...	...
— Svalbarðseyri	...	10	26	...	19	...	— Húsavík	23	4	4	28
— Grenivík	...	10	26	...	19	...	— Flatey	23	4	4	...

Ferðaáætlun fyrir strandferðaskip Þorsteins Jónssonar & Co. árin 1920 og 1921 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land

Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	10
	apríl	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.
Frá Grímsey	...	10	...	...	...	...
— *Flatey	25	11	26	...	19	...
— Húsavík	25	11	27	20	20	16
— Kópaskeri	...	11	27	...	20	16
— Raufarhöfn	...	...	27	21	20	17
— Þórshöfn	26	12	28	...	21	17
— Skálum	27	12	28	21	21	18
— Bakkafirði	...	13	28	22	21	18
— Vopnafirði	27	13	29	22	22	18
— Unaósi	...	...	29	...	...	...
— Borgarfirði	28	13	30	22	22	19
— Loðmundarfirði	...	...	30	...	22	19
— Seyðisfirði	maí 1	15	30	23	25	23

Frá Reykjavík austur um land

Viðkomustaðir	2	4	6	8
	maí	júlí	ágúst	ágúst
Frá Grímsey	...	5	5	...
— Grenivík	24	...	...	..
— Svalbarðseyri	24	...	...	...
— Akureyri	26	6	6	31
— Hjalteyri	26	...	...	...
— Hrísey	26	...	...	...
— Dalvík	26	...	...	...
— Ólafsfirði	26	...	...	...
— Siglufirði	27	6	6	31
— Haganesvík	27	7	7	...
— Hofsósi	27	7	7	...
— Sauðarkróki	28	7	8	sept. 1
— Kálfshamarsvík	...	8	8	1

Ferðaáætlun fyrir strandferðaskip Þorsteins Jónssonar & Co. árin 1920 og 1921 (framh.).

Frá Reykjavík vestur um land							Frá Reykjavík austur um land				
Viðkomustaðir	1	3	5	7	9	10	Viðkomustaðir	2	4	6	8
	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.		maí	júlí	ágúst	sept.
Frá Mjóafirði	...	...	...	...	25	23	Frá Skagaströnd	28	8	8	...
— Norðfirði	1	15	...	...	25	23	— Blönduósi	29	8	9	1
— Eskifirði	2	15	...	...	26	24	— Hvammstanga	29	9	9	2
— Reyðarfirði	2	15	...	...	26	24	— Borðeyri	30	9	10	2
— Fáskrúðsfirði	2	16	...	...	26	24	— Bitrufirði	30	9	10	...
— Stöðvarfirði	...	...	...	...	...	25	— Hólmavík	31	10	10	2
— Breiðdalsvík	...	...	...	...	27	25	— Reykjarfirði	...	10	11	...
— Djúpavogi	3	16	...	...	27	26	— Norðurfirði	...	10	11	...
— Hornafirði	4	17	...	...	28	27	— Ingólfsfirði	...	11	11	3
— Vestmannaeyjum	5	18	...	...	29	28	— Ísafirði	júní 1	11	12	4
— Keflavík	...	...	...	...	30	29	— Bolungarvík	...	11	...	4
Í Reykjavík	6	19	...	...	30	31	Í Reykjavík	...	14	...	6

Ferðaáætlun Suðurlands 1920 og 1921.

(Samin af samvinnunefnd samgöngumála).

Til Vestfjarða	1 April	3 Júli	5 Sept.
Frá Reykjavík	11	14	3
— Búðum	11	...	3
— Sandi	11	14	3
— Ólafsvík	12	14	4
— Stykkishólmi	12	15	4
— Hvammsfirði	13	...	5
— Flatey	13	15	5
— Króksfirði	14	...	6
— Patreksfirði	14	16	6
— Tálknafirði	15	16	7
— Bíldudal	15	16	7
— Dýrafirði	15	17	7

Frá Vestfjörðum	1 April	3 Júli	5 Sept.
Frá Ísafirði	18	20	11
— Bolungarvík	18	...	11
— Súgandafirði	18	...	11
— Önundarfirði	19	20	12
— Dýrafirði	19	20	12
— Bíldudal	19	21	12
— Tálknafirði	20	21	13
— Patreksfirði	20	21	13
— Króksfirði	...	22	13
— Flatey	20	22	14
— Hvammsfirði	...	23	14
— Stykkishólmi	21	24	15

Ferðaáætlun Suðurlands 1920 og 1921 (framh.).

Til Vestfjarða	1	3	5	Frá Vestfjörðum	1	3	5
	April	Júli	Sept.		April	Júli	Sept.
Frá Önundarfirði	16	17	8	Frá Ólafsvík	21	24	15
— Súgandafirði	16	17	8	— Sandi	21	24	16
— Bolungarvík	16	18	8	— Búðum	...	24	16
Á Ísafjörð	17	18	9	Í Reykjavík	22	25	17

Ferðaáætlun Suðurlands 1920 og 1921 (framh.).

Til Austfjarða	2	4	6
	Mai	Ágúst	Okt.
Frá Reykjavík	31	6	1
— Hafnarfirði	31	6	1
— Keflavík	31	6	1
— Grindavík	31	6	...
	Júni		
— Stokkseyri eða Eyrarbakka	1	7	2
— Vestmannaeyjum	1	7	2
— Vík	1	8	3
— Hornafirði	2	9	4
— Djúpavogi...	3	10	4
— Breiðdalsvík...	3	10	5
— Stöðvarfirði	3	10	5
Á Fáskrúðsfjörð	4	11	6

Frá Austfjörðum	2	4	6
	Júni	Ágúst	Okt
Frá Fáskrúðsfirði	6	13	8
— Stöðvarfirði	6	13	8
— Breiðdalsvík...	6	13	...
— Djúpavogi...	7	14	8
— Hornafirði	7	14	9
— Vík	8	15	10
— Vestmannaeyjum...	8	16	11
— Stokkseyri eða Eyrarbakka ...	9	16	11
— Grindavík	...	16	11
— Keflavík	9	17	12
— Hafnarfirði	9	17	12
Í Reykjavík	10	18	12

Sþ. 1000. **Nefndaskipun 1919.**

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Magnús Torfason, formaður,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Hnappdælahjerað*] (59*, n. 775).
   Framsögum.: Halldór Steinsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Kjalarneshjerað*] (83, n. 776).
   Framsögum.: Halldór Steinsson.
3. Frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911 (105, n. 151).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
4. Frv. til laga um útflutningsgjald af síld (110).
   (Nefndarálit kom ekki, en felst í n. 274).
5. Frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. (141, n. 274).
   Framsögum. meiri hl.: Halldór Steinsson.
   Framsögum. minni hl.: Magnús Torfason.
6. Till. til þingsál. um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands (155, n. 226).
   Framsögum.: Halldór Steinsson.
7. Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907 (164, n. 337).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
8. Frv. til laga um aðflutningsgjald af salti (181, n. 273).
   Framsögum. meiri hl.: Guðmundur Ólafsson.
   Framsögum. minni hl.: Magnús Torfason.

---

*) Tölur innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Og sá er hátturinn sami hafður um mál þau, er nefndirnar flytja.

9. Frv. til laga um bifreiðaskatt (189, n. 659).
Framsögum. meiri hl.: Guðmundur Ólafsson.
Framsögum. minni hl.: Magnús Torfason.
10. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (183).
(Nefndarálit kom ekki).
11. Frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri (262, n. 389).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira [. . . . um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.] (294, n. 362).
Framsögum.: Halldór Steinsson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m. (336, n. 469).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
14. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917 (407, n. 535).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
15. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917 (408, n. 434).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt (577, n. 644).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
17. Frv. til laga um lestagjald af skipum (649, n. minni hl. 675).
Framsögum. minni hl.: Magnús Torfason.
(Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.).
18. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald, frá 11. júlí 1911 (663, n. 700).
Framsögum.: Halldór Steinsson.
19. Frv. til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs (676, n. 758).
Framsögum.: Magnús Torfason.
20. Tekjubálki (1.—5 gr.) frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (751, n. 802).
Framsögum.: Magnús Torfason.
21. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum (787, n. 884).
Framsögum.: Magnús Torfason.
22. Till. til þingsál. um rannsókn skattamála (913, n. 962).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
23. Frv. til laga um aðflutningsgjald af kolum (869).
(Nefndarálit kom ekki, en málið þó tekið til meðferðar með samþykki nefndarinnar).

2. *Fjárveitinganefnd:*

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Hjörtur Snorrason,
Eggert Pálsson, fundaskrifari,

Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (276, n. 350).
Framsögum.: Eggert Pálsson.
2. Frv. til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar (333, n. 414).
Framsögum.: Eggert Pálsson.
3. 6.—12. gr., 13. gr. A.—B. og D.—E. og 14.—22. gr. frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (751, n. 865).
Framsögum.: Eggert Pálsson.
4. Frv. til laga um húsagerð ríkisins (753, n. 842).
Framsögum.: Magnús Kristjánsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Halldór Steinsson, formaður,
Kristinn Daníelsson, fundaskrifari,
Sigurjón Friðjónsson.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða (113, n. 158).
Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.

Nefndin gekk í samvinnu við samgöngumálanefnd neðri deildar.

Samvinnunefndin kaus sjer:
formann Þórarinn Jónsson og
fundaskrifara Gísla Sveinsson.

Samvinnunefndin tók til íhugunar:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Silfrastaðasími*] (66, n. 365).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Vallanessími*] (67, n. 365).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Bólstaðarhlíðarsími*] (201, n. 365).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
4. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Hesteyrar- og Ögursími*] (249, n. 365).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
5. Frv. til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi (173, n. 367).
Framsögum. í Ed.: Guðjón Guðlaugsson.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

6. Till. til þingsál. um loftskeytastöð í Grímsey (271, n. 473).
(Ekki kosinn framsögum. í Ed.).
7. 13. gr. C. í frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (1, n. 460).
Framsögum. í Ed.: Guðjón Guðlaugsson.

Samvinnunefndin flutti:

1. Frv. til laga um brúargerðir (248).
Framsögum. í Ed.: Guðjón Guðlaugsson.
2. Till. til þingsál. um vegamál (278).
Framsögum. í Ed.: Kristinn Daníelsson.
3. Frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, |um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands|*) (364, sjá og n. 365).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari.
Hjörtur Snorrason, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (18, n. 359).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
2. Frv. til laga um viðauka og breytingar á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884 (55, n. 116).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
3. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi (124, n. 224).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
4. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra (146, n. 234).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
5. Frv. til laga um mat á saltkjöti til útflutnings (203, n. 390).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
6. Frv. til laga um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga (277, n. 384).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
7. Frv. til laga um dýralækna (320).
(Nefndarálit kom ekki).
8. Frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum (448, n. 565).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
9. Frv. til laga um bann gegn refaeldi (472, n. 595).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
10. Frv. til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl. (484, n. 588).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

---

*) Orðunum innan hornklofa skelt aftan af fyrirsögninni síðar.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Magnús Kristjánsson,
Kristinn Daníelsson, fundaskrifari,
Karl Einarsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um skrásetning skipa (27, n. 375).
   Framsögum.: Kristinn Daníelsson.
2. Frv. til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914 (29, n. 108 og 510).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland (30, n. 335).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
4. Frv. til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa (39, n. 103).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Ísafjörð (47, n. 483).
   Framsögum.: Kristinn Daníelsson.
6. Frv. til laga um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað (206, n. 509).
   Framsögum.: Kristinn Daníelsson.
7. Frv. til laga um skoðun á síld (275, n. 479).
   Framsögum.: Magnús Kristjánsson.
8. Frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913 (388, n. 607).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
9. Frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík (250, n. 608).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
10. Frv. til laga um landhelgisvörn (582).
    (Nefndarálit kom ekki, en felst í brtt. 638).
    Framsögum.: Kristinn Daníelsson.

Nefndin flutti með sjávarútvegsnefnd Nd..

Í efri deild:

Frv. til laga um landhelgisvörn (582).
Framsögum.: Kristinn Daníelsson.

Í neðri deild:

Till. til þingsál. um stækkun á landhelgissvæðinu (733).
Framsögum. í Ed.: Kristinn Daníelsson.

6. *Mentamálanefnd:*

Eggert Pálsson, formaður,
Kristinn Daníelsson, fundaskrifari,
Guðmundur Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (634, n. 671).
   Framsögum.: Kristinn Daníelsson.
2. Till. til þingsál. um fræðslumál (782, n. 931).
   Framsögum.: Kristinn Daníelsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Guðjón Guðlaugsson, formaður,
Magnús Torfason,
Jóhannes Jóhannesson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar (6, n. 983).
   (Ekki kosinn framsögum., enda var nál. ekki útbýtt fyr en 26. sept., á starfslokadegi deildarinnar).
2. Frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (24).
   (Nefndarálit kom ekki, sbr. n. 983).
3. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðina (25, n. 85 og 339).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands [*Vátryggingar landsstjórnarinnar*] (12).
   (Nefndarálit kom ekki, sbr. n. 81).
5. Frv. til laga um einkaleyfi (15, n. 242).
   Framsögum.: Magnús Torfason.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands [*Ýmsar breytingar*] (16, n. 81).
   Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
7. Frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (31).
   (Nefndarálit kom ekki, sbr. n. 983).
8. Frv. til laga um hæstarjett (28, n. 174).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson,
   Mál þetta var tekið til íhugunar af allsherjarnefndum beggja deilda í samvinnu.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (97, n. 168).
   Framsögum.: Magnús Torfason.
10. Frv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (86, n. 240).
    Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.
11. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík (127, n. 186).
    Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
12. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög (230, n. 363).
    Framsögum.: Magnús Torfason.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd; — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

13. Till. til þingsál. um atvinnulöggjöf o. fl. (263, n. 340).
Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
14. Frv. til laga um landamerki (292, n. 403).
Framsögum.: Magnús Torfason.
15. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907 (332).
(Nefndarálit kom ekki).
16. Frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna (418, n. 520).
Framsögum.: Magnús Torfason.
17. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 [. . . . um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914] (446, n. 578).
Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
18. Frv. til laga um sölu á prestsmötu (579, n. 992).
(Ekki kosinn framsögum., enda nál. ekki skilað fyr en eftir þinglausnir).
19. Frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (708, n. 767).
Framsögum.: Guðjón Guðlaugsson.
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Bakkahjerað*] (798).
(Nefndarálit kom ekki).
21. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði (871).
(Nefndarálit kom ekki, en felst í brtt. 980).
Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.

Nefndin flutti með allsherjarnefnd Nd.:

Frv. til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl. (622).
Framsögum. í Ed.: Jóhannes Jóhannesson.

B.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Þórarinn Jónsson, fundaskrifari,
Magnús Guðmundsson, formaður,
Einar Árnason,
Hákon Kristófersson,
Sigurður Sigurðsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um seðlaútgáfurjett Landsbanka Íslands (9, n. minni hl. 285, n. meiri hl. 330).
Framsögum. meiri hl.: Einar Árnason.
Framsögum. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi (11, n. minni hl. 286, n. meiri hl. 331).
Framsögum. meiri hl.: Einar Árnason.

Framsögum. minni hl.: Magnús Guðmundsson.

3. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 (13, n. 558).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

4. Frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m. (14, n. 178).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

5. Tekjubálki (1.—5. gr.) frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (1, n. 441 og 966).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

6. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917 (2, n. 343).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

7. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917 (4, n. 344).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

8. Frv. til laga um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær (17, n. 60).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

9. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918 (19, n. 46).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

10. Frv. til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911 (33, n. 62 og 225).
Framsögum.: Einar Árnason.

11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv. (36, n. 61).
Framsögum.: Sigurður Sigurðsson.

12. Frv. til laga um breyting á lögum 14. des. 1877, um skatt af ábúð og afnotum jarða og lausafje (35).
(Nefndarálit kom ekki).

13. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. (37, n. 63).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

14. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 40, 26. okt. 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi (20).
(Nefndarálit kom ekki).

15. Till. til þingsál. um að sett verði á stofn í Vopnafirði útibú frá Landsbanka Íslands (68, n. 301).
Framsögum.: Hákon Kristófersson.

16. Frv. til laga um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri (92, n. 167).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 22. maí 1890, um hundaskatt og fleira [. . . . um breyting á lögum 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.] (109, n. 198 og 511).
Framsögum.: Einar Árnason.

18. Till. til þingsál. um, að sett verði á stofn í Stykkishólmi útibú frá Landsbanka Íslands (256, n. 391).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
19. Frv. til laga um verðtoll á glysvarningi (818).
(Nefndarálit kom ekki).
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Hnappdælahjerað*] (827).
(Nefndarálit kom ekki).
21. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Kjalarneshjerað*] (828).
(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um aðflutningsgjald af salti (90).
Framsögum: Einar Árnason.
2. Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907 (91).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
3. Frv. til laga um bifreiðaskatt (117).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
4. Tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917 (345).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
5. Frv. til laga um lestagjald af skipum (476).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt (477).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
7. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald, frá 11. júlí 1911 (512).
Framsögum.: Sigurður Sigurðsson.
8. Frv. til laga um hækkun á vörutolli (772).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
9. Frv. til laga um aðflutningsgjald af kolum m. m. (773).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Pjetur Jónsson, formaður,
Magnús Pjetursson, fundaskrifari,
Þorleifur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,
Jörundur Brynjólfsson.

Til hennar vísað:

1. 6.—12. gr., 13. gr. A.—B. og D.—E. og 14.—22. gr. frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (1, n. 522).
Framsögumenn: Magnús Pjetursson og Bjarni Jónsson.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1918 og 1919 (3, n. 157 og 532).
Framsögum.: Magnús Pjetursson.

Fastanefndir Nd.: Fjárveitinga- og samgöngumálanefndir.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar (223).
   Framsögum.: Bjarni Jónsson.
2. Till. til þingsál. um prentsmiðju fyrir landið (353).
   Framsögum.: Jörundur Brynjólfsson.
3. Frv. til laga um húsagerð ríkisins (507).
   Framsögum: Sigurður Stefánsson.
4. Till. til þingsál. um Þingvöll (533).
   Framsögum.: Jörundur Brynjólfsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um stofnun verslunarskóla Ísland (727).
Framsögum.: Matthías Ólafsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Þórarinn Jónsson, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Þorsteinn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Björn Stefánsson,
Björn Kristjánsson,
Einar Árnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Silfrastaðasími*] (66, n. 365).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Vallanessími*] (67, n. 365).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
3. Till. til þingsál. um rannsókn símaleiða og lagning símalínu um efri hluta Árnessýslu (119).
   (Nefndarálit kom ekki).
4. Till. til þingsál. um rannsókn símaleiðar (163).
   (Nefndarálit kom ekki).
5. Till. til þingsál. um rannsókn símaleiðar á Langanesi (169).
   (Nefndarálit kom ekki).
6. Frv. til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi (173, n. 367).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
7. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Bólstaðarhliðarsími*] (201, n. 365).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
8. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og

viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands [*Hesteyrar- og Ögursími*] (249, n. 365).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

9. Till. til þingsál. um póstferðir á Vesturlandi (257, n. 583).
Framsögum.: Einar Árnason.

10. Till. til þingsál. um loftskeytastöð í Grímsey (271, n. 473).
Framsögum.: Einar Árnason.

11. 13. gr. C. í frv. til fjárlaga fyrir árin 1920 og 1921 (1, n. 460).
Framsögum.: Björn Stefánsson.

Nefndin flutti:

Till. til þingsál. um rannsókn símaleiðar (366).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

Af málum þeim, sem vísað var til nefndarinnar, átti hún samvinnu við samgöngumálanefnd efri deildar um nr. 1, 2, 6, 7, 8, 10 og 11, eins og áður er getið, á bls. 2001—2002. Þar er og sagt frá kosningu formanns og fundaskrifara í þeirri samvinnunefnd, og sömuleiðis talin upp mál þau, er samvinnunefndin flutti. Skal því hjer að eins bætt við, hverjir framsögu höfðu í neðri deild þeirra mála, er nefndin bar fram:

1. Frv. til laga um brúargerðir (248).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.

2. Frv. til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917 (364, n. 365).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Sigurður Sigurðsson,
Jón Jónsson,
Einar Árnason, fundaskrifari,
Pjetur Þórðarson,
Stefán Stefánsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um mat á saltkjöti til útflutnings (8, n. 76 og 515).
Framsögum.: Pjetur Þórðarson.

2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra (32, n. 106).
Framsögum.: Jón Jónsson.

3. Frv. til laga um bann gegn refaeldi [. . . . bann gegn refarækt] (74, n. 272).
Framsögum.: Jón Jónsson.

4. Frv. til laga um dýralækna (138, n. 241).
Framsögum.: Sigurður Sigurðsson.

5. Frv. til laga um ullarmat (154, n. 379).
Framsögum.: Stefán Stefánsson.

6. Till. til þingsál. um lánsstofnun fyrir landbúnaðinn (148, n. 402).
Framsögum.: Stefán Stefánsson.

7. Frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum (177, n. 369).
Framsögum.: Stefán Stefánsson.

8. Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta heimalands jarðarinnar Auðkúlu í Húnavatnssýslu (182).
(Nefndarálit kom ekki).
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl. (255).
(Nefndarálit kom ekki).
10. Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi (289, n. 377).
Framsögum.: Pjetur Þórðarson.
11. Till. til þingsál. um bætur vegna skemda og tjóns af Kötlugosinu (303, n. 419)
Framsögum.: Jón Jónsson.
12. Till. til þingsál. um fóðurbætiskaup (346).
(Nefndarálit kom ekki).
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (405, n. 503).
Framsögum.: Jón Jónsson.
14. Frv. til laga um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga (434, n. 768).
Framsögum.: Sigurður Sigurðsson.

Nefndin flutti:

1. Till. til þingsál. um mat á fóðurbæti (243).
Framsögum.: Einar Árnason.
2. Till. til þingsál. um eyðing refa (280).
Framsögum.: Jón Jónsson.
3. Frv. til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl. (354).
Framsögum.: Pjetur Þórðarson.
4. Till. til þingsál. um framkvæmd skógræktar (521).
Framsögum.: Sigurður Sigurðsson.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Matthías Ólafsson,
Björn Kristjánsson, formaður,
Sveinn Ólafsson,
Pjetur Ottesen, fundaskrifari,
Björn Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64, 3. nóv. 1915 (58, n. 909).
Framsögum.: Matthías Ólafsson.
2. Frv. til laga um skoðun á síld (84, n. 196 og 706).
Framsögum.: Matth. Ólafsson.
3. Frv. til laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum (130, n. meiri hl. 368, n. minni hl. 373).
Framsögum. meiri hl.: Matthías Ólafsson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
4. Frv. til laga um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa (144, n. 237).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, mentamála- og allsherjarnefndir.

5. Frv. til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914 (145, n. 238, 347 og 686).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
6. Frv. til laga um breyting á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland (395, n. 443).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
7. Frv. til laga um skrásetning skipa (548, n. 769).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
8. Frv. til hafnarlaga fyrir Ísafjörð (567, n. 889).
Framsögum.: Björn Stefánsson.
9. Frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóvember 1913 (667, n. 810).
Framsögum.: Björn Stefánsson.
10. Frv. til laga um hafnargerð í Ólafsvík (668, n. 786).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.

Þess er áður getið, að nefndin flutti tvö frumvörp með sjávarútvegsnefnd Ed., eitt í hvorri deild. Eru þau frumvörp talin hjer aftur og þess við getið, hverjir framsöguna höfðu í Nd.:

1. Frv. til laga um landhelgisvörn (582).
Framsögum.: Matthías Ólafsson.
2. Till. til þingsál. um stækkun á landhelgissvæðinu (733).
Framsögum.: Sveinn Ólafsson.

6. Mentamálanefnd:

Stefán Stefánsson, fundaskrifari,
Einar Arnórsson, formaður,
Jörundur Brynjólfsson,
Pjetur Þórðarson,
Einar Jónsson.

Til hennar vísað.

1. Frv. til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn (21, n. 387).
Framsögum.: Einar Arnórsson.
2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (413, n. 505).
Framsögum.: Stefán Stefánsson.

Nefndin flutti:

Till. til þingsál. um fræðslumál (652).
Framsögum.: Einar Arnórsson.

7. Allsherjarnefnd:

Einar Jónsson,
Einar Arnórsson, formaður,
Þorleifur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Magnús Guðmundsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu (22, n. 79).
   Framsögum.: Einar Arnórsson.
2. Frv. til laga um landamerki o. fl. (7, n. 204 og 563).
   Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík (10, n. 78).
   Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
4. Frv. til laga um heilbrigðisráð m. m. (34).
   (Nefndarálit kom ekki).
5. Frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (53, n. meiri hl. 436, n. annars minni hl. 444, n. hins minni hl. 524).
   Framsögum. meiri hl: Magnús Guðmundsson.
   Framsögum. annars minni hl.: Pjetur Ottesen.
   Framsögum. hins minni hl.: Einar Arnórsson.
6. Frv. til laga um eignarrjett og afnotarjett fasteigna [. . . . um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi] (54, n. 282 og 862).
   Framsögum.: Einar Arnórsson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Bakkahjerað*]. (56, n. meiri hl. 463, n. annars minni hl. 335, n. hins minni hl. 527).
   Framsögum. meiri hl.: Þorleifur Jónsson.
   Framsögum. annars minni hl.: Pjetur Ottesen.
   Framsögum. hins minni hl.: Einar Arnórsson.
8. Frv. til laga um sjerstakt læknishjerað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu (57, n. 464).
   Framsögum.: Einar Jónsson.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Árnessýsla*] (65, n. meiri hl. 449, n. minni hl. 528).
   Framsögum. meiri hl.: Pjetur Ottesen.
   Framsögum. minni hl.: Einar Arnórsson.
10. Frv. til laga um atvinnufrelsi (75).
    (Nefndarálit kom ekki).
11. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði (104, n. 801).
    Framsögum.: Einar Arnórsson.
12. Frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907 (115, n. 253).
    Framsögum.: Einar Jónsson.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands (125, n. 478).
    Framsögum.: Einar Arnórsson.
14. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina (126, n. 219 og 404).
    Framsögum.: Einar Arnórsson.

15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla [*Ísafjarðarprestakall*] (136).
(Nefndarálit kom ekki).
16. Frv. til laga um sölu á prestsmötu (140, n. 467).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
17. Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 [. . . . . sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905. — . . . . um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914] (162, n. 378 og 674).
Framsögum.: Pjetur Ottesen.
18. Frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869 (137).
(Nefndarálit kom ekki).
19. Frv. til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (212, n. 564).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (244).
(Nefndarálit kom ekki).
21. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (213, n. minni hl. 822).
Framsögum. minni hl.: Pjetur Ottesen.
(Annað nefndarálit kom ekki í málinu).
22. Frv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (316, n. 465).
Framsögum.: Magnús Guðmundsson.
23. Frv. til laga um einkaleyfi (325).
(Nefndarálit kom ekki).
24. Frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík (400).
(Nefndarálit kom ekki).
25. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (544).
(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin flutti:

1. Till. til þingsál. um atvinnulöggjöf o. fl. (190).
Framsögum.: Einar Arnórsson.
2. Frv. til laga um sóttvarnarráð (205).
Framsögum.: Þorleifur Jónsson.

Þess er áður getið, að nefndin íhugaði í samvinnu við allsherjarnefnd efri deildar eitt frv., er vísað var til þeirrar nefndar (sjá bls. 2004), og enn fremur að nefndir þessar fluttu sameiginlega eitt frv. (sjá bls. 2005). Framsögumenn í þeim málum í Nd. voru sem hjer segir:

1. Frv. til laga um hæstarjett (28, n. 174).
Framsögum.: Einar Arnórsson.
2. Frv. til laga um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl. (622).
Framsögum.: Einar Arnórsson.

Vinnunefndir beggja deilda; — *Lausanefndir i Ed.:* Stjórnarskrárnefnd.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.* Í þeim nefndum áttu þessir sæti:

Í efri deild:

Guðmundur Björnson, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.
Guðmundur Ólafsson, fyrri varaforseti,
Magnús Torfason, formaður fjárhagsnefndar,
Jóhannes Jóhannesson, formaður fjárveitinganefndar,
Halldór Steinsson, formaður samgöngumálanefndar,
Hjörtur Snorrason, formaður landbúnaðarnefndar,
Karl Einarsson, formaður sjávarútvegsnefndar,
Eggert Pálsson, formaður mentamálanefndar,
Guðjón Guðlaugsson, formaður allsherjarnefndar.

Í neðri deild:

Ólafur Briem, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar,
Magnús Guðmundsson, fyrri varaforseti, formaður fjárhagsnefndar,
Pjetur Jónsson, formaður fjárveitinganefndar,
Þórarinn Jónsson, formaður samgöngumálanefndar,
Stefán Stefánsson, formaður landbúnaðarnefndar,
Björn Kristjánsson, formaður sjávarútvegsnefndar,
Einar Arnórsson, formaður mentamála- og allsherjarnefnda.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundatíma og fundastaði fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.

Lausanefndir.

(16. gr. þingskapanna).

A.

Í efri deild.

1. *Stjórnarskrárnefnd:*

Magnús Torfason,
Jóhannes Jóhannesson, formaður
Karl Einarsson, fundaskrifari,
Sigurjón Friðjónsson,
Magnús Kristjánsson.

Nefndin kosin samkvæmt
till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið (48, 51), er samþykt var í Ed. 9. júlí.
Til hennar vísað:
Frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa (38).
(Tekið til íhugunar af samvinnunefnd stjórnarskrárnefnda, sjá síðar).
Nefndin gekk í samvinnu við stjórnarskrárnefnd neðri deildar.
Samvinnunefndin kaus sjer
formann Jóhannes Jóhannesson og
fundaskrifara Benedikt Sveinsson.
Samvinnunefndin tók til íhugunar:
1. Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (5, n. 514).
Framsögum. í Ed.: Karl Einarsson.
2. Frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa (38, n. 77).
Framsögum. í Ed.: Karl Einarsson.

Eftir 3. umr. stjórnarskrárfrumvarpsins í Nd. (sjá þgskj. 642) tók stjórnarskrárnefnd Ed. það til nýrrar íhugunar, án samvinnu við neðri deildar nefndina, og er álit hennar á þgskj. 770.

2. *Launamálanefnd:*
Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson, formaður,
Hjörtur Snorrason,
Kristinn Daníelsson, fundaskrifari.
Nefndin kosin samkvæmt
till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga launamálið (50), er samþ. var í Ed. 10. júlí.
Nefndin flutti:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917 [um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands]*) (779).
Framsögum.: Eggert Pálsson.
Nefndin gekk í samvinnu við launamálanefnd neðri deildar.
Samvinnunefndin kaus sjer
formann Magnús Pjetursson og
fundaskrifara Kristinn Daníelsson og
Þórarinn Jónsson.
Samvinnunefndin tók til íhugunar:
1. Frv. til laga um laun embættismanna (26, n. 440).
Framsögum. í Ed.: Kristinn Daníelsson.
Frv. eftir 3. umr. í Nd. (þgskj. 624) íhugað af launamálanefnd Ed. einni saman, og felst álit hennar í brtt. á þgskj. 682 og 778.

---

*) Orðunum innan hornklofa skelt aftan af fyrirsögninni síðar.

2. Frv. til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri (23, n. 545).
Framsögum. í Ed.: Guðmundur Ólafsson.
3. Frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra (40, n. 581).
Framsögum. í Ed.: Eggert Pálsson.
Íhugað, þegar frv. kom til Ed., af launamálanefnd þeirrar deildar einni, og er álit hennar fólgið í brtt. á þgskj. 849.
4. Frv. til laga um ekkjutrygging embættismanna (41, n. 546).
Framsögum. í Ed.: Eggert Pálsson.

Samvinnunefndin flutti:

1. Frv. til laga um breytingu á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (594).
Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.
Álit launamálanefndar Ed. einnar um frv., eins og það kom frá Nd. (754), felst í brtt. á þgskj. 852.
2. Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (664).
Framsögum. í Ed.: Kristinn Daníelsson.
Launamálanefnd Ed. athugaði ein málið, þá er það kom til deildarinnar (þgskj. 752), og felst álit hennar í brtt. á þgskj. 850.

3. Fossanefnd:

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Karl Einarsson, formaður,
Kristinn Daníelsson, fundaskrifari,
Sigurjón Friðjónsson.

Nefndin kosin samkvæmt

till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga fossamálið (99), er samþykt var í Ed. 21. júlí.

Nefndin gekk í samvinnu við fossanefnd neðri deildar.

Samvinnunefndin kaus sjer
formann Þorleif Jónsson og
fundaskrifara Kristinn Daníelsson.

Samvinnunefndin tók til íhugunar:

1. Frv. til vatnalaga (42, n. 792).
2. Frv. til laga um vatnastjórn (43, n. 792).
3. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (44, n. 792).
4. Frv. til laga um raforkuvirki (45, n. 792).
5. Frv. til vatnalaga (88, n. 792).
6. Frv. til laga um vatnorkusjerleyfi (118, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821).
7. Frv. til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku (123, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821).
[*Í engu framantaldra mála var kosinn framsögum. í Ed.*].
8. Till. til þingsál. um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi (121, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 808).
Framsögum. í Ed.: Kristinn Daníelsson.

Lausanefndir í Ed.: Fossanefnd; — *í Nd.:* Stjórnarskrár- og launamálanefndir.

Meiri hluti samvinnunefndarinnar flutti:

1. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (793, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821). (Ekki kosinn framsögum. í Ed.).
2. Till. til þingsál. um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum [. . . . . í almenningum og afrjettum] (794, n. 792).
   Framsögum. í Ed.: Karl Einarsson.
   Till. eftir síðari umr. í Nd. (903) var íhuguð af fossanefnd Ed. einni, og felst álit hennar í brtt. á þingskj. 987.
3. Till. til þingsál. um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl. (795, n. 792). (Ekki kosinn framsögum. í Ed.).

B.

Í neðri deild.

1. Stjórnarskrárnefnd:

Stefán Stefánsson,
Einar Arnórsson, formaður,
Þorleifur Jónsson,
Benedikt Sveinsson, fundaskrifari.
Pjetur Jónsson.

Í nefndina bættust 12. júlí:

Sigurður Stefánsson og
Bjarni Jónsson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (5).

Þess er áður getið, á bls. 2015, að nefndin gekk í samvinnu við stjórnarskrárnefnd efri deildar. Er þar sagt frá kosningu formanns og fundaskrifara í þeirri samvinnunefnd og hver mál nefndin tók til íhugunar. Skal því hjer bætt við, hverjir framsögu höfðu í þeim málum í Nd.:

1. Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (5, n. 514).
   Framsögum.: Benedikt Sveinsson.
2. Frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa (38, n. 77).
   Framsögum.: Benedikt Sveinsson.

Eftir 3. umr. stjórnarskrárfrumvarpsins í Ed. (sjá þgskj. 902) tók stjórnarskrárnefnd Nd. það til nýrrar íhugunar, án samvinnu við efri deildar nefndina, og er álit hennar á þgskj. 930.

2. Launamálanefnd:

Matthías Ólafsson,
Jón Jónsson,
Þorsteinn Jónsson,
Hákon Kristófersson,
Þórarinn Jónsson, fundaskrifari.
Magnús Pjetursson, formaður,
Sveinn Ólafsson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til laga um laun embættismanna (26).

Þess er áður getið, á bls. 2015, að nefndin gekk í samvinnu við launamálanefnd efri deildar. Er þar sagt frá kosningu formanns og fundaskrifara í þeirri samvinnunefnd, og tilgreind þau mál, er nefndin íhugaði og flutti. Eru þau mál talin hjer aftur, að því viðbættu, um hvert þeirra um sig, hver framsöguna hafði í Nd.

1. Frv. til laga um laun embættismanna (26, n. 440).
   Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
   Þá er frv. hafði gengið gegnum Ed. og var endursent Nd. (þgskj. 817), tók launamálanefnd þeirrar deildar það ein til íhugunar, og er álit hennar á þgskj. 883.
2. Frv. til laga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri (23, n. 545).
   Framsögum.: Matthías Ólafsson.
3. Frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra (40, n. 581).
   Framsögum.: Þorsteinn Jónsson.
4. Frv. til laga um ekkjutrygging embættismanna (41, n. 546).
   Framsögum.: Matthías Ólafsson.

[Öllum framantöldum málum (1.—4.) hafði verið vísað til launamálanefndar Nd.].

5. Frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (594).
   Framsögum.: Magnús Pjetursson.
   Íhugað af launamálanefnd Nd. einni, þegar frv. kom aftur frá Ed. (þgskj. 897), og er álit hennar á þgskj. 912.
6. Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (664).
   Framsögum.: Magnús Pjetursson.
   Launamálanefnd Nd. íhugaði enn málið, þá er það kom aftur frá Ed. (þgskj. 894), og er álit hennar á þgskj. 911.

[Málin 5.—6. flutt af samvinnunefndinni].

Enn fremur vísað til launamálanefndar Nd.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917 [um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands]* (872).
(Nefndarálit kom ekki, en felst í brtt. á þgskj. 917).
Framsögum.: Jón Jónsson.

3. Fossanefnd:

Sigurður Sigurðsson,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Sveinn Ólafsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Stefánsson,
Björn Kristjánsson,
Þorleifur Jónsson, formaður.

*) Orðunum innan hornklofa skelt aftan af fyrirsögninni síðar.

Nefndin kosin til að íhuga:
Frv. til vatnalaga (42, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
Til hennar var síðan vísað:
1. Frv. til laga um vatnastjórn (43, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
2. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (42, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
3. Frv. til laga um raforkuvirki (45, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
4. Frv. til vatnalaga (88, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
5. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (118, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821).
Framsögum. meiri hl.: Gísli Sveinsson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
6. Frv. til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku (123, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821).
Framsögum. meiri hl.: Gísli Sveinsson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
7. Till. til þingsál. um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi (121. n. meiri hl. 792, n. minni hl. 808).
Framsögum. meiri hl.: Gísli Sveinsson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.

Um öll framantalin mál (frv. til vatnalaga á þgskj. 42 og mál þau, sem talin eru í töluliðum 1.—7.) átti nefndin samvinnu við fossanefnd Ed., eins og áður er getið, á bls. 2016. Þar er og sagt frá kosningu formanns og fundaskrifara í þeirri samvinnunefnd og hver mál samvinnunefndin, eða meiri hluti hennar, flutti. Er þá eftir að tilgreina framsögumenn í Nd. í þeim málum, er samvinnunefndin (meiri hl.) bar fram, en þeir voru sem hjer segir:
1. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (793, n. meiri hl. 792, n. minni hl. 821).
Framsögum. meiri hl.: Gísli Sveinsson.
Framsögum. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
2. Till. til þingsál. um rjett ríkisins til vatnsorku í almenningum [. . . í almenningum og afrjettum] (794, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.
3. Till. til þingsál. um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl. (795, n. 792).
Framsögum.: Gísli Sveinsson.

4. *Kirkjunefnd:*
Þórarinn Jónsson, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Þorsteinn Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Björn Stefánsson.

Lausanefndir í Nd.: Kirkjunefnd; — í Sþ.: Kjörbrjefa- og þingfararkaupsnefnd.

Nefndin kosin til að ihuga:

Till. til þingsál. um undirbúning skilnaðar ríkis og kirkju (129, n. meiri hl. 500, n. minni hl. 501).

Framsögum. meiri hl.: Gísli Sveinsson.

Framsögum. minni hl.: Þorsteinn Jónsson.

3.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

I. Kjörbrjefanefnd

(4. gr. þingskapanna).

Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Stefánsson,
Bjarni Jónsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

II. Þingfararkaupsnefnd

(4. gr. laga nr. 10, 22. okt. 1912).

Ólafur Briem,
Eggert Pálsson, formaður,
Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánsson,
Karl Einarsson, skrifari.

Sþ. 1001. **Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1919.

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Aðflutningsgjald af salti, sjá Fiskifjelag Íslands 1.
Aðstoðarprestar, þjónustuár þeirra, sjá Launamál 12.
Afsals- og veðmálabækur, sjá Sýslumaður í Skagafjarðarsýslu.
Akraness sjúkrasamlag, sjá Heilbrigðimál 7.
Akureyrar-gagnfræðaskóli, sjá Gagnfræðaskólar 1.
Alþýðufræðsla.
1. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd skýrslu fræðslumálastjóra um alþýðufyrirlestra hins íslenska kennarafjelags um uppeldismál. Dags. 30. júlí 1919. *(Nd. 215).*
2. Forsætisráðherra sendir mentamálanefnd útdrátt úr sýslufundargerðum Arnessýslu um alþýðumentamál. Dags. 25. april 1919. (*Nd. 211, 1).*
3. Umsókn Guðmundar Hjaltasonar um 1000 kr. styrk, til að halda alþýðufyrirlestra. Dags. 14. okt. 1918. (*Nd. 122, 19*).
4. Áskorun frá alm. kennarafundi í Reykjavík, um að hækka að miklum mun styrk til kennaranámsskeiðanna og vanda sem mest til þeirra. Dags. 30. júní 1919. (*Nd. 127*).
5. Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til almennrar barnafræðslu. Dags. 29. nóv. 1918. (*Nd. 121, 3*).

Alþýðufyrirlestrar, sjá Alþýðufræðsla 1.
Alþýðukveðskapur, sjá Fróðleikur alþýðlegur 2.
Alþýðuskólar.
1. Sigurður skólastjóri Þórólfsson sækir um 1000 kr. viðbótarstyrk handa Hvítárbakkaskólanum. Dags. 26. júní 1919. (*Nd. 179.).*
2. Sigtryggur prestur Guðlaugsson sækir um 2000 kr. styrk á ári handa unglingaskóla sínum á Núpi í Dýrafirði. Dags. 27. júní 1919. (*Nd. 138*).
3. Ásgeir Magnússon sækir um styrkauka handa skóla sínum á Hvammstanga. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 176).*
4. Ísleifur Jónsson, forstöðumaður lýðskólans í Bergsstaðastræti sækir um 1500 kr. fjárveiting til hans. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 25*).
5. Samband þingeyskra ungmennafjelaga og sýslunefndir Þingeyjarsýslu sækja um alt að 60 þús. kr. byggingarstyrk handa fyrirhuguðum alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 239*).
6. Skólanefnd Húsavíkur sækir um 1500 kr. styrk til unglingakólahalds á Húsavík. Dags. 16. júní 1919. (*Nd. 51*).

(Alþýðuskólar).

7. Áskoranir frá 27 mönnum í Þingeyrarhreppi og 24 mönnum í Suðureyrarhreppi um að ungmennaskólanum að Núpi í Dýrafirði verði veittur sem ríflegastur styrkur, og að Alþingi geri ráðstafanir til að skólinn verði ríkiseign. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 286*).

Andrjes Fjeldsted læknir, sjá Launamál 4.
Anna Bjarnadóttir, sjá Enskunám.
Anna Thorlacius, sjá Ellistyrkur 1.
Arnbjörg Einarsdóttir, sjá Eftirlaun 3.
Austurlands vitar, sjá Vitar 3 og 10.
Axel Thorsteinsson, sjá Skáldastyrkur 2.
Ábúð jarða og lausafje, skattur af, sjá Skattar.
Árneshreppur í Strandassýslu, sjá Dýrtíðarmál 4.
Arnessýslu-sýslunefnd, sjá Alþýðufræðsla 2, Brúamál 6, Dýralæknar 3, Læknar 5, Símamál 9, Sýslumannsembætti, rekstur, og Vegamál 3, 4 og 7.
Árni Árnason, hjeraðslæknir í Búðardal, sjá Jarðakaup 1.
Ársæll Árnason bóksali, sjá Fræðibækur alþýðu 2.
Ársæll Sigurðsson stúdent, sjá Byggingarfræði 1.
Ásgeir Ásgeirsson, kennari, sjá Kenslunám 2.
Ásgeir Bjarnþórsson málari, sjá Listir 5.
Ásgeir Magnússon, sjá Alþýðuskólar 3.
Ásmundur Guðmundsson skólastjóri, sjá Eiðaskóli og Kenslunám 1.
Áveitu-fyrirtæki, sjá Búnaðarmál 7 og 10.

Bandalag kvenna í Reykjavík. Stjórn þess sækir um 2000 kr. styrk, til þess að Bandalagið geti látið fulltrúa mæta á fundi alþjóðaráðs kvenna í Noregi næsta sumar. Dags. 16. sept. 1919. (*Nd. 391*).

Bankamál.

1. Landsbankinn sendir fjárveitinganefnd endurrit af umsókn Stefáns Stephensens, fyrverandi gjaldkera á Akureyri, um 600 kr. eftirlaun, og mælir með beiðninni. Dags. 28. júlí 1919 (*Nd. 205*).
2. Landsbankinn svarar brjefi fjárhagsnefndar um stofnun bankaútibús á Vopnafirði og Húsavík. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 204*).
3. Landsbankinn svarar brjefi fjárhagsnefndar út af þingsál. tillögu um stofnun bankaútibús í Stykkishólmi. Dags. 14. ágúst 1919. (*Nd. 299*).
4. Jón Dúason vill fá hækkaðan utanfararstyrk sinn, og beiðist viðtals við fjárveitinganefnd. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 372*).
5. Erindi fyrv. bankastjóra Björns Kristjánssonar til fjárveitinganefndar um, að þingið veiti stjórn Landsbankans heimild til að greiða honum dýrtíðaruppbót á eftirlaun hans, eftir reglum í 33. gr. frv. til laga um laun embættismanna. Dags. 20. ágúst 1919. (*Nd. 397*).

Bannað að ala upp yrðlinga, sjá Yrðlingabann.
Barnafræðsla almenn, sjá Alþýðufræðsla 5.
Benedikt Árnason söngvari, sjá Sönglist 1.
Benedikt Gröndal bæjarfógetaskrifari sækir um, að starf hans sje gert að æfistarfi, að laun hans sjeu ákveðin ekki lægri en 3000 kr., og að hann hafi

rjett til dýrtíðaruppbótar og eftirlauna, eins og aðrir starfsmenn ríkisins. Dags. 23. júlí 1919. (*Nd. 374*).
Bergsstaðaprestakall, sjá Húsakaup 1.
Bergsstaðastræti, sjá Alþýðuskólar 4.
Bifreið til flutninga, sjá Vegamál 2.
Biskup dr. Jón Helgason, sjá Kirkjumál 1—4, 6 og 8—10.
Bjargráðasjóðslögin. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu felur þingmanni kjördæmisins að fá bjargráðasjóðslögin afnumin. (*Nd. 34*).
Bjarni Sæmundsson adjunkt, sjá Vísindamenn 1 og Enskunám.
Björg Blöndal, sjá Orðabók Sigf. Blöndals 3.
Björgunarfjelag Vestmannaeyja. Brjef atvinnumálaráðherra til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, og meðfylgjandi áætlanir um kostnað til símalínu úr Vestmannaeyjakauptúni út í Stórhöfðavitann. Dags. 9. sept 1919. (*Nd. 395*).
Björgun úr sjávarháska, sjá Guðmundur Hjaltason í Tröð og Sveinbjörn Sveinsson á Hámundarstöðum.
Björn Bjarnason frá Viðfirði, sjá Eftirlaun 2.
Björn Kristjánsson, sjá Strandbátur 1 og Bankamál 5.
Björn Stefánsson prestur, sjá Húsakaup 1.
Blindulækning. Hreppsnefndin í Holtshreppi sækir um 1500 kr. utanfararstyrk handa Kristjáni Simonarsyni á Hraunum, til að leita sjer bóta á blindu. Dags. 1. júlí 1919. (*Nd. 86*).
Blómrækt og garðyrkja, efling þess, sjá Garðyrkja 1 og 2.
Blönduós, kvennaskóli, sjá Kvennaskólar 2 og Bryggjur 1.
Bogi Th. Melsted, sjá Saga Íslands 1 og Vinnuhjúaverðlaun.
Bolungarvík, sjá Brimbrjótur 1 og 2, Kirkjumál 3, Læknishjeruð 2 og 4 og Rafveita 1.
Borgarstjórinn í Reykjavík, sjá Fasteignafjelag Reykjavíkur.
Bókavörður 1. og aðstoðarskjalavörður, sjá Launamál 13.
Bókfærsla á afsalsbókum og veðmála, sjá Sýslumaðurinn í Skagafirði.
Bókmentafjelagið, sjá Vísindaleg fjelög 1 og 6.
Breiðafjarðarbátur h./f., sjá Strandbátur 4 og 5.
Breiðdalsheiði, sjá Vegamál 13.
Breyting á kenslu, sjá Mentaskólinn 3.
Brimbátur. Guðbrandur Magnússon sækir um 5000 kr. styrk handa Einari smið Magnússyni frá Hvammi undir Eyjafjöllum, til frekari tilrauna um brimbát, sem hann hefir gert. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 233*).
Brimbrjótur.
1. Áskorun sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu um 20 þús. kr. fjárveitingu á ári næsta fjárhagstimabil til brimbrjóts í Bolungarvík. (*Nd. 156*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi vitamálastjóra, dags. 29. júlí, um aukafjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungarvík. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 216*).
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sjá Heiðurslaun.

Brúamál.

1. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi vegamálastjóra, dags. 26. júlí 1919, um brúargerð á Hólmsá og vegabót á Mýrdalssandi. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 207*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi vegamálastjóra, dags. 25. júlí, um brú á Eyvindará hjá Egilsstöðum. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 206*).
3. Stjórnarráðið sendir samgöngumálanefnd frumvarp vegamálastjóra um brúargerðir. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 180*).
4. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd, ásamt tillögum sínum, brjef vegamálastjóra 21. júlí 1919, um Hafnarfjarðarveginn og endurbyggingu brúnna á Elliðaánum. Dags. 22. júlí 1919. (*Ed. 37*).
5. Þingmenn Húnvetninga fara þess á leit við fjárveitinganefnd, að hún taki upp í breytingartillögur sínar við fjárlagafrumvarpið 3000 kr. til steinsteypubrúar á Hamarsá á Vatnsnesi. Dags. 1. ág. 1919. (*Nd. 224*).
6. Sýslufundargerðir Árnessýslu 25. apr. 1919 leggja til og skora á Alþingi, að þingmennirnir sjái sýslunni fyrir hagkvæmum tekjustofni í stað brúartolls á Ölfusá, sem þeir hafa neitað að flytja frumvarp um. (*Nd. 38, b*).
7. Benedikt Sveinsson alþm. ritar stjórnarráðinu og æskir þess, að það taki upp í fjárlögin fjárveitingu til að endurreisa brú á Hölkná í Þistilfirði, og endurveiti fje til þess að gera akveg frá kauptúninu Kópaskeri til Jökulsár í Öxarfirði. Dags. 19. febr. 1919. (*Nd. 427*).

Bryggjur.

1. Fjórir fulltrúar Blönduóshrepps sækja um fjárveitingu til bátabryggju sunnan Blöndu. Dags. 23. júní 1919. (*Nd. 69*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd símskeyti frá Kaupfjelagi Hjeraðsbúa, dags. 26. júlí, um endurveitingu á styrk til hafskipabryggju á Búðareyri í Reyðarfirði. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 208.*).
3. Steingrímur sýslumaður Jónsson sækir fyrir hönd sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu og kaupfjelags Þingeyinga um 800 kr. hækkun á styrk til bryggjubóta á Húsavík. Dags. 12. júlí 1919. (*Nd. 82*).
4. Þingmenn Múlasýslna beggja sækja um endurveitingu á 3500 kr. til hafskipabryggju á Búðareyri í Reyðarfirði. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 262*).
5. Erindi Benedikts Sveinssonar alþm. til fjárveitinganefndar um styrk til bryggjugerðar á Kópaskeri. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 377*).

Búðahreppur í Fáskrúðsfirði, sjá Hreppsnefnd Búðahrepps.

Búðareyri við Reyðarfjörð, sjá Bryggjur 2 og 4.

Búðaþorp í Fáskrúðsfirði, sjá Rafveita 3.

Búnaðarfjelag Íslands, áætlun um útgjöld þess, sjá Búnaðarmál 8; umsókn um styrk, sjá Búnaðarmál 4.

Búnaðarmál.

1. Áskorun frá Búnaðarsambandi Suðurlands um:
   a. sem ríflegast fjárframlag til Búnaðarfjelags Íslands, alt að 250 þúsund kr.

(*Búnaðarmál*).

b. Stofnun bændaskóla eða alþýðuskóla á Suðurlandsundirlendi. Dags. 12. júlí 1919. (*Nd. 196*).

2. Brjef Búnaðarfjelagsins um fjárveitingu til sandgræðslu. Dags. 29. jan. 1919. (*Nd. 123, 2*).

3. Búnaðarsamband Austurlands sækir um 65 þús. kr. styrk, til að koma á fót tilraunastofnun til rannsókna á fóðrun búpenings, trjárækt o. fl. Dags. 18. júní 1919. (*Nd. 220*).

4. Búnaðarfjelag Íslands sækir um 217500 kr. tillag fyrir árið 1920 og 234500 kr. tillag fyrir árið 1921. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 188*).

5. Búnaðarfjelag Íslands fer fram á sjerstaka fjárveitingu til að afla fræðslu um niðursuðu á kjöti og um flutning á kældu kjöti til Englands. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 217*).

6. Búnaðarfjelag Íslands skorar á Alþingi að veita alt að 12 þús. kr. á ári næsta fjárhagstímabil til sandgræðslu. Dags. 2. ág. 1919. (*Nd. 256*).

7. Búnaðarfjelag Íslands sendir Alþingi áskorun búnaðarþingsins 1919 um 50 þús. kr. styrk hvort ár næsta fjárhagstímabils til áveitufyrirtækja. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 189*).

8. Áætlun Búnaðarfjelags Íslands um útgjöld þess 1920—1921. Dags. 29. jan. 1919. (*Nd. 123, 1*).

9. Miklavatnsmýri. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd eftirfylgjandi skjöl viðvíkjandi uppbót á kostnaði við skurðgröft í Miklavatnsmýri 1917:

a. Erindi Ágústs Helgasonar og Gests Einarssonar, dags. 30. mars 1918, með 2 fylgiskjölum:

1. Skýrslu um skurðgraftar kostnaðinn.

2. — — skurðgröftinn.

b. Brjef vegamálastjóra, dags. 4. apríl 1919. Dags. 10. júlí 1919. (*Nd. 53*).

10. Forseti Búnaðarfjelags Íslands sendir 1. þm. Skagfirðinga (M. G.) skjöl um fyrirhugaða áveitu úr Kolku yfir Óslandshlíð í Skagafirði. Ódags. (*Nd. 295*).

11. Formaður Búnaðarfjelags Íslands mótmælir því í brjefi til stjórnarráðsins, að mjólkurskólinn verði að svo stöddu fluttur frá Hvítárvöllum að Hvanneyri. Dags. 22. júlí 1919. (*Nd. 405*).

Bústaðir verkamanna, sjá Byggingarfjelag Reykjavíkur.

Byggingarfjelag Reykjavíkur.

1. Fjelagið sendir fjárveitinganefnd Nd. 4 uppdrætti af fyrirhugaðri húsagerð. Dags. 7. sept. 1919. (*Nd. 343*).

2. Fjelagið sækir um styrk til að koma upp verkamannabústöðum. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 195*).

Byggingarfræði.

1. Ársæll stúdent Sigurðsson sækir um 1500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil til að nema byggingarfræði við Kunst-Akademiet í Kaupmannahöfn. Ódags. (*Nd. 249*).

(*Byggingarfræði*).

2. Sigurður Guðmundsson sækir um 1500 kr. styrk á ári í tvö ár til framhaldsnáms í byggingarfræði. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 237*).

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

1. Brjef hans um áætlaðan skrifstofukostnað sinn. Dags. 17. júní 1919. (*Nd. 118, 2*).
2. Brjef hans um rekstrarkostnað hegningarhússins. Dags. 2. des. 1918. (*Nd. 118, 4*).

Bændaskólar.

1. Forstöðumaður bændaskólans á Hólum sækir um fjárveitingu til að koma á raflýsingu, rafsuðu og rafhitun við skólann. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 258*).
2. Brjef forstöðumanns bændaskólans á Hólum um kostnað við rekstur skólans. Dags. 12. des. 1918. (*Nd. 121, 10*).
3. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri sendir erindi um íbúðarhússbyggingu á Hvanneyri. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 32*).
4. Brjef forstöðumanns Hvanneyrarskólans um rekstrarkostnað skólans, og um endurreisn íbúðarhúss þar. Dags. 16. des. 1918. (*Nd. 121, 11*).

Daníel Jónsson póstur, sjá Eftirlaun 4.

Dansk-íslenska fjelagið. Forsætisráðherrann sendir fjárveitinganefnd umsókn Dansk-íslenska fjelagsins, dags. 19. júlí, um 2000 kr. styrk á ári. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 162*).

Dansk-Islandsk Nævn ritar forsætisráðherra og telur aðgreining þá heppilega, sem sambandslögin gera á íslenskum og dönskum ríkisborgurum, og kveðst að eins muni vekja athygli stjórnarinnar í Danmörku á því, hver áhrif þetta geti haft á danska löggjöf. Dags. 30. maí 1919. (*Nd. 369*).

Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd, sjá Ráðgjafarnefnd.

Davíð Stefánsson í Fornahvammi, sjá Gestbeini.

Djúpbátur á Ísafirði, sjá Strandbátur 6 og 7.

Dýralækningar.

1. Hólmgeir Jensson leitar þess, að sjer sje veittur styrkur til að stunda dýralækningar. Dags. 15. júní 1919. (*Nd. 17*).
2. Búnaðarfjelag Íslands sendir Alþingi umsókn Jóns Pálssonar dýralæknis, dags. 13. júní 1919, um 2000 kr. styrk á ári í tvö ár, til að rannsaka lungnaveiki í sauðfje. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 190*).
3. Sýslufundargerðir Árnessýslu, 25. apríl 1919, leggja til og skora á Alþingi, að skipaður verði sjerstakur dýralæknir fyrir Árnes- og og Rangárvallasýslur (*Nd. 38, 3*).
4. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi dýralækna, dags. 25. júlí, um dýrtíðaruppbót á aukatekjur þeirra, eins og hjeraðslækna fá. Dags. 28. júlí 1919. (*Nd. 200*).
5. Magnús Einarson dýralæknir sækir um, fyrir sína hönd og annara dýralækna, að þeim verði gert jafnhátt undir höfði og öðrum læknum, að því er launakjör snertir. Dags. 23. júlí 1919. (*Nd. 416*).

Dýrtíðarlán, eftirgjöf á. Þingmaður Ísafjarðar sækir um eftirgjöf á 26001 kr. 78 aur. af 100 þúsund kr. dýrtíðarláni til Ísafjarðarkaupstaðar. Dags. 12. ágúst 1919. (*Nd. 291*).

Dýrtíðarmál.

1. Stefán Eiríksson trjeskeri sækir um dýrtíðaruppbót á kenslustyrk sínum. Dags. 4. júlí 1919. (*Nd. 14*).
2. Erindi dýrtíðarnefndar Akureyrar, dags. 12. apríl 1918, um úthlutun dýrtíðarkola. (*Nd. 43, 5*).
3. Geðveikralæknirinn á Kleppi fer þess á leit, að ökumanni geðveikrahælisins verði ætluð dýrtíðaruppbót á launum sínum. Dags. 21. ágúst 1919. (*Nd. 317*).
4. Þingmaður Strandasýslu ber fram ósk Árnesbrepps um 15000 kr. lán vegna dýrtíðar og harðæris. Dags. 10. ágúst 1919. (*Nd. 400*).

Efnarannsóknarstofan. Forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar fer fram á 1000 kr. fjárveitingu, til að kaupa málmbræðsluofna. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 263*).

Eftirgjöf á símalánum, sjá Símamál 4 og 5.

Eftirlaun.

1. Beiðni Magnúsar söngkennara Einarssonar á Akureyri um eftirlaun, 300 kr. á ári. Dags. 18. sept. 1918. (*Nd. 124, 1*).
2. Beiðni Th. Krabbe um 600 kr. árleg eftirlaun handa frú Gyðu Þorvaldsdóttur, ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði. Dags. 30. jan. 1919. (*Nd. 124, 2*).
3. Beiðni Arnbjargar Einarsdóttur, ekkju Lárusar prests Halldórssonar, um eftirlaunaviðbót. Dags. 14. febr. 1919. (*Nd. 43, 10*).
4. Daníel Jónsson, fyrrum póstur milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar, sækir um 500 kr. árleg eftirlaun. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 154*).
5. Elín Briem Jónsson sækir um 600 kr. föst eftirlaun. Dags. 27. júlí 1919. (*Nd. 197*).
6. Freysteinn Gunnarsson, fyrir hönd síra Stefáns Stephensens, fyrrum prests að Mosfelli, sækir um að síra Stefáni verði hjer eftir talin eftirlaun samkvæmt lögum nr. 48, 16. nóv. 1907. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 96*).
7. Guðmundur Kristjánsson, póstur milli Borgarness og Búðardals, beiðist 500 kr. eftirlauna, vegna þess að póstferðir þessar leggist niður. Dags. 16. júní 1919. (*Nd. 5*).
8. Jón Helgason, fyrrum vitavörður á Reykjanesi, sækir um 1000 kr. á ári æfilangt, fyrir að hafa verið sviptur stöðu sinni án orsaka og rannsóknar. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 151*).
9. Oliva, ekkja Guðlaugs sýslumanns Guðmundssonar, sækir um uppbót á eftirlaunum sínum, 166,67 kr. á ári, frá því hún varð ekkja, og 1000 kr. alls á ári framvegis. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 232*).
10. Pjetur Guðmundsson, kennari á Eyrarbakka, sækir um 1000 kr. eftirlaun. Dags. 23. júní 1919. (*Nd. 39*).
11. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd umsókn um eftirlaunabót

(*Eftirlaun*).

handa Sigrúnu Kjartansdóttur, ekkju Gísla prests á Mosfelli í Grímsnesi. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 192*).

12. Þorsteinn Guðmundsson yfirfiskimatsmaður sækir um, að sjer verði veittur rjettur til eftirlauna úr ríkissjóði. Dags. 25. júní 1919. (*Nd. 55*).
13. Kristín Jóelsdóttir, ekkja Sumarliða pósts Guðmundssonar, sækir um að Alþingi veiti sjer eftirlaun þau, 200 kr., er manni hennar voru ætluð. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 287*).
14. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd brjef póstmeistara, dags. 8. ágúst 1919, um eftirlaun handa Friðrik póstafgreiðslumanni Möller á Akureyri. Dags. 12. ágúst 1919. (*Nd. 297*).
15. Þingmenn Sunnmýlinga og Magnús Guðmundsson alþm., sækja um eftirlaun handa frú Hlíf Bogadóttur, ekkju sra. Pjeturs Þorsteinssonar. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 375*).
16. Þóra Mattíasdóttir, ekkja Þorsteins póstafgreiðslumanns Skaftasonar, sækir um áframhaldandi styrk, 300 kr. á ári. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 209*).

Eggert Ólafsson h./f., sjá Strandbátar 2, 8 og 9.

Eggert Pálsson prestur, sjá Jarðabætur.

Eggert Stefánsson söngvari, sjá Sönglist 2.

Eiðaskóli. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd umsókn Ásmundar Guðmundssonar skólastjóra á Eiðum, dags. 3. júlí 1919, um fjárveitingu til nýrrar skólabyggingar á Eiðum. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 185*).

Eiðastólseignir. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd neðri deildar afrit af virðingargerð Eiðastólseigna. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 90*).

Eimskipafjelag Íslands, sjá Strandferðir 1.

Eimskipafjelagsmál.

1. Forgöngumenn að stofnun eimskipafjelags við Faxaflóa leita þess við samgöngumálanefnd Alþingis, að nefndin leggi eindregið með því, að fjelagið fái 75—80 þús. kr. árlegan styrk til ferða um Faxaflóa og sunnanlands. Dags. 12. júlí 1919. (*Nd. 78*).
2. Eimskipafjelag Suðurlands svarar brjefi samgöngumálanefndar út af fyrirætlunum fjelagsins, og spyrst fyrir um, hve nefndin muni vilja leggja til, að fjelagið fái mikinn styrk. Dags. 6. ágúst 1919. (*Nd. 276*).
3. Stofnendur Eimskipafjelags Suðurlands láta í ljós óánægja sina við samgöngumálanefnd út af því, að nefndin hafi engu svarað brjefi þeirra 6. ágúst, og gera nýtt tilboð um Faxaflóaferðir. Dags. 15. ágúst 1919. (*Nd. 305*).
4. Eimskipafjelag Suðurlands ritar nánari skýringar á brjefi þess 15. ágúst. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 306*).
5. Brjef h./f. Eimskipafjelag Suðurlands um fyrirhugaðar ferðir skipa þess. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 335*).
6. Eimskipafjelag Suðurlands tjáir samgöngumálanefnd, að það hafi fest kaup á eimskipinu »Davidsen«, í því trausti, að Alþingi veiti

fjelaginu styrk þann, er það hefir beiðst. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 348*).

Einar Jónsson, listasafn, sjá Listir 8.

Einarshöfn og Óseyrarnes, sjá Sjógarður.

Einkaleyfislög.

1. Lagarna angående patent, varumärken, mönster och modeller. Utg. av Aug. E. G. Hamilton. Stockholm 1917.
2. Lov af 2. juli 1910, om patenter. (Norsk).
3. Patenter af 13. Apr. 1894, samt Bekentgjörelse angaaende Ansögninger om Patent af 25. Mai 1899. Kbh. 1909. (*Ed. 25*).

Elín Briem Jónsson, sjá Eftirlaun 5.

Elliðaár, sjá Brúamál 4.

Ellistyrkur.

1. Anna Thorlacius í Stykkishólmi sækir um 800 kr. styrk til ritstarfa og sem ellistyrk. Dags. 24. mai 1919. (*Nd. 26*).
2. Erlendur Zakaríasson vegavinnustjóri sækir um ellistyrk. Dags. 29. júní 1919. (*Nd. 41*).
3. Hallgrímur Kráksson fyrverandi póstur leitar Alþingis um styrkhækkun. Dags. 22. júní 1919. (*Ed. 7*).

Emil Jónsson, sjá Fjöllistanám 5.

Emil Nielsen, sjá Strandferðir 2.

Enskunám. Beiðni Bjarna Sæmundssonar um 1200 kr. styrk í tvö ár, handa Önnu dóttur sinni til enskunáms í London. Dags. 12. júlí 1910. (*Nd. 122, 21*).

Erlendur Zakaríasson, sjá Ellistyrkur 2.

Eyjólfur Björnsson, sjá Raffræðinám 1.

Eyvindará hjá Egilsstöðum, sjá Brúamál 2.

Fasteignafjelag Reykjavíkur.

1. Fasteignafjelag Reykjavíkur skorar á Alþingi að afnema húsaleigulögin þegar á þessu þingi. Dags. 5. ágúst 1919. (*Nd. 272*).
2. Húsaleigunefnd Reykjavíkur lætur allsherjarnefnd efri deildar í tje álit sitt um áskorun Fasteignafjelags Reykjavíkur, um að nema húsaleigulögin úr gildi. Dags. 9. ágúst 1919. (*Ed. 60*).
3. Álit borgarstjórans í Reykjavík um áskorun Fasteignafjelags Reykjavíkur, um afnám húsaleigulaganna. Dags. 14. ágúst 1919. (*Ed. 61*).

Faxaflóa eimskipafjelag, sjá Eimskipafjelagsmál.

Fiðlukonstnari, sjá Sönglist 3.

Fiskifjelag Íslands.

1. Fiskifjelag Íslands beinir þeirri spurningu til Alþingis, hvort ekki væri unt að láta innflutningstoll á salti koma niður á fleiri ár en ráð er fyrir gert í frumv. þar um. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 153*).
2. Fiskifjelag Íslands sækir um styrk, 4300 kr. fyrra árið, en 4600 kr. síðara árið, næsta fjárhagstímabil. Dags. 17. júlí 1919. (*Nd. 111*).
3. Brjef Fiskifjelags Íslands um aukinn styrk. Dags. 30. nóv. 1918. (*Nd. 123, 5*).
4. Brjef Fiskifjelags Ísland um yfirgang útlendra botnvörpunga í land-

helgi og fiskispjöll, og er jafnframt skorað á stjórnina að gæta þess, að Danir uppfylli skyldu sína um landhelgisvörn samkvæmt 8. gr. sambandslaganna. Dags. 14. apríl 1919. (*Nd. 357*).

Fiskiþingið.

1. Fiskiþing Fiskifjelags Íslands skorar á Alþingi að efla landhelgisvarnir, og að leitað verði samninga við erlend ríki um aukning landhelginnar. Dags. 5. júlí 1919. (*Nd. 13*).
2. Fiskiþingið sendir Alþingi áskorun og tillögur sínar um breytingar á lögum um mat á síld og saltfiski. Dags. 5. júlí 1919. (*Nd. 92*).

Fjelagið Íslendingur sækir um 10 þúsund kr. árlegan styrk til framkvæmda tilgangi sínum, að efla samhug og samvinnu með Íslendingum hjer á landi og vestan hafs. Dags. 22. júlí 1919. (*Nd. 146*).

Fjöllistanám.

1. Theódóra Thoroddsen sækir um styrk handa Bolla syni sínum, til að stunda verkfræðinám í útlöndum. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 236.*)
2. Trausti Ólafsson sækir um 3500 kr. styrk, til að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Dags. 22. júlí 1919. (*Nd. 142*).
3. Ingólfur stúdent Jónsson sækir um styrk til að nema efnafræði. Dags. 3. desember 1918. (*Nd. 122, 23*).
4. Magnús Kristinsson stúdent sækir um 1500 kr. styrk á ári, til að stunda verkfræðinám í Kaupmannahöfn. Dags. 14. ágúst 1919. (*Nd. 298*).
5. Emil Jónsson sækir um 1500 kr. á ári næsta fjárhagstímabil, til að stunda verkfræðinám í Kaupmannahöfn. Dags. 14. ágúst 1919. (*Nd. 303*).
6. Gunnlaugur stúdent Indriðason sækir um 1500 kr. styrk, til að stunda verkfræðinám við Fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Dags. 18. ágúst 1919. (*Nd. 373*).

Flensborgarskóli, sjá Gagnfræðaskólar 2 og 3.

Flotamálastjórnarráð í Danmörku, sjá Veðurathuganir 1.

Flugfjelag. Styrkbeiðni Flugfjelags Íslands, dags. 14. apríl 1919. (*Nd. 43, 13*).

Flutningabrautir, sjá Vegamál 5 og 6.

Forngripasafn, sjá Þjóðmenjasafn 1—3.

Fornleifafjelagið, sjá Vísindaleg fjelög 4.

Fornmenjar. Fornmenjavörður leitar 8—10 þúsund kr. fjárveitingar handa Þjóðmenjasafninu, til aðgerðar og viðhalds á Bessastaðakirkju, að því tilskildu, að hún verði eign safnsins. Dags. 7. september 1919. (*Ed. 85*).

Forseti Búnaðarfjelags Íslands, sjá Búnaðarmál 10 og Skógur.

Fossamál.

1. Stjórnarráðið sendir fossanefnd neðri deildar brjef h.f. »Titans« um verkamannaþörf við fyrirhugaða orkunýting fjelagsins á Þjórsá. Dags. 23. júlí 1919. (*Nd. 169*).
2. Stjórnarráðið sendir fossanefnd Nd. brjef »Titans«, dags. 6. ágúst 1919, um breytingu á umsókn fjelagsins um leyfi til virkjunar á vatnsafli í Þjórsá. Dags. 7. ágúst 1919. (*Nd. 279*).

Fóðrun búpenings, sjá Búnaðarmál 3.

Freysteinn Gunnarsson kandidat, sjá Kenslunám 3.
Friðrik Möller póstafgreiðslumaður, sjá Eftirlaun 14.
Frímann B. Arngrímsson, sjá Steintegundir nothæfar og Raffræðinám 1.

Fróðleikur alþýðlegur.

1. Umsókn Páls Þorkelssonar um 2400 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil til að ljúka við íslenskt málsháttasafn. Dags. 20. janúar 1919. (*Nd. 122, 10*).
2. Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum í Húnavatnssýslu sækir um 2000 kr. á ári í tvö ár, til þess að ferðast um landið og safna óprentuðum alþýðukveðskap. Dags. í maí. (*Nd. 70*).
3. Þórbergur Þórðarson sækir um 1200 kr. árlega hækkun á styrk þeim, sem hann hefir, til að smala orðum og orðasamböndum úr íslensku alþýðumáli. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 252*).

Fræðibækur alþýðu.

1. Þorsteinn Gíslason sækir um styrk í næstu fjárlögum, til að gefa út vandaðar þýðingar á úrvalsritum heimsbókmentanna. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 227*).
2. Ársæll Árnason bóksali sækir um 3000 kr. styrk á ári, til að gefa út alþýðlegar fræðibækur á íslensku. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 235*).

Fræðslumálastjóri, sjá Alþýðufræðsla 1 og 2 og Launamál 15.

Gagnfræðaskólar.

1. Brjef forstöðumanns gagnfræðaskólans á Akureyri, um fjárveitingar til skólans. Ódagsett. (*Nd. 121, 6*).
2. Skólanefnd Flensborgarskólans sækir um 10 þúsund kr. árlegan styrk. Dags. 20. febrúar 1919. (*Nd. 121, 16*).
3. Þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu sækja um, samkvæmt fundarályktun í Hafnarfirði 29. júní, að gagnfræðaskólinn í Flensborg verði tekinn í flokk þeirra skóla, sem að öllu leyti eru reknir á ríkiskostnað, eða að öðrum kosti, að honum verði veitt fje það, er honum nægir. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 384*).

Garðyrkja.

1. Brjef hins íslenska garðyrkjufjelags um að prýða stjórnarráðsblettinn og lóðina við ráðherrabústaðinn. Dags. 8. febrúar 1919. (*Nd. 123, 4*).
2. Hið íslenska garðyrkjufjelag brýnir fyrir Alþingi nauðsyn þess að efla garðyrkju og blómrækt í landinu, og fer þess á leit, að ráðinn verði í þjónustu landsins garðyrkjustjóri, og til þess veittar 5000 kr. Dags. 19. júlí 1919. (*Nd. 143*).

Geðveikrahælið.

1. Brjef um rekstrarskostnað hælisins. Dags. 21. janúar 1919. (*Nd. 119, 2*).
2. Brjef Stjórnarráðsins um aukning geðveikrahælisins á Kleppi. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 97*).

Geðveikralæknir á Kleppi, sjá Dýrtíðarmál 3.
Geir T. Zoëga rektor, sjá Orðabók íslensk-ensk.

Gerlarannsóknir. Forsætisráðherra fer þess á leit við fjárveitinganefnd, að hún taki upp í breytingartillögur sínar við fjárlagafrumvarpið 2000 kr. á ári

til Stefáns dósents Jónssonar fyrir gerlarannsóknir. Dags. 9. ágúst 1919. (*Nd. 289*).

Gestbeini.

Davíð Stefánsson í Fornahvammi sækir um að styrkur sá, er hann hefir, til að veita gestum beina, verði hækkaður upp í 800 kr. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 201*).

Gísli Ólafsson á Eiríksstöðum, sjá Fróðleikur alþýðlegur 2.

Gísli Sveinsson þm. V.-Sk., sjá Tvískifting á embættum sýslumanna.

Gísli Þorbjarnarson, sjá Skaðabætur 5.

Grafreitur Reykjavíkur. Brjef formanns sóknarnefndar Reykjavíkur um þurkun á grafreit bæjarins. Dags. 5. mars 1919. (*Nd. 43, 4*).

Grímseyingar, styrkur til læknisvitjana, sjá Heilbrigðimál 1.

Guðbrandur Jónsson, sjá Saga Íslands 4.

Guðbrandur Magnússon, sjá Brimbátur.

Gudmands Minde, sjá Sjúkrahús 1.

Guðmundur Elendinus Guðmundsson »bryggjusmiður«, sjá Námar 3.

Guðmundur G. Bárðarson, sjá Vísindamenn 4.

Guðmundur Hjaltason kennari, sjá Alþýðufræðsla 3 og Ungmennafjelag Íslands.

Guðmundur Hjaltason í Tröð. Sigurður alþm. Stefánsson sækir um verðlaun fyrir hann, 1000 kr., fyrir að bjarga 7 mönnum úr sjávarháska. Dags. 21. september 1919. (*Nd. 394, B*).

Guðmundur Hliðdal Jónasson, sjá Rafveita 2, 4 og 5.

Guðmundur Jónsson frá Brennu, sjá Skólaiðnaður og teikning.

Guðmundur Kr. Guðmundsson & Co., sjá Strandferðir 3.

Guðmundur Kristjánsson póstur, sjá Eftirlaun 7.

Guðmundur Marteinsson, sjá Raffræðinám 2.

Guðmundur Ólafsson kennari, sjá Kenslunám 4.

Guðmundur Thoroddsen læknir, sjá Læknar 2.

Gullfaxi, vjelbátur, sjá Skaðabætur 5.

Gunnlaugur Claessen læknir, sjá Læknar 1.

Gunnlaugur Indriðason stúdent, sjá Fjöllistanám 6.

Gyða Þorvaldsdóttir, sjá Eftirlaun 2.

Hafnarbryggjulán til Stykkishólmshrepps. Halldór Steinsson alþm. sækir um eftirgjöf á hafnarbryggjuláni í Stykkishólmi. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 399*).

Hafnarfjarðarvegur, sjá Brúamál 4.

Hafnarfjarðar- og Garðahrepps sjúkrasamlag, sjá Heilbrigðimál 6.

Hafnarmál.

1. Stjórnarráðið sendir sjávarútvegsnefnd álit og tillögur N. P. Kirks hafnarverkfræðings um hafnargerð í Þorlákshöfn, ásamt 10 uppdráttum. Dags. 11. júlí 1919. (*Nd. 73*).
2. Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. það til hafnarlaga fyrir Ísafjörð, sem borið var fram á Alþingi 1917, með sem ríflegustu framlagi til fyrirhugaðra hafnarbóta. Dags. 4. júlí 1919. (*Ed. 27*).

Hagstofan. Brjef hagstofustjóra um útgjöld hagstofunnar. Dags. 23. janúar 1919. (*Nd. 118, 1*).
Halldór Briem bókavörður, sjá Vísindamenn 5.
Halldór Hansen læknir, sjá Læknar 4.
Halldór Vilhjálmsson, sjá Bændaskólar 3 og 4.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 2, 3 og 6.
Hallgrímur Hallgrímsson mag. art., sjá Saga Íslands 2.
Hallgrímur Kráksson póstur, sjá Ellistyrkur 3.
Hamarsá á Vatnsnesi, sjá Brúamál 5.
Handavinnunámsskeið kvenna, sjá Heimilisiðnaður 1—3.
Hannes Þorsteinsson, sjá Saga Íslands 3 og Sögurannsóknir og bókmenta 1 og 3.
Hans Gíslason í Fitjakoti í Kjósarsýslu, sjá Húsakaup 3.
Háskólinn.

1. Forsætisráðherra sendir allsherjarnefnd tvö erindi háskólaráðsins, dagsett 7. og 19. júlí, um að dósentarnir Jón Jónsson Aðils, Stefán Jónsson og Magnús Jónsson verði gerðir prófessorar. (*Nd. 202*).
2. Brjef háskólaráðsins, dags. 25. febrúar 1919, um endurveitingu til háskólans á ónotuðu fje (*Nd. 43, 7*).
3. Formaður stúdentafjelags háskólans fer þess á leit, að námsstyrkur til háskólans verði ekki lækkaður að svo stöddu. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 178*).
4. Brjef háskólarektors um rekstrarkostnað háskólans. Dags. 11. desember 1918. (*Nd. 121, 4*).
5. Magnús Jónsson guðfræðidósent sækir um 2000 kr. styrk á ári, til að rannsaka kirkjusögu Íslands. Dags. 15. september 1919. (*Ed. 118*).

Heiðurslaun (ɔ: *viðurkenning*). 11 konur í Reykjavík beiðast þess, að Alþingi veiti Brietu Bjarnhjeðinsdóttur ritstýru 600 kr. árlega, sem heiðurs- eða viðurkenningarvott fyrir störf hennar fyrir íslenskar konur. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 250*).
Heilbrigðimál.

1. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd erindi 1. þm. Eyfirðinga, dags. 19. júlí, um læknisvitjunarstyrk handa Grímseyingum. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 163*).
2. Tillögur aðalfundar læknafjelags Íslands um læknalaun. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 62*).
3. Tillaga sama fundar í berklaveikimálinu. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 65*).
4. Tillaga sama fundar um stjórn heilbrigðimála. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 63*).
5. Stjórnarráðið sendir allsherjarnefnd endurrit af
   a. Tillögum aðalfundar læknafjelagsins um veitingu embætta.
   b. Tillögu sama fundar um kenslu ljósmæðra. Dags. 12. júlí 1919. (*Nd. 81*).
6. Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar og Garðahrepps sækir um 2500 kr. styrk í aukafjárlögum 1918—1919. Dags. 3. júlí 1919. (*Nd. 87*).
7. Formaður sjúkrasamlags Akraness leitar Alþingis um styrk til samlagsins. Dags. 28. júlí 1919. (*Nd. 43*).

Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
1. Brjef læknisins á Vífilsstöðum, dags. 2. janúar 1919, um bygging læknisbústaðar þar og barnadeildar. (*Nd. 43, 1*).
2. Áætlun um rekstrarkostnað Heilsuhælisins 1920—1921, með athugasemdum. Dags. 2. janúar 1919. (*Nd. 119, 3*).

Heimilisiðnaðarfjelagið sækir um, að styrkur þess megi haldast, eigi lægri en áður. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 407*).

Heimilisiðnaður.
1. Brjef Stefáns skólameistara Stefánssonar um styrk til heimilisiðnaðarfjelags á Norðurlandi. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 123, 11*).
2. Halldóra Bjarnadóttir sækir um 600 kr. styrk til starfrækslu handavinnunámsskeiðs kvenna á Akureyri. Dags. 1. júlí 1919. (*Nd. 168*).
3. Brjef Halldóru Bjarnadóttur um styrk til handavinnuskóla á Akureyri. Dags. í júlí 1918. (*Nd. 123, 10*).
4. Samband norðlenskra kvenfjelaga sendir Alþingi tillögu um, að það skipi matsnefnd kvenna, til að flokka prjónles til útflutnings. (*Nd. 23*).
5. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Heimilisiðnaðarfjelags Norðurlands, þar sem skýrt er frá störfum fjelagsins á síðastliðnu ári. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 313*).
6. Fræðslumálastjóri sendir fjárveitinganefnd umsókn Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri um 600 kr. styrk til kenslu í handavinnu. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 402*).

Helgi Árnason, sjá Safnahúsvörður 1 og 2 og Launamál 21.

Helgi H. Eiríksson námufræðingur, sjá Námar 4 og 6.

Helgi Hjörvar Salómonsson, ávarp um kennaralaun, sjá Launamál 11 og Skólablaðið, styrkur til þess.

Helgi Jónsson dr., sjá Vísindamenn 2.

Hjeraðslæknar, sjá Læknafjelag Íslands.

Hjúkrunarfjelagið Líkn. Erindi um 2000 kr. árlegan styrk. Dags. 11. febrúar 1919. (*Nd. 119, 1*).

Hlíf Bogadóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 15.

Holdsveikralæknir, sjá Læknar 3.

Holdsveikraspítalinn. Brjef landlæknis um útgjöld Holdsveikraspítalans 1920—1921. Dags. 22. janúar 1919. (*Nd. 119, 4*).

Hornafjörður, sjá Strandferðir 4.

Hornmælingar, sjá Landmælingar.

Hólar, bændaskólinn, sjá Bændaskólar 1 og 2 og Rafveita 5 og 7.

Hólmgeir Jensson dýralæknir, sjá Dýralækningar 1.

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu, sjá Rafveita 1, Kirkjumál 3, Brimbrjótur 1 og 2 og Læknishjeruð 2—4.

Hreppsnefnd Búðahrepps í Fáskrúðsfirði sækir um eftirgjöf á 700 króna skuld hreppsins við viðlagasjóð. Dags. 20. júlí 1919. (*Nd. 187*).

Hrísey á Eyjafirði, sjá Vitar 11.

Hrollaugsdalur í Skagafirði, sjá Skógur.

Hrossasala, sjá Verslun.

Hróaldi Ámundason, sjá Veðurathuganir 5.
Húsakaup.
1. Björn prestur Stefánsson leitar þess, að landssjóður kaupi af sjer það í prestsseturshúsinu á Bergsstöðum, er hann telur sína eign, og nemur að virðingarverði kr. 2326,50. Ódagsett. (*Nd. 72*).
2. Sigurður Guðmundsson, fyrrum prestur í Þóroddsstaðaprestakalli, sækir um verðbætur á íbúðarhúsi, sem hann reisti á prestssetrinu Vatnsenda í Ljósavatnshreppi. Dags. 30. júní 1919. (*Nd. 8*).
3. Hans Gíslason, bóndi á þjóðjörðinni Fitjakoti í Kjósarsýslu, sækir um að Alþingi veiti fje til að kaupa af honum skúr, sem hann hefir reist á jörðinni. Dags. 8. júlí 1919. (*Nd. 56*).
Húsaleigunefnd Reykjavíkur, sjá Fasteignafjelag Reykjavíkur 2.
Húsaleigulögin, afnám þeirra, sjá Fasteignafjelag Reykjavíkur.
Húsameistari. Forsætisráðherra fer þess á leit við launamálanefnd, að hún taki upp í launalagafrumvarpið tillögu um föst laun húsameistara landsins. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 214*).
Húsameistari og læknir, sendir utan, sjá Sjúkrahús 2.
Húsavík, sjá Bryggjur 3 og Alþýðuskólar 6.
Húsmæðraskóli. Samband norðlenskra kvenfjelaga krefst þess, að húsmæðraskóli Norðurlands sitji fyrir öðrum skólabyggingum um fjárveitingu. (*Nd. 24*).
Hvammstangi, sjá Sjúkraskýli 1 og 3 og Alþýðuskólar 3.
Hvanneyri í Borgarfirði, sjá Bændaskólar 3 og 4.
Hvítárbakki, sjá Alþýðuskólar 1.
Hvítárvellir, mjólkurskólinn þar, sjá Búnaðarmál 11.
Hæstirjettur.
1. Álit og tillögur dómendanna í landsyfirdómi um hæstarjettarfrumvarpið, með árituðum ummælum Lárusar prófessors Bjarnasonar. Dags. 23. júlí 1919. (*Ed. 42*).
2. Brjef dönsku nefndarmannanna í dansk-íslenskri ráðgjafarnefnd til samnefndarmanna sinna íslenskra, ásamt ummælum dómstjórans í hæstarjetti Dana um frumvarp um stofnun hæstarjettar á Íslandi. Dags. 4. júlí 1919. (*Ed. 41*).
3. Samvinnunefnd allsherjarnefnda fer þess á leit við samvinnunefnd launamála, að hún taki upp í launafrumvarpið ákvæði um laun hæstarjettardómara. Dags. 28. júlí 1919. (*Nd. 198*).
Höfðahverfi, sjá Sjúkraskýli 2.
Hölkná í Þistilfirði, sjá Brúamál 7.

Iðnskólinn. Brjef forstöðumanns iðnskólans um styrk til skólans. Dags. 28. febr. 1919. (*Nd. 121, 12*).
Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sjá Leikfimikensla.
Ingimundur Magnússon í Bæ, sjá Launamál 10.
Ingimundur Sveinsson fiðlukonstnari, sjá Sönglist 3.
Ingólfsfjall, vegur þaðan að Þjórsárbrú, sjá Vegamál 9.
Ingólfur stúdent Jónsson, sjá Fjöllistanám 3.
Ísafjarðarbæjarstjórn, sjá Hafnarmál 2.

Ísafjarðarprestakall, skifting í tvö prestaköll, sjá Kirkjumál 3.
Ísafjarðarsýsla nyrðri, sjá Símamál 1, Læknar 4, Launamál 6, Vitar 1 og Dýrtíðarlán.
Ísleifur Jónsson lýðkennari, sjá Alþýðuskólar 4.
Íslendingur, »þjóðræknifjelag«, sjá Fjelagið Íslendingur.
Íslensk orðabók.
1. Starfsmenn íslenskrar orðabókar senda fjárveitinganefnd álit og tillögur um orðabókina og fela nefndinni málið til fyrirgreiðslu. Dags. 10. júlí 1919. (*Ed. 21*).
2. Álit og tillögur um íslenska orðabók frá starfsmönnum að bókinni, Jóh. Lárusi Lynge Jóhannssyni og Jakobi Jóhannessyni smára. Dags. 10. júlí 1919. (*Nd. 77*).
Íslenskur söfnuður í Kaupmannahöfn, sjá Kirkjumál 4.
Íþaka, lestrarfjelag, sjá Mentaskólinn 4.
Íþróttasamband Íslands, sjá Listir 9.

Jakob Björnsson síldarmatsmaður sækir um, að laun hans verði hækkuð upp í 3600 kr. uppbótarlaust. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 358*).
Jakob Gíslason á Neðri-Þverá í Þverárhreppi, sjá Jarðakaup 2.
Jakob Jóhannesson »Smári«, sjá Íslensk orðabók 2.
Jarðabætur. Eggert Pálsson, prestur á Breiðabólstað, sendir fjárhagsnefnd skýrslu um jarðabætur sínar á prestssetrinu á fjárhagstímabilinu 1918—1919. Dags. 17. júlí 1919. (*Nd. 108*).
Jarðakaup.
1. Árni Árnason, hjeraðslæknir í Búðardal, sækir um kaup á landspildu til ræktunar. Dags. 24. júní 1919. (*Nd. 112*).
2. Jakob Gíslason, bóndi á Neðri-Þverá í Þverárhreppi fer þess á leit, að sjer verði með sjerstökum lögum heimiluð kaup á ábýli sínu. Dags. 10. júlí 1919. (*Nd. 177*).
3. Jónas Bjarnason, bóndi í Litladal, sækir um kaup á landi til að reisa nýbýli. (*Nd. 68*).
Jarðskjálftamælar, sjá Veðurathuganir 2.
Jóhann Franklin Kristjánsson sækir um bætur á launum sínum og um dýrtíðaruppbót. Ódagsett. (*Nd. 397, B*).
Jóhannes Erlendsson »kúnstnari«, sjá Sönglist 4.
Jóhannes Helgason oddhagi, sjá Trjeskurður.
Jóhannes Kjarval Sveinsson málari, sjá Listir 4.
Jóhannes Lárus Lynge Jóhannsson og Jakob Jóhannesson (smári), sjá Íslensk orðabók 2.
Jón Dúason, sjá Peningamál 1 og 2 og Bankamál 4.
Jón Eyþórsson, sjá Veðurathuganir 4.
Jón Guðmundsson, sjá Ostagerð.
Jón Guðmundsson í Ljárskógum, sjá Refaeldi.
Jón Helgason biskup, sjá Kirkjumál 4 og 6.
Jón Helgason vitavörður, sjá Eftirlaun 8.
Jón Jónsson Aðils dósent, sjá Háskólinn 1.
Jón Pálsson dýralæknir, sjá Dýralækningar 2.

Jón Þorkelsson dr. og Hannes Þorsteinsson, sjá Sögurannsóknir og bókmenta 1, 2 og 4 og Vísindafjelög 6.
Jónas Bjarnason í Litladal, sjá Jarðakaup 3.
Jónína Sæmundsdóttir frá Nikuláshúsum í Fljótshlíð = Nína Sæmundsson myndhöggvari.
Jónmundur Halldórsson prestur. Síra Sigurður Stefánsson alþm. sækir um, fyrir hönd Jónmundar prests Halldórssonar að Stað í Grunnavík, 10 þús. kr. fjárveitingu úr landssjóði fyrir húsabætur á staðnum. Dags. 21. ágúst 1919. (*Nd. 354*).
Jósef Blöndal simstjóri, sjá Símamál 11.

Kaupmannahöfn, sjá Íslenskur söfnuður.
Kálfshamarsvík, sími til, sjá Símamál 8 og 13.
Kennaralaun, sjá Launamál 5 og 22—23.
Kennaranámsskeið, sjá Alþýðufræðsla 4.
Kennaraskólinn. Brjef forstöðumanns kennaraskólans um fjárveitingar til skólans. Dags. 4. des. 1918. (*Nd. 121, 7*).
Kenslunám.
1. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd umsókn síra Ásmundar Guðmundssonar, skólastjóra á Eiðum, dags. 11. júní 1919, um utanfararstyrk sumarið 1920. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 136*).
2. Ásgeir Ásgeirsson, æfingakennari kennaraskólans, sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til að kynna sjer kensluæfingar. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 199*).
3. Freysteinn Gunnarsson guðfræðikandídat, sækir um 3000 kr. utanfararstyrk í tvö ár, til þess að kynna sjer alþýðufræðslu og alþýðuskóla á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Dags. 30. júní. 1919. (*Nd. 42*).
4. Guðmundur Ólafsson, kennari frá Sörlastöðum, sækir um utanfararstyrk, til að kynnast skólum og kenslu erlendis. Dags. 17. júní 1919. (*Nd. 57*).
Kiðjaberg, símalína frá að Borg, sjá Símamál 9.
Kirkjujarðir seldar. Stjórnaráðið sendir, með skírskotun til 14. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, skjöl er varða seldar kirkjujarðir á árunum 1917 og 1918, ásamt skrá um jarðirnar. Dags. 20. ágúst 1919. (*Sp. 14*).
Kirkjumál.
1. Brjef biskups um fjárveiting til að gefa út ársskýrslu hinnar íslensku kirkju. Dags. 14. des. 1918. (*Nd. 121, 2*).
2. Brjef biskups um fjárveitingar til kirkjumála. Dags. 20. nóv. 1918. (*Nd. 121, 1*).
3. Erindi biskups um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll. Dags. 12. júlí 1919. (*Ed. 26*).
4. Umsókn biskups um styrk til íslenska safnaðarins í Kaupmannahöfn. Dags. 16. mars 1919. (*Nd. 122, 16*).
5. Prestafjelag Íslands fer fram á 2000 kr. fjárveitingu á ári, til þess að styrkja fátæka presta til að sækja prestastefnu. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 218*).

(*Kirkjumál*).

6. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi biskups, dags. 21. júlí, um aukafjárveitingu til uppbótar á brauðum. Dags. 13. ágúst 1919. (*Nd. 301*).
7. Brjef kirkjumáladeildar stjórnarráðsins til allsherjarnefndar um frumvarp til laga um sölu á prestsmötu. Dags. 22. ágúst 1919. (*Nd. 321*).
8. Biskup segir álit sitt um frumvarp til laga um sölu á prestsmötu. (Brjef til allsherjarnefndar). Dags. 14. sept. 1919. (*Ed. 104*).
9. Skrá yfir seldar prestsmötur á tímabilinu 1. jan. 1917 til 1. ágúst 1919. Frá biskupi. Dags. 1. sept. 1919. (*Ed. 121*).
10. Verðlagsskrá við útreikning söluverðs á prestsmötum, miðað við 5 ára meðalverð verðlagsskrár. Frá biskupi. Ódagsett. (*Ed. 122*).

Kleppur, sjá Geðveikrahælið 1 og 2 og Dýrtíðarmál 3.

Kolatollur. Þrettán útgerðarmenn og útgerðarfjelög í Reykjavík og bera sig upp undan kolatollsfrv. því, sem fram er komið í þinginu. Leggja til, verði tollurinn lagður á, að hann verði ekki nema 3 kr. á smálest. Dags. 17. september 1919. (*Ed. 106*).

Kolka í Óslandshlíð, sjá Búnaðarmál 10.

Kópasker, sjá Bryggjur 5, Vegamál 15 og Brúamál 7.

Kristín Jóelsdóttir, ekkja Sumarliða pósts, sjá Eftirlaun 13.

Kristín Jónsdóttir málari, sjá Listir 3 og 9.

Kristján Símonarson á Hraunum, sjá Blindulækning.

Kristján Þorvarðsson frá Leikskálum, sjá Skaðabætur 1.

»Kúnstnari«, sjá Sönglist 4.

Kvenfjelag norðanlands, sjá Ljósmæður 1.

Kvennaskólinn í Reykjavík. sjá Kvennaskólar 1 og 3.

Kvennaskólar.

1. Brjef stjórnarnefndar kvennaskólans í Reykjavík um 13000 kr. fjárveitingu á ári til skólans. Dags. 10. febr. 1919. (*Nd. 121, 15*).
2. Hugvekja frá formanni forstöðunefndar kvennaskólans á Blönduósi um fjárhagsvandræði skólans og um aukið fjárframlag til hans. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 213*).
3. Stjórn kvennaskólans í Reykjavík sækir um, að skólinn verði ríkisskóli, að fest verði kaup á kensluhúsinu og skólanum veittur styrkur, 14000 + 2000 kr. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 388*).

Kæling á kjöti til útflutnings, sjá Búnaðarmál 5.

Lagasetning um síldveiðar, sjá Síldveiðar.

Landhelgi, sjá Fiskiþing 1 og Fiskifjelag Íslands 4.

Landhelgisvarnir.

1. Brjef fiskiþingsins 1919, dags. 4. júlí, um auknar landhelgisvarnir í sumar. (*Nd. 44*).
2. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd samninga um leigu á tveim mótorbátum til strandgæslu í sumar um síldveiðatímann. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 222*).

(*Landhelgisvarnir*).

3. Stjórnarráðið sendir sjávarútvegsnefnd 2 símskeyti frá lögreglustjórunum á Siglufirði og Akureyri um landvarnir fyrir Norðurlandi um síldveiðatímann. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 91*).
4. Formaður sjávarútvegsnefndar leitar álits fjárveitinganefndar um það, hvort halda skuli bát til landhelgisgæslu í Garðsjónum lengur en upphaflega var til ætlast. Dags. 20. september 1919. (*Nd. 386*).

Landlæknir, sjá Ljósmæður 4 og Holdsveikraspítalinn.

Landmælingar. Brjef forsætisráðherra til fjárveitinganefndar um 20 þúsund kr. fjárveitingu, til að ljúka hornmælingum á Norðurlandi. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 429*).

Landsbókasafnið.

1. Stjórnarráðið sendir mentamálanefnd neðri deildar eftirrit af kæru þriggja prófessora við háskólann um megna óreglu í stjórn landsbókasafnsins. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 93*).
2. Brjef landsbókavarðar um fjárveitingu til landsbókasafnsins. Dags 14. janúar 1919. (*Nd. 122, 1*).
3. Stjórnarráðið sendir mentamálanefnd svar landsbókavarðar, dags. 14. júlí, við kæru háskólaprófessoranna. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 184*).

Landshúsameistari, sjá Húsameistari.

Landssímastjóri O. Forberg, sjá Símamál 6, 10 og 12.

Landsspítalinn. Tillaga læknafundar um landsspítalamálið. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 64*).

Launamál.

1. Stjórnarráðið sendir launamálanefnd erindi frá sambandi starfsmanna ríkisins, dags. 15. júlí, með breytingartillögum við frumv. til laga um laun embættismanna. Dags. 19. júlí 1919. (*Nd. 116*).
2. Samband starfsmanna ríkisins, framkvæmdarnefnd fulltrúaráðsins, fer þess á leit við stjórnarráðið, að í frumvarp til laga um laun embættismanna verði bætt ákvæði um það, að laun verði greidd samkvæmt því frá 1. janúar 1919. Dags. 1. júlí 1919. (*Nd. 16*).
3. Samband starfsmanna ríkisins sendir Alþingi breytingartillögur sínar við 32. gr. í launalagafrumvarpi stjórnarinnar. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 254*).
4. Fjelag embættismanna og fastra starfsmanna við skóla og söfn ríkisins senda Alþingi:
   a. Beiðni orðabókarstarfsmannanna, dags. 10. júlí, um að fjelagið hlutist til um, að aukin verði fjárveiting til orðabókarinnar.
   b. Beiðni þriggja aukakennara við háskólann, Andrjesar Fjeldsteds, Ólafs Þorsteinssonar og Vilhelms Bernhöfts, um hækkun á launum þeirra og dýrtíðaruppbót á þeim. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 171*).
5. Askorun til Alþingis frá almennum kennarafundi í Reykjavík 30. júní, um að bæta þegar kjör kennara. Dags. 1. júlí 1919. (*Nd. 126*).
6. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar í einu hljóði á stjórn og

(*Launamál*).

þing að hækka laun starfsmanna sveitarfjelaga. Dags. í apríl 1919. (*Nd. 18*).

7. Þorsteinn Guðmundsson yfirfiskimatsmaður. Brjef hans, dags. 3. mars 1919, um þóknun fyrir aukamat. (*Nd. 43, 9*).
8. Steindór Björnsson efnisvörður landssímans sækir um uppbót á launum sínum fyrir árin 1918 og 1919. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd. 191*).
9. Brjef vörumerkjaskráseljara um launahækkun. Dags. 16. janúar 1919. (*Nd. 123, 6*).
10. Ingimundur Magnússon í Bæ sækir um að laun sín fyrir ullarmat á Veðfjörðum verði hækkuð í 1000 kr. Dags. 4. júlí 1919. (*Nd. 265*).
11. Helgi Hjörvar Salómonsson sendir launamálanefnd neðri deildar endurrit af ávarpi til Alþingis um bætur á kjörum kennara. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 172*).
12. Forsætisráðherra skýtur því til launamálanefndar, hvort hún sjái sjer ekki fært að taka upp í launalagafrumvarpið ákvæði um, að þjónustuár aðstoðarpresta teljist til embættisaldurs þeirra — eða, ef nóg þykir, að gera athugasemd um þetta í nefndaráliti. Dags. 11. ágúst 1919. (*Nd. 290*).
13. Samband starfsmanna ríkisins beinir þeim tilmælum til Alþingis, að 1. bókaverði við landsbókasafnið og aðstoðarskjalaverði við þjóðskjalasafnið verði ákveðin sömu laun og kennurum við mentaskólann. Dags. 9. ágúst 1919. (*Nd. 284*).
14. Forsetar Alþingis leggja til, að samvinnunefnd í launamálinu taki upp í launalagafrumvarpið ákvæði um laun skrifstofustjóra Alþingis. Dags. 12. ágúst 1919. (*Nd. 293*).
15. Fræðslumálastjóri fer þess á leit við fjárveitinganefnd, að ferðalje fræðslumálastjóra verði aukið upp í 1200 kr. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 309*).
16. Stjórnarráðið sendir launamálanefnd brjef frá formanni »fjelags lögfræðilegra embættismanna« um hækkun á launum nokkurra starfsmanna í stjórnarráðinu. Dags. 27. ágúst 1919. (*Nd. 327*).
17. Samband starfsmanna ríkisins sendir fjárveitinganefnd brjef póstmannafjelagsins, dags. 4. september, um laun póstafgreiðslumanna utan kaupstaðanna, og um dýrtíðaruppbót póstmanna. Dags. 5. september 1919. (*Nd. 341*).
18. Sæmundur Bjarnhjeðinsson spítalalæknir fer þess á leit, að laun hans fyrir störf þau, er hann hefir á hendi, verði lagfærð þannig, að þau verði ekki lægri en laun prófessora við háskólann. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 417*).
19. Brjef póstmeistara til alþm. Magnúsar Pjeturssonar um laun póstafgreiðslumanna þeirra, er ekki standa í launalögum, og annara slíkra póstmanna. Dags. 7. september 1919. (*Nd. 418*).
20. Sæmundur læknir Bjarnhjeðinsson sækir um, fyrir hönd læknisins á Vífilsstaðahæli, Sigurðar Magnússonar, að laun hans verði hækkuð svo, að hann hafi sömu laun og prófessorar við háskólann, auk hlunninda þeirra, er hann nýtur. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 420*).

(*Launamál*).

21. Helgi Árnason safnahúsvörður sækir um, að laun sín verði hækkuð úr 1400 kr. upp í 2000—2400 kr. Dags. 12. apríl 1919. (*Nd. 421*).
22. Þriggja manna nefnd, kosin á almennum kennarafundi í Reykjavík 30. júní næstliðinn, skorar á Alþingi, fyrir hönd ýmsra kennarafjelaga, að hlynna sem best að kennarastjettinni með fjárframlögum. Dags. 7. september 1919. (*Nd. 423*).
23. Magnús Helgason kennaraskólastjóri ritar launamálanefnd Alþingis og æskir þess, að sjeð verði um, að laun kennaraskólakennara verði eigi ákveðin svo lág, að þeir sæki þaðan um kennarastöðu í Mentaskólanum. Dags. 28. ágúst 1919. (*Nd. 424*).
24. Fulltrúaráð starfsmanna ríkisins ber fram breytingartillögur við launalagafrumvarp stjórnarinnar. Dags. 19. júlí 1919. (*Nd. 425*).
25. Útdráttur úr sýslufundargerð Árnessýslu með áskorun til stjórnarráðsins, að Ólafi Ísleifssyni verði veitt viðurkenning með fjárstyrk. (*Nd. 430*).

Lausn frá embætti, sjá Læknafjelag Íslands og Samband starfsmanna ríkisins.

Leikfimi í Mentaskólanum og kennaraskólanum, sjá Mentaskólinn 6.

Leikfimikensla. Ingibjörg Guðbrandsdóttir sækir um, að Alþingi tvöfaldi styrk þann, er hún hefir haft til ókeypis leikfimikenslu og annara kvenlegra líkamsæfinga. Dags. 6. ágúst 1919. (*Nd. 283*).

Leikfjelag Reykjavíkur, sjá Listir 7.

Listir.

1. Ríkarður Jónsson sækir um 3000 kr. styrk til Rómafarar. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 259*).
2. Umsókn Nínu myndhöggvara Sæmundsson um styrk til Rómafarar. Dags. 24. nóvember 1918. (*Nd. 122, 13*).
3. Umsókn Kristínar málara Jónsdóttur um styrk til Rómafarar. Dags. 6. febrúar 1919. (*Nd. 122, 15*).
4. Umsókn Jóhannesar málara Kjarval Sveinssonar um styrk til Rómafarar. Dags. 18. janúar 1919. (*Nd. 122, 14*).
5. Ásgeir Bjarnþórsson frá Grenjum sækir um styrk til málaranáms. Dags. 13. júní 1919. (*Nd. 88*).
6. Umsókn Listvinafjelagsins um 1000 kr. styrk á ári, til að gefa út listsöguleg smárit og eftirmyndir af íslenskum listaverkum. Dags. 27. febrúar 1919. (*Nd. 122, 18*).
7. Leikfjelag Reykjavíkur sækir um styrk, 40 þús. kr. fyrra árið og 30 þúsund kr. seinna árið, næsta fjárhagstímabil. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 100*).
8. Forsætisráðherra fer þess á leit við fjárveitinganefnd, að hún taki upp í tillögur sínar 20 þúsund kr. aukafjárveitingu þetta ár, til að fullgera hús yfir listasafn Einars Jónssonar. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 229*).
9. Kristín Jónsdóttir listmálari fer þess á leit, að sjer verði veittur styrkur til Ítalíuferðar í næstu fjárlögum. Dags. 13. júlí 1919. (*Nd. 115*).
10. Íþróttasamband Íslands sækir um 20 þúsund kr. fjárveitingu, til að

senda íslenska íþróttamenn á Ólympíuleikana í Antwerpen 1920. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 231*).

Listvinafjelagið, sjá Listir 6.

Ljósmyndir, sjá Magnús Ólafsson ljósmyndari.

Ljósmæður.

1. Samband norðlenskra kvenfjelaga sendir Alþingi útdrátt úr fundargerð sinni 28. júní 1919 um kjör ljósmæðra og ljósmæðrakenslu. (*Nd. 22*).
2. Tillögur aðalfundar læknafjelags Íslands um launakjör yfirsetukvenna. Dags. í júlí 1919. (*Nd. 66*).
3. Ljósmæðrafjelag Íslands fer þess á leit, að breytt verði lögum um launakjör ljósmæðra. Dags. 18. júlí 1919. (*Nd. 113*).
4. Brjef landlæknis um hækkun á launum ljósmæðra í Reykjavík, og um aukna fjárveitingu til yfirsetukvennaskólans. Dags. 24. janúar 1919. (*Nd. 121, 14*).
5. Þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu, Gísli Sveinsson, sækir um heiðurslaun eða eftirlaun úr landssjóði handa Þórunni Gísladóttur fyrrum ljósmóður. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 134*).
6. Stjórnarráðið sendir launamálanefnd brjef landlæknis, dags. 4. ágúst, um launakjör yfirsetukvenna, ásamt útdrætti úr sýslufundargerð úr Húnavatnssýslu um sama efni. Dags. 15. ágúst 1919. (*Nd. 312*).

Læknafjelag Íslands skýrir frá því, að nálega allir hjeraðslæknar landsins hafi sent stjórn fjelagsins umboð til þess að sækja fyrir þá um lausn frá embættum, ef eigi næðu fram að ganga launakröfur þær, er aðalfundur læknafjelagsins samþykti í sumar, og dýrtíðaruppbætur stjórnarinnar í 33. gr. launalagafrumvarpsins. Dags. 4. september 1919. (*Ed. 82*).

Læknafjelagsfundur, sjá Ljósmæður 2, Landsspítalinn og Heilbrigðimál 2—5.

Læknar.

1. Brjef Gunnlaugs læknis Claessens um fjárveitingar til Röntgensstofnunarinnar, og um launakjör sjálfs hans. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 255*).
2. Guðmundur Thoroddsen læknir fer þess á leit, að hann fái að halda styrk þeim, er hann nú hefir, næsta fjárhagstímabil. Dags. 12. júní 1919. (*Nd. 141*).
3. Umsókn holdsveikralæknis um launahækkun. Dags. 22. febr. 1919. (*Nd. 119, 5*).
4. Halldór læknir Hansen sækir um 4000 kr. utanfararstyrk til framhaldsmentunar í meltingarsjúkdómum. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 260*).
5. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi heilsuhælislæknisins á Vífilsstöðum um aðstoðarlækni við hælið. Dags. 4. ágúst 1919. (*Nd. 268*).
6. Sigurður Jónsson smáskamtalæknir í Lambhúsum á Akranesi sækir um 1000 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir lækningar. Dags. 24. júní 1919. (*Nd. 29*).
7. Hreppsnefndirnar í Landmannahreppi, Holtahreppi, Ásahreppi Rangárvallahreppi, Hvolhreppi og Fljótshlíðarhreppi, skora á lands-

(*Læknar*).

stjórn og Alþingi að veita Ólafi Ísleifssyni í Þjórsártúni að minsta kosti 1500 kr. föst árslaun til læknisstarfa. Dags. 9. apríl 1919. (*Nd. 71*).

8. Hreppsnefndir fjögurra hreppa í Árnessýslu skora á Alþingi og landsstjórn að veita Ólafi Ísleifssyni í Þjórsártúni 1500 kr. föst árslaun til læknisstarfa. (*Nd. 76*).

Læknaskortur. Forsætisráðherra sendir launamálanefnd brjef landlæknis, dags. 9. ágúst, um læknisleysi í sumum hjeruðum landsins. Dags. 13. ágúst 1919. (*Nd. 300*).

Læknishjeruð.

1. Almenn áskorun frá alþingiskjósendum í Ólafsfirði, að hann verði gerður að sjerstöku læknishjeraði. Dags. 20. maí. 1919. (*Nd. 61*).
2. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar í einu hljóði á Alþingi og stjórn að gera Hólshrepp að sjerstöku læknishjeraði. Dags. 22. apríl 1919. (*Nd. 20*).
3. Hreppsnefnd Hólshrepps skorar á Alþingi að gera hreppinn að sjerstöku læknishjeraði. Dags. 19. júní 1919. (*Nd. 40*).
4. Forsætisráðherra sendir allsherjarnefnd:
   a. Áskorun sýslunefndar Norður-Múlasýslu um sjerstakt læknishjerað á Úthjeraði.
   b. Brjef sýslumanns Norður-Ísafjarðarsýslu, er skýrir frá áskorun sýslunefndar um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 165*).
5. Sýslufundargerðir Árnessýslu 25. apríl 1919 leggja til og skora á Alþingi, að Árnessýsla verði þrjú læknishjeruð. (*Nd. 38, 4*).

Löggildingarskrifstofan. Rekstraráætlun hennar frá forstöðumanninum. Dags. 5. febr. 1919. (*Nd. 123, 7*).

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Brjef hans um skrifstofukostnað sinn. Dags. 1. febr. 1919. (*Nd. 118, 3*).

Magnús Einarsson söngkennari, sjá Eftirlaun 1.

Magnús Helgason, sjá Launamál 23.

Magnús Jónsson dósent, sjá Háskólinn 1 og 5.

Magnús Kristinsson stúdent, sjá Fjöllistanám 4.

Magnús Ólafsson ljósmyndari sækir um 2000 kr. fjárstyrk, til að ferðast um landið og taka myndir af fögrum stöðum og ýmsu því, er lýtur að atvinnuvegum og þjóðmenningu. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 219*).

María Össurardóttir á Flateyri, sjá Minningarsjóður.

Málmbræðsluofnar, sjá Efnarannsóknarstofan.

Málsháttasafn, sjá Fróðleikur alþýðlegur 1.

Mentamál alþýðu, sjá Alþýðufræðsla 2.

Mentaskólinn.

1. Brjef rektors Mentaskólans um stofnun stærðfræðiskóla í Reykjavík. Dags. 25. febr., með
   a. Brjefi Ólafs Daníelssonar og Þorkels Þorkelssonar 19. febr., um styrk til slíks skóla.

(*Mentaskólinn*).

b. Áskorun verkfræðingafjelags Íslands, um stofnun stærðfræði- og náttúrufræðideildar við Mentaskólann. (*Nd. 211, 3*).

2. Brjef rektors Mentaskólans um rekstrarskostnað skólans, og um endurbætur á lóð skólans og á bókasafnsbyggingunni. Dags. 27. jan. 1919. (*Nd. 121, 5*).
3. Forsætisráðherra sendir mentamálanefnd brjef rektors Mentaskólans, um breyting kenslunnar í skólanum. Dags. 23. febr. 1919. (*Nd. 211, 2*).
4. Lestrarfjelagið Íþaka sækir um 200 kr. styrk á ári. Tvö brjef dags. 19. febr. 1919 og 5. mars 1919. (*Nd. 122, 12*).
5. Rektor Mentaskólans beiðist þess, að fjárveitinganefnd geri tillögur um, að þóknun söngkennara Mentaskólans hækki upp í 1000 kr. á ári. Dags. 16. sept. 1919. (*Ed. 119*).
6. Brjef rektors Mentaskólans um leikfimikenslu í sameiningu við kennaraskólann. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 389*).

Miklavatnsmýri, skurðgröftur, sjá Búnaðarmál 9.

Minningarsjóður Maríu Össurardóttur á Flateyri. Stjórn hans sækir um styrk til þess, að sjóðurinn geti tekið til starfa. (*Nd. 30*).

Mjólkurskólinn, sjá Búnaðarmál 11.

Mótorferðir úr Borgarnesi vestur með Mýrum, sjá Strandbátur 3.

Mýrasýsla, sjá Vegamál 5 og 6 og Símar 5.

Námar.

1. Brjef Pjeturs Ólafssonar, dags. 5. mars 1919, um viðbótarstyrk til Helga H. Eiríkssonar, námamanns. (*Nd. 43, 12*).
2. Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á Alþingi að greiða tekjuhalla þann, er orðið hefir af rekstri surtarbrandsnámanna í Gili og af ráðstöfunum þess til að afla eldiviðar, svo og af dýrtíðarvinnu bæjarins 1918. (*Ed. 6*).
3. Dansk-Islansk Kulmineaktieselskab sækir um uppgjöf á 12 þús. kr. viðlagasjóðsláni, sem Guðmundur Elendínus Guðmundsson »bryggjusmiður« fjekk til að reka hinn lýðkunna náma í Stálfjalli. (*Nd. 203*).
4. Helgi H. Eiríksson, námafræðingur, sækir um 2700 kr. styrk til að ljúka námi og prófum í námafræði og rafmagnsfræði í Glasgow. Dags. 28. júní 1919. (*Nd. 6*).
5. Fyrirspurn Pjeturs Ólafssonar um það, hvort stjórnin muni vilja ráða Helga H. Eiríksson námafræðing landsins. Dags. 6. mars 1919. (*Nd. 43, 11*).
6. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Helga H. Eiríkssonar námafræðings, um fjárveitingu til námarannsókna. Dags. 27. ágúst 1919. (*Nd. 330*).

Náttúrufræðideild í Mentaskólanum, sjá Mentaskólinn 1.

Náttúrufræðifjelag, sjá Vísindaleg fjelög 2.

Niðursuða á kjöti, sjá Búnaðarmál 5.

Nína Sæmundsson = Jónína Sæmundsdóttir frá Nikuláshúsum í Fljótshlíð, sjá Listir 2.

Norrænt stúdentamót, sjá Stúdentar 1 og 2.
Núpur í Dýrafirði, sjá Alþýðuskólar 2 og 7.

Oddur *Björnsson prentsmiðjueigandi* á Akureyri vekur athygli á sjer sem »fagráðunaut« stjórnarinnar í landsprentsmiðjumálinu. Dags. 9. sept. 1919. (*Ed. 91*).
Oliva, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, sjá Eftirlaun 9.
Olympíuleikar í Antwerpen, sjá Listir 9.
Orðabók íslensk-ensk. Geir Tómasson Zoëga rektor sækir um 5000 kr. til nýrrar útgáfu á orðabók sinni, hinni íslensk-ensku frá 1904. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 228*).
Orðabók Sigfúsar Blöndals.
1. Brjef dóms- og kirkjumáladeildar, dags. 20. júlí 1918, til fjármáladeildar, um greiðslu á styrk til orðabókar Sigfúsar Blöndals. (*Nd. 43, 6*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd umsókn Sigfúsar Blöndals, dags. 30. maí 1919, um styrk til orðabókar hans. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 135*).
3. Björg Þorláksdóttir Blöndal sækir um 15 þús. kr. á ári 1919—1921, til útgáfu á orðabók eiginmanns hennar, Sigfúsar Blöndals. Dags. 30. júlí 1919. (*Nd. 230*).
Orðasmölun úr íslensku alþýðumáli, sjá Fróðleikur alþýðlegur 3. Sbr. og Þórbergur Þórðarson.
Ostagerð. Jón Guðmundsson ostagerðamaður sækir um 3000 kr. utanfararstyrk, til að kynna sjer ostagerð og ostamarkað. (*Nd. 160*).
Ólafsfjörður, sjá Læknishjeruð 1.
Ólafur Ísleifsson í Þjórsártúni, sjá Læknar 7 og 8 og Launamál 25.
Ólafur Þorsteinsson læknir, sjá Launamál 4.
Óslandshlíð, áveitufyrirtæki, sjá Búnaðarmál 10.

Patreksfjörður, sjúkrahús þar, sjá Sjúkrahús 3.
Patrekshreppur. H. Jóhannes Kristófersson alþm. biður vinsamlega um endurgreiðslu á vörutolli fyrir Patrekshrepp af vatnsleiðslupípum, að upphæð 696 kr. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 392*). Sjá og Rafveita 8.
Páll Eggert Ólason, sjá Vísindamenn 3 og 6.
Páll Halldórsson skólastjóri, sjá Stýrimannaskólinn 1 og 2.
Páll Jónsson málsvari, cand. jur., sjá Skaðabætur 4.
Páll Þorkelsson, sjá Fróðleikur alþýðlegur 1.
Peningamál.
1. Umsókn Jóns Dúasonar um 3500 kr. styrk, til að ljúka námi og til að kynna sjer bankamál og peningamál. Dags. 13. des. 1918. (*Nd. 122, 20*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd umsókn Jóns Dúasonar, þar sem hann sækir um 5000 kr. styrk til að kynna sjer bankarekstur erlendis. Dags. 25. júlí 1919. (*Nd. 181*).
Pjetur Guðmundsson kennari, sjá Eftirlaun 10.
Pjetur Ólafsson, sjá Námar 1 og 5.

Pjetur Pálsson skrautskrifari, sjá Skrautritun.
Pjetur Zophoníasson hagstofuþjónn, sjá Sjóðir, gjafir og guðsþakkafje.
Póstafgreiðslumenn utan kaupstaða, sjá Launamál 17.
Póstmál.

1. Tvö brjef póstmeistara: Áætlun um kostnað til póstmála 1920—1921. Dags. 25. nóv. 1918. Áætlun um pósttekjur á sama tíma. Dags. 9. jan. 1919. (*Nd. 120, 4*).
2. Póstmeistari sendir Alþingi erindi um kostnað við póstmál yfir höfuð. Dags. 7. sept. 1919. (*Nd. 419*).

Prestafjelag Íslands, sjá Kirkjumál 5.
Prestsmata, sjá Kirkjumál 7—10.
Prjónles, mat á því, sjá Heimilisiðnaður 3.

Raffræðinám.

1. Eyjólfur Björnsson sækir um 1000 kr. styrk til að ljúka raffræðinámi við Chalmers Tekniska Institut í Gautaborg. Dags. 6. nóvember 1918 og 18. maí 1919. (*Nd. 80*).
2. Umsókn Guðmundar Marteinssonar um styrk til að ljúka raffræðinámi í Þrándheimi. Dags. 8. desember 1918. (*Nd. 122, 17*).

Raffræðingafundur. Formaður Verkfræðingafjelags Íslands sækir um 3000 kr. styrk, til þess að fulltrúar, einn eða fleiri, geti sótt raffræðingafund í Kaupmannahöfn næsta sumar. Dags. 18. ágúst 1919. (*Nd. 406*).

Rafveita.

1. Hreppsnefnd Hólshrepps í Ísafjarðarsýslu biður um 300000 kr. lánveitingu til að byggja rafmagnsstöð við Fossá. Dags. 21. júní 1919. (*Nd. 19*).
2. Brjef Guðmundar Hlíðdals um áframhaldandi styrk til leiðbeiningar um rafveitur. Dags. 15. febrúar 1919. (*Nd. 123, 8*).
3. Hreppsnefnd Búðahrepps í Fáskrúðsfirði sækir um 100 þúsund kr. lán til rafveitu í Búðaþorpi. Dags. 20. júlí 1919. (*Nd. 186*).
4. Guðmundur Hlíðdal vekur athygli fjárveitinganefndar á því, að kostnaður við rafveitu í Fáskrúðsfirði, sem var áætlaður 45 þúsund kr. 1916, geti nú ekki orðið undir 120 þúsund kr. Dags. 8. ágúst 1919. (*Nd. 282*).
5. Guðmundur Hlíðdal gerir áætlun um aukinn kostnað við að hafa fyrirhugaða rafstöð á Hólum fyrir allmarga bæi í Hjaltadal. Dags. 21. ágúst 1919. (*Nd. 318*).
6. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd (brjeflaust) erindi Jóns Sveinssonar, »borgarstjóra« á Akureyri, dags. 9. september, þar sem stjórnarráðið er beðið að leggja það til við Alþingi, að landsstjórninni verði heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs einnar milljónar króna lán, sem bærinn þurfi að taka til rafveitu. Dags. 13. september 1919. (*Ed. 99*).
7. Sigurður Sigurðsson skólastjóri á Hólum sendir Alþingi áætlun Guðmundar Hlíðdals um kostnað við rafveitu á Hólum. Dags. 5. ágúst 1919. (*Nd. 383*).

(*Rafveita*).

8. Þingmaður Barðstrendinga sendir fjárveitinganefnd erindi Patrekshrepps um 30000 kr. viðbótarlán til rafveitu. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 401*).

Ráðgjafarnefnd. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd brjef hinnar danskíslensku ráðgjafarnefndar, dags. 20. maí 1919, um C-lið 2. í 10. gr. fjárlagafrumvarps fyrir 1920—21. Dags. 17. júlí 1919. (*Nd. 106*).

Refaeldi. Jón Guðmundsson í Ljárskógum í Dalasýslu sækir um 1000 kr. styrk, til þess að fullgera hús og girðingar til refauppeldis, svo að til fyrirmyndar geti orðið. Dags. 20. ágúst 1919. (*Nd. 339*).

Rekstrarskostnaður, sjá Bæjarfógetinn í Reykjavík 1—2, Háskólinn 4, Löggildingarskrifstofan, Lögreglustjórinn í Reykjavík og ýms embættiskostnaður við rekstur þeirra.

Rektor Mentaskólans. Um rekstrarkostnað og umbætur á lóð o. fl., sjá Mentaskólinn 2.

Ríkarður Jónsson, sjá Listir 1.

Rómafarir, sjá Listir 1—4.

Runólfur Guðjónsson, bókbindari landsbóka- og þjóðskjalasafnanna, fer þess á leit við fjárveitinganefnd, að kjör sín verði bætt svo, að launin verði í byrjun 2000 kr., en hækki á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr., og að sjer verði auk þess veitt launauppbót samkvæmt reglum launalaganna. — Beiðninni fylgja árituð ummæli landsbókavarðar og þjóðskjalavarðar. Dags. 17. september 1919. (*Ed. 117*).

Röntgensáhöld á Akureyri, sjá Þingmenn Eyfirðinga.

Röntgensstofnunin, sjá Læknar 1.

Safnahúsvörður Helgi Árnason sækir um 600 kr. upp í ræstingarkostnað við safnahúsið. Dags. 3. september 1919. (*Nd. 379*).

Saga Íslands.

1. Brjef Boga Thorarensens Melsteds um að hann fái áfram 800 kr styrk, til að semja sögu Íslendinga. Dags. 12. desember 1918. (*Nd. 122, 6*).
2. Hallgrímur Hallgrímsson mag. art. sækir um 2000 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil, til að semja sögu Íslands á 19. öld. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 104*).
3. Hannes Þorsteinsson skýrir frá starfi sínu við að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum. Dags. 18. júlí 1919. (*Nd. 114*).
4. Guðbrandur Jónsson kirknakönnuður sækir um 2000 kr. styrk hvort ár næsta fjárhagstímabils, til rannsókna á menningarsögu Íslands. Dags. 7. júlí 1919. (*Nd. 223*).

Samband starfsmanna ríkisins gerir kunnugt, að flestir starfsmenn í þjónustu ríkisins hafi skrifað undir, eða falið öðrum að skrifa undir, yfirlýsingu um, að þeir muni beiðast lausnar frá embætti, ef launamálinu verði ekki á þessu þingi ráðið til lykta á þann hátt, er fjelögin innan sambandsins, eða fulltrúar þeirra, telja viðunandi. Dags. 2. september 1919. (*Ed. 79*).

Samvinnu- og kaupfjelagamál. Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli sækir um

1500 kr. styrk til að kynna sjer samvinnu- og kaupfjelagsmál í Englandi. Dags. 15. apríl 1919. (*Nd. 167*).

Samvinnuskóli. Samband íslenskra samvinnufjelaga sækir um 7000 kr. fjárveitingu á ári til samvinnuskóla. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 225*).

Sandgræðsla, sjá Búnaðarmál 2 og 6.

Sauðárkrókur. Brjef Magnúsar alþm. Guðmundssonar um 5000 kr. fjárveitingu til að verja kaupstaðarlóðina á Sauðárkróki skemdum af sjávargangi. Dags. 12. febrúar 1919. (*Nd. 123, 9*).

Selstún, sjá Sóttvarnarhús.

Selvogsviti, sjá Straumnes- og Selvogsvitar.

Sement, áhöld til að prófa, sjá Verkfræðingafjelag Íslands.

Sigfús Blöndal, sjá Orðabók Sigfúsar Blöndals.

Sigfús Einarsson dómkirkjuorganisti sækir um utanfararstyrk, til að fullkomna sig til nokkurrar hlítar í list sinni. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 382*).

Siglufjörður, áskorun um síma, sjá Símamál 8 og Síldveiðar 2.

Sigrún Kjartansdóttir, sjá Eftirlaun 11.

Sigtryggur Guðlaugsson prestur, sjá Alþýðuskólar 2.

Sigurður Guðmundsson, sjá Byggingarfræði 2.

Sigurður Guðmundsson, fyrrum prestur, sjá Húsakaup 2.

Sigurður Heiðdal Þorláksson Johnson skáld, sjá Skáldastyrkur 1.

Sigurður Jónsson, smáskamtalæknir, sjá Læknar 6.

Sigurður Magnússon læknir á Vífilsstöðum, sjá Launamál 20.

Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, sjá Samvinnu- og kaupfjelagamál.

Sigurður Þórólfsson skólastjóri, sjá Alþýðuskólar 1.

Síldveiðar.

1. Búnaðarfjelag Íslands sendir landbúnaðarnefnd áskorun búnaðarþings til Alþingis um lagasetning um síldveiðar, svo að trygð sjeu framtíðarnot landsmanna sjálfra, kjör verkalýðsins og jafnar tekjur ríkissjóðs. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 257*).
2. Brjef stjórnarráðsins með reikningi yfirsíldarmatsmannsins á Siglufirði með kröfu um greiðslu á eftirstöðvum af utanfararkostnaði. Dags. 8. ágúst 1919. (*Nd. 376*).

Símamál.

1. Ályktun sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu um síma í norðurhreppum sýslunnar. (*Nd. 159*).
2. Beiðni hreppsnefndar í Vindhælishreppi um fjárveitingu til símalagningar frá Blönduósi um Skagaströnd til Kálfshamarsvíkur. Dags. 25. febrúar 1919. (*Nd. 120, 1*).
3. Fundargerð frá Skálum á Langanesi, þar sem skorað er á Alþingi, að lögð verði á næsta ári símalína frá Þórshöfn að Skálum. Dags. 13. júlí 1919. (*Nd. 152*).
4. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu felur þingmanni kjördæmisins að fá framgengt við Alþingi eftirgjöf á ritsímaláni sýslunnar, 1250 kr. (*Nd. 33*).
5. Sýslunefnd Mýrasýslu felur þingmanni kjördæmisins að fá eftirgjöf á ritsímaláni sýslunnar, 650 kr. (*Nd. 47*).

(*Símamál*).

6. Tillaga og athugasemdir landssímastjóra um fjárveitingu til símamála. Dags. 23. desember 1918. (*Nd. 120, 2*).
7. Útdráttur úr sýslufundargerðum Árnessýslu, 24. ágúst, um síma til Þorlákshafnar. (*Nd. 324*).
8. Símskeyti frá 16 útgerðarmönnum á Siglufirði um nauðsyn síma frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur. Dags. 29. ágúst 1919. (*Nd. 331*).
9. Áætlun um kostnað við símalagningu frá Kiðjabergi að Borg í Grímsnesi. Dags. 11. ágúst 1919. (*Nd. 396, A*).
10. Landssímastjóri sendir forseta sameinaðs þings skrá yfir árslaun þeirra símamanna, sem talið er, að eigi rjett til dýrtíðaruppbótar, en eru ekki taldir í launalagafrumvarpi stjórnarinnar. Dags. 8. september 1919. (*Nd. 398*).
11. Erindi frá Stefáni Stefánssyni alþm. um uppbót á launum Jósefs Blöndals, símastjóra á Siglufirði. Dags. 23. ágúst 1919. (*Nd. 403*).
12. Áætlanir landssímastjóra um símalagningar á Vesturlandi, með brjefum til Bjarna alþm. Jónssonar og Magnúsar alþm. Pjeturssonar. Dags. 18. ágúst 1919. (*Nd. 411*).
13. Þingmenn Húnvetninga senda umsókn um að símalína verði lögð frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 412*).

Sjávargangur, skemdir af, sjá Sauðárkrókur.

Sjóðir, gjafir og guðspakkafje. Pjetur Zóphóníasson sækir um 800 kr. styrk fyrra ár næsta fjárhagstímabils, til þess að reyna að ljúka rannsóknum þeim, sem Jóhann Kristjánsson hafði um meðferð á sjóðum, gjöfum og guðspakkafjám. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 238*).

Sjógarður. Stjórnarráðið sendir brjef vegamálastjóra, dags. 5. ágúst, um viðbótargreiðslu til sjógarðs fyrir landi Einarshafnar og Óseyrarness í Árnessýslu. Dags. 7. ágúst 1919. (*Nd. 278*).

Sjúkrahús.

1. Stjórn sjúkrahússins »Gudmands Minde« sækir um alt að 60 þús. kr. styrk til aðgerðar á sjúkrahúsinu og viðbótar við það, eða alt að 132 þúsund kr., til þess að reisa húsið af nýju. Dags. 20. júní 1919. (*Ed. 22*).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi læknadeildar háskólans um sendingu læknis og húsameistara til útlanda, til að kynnast nýjum sjúkrahúsum. Dags. 4. ágúst 1919. (*Nd. 269*).
3. Þingmaður Barðstrendinga leitar þess, að fjárveitinganefnd taki upp í fjárlagatillögur sínar fjárveitingu til aðgerðar sjúkrahúsinu á Patreksfirði, 2400 kr., gegn eigi minni fjárhæð annarsstaðar að. Á beiðnina eru rituð meðmæli landlæknis. Dags. 12. september 1919. (*Ed. 115*).

Sjúkraskýli.

1. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd erindi Eggerts Levy, fyrir hönd sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, um aukinn styrk til sjúkraskýlis og læknisbústaðar á Hvammstanga. Dags. 24. júlí 1919. (*Nd. 164*).

(*Sjúkraskýli*).

2. Íbúar Höfðahverfislæknishjeraðs sækja um fjárveitingu í næstu fjárlögum til byggingar á læknisbústað og sjúkraskýli í hjeraðinu. Dags. 27. júní 1919. (*Nd. 166*).
3. Brjef landlæknis um sjúkraskýli og læknisbústað á Hvammstanga, með brjefum sýslunefndar og byggingameistara, ásamt tveim teikningum og lýsingu. Dags. 7. apríl 1919. (*Nd. 381*).

Skaðabætur.

1. Kristján Þorvarðsson frá Leikskálum í Haukadal fer þess á leit, að honum verði veittur nokkur styrkur til bóta fyrir eignatjón af snjóflóði. Dags. 23. júlí 1919. (*Nd. 155*).
2. Þorvarður Bergþórsson. 36 alþingiskjósendur í Dalasýslu fara þess á leit, að Alþingi veiti Þorvarði fyrrum hreppstjóra Bergþórssyni á Leikskálum styrk eða uppbót fyrir stórtjón, sem hann hefir orðið fyrir af snjóflóði. Dags. 6. júlí 1919. (*Nd. 147*).
3. Torfi Jörgen Tómasson frímerkjaagent snýr sjer til Alþingis með kröfur á hendur landsversluninni um fullnaðargreiðslu á kaupi fyrir vinnu á matvælaskrifstofunni frá 7. júní til 30. september 1918, og 3 mánaða kaupi í skaðabætur fyrir það, að hann var sviptur vinnunni með einungis 5 daga fyrirvara, og vonar að Alþingi »láti eigi viðgangast þá ómannúð og miskunnarleysi . . . án allra saka«. Dags. 20. júní 1919. (*Nd. 12*).
4. Páll Jónsson cand. jur. snýr sjer til Alþingis út af hrakningum þeim, sem landsstjórnin hafi á honum haft, og biður það að hlutast til um, að sjer verði á einhvern hátt bætt það fjárhagstjón og sá atvinnuhnekkir, sem hann hefir af þeim beðið. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 144*).
5. Gísli Þorbjarnarson húsamiðlari sækir um 2547,85 kr. fjárveitingu til skaðabóta handa skipshöfninni á Gullfaxa, sem sökt var. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 404*).

Skálar á Langanesi, sjá Símamál 3.

Skáldastyrkur.

1. Sigurður Heiðdal söguskáld sækir um 2000 kr. til utanfarar. Dags. 27. júní 1919. (*Nd. 4*).
2. Axel Thorsteinsson sækir um styrk, 2800—3000 kr. alls, næsta fjárhagstímabil, til að ná í mentun þá, er hann telur sig þarfnast, og þroska þann, er henni fylgir. Dags. 30. maí 1919. (*Nd. 150*).

Skógrækt. Brjef skógræktarstjóra með tillögum um fjárveitingu til skógræktar 1920—1921. Dags. 6. desember 1918. (*Nd. 123, 3*).

Skógur. Brjef Sigurðar Sigurðssonar, formanns búnaðarfjelags Íslands, þar sem hann lýsir skóginum í Hrollaugsdal í Skagafirði. Dags. 13. ágúst 1919. (*Nd. 294*).

Skólablaðið. Helgi Hjörvar Salómonsson sækir um 800 kr. árlegan styrk til útgáfu Skólablaðsins, gegn því, að skóla- og fræðslunefndir fái blaðið ókeypis. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 264*).

Skólaiðnaður og teikning. Guðmundur kennari Jónsson frá Brennu sækir um

2000 kr. utanfararstyrk, til að nema teikningu og skólaiðnað. Dags. 12. júlí 1919. (*Nd. 122, 22*).

Skrautritun. Pjetur Pálsson skrautskrifari sækir um 2000 kr. utanfararstyrk, til að kynna sjer skrautritun. Dags. 30. júlí 1919 (*Nd. 266*).

Skrifstofustjóri Alþingis, laun hans, sjá Launamál 14.

Sóknarnefnd Reykjavíkur, sjá Grafreitur Reykjavíkur.

Sóttvarnarhús. Brjef lögreglustjórans í Reykjavík um girðingu á lóð sóttvarnarhússins á Selstúni. Dags. 17. febr. 1919 (*Nd. 43, 3*).

Staður í Grunnavík, sjá Jónmundur prestur Halldórsson.

Starfsmenn Orðabókarinnar, sjá Launamál 4.

Starfsmenn ríkisins, sjá Launamál 1—4 og 24 og Samband starfsmanna ríkisins.

Stefán Eiríksson trjeskeri, sjá Dýrtíðarmál 1.

Stefán Jónsson dósent, sjá Háskólinn 1 og Gerlarannsókn.

Stefán skólameistari Stefánsson, sjá Heimilisiðnaður 1.

Stefán Stephensen bankagjaldkeri, sjá Bankamál 1 og Eftirlaun 6.

Steindór Björnsson efnisvörður, sjá Launamál 8.

Steintegundir nothæfar. Frímann Bjarnason Arngrímsson(ar) gerir Alþingi grein fyrir störfum sínum við söfnun nothæfra steintegunda. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 251*).

Stjórnarráðs starfsmenn, hækkun á launum þeirra, sjá Launamál 16.

Stórhöfðavitinn, sjá Björgunarfjelag Vestmannaeyja.

Stórstúka Íslands, sjá Vínbann.

Strandferðabátar.

1. Björn Kristjánsson og Pjetur Ottesen leita þess við fjárveitinganefnd, að hún taki upp í fjáraukalög 1918 og 1919 600 kr. viðbótarstyrk til samgangna á Hvalfirði síðara árið. Dags. 10. júlí 1919. (*Nd. 54*).
2. H/f Eggert Ólafsson (ɔ: Elías Stefánsson) býðst til að halda uppi Borgarnesferðum með eimskipinu Skildi, 28 föstum ferðum á ári, gegn 30 þús. kr. styrk. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 117*).
3. Erindi þingmanns Mýramanna um 1000 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil, til mótorbátsferða úr Borgarnesi vestur með Mýrum. Dags. 2. ág. 1919. (*Nd. 267*).
4. Stjórn h./f. Breiðafjarðarbátsins sækir um 7 þús. kr. styrkhækkun hvort árið á næsta fjárhagstímabili. Dags. 28. júní 1919. (*Ed. 15*).
5. Stjórn h./f. Breiðafjarðarbátsins leitar 1000 kr. uppbótar á fjárveitingu 1919. Dags. 20. júní 1919. (*Ed. 16*).
6. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á stjórn og þing að veita 15 þús. kr. til bifbátaferða um Ísafjarðardjúp. (*Nd. 158*).
7. Þingmaður Norður-Ísfirðinga sendir Alþingi erindi hlutafjelagsins »Djúpbáturinn«, um að ríkissjóður taki hlut í fjelaginu. (*Nd. 50*).
8. Brjef h/f Eggert Ólafssonar, þar sem fjelagið gerir samgöngumálanefnd tilboð um ákveðnar ferðir um Faxaflóa, gegn 30 þús. kr. styrk á ári. Dags. 6. ágúst 1919. (*Nd. 349*).
9. H/f Eggert Ólafsson býðst til að taka að sjer ferðir þær, er getur í brjefi þess 6. ágúst, gegn 20 þús. kr. á ári, og sje styrkurinn bundinn við nafn fjelagsins. Dags. 18. ágúst 1919. (*Nd. 350*).

(*Strandferðabátar*).

10. Sigurður Stefánsson alþm. sækir um 20 þús. kr. styrk á ári til vjelbátsferða um Ísafjarðardjúp. Dags. 6. ágúst. 1919. (*Nd. 415*).

Strandferðir.

1. Eimskipafjelag Íslands svarar brjefi samgöngumálanefndar um strandferðir á næsta fjárhagstímabili. Dags. 22. júlí 1919. (*Nd. 139*).
2. Tillögur Emil Nielsens framkvæmdarstjóra um styrk til samgangna á sjó. Dags. 11. febr. 1919. (*Nd. 120, 3*).
3. Guðmundur Kristinn Guðmundsson & Co. tjá samgöngumálanefnd, að þeir muni gera Alþingi tilboð um strandferðir á svæðinu milli Ísafjarðar og Hornafjarðar að norðan. Dags. 26. júlí 1919. (*Nd 193*).
4. Þorleifur Jónsson þm. ritar samgöngumálanefnd og óskar þess, að nefndin leggi áherslu á, að fyrir næsta sumar sje gerð ráðstöfun til þess, að hentugt strandferðaskip gangi milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar með viðkomu á Hornafirði. Dags. 20. júlí 1919. (*Nd. 368*).

Strandgæsla, sjá Landhelgisvarnir.

Straumnes- og Selvogsvitar, skýrsla vitamálastjóra um fje, sem varið hefir verið til þeirra. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 394, A*).

Stúdentar.

1. Reykjavíkurdeild norræna stúdentasambandsins sækir um 10 þús. kr. styrk til norræns stúdentamóts hjer sumarið 1920. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 226*).
2. Fundur norrænna stúdenta í Voss árnar Íslandi heilla. (Símskeyti til forseta). Dags. 28. júlí 1919. (*Sþ. 12*).

Stykkishólmur, sjá Hafnarbryggjulán.

Stykkishólmsvegur, sjá Vegamál 1.

Stýrimannaskólinn.

1. Brjef forstöðumanns stýrimannaskólans, um fjárveitingu til skólans. Dags. 26. nóv. 1918. (*Nd. 121, 8*).
2. Páll Halldórsson skólastjóri fer þess á leit, að veittur verði styrkur til útgáfu á íslenskri siglingafræði, sem hann hygst að semja. Dags. 14. júlí 1919. (*Nd. 105*).
3. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd brjef forstöðumanns stýrimannaskólans, dags. 5. sept. 1919, um aukna fjárveiting til skólans. Dags. 12. sept. 1919. (*Ed. 96*).

Stærðfræðiskóli í Reykjavík, sjá Mentaskólinn 1.

Sveinbjörn Sveinsson, bóndi á Hámundarstöðum í Vopnafirði, sækir um fjárstyrk í viðurkenningarskyni fyrir björgun manna úr sjávarháska, og sökum erfiðra ástæðna sinna. Dags. 25. ágúst 1919. (*Nd. 395, B*).

Sveitarstjórnarlög. Sýslufundargerð Árnessýslu 25. april 1919 leggur til og skorar á Alþingi að breyta sveitarstjórnarlögunum um útsvarsskyldu (*Nd. 38, 5*).

Surtarbrandsnámi í Gili, sjá Námar 2.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu. Brjef um fjárveitingu til að koma á nýrri bókfærslu á afsals- og veðmálabókum sýslunnar. Dags. 18. mars 1919. (*Nd. 118, 5*).

Sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslna. Tillögur um vegi, sjá Vegamál 5 og 6.
Sæmundur Bjarnhjeðinsson læknir, sjá Launamál 18.
Sögufjelagið, sjá Vísindaleg fjelög 3 og 5.
Sögurannsóknir og bókmenta.

1. Skjalaverðirnir Jón Þorkelsson og Hannes Þorsteinsson sækja um utanfararstyrk, til að rannsaka erlendis óprentaðar heimildir, er varða sögu og bókmentir Íslendinga frá siðaskiftum og fram að 1800. Dags. 22. júlí 1919 (*Nd. 175*).
2. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður leitar þess við fjárveitinganefnd, að hún beri fram brtt. við fjárlagafrv. um utanfararstyrk sjer til handa, til að rannsaka skjöl erlendis til framhalds útgáfu Íslensks fornbrjefasafns, samskonar tillögu og feld var í Nd. Dags. 9. sept. 1919. (*Ed. 88*).
3. Hannes Þorsteinsson skjalavörður leitar þess við fjárveitinganefnd, að hún taki upp tillögu þá, er fjell í Nd. um 5000 kr. utanfararstyrk sjer til handa, til að rannsaka í erlendum söfnum, einkum í Kaupmannahöfn, áður ókunnar heimildir í sögu Íslands, sjerstaklega þær er varða æfisögur lærðra manna íslenskra síðan siðaskiftin. Dags. 9. sept. 1919 (*Ed. 89*).
4. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður skorar fastlega á fjárveitinganefnd að flytja á ný brtt. um það, að fjárveiting til að afskrifa og ljósmynda skjöl í erlendum söfnum verði tekin upp í fjárlögin, og lýsir hann jafnframt nauðsyn þess máls. Dags. 20. sept. 1919. (*Nd. 361*).

Söngkennari í Mentaskólanum, sjá Mentaskólinn 5.
Sönglist.

1. Benedikt Árnason einsöngvari sækir um 3000 kr. af landsfje til söngnáms. Dags. 29. maí 1919 (*Nd. 89*).
2. Eggert Stefánsson sækir um 5000 kr. styrk til að fullkomnast í sönglist, ef hægt væri Dags. 3. júlí 1919 (*Nd. 194*).
3. Ingimundur fiðlukonstnari Sveinsson sækir um 1000 kr. utanfararstyrk, til að ganga á söngskóla og frílista sig í orgelspili og sönglist yfir höfuð. Dags. 16. júlí 1919. (*Nd. 101*).
4. Jóhannes Erlendsson kúnstnari sækir um styrk til að fá sjer tennur og til að koma sjer á tilhlýðilegt framfæri í sönglist o. fl., og kveðst ekki geta farið fram á minna en 4000 kr. Dags. 18. júlí 1919. (*Nd. 140*).

Teikningar af fyrirhuguðum Vitum, sjá Vitar 6.
Theodóra Thoroddsen, sjá Fjöllistanám 1.
Titan h/f, sjá Fossamál 1 og 2.
Tollverðir. Lögreglustjórinn í Reykjavík sækir um 9600 kr. fjárveitingu til fjögra tollvarða. Dags. 5. ágúst 1919 (*Nd. 410*).
Torfi Jörgen Tómasson, sjá Skaðabætur 3 (= ómannúð og miskunnarleysi).
Trausti Ólafsson, sjá Fjöllistanám 2.
Trjárækt, sjá Búnaðarmál 3.
Trjeskurður. Þingmaður Snæfellinga sækir um utanfararstyrk handa Jóhann-

esi oddhaga Helgasyni í Gíslabæ undir Jökli sunnan. Dags. 12. júlí 1919. *(Nd. 79)*.

Tvískifting á embættum sýslumanna. Gísli Sveinsson þingmaður fer fram á það við launamálanefnd, að hún taki upp tvískiftingu á embættum sýslumanna, en ekki þrískiftingu, eins og ætlast er til í 11. gr. launalagafrv. Dags. 15. júlí 1919. *(Nd. 95)*.

Ungmennafjelag Íslands. Stjórn þess sækir um styrk handa ekkju Guðmundar Hjaltasonar, 600 kr. Dags. 23. júlí 1919. *(Nd. 409)*.

Uppeldismál, sjá Alþýðufræðsla 1.

Útgerðarmenn í Reykjavík sækja um linun á kolatolli, sjá Kolatollur.

Útgjöld Búnaðarfjelags Íslands, áætlun, sjá Búnaðarmál 8.

Útibú Landsbanka á Vopnafirði og Húsavík, sjá Bankamál 2; — í Stykkishólmi, sjá Bankamál 3.

Valgerður Arnljótsdóttir. Pjetur Jónsson alþm. sækir um styrk handa ungfrú Valgerði Arnljótsdóttur frá Sauðanesi. Dags. 2. ágúst 1919. *(Nd. 408)*.

Vatnsrannsóknir, sjá Vestmannaeyjar.

Vilhelm Bernhöft tannlæknir, sjá Launamál 4.

Veðurathuganir.

1. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd brjef frá stjórnarráði flotamálanna í Danmörku, dags. 3. maí 1919, ásamt:
   a. brjefi Veðurfræðistofnunarinnar í Kaupmannahöfn, dags. 26. apríl 1919 með
   b. Skrá um kostnað við veðurathuganir á Íslandi.
   c. Skrá um áhöld stöðvanna og verðmæti.
   d. Meteorologisk Aarbog 1916. Dags. 25. júlí 1919 *(Nd. 182, 1)*.
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi frá forstöðumanni stýrimannaskólans um jarðskjálftamæla. Dags. 25. júlí 1919 *(Nd. 182, 2)*.
3. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd brjef Þorkels Þorkelssonar ásamt áliti hans um væntanlega veðurathuganastöð í Reykjavík. Dags. 25. júlí 1919. *(Nd. 182, 3)*.
4. Jón Eyþórsson sækir um 2000 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil til að leggja stund á veðurfræði. Dags. 21. júlí 1919. *(Nd. 133)*.
5. Þorkell Þorkelsson sendir Alþingi erindi og hvetur til þess, að veðurfræðistöðin í Reykjavík taki þátt í geofysiskum rannsóknum í sambandi við norðurför Hróalda Ámundasonar. Dags. 28. júlí 1919. *(Nd. 385)*.

Vegamál.

1. Samvinnunefnd samgöngumála sendir fjárveitinganefndum erindi þingmanns Snæfellinga um 15 þús. kr. fjárveitingu á ári næsta fjárhagstímabil til Stykkishólmsvegar. Dags. 24. júlí 1919. *(Nd. 161)*.
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi vegamálastjóra, dags. 9. júlí 1919, um kaup á flutningabifreið til malarflutnings m. m. við vegagerðir ríkissjóðs. Dags. 10. júlí 1919. *(Nd. 52)*.

(*Vegamál*).

3. Sýslufundargerðir Árnessýslu 25. apríl 1919 leggja til og skora á Alþingi viðvíkjandi sýsluvegum, flokkun þeirra og viðhaldi sumra þeirra af hlutaðeigandi hreppum. (*Nd. 38, 6*).
4. Sýslufundargerðir Árnessýslu 25. apríl 1919 leggja til og skora á Alþingi, að verkfærragjald hækki í 9 kr. (*Nd. 38, 1*).
5. Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu felur þingmanni kjördæmisins að reyna að fá vegalögunum breytt svo, að landssjóður kosti viðhald allra flutningabrauta (*Nd. 35*).
6. Sýslunefnd Mýrasýslu skorar á Alþingi að taka vegalögin til gagngerðrar endurskoðunar, og taki landssjóður að sjer viðhald flutningabrauta. (*Nd. 49*).
7. Tillaga vegamálastjóra um fjárveitingu til vegamála. Dags. 18. jan. 1919. (*Nd. 120, 5*).
8. Stjórnarráðið sendir samgöngumálanefnd erindi vegamálastjóra, dags. 28. júlí, út af þingsál. um vegamál, sem samþykt var á Alþingi 13. sept. 1917. Dags. 28. ágúst 1919 (*Nd. 326*).
9. Útdráttur úr gerðum sýslufundar Árnessýslu 24. ágúst, um endurbætur á flutningabrautinni frá Ingólfsfjalli að Þjórsárbrú. Dags. 25. ágúst 1919. (*Nd. 325*).
10. Allsherjarnefnd beiðist álits samgöngumálanefndar um frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907. Dags. 15. ágúst 1919. (*Ed. 123*).
11. Samgöngumálanefnd tjáir allsherjarnefnd, að hún hafi orðið sammála um það í einu hljóði, að leggja til að frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907, nái ekki fram að ganga. Dags. 16. ágúst 1919. (*Ed. 124*).
12. Erindi vegamálastjóra um aukafjárveitingu til akfærra sýsluvega. Dags. 1. ágúst 1919. (*Nd. 413*).
13. Brjef Sveins Ólafssonar alþm., með umsókn um fje til vegagerðar frá Breiðdalsheiði til Lónsheiðar. Dags. 2. ágúst 1919 (*Nd. 414*).
14. Greinargerð vegamálastjóra fyrir viðbótartillögum um fjárveitingu til vegabóta 1920—1921. Dags. 20. ágúst 1919. (*Nd. 426*).
15. Erindi Benedikts alþm. Sveinssonar um akbraut frá Kópaskersvogi að Jökulsá í Öxarfirði. Dags. 28. júlí 1919. (*Nd. 428*).

Vegamálastjóri, sjá Brúamál 1—4, Vegamál 2, 7, 8, 12, 14 og Sjógarður.

Verkfræðingafjelag Íslands sækir um 6000 kr. fjárveitingu, til þess að keypt verði áhöld til að prófa sement. Dags. 13. ágúst 1919. (*Nd. 378*).

Verkfræðinám, sjá Fjöllistanám.

Verslunarskólinn. Brjef formanns skólanefndar verslunarskólans um styrk til skólans. Dags. 14. mars 1919. (*Nd. 121, 13*).

Verslun. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Búnaðarfjelags Íslands, dags. 30. júli, um að sendur verði maður til útlanda, til að greiða fyrir sölu hrossa á erlendum markaði. Dags. 11. ágúst 1919. (*Nd. 296*).

Vestan hafs, sjá Fjelagið »Íslendingur«.

Vestmannaeyjar. Brjef Karls Einarssonar bæjarfógeta um 5000 kr. endurveit-

ingu til vatnsrannsókna í Vestmannaeyjum. Dags. 18. júlí 1919. (*Nd. 393*).

Vindhælishreppur, sjá Símamál 2.

Vinnuhjúaverðlaun. Bogi Thorarensen Melsted sækir um að Alþingi veiti í eitt skifti 5000 kr. verðlaunasjóði handa vinnuhjúum. Ódags. (*Nd. 275*).

Virðing Eiðastólseigna, sjá Eiðastólseignir.

Vitamálastjóri, tillögur um fjárveitingar, sjá Vitar 4, 5 og 8 og Straumnes- og Selvogsvitar.

Vitar.

1. Áskorun sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu um vita við Ísafjarðardjúp. (*Nd. 157*).
2. Tvö brjef vitamálastjóra um vitabyggingar í Eyjafirði og fjárveitingar til þeirra. Dags. 12. og 16. júní 1919. (*Nd. 131*).
3. Erindi þingmanna Múlasýslna beggja um byggingar nýrra vita á Austurlandi. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 253*).
4. Brjef vitamálastjóra, dags. 14. janúar 1919, um fjárveitingu til landsvitanna. (*Nd. 43, 2*).
5. Tillaga vitamálastjóra um fjárveitingar til vitamála. Dags. 14. janúar 1919. (*Nd. 120, 6*).
6. Brjef vitamálastjóra með teikningu af fyrirhuguðum vitabyggingum 1920—21. Dags. 4. febrúar 1919. (*Nd. 120, 9*).
7. Brjef vitamálastjóra með teikningu af fyrirhuguðu vitagagnabúri. Dags. 28. janúar 1919. (*Nd. 120, 10*).
8. Brjef vitamálastjóra með athugasemdum og tillögum um fjárveitingar til vitamála 1920—1921. Dags. 25. júní 1919. (*Nd. 132*).
9. Brjef sýslumanns Eyjafjarðarsýslu um vitabyggingar við Eyjafjörð. Dags. 3. nóvember 1918. (*Nd. 120, 7*).
10. Brjef Sveins alþm. Ólafssonar um vitabyggingar á Austurlandi. Dags. 6. mars 1919. (*Nd. 120, 8*).
11. Þingmenn Eyfirðinga sækja um fje til byggingar vita í Hrísey á Eyjafirði. Dags. 15. ágúst 1919. (*Nd. 380*).

Vitaverðir. Tillögur vitamálastjóra um laun þeirra vitavarða, sem ekki eru í launalögum. Dags. 8. september 1919. (*Nd. 396, B*).

Vífilsstaðahælið = Heilsuhælið á Vífilsstöðum.

Vínbann. Stórstúka Íslands fer þess á leit við Alþingi, að tekið verði upp í stjórnarskrána ákvæði um bann gegn aðflutningi, tilbúningi og sölu áfengra drykkja. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 170*).

Vísindaleg fjelög.

1. Bókmentafjelagið sækir um 5000 kr. styrk á ári næsta fjárhagstímabil. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 129*).
2. Erindi Náttúrufræðifjelagsins um 1800 kr. ársstyrk. Dags. 5. desember 1918. (*Nd. 122, 5*).
3. Sögufjelagið sækir um 5700 kr. styrk alls á ári næsta fjárhagstímabil. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 130*).
4. Umsókn hins íslenska fornleifafjelags um aukinn styrk og sjerstaka fjárveiting til að safna örnefnum. Dags. 18. febrúar 1919. (*Nd. 122, 4*).

(*Vísindaleg fjelög*).

5. Stjórn Sögufjelagsins skorar á fjárveitinganefnd að taka til sem fylstra greina umsókn fjelagsins um aukinn styrk til útgáfu Alþingisbókanna. Dags. 9. september 1919. (*Ed. 116.*)
6. Forseti Bókmentafjelagsins leitar þess, að fjárveitinganefnd flytji þá viðaukatillögu við fjárlagafrumvarpið, 15. gr. 12 (fornbrjefasafnsstyrkinn), að fyrst um sinn megi þessu fje verja jöfnum höndum til þess að vinna að útgáfu brjefabókar Guðbrands biskups Þorlákssonar. Dags. 13. september 1919. (*Ed. 120*).

Vísindamenn.

1. Erindi Bjarna Sæmundssonar um áframhaldandi styrk til fiskirannsókna. Dags. 5. desember 1918. (*Nd. 122, 7*).
2. Beiðni dr. Helga Jónssonar um 3000 kr. styrk framvegis, til rannsókna á gróðri landsins. Dags. 14. desember 1918. (*Nd. 122, 8*).
3. Skýrsla Páls Eggerts Ólasonar um störf hans við rannsóknir um bókmentir Íslands, og beiðni um að fá að halda sama styrk eftirleiðis. Dags. 23. janúar 1919. (*Nd. 122, 9*).
4. Umsókn Guðmundar G. Bárðarsonar um 1800 kr. ársstyrk til jarðfræðirannsókna. Dags. 26. mars 1919. (*Nd. 122, 11*).
5. Halldór Briem bókavörður sækir um 1000 kr. styrk í tvö ár, til þess að semja íslenska málfræði. Dags. 5. júlí 1919. (*Nd. 45*).
6. Páll Eggert Ólason leitar þess, að 37. liður 15. gr. fjárlaganna verði færður upp í 2400 kr. fyrra árið, en 1800 kr. síðara árið, og gerir grein fyrir starfi sínu að rita um siðaskiftaöldina. Dags. 10. september 1919. (*Ed. 92*).

Vjelstjóraskóli.

1. Brjef forstöðumanns skólans um fjárveitingar til skólans. Dags. 9. febrúar 1919. (*Nd. 121, 9*).
2. Brjef forstöðumanns vjelstjóraskólans um utanfararstyrk. Dags. 5. mars 1919. (*Nd. 43, 8*).

Voss í Noregi, sjá Stúdentar 2.

Vörumerkjaskrásetjari, sjá Launamál 9.

Vörutollur af vatnsleiðslupípum, sjá Patrekshreppur.

Yrðlingabann. Sýslunefnd Mýrasýslu skorar á þingmann kjördæmisins að flytja frumvarp um að banna harðlega uppeldi yrðlinga. (*Nd. 48*).

Yfirfiskimatsmaður, sjá Launamál 7 og Eftirlaun 12.

Ýms embætti, rekstrarkostnaður þeirra. Brjef forsætisráðherra um kostnað við rekstur bæjarfógeta-, lögreglustjóra- og sýslumannaembættanna. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 422*).

Þingeyrar- og Suðureyrarhreppar, sjá Alþýðuskólar 7.

Þingeysk ungmennafjelög, sjá Alþýðuskólar 5.

Þingmálafundargerðir.

Úr Árnessýslu, þrjár fundargerðir. (*Nd. 27*).

— Austur-Skaftafellssýslu, þrjár fundargerðir. (*Nd. 103*).

— Barðastrandarsýslu, þrjár fundargerðir. (*Nd. 10* og *125*).

(*Þingmálafundargerðir*).

Úr Borgarfjarðarsýslu, þrjár fundargerðir. (*Nd. 28*).
— Dalasýslu, fjórar fundargerðir. (*Nd. 9* og *148*).
— Eyjafjarðarsýslu, níu fundargerðir. (*Nd. 58*).
— Gullbringu- og Kjósarsýslu, sex fundargerðir. (*Nd. 59*).
— Hnappadalssýslu, ein fundargerð. (*Ed. 18*).
— Húnavatnssýslu, tvær fundargerðir. (*Nd. 67*).
— Ísafjarðarkaupstað, ein fundargerð. (*Ed. 5*).
— Mýrasýslu, ein fundargerð. (*Nd. 46*).
— Norður-Ísafjarðarsýslu, átta fundargerðir. (*Nd. 21*).
— Norður-Múlasýslu, ein fundargerð. (*Nd. 75*).
— Norður-Þingeyjarsýslu, fimm fundargerðir. (*Nd. 94*).
— Rangárvallasýslu, fjórar fundargerðir. (*Ed. 19*).
— Reykjavík, ein fundargerð. (*Nd. 11*).
— Skagafjarðarsýslu, fimm fundargerðir. (*Nd. 60*).
— Snæfellsnessýslu, ein fundargerð. (*Ed. 32*).
— Vestur-Ísafjarðarsýslu, tvær fundargerðir. (*Nd. 31*).
— Vestur-Skaftafellssýslu, ein fundargerð. (*Nd. 85*).

Þingmenn Eyfirðinga biðja um 8000 kr. fjárveitingu til Röntgensáhalda fyrir sjúkrahúsið á Akureyri. Dags. 16. ágúst 1919. (*Nd. 371*).

Þingvöllur.

1. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd erindi Þingvallanefndar, dags. 25. maí 1919, um verndun á Þingvelli. Dags. 21. júlí 1919. (*Nd. 137*).
2. Forsætisráðherra sendir fjárveitinganefnd erindi frá Þingvallanefndinni, dags. 9. júlí, um ýmsar ráðstafanir Þingvelli til viðreisnar. Dags. 22. júlí 1919. (*Nd. 145*).

Þjóðjarðasala. Stjórnarráðið sendir, með skírskotun til 14. gr. laga nr. 31, 20. okt. 1905, skjöl, er varða þjóðjarðir þær, er seldar hafa verið síðan Alþingi var háð 1917. Dags. 30. ágúst 1919. (*Sp. 13*).

Þjóðmenjasafn.

1. Brjef þjóðmenjavarðar um fjárveitingu til gæslukostnaðar við sýningar Þjóðmenjasafnsins. Dags. 31. júlí 1919. (*Nd. 234*).
2. Brjef þjóðmenjavarðar um fjárveitingu til Þjóðmenjasafnsins. Dags. 23. nóv. 1918. (*Nd. 122, 3*).
3. Þjóðmenjavörður fer fram á 1800 kr. aukafjárveitingu handa Þjóðmenjasafninu til húsgagnakaupa o. fl. Dags. 29. júlí 1919. (*Nd. 210*).

Þjóðskjalasafn.

1. Þjóðskjalavörður mótmælir sameiningu þeirri á þjóðskjalasafni og landsbókasafni, sem ráðgerð er í frv. um það efni. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 98*).
2. Landsbókavörður sendir mentamálanefnd Nd. álit sitt um sameining landsbókasafns og þjóðskjalasafns. Dags. 15. júlí 1919. (*Nd. 102*).
3. Brjef þjóðskjalavarðar um fjárveitingu til þjóðskjalasafnsins. Dags. 5. des. 1918. (*Nd. 122, 2*).

Þjórsá, orkunýting, sjá Fossamál 1 og 2.

Þorkell Þorkelsson, um veðurathuganastöð í Reykjavík, sjá Veðurathuganir 3 og 5 og Örstedshátíð.
Þorlákshöfn, sjá Hafnarmál 1; sími þangað, sjá Símamál 7.
Þorleifur Jónsson alþm., sjá Strandferðir 4.
Þorsteinn Gíslason ritstjóri, sjá Fræðibækur alþýðu 1.
Þorsteinn Guðmundsson fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun 12 og Launamál 7.
Þorvarður Bergþórsson á Leikskálum, sjá Skaðabætur 2.
Þóroddsstaðaprestakall, sjá Húsakaup 2.
Þórbergur Þórðarson, sjá Fróðleikur alþýðlegur 3. Sbr. og Orðasmölun úr alþýðumáli.
Þórunn Gísladóttir, sjá Ljósmæður 5.
Þóra Matthíasdóttir ekkja, sjá Eftirlaun 16.

Ögur og Sellón, sala á. Skjöl er það mál varða:
a. Brjef oddvita Stykkishólmshrepps til þingmanns Snæfellinga, dags. 14. júlí 1919.
b. Brjef sama til Alþingis, dags. s. d.
c. Dómkvaðning virðingarmanna.
d. Lýsingar og matsgerð.
e. Skýrsla umboðsmanns Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.
f. Landamerki Ögurs.
g. Landamerki Sellóns.
h. Staðfesting matsgerðar.
i. Fundargerðir úr Stykkishólmi.
j. Meðmæli sýslunefndar.
(*Ed. 103*).

Örstedshátíð. Guðmundur Hlíðdal og Þorkell Þorkelsson vekja athygli fjárveitinganefndar á hluttöku Íslendinga í Örstedshátíð í Danmörku sumarið 1920. Dags. 2. ágúst 1919. (*Nd. 261*).